Sþ. 1. Tillaga til þingsályktunar [1. mál]

um rannsókn landgrunns Íslands.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Matthías Bjarnason, Sverrir Hermannsson, Jón G. Sólnes, Guðmundur Karlsson, Jósef H. Þorgeirsson, Oddur Ólafsson, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ráða nú þegar íslenska og erlenda sérfræðinga til að afla sem ítarlegastra upplýsinga um landgrunn Íslands og afstöðu til landsgrunns nálægra ríkja.

Greinargerð.

Réttindi strandríkja til landgrunnsins utan 200 mílna efnahagslögsögu eru nú mjög til umræðu á alþjóðavettvangi. Reglur þjóðaréttar í því efni munu mótast á næstunni. Þekking okkar á íslenska landgrunninu utan 200 mílnanna til suðurs, vesturs og á Íslandshafi á Jan Mayen-svæðinu er ekki nægilega mikil, en fyllri upplýsingar gætu haft úrslitaþýðingu er við heimtum þann rétt er Íslandi ber. Einskis má því láta ófreistað til að afla allra þeirra upplýsinga, sem finnast kunna án sérstakra vísindarannsókna, né skirrast við að leggja í kostnað við slíkar rannsóknir.

Sþ. 2. Tillaga til þingsályktunar [2. mál]

um samninga við Norðmenn um réttindi landanna á Íslandshafi.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Matthías Bjarnason, Sverrir Hermannsson, Guðmundur Karlsson, Oddur Ólafsson, Jón G. Sólnes, Friðjón Þórðarson, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka nú þegar upp samninga við Norðmenn um fiskveiðiréttindi og hagnýtingu auðæfa landgrunnsins utan 200 mílna efnahagslögsögu Íslands í norðurhöfum, umhverfis Jan Mayen.

Greinargerð.

Alþjóðalög í hafréttarmálum eru nú í mótun. Leitast er við að ná allsherjarsamkomulagi á grundvelli sanngirni og eðlilegrar niðurstöðu. Norðurlandaþjóðir reyna að leysa mál sín með þetta sjónarmið að leiðarljósi og gefa í því efni gott fordæmi.

Eitt erfiðasta úrlausnarefnið í hafréttarmálum nú er einmitt hvernig leysa beri vanda í líkingu við þann, sem rís varðandi yfirráðin á Jan Mayen-svæðinu, þar sem um er að ræða hagsmunasvæði, sem fjarlægt ríki telur sig eiga tilkall til vegna óbyggðrar smáeyjar á landgrunni annars ríkis.

Helstu sjónarmiðin á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna eru þau, að slík vandamál beri að reyna að leysa með samkomulagi. Engar fastar reglur hafa þó enn myndast í þessu efni, en á næsta fundi ráðstefnunnar verða slík mál í brennidepli. Gæti þá haft úrslitaþýðingu, hvort þess háttar vandamál hefðu einhvers staðar verið leyst í þeim anda sanngirni og réttsýni, sem menn vona að felast muni í væntanlegum hafréttarsáttmála.

Hér er því gullið tækifæri fyrir vina- og frændþjóðir til að varða veginn og leysa í eitt skipti fyrir öll vandamál á víðáttumiklu hafsvæði með samningum, sem

byggðir væru á sanngirnissjónarmiðum. Er ekki að efa, að Norðmenn mundu fúsir vilja reyna að leysa þennan vanda, áður en næsti fundur hafréttarráðstefnunnar hefst.

Sþ. 3. Tillaga til þingsályktunar [3. mál]

um landgrunnsmörk Íslands til suðurs.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Matthías Bjarnason, Sverrir Hermannsson, Oddur Ólafsson, Guðmundur Karlsson, Jósef H. Þorgeirsson, Jón G. Sólnes, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að mótmæla nú þegar öllum tilraunum Breta til að reyna að slá eignarhaldi á klettinn Rokk (Rockall).

Alþingi lýsir því jafnframt yfir, að ákvörðun ytri landgrunnsmarka Íslands til suðurs miðast við, að engri þjóð beri tilkall til Rokksins.

Greinargerð.

Ríkisstjórn Stóra-Bretlands hefur gert tilraun til að slá eignarhaldi Breta á klettinn Rockall í þeim tilgangi að teygja yfirráð þeirra út á hafsbotnssvæði, sem tilheyrir Íslendingum eftir þeim þjóðréttarreglum, sem nú eru í mótun. Öllum slíkum tilraunum ber þegar í stað að mótmæla, enda þótt sker þetta mundi ekki fá sjálfstæða efnahagslögsögu eftir þeim reglum, sem nú eru skráðar í uppkasti að hafréttarsáttmála.

Þegar fiskveiðilögsaga Íslands var loks færð út í 200 mílur, var þess að sjálfsögðu gætt, að engin skerðing yrði á henni vegna Rokksins. Bretar viðurkenndu síðan fiskveiðitakmörk Íslands skv. reglugerð frá 15. júlí 1975 með Oslóarsamkomulaginu 1. júní 1976 og staðfestu þar með, að engin efnahagslögsaga ætti að vera út frá Rokknum, þótt þeir teldu klettinn tilheyra sér. Ljóst er því, að nibba þessi getur ekki skert ytri landgrunnsmörk Íslands, fremur en efnahagslögsöguna.

Nd. 4. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [4. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Flm.: Gunnlaugur Stefánsson, Sighvatur Björgvinsson, Finnur Torfi Stefánsson, Vilmundur Gylfason, Árni Gunnarsson, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

33. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem verða 18 ára á því ári sem kosning fer fram, eða eldri, hafa íslenskan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi. Þó getur enginn átt kosningarrétt nema hann hafi óflekkað mannorð og sé eigi sviptur lögræði.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 9 5. apríl 1968.

Greinargerð.

Árið 1965 var í fyrsta sinn flutt frumvarp á Alþingi um 18 ára kosningaaldur, en flutningsmenn þess voru þingmenn Alþýðuflokksins. Frumvarpið fékk misjafnar móttökur og verður ekki sagt að hrifning hafi verið almenn meðal þingmanna.

En nú er 18 ára kosningaaldur að breiðast út í landinu. Í prófkjörum stjórnmálaflokkanna hefur yfirleitt verið fylgt 18 ára kosningaaldri og í atkvæðagreiðslu um kaupstaðarréttindi fyrir Selfoss var fylgt 18 ára kosningaaldri. Virðist þetta mál á góðum vegi, þjóðin er að tileinka sér það eins og flestar Evrópuþjóðir hafa gert. 18 ára kosningarréttur er nú í eftirtöldum Evrópuríkjum: Sviþjóð, Finnlandi, Stóra-Bretlandi, Írlandi, Portúgal, Frakklandi, Hollandi, Austur-Þýskalandi, Vestur-Þýskalandi, Ítalíu, Júgóslavíu, Albaníu, Búlgaríu, Rúmeníu, Ungverjalandi, Tékkóslóvakíu, Póllandi, Sovétríkjunum, Danmörku, Luxemburg. Það er tími til kominn, að Alþingi sýni íslensku æskufólki aukið traust og lögfesti þessi mannréttindi hér á landi.

Kosningarréttur tilheyrir grundvallarmannréttindum sem alþýðan hefur rétt nýlega fengið. Þegar Alþingi var endurreist árið 1845 höfðu aðeins karlmenn, sem áttu jarðir, kosningarrétt. Allt fram yfir aldamót urðu karlmenn að greiða lágmarksútsvar til að fá kosningarrétt, og konur fengu hann ekki fyrr en árið 1915. Ísland var raunar með fyrstu ríkjum til að veita konum kosningarrétt, en þær fengu hann fyrst 40 ára og skyldi aldursmarkið lækka í áföngum niður í 25 ár. Þá var í áratugi í gildi ákvæði þess efnis, að menn misstu kosningarrétt ef þeir stóðu í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Í þá tíð var fátæktin þjóðarböl og þótti rétt að refsa hinum fátæku á þennan hátt.

Barátta fyrir lækkun kosningaaldursins úr 25 árum í 21 ár hófst ekki fyrr en Alþýðuflokkurinn var stofnaður árið 1916. Árin upp úr 1920 bar Jón Baldvinsson málið upp á Alþingi og flutti það ár eftir ár.

Áfangasigur náðist árið 1934, þegar Alþýðuflokkurinn knúði málið fram með stjórnarskrárbreytingu. Kosningarrétturinn var færður úr 25 árum í 21 ár og skilyrðin um sveitarstyrk voru afnumin.

Árið 1965 flytja þingmenn Alþýðuflokksins frumvarp á Alþingi um átján ára kosningarrétt. Þá var í framhaldi af þeim frumvarpsflutningi sett nefnd í málið, en þar náðist samkomulag um lækkun kosningaaldursins úr 21 ári í 20 ár. Var sú breyting á stjórnarskránni gerð og tók hún gildi árið 1968. Sveitarstjórnarlögum var þá breytt til samræmis hvað kosningarrétt snerti. Ástæða er til að ætla, að slíkt verði einnig gert nú, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Þingmenn Alþýðuflokksins tóku málið upp aftur árið 1974 og komu fram með tillögur á Alþingi um 18 ára kosningaaldur á nýjan leik. Málið hefur verið svæft í nefnd ár eftir ár, en nú er ástæða til að ætla að breyting kynni að geta orðið á þannig að málið nái fram að ganga. Í ársbyrjun 1978 flutti þingmaður Alþýðubandalagsins í fyrsta sinn tillögu um 18 ára kosningaaldur. Þá hafa þing Sambands ungra sjálfstæðismanna og þing Sambands ungra framsóknarmanna nýlega tekið undir kröfuna um 18 ára kosningaaldur. Þetta sýnir að nú er ef til vill að vakna skilningur á nauðsyn þess að færa kosningaaldurinn niður í 18 ár.

Ekki er síður ástæða til að sýna íslensku æskufólki það traust að lækka kosningaaldurinn í 18 ár en erlendu æskufólki. Íslenskt æskufólk er yfirleitt virkari þátttakendur í atvinnulífi og félagsmálum þjóðar sinnar og er iðulega gert að axla meiri ábyrgð og skyldur en tíðkast á meðal erlendra þjóða. Með tilliti til reynslu margra nágrannaþjóða verður að álíta að skynsamlegt sé að stíga hiklaust sporið til 18 ára kosningarréttar.

Í núgildandi stjórnarskipunarlögum er kveðið á um að kosningarréttaraldur skuli miðaður við þá sem eru íslenskir ríkisborgarar og eru 20 ára eða eldri þegar kosning fer fram. Þetta frumvarp inniheldur þá breytingu að viðmiðunin verði ekki fæðingardagur heldur áramót fyrir þá sem verða 18 ára á því ári sem kosningar fara fram. Þetta þýðir að þeir sem verða 18 ára á kosningaári fá kosningarrétt, ef

frumvarp þetta verður að lögum. Þessi viðmiðun er þegar orðin nokkuð algeng í þjóðfélaginu þar sem lög hindra ekki. Geta má þess, að skólakerfið byggir á áramótaviðmiðuninni við flokkun nemenda í árganga. Telja verður eðlilegt að sú leið verði farin að miða kosningarréttinn við áramót fyrir þá sem verða 18 ára á kosningaári.

Sþ. 5. Tillaga til þingsályktunar [5. mál]

um iðngarða.

Flm.: Eggert Haukdal, Guðmundur Karlsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um byggingu iðnaðarhúsnæðis með samstarfi einstaklinga, félagasamtaka og sveitarstjórna og með stuðningi ríkisins. Hafa skal samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð, Byggðasjóð, Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna. Könnun þessari og undirbúningi skal hraðað svo sem unnt er.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur atvinnulíf Íslendinga óðum sótt í átt til iðnvæðingar. Iðnaðarframleiðslan hefur á þessum áratug aukist að meðaltali meir en þjóðarframleiðslan í heild og framleiðni vaxið.

Flestir munu sammála um að þýðing iðnaðarins í þjóðarbúskap okkar Íslendinga muni enn fara vaxandi í sókn til bættra lífskjara og sköpunar nýrra og fjölbreyttari atvinnutækifæra fyrir þann fjölda vel menntaðs ungs fólks sem leitar á vinnumarkaðinn í nánustu framtíð. Til þess að stuðla að því, að þessum markmiðum verði náð, er nauðsynlegt að búa sem best í haginn og bæta skilyrði fyrir alhliða iðnþróun á sem flestum sviðum hvarvetna á landinu.

Tillaga þessi snertir eina mikilvæga forsendu iðnþróunar, þ. e. að leita leiða til að auka framboð á hentugu iðnaðarhúsnæði með byggingu iðngarða. Hér er ekki um óþekkta leið að ræða, heldur hefur hún verið farin með góðum árangri á Norðurlöndum og ýmsum öðrum löndum Vestur-Evrópu, þar á meðal í Skotlandi og Írlandi, en þar hafa verið reistir af hinu opinbera iðngarðar, sem hafa haft víðtæk áhrif á þróun framleiðsluiðnaðar í þessum löndum. Er eðlilegt að höfð verði hliðsjón af reynslu annarra þjóða í þessum efnum. Það getur vissulega verið hagkvæmt, einkum fyrir minni iðnaðarfyrirtæki, að geta hafið starfsemi í hagkvæmu fullbúnu húsnæði. Með því losna stjórnendur við tímafreka tæknilega og fjárhagslega skipulagningu, sem byggingarframkvæmdir hafa ávallt í för með sér. Þannig væri einnig stuðlað að því, að fyrirtækið gæti betur nýtt takmarkað eigið fjármagn í hlutfallslega auknum mæli til fjármögnunar nauðsynlegs véla- og tækjabúnaðar og til rekstrar.

Með því að hafa samstarf um gerð teikninga hentugs iðnaðarhúsnæðis, er tæki tillit til margbreytilegra þarfa iðnaðarins fyrir húsnæði, og með sameiginlegri skipulagningu framkvæmda og fjármögnunar má án efa auka hagkvæmni hvað byggingarkostnað snertir.

En ýmislegt fleira mælir með því, að farið verði út á þá braut að reisa iðngarða með sameiginlegu átaki einkaaðila, sveitarfélaga og ríkis. Þar sem fleiri en eitt fyrirtæki eru saman komin á þar til skipulögðu athafnasvæði hefur reynslan sýnt, bæði hér og erlendis, að fyrirtækin geta haft margvíslegan stuðning hvert af öðru. Þau geta haft samstarf um skrifstofu-, sölu- og markaðsmál og annaðst þjónustu. Þau geta haft nánara samstarf um framleiðslu og nýtingu tiltekinna sérhæfðra véla. Loks má nefna sameiginlegt mötuneyti og félagslega aðstöðu starfsfólks.

Nefna má hér sem dæmi hagkvæmni þess, að skipulagt væri og reist á afmörkuðu hafnarsvæði í útgerðarstöð húsnæði, er hentaði fyrir iðnaðarfyrirtæki er veitt gætu fiskiskipum alhliða þjónustu.

Þótt gert sé ráð fyrir því, að hér sé m. a. um leiguhúsnæði að ræða, á ekkert að vera því til fyrirstöðu, að fyrirtækin gætu í upphafi verið eigendur að atvinnuhúsnæði, sem byggt væri með þessum hætti, eða keypt það síðar meir skv. ákveðnum skilmálum, þegar þau hefðu fjárhagslegt bolmagn til.

Tillagan gerir ráð fyrir að við framkvæmd þessarar athugunar verði haft náið samstarf við þá aðila er mál þetta snertir fyrst og fremst, þ. e. fulltrúa sveitarfélaga, samtaka iðnaðarins og helstu lánastofnana, er fjármagna byggingar iðnaðarhúsnæðis.

Þá viljum við að lokum leggja áherslu á að það er ekki aðeins í stærri byggðarlögum, sem þarf að efla iðnað, heldur líka á smærri stöðum, í minni sjávarplássum og í sveitum.

Það er skoðun flutningsmanna, að í sem flestum sveitarfélögum þurfi að myndast byggðarkjarnar, sem veiti þjónustu í nágrenni sínu og jafnframt atvinnutækifæri fyrir uppvaxandi kynslóð á staðnum. Það styrkir búsetu og eflir sveitarfélögin.

Með flutningi þessarar tillögu er haft í huga að efla iðnað og mynda aðstöðu til framleiðsluiðnaðar, þjónustustarfsemi og nýiðnaðar, ekki aðeins á þeim þéttbýlisstöðum, sem þegar hafa myndast í landinu og þarf að efla og styrkja, heldur og að hvetja til aukins iðnaðar í sem flestum sveitarfélögum og í þeim mæli sem hagkvæmt þykir. Á þann hátt geta þjóðhagsleg sjónarmið og byggðasjónarmið fallið í sama farveg.

Nd. 6. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [6. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Flm.: Finnur Torfi Stefánsson, Gunnlaugur Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Sighvatur Björgvinsson, Vilmundur Gylfason, Eiður Guðnason, Árni Gunnarsson.

1. gr.

Í 8. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands skal í 1. málslið og í 2. málslið falla niður orðið „sameinaðs“.

2. gr.

Í 11. gr. stjórnarskrárinnar skulu í 3. mgr. falla niður orðin „í sameinuðu þingi“.

3. gr.

32. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

4. gr.

38. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:

Alþingismenn hafa rétt til að bera fram og samþykkja frumvörp til laga og annarra samþykkta. Einnig má Alþingi senda forseta lýðveldisins ávörp.

5. gr.

39. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:

Alþingi getur skipað nefndir þingmanna til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Þingið getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar eða bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

6. gr.

Síðari mgr. 42. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

7. gr.

Í 43. gr. stjórnarskrárinnar falli niður orðið „Sameinað“ í fyrri mgr.

8. gr.

44. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja, fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður.

9. gr.

45. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

10. gr.

Í 49. gr. stjórnarskrárinnar, 1. mgr., skal í stað orðanna „samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í“ koma: samþykkis þingsins.

Í 2. mgr. skal í stað orðanna „nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi“ koma: nema þingið leyfi.

11. gr.

52. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:

Alþingi kýs sér forseta og þrjá varaforseta.

12. gr.

53. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:

Eigi getur Alþingi gert samþykkt um mál, nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði atkvæði.

13. gr.

54. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál og beiðast um það skýrslu ráðherra.

14. gr.

55. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:

Eigi má Alþingi taka við neinu málefni, nema einhver þingmanna flytji það.

15. gr.

56. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:

Þyki Alþingi ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert mál, getur það vísað því til ráðherra.

16. gr.

Í 57. gr. stjórnarskrárinnar skulu falla niður orðin „beggja deilda og sameinaðs“.

17. gr.

58. gr. stjórnarskrárinnar hljóði svo:

Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.

18. gr.

79. gr. stjórnarskrárinnar, fyrri mgr., hljóði svo:

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga að nýju. Samþykki Alþingi síðan ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.

Greinargerð.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa undanfarin þing flutt frumvarp um afnám deildaskiptingar Alþingis og flytja nú nánast óbreytt. Því hefur fylgt eftirfarandi greinargerð:

„Deildaskipting Alþingis var ákveðin með stjórnarskránni 5. janúar 1874, en kom til framkvæmda á þinginu 1875.

Enda þótt deildaskiptingin hafi enst heila öld, af því að Íslendingar hafa haft öðrum stjórnskipunarmálum að sinna, var hún frá upphafi umdeild og vafasöm og torveldaði sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Deildaskiptingin er erlent fyrirbæri, sem á sér engar forsendur í stéttlausu þjóðfélagi Íslendinga, en hefur kostað bæði fé, tíma og stjórnarfarsleg vandkvæði.

Deildaskipting þingsins hefur hvað eftir annað gert ríkisstjórnum, sem studdar voru af hreinum meiri hluta alþingismanna, erfitt að gegna hlutverki sínu. Afleiðingin hefur orðið veikara stjórnarfar, sem oft hefur jaðrað við upplausn og ýtt undir ábyrgðarleysi og ævintýrapólitík. Þess vegna er tími til kominn að afnema deildaskiptinguna og skipa Alþingi í eina málstofu.

Alþingi starfaði óskipt frá endurreisn þess til 1875. Kom varla til greina að skipta 26 þingmönnum í deildir, enda tefldu Danir ekki í neina tvísýnu, þar sem konungkjörnir þingmenn voru 6 og kosningarréttur miklum takmörkunum háður. Á þessum árum var mikið rætt og ritað um skipan Alþingis, og var ekki að undra, þótt imprað væri á þeim möguleika að taka upp deildaskiptingu. Erlendis barðist borgarastéttin hvarvetna fyrir réttindum og völdum. Konungar og aðall létu undan síga, en vörðu sig með því að ríghalda í sérstakar þingdeildir fyrir forréttindastéttir. Trúðu þá margir, meðal annars á Íslandi, að slík skipan væri eðlileg og sjálfsögð.

Þetta mál bar á góma á Þjóðfundinum 1851, en mikill meiri hluti fulltrúa undir forustu Jóns Sigurðssonar tók afstöðu með einni málstofu. Þeir viðurkenndu að vísu, að tvískipting gæti átt rétt á sér, þar sem stéttamunur og aðrar aðstæður væru fyrir hendi, en um það væri ekki að ræða á Íslandi.

Konungur lagði nýtt og að mörgu leyti merkilegt frumvarp til stjórnskipunarlaga fyrir Alþingi 1867. Þingið átti að fá aukin völd, en jafnframt taldi stjórnin rétt að setja á það nokkur höft, enda þótt einni málstofu væri haldið. Nefnd alþingismanna fjallaði ítarlega um málið og gerði tillögu um deildaskiptingu, en einnig að þjóðkjörnum þingmönnum yrði fjölgað verulega.

Jón Sigurðsson var ekki ánægður með þessa þróun mála, og í Nýjum félagsritum 1870 sagði hann: „Með því að bröngva frelsi Alþingis í frumvarpinu 1867 (33. gr.) kom stjórnin því til leiðar, að stungið var upp á að skipta þinginu í tvær deildir, eða málstofur, sem eykur bæði málalenging og kostnað meira en þörf er á og gefur hinum konungkjörnu færi á að ónýta hvert mál á þinginu, ef þeir vilja. Stjórnin hefur líka fundið, að þetta var eins sterkt ófrelsisband eins og hitt, og hefur því samþykkt uppástunguna, þó hún í raun og veru sýnist vera henni mótfallin. En það hyggjum vér, að mjög fáir mundu vera með tvískiptu þingi, ef þeir ættu kost á að halda því heilu og óskiptu afarkostalaust."

Skoðanir Jóns fengu stuðning frá ýmsum einstaklingum og í bænaskrám. Samt sem áður samþykkti næsta þing enn skiptinguna, og henni var haldið í stjórnarskránni 1874, sem þó í heild var hin mesta stjórnarbót, ekki síst af því að Alþingi fékk löggjafarvald í sérmálum Íslendinga.

Á síðustu áratugum nítjándu aldar og fram eftir hinni tuttugustu var meira rætt og deilt um sjálfstæðismálið en nokkuð annað, og kom skipan Alþingis þar mikið við sögu. Það var Íslendingum að sjálfsögðu þyrnir í augum, að hinir konungkjörnu þingmenn gátu með helming atkvæða í efri deild fellt hvaða mál sem þeim sýndist. Tókst loks að fá þessu breytt 1903, er þingmönnum deildarinnar var fjölgað um tvo og hinum þjóðkjörnu þar með tryggður meiri hluti.

Óskipt þing átti sér ávallt nokkra formælendur á þessum árum, en flestir stjórnmálamenn virtust þó ekki reiðubúnir til að afnema deildaskiptinguna, að minnsta kosti meðan konungkjörnir þingmenn sátu enn á þingi. Benedikt Sveinsson sagði til dæmis, að með tímanum gæti svo farið, að óskipt þing þætti hagkvæmast, en hann taldi það ekki tímabært. Í stað þess komu fram ýmsar hugmyndir, svo sem að láta kjósa til efri deildar með takmörkuðum kosningarrétti, að láta kjósa deildarmenn tvöfaldri kosningu með kjörmönnum eða að kjósa þá hlutfallskosningu, ýmist í fáum kjördæmum eða með landið allt eitt kjördæmi. Íslendingum reyndist, eins og Bjarni Benediktsson orðaði það, „vandi að mynda nýtilega efri deild“.

Landskjörið var tekið upp 1915, þegar konungkjör þingmanna var lagt niður. Hinir sex landskjörnu þingmenn voru kosnir, fyrst til 12, en síðar til 8 ára, hlutbundnum kosningum með landið allt eitt kjördæmi. Kosningarréttur og kjörgengi voru bundin við 35 ár, þegar almennur kosningarréttur var miðaður við 25 ár. Árið 1934 var landskjörið afnumið, og síðan hafa þingmenn allir verið kjörnir á sama hátt á sama tíma, en sameinað þing hefur kjörið til efri deildar. „Er óneitanlegt, að deildaskiptingin hefur þar með, a. m. k. að nokkru leyti, misst sína fyrri þýðingu, þótt hún kunni enn að réttlætast af öðrum ástæðum,“ segir Ólafur Jóhannesson í Stjórnskipun Íslands.

Alþýðuflokkurinn hafði áður á stefnuskrá sinni, að landið skyldi gert að einu kjördæmi og allir þingmenn sitja í einni málstofu. Flutti Jón Baldvinsson um þetta frumvarp 1933 og sagði þá í greinargerð: „Í einni málstofu geta þingmenn hvorki skotið sér undir það, að mál verði betur athugað í hinni deildinni, né treyst því, að það verði tafið þar eða fellt. Afstaða alþingismanna til allra mála verður því hreinni og þau betur athuguð.“ Mótbárum um hættu á flaustursleg afgreiðslu mála í einni málstofu mætti Jón, eins og margir aðrir á undan honum, með því að benda á, að hafa megi fjórar umræður um lagafrumvörp.

Núgildandi kjördæmaskipan, með algerum hlutfallskosningum í fáum kjördæmum og uppbótarþingsætum, fer svo nærri hugmyndinni um landið sem eitt kjördæmi, að Alþýðuflokkurinn hefur látið þar við sitja. Hins vegar heldur hann enn fram hugmyndinni um eina málstofu, eins og þetta frumvarp ber með sér.

Bjarni Benediktsson kunni betri skil á deildaskiptingu Alþingis en nokkur annar. Kom út frá hans hendi mikið fræðirit um þetta efni 1939 (Deildir Alþingis), og ítarleg ritgerð um sama efni birtist í bókinni Land og lýðveldi, I. bindi.

Enda þótt Bjarni héldi sig við fræðilega könnun málsins, sagði hann á einum stað: „Þýðing tvískiptingar þingsins hefur tvímælalaust farið minnkandi,“ og á öðrum: „Í bili horfir helst þannig, að tvískipting þingsins muni smám saman hverfa.“

Lengst hefur verið gengið í þessu máli í forsætisráðherratíð Bjarna í samstjórn Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Í stefnuræðu, er hann flutti í upphafi fyrsta þings eftir kosningarnar 1967, gaf hann þessa yfirlýsingu: „Teknar verði upp viðræður milli stjórnmálaflokkanna um þá breytingu á stjórnarskránni, að Alþingi verði ein málstofa.“

Deilt hefur verið um, hvort raunverulega eigi að telja Alþingi tvískipt, þar eð þingmenn eru allir kjörnir á sama hátt á sama tíma. Hafa sumir sagt, að deildirnar væru lítið meira en nefndir kjörnar af sameinuðu þingi. Aðrir hafa látið það ráða, að hvor deild getur fellt mál og þær hafa þannig mikið sjálfstætt vald. Þetta þýðir, eins og Bernharð Stefánsson segir í endurminningum sínum, að „í rauninni gildir atkvæði efri-deildar-þingmanns tvöfalt á við neðri-deildar-þingmann í öllum almennum löggjafarmálum.“ Sex þingmenn í efri deild geta fellt frumvarp, ef ellefu eru á fundi og greiða atkvæði.

Hins vegar hefur því ekki verið gaumur gefinn, að Alþingi hefur í raun réttri ekki tvær málstofur, heldur þrjár. Sameinað þing hafði sáralítið hlutverk í fyrstu. Einar Arnórsson segir í Réttarsögu Alþingis um störf þess eftir breytinguna 1874: „Það má telja undantekningu, að Alþingi starfi í einni málstofu, því að venjulega fara störf þess fram í deildunum.“ Eftir því sem árin hafa liðið, hefur sameinað

þing þó vaxið að verkefnum og völdum og hefur nú meiri þýðingu en deildirnar. Fjárlög voru upphaflega afgreidd í deildum, en flutt til sameinaðs þings 1934. Þingsályktunartillögur þekktust varla fyrr á árum, en eru nú ekki aðeins umfangsmikið form þingmála, heldur eru þær notaðar til að stofna lýðveldi, gera mikilvægustu alþjóðasamninga og ákveða aðild að alþjóðlegum samtökum, marka stefnu í landhelgismálum og fleiri stórmálum, staðfesta áætlanir um framkvæmdir og margs fleira. Fyrirspurnir höfðu áður litla þýðingu og voru fáar, en eru nú loftvog landsmálanna og eftirlætis auglýsingaform þingmanna. Allt hefur þetta valdið því, að sameinað þing tekur nú oft tvo af fjórum fundadögum Alþingis í viku hverri.

Störf Alþingis mundu án efa verða einfaldari og ódýrari í einni málstofu en þrem. Breyting á nefndaskipan mundi hafa mikla þýðingu, þar eð nefndum mætti fækka úr 24 í 13, og hver þingmaður mundi sitja í færri nefndum, sem hann gæti sinnt betur en nú gerist. Slíkar endurbætur á nefndastarfi Alþingis eru aðkallandi. Þá mundi tími ráðherra nýtast betur, ef þeir þyrftu ekki að taka þátt í umræðum um mál sín í tveim deildum.

Veigamikil röksemd fyrir afnámi deildaskiptingar Alþingis er áhrif hennar á meirihlutavald og ríkisstjórn. Þingmenn eru nú 60, en ekki nægir fyrir flokk eða flokka að hafa 31 þingmann til að stjórna landinu. Til þess þarf meiri hluta í báðum deildum, að minnsta kosti 21:19 í neðri deild og 11:9 í efri deild, og verður ríkisstjórn því að hafa 32 stuðningsmenn hið minnsta — eða 53.3%.

Stundum hefur verið haldið fram, að þessi krafa um aukinn meiri hluta stuðlaði að sterkum ríkisstjórnum. Reynslan hefur þó sýnt hið gagnstæða. Deildaskiptingin hefur hvað eftir annað veikt stjórnir, sem þó höfðu meiri hluta þingmanna að baki sér, og leitt til margvíslegra erfiðleika.

Eftir kosningarnar 1931 hafði Framsóknarflokkurinn 23 þingmenn af 42, eða hreinan meiri hluta. Vegna landskjörinna þingmanna í efri deild voru atkvæði þar þó jöfn. Hafði ríkisstjórn Tryggva Þórhallssonar því ekki starfhæfan meiri hluta á þingi og hraktist fljótlega frá völdum. Hún var að vísu veik, af því að hún hafði aðeins 35% kjósenda á bak við þinglið sitt, en þannig var kjördæmaskipan þá.

Eftir kosningarnar 1934 höfðu Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn 25 þingmenn af 49. Þá skorti eitt atkvæði í neðri deild til þess að hafa starfhæfan meiri hluta, en Ásgeir Ásgeirsson kom þeim til bjargar, svo og Magnús Torfason.

Eftir að stjórn Emils Jónssonar var mynduð 1959, skapaðist það ástand, að með stuðningi Sjálfstæðisflokksins hafði hún 27 þingmenn gegn 25. Samt hafði stjórnarandstaðan (Framsóknarflokkur og Alþýðubandalag) meiri hluta í efri deild. Komust tvö meginmál stjórnarinnar því aðeins áleiðis, að stjórnarandstæðingar fengust til að styðja þau til skiptis, enda þingrof framundan.

Ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar naut eftir fráhvarf Bjarna Guðnasonar stuðnings meiri hluta þingmanna (31:29), en hafði ekki meiri hluta í neðri deild og gat ekki komið þýðingarmestu málum gegnum þingið. Þetta skapaði stóralvarlegt ástand og leiddi til þingrofs og kosninga.

Ábyrgir menn verða að hugsa þetta mál og gera sér grein fyrir því, hver hætta er á, að deildaskiptingin haldi áfram að veikja íslenskt stjórnarfar, kalla á ábyrgðarlausar aðgerðir og draga úr trausti þjóðarinnar á stjórnkerfi sínu.

Þegar málið er skoðað í þessu ljósi, hljóta menn að fallast á, að tími sé kominn til að afnema deildaskiptingu Alþingis. Það þarf að gera fyrir næstu kosningar, svo að ný skipan geti komið til framkvæmda snemma á næsta kjörtímabili."

Ed. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978).

1. gr.

Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 28. ágúst 1978, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað, sbr. 15., 16., 18. og 19. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar felldu niður gengisskráningu og lokuðu fyrir gjaldeyrisafgreiðslu hinn 28. ágúst 1978, en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 20. september 1978.

Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 20. september 1978.

2. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. september 1978, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum 15% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismunur, sem myndast samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað í þágu sjávarútvegsins.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til og framleiddar hafa verið fyrir 1. september 1978 en fluttar út eftir gengisbreytinguna.

Ennfremur skal endurgreiða ríkissjóði það, sem hann kann að þurfa að greiða vegna framleiðslu áranna 1977 og 1978 til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, til þess að gera honum mögulegt að standa við greiðslu bóta í samræmi við viðmiðunarverð.

3. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs skv. 2. gr. laga þessara, umfram greiðslu skv. 4. og 5. mgr. þeirrar lagagreinar, skal lagt í sérstakan gengismunarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

a. 50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði frystra sjávarafurða, saltfisks, verkaðs, óverkaðs og flaka, skreiðar, fiskmjöls, loðnumjöls og loðnulýsis, skal renna til viðkomandi deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en andvirði saltsíldar skal verða stofnfé deildar fyrir saltsíld.
b. 50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru undir a-lið þessarar greinar, svo og öllu því, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða skal varið a) 50% til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði og b) 50% til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, og að hluta til að auðvelda útvegsmönnum að hætta rekstri úreltra fiskiskipa, hvort tveggja eftir þeim reglum og með skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar með að gengismunarfé, sem til fellur á árinu 1978 samkvæmt lögum þessum, megi varðveita í ríkissjóði þar til því verður ráðstafað skv. 3. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér að brýna nauðsyn beri til að ákveða nú þegar ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, en gengisbreytingin, sem fól í sér lækkun á gengi krónunnar um 15%, var nauðsynleg til þess að bæta stöðu útflutningsatvinnuveganna og viðskiptastöðu landsins út á við. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 28. ágúst 1978, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað, sbr. 15., 16., 18. og 19. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar felldu niður gengisskráningu og lokuðu fyrir gjaldeyrisafgreiðslu hinn 28. ágúst 1978, en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 20. september 1978.

Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 20. september 1978.

2. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. september 1978, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum 15% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismunur, sem myndast samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað í þágu sjávarútvegsins.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem

þessi lög taka til og framleiddar hafa verið fyrir 1. september 1978 en fluttar út eftir gengisbreytinguna.

Ennfremur skal endurgreiða ríkissjóði það, sem hann kann að þurfa að greiða vegna framleiðslu áranna 1977 og 1978 til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, til þess að gera honum mögulegt að standa við greiðslu bóta í samræmi við viðmiðunarverð.

3. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs skv. 2. gr. laga þessara, umfram greiðslu skv. 4. og 5. mgr. þeirrar lagagreinar, skal lagt í sérstakan gengismunarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

a. 50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði frystra sjávarafurða, saltfisks, verkaðs, óverkaðs og flaka, skreiðar, fiskmjöls, loðnumjöls og loðnulýsis, skal renna til viðkomandi deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en andvirði saltsíldar skal verða stofnfé deildar fyrir saltsíld.
b. 50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru undir a-lið þessarar greinar, svo og öllu því, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða skal varið a) 50% til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði og b) 50% til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, og að hluta til að auðvelda útvegsmönnum að hætta rekstri úreltra fiskiskipa, hvort tveggja eftir þeim reglum og með skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar með að gengismunarfé, sem til fellur á árinu 1978 samkvæmt lögum þessum, megi varðveita í ríkissjóði þar til því verður ráðstafað skv. 3. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Munaðarnesi í Mýrasýslu, 5. september 1978.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Ed. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um niðurfærslu vöruverðs og verðbótavísitölu í september 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978).

1. gr.

Nú er ákveðin aukin niðurgreiðsla vöruverðs eða lækkun óbeinna skatta á því greiðslutímabili verðbóta, er hófst 1. september 1978, og skal þá Kauplagsnefnd reikna nýja verðbótavísitölu í samræmi við ákvæði kjarasamninga, er taki gildi þann dag, er aukin niðurgreiðsla eða lækkun óbeinna skatta kemur til framkvæmda, og gildir til loka greiðslutímabilsins. Verðbótavísitala þessi skal miðuð við smásöluverð á viðkomandi vöru eða vörum í ágústbyrjun 1978 að frádreginni þeirri verðlækkun, er niðurgreiðsluaukningin eða skattalækkunin veldur, og það eins þótt vöruverð hafi hækkað af öðrum ástæðum síðan í ágústbyrjun 1978.

Endanleg reikningsskil fyrirfram greiddra septemberlauna 1978, vegna breyttrar verðbótavísitölu, skulu fara fram um leið og næsta greiðsla mánaðarlauna á sér stað.

Eftir á greidd laun fyrir vinnu fyrstu daga septembermánaðar fram að gildistöku nýrrar verðbótavísitölu í september 1978, sbr. 1. mgr., skulu til bráðabirgða greiðast samkvæmt launakjörum, er giltu í ágúst 1978. Endanlegt uppgjör þessarar eftirá launagreiðslu skal fara fram svo skjótt sem við verður komið, og eigi síðar en í septemberlok 1978.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar ,vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um niðurfærslu vöruverðs og verðbótavísitölu í september 1978.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að ákveðnar hafi verið ráðstafanir til niðurfærslu vöruverðs, sem komi til framkvæmda einhvern næstu daga til þess að hamla gegn verðhækkunum. Eðlilegt og sanngjarnt þyki að tillit verði til þessa tekið við greiðslu verðbóta á laun frá sama tíma, og því beri brýna nauðsyn til að ákveða þessa skipan mála með lögum. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Nú er ákveðin aukin niðurgreiðsla vöruverðs eða lækkun óbeinna skatta á því greiðslutímabili verðbóta, er hófst 1. september 1978, og skal þá Kauplagsnefnd reikna nýja verðbótavísitölu í samræmi við ákvæði kjarasamninga, er taki gildi þann dag, er aukin niðurgreiðsla eða lækkun óbeinna skatta kemur til framkvæmda, og gildir til loka greiðslutímabilsins. Verðbótavísitala þessi skal miðuð við smásöluverð á viðkomandi vöru eða vörum í ágústbyrjun 1978 að frádreginni þeirri verðlækkun, er niðurgreiðsluaukningin eða skattalækkunin veldur, og það eins þótt vöruverð hafi hækkað af öðrum ástæðum síðan í ágústbyrjun 1978.

Endanleg reikningsskil fyrirfram greiddra septemberlauna 1978, vegna breyttrar verðbótavísitölu, skulu fara fram um leið og næsta greiðsla mánaðarlauna á sér stað.

Eftir á greidd laun fyrir vinnu fyrstu daga septembermánaðar fram að gildistöku nýrrar verðbótavísitölu í september 1978, sbr. 1. mgr., skulu til bráðabirgða greiðast samkvæmt launakjörum, er giltu í ágúst 1978. Endanlegt uppgjör þessarar eftirá launagreiðslu skal fara fram svo skjótt sem við verður komið, og eigi síðar en í septemberlok 1978.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 1. september 1978.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Nd. **9. Frumvarp til laga** [9. mál]

um breyting á lögum nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Sighvatur Björgvinsson, Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Finnur Torfi Stefánsson, Gunnlaugur Stefánsson, Eiður Guðnason.

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist:

Seðlabankanum er ekki heimilt að ákvarða vaxtakjör lægri en nemur verðbólgustigi á hverjum tíma. Seðlabankanum ber að endurskoða vaxtakjör, bæði innlánsvaxta og útlánsvaxta, á minnst þriggja mánaða fresti.

2. gr.

Aftan við síðustu málsgrein laganna komi svofellt:

Ákvæði til bráðabirgða.

Innlánsvextir hafi náð verðbólgustigi eigi síðar en 1. október 1979. Vextir af útlánum til almennra nota og til fjárfestingar hafi náð verðbólgustigi eigi síðar en 1. október 1979. Vextir af lánum til atvinnurekstrar hafi náð verðbólgustigi eigi síðar en 1. apríl 1980. Vextir af afurðalánum hafi náð verðbólgustigi eigi síðar en 1. október 1980.

Greinargerð.

Flestir munu sammála um, að stjórnun peningamála skiptir mjög verulegu máli í sambandi við þróun verðbólgu.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að lengst af um áratuga skeið hafa Íslendingar búið við neikvæða vexti. Á síðustu áratugum er aðeins árið 1967 undanskilið. Þetta hefur þýtt, að sparifjáreigendur hafa tapað stórkostlegum fjármunum, og almennt hefur þetta einnig þýtt að viljinn til þess að spara hefur verið mjög slævður. Þetta hefur jafnframt þýtt, að auðveldasti vegurinn til þess að verða efnaður hefur verið að skulda fjármagn. Aðgangur að lánastofnunum ræður í raun meiru um það, hvort fólk og fyrirtæki kemst vel af, heldur en útkoma í kjarasamningum eða góður eða slæmur rekstur fyrirtækja.

Staða sparifjáreigenda er sérstaklega hrikaleg sem afleiðing af þessu ástandi. Um síðustu áramót mun láta nærri, að sparifjáreigendur hafi átt á reikningum í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum tæplega eitt hundrað milljarða króna. Láta mun nærri að verðrýrnun þessara fjármuna nemi um tuttugu milljörðum króna. Með öðrum orðum, þá brunnu nær tuttugu milljarðar af fjármunum sparifjáreigenda á verðbólgubálinu á síðasta ári. Þetta er auðvitað gegndarlaust óréttlæti og vinnur þar að auki gegn sparsemi og ráðdeild í samfélaginu.

Það er eindregin skoðun flutningsmanna að hið neikvæða vaxtakerfi hafi breytt þeim stofnunum, sem eiga að vera til þess að lána fjármagn, úr því að vera útlánastofnanir og í það að vera hafta- og skömmtunarstofnanir, sem þar að auki starfa nær alfarið fyrir luktum dyrum og lúta enn fremur pólitísku valdi að mjög verulegu leyti. Þetta kerfi leiðir óhjákvæmilega til misnotkunar, óhagkvæmrar fjárfestingar og hvers konar misréttis.

Það er einnig skoðun flutningsmanna, að ógerlegt sé að sigrast á óðaverðbólgu nema takast megi að sannfæra almenning um, að hann hagnist ekki, heldur tapi, á þessu ástandi. Þetta hefur verið afar erfitt, ekki síst á allra síðustu árum, þegar hraði verðbólgunnar hefur keyrt um þverbak. Það hefur leitt til þess, að allir þeir,

sem eiga þess einhvern kost að komast yfir lánsfjármagn, telja sig hagnast á þessu ástandi, jafnvel þó í smáu sé. Þessu verður ekki breytt, jafnvægi verður ekki komið á í peningamálum, og almenningsálitið verður ekki endanlega sannfært um skaðsemi verðbólgu og dýrtíðar, nema raunvaxtastefnu verði komið á í áföngum.

Það er ekki vilji flutningsmanna, að vextir í landinu verði 50—60 af hundraði, eins og þeir mundu gera við óbreytt verðbólgustig. Þvert á móti er það sannfæring flutningsmanna, að með samþykkt þessa frumvarps yrðu stjórnvöld knúin til þess að leggja til raunverulegrar atlögu við verðbólguna á öðrum sviðum. Lagt er til að lögin taki gildi í áföngum til þess að stjórnvöld geti hagað öðrum ákvörðunum til samræmis við raunvaxtastefnu.

Við fyrstu sýn væru hagsmunir og afkoma húsbyggjenda áhyggjuefni. Þó að einstakir húsbyggjendur geti með nokkrum rétti litið svo á, að þeir hafi byggt yfir sig með verðbólgu, einkum hin síðari ár, þá segir sig sjálft að verðbólgan hefur eyðilagt lánakerfi húsbyggjenda þegar á heildina er litið. Það þyrfti að endurskipuleggja allt lánakerfi í húsnæðismálum með tilliti til raunvaxtastefnu og þá fyrst og fremst í þá veru að dreifa lánum á mun lengra tímabil en nú er gert.

Neikvæðir vextir undanfarinna ára og áratuga hafa valdið ótrúlegum skaða í samfélaginu, bæði fjárhagslegum og siðferðilegum. Þeir hafa flutt ótrúlega pólitísk völd til bankakerfisins. Þeir hafa í raun útrýmt hugtakinu „lán“ úr efnahagskerfinu, og á sama tíma hafa þeir gert allt fjármagn háð pólitískri skömmtun, þó svo annað eigi að heita. Þetta hefur aftur gert fjármálalífið óheilbrigt og er á góðri leið með að festa þjóðina í farvegi 50—60 prósent verðbólgu.

Nd. 10. Frumvarp til laga [10. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Árni Gunnarsson.

1. gr.

Á eftir 19. gr. laganna komi ný grein, sem orðist svo:

Þingnefndum er skylt að fylgjast með framkvæmd laga. Í því skyni hafi þingnefndir rétt til þess að kalla fyrir sig þá einstaklinga, sem að mati þingnefnda eiga hlut að máli. Einfaldur meiri hluti þingnefndar getur ákveðið að taka einstök framkvæmdaratriði laga til meðferðar. Þingnefndum er skylt að gera viðkomandi deild eða sameinuðu þingi grein fyrir niðurstöðum athugunar. Eftirlitsstarf þingnefnda með framkvæmd laga fari fram fyrir opnum tjöldum, nema meiri hluti þingnefndar ákveði annað.

Deildum Alþingis eða sameinuðu þingi er heimilt að skipa sérstakar nefndir þingmanna til þess að athuga framkvæmd laga, ef ástæða þykir til.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að á undanförnum árum og áratugum hafi mörkin milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds á Íslandi orðið æri óljós. Löggjafarvaldið fæðir framkvæmdavaldið af sér í formi ríkisstjórna. Á síðari árum, þegar sérfræðileg kunnátta verður æ nauðsynlegri við smíði lagafrumvarpa, hefur frumkvæði lagasetningar í ríkum mæli færst frá löggjafarvaldi og til framkvæmdavalds og/eða sérfræðinga, sem eru í beinum eða óbeinum tengslum við framkvæmdavaldið.

Þessi þróun er í sjálfu sér afar eðlileg í samfélagi sem með hverju árinu verður flóknara og tæknivæddara. Afleiðingarnar hafa meðal annars orðið þær, að þingið sjálft hefur smám saman sætt sig við þessa þróun og tekið þátt í þeirri þróun að ýta frumkvæði til lagasetningar yfir til framkvæmdavaldsins. Í staðinn hafa þingmenn, sem ekki eru beinir aðilar að framkvæmdavaldinu með setu í ríkisstjórn, sóst í vaxandi mæli eftir því að verða með öðrum hætti þátttakendur í framkvæmdavaldinu. Nægir í því sambandi að minna á ásókn í stjórn og framkvæmdastjórastöður Framkvæmdastofnunar, Kröflunefnd og bankaráð.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar, að þessi þróun sé óæskileg og henni beri að snúa við. Enn fremur er ljóst, að að undanförnu hefur áhugi þingsins einkum beinst að því að setja lög, en lítið eða ekki að því að hafa eftirlit með því, hvort eða hvernig lögum er framfylgt. Það segir sig þó sjálft, að tilgangslítið er að setja lög, ef þeim er ekki framfylgt og ef framkvæmdavald og dómsvald hafa ekki séð ástæðu til að fylgja þeim eftir.

Tilgangur þessa frumvarps er að skylda þingnefndir til þess að hafa frumkvæði um það að hafa eftirlit með því, hvort eða hvernig lögum er framfylgt. Slíkt má auðvitað túlka rúmt, enda er til þess ætlast. Til dæmis eiga þingnefndir að hafa eftirlit með því, hvernig opinberum fjármunum er varið á þeim sviðum, sem þær taka til.

Grundvallarhugmyndin er sú, að þingið hafi ekki aðeins áhuga á því að setja lög, heldur einnig lifandi áhuga á því, hvort eða hvernig lögum er framfylgt. Þetta starf þingsins á að fara fram í sem nánastri samvinnu við borgarana, og þess vegna er lagt til að þingnefndir starfi fyrir opnum tjöldum, nema þeim sjálfum þyki beinlínis ástæða til annars.

Taka má mörg dæmi um verkefni slíkra nefnda. Fá skulu þó látin nægja. Nefnd sú, sem fer með heilbrigðis- og tryggingamál, verður að hafa eftirlit með því, hvernig tryggingakerfið er notað — og hvort það sé misnotað. Slík nefnd þyrfti að hafa lifandi eftirlit með viðkvæmum málum eins og fóstureyðingum, og kalla fyrir sig hina fróðustu aðila í því skyni að hafa ævinlega haldgóðar upplýsingar. Slík nefnd þarf að hafa lifandi eftirlit með því, hvernig háttar framkvæmd laga um útgáfu lyfseðla, hvort þar væri þörf á breyttu og bættu eftirliti o. s. frv. Slík nefnd þyrfti að hafa með því lifandi eftirlit, hvort bæta megi rekstur heilbrigðiskerfisins í því skyni að spara skattgreiðendum fé án þess að slaka á fyllstu kröfum í nútímasamfélagi.

Segja má, að verkefni slíkra nefnda sé tvíþætt: annars vegar eins konar eftirlits- og aðhaldshlutverk og hins vegar rannsóknarhlutverk. Ef meiri hluti þingnefndar telur sig hafa vitneskju um það, að lög séu brotin í sambandi við innflutning á vörum til landsins, samkeppni í viðskiptum eða raunar hvað annað, sem lagasetningu snertir, þá á þingnefnd að geta gert á því úttekt og athugun.

Ljóst má vera, að efni þessa frumvarps á nokkra samleið með öðru frumvarpi, sem um nokkurra ára skeið hefur verið lagt fram, en ekki hlotið afgreiðslu. Er það frumvarp um það, að Alþingi starfi í einni deild. Það eftirlitsstarf þingsins, sem hér er lagt til, yrði allt stórum einfaldara í framkvæmd, ef Alþingi starfaði í einni deild.

Nokkur atriði eru óljós um framkvæmd þessa frumvarps. Til dæmis er ekki um það fjallað, hvernig bregðast skuli við, ef einstaklingur gefur þingnefnd rangar upplýsingar að yfirlögðu ráði. Rétt þykir, að reynsla skeri úr um það, hvernig þessi lög verði í framkvæmd, og verði þeim þá breytt eftir því sem reynslan segir til um.

Í stjórnarskrá er heimildarákvæði um rannsóknarnefndir þingsins. Þetta ákvæði hefur afar sjaldan verið notað, enda í fullu samræmi við þá fullyrðingu, að þingið hafi haft of lítinn áhuga á framkvæmd laga.

Nd. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um breyting á lögum nr. 54 29. maí 1972, um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Lúðvík Jósepsson, Gunnar Thoroddsen, Sighvatur Björgvinsson, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

1. tölul. 1. málsgr. 15. gr. laganna öðlist gildi að nýju og orðist svo:
1. fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 91 16. nóv. 1974, um breyting á lögum nr. 54 29. maí 1972, um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að fjárveitinganefnd verði skipuð 9 mönnum, svo sem lengst af hefur verið, en þeim var fjölgað í 10 á þingi 1974. Samkomulag er milli þingflokkanna um flutning frumvarpsins og verður gerð nánari grein fyrir því í framsögu.

Sþ. 12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson, Jónas Árnason, Garðar Sigurðsson, Kjartan Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir sérstökum stuðningi opinberra aðila við stofnun þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum.

Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins skal falið að rannsaka möguleika smáiðnaðar í sveitahreppum, safna hugmyndum um hugsanlegar framleiðslugreinar, kanna viðhorf og áhuga heimamanna víðs vegar um land og gera áætlun um framkvæmdir. Við undirbúning þessa máls ber einnig að taka mið af þeirri allsherjarathugun og tillögugerð varðandi atvinnumöguleika aldraðra, sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Jafnframt skal lánadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins falið að veita heimaaðilum aðstoð við stofnun fyrirtækja, sem komið er á fót samkvæmt þessari áætlun, og skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda. Sérstaklega ber að kanna möguleika á stofnun framleiðslusamvinnufélaga í sveitum og skal því rekstrarformi veittur sérstakur stuðningur. Stuðla ber að því, að veitt verði óafturkræf framlög úr Byggðasjóði eða ríkissjóði til stuðnings smáiðnaði í sveitum, allt að 15% stofnkostnaðar.

Þegar ár er liðið frá samþykkt þessarar tillögu skal ríkisstjórnin gefa Alþingi skýrslu um framkvæmd hennar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrædd. Henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Það er vart þörf á að rekja byggðaþróun á Íslandi og þann mikla fólksflótta úr sveitunum síðustu áratugi, sem hefur sett mark sitt á alla þjóðlífsþróun okkar.

Þrátt fyrir allan andróður misviturra manna er öllum þorra þjóðarinnar ljós sú höfuðnauðsyn sem felst í blómlegum landbúnaði, sem geri hvort tveggja í senn, að fullnægja þörf þjóðarinnar fyrir þá hollu og góðu fæðu, sem landbúnaðarafurðir okkar eru, og leggja til mikilvægt og dýrmætt hráefni til iðnaðar, sem veitir miklum fjölda atvinnu og eykur stórum útflutningsverðmæti okkar.

En búsetu í sveitum þarf að tryggja sem best, og skapa þarf því fólki, sem þar býr, fjölbreyttari möguleika en nú er varðandi atvinnu, þó tímabundin væri eða aðeins að hluta unnin, eða beina þjónustu varðandi landbúnaðinn sjálfan eða úrvinnslu honum tengda.

Hin mikla vélanotkun í sveitum kallar á nærtæka og trygga þjónustu á annatímum og hana er víða að finna, þó hún hafi í engu verið styrkt svo sem skyldi og sé enn mjög ófullkomin og hvergi nærri slík sem hún þyrfti að vera.

Íslenska ullin og gærurnar eru að verða sífellt stærri og verðmeiri þáttur í þjóðarframleiðslu og atvinnuþróun okkar og er það vel.

En leiðir þyrfti að finna að því marki, að sveitafólkið sjálft gæti þar í auknum mæli komið inn í vinnsluna með einhverjum hætti, jafnvel svo að þeir, sem þar byggja, gætu haft þar af aðalatvinnu. Tvær saumastofur munu nú reknar í sveit á landi hér og ekki annað vitað en að það hafi gefið góða raun.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja það eðlilegast, enda á það sér lagastoð, að Framkvæmdastofnun ríkisins sé réttur aðili jafnt til athugunar og samráðs við heimamenn sem áætlunargerðar í framhaldi af því, og yrði þar um verkefni byggðadeildar stofnunarinnar að ræða. Hins vegar væri það svo lánadeildarinnar að sjá um fjármagnshliðina, svo sem tillagan gerir ráð fyrir.

Þar sem reikna má með ýmsum byrjunarörðugleikum í aðgerðum sem þessum, telja flm. rétt að stuðla að því, að bein, óafturkræf framlög verði veitt allt að 15% stofnkostnaðar, hvort sem um yrði að ræða framlög úr Byggðasjóði eða ríkissjóði, til stuðnings ýmiss konar smáiðnaði í sveitum, sem tiltækt þætti að koma þar upp. Hér er í raun við það miðað, að Framkvæmdastofnun ríkisins sé hinn rétti frumkvæðisaðili í málinu og veiti virka aðstoð við allar aðgerðir, enda má segja að það sé lagaleg skylda stofnunarinnar.

Það er skoðun flutningsmanna, að hér ættu framleiðslusamvinnufélög mjög að koma inn í myndina sem æskilegur aðili til að standa fyrir framkvæmdum af því tagi, sem þessi tillaga lýtur að og heppilegastar þættu til atvinnuauka í hinum einstöku sveitum. Þessi félög hafa nú fengið sína staðfestingu í lögum um samvinnufélög, og svo ríkjandi sem samvinna og samhjálp er í sveitum landsins, þá ætti hér að vera um að ræða eðlilegasta form atvinnurekstrar, sem flm. telja að ætti nokkurs forgangs að njóta. Þetta ákvæði er einnig sett inn sem frekari hvati að því, að menn tækju höndum saman í heilbrigðri og virkri samvinnu, í stað þess að einkaaðilar stæðu hér að, þó flm. vilji á engan hátt útiloka það, enda sums staðar e. t. v. eina leiðin.

Fyrsti flm. hefur fengið nokkur bréf á þessu og s. l. ári, þar sem bent er á nauðsyn þess átaks, sem hér er lagt til, og á ýmsar leiðir bent í því sambandi, sem vikið verður að í framsögu. En ljóst er, að hér er ekki um auðleyst verkefni að ræða og um sumt vandséð, hvernig átak megi gera, sem í einhverju dugi.

Í þessum bréfum hefur verið vikið að öldruðu fólki sérstaklega, sem vart hefur vinnuþrek til að stunda svo erfiða vinnu sem búskapur er, en skortir verkefni við hæfi, verkefni sem gætu komið í veg fyrir búferlaflutninga og þá á elliheimili í þéttbýli, þar sem sama vandamálið gildir varðandi atvinnumöguleika aldraðs fólks, sem þarf á vissri vinnu að halda, án þess að mögulegt sé eða rétt, að það sé úti á hinum almenna vinnumarkaði. Er hér vitnað í samþykkt Alþingis frá 1975 sem þingmenn Alþýðubandalagsins fengu samþykkta og var svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa í samráði við launþegasamtök landsins frumvarp til laga um atvinnumál aldraðra og verði að því stefnt, að allir, 67 ára og eldri, sem til þess hafa þrek og vilja, geti átt kost á atvinnu við sitt hæfi."

Í nokkur bréf skal hér vitnað, en þar segir:

„Það er ekki vansalaust, hve öll þjónusta er sótt í þéttbýlið, jafnvel nauðsynlegustu viðgerðir. Bein þjónusta við sveitirnar heim í sveitirnar mundi styrkja búsetuna og ætti að vera krafa okkar sveitafólks. En þar vantar leiðir og ráð.“

Í öðru bréfi segir: „Ég hef lengi hugleitt leiðir að því marki, að við tækjum virkari þátt í úrvinnslu afurða okkar en nú er. Við björgum því á haustin, að unnt sé að slátra búfé okkar, en síðan ekki söguna meir. Hér þyrfti að verða breyting á.“

Í þriðja bréfi segir: „Hvað um þá öldruðu í sveitinni? Satt er það, að þeir vinna lengi ýmis bústörf, en aukin vélanotkun breytir þar miklu.“

En þeirra vandamál er ekki minna í raun en annarra aldraðra, sem verða að hverfa af almennum vinnumarkaði löngu áður en hæfilegt og sæmilegt er, af því að til þeirra eru gerðar sömu kröfur og annarra. Má ekki finna einhverja leið til lausnar atvinnuvanda aldraðra í sveitum, svo gamla fólkið megi dvelja heima sem lengst?

Allt þetta hefur vakið okkur til umhugsunar um þetta mál.

Segja má, að hér sé um eitt af verkefnum Byggðasjóðs að ræða, svo sem fyrr hefur verið að vikið, og vissulega hefur Byggðasjóður komið hér inn í nú þegar, þar sem að þessu hefur best verið unnið, svo sem vélaverkstæðum og eins varðandi þá einu saumastofu í sveit, sem starfandi er.

En ljóst er, að hér þarf skipulegt aukaátak að gera, ekki má að neinu rasa um ráð fram, en vinna markvisst að heildaráætlun, sem þeir gætu á byggt, sem áhuga og þörf hefðu fyrir séraðgerðir af þessu tagi.

Því er tillaga þessi flutt.

Ed. 13. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [13. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Flm.: Ólafur Ragnar Grímsson.

1. málsl. 33. gr. (sbr. 1. gr. laga nr. 9 5. apríl 1968) orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 18 ára eða eldri á því ári, þegar kosning fer fram, hafa íslenskan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi, 99. löggjafarþingi, flutti Ragnar Arnalds tillögu um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, sem felur í sér að kosningarréttur verði miðaður við 18 ára aldur. Þetta frumvarp er nú endurflutt.

Með frumvarpinu, sem flutt var á síðasta þingi, var svo hljóðandi greinargerð:

„Löngu er kominn tími til, að kosningaaldur sé lækkaður í 18 ár. Á þeim aldri er ungt fólk almennt farið að móta afstöðu sína til stjórnmála og meiri hluti þess er þá kominn til starfa í atvinnulífi þjóðarinnar. Fólk á þessum aldri hefur margvíslegra hagsmuna að gæta og því ber réttur til að hafa áhrif á stjórn landsins.

Í mörgum nálægum löndum hefur lækkun kosningaaldurs í 18 ár þegar komið til framkvæmda.

Breyting þessi getur ekki tekið gildi fyrir næstu alþingiskosningar. En með samþykkt þessa frumvarps fyrir kosningar og staðfestingu þess á fyrsta þingi eftir kosningar væri þessari einföldu breytingu á stjórnarskránni komið í höfn.

Í frumvarpinu er miðað við að allir, sem ná hinum tiltekna aldri á kosningaári, fái samtímis kosningarrétt. Þetta er miklu einfaldari og eðlilegri viðmiðun en sú sem í gildi hefur verið, að miða við afmælisdag hvers kjósanda. Þessi tilhögun mundi spara opinberum aðilum mikla fyrirhöfn með því að heilir árgangar kæmu samtímis inn á kjörskrá.“

Sþ. 14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um rannsóknarnefnd þingmanna til að kanna rekstur, fjárfestingar og fargjalda- og farmgjaldaákvarðanir Flugleiða hf. og Eimskipafélags Íslands hf. með sérstöku tilliti til einokunaraðstöðu og markaðsdrottnunar þessara fyrirtækja.

Flm.: Ólafur Ragnar Grímsson.

Alþingi samþykkir að kjósa rannsóknarnefnd skipaða sjö þingmönnum til að gera athugun á rekstri, fjárfestingum og fargjalda- og farmgjaldaákvörðunum Flugleiða hf. og Eimskipafélags Íslands hf. með sérstöku tilliti til einokunaraðstöðu eða markaðsdrottnunar þessara fyrirtækja á sviði flutninga og samgangna milli Íslands og annarra landa og milli einstakra landshluta. Störf nefndarinnar skulu einkum miðuð við að leita svara við eftirtöldum spurningum:

1) Hvers vegna hafa Flugleiðir hf. sóst eftir einokunaraðstöðu í farþegaflugi milli Íslands og annarra landa?
2) Hverjar voru ástæður og aðdragandi þess að Flugleiðir hf. yfirtóku meirihlutaeign í Arnarflugi hf., eina innlenda keppinauti fyrirtækisins í millilandaflugi, og hverjar eru líklegar afleiðingar núverandi einokunaraðstöðu Flugleiða hf. fyrir þróun fargjalda?
3) Hvaða líkur eru á að Flugleiðir hf. muni halda áfram að fylgja núgildandi fargjaldastefnu sem felur í sér að það er mun dýrara og í sumum tilvikum allt að helmingi dýrara að fljúga til höfuðborga Norðurlanda en til New York og gerir þannig almenningi mun erfiðara að rækja tengsl við frændþjóðirnar á Norðurlöndum en ferðast til Bandaríkjanna?
4) Á hvaða hátt mun núgildandi fargjaldastefna veikja margþætt menningar-, stjórnsýslu- og viðskiptatengsl við nágrannalöndin í Evrópu og binda þjóðina þess í stað enn sterkari böndum við mikilvægasta markaðssvæði Flugleiða hf., Bandaríkin?
5) Hvers vegna hafa fjárfestingar Flugleiða hf. fyrst og fremst beinst að samkeppnisflugi á Bandaríkjamarkaði og lítil áhersla verið lögð á afgerandi nýjungar á sviði flugsamgangna innanlands og við nágrannalönd?
6) Hvaða afleiðingar hefur það fyrir eðlilega þróun flugsamgangna innanlands, einkum milli landshlutanna innbyrðis og smærri byggðarlaga við Reykjavík, að Flugleiðir hf. meta slíkar flugsamgöngur fyrst og fremst út frá þröngum viðskiptasjónarmiðum en taka lítið tillit til almennra þjóðhags- og byggðasjónarmiða?
7) Hvernig hefur fyrirtækjasamsteypa Flugleiða hf., þ. e. dótturfyrirtækin og hlutdeildarfyrirtækin
International Air Bahama Ltd.
Cargolux Airlines International S.A.
Arnarflug hf.
Flugfélag Austurlands hf.
Flugfélag Norðurlands hf.
Hekla Holdings Ltd.
Hótel Esja hf.
Hótel Húsavík hf.
Hótel Aerogolf Sheraton
Ferðaskrifstofan Úrval hf.
Kynnisferðir ferðaskrifstofanna sf.
þróast á undanförnum árum og á afgerandi hátt stuðlað að enn víðtækari markaðsdrottnun fyrirtækisins?

8) Hvernig og hvers vegna hafa Flugleiðir hf. leitast við að efla tengsl við fjölda annarra fyrirtækja á ólíkum rekstrarsviðum og þannig skapað verulega hættu á víðtækari markaðsdrottnun fyrirtækisins á nýjum sviðum líkt og gerst hefur í hótelrekstri á síðari árum?
9) Hvaða ástæður liggja að baki aukinnar samtengingar Flugleiða hf. og Eimskipafélags Íslands hf. en hún birtist m. a. í eignarhlutum, sameiginlegum ferðaskrifstofurekstri, setu forstjóra og stjórnarformanns Eimskipafélags Íslands hf. í stjórn Flugleiða hf. og setu annarra stjórnarmanna Eimskipafélags Íslands hf. í stjórnun dótturfyrirtækja Flugleiða hf.?
10) Hvaða afleiðingar hefur hin samtvinnaða markaðsdrottnun Eimskipafélags Íslands hf. og Flugleiða hf. á sviði vöruflutninga til og frá Íslandi á farmgjöld og þar með almennt vöruverð í landinu?
11) Að hve miklu leyti er markaðsdrottnun þessara fyrirtækja í gegnum há farmgjöld þáttur í þeirri dýrtíð sem á undanförnum árum hefur rýrt kjör almenns launafólks á Íslandi?
12) Hvers vegna hafa samkeppnisaðilar Eimskipafélags Íslands hf. á sumum sviðum getað boðið mun lægri farmgjöld og hver hafa verið viðbrögð félagsins við hættu á samkeppni?
13) Hvernig hefur Eimskipafélag Íslands hf. haft aðstöðu til að kaupa 13 ný skip á s.l. fjórum árum og eignast þannig samtals 24 flutningaskip?
14) Hvaða skýringar eru á því að gífurleg fjárfesting Eimskipafélags Íslands hf. í nýjum skipum hefur ekki leitt til hlutfallslegrar farmgjaldalækkunar?
15) Hvers vegna hefur Eimskipafélag Íslands hf. kosið að nota markaðsdrottnun sína frekar til eignamyndunar í stað þess að veita almenningi í landinu ódýrari þjónustu?

Rannsóknarnefndin skal hafa rétt til að krefjast skýrslugerða og vitnisburða, bæði munnlega og bréflega, hjá hlutaðeigandi aðilum og öðrum fyrirtækjum, embættismönnum og einstaklingum. Nefndinni skal veitt fjármagn til þess að tryggja sér sérfræðilega aðstoð.

Að loknum athugunum sínum skal rannsóknanefndin gefa Alþingi skýrslu og láta í ljós mat á því hvort og þá að hve miklu leyti eignarform, rekstrarfyrirkomulag, fjárfestingar og fargjalda- og farmgjaldastefna Flugleiða hf. og Eimskipafélags Íslands hf. brjóta í bága við eftirfarandi grundvallarmarkmið sem samgöngukerfi þjóðarinnar ber að þjóna:

Að öryggi þjóðarinnar á sviði samgangna við umheiminn sé ekki í höndum einokunaraðila sem fyrst og fremst starfa á grundvelli þröngra gróðasjónarmiða og annarra viðskiptahagsmuna.

Að ódýrastar flugsamgöngur séu við þær þjóðir sem Íslendingum eru skyldastar og almenningur vill hafa víðtækust samskipti við hvað snertir menningu, félagslegt starf og persónuleg erindi.

Að skipulag flugsamgangna innanlands þjóni fyrst og fremst þeim tilgangi að tengja saman á fjölþættan hátt hina einstöku landshluta og efla samgöngur innan þeirra.

Að kostnaður við flutning á vörum til landsins og innanlands verði í algeru lágmarki og þannig stuðlað að lækkun á vöruverði.

Greinargerð.

Samgöngur eru grundvallarþáttur í nútímaþjóðfélagi. Þær móta félagsleg samskipti íbúa, þróunarmöguleika atvinnuvega, tengsl milli byggðarlaga og þjóðarinnar við umheiminn. Samgöngur eru ríkur þáttur í almennri hagsæld og í reynd meðal mikilvægustu forsendna raunverulegs sjálfstæðis. Á okkar tímum eru möguleikar til ferðalaga og flutninga, bæði innanlands og til og frá útlöndum, meðal mikil-

vægustu almennra lýðréttinda. Fargjalda- og farmgjaldaákvarðanir hafa afgerandi áhrif á það hvort og þá á hvern hátt almenningur getur notið þessara réttinda. Þjóðhagsleg sjónarmið, almenn lýðréttindi og varðveisla sjálfstæðis eru því meðal þeirra markmiða sem eiga að móta samgöngukerfi þjóðar.

Flestar þjóðir, sem Íslendingar hafa samskipti við í Vestur-Evrópu, hafa í samræmi við þessi grundvallaratriði tryggt forræði kjörinna fulltrúa þjóðarinnar yfir mikilvægustu samgöngutækjunum. Þar sem járnbrautir eru lífæð samgöngukerfisins eru þær yfirleitt í þjóðareign. Sams konar þróun hefur víða einkennt stærri flugfélög. Meðal Íslendinga hafa flugvélar og farmskip að mestu gegnt hlutverki járnbrauta án þess þó að kjörnir fulltrúar þjóðarinnar hefðu hér svipaða aðstöðu til að gæta hagsmuna almennings eins og tíðkast með helstu nágrannaþjóðum okkar.

Á síðari árum hafa tvö hlutafélög, Flugleiðir hf. og Eimskipafélag Íslands hf., orðið æ umsvifameiri drottnunaraðilar í samgöngukerfi Íslendinga. Flugleiðir hf. hafa nú öðlast einokunaraðstöðu á öllu farþegaflugi milli Íslands og umheimsins. Eimskipafélag Íslands hf. hefur í krafti kaupa á þrettán nýjum skipum á s. l. fjórum árum, en alls telur skipastóll félagsins nú 24 flutningaskip, orðið nær alls ráðandi á flestum sviðum vöruflutninga til og frá landinu. Þegar einnig er höfð í huga hin gífurlega aukning á vöruflutningum með flugvélum og þau afgerandi eignar- og stjórnunartengsl sem eru milli Flugleiða hf. og Eimskipafélags Íslands hf., þá er ljóst að sú samsteypa, sem þessi fyrirtæki mynda, hefur náð algerri markaðsdrottnun í vöruflutningum milli Íslands og annarra landa. Hún getur því ráðið mestu um farmgjöld og þar með haft áhrif á almennt vöruverð í landinu og kjör almennings. Vaxandi ítök Flugleiða hf. í innanlandsflugi styrkja enn frekar einokunar- og markaðsaðstöðu þessara tveggja fyrirtækja í samgöngukerfi Íslendinga.

Þegar fyrirtæki öðlast slíka einokunar- og markaðsdrottnunaraðstöðu á sviði sem snertir á afgerandi hátt lífskjör almennings í landinu, möguleika fólks til ferðalaga og kostnað við þau, þróunarskilyrði atvinnuvega, bæði á sviði framleiðslu til innlendra nota og útflutnings, öryggi þjóðarinnar í samskiptum við umheiminn og milli landshluta og í reynd þær tryggingar sem nútímaþjóð verður ávallt að hafa fyrir sjálfstæði sínu, þá er nauðsynlegt að Alþingi taki rekstur, fjárfestingar og fargjalda- og farmgjaldastefnu slíkra fyrirtækja til ítarlegrar rannsóknar. Slík rannsókn er sérstaklega nauðsynleg nú vegna margvíslegrar gagnrýni sem komið hefur fram á rekstur þessara fyrirtækja, einkum meintra tilrauna þeirra til að halda uppi of háum fargjöldum og farmgjöldum og styrkja markaðsdrottnun sína með því að öðlast einokunaraðstöðu og ítök á sem flestum sviðum sem snerta ferðalög fólks og almenna vöruflutninga. Núgildandi fargjaldastefna, sem gerir flugfargjöld til Norðurlanda mun dýrari en ferðalög til Bandaríkjanna, er enn frekara tilefni til athugana á þróun flugsamgangna, enda brýtur sú fargjaldastefna gegn grundvallarforsendum lögbundinnar og yfirlýstrar stefnu íslenskra stjórnvalda að kappkosta fyrst og fremst og efla menningarleg, félagsleg og stjórnsýsluleg tengsl milli Íslendinga og frændþjóðanna á Norðurlöndum.

Af framangreindum ástæðum og ýmsum fleiri er brýn nauðsyn á að Alþingi, kjörin fulltrúastofnun fólksins í landinu, taki starfsemi þessara fyrirtækja til ítarlegrar rannsóknar og væri sú rannsókn einkum miðuð við að svara þeim spurningum sem raktar eru í tillögunni. Nánari grein verður í framsöguræðu gerð fyrir hverri spurningu fyrir sig og mun þá einnig verða fjallað um önnur ákvæði tillögunnar svo og margvíslegar upplýsingar sem styðja nauðsyn á því að Alþingi afli sér með rannsókn heildaryfirsýnar yfir starfsemi þessara fyrirtækja sem nú eru algjörir drottnunaraðilar í samgöngukerfi þjóðarinnar.

Ed. 15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 36 frá 23. maí 1975, um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður gefur út happdrættisskuldabréf að upphæð allt að 2000 milljónum króna árlega næstu fjögur ár til sölu innanlands. Skal fénu varið til viðbótar fjárframlögum skv. vegáætlun til framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1975 náðist víðtæk samstaða á Alþingi um stefnu í vegamálum og stórfellt átak í vegagerð, er lögin um happdrættislán vegna Norðurvegar og Austurvegar voru samþykkt. Samkvæmt þeim skyldi varið 2000 milljónum króna til þessara vega til viðbótar fjárframlögum eftir vegáætlun og til sérstakra verkefna eins og t. d. Borgarfjarðarbrúar.

Því miður hafa lögin enn ekki náð tilgangi sínum nema að takmörkuðu leyti, m. a. vegna mikillar verðbólgu. Eðlilegt er því að breyta þeim á þann veg sem hér er lagt til, og ætti þá að vera unnt að ljúka gerð Norðurvegar á næstu fjórum árum og ná stórum áföngum við gerð Austurvegar.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að auka útgáfu happdrættisskuldabréfa eins og nánar er tekið fram í greininni. Þá eru tekin af hugsanleg tvímæli um að fé þetta komi til viðbótar framlögum skv. vegáætlun og til sérstakra stórverkefna, sem ákveðin voru, áður en lögin tóku gildi, eins og t. d. til Borgarfjarðarbrúar.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 16. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um beinar greiðslur til bænda.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Jónas Árnason, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að settar verði reglur um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins, sem tryggi að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt.

Jafnframt láti ríkisstjórnin fara fram athugun á því, hvernig heppilegast sé að koma við breytingum á greiðslum útflutningsbóta og niðurgreiðslna, þannig að þær nýtist betur.

Greinargerð.

Tillaga um greiðslu rekstrar- og afurðalána beint til bænda hefur verið flutt á tveimur síðustu þingum, en í hvorugt skiptið verið útrædd. Skömmu fyrir þinglok í vor var tillagan þó afgreidd frá allsherjarnefnd, og mælti meiri hluti nefndarinnar

með samþykkt hennar og því orðalagi, sem á henni er nú, þegar hún er flutt þriðja sinni.

Fyrri liður tillögunnar er ljós, bændur skulu fá fjármuni sína í hendur um leið og lánin eru veitt, en óheimilt verði að halda peningunum eftir í verslunar- eða afurðasölufyrirtækjum.

Í samstarfsyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar segir:

„Rekstrar- og afurðalánum verði breytt þannig, að bændur geti fengið laun sín greidd og óhjákvæmilegan rekstrarkostnað svipað og aðrir aðilar fá nú.“

Þessi yfirlýsing er góðra gjalda verð og sýnir, að réttlætið er að sigra. Hún gengur þó of skammt, því að unnt er að hártoga hana og halda eftir í fyrirtækjunum hluta þeirra fjármuna, sem bændur eiga að fá beint í hendur. Landbúnaðarráðherra hefur greint frá því, að ný ákvæði um þetta efni ættu að geta komið til framkvæmda, áður en lokið verður greiðslu afurðalána 20. nóvember n. k. Hann telur málið þó ekki einfalt og ætlar að skipa nefnd til að fjalla um málið. Eðlilegt er að Alþingi hafi hraðann á og taki af öll tvímæli um, hvað fyrir því vaki, með samþykkt þessarar tillögu.

Síðari liður þingsályktunartillögunnar er ekki jafnótvíræður. Ljóst er þó, hver tilgangurinn er. Miklum fjármunum er varið til útflutningsbóta og niðurgreiðslna. Þetta fé, sem bændur eiga, berst þeim seint og illa. Á þessu verður að ráða bót og tryggja að bændur fái peningana beint, um leið og ríkissjóður reiðir þá af hendi. Væntanlega er hér um að ræða upphæð sem nemur meira en 3 milljónum króna á meðalbú á ári eða yfir 250 þúsund á mánuði til hvers bónda. Rekstrar- og afurðalánin munu nema svipaðri upphæð. Þannig er nú valsað með fjármuni bænda, sem nema a. m. k. 6 milljónum króna á meðalbú, í lengri eða skemmri tíma, meira og minna eftirlitslaust.

Sþ. 17. Fyrirspurnir. [17. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk.

Frá Svövu Jakobsdóttur.

Hvað hefur verið gert til að koma á fót lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk í samræmi við þingsályktunartillögu sem vísað var til ríkisstjórnarinnar með jákvæðri umsögn hinn 16. maí 1975?

II. Til landbúnaðarráðherra um ráðstafanir vegna riðuveiki í sauðfé.

Frá Helga F. Seljan.

Hvaða ráðstafanir eru helstar á döfinni hjá ráðuneyti og Sauðfjárveikivörnum ríkisins til að hefta frekari útbreiðslu riðuveiki í sauðfé? Spurt er sérstaklega um Austurland í þessu efni?

III. Til landbúnaðarráðherra um jarðakaupalán.

Frá Pálma Jónssyni.

Hvenær má vænta þess að afgreidd verði jarðakaupalán vegna umsókna, sem borist hafa til Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og Stofnlánadeildar landbúnaðarins á þessu ári?

IV. Til samgönguráðherra um öryggisbúnað smábáta.

Frá Pálma Jónssyni.

Hvað líður setningu reglugerðar um öryggisbúnað smábáta?

V. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um málefni áfengissjúklinga.

Frá Braga Níelssyni.

1. Hve mikil brögð eru að því að áfengissjúklingar séu vistaðir erlendis til meðhöndlunar á sjúkdómi sínum?
2. Fer vistun slíkra sjúklinga eftir þeim reglum sem greinir í 42. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971?
3. Hve mikill er kostnaður almannatrygginga af sendingu þessara sjúklinga á erlendar sjúkrastofnanir?
4. Hversu mikið skortir á að íslenskar sjúkrastofnanir anni vistunarþörf þessara sjúklinga?

VI. Til utanríkisráðherra um varnir gegn mengun af völdum bandarísku hersins.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Tekur utanríkisráðherra gilda yfirlýsingu deildarstjóra varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins að „enginn, hvorki íslenskur né bandarískur aðili, vissi að olíu eða öðrum efnum úr flugskýli flughersins á planinu fyrir framan væri veitt út í skurð“?
2. Hvaða líkur telur utanríkisráðherra að séu á því að bandarískri flugherinn viti hvað gerist í háloftunum yfir og í kringum Ísland fyrst hann veit ekkert um stóra olíuskurði rétt við eigin flugskýli?
3. Hvaða ráðstafanir hefur utanríkisráðherra gert til að komast að raun um hver bar ábyrgðina á þeirri meðferð á úrgangsolíu sem nýlega var fyrir tilviljun uppgötvuð á yfirráðasvæði bandarísku hersins?
4. Hvaða tryggingar eru fyrir því að starfsemi bandarísku hersins mengi ekki drykkjarvatn íbúa á Suðurnesjum?
5. Hvaða breytingar hyggst utanríkisráðherra gera til að koma í veg fyrir að bandarískri herinn feli olíu og aðra mengunarvalda í íslenskri jörð fyrst fyrri loforð hersins hafa í þessu efni reynst haldlaus?

Sþ. 18. Tillaga til þingsályktunar [18. mál]

um sérstakt gjald á veiðileyfi útlendinga, sem veiða í íslenskum ám.

Flm.: Árni Gunnarsson, Bragi Sigurjónsson, Gunnlaugur Stefánsson, Vilmundur Gylfason, Karl Steinar Guðnason, Ágúst Einarsson, Finnur Torfi Stefánsson, Eiður Guðnason, Ólafur Ragnar Grímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um að leggja sérstakt gjald á leyfi, sem seld eru útlendingum til veiða í íslenskum laxveiðiám. Gjald þetta renni í ríkissjóð og skal fjármunum, sem þannig aflast, varið til tilrauna með fiskirækt í sjó og vötnum.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur það færst mjög í vöxt, að erlendir menn komi til Íslands til laxveiða. Þeir hafa tekið á leigu heilar veiðiár og hluta þeirra, ýmist allt veiðitímabilið eða besta veiðitímann. Íslenskir veiðimenn hafa ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að greiða jafnhátt verð fyrir árnar og útlendingarnir. Þetta hefur haft í för með sér mjög verulega hækkun á veiðileyfum, og nánast má tala um sölu á hlunnindum úr landi og brot á landslögum, sbr. leiguna á Laxá í Dölum og Hofsá í Vopnafirði, þar sem t. d. Íslendingar fá ekki að veiða í þeirri fyrrnefndu.

Nú er fyrirsjáanleg enn meiri ásókn útlendinga í íslenskar laxveiðiár, og eru dæmi þess að í ár hafi verið boðið margfalt hærra verð en íslensk veiðifélög hafa getað boðið. Á þennan hátt er beinlínis verið að bola íslenskum veiðimönnum frá íslenskum laxveiðiám. Við þessari þróun verður að stemma stigu og jafnvel væri athugandi að gera allsherjar úttekt á leigu íslenskra laxveiðiáa og gjaldeyrisskilum í tengslum við leigu til útlendinga.

Í mörgum löndum, t. d. Kanada og Bandaríkjunum, er svo um hnúta búið, að heimamenn í ríkjum, þar sem veiðiár eru, greiða ekki nema hluta þess gjalds, sem aðkomumönnum er gert að greiða. Þessa leið mætti kanna hér á landi gagnvart Íslendingum og útlendingum.

Flutningsmenn þessarar tillögu eru þeirrar skoðunar, að útlendingum, sem sækjast eftir því að veiða í íslenskum laxveiðiám, verði gert að greiða sérstakt gjald, sem nýtist þjóðinni til undirbúnings átaks í fiskirækt, sem er álitleg tekjuöflunarleið fyrir þjóðina og hefur reynst mjög arðsöm, t. d. í Noregi. Hér gæti verið á ferðinni ný búgrein fyrir bændur í fjölmörgum vötnum þeirra, og einnig er mjög tímabært að rannsaka vandlega og undirbúa á vísindalegan hátt tilraunir með fiskeldi í sjó.

Nd. 19. Frumvarp til laga [19. mál]

um dómvexti, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Flm.: Ellert B. Schram.

1. gr.

Á tímabilinu frá stefnubirtingu til dómsuppsögu í dómsmáli getur dómari, eftir kröfu aðila, ákveðið, að vextir af dómkröfu séu jafnháir innlánsvöxtum af vaxtaaukalánum eða öðrum sambærilegum vaxtakjörum, er taki sem fyllst tillit til varðveislu á verðgildi fjármagns.

Dómari skal þó ekki verða við slíkri kröfu ef atvik þau, sem getið er í 1. og 3. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, eiga við um stefnanda eða ef þegar hefur verið tekið tillit til verðbólgu á ofangreindu tímabili við endanlega kröfugerð í málinu. Sama gildir í útivistarmálum, ef stefnandi skilaði ekki greinargerð.

2. gr.

Lög þessi taka gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Verðbólga, eins og sú sem geisað hefur hér á landi um allt of langan tíma, hefur margvíslegar afleiðingar. Verðskyn almennings brenglast, spákaupmennska grefur um sig og skuldakóngar blómstra. Í skjóli þessa sýkta ástands fer skuldamálum og málaferlum fjárhagslegs eðlis stöðugt fjölgandi. Mál hrannast upp hjá dómstólum

landsins og dragast oft úr hófi. Kemur þar hvort tveggja til seinvirkt dómskerfi og hinn mikli fjöldi mála, sem dómstólar ná ekki að anna með eðlilegum hraða.

Þetta ástand hefur augljóslega leitt til þess, að skuldunautar ganga á lagið og sjá sér hag í því að skeyta ekki kröfum og neyða kröfuhafa til málsóknar. Meðferð mála fyrir dómstólum, vegna þess sem að ofan getur, gefur stefndum ákjósalegan greiðslufrest. Verðmæti krafna rýrnar með hverjum mánuðinum sem líður, hvað þá þegar mál dragast svo árum skiptir, eins og mýmörg dæmi sanna. Þetta grefur undan trausti almennings á dómstólum og ýtir beinlínis undir þá freistingu að standa ekki í skilum og þæfa mál.

Það er háskalegt ástand, þegar svo er komið að menn telja árangurslítið og til fjárhagslegs skaða, að skuldamál eða fjárkröfur lendi í málaferlum.

Til þess að mæta þessum vanda, svo varanlegt verði, þarf auðvitað fyrst og fremst að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Það er löngu ljóst, þótt víðar sé litið. En meðan sú glíma gengur ekki betur en raun ber vitni og búast má við mikilli verðbólgu í fyrirsjáanlegri framtíð, er nauðsynlegt að gera dómstólum kleift að taka tillit til verðbólgunnar við uppkvaðningu dóma og að verðtryggja þær kröfur, sem orðið er við. Þetta frumvarp, sem hér er flutt, stefnir að því að gera dómstólum þetta mögulegt. Er gert ráð fyrir að vextir af dómkröfu séu jafnháir innlánsvöxtum af vaxtaaukalánum eða öðrum sambærilegum vaxtakjörum, er taki sem fyllst tillit til varðveislu á verðgildi fjármagns.

Áhrif þessarar breytingar verða margvísleg. Í fyrsta lagi mundi það tvímælalaust draga úr óþörfum málarekstri, sem nú er annars stofnað til, vegna gjaldfrests og verðrýrnunar á kröfum. Í öðru lagi mundi það tryggja þeim, sem eiga réttmætar kröfur, að verðgildi þeirra krafna verði í samræmi við þá verðlagsþróun, sem á sér stað meðan á málarekstri stendur. Og í þriðja lagi mundi það á ný treysta og auka virðingu fólks fyrir dómstólum, en þau áhrif eru að sjálfsögðu mikilvægust í því lýðræðislega réttarríki, sem við Íslendingar viljum og verðum að varðveita.

Sþ. 20. Fyrirspurn [20. mál]

til fjármálaráðherra um utanlandsferðir á kostnað ríkissjóðs og ríkisstofnana.

Frá Geir Gunnarssyni.

Óskað er eftir upplýsingum um utanlandsferðir á kostnað ríkissjóðs og ríkisstofnana (þ. á m. ríkisbanka) á árinu 1977. Í svari komi fram:

1. Nöfn þeirra, sem farið hafa utan, hvert farið, hve oft, í hvaða skyni og hve langan tíma hver ferð tók.
2. Kostnaður vegna hverrar ferðar, annars vegar ferðakostnaður, hins vegar dvalarkostnaður.

Óskað er eftir skriflegu svari.

Sþ. 21. Fyrirspurnir. [21. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um húsnæðismál og aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

Hefur ríkisstjórnin í hyggju að efna þau fyrirheit sem fyrrverandi ríkisstjórn gaf verkalýðssamtökunum við gerð kjarasamninganna er undirritaðir voru 22. júní 1977 um húsnæðismál og um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum?

II. Til félagsmálaráðherra um undirbúning að gildistöku byggingarlaga.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Hvað líður setningu reglugerðar í samræmi við 4. gr. byggingarlaga?
2. Hvaða ákvæði verða í væntanlegri reglugerð varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar?

III. Til fjármálaráðherra um niðurskurð fjárframlaga samkvæmt fjárlögum 1978.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

1. Hver er heildarniðurskurður fjárframlaga á fjárlögum þessa árs?
2. Hvernig skiptist hann á milli málaflokka og á einstakar framkvæmdir eða framlög í hverjum málaflokki?
3. Hver gerði tillögur um þennan niðurskurð og hvaða reglur voru hafðar til hliðsjónar?

Svar við 2. spurningu óskast gefið skriflega.

Nd. 22. Frumvarp til laga [22. mál]

um Framkvæmdasjóð öryrkja.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

I. KAFLI
Skipulag og stjórn.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Framkvæmdasjóður öryrkja, og er hann í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að greiða fyrir fjármögnun þeirra framkvæmda, sem gert er ráð fyrir í lögum, reglugerðum og áætlunum um sérkennslu og endurhæfingu (sbr. þó ákvæði 11.—13. og 14. gr.).

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a) Tappagjald af áfengi, sem hækkar útsöluverð þess sem hér segir:
200 kr. á hverja heilflösku af sterku víni.
100 kr. á hverja hálfflösku af sterku víni.
100 kr. á hverja heilflösku af léttu víni.
50 kr. á hverja hálfflösku af léttu víni.

b) Gjald, sem hækkar útsöluverð tóbaks sem hér segir:
20 kr. á hvern vindlingapakka.
2 kr. á hvern vindil.
20 kr. reyktóbak (pr. 50 gr. pakkningu).

Tekjustofnar þessir hækki hlutfallslega til samræmis við verðhækkanir á áfengi og tóbaki á hverjum tíma.

Ríkissjóði ber að gera skil á þessum tekjustofnum ársfjórðungslega.

c) Leggja skal 20 kr. styrktargjald ofan á verð allra seldra aðgöngumiða í landinu. Gjald þetta greiðist samhliða skemmtanaskatti, sbr. 9. gr. laga nr. 58/1970. Styrktargjald þetta skal hækka árlega samhliða byggingarvísitölu.

d) Fé, sem veitt er á annan hátt úr ríkissjóði.
e) Frjáls framlög og aðrar tekjur, er til kunna að falla.
f) Vaxtatekjur.

4. gr.

Félagsmálaráðherra skipar 5 manna sjóðsstjórn og jafnmarga til vara til tveggja ára í senn, þar af fjóra eftir tilnefningu eftirtalinna aðila, einn frá hverjum:

Öryrkjabandalagi Íslands, Landssamtökum Þroskahjálpar, menntamálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Ráðherra skipar einn mann án tilnefningar og skal hann vera formaður sjóðsstjórnar.

Kostnaður við starfrækslu sjóðsins greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Hlutverk sjóðsstjórnar er:

a) að hlutast til um, að ávallt séu fyrir hendi áætlanir um sérkennslu og endurhæfingu, sem sjóðurinn gæti unnið eftir, sbr. 52. gr. laga nr. 63/1974 og 3. og 4. gr. laga nr. 27/1970;
b) að taka ákvörðun um fjármögnun þeirra verkefna, sem þessar áætlanir taka til, að fengnum tillögum viðkomandi ráðuneytis, sbr. 10. og 12. gr.;
c) að hafa eftirlit með þeim verkefnum, er sjóðurinn veitir fjárframlög til, þannig að fjármagnið verðtryggist sem fyrst í þeim verkefnum, sem það er ætlað til.

6. gr.

Formaður sjóðsstjórnar annast daglegan rekstur sjóðsins á skrifstofu félagsmálaráðuneytisins eða annars staðar, telji ráðuneytið það æskilegt.

7. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins skal skipt til helminga í tvo sjóðshluta, sérkennslusjóð og endurhæfingarsjóð.

Ef sjóðsstjórn er hins vegar sammála um, að nauðsynlegt sé að víkja frá þessu ákvæði, þá er það heimilt, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra.

8. gr.

Ráðstöfunarfénu skal veitt ársfjórðungslega til verkefna, nema annað sé talið æskilegt að mati sjóðsstjórnar.

9. gr.

Fjármögnun verkefna skal fyrst og fremst ráðast af þeim brýnustu þörfum, sem leysa þarf hverju sinni.

Sérstakt tillit skal taka til þess fjölda einstaklinga, sem úrlausnar þurfa við á hverju sviði, og í hverju byggðarlagi, sbr. 10. og 12. gr. þessara laga.

Sjóðsstjórn skal hlutast til um, að við úthlutun fjármagns sé ekki ráðist í of mörg verkefni samtímis.

II. KAFLI
Sérkennslusjóður.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur sjóðsstjórn í té áætlun þá, er um getur í 5. gr. a, og tillögur um fjármögnun hennar.

Menntamálaráðuneytið lætur enn fremur fara fram reglulega endurskoðun hennar með tilliti til þess, sem gert hefur verið.

Menntamálaráðuneytið veitir sjóðsstjórn allar upplýsingar um sérkennslu, og þar á meðal reglulega könnun á sérkennsluþörf hvers byggðarlags sem og í landinu öllu.

11. gr.

Fjármagni sérkennslusjóðs skal jöfnum höndum varið til að standa straum af stofnkostnaði greiningarstöðva, sérskóla, sérdeilda, forskóladeilda sérskóla, dagvistunarstofnana (sérdeildir og almennar), starfsfræðslu- og starfsþjálfunardeilda að grunnskólanámi loknu, fjölskylduheimila eða heimavista í tengslum við sérstofnanir. Heimilt skal þó að nýta allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra sérkennsluverkefna, sem ríki eða sveitarfélög greiða ekki, sbr. þó ákvæði 14. gr.

III. KAFLI
Endurhæfingarsjóður.

12. gr.

Félagsmálaráðuneytið í samráði við endurhæfingarráð lætur sjóðsstjórn í té áætlun þá, er um getur í 5. gr. a, og tillögur um fjármögnun hennar.

Félagsmálaráðuneytið lætur enn fremur fara fram reglulega endurskoðun hennar með tilliti til þess, sem gert hefur verið.

Félagsmálaráðuneytið í samráði við endurhæfingarráð lætur gera reglulega könnun á þörfinni fyrir endurhæfingar- og vinnustöðvar, með tilliti til hvers byggðarlags sem og í landinu öllu. Könnunin skal einnig ná til dvalarheimila.

13. gr.

Fjármagni endurhæfingarsjóðs skal jöfnum höndum varið til að standa straum af stofnkostnaði endurhæfingarstöðva, vinnustöðva og dvalarheimila sem ekki er eða fyrirsjáanlegt er að verði veitt til úr þeim lána- og styrktarsjóðum, er um getur í endurhæfingarlögum, nr. 27/1970, eða á annan hátt. Lána- og styrktarsjóðum þeim, sem um getur í endurhæfingarlögum, er skylt að veita sjóðsstjórn reglulega yfirlit yfir það fé, sem er til ráðstöfunar og fyrirhugað er til þessara framkvæmda. Heimilt skal þó að nýta allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra endurhæfingarverkefna, sem ríki eða sveitarfélagi ber sannanlega ekki að greiða, sbr. þó ákvæði 14. gr.

IV. KAFLI
Önnur ákvæði.

14. gr.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita fjármagni til annarra sérkennslu- og endurhæfingarverkefna umfram heimildarákvæði 11. og 13. gr., sé sjóðsstjórn sammála um, að slík verkefni séu þýðingarmeiri, og ef fjármagn sjóðsins nægir að öðru leyti til að standa undir hlutverki hans, sbr. 2. gr.

15. gr.

Ríkisendurskoðun skal sjá um endurskoðun á reikningum sjóðsins.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Meginmarkmið þessa frumvarps er að tryggja ákveðinn tekjustofn til að greiða fyrir framkvæmdum í samræmi við áætlunargerðir þær, sem ráð er fyrir gert í

52. gr. grunnskólalaga, sbr. reglugerð nr. 270/1977, um sérkennslu, og 3. og 4. gr. endurhæfingarlaga nr. 27/1970.

Fyrirsjáanlegt er, að gerð og framkvæmd þessara áætlana standast engan veginn þau tímamörk, sem lagaákvæði þessi tilgreina. Ljóst er, að fjárskortur til framkvæmda og vöntun á sérmenntuðu starfsfólki ræður þar mestu um.

Rétt er að skýra nánar frá stöðu þessara mála og fjármagnssvigrúmi, þessu til staðfestingar:

Sérkennsla:

Á grundvelli grunnskólalaga nr. 63/1974 er í reglugerð nr. 270/1977 lagður grundvöllur að markvissri uppbyggingu sérkennslu í landinu bæði innan hins almenna grunnskóla og utan hans.

Þar er gert ráð fyrir, að megnið af sérkennslu fari fram í almennum grunnskóla, í sérdeildum, hjálparbekkjum, stuðningskennslu eða athvörfum. Þó er gert ráð fyrir, að veruleg sérkennsla þurfi að fara fram í sérskólum og sérstofnunum af ýmsu tagi.

Í skýrslu menntamálaráðherra til Alþingis í apríl 1978 um framkvæmd grunnskólalaga kemur fram, að í fræðsluumdæmunum séu 732 nemendur, að mati skólamanna, sem þurfa aðstoð innan almenna grunnskólans, en fá ekki. Þar af eru 378 með sérstaka námsörðugleika, 172 málhamlaðir, 62 með hegðunarvandamál, 91 treggreindir og 29 eiga við önnur vandamál að stríða.

Í skýrslu þessari kemur einnig fram, að af 843 einstaklingum, sem þurfa sérkennslu utan við hinn almenna grunnskóla, eru aðeins 537, sem fá einhverja kennslu. Engar tölur liggja fyrir um stærð þess hóps, sem þyrfti þjálfun eða sérkennslu fyrir eða eftir grunnskólanám. Er þannig vitað um 1038 börn, sem rétt eiga á að fá kennslu bæði innan hins almenna grunnskóla og í sérskólum, en fá ekki, bæði vegna húsnæðisskorts og skorts á sérmenntuðu starfsliði.

Í 52. gr. grunnskólalaga, nr. 63/1974, er gert ráð fyrir, að heildaráætlun, sem gerð yrði um byggingu sérstofnana, verði að fullu komin til framkvæmda innan 10 ára frá gildistöku laganna, þ. e. a. s. á árinu 1984. Í fyrrnefndri skýrslu eru birtar yfirlitstöflur yfir þessa heildaráætlun og þykir rétt að birta nokkrar þeirra hér til að gefa einhverja hugmynd um ástand sérkennslumála í dag.

Í töflu I er sýndur mismunur sérkennsluþarfar og núverandi sérkennslu með tilliti til húsnæðis o. fl.

Tafla I.

	Kennarar	Annað starfsfólk	Sérfræðingar	Húsnæði og bún.
Þörf	190,63	74,5	21,93	15,400 m²
Nú	103,84	50,9	3,84	5,250 m²
Mismunur	86,79	23,6	18,09	10,150 m²
Mismunur án brota	87	24	18	10,150 m²
Mismunur kr.	199 311 084	47 530 368	49 174 560	1 620 000 000

Af töflunni má sjá, að auk 87 sérkennara vantar 12 fóstrur og 12 þroskaþjálfa, sem flokkast undir liðinn „annað starfsfólk“, og 3 sálfræðinga, 7 félagsráðgjafa, 6 sjúkraþjálfara og 2 lækna, sem flokkast undir liðinn „sérfræðingar“. Launaliður þessara hópa hefur ekki verið umreiknaður í samræmi við launa-

kostnað í dag. Liðurinn húsnæði og búnaður er reiknaður út samkvæmt byggingarvísitölu í janúar 1978 og normum um skólabyggingar. En samkvæmt verðlagi í október er þessi liður kominn í 2209 milljónir og er kostnaðarhækkunin því orðin rúmar 589 milljónir kr. á 10 mánuðum, en sáralítið hefur verið framkvæmt síðan áætlun þessi var birt.

Tafla II.

Kennsla skv. 50., 51. og 52. gr. grunnskólalaga. Áætlun fyrir árin 1978—79 og 80.

Stofnanir	Kenn-arar	Annað starfs-fólk	Sálfr. Tímar á viku	Sjúkraþj. Tímar á viku	Læknar Tímar á viku	Félagsr. Tímar á viku	Hjúkr.fr. Tímar á viku	Húsnæði skóla m²	Heima-vist m²
1. Öskjuhlíðarskóli(og Kjarvalsh.)	21,59	10,25	40	80	20	80	10	2 500	500
2. Lyngás, Bjarkarás, Skálatún og Tjaldanes	0,3	3,5	12	40	4	30	20	1 200	
3. Kópavogshæli	7,3								
4. Sólborg Akureyri	1,2	1,5	7	40	1				
5. Sólheimar Grímsnesi			2	4	1				
6. Sérkennslustöð Kópavogi	2,24		4		5	10			
7. Geðdeild Barnasp. Hringsins	2,0							250	
8. Heyrnleysingjaskóli	2,32		5		5	10			
9. Upptökuheimili ríkisins Kóp.	2,25								
10. Bjarkarhlíð					1				
11. Blindradeild Laugarnesskóla									
12. Deildir í Hlíðaskóla	1,52							196	
13. Deildir í Breiðagerðisskóla og Laugarnesskóla	1,11		4		2	10			
14. Þingborg Árn. sérdeild	0,70		2		3	5			
15. Staðarfell (sérd. f. Vesturl. og Vestfirði)	5,0	6,0							
16. Óskilgr. hópur í heimahúsum	36,16							1 000	
	83,69	21,25	76	164	42	145	30	5 146 m²	500 m²
Starfsmenn	83,69	21,25	1,90	4,10	1,05	3,63	0,75		

Í töflu II er birtur sá hluti áætlunarinnar, sem nær yfir árin 1978—1979 og 1980. Á þessum þremur árum er áætlað að byggja samtals 5146 m² skólahúsnæði og 500 m² heimavist, en samkvæmt verðlagi í október er byggingarkostnaður þessarar áætlunar um 1230 milljónir. Til þess að áætlun þessi stæðist þurfti því að meðaltali að veita 410 milljónir á ári miðað við óbreytt verðlag, en á fjárlögum 1978 voru aðeins veittar 60 milljónir kr. til þessara byggingarframkvæmda. Á fjárlögum 1979 og 1980 þarf því að veita 585 milljónir hvort árið um sig til að eiga möguleika á að halda þessari áætlun.

Af samanburði á töflu I og II má ráða, að gert er ráð fyrir, að megnið af fyrirhuguðu starfsfólki þessara stofnana sé ráðið á þessu tímabili.

Tafla III.

Kennsla skv. 50., 51. og 52. gr. grunnskólalaga. Áætlun fyrir árin 1981—82 og 83.

Stofnanir	Kenn-arar	Annað starfs-fólk	Sálfr. Tímar á viku	Sjúkraþj. Tímar á viku	Læknar Tímar á viku	Félagsr. Tímar á viku	Hjúkr.fr. Tímar á viku	Húsnæði skóla m²	Heima-vist m²
1. Öskjuhlíðarskóli(og Kjarvalsh.)								765	
2. Lyngás, Bjarkarás, Skálatún og Tjaldanes			10	40		20			250
3. Kópavogshæli								700	
4. Sólborg Akureyri						40		348	
5. Sólheimar Grímsnesi						4		108	
6. Sérkennslustöð Kópavogs						10		75	
7. Geðdeild Barnasp. Hringsins	2,57								
8. Heyrnleysingjaskóli						10			
9. Upptökuheimili ríkisins Kóp.									
10. Bjarkarhlíð						8		36	
11. Blindradeild Laugarnesskóla								56	
12. Deildir í Hlíðaskóla									
13. Deildir í Breiðagerðisskóla og Laugarnesskóla						10		70	
14. Þingborg Árn. sérdeild			2		2			130	
15. Óskilgr. hópur í heimahúsum		2,6						2 528	
16. Sérdeild Akureyri	0,66		4		1	5		60	
	3,23	2,5	16	40	3	107		4 876 m²	250 m²
Starfsmenn	3,23	2,5	0,23	1,00	0,08	2,68			

Í töflu III er gert ráð fyrir byggingu 4876 m² skólahúsnæðis og 250 m² heimavistar, sem á að fullu að vera komið til framkvæmda á árinu 1983. Kostnaður við þessar byggingar á verðlagi í október 1978 mundi vera um 1116 milljónir kr.

Í áætlun um byggingu athvarfa er gert ráð fyrir a. m. k. 10 athvörfum í fræðsluumdæmum utan Reykjavíkur, en Reykjavík virðist eitt fræðsluumdæma hafa fullnægt þessari þörf.

Af þessum tölum má ljóst vera, hve geysimiklar hækkanir þyrftu að verða á fjárlögum, eða kringum 500—600 milljónir á ári, til að þessar áætlanir stæðust. Útlit er því fyrir, að ef ekkert yrði að gert tæki enn áratugi að koma þessum málum í viðunandi horf. En með tilvist og fjármagni Framkvæmdasjóðs gætu þessar áætlanir staðist að mestu leyti.

Endurhæfing:

Í nóv. 1977 voru samtals 7405 öryrkjar á skrá hjá Tryggingastofnun ríkisins og skiptust þeir þannig:

630 töldust til 50% öryrkja
2604 — — 65% —
4171 — — 75% —

Auk þess voru 625 börn yngri en 16 ára á örorkustyrk í mars 1978. Af þessum tölum má sjá, hve langfjölmennastur hópurinn er, sem heyrir undir 75% örorku.

Ljóst er, að þessi fjölmenni öryrkjahópur þarf meira eða minna á að halda endurhæfingu, vernduðum vinnustöðvum, atvinnuþjálfun til að komast á hinn almenna vinnumarkað og dvalarheimilum.

Til viðbótar þessum hóp er svo mjög fjölmennur hópur ellilífeyrisþega, sem vegna ýmiss konar sjúkdóma heyrir til öryrkjahópsins og þarf því engu síður á þeirri aðstoð að halda, sem um getur í endurhæfingarlögunum.

Erfitt er að gefa nokkra vísbendingu um það fjármagn, sem þyrfti til að koma endurhæfingarmálum í gott horf.

Sú áætlun um þörf endurhæfingar- og vinnustöðva, sem um getur í 3. gr. a endurhæfingarlaga og átti að liggja fyrir 1972 og ná yfir 10 ára tímabil, sbr. 4. gr. þeirra laga, er enn í undirbúningi, og ekki hefur enn tekist að ljúka henni að öðru leyti en því, að takmarkaðar kannanir hafa verið gerðar, og er sá dráttur, sem á þessu hefur orðið, fyrst og fremst um að kenna fjárskorti.

Þessar kannanir gefa þó þá vísbendingu, að ekki er óvarlegt að áætla, að á annað þúsund manns þurfi nauðsynlega á vernduðum vinnustöðvum að halda. Fyrir utan það er svo sá stóri hópur, sem þyrfti á fjölbreyttri verkmenntun og atvinnuþjálfun að halda, til að kanna og undirbúa möguleika þeirra til að fara út á hinn almenna vinnumarkað. Fyrir hendi er einhver slík þjálfun, en nauðsyn er á fullkominni verkmenntun, sem byggir á því að öryrkjar finni það starfssvið, sem þeim henlar best. Enn fremur er ekki óvarlegt að áætla, að kringum 500 manns biði endurhæfingar.

Eitt brýnasta úrlausnarefnið í málefnum öryrkja er bygging hentugra dvalarheimila, þar sem þeir geta dvalist um lengri eða skemmri tíma.

Þær byggingar, sem reistar hafa verið í þessu skyni, hafa ekki getað tekið við fjölmörgum sem þurfa á þessum dvalarheimilum að halda.

Erfðafjársjóður og að einhverju leyti Atvinnuleysistryggingasjóður hafa nær eingöngu veitt fjárhagsaðstoð til þessara verkefna, en þess má geta, að Atvinnuleysistryggingasjóður hefur ekkert getað sinnt þessu verkefni s. l. 3—4 ár.

Fjármagnssvigrúm Erfðafjársjóðs hefur einnig verið mjög takmarkað með tilliti til þess að rísa undir þessu mikla verkefni. Á tímabilinu 1955—1977 hafa lánveitingar úr honum numið 261 millj. kr. og styrkveitingar 233 millj. kr.

Frumvarpið tekur fyrst og fremst mið af sameiginlegum þörfum og markmiðum þeirra hópa, er nefndir eru öryrkjar, þroskaheftir eða fatlaðir, en því er ekki ætlað að uppfylla einstaklingsþarfir sérstaklega. Markmið frumvarpsins er enn fremur að tryggja fulltrúum þessara hópa hlutdeild í ákvarðanatöku á þessum vettvangi.

Mörgum ákvæðum frumvarpsins er einkum ætlað að tryggja skipulag, aðhald og eftirlit með fjárfestingu á þessum sviðum.

Þótt sjóðnum sé einkum ætlað að fjármagna stofnkostnað byggingarframkvæmda af ýmsu tagi, enda er það fjárfrekasta verkefnið og reyndar forsenda annarra verkefna og starfsemi á þessu sviði, þá er með heimildarákvæðum 11.—13. og 14. gr. veitt heimild til þess að grípa inn í fjármögnun annarra verkefna er úrlausnar þurfa við í sérkennslu- og endurhæfingarmálum.

Enginn grundvöllur er t. d. fyrir að reisa byggingar, sem fjárskortur og vöntun á sérmenntuðu starfsliði hamlar starfsemi í, og því oft þýðingarmeira að treysta rekstrargrundvöll þeirrar starfsemi, sem fyrir hendi er. Benda má á, að nokkrir verndaðir vinnustaðir, sem komið hefur verið á fót, hafa verið lagðir niður, vegna þess að þeir hafa ekki getað staðið undir rekstrarhalla.

Það er enn fremur ljóst, að þjóðfélagið verður með öðrum aðgerðum að laða ungt fólk til menntunar og starfa á þessum vettvangi.

Af framansögðu má sjá, að stórátak verður að gera til að tryggja þessum hópum jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna og til þess að hægt sé að telja, að málefni þeirra séu komin í sæmilega viðunandi horf.

Enn er mikið ógert til að því markmiði verði náð, og er tilgangur með þessu frv. að færast nær því marki.

Í eftirfarandi skýringum við frumvarpsgreinarnar kemur enn frekar í ljós það markmið, sem leitast er við að ná með þessu frv., og nánari tilhögun á tekjustofni, framkvæmd og skipulagi sjóðsins.

Um 1. gr.

Nafn sjóðsins skýrist af hlutverki hans, sbr. 2. gr. Enn fremur er hugtakið öryrki víðtækasta samheitið yfir þá hópa, sem þessum sjóð er ætlað að ná til, sbr. 51. gr. grunnskólalaga, nr. 63/1974, og 12. gr. laga um endurhæfingu nr. 27/1970.

Um 2. gr.

Þessum sjóð er ætlað að aðstoða ríki og sveitarfélög eða aðra löglega aðila við byggingarframkvæmdir í þágu þeirra, sem lög um sérkennslu og endurhæfingu kveða á um, að svo miklu leyti sem þeir þurfa á sérbyggingum eða séraðstöðu að halda.

Það er alveg ljóst, að hinn stóri hópur, sem lög um sérkennslu og endurhæfingu er ætlað að ná til, þarf á margvíslegri sameiginlegri þjónustu að halda. Auk bygginga af ýmsu tagi, sem útbúa þarf með margs konar búnaði, vantar enn tilfinnanlega sérfræðilega aðstoð á mörgum sviðum.

Enn fremur þarf stór hluti þeirra ýmsa einkaaðstoð og þjónustu umfram það. Það er því alveg ljóst, að verkefni á þessum vettvangi eru og verða ótæmandi.

Af þessum ástæðum og með tilliti til tekjumöguleika sjóðsins þykir rétt að einskorða fyrst um sinn hlutverk sjóðsins við byggingarframkvæmdir og annan stofnkostnað til þess að þær komist sem fyrst í notkun, sbr. þó heimildarákvæði 11.—13. og 14. gr.

Um 3. gr.

Ef miðað er við sama magn selds áfengis og tóbaks og á árinu 1977, gefa tekjustofnar undir lið a og b eftirfarandi:

a)	af sterku víni	kr. 353 572 800
	af léttu víni	— 117 194 700
b)	af vindlingum	— 333 051 000
	af vindlum	— 35 402 000
	af reyktóbaki	— 20 214 800

Erfiðara er að meta hvað tekjustofn undir lið c gefur, þó er ekki óvarlegt að áætla, að hann gefi a. m. k. 100—150 millj. kr.

Ekki er því fjarri lagi að áætla, að þessir tekjustofnar gæfu samtals um 900—1000 miljónir kr. á ári.

d) Hingað til hefur fé verið veitt á fjárlögum til einstakra sérkennsluframkvæmda.

Með þessu ákvæði er ekki verið að koma í veg fyrir, að ríkissjóður veiti fé á fjárlögum beint til einstakra framkvæmda, heldur að opna þann möguleika fyrir ríkissjóð að láta það fjármagn, sem veitt er á fjárlögum í þessu skyni, renna beint í sjóðinn.

e) Með ákvæði þessu er verið að vekja athygli á þeim möguleika, að einstaklingar eða samtök geti styrkt sjóðinn.

f) Þar sem hér er ekki um lánasjóð að ræða, er ekki gert ráð fyrir miklum vaxtatekjum, en gætu þó orðið einhverjar, ef fjármagn rennur ekki viðstöðulaust til framkvæmda.

Um. 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr. a-lið.

Í 3. gr. a í lögum um endurhæfingu, nr. 27/1970, segir m. a.:

„Hlutverk endurhæfingarráðs skal vera:

að semja áætlun um þörf endurhæfingarstöðva og vinnustöðva fyrir fólk með varanlega skerta starfshæfni. Skal í áætlun þessari gerð grein fyrir stærð stofnananna, staðsetningu þeirra, verksviði og búnaði. Við samningu áætlunarinnar skal taka tillit til nýjunga í endurhæfingarmálum og stefna að því, að ráðstafanir til endurhæfingar svari jafnan sem best kröfum tímans."

Enn fremur segir í 1. mgr. 4. gr. sömu laga:

„Áætlun sú, sem um ræðir í 3. gr. a, skal gerð fyrir árin 1972—1982. Skal með áætlun þessari stefnt að sem bestri starfrækslu endurhæfingarstöðva og vinnustöðva í landinu."

Eins og segir í þeirri grein átti sú áætlun að vera gerð fyrir tímabilið 1972-1982. Þrátt fyrir þetta skýra ákvæði laganna um, að áætlunin hefði átt að liggja fyrir árið 1972, er hún enn í undirbúningi.

Það er því ekki óeðlilegt að ætla stjórn Framkvæmdasjóðs það verkefni að hlutast til um, að slíkar áætlanir séu ávallt fyrir hendi, þar sem það er algjör forsenda fyrir, að skipulag geti verið á úthlutun styrkja úr sjóðnum.

Hins vegar hefur menntamálaráðuneytið gert áætlanir í samræmi við 52. gr. laga um grunnskóla nr. 63/1974 og ná þær fram til ársins 1983.

Sú áætlun þyrfti að vera öllu nákvæmari hvað varðar tímasetningu og forgangsröð verkefna. Einnig þyrfti að gera nákvæmari áætlun byggða á þörfinni fyrir þjálfun og undirbúning fyrir grunnskóla, nám í forskóladeildum og á dagvistunarstofnunum, sbr. 16. gr. A reglugerðar um sérkennslu, nr. 270/1977, og á sama hátt um starfsþjálfun og verkmenntun að grunnskólanámi loknu.

Um 5. gr. b-lið.

Ef fyrrgreindar áætlanir eru ekki fyrir hendi eða ónákvæmar um stærð, forgangsröð, fjármagnsþörf og tímasetningu verkefna, verður að ætla sjóðsstjórn frumkvæði um ákvörðun verkefna.

Um 5. gr. c-lið.

Með þessu ákvæði er fyrst og fremst verið að tryggja bestu fjármagnsnýtingu á ráðstöfunarfé sjóðsins, þ. e. a. s. verðtryggingu strax í þeim verkefnum, sem það er ætlað til.

Sjóðsstjórn er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmdahraða byggingaráfanga með tilliti til þess að mæta fjármagnsþörf hverju sinni.

Um. 6. gr.

Ákvæði þetta er eingöngu ábending til félagsmálaráðuneytisins um hagkvæmt rekstrarform.

Ef það er hins vegar talið hagkvæmara, að rekstur sjóðsins sé annars staðar, en engu að síður undir umsjón félagsmálaráðuneytisins, er það heimilt samkvæmt ákvæði greinarinnar.

Um. 7. gr.

Nauðsynlegt þykir að skipta sjóðnum í tvo sjóðshluta, þar sem um er að ræða tvær áætlanagerðir undir umsjón tveggja ráðuneyta.

Áætlanagerðir þessar þurfa að geta tekið tillit til þess fjármagns, sem fyrir hendi er hverju sinni, og því er nauðsynlegt, að þær geti byggt á öruggum fjármagnshluta af tekjum sjóðsins. Þar sem á þessu stigi er ekki vitað um, hvernig

fjármagnsþarfir sérkennslu- og endurhæfingaverkefna skiptast, er sjóðsstjórn tryggt svigrúm til að breyta út af ákvæðinu um helmingaskiptingu sjóðshlutanna.

Tengsl sérkennslu- og endurhæfingarverkefna eru margvísleg og réttlæta því hvort tveggja í senn samhliða uppbyggingu og svigrúm til sameiginlegra átaka, eins og t. d. uppbyggingu verndaðra vinnustaða.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er verið að tryggja fastar viðmiðunarreglur við fjármagnsúthlutun, þegar margir aðilar áforma framkvæmdir samtímis, eins og lög um endurhæfingu nr. 27/1970 veita svigrúm til.

Síðasta málsgrein þessarar greinar kveður á um takmörkun á mikilli dreifingu fjármagns á hverjum tíma, til þess að þær framkvæmdir, sem ráðist er í, komist sem fyrst í notkun.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Grunnskólalögin gera ráð fyrir, að auk þess sem sérkennsla fer fram í sérskólum, þá fari hún fram í almenna skólanum, ýmist í almennum bekkjum eða í sérdeildum.

Sérkennslusjóðnum er þó einungis ætlað að fjármagna þann stofnkostnað, er leiðir af sérdeildauppbyggingu, sbr. 19. gr. reglugerðar um sérkennslu, en ekki annan stofnkostnað almenna grunnskólans, sem sveitarfélög bera samkvæmt 24. gr. grunnskólalaga.

Að öðru leyti er sérkennslusjóði ætlað að fjármagna stofnkostnað byggingarframkvæmda, er leiðir af reglugerð nr. 270/1977, um sérkennslu, enda er upptalning 11. gr. frv. samheiti þeirra verkefna, er þar eru tilgreind.

Ekki ber að skoða þessa upptalningu sem tæmandi verkefnaskrá, þó ekkert teljist hér undanskilið af því, sem lög, reglugerð og áætlun gera ráð fyrir.

Hins vegar þykir nauðsynlegt að tryggja sum þessara verkefna með lagaákvæði, þar sem þeirra er ekki beinlínis getið í öðrum lögum.

Ef frá eru skilin ákvæði lokamálsgreinar 52. gr. laga nr. 63/1974 um lengingu námstíma, almenn ákvæði 74. gr. sömu laga um forskóla við grunnskóla, 3. gr. laga um heyrnleysingjaskóla, þar sem kveðið er á um skólaskyldu frá 4—16 ára aldurs, og nýsamþykkt 5. gr. sömu laga um framhaldsdeild, þá er þroskaheftum nemendum ekki tryggð með lögum nein fræðsla eða þjálfun utan skólaskyldualdurs.

Brýn nauðsyn er á þjálfun og kennslu þroskaheftra barna yngri en 7 ára í forskóladeildum og á dagvistunarstofnunum, samfara ítarlegum rannsóknum á möguleikum þessara barna í almennum grunnskóla, en aðeins einum hópi þessara barna er tryggð skólaskylda frá 4 ára aldri.

Reglugerð um sérkennslu nr. 270/1977 gerir hins vegar ráð fyrir ráðgjöf, kennslu og þjálfun fyrir þroskaheft börn yngri en 7 ára.

Sérstök greiningarstöð fyrir þroskahefta er ekki heldur sérstaklega tryggð með grunnskólalögum, heldur aðeins almenn sálfræðiþjónusta, en brýn nauðsyn er á greiningarstöð, sem getur séð um uppeldis- og kennslufræðilega meðferð þroskaheftra strax frá fæðingu.

Enn fremur er í reglugerð gert ráð fyrir fræðslu og verklegri þjálfun ungmenna á 10. og 11. skólaári, væntanlega með stoð í áðurnefndum lagaákvæðum, en í skýrslu ráðherra kemur fram, að framhaldsnám (verknám) er aðeins að litlu leyti leyst enn sem komið er.

Ákvæði greinarinnar á að tryggja að fjármagn dreifist jöfnum höndum milli hinna ýmsu sérkennsluverkefna, en beinist ekki aðeins til ákveðins hluta sérkennslunnar. Tryggt ætti því að vera, að það renni ekki síður til þarfa þroskaheftra fyrir og eftir grunnskólaaldur.

Í síðustu málsgrein er heimildarákvæði, sem gefur svigrúm til að fjármagn beinist ekki eingöngu til byggingarframkvæmda, og hafa nokkur rök verið færð fyrir því áður í inngangi greinargerðarinnar. Hér má þó bæta við, að í skýrslu ráðherra kemur fram að eitt brýnasta verkefnið fram undan sé gerð námsskrár fyrir sérkennslu og kennslutæki í samræmi við hana, en ekkert fé hefur verið veitt til þess á fjárlögum.

Um 12. gr.

Nauðsynlegt þykir, að áætlun um endurhæfingar- og vinnustöðvar nái einnig til dvalarheimila, en ekki er gert sérstaklega ráð fyrir því í endurhæfingarlögum.

Um 13. gr.

Samkvæmt 7. gr. endurhæfingarlaganna skal veittur styrkur, sem nemur allt að þriðjungi stofnkostnaðar við endurhæfingarstöðvar, og lán, sem nemur allt að þriðjungi stofnkostnaðar.

Heimildarákvæði er í 9. gr. sömu laga um styrk úr Erfðafjársjóði til vinnustöðva, er nemur allt að 40% af stofnkostnaði, og lán úr Atvinnuleysistryggingasjóði, er nemur allt að 40% af stofnkostnaði.

Heimildarákvæði er einnig í 11. gr. sömu laga um styrk úr Erfðafjársjóði til að koma á fót dvalarheimilum öryrkja, er nemi allt að fjórðungi byggingarkostnaðar, og lán, er nemi allt að fjórðungi.

Með 13. gr. er leitast við að tryggja, að ákvæði þau, sem um getur í endurhæfingarlögum um fjármagn til þessara framkvæmda, verði nýtt eins og frekast er kostur, áður en fjármagn er veitt úr Framkvæmdasjóði.

Um 14. gr.

Ákvæði þessu er hvort tveggja í senn ætlað að tryggja sjóðnum aðlögunarmöguleika að framtíðarverkefnum og svigrúm til að takast á við önnur sameiginleg vandamál öryrkja.

Ekki þykir rétt að einskorða sjóðinn alfarið við byggingarframkvæmdir, þar sem samhliða getur þurft að leysa önnur brýn vandamál öryrkja, til þess að byggingarframkvæmdirnar komi að fullum notum, eins og áður hefur verið getið í greinargerðinni.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. **23. Frumvarp til laga** [23. mál]

um sérstakt tímabundið vörugjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 16% til 31. desember 1978 og greiðast af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum:

03.01.11	11.02.29	19.07.01	21.07.11
04.06.00	11.02.31	19.07.02	21.07.12
04.07.00	11.02.32	19.07.09	21.07.19
05.13.00	11.04.00	19.08.01	22.01.01
06.02.01	11.05.01	19.08.02	22.02.01
06.02.09	11.05.09	19.08.03	22.02.09
06.04.01	11.08.01	19.08.04	22.03.01
06.04.09	11.08.02	19.08.09	22.03.09
07.02.00	11.08.03	20.01.00	22.10.00
07.03.00	11.08.09	20.02.02	25.01.01
07.04.00	11.09.00	20.02.03	27.08.20
07.06.00	13.03.03	20.02.04	27.10.82
08.01.50	17.01.10	20.02.05	27.11.11
08.01.60	17.01.21	20.02.06	27.11.19
08.01.79	17.01.22	20.02.07	27.11.20
08.03.00	17.01.25	20.02.08	27.11.30
08.04.21	17.01.26	20.02.09	29.04.50
08.04.22	17.02.01	20.03.00	30.03.44
08.10.00	17.02.02	20.04.00	30.05.00
08.11.00	17.02.03	20.05.01	32.10.00
08.12.01	17.02.09	20.05.02	32.13.20
08.12.02	17.03.02	20.05.03	33.06.02
08.12.03	17.03.09	20.05.09	33.06.04
08.12.09	17.04.01	20.06.10	33.06.06
08.13.00	17.04.03	20.06.20	33.06.08
09.03.00	17.04.04	20.07.11	33.06.12
09.04.00	17.04.05	20.07.19	33.06.19
09.05.00	17.04.06	20.07.20	34.05.03
09.06.00	17.04.09	20.07.30	34.05.09
09.07.00	18.06.04	20.07.40	34.07.00
09.08.00	18.06.05	20.07.50	35.03.09
09.09.00	18.06.06	20.07.60	36.01.00
09.10.10	18.06.09	20.07.70	36.02.00
09.10.20	19.02.09	21.07.04	36.04.00
11.01.23	19.03.00	21.07.05	36.08.00
11.01.24	19.04.01	21.07.06	37.01.09
11.01.25	19.04.09	21.07.07	37.02.02
11.02.10	19.05.00	21.07.08	37.02.09

37.03.09	40.08.02	48.15.31	68.12.09
37.04.00	40.09.09	48.15.32	68.13.09
37.05.09	40.11.10	48.15.39	68.14.00
37.07.01	40.11.20	48.21.10	68.16.01
38.11.10	40.11.40	48.21.29	68.16.09
38.11.20	40.11.50	48.21.39	69.04.00
38.11.30	40.11.61	48.21.52	69.05.00
38.11.40	40.11.69	48.21.69	69.07.00
38.11.50	40.12.00	55.03.01	69.08.00
38.14.00	40.13.01	58.01.10	69.09.00
38.17.00	40.14.06	58.01.20	69.10.00
38.19.31	40.14.08	58.02.10	69.11.00
38.19.32	40.14.19	58.02.20	69.12.00
38.19.35	40.16.09	58.02.30	69.14.00
38.19.49	41.06.00	58.02.40	70.11.00
39.01.25	41.07.00	58.02.50	70.12.00
39.01.35	42.03.03	58.02.60	70.13.00
39.01.44	42.05.03	58.02.70	70.14.02
39.01.45	42.05.09	58.02.80	70.14.03
39.01.54	42.06.00	58.02.90	70.14.09
39.01.69	44.02.00	58.03.00	70.15.00
39.01.79	44.03.42	59.02.10	70.16.00
39.01.89	44.03.49	59.06.02	70.17.09
39.01.96	44.04.10	59.06.09	70.18.00
39.02.16	44.04.20	59.08.01	70.19.00
39.02.24	44.09.23	59.10.00	70.20.20
39.02.37	44.09.29	59.11.02	70.20.32
39.02.45	44.13.11	59.11.09	70.20.39
39.02.46	44.13.19	59.12.09	70.21.09
39.02.48	44.22.09	59.15.00	71.13.01
39.02.52	44.25.09	62.05.01	71.13.09
39.02.62	44.28.95	62.05.04	71.14.09
39.02.63	44.28.99	62.05.05	71.15.00
39.02.65	45.02.00	62.05.07	71.16.00
39.02.67	45.03.09	65.01.00	73.10.12
39.02.73	45.04.02	65.02.00	73.10.13
39.02.94	45.04.09	65.04.00	73.10.21
39.03.14	46.02.03	65.06.09	73.13.51
39.03.35	46.02.09	65.07.00	73.17.00
39.03.55	46.03.09	66.01.00	73.18.19
39.03.83	48.05.10	66.02.00	73.18.22
39.04.09	48.05.49	66.03.00	73.18.29
39.05.09	48.07.31	67.01.00	73.20.02
39.06.29	48.07.45	67.02.00	73.20.03
39.07.12	48.07.46	67.03.00	73.20.09
39.07.30	48.07.59	67.04.00	73.23.02
39.07.36	48.10.00	68.03.00	73.24.00
39.07.39	48.11.00	68.04.00	73.25.01
39.07.49	48.12.00	68.06.00	73.25.09
39.07.64	48.13.00	68.07.00	73.26.00
39.07.65	48.14.01	68.08.09	73.27.01
39.07.73	48.14.02	68.10.01	73.27.02
39.07.74	48.14.03	68.10.09	73.27.09
39.07.78	48.14.09	68.12.01	73.29.02
39.07.99	48.15.20	68.12.02	73.29.09

73.32.00	80.05.00	84.10.39	84.40.72
73.33.00	80.06.02	84.10.49	84.51.10
73.34.01	80.06.09	84.10.50	84.51.21
73.34.09	82.01.09	84.10.69	84.51.29
73.35.09	82.02.00	84.11.19	84.51.31
73.36.11	82.03.10	84.11.29	84.51.39
73.36.12	82.03.20	84.11.30	84.52.10
73.36.13	82.03.30	84.11.49	84.52.20
73.36.14	82.04.00	84.12.00	84.52.30
73.36.20	82.05.00	84.13.09	84.52.40
73.36.30	82.08.00	84.15.10	84.53.10
73.38.11	82.09.01	84.15.20	84.53.20
73.38.12	82.09.02	84.15.31	84.53.30
73.38.19	82.09.09	84.15.32	84.53.40
73.38.23	82.11.01	84.15.41	84.53.50
73.38.29	82.11.09	84.15.42	84.53.60
73.40.47	82.12.01	84.17.10	84.54.10
73.40.56	82.12.09	84.18.12	84.54.20
73.40.59	82.13.01	84.18.13	84.55.10
74.07.09	82.13.09	84.18.21	84.55.21
74.08.00	82.14.00	84.18.22	84.55.29
74.10.00	82.15.00	84.18.29	84.55.30
74.15.00	83.01.01	84.18.31	84.56.10
74.16.00	83.01.02	84.18.39	84.56.20
74.17.00	83.01.05	84.19.10	84.56.40
74.18.10	83.01.09	84.19.21	84.58.00
74.18.20	83.02.03	84.19.31	84.59.20
74.19.06	83.02.09	84.22.19	84.59.50
74.19.09	83.03.09	84.22.21	84.59.82
75.04.00	83.04.00	84.22.29	84.59.89
75.06.02	83.05.09	84.22.39	84.59.91
75.06.03	83.06.09	84.22.41	84.61.03
75.06.09	83.08.00	84.22.49	84.61.04
76.03.01	83.11.00	84.22.50	84.61.09
76.06.09	83.13.04	84.22.69	84.61.12
76.07.00	84.06.31	84.22.79	84.61.13
76.10.01	84.06.32	84.23.10	84.61.14
76.11.00	84.06.33	84.23.21	84.61.15
76.12.00	84.06.39	84.23.22	84.61.19
76.15.10	84.06.40	84.23.29	84.62.00
76.15.20	84.06.51	84.23.30	84.63.03
76.16.04	84.06.52	84.23.40	84.63.04
76.16.13	84.06.53	84.23.50	84.63.05
76.16.15	84.06.61	84.23.61	84.63.06
76.16.19	84.06.62	84.23.69	84.63.07
77.02.00	84.06.69	84.23.70	84.63.09
77.04.20	84.06.70	84.25.11	84.64.00
78.05.00	84.08.31	84.25.19	84.65.09
78.06.09	84.08.39	84.25.51	85.01.10
79.04.00	84.08.41	84.40.10	85.01.29
79.06.01	84.08.49	84.40.21	85.01.31
79.06.02	84.08.60	84.40.50	85.01.39
79.06.03	84.09.00	84.40.61	85.01.40
79.06.05	84.10.10	84.40.69	85.01.59
79.06.09	84.10.20	84.40.71	85.01.60

85.01.74	85.19.12	90.08.31	92.08.00
85.01.80	85.19.14	90.08.39	92.10.00
85.01.89	85.19.15	90.09.01	92.11.10
85.01.90	85.19.18	90.09.09	92.11.20
85.02.00	85.19.21	90.10.10	92.11.31
85.03.09	85.19.29	90.10.20	92.11.39
85.05.00	85.20.10	90.10.39	92.11.40
85.06.11	85.20.20	90.11.00	92.12.11
85.06.19	85.20.30	90.12.00	92.12.19
85.06.20	85.20.40	90.13.00	92.12.21
85.06.31	85.20.50	90.14.20	92.12.23
85.06.39	85.21.10	90.16.10	92.12.29
85.06.40	85.21.20	90.16.20	92.13.01
85.06.50	85.21.39	90.17.10	92.13.09
85.07.02	85.21.60	90.17.20	93.01.00
85.07.03	85.22.20	90.17.30	93.02.00
85.07.04	85.23.01	90.18.01	93.03.00
85.07.09	85.23.09	90.18.09	93.04.03
85.08.00	85.25.10	90.20.00	93.04.04
85.09.00	85.25.20	90.23.01	93.04.05
85.10.09	85.25.30	90.23.02	93.04.09
85.12.10	85.26.10	90.23.03	93.05.00
85.12.21	85.26.20	90.23.09	93.06.00
85.12.29	85.26.30	90.24.01	93.07.10
85.12.30	85.27.00	90.24.09	93.07.22
85.12.41	85.28.00	90.25.00	93.07.29
85.12.49	87.01.10	90.26.01	94.02.00
85.12.53	87.01.39	90.26.02	95.05.00
85.12.54	87.04.01	90.26.09	95.08.09
85.12.55	87.04.09	90.27.09	96.01.04
85.12.56	87.06.09	90.28.10	96.05.00
85.12.57	87.07.11	90.28.20	96.06.00
85.12.59	87.07.19	90.28.39	97.04.01
85.12.61	87.07.20	90.28.40	97.04.02
85.12.69	87.10.00	90.28.50	97.04.04
85.12.70	87.12.09	90.29.09	97.04.09
85.13.10	87.13.01	91.02.00	97.05.00
85.13.20	87.13.09	91.03.00	97.06.01
85.14.10	87.14.10	91.04.00	97.06.02
85.14.20	87.14.29	91.05.00	97.06.09
85.15.19	87.14.31	91.06.00	97.08.00
85.15.20	87.14.39	91.07.00	98.01.01
85.15.25	87.14.49	91.08.00	98.03.00
85.15.30	90.01.01	91.09.00	98.04.00
85.15.35	90.01.09	91.10.00	98.05.00
85.15.40	90.03.00	91.11.00	98.06.01
85.15.59	90.04.09	92.01.00	98.06.09
85.15.60	90.05.00	92.02.00	98.08.00
85.15.79	90.06.00	92.03.09	98.09.00
85.15.81	90.07.29	92.04.01	98.10.00
85.15.82	80.07.39	92.04.09	98.11.00
85.15.89	90.08.11	92.05.00	98.14.00
85.16.00	90.08.19	92.06.00	98.15.00
85.17.01	90.08.21	92.07.01	98.16.00
85.17.09	90.08.29	92.07.09	99.06.00

2. gr.

Hið sérstaka vörugjald skv. 1. gr. skal lagt á verksmiðjuverð innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru, sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi, og á tollverð innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum. Við vöruflokkun til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

Um hið sérstaka vörugjald skv. 1. gr. skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði eftirfarandi laga og reglugerða:

a. Að því er tekur til innlendrar framleiðslu skulu gilda ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða settra samkvæmt þeim.
b. Að því er tekur til innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

Við skil í ríkissjóð á hinu sérstaka vörugjaldi af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það sérstaka vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt við kaup á hráefnum og efnivörum til hinnar gjaldskyldu framleiðslu.

3. gr.

Við tollafgreiðslu á vörum sem undanþegnar hafa verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Þó skal við samræmingu tolls skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga eigi veita slíka undanþágu, hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri sem tollur er færður til samræmis við.

4. gr.

Óheimilt er að hækka vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds verð á birgðum vöru sem sérstakt vörugjald hefur ekki verið greitt af. Á sama hátt er óheimil hækkun verðs vörubirgða vegna hækkunar sérstaks vörugjalds hinn 5. maí 1976.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál.

5. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilkynningarskyldu, gjaldstofn, gjaldskyldu, gjalddaga og aðra framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 49 20. maí 1977 um sérstakt tímabundið vörugjald og lög nr. 84 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum svo og V. kafli laga nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG
um sérstakt tímabundið vörugjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna breytinga sem samþykktar voru á lögum um tollskrá o. fl. síðustu starfsdaga Alþingis, sé nauðsynlegt að samræma upptalningu tollskrárnúmera samkvæmt lögum um sérstakt tímabundið vörugjald. Vöruflokkun til gjaldskyldu samkvæmt síðast nefndum lögum ráðist af flokkunarreglum laga um tollskrá o. fl., en verulegar breytingar hafi nú verið gerðar á flokkun vara. Beri því brýna nauðsyn til setningar nýrra laga um sérstakt tímabundið vörugjald til samræmingar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 16% til 31. desember 1978 og greiðast af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum:

03.01.11	09.10.20	17.04.09	20.06.10
04.06.00	11.01.23	18.06.04	20.06.20
04.07.00	11.01.24	18.06.05	20.07.11
05.13.00	11.01.25	18.06.06	20.07.19
06.02.01	11.02.10	18.06.09	20.07.20
06.02.09	11.02.29	19.02.09	20.07.30
06.04.01	11.02.31	19.03.00	20.07.40
06.04.09	11.02.32	19.04.01	20.07.50
07.02.00	11.04.00	19.04.09	20.07.60
07.03.00	11.05.01	19.05.00	20.07.70
07.04.00	11.05.09	19.07.01	21.07.04
07.06.00	11.08.01	19.07.02	21.07.05
08.01.50	11.08.02	19.07.09	21.07.06
08.01.60	11.08.03	19.08.01	21.07.07
08.01.79	11.08.09	19.08.02	21.07.08
08.03.00	11.09.00	19.08.03	21.07.11
08.04.21	13.03.03	19.08.04	21.07.12
08.04.22	17.01.10	19.08.09	21.07.19
08.10.00	17.01.21	20.01.00	22.01.01
08.11.00	17.01.22	20.02.02	22.02.01
08.12.01	17.01.25	20.02.03	22.02.09
08.12.02	17.01.26	20 02.04	22.03.01
08.12.03	17.02.01	20.02.05	22.03.09
08.12.09	17.02.02	20.02.06	22.10.00
08.13.00	17.02.03	20.02.07	25.01.01
09.03.00	17.02.09	20.02.08	27.08.20
09.04.00	17.03.02	20.02.09	27.10.82
09.05.00	17.03.09	20.03.00	27.11.11
09.06.00	17.04.01	20.04.00	27.11.19
09.07.00	17.04.03	20.05.01	27.11.20
09.08.00	17.04.04	20.05.02	27.11.30
09.09.00	17.04.05	20.05.03	29.04.50
09.10.10	17.04.06	20.05.09	30.03.44

30.05.00	39.02.73	45.04.02	65.02.00
32.10.00	39.02.94	45.04.09	65.04.00
32.13.20	39.03.14	46.02.03	65.06.09
33.06.02	39.03.35	46.02.09	65.07.00
33.06.04	39.03.55	46.03.09	66.01.00
33.06.06	39.03.83	48.05.10	66.02.00
33.06.08	39.04.09	48.05.49	66.03.00
33.06.12	39.05.09	48.07.31	67.01.00
33.06.19	39.06.29	48.07.45	67.02.00
34.05.03	39.07.12	48.07.46	67.03.00
34.05.09	39.07.30	48.07.59	67.04.00
34.07.00	39.07.36	48.10.00	68.03.00
35.03.09	39.07.39	48.11.00	68.04.00
36.01.00	39.07.49	48.12.00	68.06.00
36.02.00	39.07.64	48.13.00	68.07.00
36.04.00	39.07.65	48.14.01	68.08.09
36.08.00	39.07.73	48.14.02	68.10.01
37.01.09	39.07.74	48.14.03	68.10.09
37.02.02	39.07.78	48.14.09	68.12.01
37.02.09	39.07.99	48.15.20	68.12.02
37.03.09	40.08.02	48.15.31	68.12.09
37.04.00	40.09.09	48.15.32	68.13.09
37.05.09	40.11.10	48.15.39	68.14.00
37.07.01	40.11.20	48.21.10	68.16.01
38.11.10	40.11.40	48.21.29	68.16.09
38.11.20	40.11.50	48.21.39	69.04.00
38.11.30	40.11.61	48.21.52	69.05.00
38.11.40	40.11.69	48.21.69	69.07.00
38.11.50	40.12.00	55.03.01	69.08.00
38.14.00	40.13.01	58.01.10	69.09.00
38.17.00	40.14.06	58.01.20	69.10.00
38.19.31	40.14.08	58.02.10	69.11.00
38.19.32	40.14.19	58.02.20	69.12.00
38.19.35	40.16.09	58.02.30	69.14.00
38.19.49	41.06.00	58.02.40	70.11.00
39.01.25	41.07.00	58.02.50	70.12.00
39.01.35	42.03.03	58.02.60	70.13.00
39.01.44	42.05.03	58.02.70	70.14.02
39.01.45	42.05.09	58.02.80	70.14.03
39.01.54	42.06.00	58.02.90	70.14.09
39.01.69	44.02.00	58.03.00	70.15.00
39.01.79	44.03.42	59.02.10	70.16.00
39.01.89	44.03.49	59.06.02	70.17.09
39.01.96	44.04.10	59.06.09	70.18.00
39.02.16	44.04.20	59.08.01	70.19.00
39.02.24	44.09.23	59.10.00	70.20.20
39.02.37	44.09.29	59.11.02	70.20.32
39.02.45	44.13.11	59.11.09	70.20.39
39.02.46	44.13.19	59.12.09	70.21.09
39.02.48	44.22.09	59.15.00	71.13.01
39.02.52	44.25.09	62.05.01	71.13.09
39.02.62	44.28.95	62.05.04	71.14.09
39.02.63	44.28.99	62.05.05	71.15.00
39.02.65	45.02.00	62.05.07	71.16.00
39.02.67	45.03.09	65.01.00	73.10.12

73.10.13	76.07.00	84.06.31	84.22.79
73.10.21	76.10.01	84.06.32	84.23.10
73.13.51	76.11.00	84.06.33	84.23.21
73.17.00	76.12.00	84.06.39	84.23.22
73.18.19	76.15.10	84.06.40	84.23.29
73.18.22	76.15.20	84.06.51	84.23.30
73.18.29	76.16.04	84.06.52	84.23.40
73.20.02	76.16.13	84.06.53	84.23.50
73.20.03	76.16.15	84.06.61	84.23.61
73.20.09	76.16.19	84.06.62	84.23.69
73.23.02	77.02.00	84.06.69	84.23.70
73.24.00	77.04.20	84.06.70	84.25.11
73.25.01	78.05.00	84.08.31	84.25.19
73.25.09	78.06.09	84.08.39	84.25.51
73.26.00	79.04.00	84.08.41	84.40.10
73.27.01	79.06.01	84.08.49	84.40.21
73.27.02	79.06.02	84.08.60	84.40.50
73.27.09	79.06.03	84.09.00	84.40.61
73.29.02	79.06.05	84.10.10	84.40.69
73.29.09	79.06.09	84.10.20	84.40.71
73.32.00	80.05.00	84.10.39	84.40.72
73.33.00	80.06.02	84.10.49	84.51.10
73.34.01	80.06.09	84.10.50	84.51.21
73.34.09	82.01.09	84.10.69	84.51.29
73.35.09	82.02.00	84.11.19	84.51.31
73.36.11	82.03.10	84.11.29	84.51.39
73.36.12	82.03.20	84.11.30	84.52.10
73.36.13	82.03.30	84.11.49	84.52.20
73.36.14	82.04.00	84.12.00	84.52.30
73.36.20	82.05.00	84.13.09	84.52.40
73.36.30	82.08.00	84.15.10	84.53.10
73.38.11	82.09.01	84.15.20	84.53.20
73.38.12	82.09.02	84.15.31	84.53.30
73.38.19	82.09.09	84.15.32	84.53.40
73.38.23	82.11.01	84.15.41	84.53.50
73.38.29	82.11.09	84.15.42	84.53.60
73.40.47	82.12.01	84.17.10	84.54.10
73.40.56	82.12.09	84.18.12	84.54.20
73.40.59	82.13.01	84.18.13	84.55.10
74.07.09	82.13.09	84.18.21	84.55.21
74.08.00	82.14.00	84.18.22	84.55.29
74.10.00	82.15.00	84.18.29	84.55.30
74.15.00	83.01.01	84.18.31	84.56.10
74.16.00	83.01.02	84.18.39	84.56.20
74.17.00	83.01.05	84.19.10	84.56.40
74.18.10	83.01.09	84.19.21	84.58.00
74.18.20	83.02.03	84.19.31	84.59.20
74.19.06	83.02.09	84.22.19	84.59.50
74.19.09	83.03.09	84.22.21	84.59.82
75.04.00	83.04.00	84.22.29	84.59.89
75.06.02	83.05.09	84.22.39	84.59.91
75.06.03	83.06.09	84.22.41	84.61.03
75.06.09	83.08.00	84.22.49	84.61.04
76.03.01	83.11.00	84.22.50	84.61.09
76.06.09	83.13.04	84.22.69	84.61.12

84.61.13	85.12.70	87.12.09	90.29.09
84.61.14	85.13.10	87.13.01	91.02.00
84.61.15	85.13.20	87.13.09	91.03.00
84.61.19	85.14.10	87.14.10	91.04.00
84.62.00	85.14.20	87.14.29	91.05.00
84.63.03	85.15.19	87.14.31	91.06.00
84.63.04	85.15.20	87.14.39	91.07.00
84.63.05	85.15.25	87.14.49	91.08.00
84.63.06	85.15.30	90.01.01	91.09.00
84.63.07	85.15.35	90.01.09	91.10.00
84.63.09	85.15.40	90.03.00	91.11.00
84.64.00	85.15.59	90.04.09	92.01.00
84.65.09	85.15.60	90.05.00	92.02.00
85.01.10	85.15.79	90.06.00	92.03.09
85.01.29	85.15.81	90.07.29	92.04.01
85.01.31	85.15.82	80.07.39	92.04.09
85.01.39	85.15.89	90.08.11	92.05.00
85.01.40	85.16.00	90.08.19	92.06.00
85.01.59	85.17.01	90.08.21	92.07.01
85.01.60	85.17.09	90.08.29	92.07.09
85.01.74	85.19.12	90.08.31	92.08.00
85.01.80	85.19.14	90.08.39	92.10.00
85.01.89	85.19.15	90.09.01	92.11.10
85.01.90	85.19.18	90.09.09	92.11.20
85.02.00	85.19.21	90.10.10	92.11.31
85.03.09	85.19.29	90.10.20	92.11.39
85.05.00	85.20.10	90.10.39	92.11.40
85.06.11	85.20.20	90.11.00	92.12.11
85.06.19	85.20.30	90.12.00	92.12.19
85.06.20	85.20.40	90.13.00	92.12.21
85.06.31	85.20.50	90.14.20	92.12.23
85.06.39	85.21.10	90.16.10	92.12.29
85.06.40	85.21.20	90.16.20	92.13.01
85.06.50	85.21.39	90.17.10	92.13.09
85.07.02	85.21.60	90.17.20	93.01.00
85.07.03	85.22.20	90.17.30	93.02.00
85.07.04	85.23.01	90.18.01	93.03.00
85.07.09	85.23.09	90.18.09	93.04.03
85.08.00	85.25.10	90.20.00	93.04.04
85.09.00	85.25.20	90.23.01	93.04.05
85.10.09	85.25.30	90.23.02	93.04.09
85.12.10	85.26.10	90.23.03	93.05.00
85.12.21	85.26.20	90.23.09	93.06.00
85.12.29	85.26.30	90.24.01	93.07.10
85.12.30	85.27.00	90.24.09	93.07.22
85.12.41	85.28.00	90.25.00	93.07.29
85.12.49	87.01.10	90.26.01	94.02.00
85.12.53	87.01.39	90.26.02	95.05.00
85.12.54	87.04.01	90.26.09	95.08.09
85.12.55	87.04.09	90.27.09	96.01.04
85.12.56	87.06.09	90.28.10	96.05.00
85.12.57	87.07.11	90.28.20	96.06.00
85.12.59	87.07.19	90.28.39	97.04.01
85.12.61	87.07.20	90.28.40	97.04.02
85.12.69	87.10.00	90.28.50	97.04.04

97.04.09	97.08.00	98.06.01	98.11.00
97.05.00	98.01.01	98.06.09	98.14.00
97.06.01	98.03.00	98.08.00	98.15.00
97.06.02	98.04.00	98.09.00	98.16.00
97.06.09	98.05.00	98.10.00	99.06.00

2. gr.

Hið sérstaka vörugjald skv. 1. gr. skal lagt á verksmiðjuverð innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru, sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi, og á tollverð innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum. Við vöruflokkun til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

Um hið sérstaka vörugjald skv. 1. gr. skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði eftirfarandi laga og reglugerða:

a. Að því er tekur til innlendrar framleiðslu skulu gilda ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða settra samkvæmt þeim.
b. Að því er tekur til innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

Við skil í ríkissjóð á hinu sérstaka vörugjaldi af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það sérstaka vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt við kaup á hráefnum og efnivörum til hinnar gjaldskyldu framleiðslu.

3. gr.

Við tollafgreiðslu á vörum sem undanþegnar hafa verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Þó skal við samræmingu tolls skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga eigi veita slíka undanþágu, hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri sem tollur er færður til samræmis við.

4. gr.

Óheimilt er að hækka vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds verð á birgðum vöru sem sérstakt vörugjald hefur ekki verið greitt af. Á sama hátt er óheimil hækkun verðs vörubirgða vegna hækkunar sérstaks vörugjalds hinn 5. maí 1976.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál.

5. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilkynningarskyldu, gjaldstofn, gjaldskyldu, gjalddaga og aðra framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 49 20. maí 1977 um sérstakt tímabundið vörugjald og lög nr. 84 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum svo og V. kafli laga nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Gjört í Reykjavík 1. júní 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 24. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 54 29. maí 1972, um breyt. á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp á þskj. 11 til meðferðar. Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Matthías Á. Mathiessen var fjarverandi.

Alþingi, 18. okt. 1978.

Vilmundur Gylfason, form., frsm.	Einar Ágústsson, fundaskr.	Svava Jakobsdóttir.
Friðrik Sophusson.	Gils Guðmundsson.	Árni Gunnarsson.

Ed. 25. Frumvarp til laga [24. mál]

um breyting á lögum nr. 107 28. okt. 1970, um félagsheimili.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Alexander Stefánsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, verkalýðsfélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög, búnaðarfélög og hvers konar önnur menningarfélög, er standa almenningi opin án tillits til stjórnmálaskoðana, eiga og nota til fundahalda eða annarrar félagsstarfsemi, enn fremur samkomuhús sveitarfélaga. Sama gildir um sjómannastofur, sem sömu aðilar eiga og reka, sjálfstætt eða í tengslum við aðra starfsemi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Félagsheimili eru í reynd vettvangur margháttaðrar tómstundastarfsemi. 1. gr. laga um félagsheimili er rúm og hefur verið framkvæmd þannig. Það sýnist því eðlilegt, að sjómannastofur, þ. e. aðstaða fyrir sjómenn utan heimabyggðar til að nýta tómstundir sínar þegar þeir eru í höfn, falli undir ákvæði þessara laga, svo sem lagt er til með þessu frumvarpi.

Þörf fyrir skipulegan stuðning við að koma upp slíkri félags- og tómstundaaðstöðu er ótvíræð. Sjómaður í höfn utan heimabyggðar þarf t. d. að hafa aðgang að stað, þar sem blöð liggja frammi, sími er tiltækur, góð hreinlætisaðstaða og þægilegt er að drepa sér niður, þegar lítið er við að vera um borð. Þetta er svo alþekkt og hvarvetna viðurkennt, að óþarft er um það að fjölyrða.

Íslendingar standa ekki framarlega varðandi þessa þjónustu og er þá vægt til orða tekið. Samfelldar skýrslur um rekstur sjómannastofu munu ekki liggja fyrir — sem ekki er von! En lítils háttar styrkir hafa verið veittir úr ríkissjóði, bæði vegna stofnkostnaðar og til rekstrar sjómannastofa.

Með þessu frumvarpi, ef að lögum verður, yrði tryggður nokkur stuðningur til að standa undir stofnkostnaði. Og það er skoðun flutningsmanna, að eðlilegt sé, að greiddur verði áfram nokkur rekstrarstyrkur úr ríkissjóði sérstaklega. Þetta verkefni er allt í senn sérstætt, nauðsynlegt og svo ólíklegt til fjárhagslegs ábata, að eðlilegt verður að teljast að hvetja á þann hátt til aðgerða á vegum félagssamtaka eða sveitarfélaga.

Ekki er líklegt, að sú kvöð, sem hér yrði lögð á félagsheimilasjóð, kalli á stórt hlutfall af árlegum útborgunum sjóðsins. Verður og varla dregið í efa, að þeim fjármunum yrði vel varið, sem færu til þess að bæta aðstöðu þeirra sjómanna, sem dvelja lengri eða skemmri tíma fjarri heimilum sínum og heimabyggð.

Ed. 26. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 54 29. maí 1972, um breyt. á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. okt. 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.
Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr.
Bragi Sigurjónsson.
Ey. Kon. Jónsson.
Jón Helgason.
Bragi Níelsson.
Jón G. Sólnes.

Ed. 27. Lög [11. mál]

um breyting á lögum nr. 54 29. maí 1972, um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

(Afgreidd frá Ed. 18. okt.)

Samhljóða þskj. 11.

Sþ. 28. Fyrirspurn [25. mál]

til menntamálaráðherra um samstarf Norðurlanda á sviði sjónvarpsmála.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hver er stefna íslenskra stjórnvalda gagnvart aðild að fyrirhuguðu samstarfi Norðurlanda um fjarskiptahnött fyrir sjónvarp (Nordsat)?

Nd. 29. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [26. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Flm.: Gunnlaugur Stefánsson.

1. gr.

48. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til Alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir ríkissjóð, að annast um að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt sem stjórnin telur nægja.

Alþingismaður, sem ekki er jafnframt ráðherra, má ekki hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana, einkaatvinnufyrirtækja eða fyrir einstaklinga á meðan Alþingi stendur yfir utan laun fyrir alþingisstörf úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp felur í sér að þingmaður þiggi ekki önnur laun en fyrir störf sem eru unnin á Alþingi.

Það hefur tíðkast að margir þingmenn hafa haft með höndum önnur störf, sem þeir hafa þegið laun fyrir, samhliða þingstörfum, bæði hjá opinberum stofnunum, einkaatvinnufyrirtækjum eða einstaklingum. Ef til vill var þetta ekki óeðlilegt áður fyrr, þegar laun fyrir þingstörf voru tiltölulega lág og beinlínis gert ráð fyrir að þingmenn hefðu önnur launuð störf á hendi. Þá voru þingstörf að einhverju leyti viðaminni en nú er, þannig að ekki kom að sök þó þingmenn ynnu önnur störf. En með tilliti til þess, að stjórnkerfið verður æ flóknara, hafa þingstörf án efa aukist. Nú eru greidd að minnsta kosti rúmlega mannsæmandi laun til þingmanna fyrir þingstörf, þannig að ekki ætti að vera fyrir hendi fjárhagsleg þörf fyrir þá að sinna öðrum störfum, miðað við það sem áður var.

Ætla má að ein afleiðing þess, að margir þingmenn hafa oft verið uppteknir af öðrum störfum samhliða þingstörfum, sé sú, að dregið hafi úr afköstum Alþingis hin seinni ár, miðað við nútímakröfur um virkni Alþingis. Telja verður að starf þingmanns sé fullt starf, enda virðist það mat ráða að minnsta kosti þegar laun fyrir þingstörf hafa verið ákveðin hin seinni ár.

Samkvæmt stjórnarskránni eru tveir aðilar kjörnir beinum kosningum. Er þar átt við forseta og alþingismenn. Í 9. gr. stjórnarskrárinnar eru ákvæði er meina forseta að hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkafyrirtækja. Með þessu ákvæði í stjórnarskránni þykir ástæða til að styrkja stöðu forsetans þannig að hann verði fjárhagslega sjálfstæður og óháður ytri skilyrðum, en gera hann hæfari til starfa án utanaðkomandi þrýstings. Telja verður að þessi sjónarmið eigi einnig við um þingmenn. Hliðstæð hætta er fyrir hendi á utanaðkomandi áhrifum, en nauðsyn ber til þess að þingmenn séu efnahagslega sjálfstæðir þannig að þeir þurfi ekki að vera öðrum háðir um fjárhagslega afkomu sína. Til móts við þetta sjónarmið hefur verið komið, þó það hafi ekki dugað til þess að allir þingmenn hætti öðrum launuðum störfum á meðan Alþingi stendur yfir, þrátt fyrir að þingstörf hafi seinni ár verið fremur vel launuð heldur en hitt.

Ekki er að finna ákvæði í stjórnarskránni um það að þingmönnum beri laun fyrir þingstörf sín. Á sama hátt og stjórnarskráin tryggir forseta fjárhagslegt sjálf-

stæði með ákvæðum í 9. gr. um greiðslur til hans af ríkisfé, er eðlilegt að samsvarandi ákvæði séu um þingmenn í stjórnarskránni.

Þegar rætt er um laun fyrir önnur störf en þingstörf er m. a. átt við föst laun fyrir auka- eða aðalstörf á vegum opinberra stofnana, einkaatvinnufyrirtækja eða einstaklinga, greiðslur frá sömu aðilum vegna nefndarstarfa eða stjórnunarstarfa, ráðgjöf og aðstoð.

Ef frumvarp þetta verður að lögum ná ákvæði þess eingöngu yfir þann tíma sem Alþingi stendur, þ. e. frá hausti fram á vor. Ekki þykir rétt að hefta þingmenn frá þátttöku í atvinnulífinu þegar þingstörf hamla ekki, heldur ætti þvert á móti að setja hvetjandi ákvæði í lög eða reglugerðir um að þingmenn efldu tengsl sín við fólkið með því að gerast virkari á vinnumarkaðinum á sumrin heldur en nú er. Kæmi vel til álita að draga úr launum þingmanna eða hætta launagreiðslum alveg á meðan Alþingi starfar ekki, þ. e. yfir sumarmánuðina. Þetta frumvarp gefur svigrúm til slíkrar skipunar, þó ekki sé ástæða til að binda slík ákvæði í stjórnarskrá.

Þetta frumvarp, ef að lögum verður, miðar að því að þingmenn geti ekki þegið önnur laun eða greiðslur fyrir störf en fyrir alþingisstörf úr ríkissjóði. Hér er um mikilvægt atriði að ræða vegna nýrra viðhorfa, nýrra krafna til þingmanna og síðast en ekki síst með skírskotun til siðferðilegra raka. Það viðgengst almennt ekki á vinnumarkaðnum, að launþegar fái greidd góð laun fyrir störf sem hægt er að hlaupa úr í tíma og ótíma vegna annarra starfa, sem gefa jafnvel jafnmiklar tekjur og launin fyrir aðalstarfið. Við slík siðferðileg sjónarmið verður Alþingi m. a. að samræma starfshætti sína og starfsskipan.

Sþ. 30. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um lágmarks- og hámarkslaun og takmörkun yfirvinnu.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að setja í samráði við launþegasamtökin lög um lágmarks- og hámarkslaun, og skal munur þeirra eigi vera meiri en einn á móti tveimur og hálfum til þremur, þ. e. hámarkslaun í hæsta lagi þreföld við lágmarkslaun.

Í sömu lögum verði takmörk sett um lengd yfirvinnu, þar sem daglega er unnið um virka daga, þannig að hún verði eigi lengri en 2 tímar hvern vinnudag, nema undantekningarleyfi sé veitt af viðkomandi launþegafélagi.

Greinargerð.

Það er alkunna, að skipting launa milli hinna mismunandi starfshópa þjóðfélagsins er ein viðkvæmasta og vandteknasta ákvörðun í launamálum. Sífelld spenna og ókyrrð á launamarkaði veldur hins vegar slíkri óvissu, að þróun atvinnulífsins bíður tjón af. Löngu er ljóst, að aðilar vinnumarkaðarins, atvinnurekendur og vinnuseljendur, hafa ekki reynst þess umkomnir að skapa festu og jafnvægi í þessum málum. Hér þarf því löggjafinn að setja rammalöggjöf, sem haldi þessum málum innan vissra marka, en að sjálfsögðu leita samvinnu og samráðs við þau samtök, sem þetta snertir mest.

Þá er löngu orðið tímabært að setja skorður við þeirri óhóflegu yfirvinnu, sem nú tíðkast í vissum vinnugreinum, setja eins konar ný vökulög. Það ætti að vera algert hámark, að vinnudagur sé 10 tímar á sólarhring — nema í sérstökum undantekningartilfellum — enda gerist allt í senn, sé staðið lengur að verki: vinnuafköst minnka, heilsu manna er stefnt í tvísýnu og menn eru sviptir tíma og næði til að njóta nokkurs nema vinnu og aftur vinnu. Jöfn og stöðug vinna er að sjálfsögðu þakkarverð, en vinnuþjökun er allt annað og ber að hindra.

Sþ. 31. Tillaga til þingsályktunar [28. mál]

um niðurfellingu gjalda af efni og búnaði til stofnframkvæmda hitaveitna.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum, svo að niður falli aðflutningsgjöld, vörugjald og söluskattur af efni og búnaði til stofnframkvæmda hitaveitna (þ. e. framkvæmda að dreifikerfi).

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var í fyrstu flutt veturinn 1976, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Fylgdi tillögunni þá svofelld greinargerð:

„Það mun í flestum tilvikum ríkjandi hefð að fella niður gjöld til ríkisins af innfluttu efni til framkvæmda við raforkuver og hefur þótt fullkomlega réttlætanlegt. Hitt ætti ekki síður að þykja réttmætt, að fella þessi gjöld niður af hitaveituframkvæmdum, sem nú eru ýmist í gangi eða mjög í athugun, til að nota innlendan hitagjafa og láta hann leysa dýran, innfluttan hitagjafa (olíuna) sem víðast og mest af hólmi.

Venjulegast mun sá háttur hafa verið hafður á um raforkuver, að Alþingi hefur heimilað ríkisstjórn eftirgjöf tiltekinna gjalda á hverri virkjun fyrir sig, enda varla nema 1—2 umtalsverðar virkjanir í gangi hverju sinni. En öðru máli gegnir um hitaveituframkvæmdir nú. Þegar eru í gangi hitaveituframkvæmdir á Suðurnesjum, Suðureyri við Súgandafjörð, á Siglufirði og í þéttbýli Reykjadals í Suður-Þingeyjarsýslu, en fram undan hitaveita til Akureyrar og væntanlega Akraness, Borgarness, Blönduóss og ýmsar fleiri vafalaust innnan tíðar. Það gefur því auga leið, að afar mikilsvert er, að Alþingi marki ákveðna heildarstefnu í þessu máli, þegar það liggur í loftinu að hagkvæmni sumra þessara hitaveitna sé undir því komin, hvort framannefnd gjöld eru felld niður eða ekki.

Þegar á það er horft, að verulegur hluti þessara framkvæmda hlýtur að gerast fyrir erlend lán, sem viðkomandi sveitarfélög verða að standa straum af, hafandi bundna tekjustofna, verður það tæpast talið ósanngjarnt að ríkið rétti þeim hjálparhönd í því formi, sem hér er greint, lítandi á, að engar yrðu ríkistekjur af framkvæmdunum, geti sveitarfélögin ekki ráðist í þær.“

Tillaga þessi var endurflutt síð vetrar í fyrra og voru flutningsmenn þá, auk flutningsmanns nú, Benedikt Gröndal og Jón Árm. Héðinsson, en sökum þess, hve seint tillagan var á ferð (1. flutningsmaður ekki inni á þingi fyrr en undir þinglok), komst tillagan aðeins til nefndar, sem ekki vannst tími til að fjalla um hana. Tillögunni fylgdi þá þessi viðbótargreinargerð, sem fullskýrir flutning tillögunnar nú:

„Síðan þessi greinargerð var samin á haustdögum 1976 hefur það gerst varðandi hitaveitu frá Svartsengi og hitaveitu til Akureyrar, að umrædd gjöld hafa með sérstöku ráðherrabréfi ýmist verið felld niður eða lánuð til ákveðins tíma með góðum kjörum. Munu hlutaðeigandi bæjarfélög að sjálfsögðu ekki vanþakka þá fyrirgreiðslu, en um leið og það vekur athygli, að þetta virðist ekki gert samkvæmt sérstökum heimildum í fjárlögum, er ljóst, að undir geðþótta stjórnvalda er hér enn að sækja, en ekki lagaákvæði. Er því óvissan enn fyrir hendi um niðurfellingu þessara gjalda til þeirra hitaveitna, sem nú eru á athugunarstigi eða síðar koma til álita. Kunna ýmsar þeirra að vera svo á hagkvæmnismörkum, að úrslitum ráði, hvort þessi gjöld eru lögð á eða ekki. Teljum við flutningsmenn þessarar þáltill. því mikilsvert, að hér verði skarið tekið af.“

Ed. **32. Frumvarp til laga** [29. mál]

um Lífeyrissjóð Íslands.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Oddur Ólafsson, Eyjólfur K. Jónsson, Guðmundur Karlsson.

I. KAFLI
Skipulag og stjórn.

1. gr.

Lífeyrissjóður Íslands er sameiginlegur tryggingarsjóður landsmanna. Hlutverk hans er að annast lífeyristryggingar samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Stjórn Lífeyrissjóðs Íslands skipa níu manns og jafnmargir til vara. Skal stjórnin kosin á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar.

Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar. Stjórnin kýs sér ritara.

3. gr.

Stjórnin ræður forstjóra, tryggingarlækni, tryggingarfræðing og aðra sérhæfða starfsmenn í samræmi við þarfir sjóðsins.

4. gr.

Stjórnin skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi sjóðsins og gæta þess, að hann starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma.

Rísi ágreiningur um bætur, úrskurðar stjórnin í málinu. Heimilt er að áfrýja úrskurði til tryggingardóms.

Stjórnin skal leita samþykkis tryggingarráðs, skv. 5. gr., fyrir eftirfarandi:

a) Ákvörðun um iðgjaldaprósentu.
b) Árlegri fjárhagsáætlun sjóðsins.
c) Ársreikningum.
d) Öðrum atriðum er varða framkvæmd þessara laga.

Ákvarðanir tryggingarráðs ber að leggja fyrir tryggingarráðherra til staðfestingar.

Rísi upp alvarlegur ágreiningur innan tryggingarráðs um iðgjaldaprósentu ber að vísa þeim ágreiningi þegar í stað til ráðherra, er hefur endanlegt úrskurðarvald í þessum efnum.

5. gr.

Sérstakt tryggingarráð skipað 27 manns skal starfa við hlið stjórnar Lífeyrissjóðs Íslands. Skal ráðið vera stjórn sjóðsins til ráðuneytis í þeim þáttum tryggingarmála, er lög þessi ná til, sbr. ákvæði 4. gr. þessara laga.

6. gr.

Tryggingarráð skal skipað sem hér segir:

a) Stjórn Lífeyrissjóðs Íslands.
b) Fulltrúum eftirfarandi samtaka samkvæmt tilnefningu þeirra að fenginni staðfestingu tryggingarráðherra:

Alþýðusamband Íslands	4 fulltr.
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	2 —
Bandalag háskólamanna	1 —

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands	1 fulltr.
Stéttarsamband bænda	1 —
Vinnuveitendasamband Íslands	4 —
Vinnumálasamband samvinnufélaganna	1 —
Kjararáð verslunarinnar	1 —
Fjármálaráðuneytið	2 —
Öryrkjabandalag Íslands	1 —

Tryggingarráð skal hið minnsta koma saman tvisvar á ári.

Formaður stjórnar Lífeyrissjóðs Íslands skal jafnframt vera formaður tryggingarráðs.

7. gr.

Tryggingarráðherra ákveður þóknun stjórnar og tryggingarráðs til eins árs í senn.

8. gr.

Aðsetur Lífeyrissjóðs Íslands skal vera í Reykjavík. Skal haft samráð og samvinna við Tryggingastofnun ríkisins um rekstur umboðsskrifstofa.

9. gr.

Reikningar Lífeyrissjóðs Íslands fyrir síðastliðið ár skulu jafnan fullgerðir og endurskoðaðir eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Þeir skulu birtir í Lögbirtingablaðinu.

Lífeyrissjóður Íslands skal veita félagsmönnum sínum glöggar upplýsingar og fræðslu um réttindi þeirra. Skal stefnt að því að veita hverjum einstaklingi upplýsingar um áunnin réttindi einu sinni á ári.

II. KAFLI

Lífeyristryggingar.

A. Almenn ákvæði.

10. gr.

Lífeyrissjóður Íslands skal veita ellilífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri á grundvelli ævitekjuhlutfalls. Þá skal hann og greiða fæðingarlaun.

11. gr.

Aðilar að Lífeyrissjóði Íslands, hér nefndir félagsmenn, eru allir einstaklingar sem lögheimili eiga á Íslandi.

12. gr.

Elli-, örorku- og barnalífeyrisgreiðslur ákvarðast af tekjuhlutfalli, ævitekjuhlutfalli og vísitekjum.

B. Tekjuhlutfall.

13. gr.

Tekjuhlutfall einstaklings ákveðið almanaksár eftir 1950 skal vera hlutfall brúttótekna hans það ár samkvæmt skattframtali og meðalbrúttótekna þeirra, sem orðnir voru 17 ára, en ekki 67 ára í lok ársins, það sama ár, sbr. 40. gr.

Tekjuhlutfall einstaklings til og með 1950 skal vera 1.0.

14. gr.

Leiðrétt tekjuhlutfall einstaklings ákveðið almanaksár skal vera tekjuhlutfall hans það ár, hækkað í 0.5 eða lækkað í 3.0, ef það er lægra en 0.5 eða hærra en 3.0.

Hafi einstaklingur ekki talið fram umrætt ár, skal hann hljóta **leiðrétt tekjuhlutfall** 0.5 það ár.

Hafi skattframtal einstaklings umrætt ár glatast hjá skattstofu, skal hann hljóta **leiðrétt tekjuhlutfall** 1.0 það ár.

Hafi félagsmaður ekki átt lögheimili á Íslandi allt umrætt almanaksár, skal leiðrétt tekjuhlutfall hans það ár skv. ofangreindu skerðast hlutfallslega.

Hafi einstaklingur verið í sambúð umrætt almanaksár og talið fram sameiginlega með maka sínum, skal hann hljóta meðaltal leiðréttra tekjuhlutfalla síns og maka sins sem **leiðrétt tekjuhlutfall** það ár.

C. Ævitekjuhlutfall.

15. gr.

Ævitekjuhlutfall einstaklings, sem orðinn er 67 ára gamall, skal vera meðaltal leiðréttra tekjuhlutfalla hans síðustu fimmtíu almanaksárin fyrir sextugasta og sjöunda afmælisdag hans.

16. gr.

Væntanlegt ævitekjuhlutfall einstaklings, sem ekki er orðinn 67 ára gamall, skal vera meðaltal leiðréttra tekjuhlutfalla hans þau almanaksár, sem liðin eru frá sextánda afmælisdegi hans.

D. Vísitekjur.

17. gr.

Vísitekjur. Fyrir 1. júlí ár hvert skal Hagstofa Íslands reikna meðalbrúttótekjur þeirra, sem orðnir voru 17 ára, en ekki 67 ára um síðustu áramót á undan. Skal miðað við brúttótekjur ársins á undan skv. skattframtölum. **Vísitekjur** eru þessar meðalbrúttótekjur hækkaðar 1. júlí, 1. október, 1. janúar næsta ár og 1. apríl næsta ár í hlutfalli við hækkun vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. júlí árið áður.

18. gr.

Verðtrygging lífeyris. Mánaðarlífeyrir samkvæmt lögum þessum skal veittur sem lífeyrisprósenta af vísitekjum á hverjum tíma deilt með tólf.

III. KAFLI
Ellilífeyrir.

19. gr.

Rétt til ellilífeyris hafa þeir, sem eru 67 ára eða eldri og hafa átt lögheimili á Íslandi í að minnsta kosti þrjú almanaksár frá 16 ára aldri til 67 ára aldurs.

20. gr.

Þegar félagsmaður í Lífeyrissjóði Íslands verður 67 ára gamall, skal Lífeyrissjóður Íslands reikna ellilífeyrisprósentu hans.

Ellilífeyrisprósenta skal vera ævitekjuhlutfall félagsmannsins margfaldað með sextíu.

21. gr.

Félagsmanni í Lífeyrissjóði Íslands er heimilt að fresta töku ellilífeyris í allt að fimm ár og skal ellilífeyrisprósenta hans hækka vegna frestunarinnar í samræmi við lækkun núgildis ellilífeyris hans, reiknað án vaxta.

Umsókn um frestun á töku ellilífeyris skal berast Lífeyrissjóði Íslands eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir 67 ára afmæli viðkomandi einstaklings.

22. gr.

Ellilífeyri skal greiða frá og með næsta mánuði eftir 67 ára afmæli viðkomandi einstaklings eða seinna, ef um frestun á töku ellilífeyrisins skv. 21. gr. er að ræða.

Ellilífeyri skal greiða til og með næsta mánuði eftir lát ellilífeyrisþega.

23. gr.

Tryggingarfræðingur Lífeyrissjóðs Íslands skal reglulega reikna þá hækkun ellilífeyris, sem um getur í 21. gr. Skulu þær upplýsingar birtar félagsmönnum Lífeyrissjóðs Íslands.

IV. KAFLI
Örorkulífeyrir.

24. gr.

Rétt til örorkulífeyris hafa þeir einstaklingar, sem lögheimili eiga á Íslandi og eru orðnir 16 ára, en ekki orðnir 67 ára gamlir og:

a. hafa átt lögheimili á Íslandi a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn um örorkulífeyri er lögð fram, eða haft óskerta starfsorku, er þeir tóku hér lögheimili;
b. eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi, að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn helming þess, sem andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf, sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim, með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.

25. gr.

Þeir, sem telja sig eiga rétt á örorkulífeyri, skulu sækja um hann til Lífeyrissjóðs Íslands.

Umsókn um örorkulífeyri skal endurnýja að minnsta kosti á fimm ára fresti.

Tryggingarlæknir Lífeyrissjóðs Íslands skal meta örorkuprósentu þeirra, sem sækja um örorkulífeyri eða endurnýja fyrri umsóknir.

Úrskurð Lífeyrissjóðsins um það, hvort örorkulífeyrir verði veittur, skal tilkynna umsækjanda innan tveggja mánaða frá því að umsókn barst. Ef úrskurðurinn er jákvæður, skal greiða lífeyrinn frá og með næsta mánuði eftir að umsókn barst.

Lífeyri skal greiða til og með þeim mánuði, sem örorka fellur niður eða félagsmaður verður 67 ára.

26. gr.

Þegar umsókn um örorkulífeyri hefur verið samþykkt, skal Lífeyrissjóður Íslands reikna væntanlegt ævitekjuhlutfall viðkomandi einstaklings miðað við daginn, sem umsókn barst.

Örorkulífeyrisprósenta skal vera væntanlegt ævitekjuhlutfall viðkomandi margfaldað með örorkustuðli hans.

Örorkustuðull einstaklings skal vera 60. ef örorkuprósenta hans er hærri eða sama sem 75%. Fyrir hvert stig, sem mann vantar í 75% örorku, skal skerða örorkustuðulinn um 1.2.

V. KAFLI
Barnalífeyrir.

27. gr.

Rétt til barnalífeyris hafa þeir félagsmenn, sem ekki eru orðnir 19 ára, ef annað hvort foreldra þeirra er látið, er ellilífeyrisþegi eða örorkulífeyrisþegi, enda hafi það átt lögheimili á Íslandi síðustu þrjú árin.

Foreldri í skilningi þessara laga er kynforeldri, fósturforeldri eða stjúpforeldri, enda annist það barnið að mestu leyti eða hafi annast barnið að mestu leyti fyrir lát sitt. Þó skal ekki veita barnalífeyri vegna stjúpföður eða stjúpmóður, ef barnið á framfærsluskyldan föður eða móður á lífi. Ættleiðing veitir ekki rétt til barnalífeyris, nema hún hafi staðið í tvö ár eða sannað sé, að hún standi ekki í sambandi við réttindi til barnalífeyris.

28. gr.

Barnalífeyrisprósentan fyrir fyrsta barn látins foreldris skal vera einn fjórði af þeirri fullu örorkulífeyrisprósentu, sem foreldrið hefði fengið á dánardegi. Þó skal þessi barnalífeyrisprósenta ekki vera lægri en 13.0%.

Barnalífeyrisprósenta fyrsta barns foreldris, sem er elli- eða örorkulífeyrisþegi, skal vera einn fjórði af elli- eða örorkulífeyrisprósentu foreldrisins.

Barnalífeyrisprósenta annars, þriðja eða fjórða barns skal vera 4/5, 3/5 eða 2/5 af barnalífeyrisprósentu fyrsta barns.

Barnalífeyrisprósenta barns umfram fjórða barn foreldris skal vera 1/5 af barnalífeyrisprósentu fyrsta barns.

Hér er átt við börn foreldris, sem eru á lífi.

29. gr.

Ef báðir foreldrar barns eru látnir, elli- eða örorkulífeyrisþegar, skal barnið hljóta barnalífeyri eftir þá báða samkvæmt lögum þessum.

30. gr.

Barnalífeyri skal veita frá og með þeim mánuði, sem foreldri deyr, hlýtur ellilífeyri eða örorkulífeyri.

Fullan barnalífeyri samkvæmt lögum þessum skal veita til og með þeim mánuði, sem barnið verður 16 ára, og greiðist hann þeim, sem annast framfærslu barnsins að mestu leyti. Hálfan barnalífeyri samkvæmt lögum þessum hljóta þeir, sem orðnir eru 16 ára, til og með þeim mánuði, sem þeir verða 19 ára.

Barnalífeyrir greiðist þeim, sem annast framfærslu barnsins að fullu.

VI. KAFLI
Fæðingarlaun.

31. gr.

Rétt til fæðingarlauna hafa þær konur, sem fæða barn og eiga lögheimili á Íslandi, enda hafi þær átt lögheimili á Íslandi síðustu þrjú árin fyrir fæðinguna og fá ekki laun annars staðar áætlaðan fæðingarmánuð og næstu tvo mánuði á eftir.

32. gr.

Fæðingarlaun á mánuði skulu nema meðalmánaðarlaunum konunnar síðustu 36 mánuði fyrir fæðinguna. Ekki skal þó reikna með lægri mánaðarlaunum en 1.67% af vísitekjum á hverjum tíma. Mánaðarlaunin skulu færð fram til fæðingardags miðað við hækkun vísitölu framfærslukostnaðar, áður en meðalmánaðarlaun eru reiknuð.

33. gr.

Fæðingarlaun skal greiða í þrjá mánuði, fyrir fleirburafæðingar í fjóra mánuði, og skal fyrsta greiðslan fara fram í byrjun áætlaðs fæðingarmánaðar, enda liggi fyrir umsókn með nauðsynlegum upplýsingum frá móðurinni sex vikum fyrir væntanlega fæðingu.

34. gr.

Lífeyrissjóður Íslands skal fylgjast með fæðingum hér á landi og minna þær konur á að sækja um fæðingarlaun, sem átt hafa barn hér á landi og ekki hafa sótt um fæðingarlaun tveimur mánuðum eftir fæðinguna.

Fæðingarlaun skal greiða allt að tveimur árum aftur í tímann.

VII. KAFLI
Tekjur.

35. gr.

Tekjur Lífeyrissjóðs Íslands skulu vera iðgjöld þeirra, sem orðnir eru 16 ára, en ekki orðnir 67 ára, og lögheimili eiga á Íslandi.

36. gr.

Iðgjöld skulu greidd sem prósenta (iðgjaldsprósenta) af öllum tekjum þess er í hlut á, nema lífeyristekjum frá Lífeyrissjóði Íslands.

37. gr.

Iðgjald af launatekjum skal launagreiðandi greiða til Lífeyrissjóðs Íslands eigi síðar en tveimur vikum eftir greiðslu launa.

Þeir, sem hafa aðrar tekjur en launatekjur, skulu greiða iðgjald af þeim tekjum til Lífeyrissjóðs Íslands eigi síðar en 1. maí árið eftir að teknanna var aflað. Skal iðgjaldið hækka miðað við hækkun vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. maí árið sem teknanna var aflað til greiðsludags.

Iðgjaldskröfur skv. 1. og 2. mgr. skulu njóta forgangsréttar í þrotabú vinnuveitenda/skuldara til jafns við kröfur skv. a-lið 83. gr. skiptalaga nr. 3 frá 12. apríl 1878, en iðgjaldskröfur skv. 3. gr. til jafns við kröfur skv. 5. tölulið b-liðar sömu greinar.

38. gr.

Tryggingarfræðingur Lífeyrissjóðs Íslands skal fyrir 1. júlí ár hvert meta iðgjaldaprósentu, sem greiða ber frá og með 1. ágúst sama ár. Skal hann miða við að Lífeyrissjóður Íslands hafi ávallt í sjóði fjármagn til að standa straum af lífeyri og fæðingarlaunum næstu 120 daga.

VIII. KAFLI
Önnur ákvæði.

39. gr.

Tekjuhlutfall, leiðrétt tekjuhlutfall, ævitekjuhlutfall og væntanlegt ævitekjuhlutfall skal reikna með fjórum aukastöfum. Lífeyrisprósentu skal reikna með tveimur aukastöfum. Beitt skal venjulegum reglum um upphækkun síðasta aukastafs.

40. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna eða áætla meðalbrúttótekjur þeirra, sem orðnir voru 16 ára, en ekki orðnir 67 ára í lok ársins, fyrir öll almanaksár frá og með árinu 1951. Skal miðað við framtöl umræddra ára.

Með reglugerð skal kveða á um, hvað séu brúttótekjur hin ýmsu ár.

IX. KAFLI
Almennir lífeyris- og lánasjóðir.

41. gr.

Lífeyrissjóður, annar en Lífeyrissjóður Íslands, skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a) Væntanleg iðgjöld sjóðfélaga auk eigna sjóðsins á hverjum tíma skulu standa undir væntanlegum lífeyrisútgjöldum sjóðsins. (Full söfnun). Við árlegt mat á þessum atriðum skal gengið út frá þeirri ávöxtun, sem sjóðurinn getur væntanlega fengið.
b) Lífeyrisréttindi skulu halda verðgildi sínu miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.
c) Sjóðurinn taki á sig áhættu af öllum tegundum réttinda, sem hann veitir.
d) Iðgjöld síðasta almanaksárs skulu ekki vera lægri en fimmtugfaldar meðalvísitekjur þess árs.
e) Fjöldi greiðenda síðasta almanaksárs skal ekki vera undir 1000.

Skilyrði d) og e) eiga ekki við um nýstofnaða sjóði fyrstu 3 árin.

42. gr.

Tryggingaráðherra skal veita lífeyrissjóðum starfsleyfi til þriggja ára í senn að fenginni umsögn tryggingarráðs, sem gengur úr skugga um að skilyrðum 41. gr. sé fullnægt.

Breyta skal sjóði, sem ekki hefur starfsleyfi ráðherra, í lánasjóð, er lög þessi koma til framkvæmda. Eignum sjóðsins skal skipta á milli sjóðfélaga eftir reglum, sem ráðherra setur.

Við breytingu lífeyrissjóðs í lánasjóð skal hverjum sjóðfélaga í sjálfsvald sett, hvort hann lætur inneign sína standa áfram í sjóðnum, fær hana endurgreidda, sbr. 44. gr., eða lætur flytja hana í lífeyrissjóð, sem hefur starfsleyfi ráðherra, og samþykkir flutninginn.

43. gr.

Reglugerð fyrir lánasjóð skal hljóta samþykki fjármálaráðuneytisins. Skal þar tekið fram, hverjir eigi rétt á þátttöku í lánasjóðnum, hverjar séu reglur um úthlutun lána úr sjóðnum, hver lánskjör séu, hvert sé iðgjald til sjóðsins og hvernig stjórn skuli kosin. Þá skal einnig koma fram, að stjórn sjóðsins er skylt að tilkynna meðlimum sjóðsins, þegar þeir eiga rétt á láni, og einnig skal veita sjóðsfélögum upplýsingar um, hverjir hlotið hafa lán.

44. gr.

Við flutning réttinda eða endurgreiðslu frá lífeyrissjóði skal meta til núgildis væntanlegan lífeyrisrétt hjá sjóðnum í samræmi við 41. gr. Sú fjárhæð er flutt eða endurgreidd.

Við flutning réttinda til lífeyrissjóðs eða réttindakaup skal núgildi þess lífeyris, sem veittur er, vera jafngildi þeirrar fjárhæðar, sem flutt er eða greidd.

45. gr.

Aðild að almennum lífeyris- og lánasjóðum skal vera frjáls.

Ákvæði til bráðabirgða.

46. gr.

Lánasjóður, sem breytt hefur verið úr lífeyrissjóði, sbr. 42. gr., skal vera í umsjá þeirra aðila, sem staðið hafa að stofnun hans á grundvelli staðfestrar reglugerðar hans sem lífeyrissjóðs með nauðsynlegum breytingum vegna þessara laga. Réttur til aðildar skal vera sá sami og fyrir breytinguna. Viðkomandi samningsaðilar skulu sjálfir semja reglugerðir fyrir hina nýju lánasjóði.

47. gr.

Lífeyrisréttindi, sem áunnin höfðu verið í lífeyrissjóði fyrir 1. janúar 1980, falla niður, ef sjóðnum verður breytt í lánasjóð, eða skerðast, ef hann starfar áfram sem lífeyrissjóður. Skal skerðingin vera í samræmi við ákvæði 41. gr.

48. gr.

Þeir lífeyrissjóðir, sem starfa við gildistöku laga þessara, skulu greiða til Lífeyrissjóðs Íslands sem svarar iðgjaldatekjum þeirra síðustu fimm mánuði ársins 1979. Skal greiðsla þessi innt af höndum fyrir 15. jan. 1980.

49. gr.

Lífeyrissjóður Íslands skal hefja lífeyrisgreiðslur frá og með 1. janúar 1980.

Þeir, sem eru lífeyrisþegar hinn 1. jan. 1980, skulu fá þann lífeyri, sem þeir hljóta samtals í janúar 1980, verðtryggðan með vísitölu framfærslukostnaðar, frá Lífeyrissjóði Íslands, uns Lífeyrissjóðurinn hefur reiknað lífeyrisprósentu þeirra. Skal þeim, sem fengið hafa of lágan lífeyri til þess tíma, er lífeyrisprósentan var

reiknuð, bættur mismunurinn auk venjulegra innlánsvaxta. Þeir, sem fengið hafa of háan lífeyri, skulu endurgreiða Lífeyrissjóði Íslands mismuninn auk innlánsvaxta með allt að 15% af mánaðarlegum lífeyri sínum.

Lífeyrissjóður Íslands skal reikna lífeyrisprósentu þeirra, sem eru lífeyrisþegar hinn 1. janúar 1980, eftir aldursröð og byrja á þeim sem elstir eru. Skal miða við að ljúka þessu verki fyrir 1. janúar 1981.

50. gr.

Laun þeirra, sem eru í lífeyrissjóði hinn 1. janúar 1980, skulu hækka sem nemur greiðslum atvinnurekenda til lífeyrissjóðs frá og með 1. janúar 1980.

51. gr.

1. jan. 1980 falla niður ákvæði laga nr. 63 1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, með áorðnum síðari breytingum, ákvæði laga um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971, með áorðnum breytingum síðar, er lúta að ellilífeyris-, örorku- og barnalífeyristryggingum, ákvæði laga nr. 56 1975 um fæðingarorlof svo og önnur lög og lagaákvæði, sem varða lífeyrissjóði.

52. gr.

Tryggingaráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara laga.

Greinargerð.

Fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps lagði fram í ársbyrjun 1976 hliðstætt frumvarp til laga um Lífeyrissjóð Íslands. Það frumvarp náði eigi fram að ganga og býr þjóðin enn við svipað kerfi í lífeyrismálum. Þótt nokkrar breytingar til batnaðar fyrir hluta lífeyrisþega hafi átt sér stað eftir að frumvarp 1. flutningsmanns var lagt fram á sínum tíma, býr meginhluti þjóðarinnar enn við ófullkomið, flókið og ranglátt kerfi. Þetta kerfi fær ekki staðist til lengdar og þúsundir manna eru afskiptar í þessum málum. Rétta verður hlut þessa fólks og koma á betri skipan þessara mála.

Nokkrar breytingar til bráðabirgða hafa verið gerðar til hins betra á grundvelli samninga aðila vinnumarkaðarins fyrir milligöngu fyrrverandi ríkisstjórnar, en án frumkvæðis Alþingis. Fyrsta samkomulag þessa efnis var gert í lok febrúar 1976 og núverandi fyrirkomulag hefur gilt frá júnísamkomulaginu 1977 og gildir út árið 1979. Hvað þá tekur við veit enginn enn þá og er slíkt öryggisleysi óþolandi fyrir lífeyrisþegana. Í tengslum við þetta samkomulag voru settar á stofn nefndir, sem gera skyldu tillögur um framtíðarskipan þessara mála. Nefndirnar hafa enn ekki skilað áliti og er ekki að vita, hvenær eða hvort sameiginleg niðurstaða fæst.

Með tilliti til þess, að allar meiri háttar breytingar í jafnyfirgripsmiklu máli og hér um ræðir hljóta að eiga sér langan aðdraganda og ekki virðist hilla undir raunhæfar tillögur í þessu máli, hvorki af hálfu fyrrgreindra nefnda né annarra, sem gáfu yfirlýsingar um það fyrir síðustu kosningar, að þeir mundu beita sér fyrir raunhæfri endurskipulagningu þessara mála, telja flutningsmenn þessa frumvarps nauðsynlegt að leggja fram frumvarp þetta um lífeyrissjóð er nær til allra landsmanna. Flutningsmenn telja, að í frumvarpinu felist eina raunhæfa lausnin í grundvallaratriðum á framtíðarskipan lífeyrismála. Menn getur greint á um einstök atriði. En við nánari athugun sést, að sú leið í lífeyrismálum, sem flutningsmenn gera ráð fyrir, tekur ákveðið mið af því skipulagi, sem er á lífeyrismálum í dag, og er eðlilegasta samtenging þess við nýskipan þessara mála.

Þrátt fyrir það er með frumvarpi þessu um Lífeyrissjóð Íslands lagt til að grundvallarbreyting verði gerð á lífeyristryggingarkerfi þjóðarinnar. Markmið breytingarinnar er, að allir hafi sama rétt til fullnægjandi ellilífeyristrygginga á grundvelli ævitekna, jafnframt því sem tryggt er að allir njóti ákveðins lágmarks-

ellilífeyris, er sé í samræmi við framfærslukostnað og verðlagsþróun á hverjum tíma. Þá er það veigamikið atriði í þessu frumvarpi, að það tryggir öllum konum jafnan rétt til ellilífeyris á við karla, óháð því hvert er starf þeirra eða staða í þjóðfélaginu. Þar með er öllum húsmæðrum tryggður fullur réttur til ellilífeyris á við annað vinnandi fólk og lífsstarfi húsmæðra þar með gefið ákveðið verðmætisgildi.

Með frv. er í fyrsta skipti gerð tillaga um, að fæðingarlaun séu felld inn í lífeyristryggingarkerfið með eðlilegum hætti.

Flutningsmenn gera sér grein fyrir, að hér er um viðamikið mál að ræða, er krefst nákvæmrar umræðu og samráðs við mikinn fjölda aðila. En með því frumvarpi til laga um Lífeyrissjóð Íslands, sem hér er lagt fram, eru lögð drög að nýrri uppbyggingu þessara mikilvægu trygginga fyrir alla landsmenn. Hljóti frv. hljómgrunn og skilning hjá hv. Alþingi, er þess að vænta, að það taki þeim breytingum í meðförum Alþingis, er nauðsynlegar kunna að teljast til þess að lögin geti komið til framkvæmda 1. janúar 1980, svo sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu.

Flutningsmenn telja mikilvægt, að eigi sé lengur látið dragast að koma lífeyrissjóðsmálum Íslendinga í viðunandi horf, og vænta þess, að með þessu frv. verði samþykkt lög á Alþingi, er tryggi þjóðinni heilbrigðar og viðunandi ellilífeyris-, örorku- og barnalífeyristryggingar, auk fæðingarlauna.

Frumvarpið felur í sér þá grundvallarbreytingu frá núverandi trygginga- og lífeyrissjóðakerfi, að í stað svonefnds uppsöfnunarkerfis, er felst í tugum smárra og stórra sjóða, er tekið upp einfalt, en árangursríkt gegnumstreymiskerfi, er byggist á iðgjöldum, sem ákveðin eru á hverjum tíma í samræmi við tryggingarþörf og verðlag, er greiðslur eiga sér stað.

Eins og nú háttar safnast upp milljarðar króna í um 100 smáum og stórum lífeyrissjóðum. Verðbólguþróun undangenginna ára og grundvallaratriði í reglugerðum sjóðanna varðandi lengri tíma sjóðmyndun útiloka, að hinir svonefndu óverðtryggðu sjóðir geti innt af hendi fullnægjandi lífeyrisgreiðslu. Þrátt fyrir hugmyndir um verðtryggingu á útlánum sjóðanna er fyrirsjáanlegt, að það eitt út af fyrir sig mun ekki nægja til að greiða viðunandi ellilífeyri hjá fjölda sjóða. Fé lífeyrissjóðanna brennur því stöðugt í báli verðbólgunnar, en aldrað fólk komið á ellilífeyrisaldur situr eftir með sárt enni. Er þetta gjörsamlega óviðunandi ástand.

Af umræðum, sem fram hafa farið á undanförnum árum, er sýnilegt, ef Alþingi hefur ekki forustu um að beina þróun þessara mála inn á heilbrigðari og betri brautir, að þjóðin mun innan tíðar sitja uppi með gjaldþrota lífeyrissjóði og mikinn fjölda lífeyrisþega, er munu búa við mjög kröpp kjör.

Að samningu frumvarps svipaðs eðlis, sem lagt var fram á Alþingi í ársbyrjun 1976, stóðu auk fyrsta flutningsmanns þeir Oddur Ólafsson alþingismaður og dr. Pétur H. Blöndal tryggingarfræðingur. Í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, hafa verið gerðar nokkrar efnislegar breytingar frá fyrra frv. og nutu flutningsmenn aðstoðar dr. Péturs H. Blöndals varðandi tæknileg atriði.

Skal hér gerð nánari grein fyrir einstökum þáttum þessa máls og einstökum greinum frumvarpsins.

A. Athugasemdir við lagafrumvarpið.

1. Almennt.

Núverandi lífeyristryggingar á Íslandi hvíla einkum á tveim meginstofnum. Annars vegar er um að ræða greiðslur ellilífeyrisgreiðslna úr lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins, en hins vegar greiðslur úr nær eitt hundrað lífeyrissjóðum, sem eru í eigu ýmissa samtaka og félaga. Þá gegnir Umsjónarnefnd eftirlauna, sem starfar eftir lögum nr. 63 1971, ekki litlu hlutverki í lífeyristryggingum þjóðarinnar.

Elli- og örorkulífeyrir Tryggingastofnunarinnar er almennur lífeyrir, sem allir landsmenn eiga rétt á samkvæmt gildandi lögum. Er um að ræða ákveðinn grunnlífeyri, sem frá 1. september 1978 hefur verið 47 952 kr. á mánuði. Að auki er sér-

hverjum elli- og örorkulífeyrisþega veitt ákveðin tekjutrygging til viðbótar við ellilífeyri, ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega fara ekki fram úr 297 000 kr. á ári. Frá 1. september 1978 hefur óskert tekjutrygging verið 42 882 kr. á mánuði. Þá fá einstaklingar, sem halda eigið heimili, 16 022 kr. sem heimilisuppbót. Ellilífeyrir, óskert tekjutrygging og heimilisuppbót eru nú 106 856 kr. á mánuði fyrir einstakling og 163 500 kr. fyrir hjón. Barnalífeyrir er 24 537 kr. á mánuði frá 1. september 1978.

Lífeyrisgreiðslur úr hinum einstöku lífeyrissjóðum eru mjög mismunandi. Sameiginlegt einkenni lífeyrissjóðanna er, að lífeyrisgreiðslur eru háðar tekjum lífeyrisþega fyrir töku lífeyris og starfsaldri. Með hvaða hætti lífeyrir er háður tekjum er afar mismunandi eftir sjóðum. Sumir lífeyrissjóðir greiða ákveðinn hundraðshluta af meðaltekjum síðasta starfsárs, aðrir af meðaltekjum síðustu 5 starfsára og enn aðrir taka tekjur yfir lengra tímabil inn í dæmið.

Lífeyrissjóðunum má skipta í tvo meginflokka eftir því, hvort lífeyrisgreiðslur eru varanlega verðtryggðar eða ekki. Meginþorri allra landsmanna er í óverðtryggðum sjóðum, en opinberir starfsmenn, bankamenn og nokkrir aðrir starfshópar í sambærilegri aðstöðu njóta verðtryggs lífeyris. Gífurlegur aðstöðumunur er á milli lífeyrisþega, er njóta verðtryggðs lífeyris, annars vegar og þeirra, er taka greiðslur úr óverðtryggðum sjóðum, hins vegar. Eftir því sem verðbólgan er meiri eykst þessi munur í lífeyrisgreiðslum, og er nú svo komið að í þessu fyrirkomulagi felst gífurlega mikið þjóðfélagslegt ranglæti gagnvart sjóðfélögum óverðtryggðu sjóðanna.

Fjárhagsleg uppbygging hinna einstöku lífeyrissjóða í núverandi kerfi grundvallast á þeirri meginreglu, að sérhver sjóðfélagi inni af hendi iðgjaldagreiðslur, sem í lengri tíma uppsöfnun og ávöxtun, venjulegast á 30 árum, nægi til að standa undir væntanlegum lífeyrisgreiðslum til viðkomandi lífeyrissjóðsfélaga. Er því hér um að ræða söfnunarkerfi.

Í sambandi við ellilífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins á sér ekki stað nein uppsöfnun fjármagns. Árlegar tekjur í formi skatta eru látnar mæta áætluðum útgjöldum vegna þessara þarfa. Hér er því um að ræða gegnumstreymiskerfi, sem allir skattgreiðendur standa að baki á hverjum tíma.

2. Gallar núverandi lífeyrissjóðakerfis.

Óhagstæð verðlagsþróun og mikil verðbólga síðustu árin hefur leitt í ljós vangetu lífeyrissjóða í núverandi mynd til þess að standa við skuldbindingar sínar, auk þess sem óréttlæti vegna mismunandi réttinda, sem þeir veita, kemur stöðugt skýrar fram.

Iðgjöld til lífeyrissjóðanna eru yfirleitt um 10% af dagvinnutekjum félagsmanna. Iðgjaldatími er yfirleitt um 30 ár. Þegar til fullrar lífeyrisgreiðslu kemur við 67 ára aldur hafa sjóðfélagar almennt greitt sem svarar þremur árslaunum í iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs. Við 67 ára aldur nú er ólifuð meðalævi um 14 ár. Vegna ákvæða núverandi reglugerða lífeyrissjóðanna, sem gera ráð fyrir að sjóðfélagar fái ellilífeyrisgreiðslur á grundvelli launa síðasta starfsárs eða síðustu starfsára fyrir töku lífeyris, er dæmið mjög alvarlegt í reynd. Ávöxtunarmöguleikar sjóðanna eru bundnir við hæstu leyfilega vexti, sem undanfarin 30—40 ár hafa verið mun lægri en vöxtur verðbólgunnar. Um jákvæða ávöxtun á iðgjöldum hefur því ekki verið að ræða. Eftir því sem næst verður komist nægja iðgjöld lífeyrissjóðsfélaga, sem hefur töku lífeyris núna, varla til að greiða lífeyri hans í 30 mánuði, þrátt fyrir hæstu leyfilega vexti.

Lífeyrissjóðirnir í núverandi mynd geta því ekki staðið við skuldbindingar sínar og veita lífeyrissjóðsfélögunum ófullnægjandi lífeyri. Kemur þetta skýrar í ljós eftir því sem sjóðurinn er eldri og ellilífeyrisþegum fjölgar í viðkomandi lífeyrissjóði.

Sem dæmi má taka Lífeyrissjóð ljósmæðra, þar sem sjóðseignin minnkaði í krónutölu árið 1977 og sjóðþurrð blasir við innan örfárra ára. Og þó greiðir Líf-

eyrissjóður ljósmæðra sjálfur óverðtryggðan lífeyri. Verðtryggingu lífeyrisins greiðir ríkissjóður. Hver tekur að sér að greiða lífeyri áfram í þessum og fleiri sjóðum, þegar gjaldþrot er orðið staðreynd?

Stór hluti landsmanna er enn ekki í lífeyrissjóði þrátt fyrir lögskipaða aðild allra launþega að lífeyrissjóði. Þá eru mjög margir einungis tryggðir að því er varðar dagvinnutekjur, sem þýðir alvarlega vantryggingu hjá mörgum. Þessi vantrygging landsmanna sést best á því, að heildartekjur árið 1977 skv. skattframtölum voru 237 milljarðar, en iðgjald til lífeyrissjóða (yfirleitt 10%) er áætlað 11 milljarðar. Þannig hefur ekki verið greitt til lífeyrissjóðs af 127 milljörðum eða 54% af brúttótekjum.

Verðtryggðir sjóðir hins opinbera vernda sjóðfélaga sína varanlega gegn verðbólgunni. Hið sama gildir ekki um sjóðfélaga hinna óverðtryggðu sjóða. Auk hins mikla misréttis, sem þetta hefur í för með sér, getur þetta tvöfalda kerfi misréttis í ellilífeyrisgreiðslum haft afar óæskileg áhrif á eðlilegt streymi fólks milli starfsgreina. Hlýtur núverandi fyrirkomulag að verka eins og hvati á fólk að leita eftir atvinnu hjá hinu opinbera, sem veitir hið mikla afkomuöryggi í ellinni sem verðtryggður lífeyrir er. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga verðtryggðu lífeyrissjóðanna taka hlutfallslegum breytingum í samræmi við umsamdar launabreytingar á þeim launaflokki, sem viðkomandi bjó við, þegar taka ellilífeyris hófst.

Eftir að frumvarp svipaðs efnis var lagt fram í ársbyrjun 1976 voru í kjarasamningum í febrúarlok 1976 og í júní 1977 gerðar leiðréttingar til bráðabirgða sem leiðrétta stöðu þeirra, sem eru í óverðtryggðum lífeyrissjóði, út árið 1979. Hvað þá tekur við er mjög óljóst. Ýmsar hugmyndir eru uppi um stofnun samtryggingakerfis lífeyrissjóðanna, sem þróist í einn lífeyrissjóð, er stundir líða. Hætt er við að erfiðleikar við slíkt kerfi verði óyfirstíganlegir og reglur um lífeyrisgreiðslur verði það flóknar að lífeyrisþegarnir skilji ekki neitt í neinu, eins og reyndar er orðið nú þegar með samspili lífeyris frá lífeyrissjóði, samstarfssamningi lífeyrissjóða, umsjónarnefnd og Tryggingastofnun. Þetta er einn meginókosturinn við núverandi kerfi. Auk þess fær þetta kerfi ekki staðist til lengdar af margvíslegum ástæðum, svo sem vegna neikvæðrar ávöxtunar á fé sjóðanna og misræmis milli iðgjalda og lífeyris. Auk þess er kerfið óréttlátt og fjöldi manna eru að miklu leyti utan kerfisins.

Enn er það svo, að þrátt fyrir þá staðreynd, að allir launþegar greiði sem svarar 10% af launum sínum til lífeyrissjóðs, greiðir Tryggingastofnun ríkisins bróðurhlutann af öllum lífeyrisgreiðslum (1977 rúmir 12 milljarðar á móti rúmum 3 milljörðum frá lífeyrissjóðunum). Tæpir 11 milljarðar af lífeyrisgreiðslum Tryggingastofnuarinnar voru framlag ríkissjóðs. Til þess að mæta þessum greiðslum þarf árlega að skattleggja landsmenn sérstaklega. Við aukna verðbólgu og fjölgun ellilífeyrisþega verður slík skattlagning jafnt og þétt erfiðari, jafnframt því sem 10% af svo til öllum launagreiðslum í landinu fara í uppsöfnun fjármagns í lífeyrissjóðunum. Tiltölulega lítill hluti þessa fjármagns fer í ellilífeyrisgreiðslur. Íslenskar aðstæður þola ekki þetta tvöfalda álag vegna tryggingarmála né það gífurlega ósamræmi sem þarna á sér stað í tilflutningi fjármagns. Er tímaspursmál, hvenær það hrynur til grunna af peningalegum og félagslegum ástæðum.

Hinar peningalegu ástæður eru þær, að þeir, sem eiga og bera ábyrgð á fjármagni lífeyrissjóðanna, geta ekki horft upp á það, að þessi mikli sparnaður verði að engu í báli mikillar verðbólgu. Hugsanlegar verðtryggingar á fjármagni sjóðanna í formi útlána og kaupum á verðtryggðum skuldabréfum mundu hvergi nægja til að tryggja stöðu sjóðanna, auk þess sem mjög ber að draga í efa, að íslenskir lántakendur, hvort sem um er að ræða launafólk eða atvinnufyrirtæki, geti staðið undir þeirri miklu verðtryggingu, sem mikil verðbólga hefur í för með sér.

Félagslegar og stjórnmálalegar afleiðingar þessarar þróunar eru augljósar hverjum manni, sem þekkir eitthvað til afkomu alþýðu manna. Það er gjörsamlega óviðunandi að skylda fólk til mikils sparnaðar, lána því svo eigið fé með háum vöxtum

og greiða síðan að lokum ófullnægjandi ellilífeyri til lífeyrissjóðsfélaga. Slíkt kerfi stenst ekki. Því ber hið fyrsta að hverfa frá núverandi söfnunarkerfi og taka upp nýtt lífeyrisgreiðslukerfi, sem mætir þörfum tryggingarþega miðað við hinar hröðu og óvissu breytingar, sem hafa verið og eru í efnahagslífi þjóðarinnar. Jafnframt þurfa allir landsmenn að njóta sama réttar til ellilífeyris á grundvelli ævitekna og tekjuhlutfalls, óháð því hvar þeir starfa. Þá eiga allar konur að njóta fulls og sama réttar til ellilífeyrisgreiðslna án tillits til stöðu, en í fullu samræmi við ævitekjur, sem geta verið annað tveggja til orðnar vegna vinnu utan heimilis eða innan þess. Sú kerfisbreyting í lífeyrismálum þjóðarinnar, sem hér er gerð tillaga um, tryggir konum, er vinna heimilisstörf, ellilífeyri á grundvelli tekna heimilisins. Felur það í sér mikla og sjálfsagða réttarbót og því misrétti útrýmt, sem ríkt hefur í þessum efnum.

Með tilliti til þess að álagningargrundvöllur þess kerfis, sem hér um ræðir — gegnumstreymikerfis, byggist á tekjum manna á hverjum tíma, er sjálfsagt og eðlilegt, að ellilífeyrir miðist við ævitekjur. Hins vegar er nauðsynlegt, að hið nýja lífeyriskerfi sé þannig uppbyggt, að tekjulitlu eða tekjulausu fólki verði tryggður ákveðinn lágmarksellilífeyrir. Er það gert í þessu frumvarpi.

3. Markmið frumvarpsins.

Markmið frv. þessa um Lífeyrissjóð Íslands er m. a.:

1. Að tryggja öllum, sem eru komnir á ellilífeyrisaldur, að lokinni starfsævi viðunandi og mannsæmandi lífsviðurværi.
2. Að veita örorkulífeyrisþegum öryggi og viðunandi tryggingarbætur.
3. Að auka barnalífeyri og bæta aðstöðu þeirra, sem verr eru settir í þjóðfélaginu.
4. Að tryggja konum fæðingarlaun.
5. Að einfalda lífeyriskerfi þjóðarinnar og útrýma misrétti.

Við framkvæmd frv. sem þessa vakna upp margar spurningar. Hvað telst vera starfsævi og hvenær er henni lokið? Hvað er viðunandi lífsviðurværi? Hvernig er unnt að meta vinnuframlag einstaklings og hvernig á að tengja lífeyri þessu framlagi o. s. frv.? Afbrigði hljóta að vera mjög mörg, en meginreglan hlýtur að vera sú, að viðmiðanir byggist á því er lýtur að meðaleinstaklingi.

Almennt hlýtur að mega líta svo á, að starfsævi einstaklings hefjist við 16 ára aldur, hvort sem starfið er fólgið í námi eða annarri vinnu. Samkvæmt reglugerðum flestra lífeyrissjóða hefjast iðgjaldagreiðslur við 16 ára aldur. Hvenær starfsævi lýkur hlýtur ávallt að vera mjög einstaklingsbundið. Sumir halda starfsþreki til sextugs eða skemur, ef veikindi eða slys ber að höndum, en aðrir allt til áttræðs. Hin almenna regla í reglugerðum lífeyrissjóðanna er nú að miða við það, að taka ellilífeyris hefjist við 67 ára aldur. Hins vegar er gert ráð fyrir, að taka ellilífeyris geti hafist síðar, til þess að koma til móts við þarfir og óskir einstaklinga, er þannig kann að vera ástatt um, að þeir vilji gegna fullu starfi lengur og ávinna sér meiri ellilífeyrisréttindi.

Viðunandi lífsviðurværi getur verið mjög teygjanlegt hugtak og getur menn greint á um það. Ljóst er þó, að þarfir einstaklings að lokinni starfsævi eru aðrar og minni en þess, sem er á miðri ævi. Hann þarf ekki að standa straum af kostnaði vegna atvinnu, umsvif eru minni, framfærslu barna er lokið o. s. frv. Með tilliti til þessa hefur verið talið hæfilegt að áætla, að einstaklingur þurfi um 60% af meðaltekjum sínum um ævina til viðunandi lífsviðurværis á núgildi þegar ellilífeyristaka hefst. Lífeyririnn verði verðtryggður.

Margir tæknilegir örðugleikar eru á því að meta vinnuframlag einstaklings til þjóðarbúsins og hvernig lífeyririnn skuli vera háður því. Verðbólga og hagsveiflur útiloka að unnt sé að meta vinnuframlagið beint út frá tekjum einstaklingsins á hverjum tíma. Þetta vandamál má leysa með því að tengja tekjur ákveðnum vísitölum, t. d. með því að finna hlutfall tekna einstaklingsins og meðaltekna allra

landsmanna. Þá ris upp vandamál vegna tekjulausra stétta. Sérhver viðleitni til að meta vinnuframlag þessara hópa krefst flókinna reglna. Flóknar reglur fela oft í sér hættu á misnotkun. Þess vegna er í frv. þessu stuðst við reglur um upphæð lífeyris, sem eru einfaldar í framkvæmd og gefa allgóða mynd af vinnuframlagi einstaklingsins til þjóðfélagsins. Að auki hafa þessar reglur í sér fólgnar lágmarks- og hámarkslífeyrisgreiðslur. Með þessum hætti er stuðlað að sanngjarnri tekjudreifingu gagnvart ellilífeyrisþegum.

4. Lífeyrisgreiðslur og lágmarksellilífeyrir.

Lífeyrisgreiðsla samkv. frumvarpi þessu er háð tveimur atriðum. Í fyrsta lagi byggist greiðsla á tekjum einstaklingsins um ævina og er lífeyrisprósentan mælikvarði á vinnuframlag hans. Í öðru lagi er greiðslan háð svokölluðum vísitekjum (verðtrygging).

Lífeyrisprósentan er meðaltal tekjuhlutfalla einstaklings um starfsævina, leiðréttra. Prósentan er því mælikvarði á það, hvað einstaklingurinn hefur haft að meðaltali í tekjur um ævina samanborið við samtíðarmenn sína. Leiðrétting tekjuhlutfallanna, hækkun í 0.5 eða lækkun í 3.0, ef þau eru undir 0.5 eða yfir 3.0, er tilraun til að meta vinnuframlag hinna tekjulitlu eða tekjulausu og um leið stuðlar hún að tekjujöfnun, því að þeir, sem hafa mjög háar tekjur, greiða af lífeyri sínum til hinna, sem eru mjög tekjulágir. Þetta á að tryggja að enginn fái lægri lífeyri en sem nemur 30% af vísitekjum eða helming meðallífeyris.

Samkvæmt þessu frumvarpi skipta hjón með sér þeim lífeyrisréttindum, sem þau afla í sambúðinni, enda er erfitt að meta sérstaklega vinnuframlag þess, er vinnur á heimilinu, og hins aðilans, sem aflar tekna utan heimilisins. Þessi tilhögun stuðlar að frekara jafnrétti kynjanna, þar sem húsmóðirin hefur til þessa búið við skarðan hlut. Með hliðsjón af þessu er óþarft að hafa sérstök ákvæði um makalífeyri í frumvarpinu.

Á grundvelli skattaframtala er tekjuhlutfallið fundið út. Þetta fyrirkomulag hlýtur að stuðla að því að skattframtöl verði nákvæmari.

Með vísitekjum er gerð tilraun til að meta meðaltekjur á hverjum tíma, til þess að lífeyrir hækki í hlutfalli við aðrar tekjur. Lífeyrisþegar eiga með þessum hætti að vera tryggðir gegn áhrifum verðlagshækkana og verðbólgu.

Það, að lífeyrisprósentan í elli- og örorkulífeyri er ævitekjuhlutfallið margfaldað með 60, þýðir, að ellilífeyrisþeginn fær 60% af meðaltekjum sínum verðtryggðar í lífeyri. Sá, sem aldrei hefur haft neinar tekjur, fær ævitekjuhlutfallið 0.5 og þar með lífeyri, sem er 30% af meðaltekjum á hverjum tíma.

Dæmi um lífeyri.

Til þess að gefa einhverja hugmynd um, hvernig lífeyrisgreiðslur yrðu samkvæmt þessu frumvarpi, skulu tilfærð hér nokkur dæmi. Við útreikninga er stuðst við gróft mat á vísitekjum í október 1978. Samkvæmt upplýsingum Ólafs Davíðssonar hagfræðings hjá Þjóðhagsstofnun munu heildarbrúttótekjur hafa verið 237 364 milljónir kr. samkvæmt framtölum árið 1977. Tala framteljenda var 112 870, þar af voru giftir 44 032. Ekki er kunnur fjöldi lífeyrisþega né tekjur þeirra. Þó má álykta út frá tölum ársins 1976, en þá var fjöldi lífeyrisþega (framteljenda) 13 436 og höfðu þeir 9 343 millj. kr. í tekjur. Sé gert ráð fyrir fjölgun þeirra um 2% og sömu hækkun á tekjum þeirra og almennt, má ætla, að þeir hafi verið 13 700 árið 1977 og hafi haft 13 900 millj. kr. tekjur. Þannig má áætla, að fjöldi framteljenda á aldrinum 16 til 66 ára hafi verið 137 850 árið 1977 og hafi þeir haft að meðaltali 1 621 þús. kr. í tekjur árið 1977. Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 59.0% frá 1. júlí 1977 til 1. okt. 1978. Vísitekjur samkvæmt 17. gr. voru því nálægt 2 580 þús. kr. í október 1978 eða 215 þús. kr. á mánuði.

1. dæmi: Launamaður, einhleypur, sem vinnur frá 17 ára aldri til 67 ára aldurs.

Forsenda: Ævitekjuhlutfall er byggt á eftirfarandi reikningsgrundvelli:

Aldur ár	Tekjur sem % af meðaltekjum	Tekjuhlutfall leiðrétt
17—21	90%	0.90
22—26	120%	1.20
27—31	130%	1.30
32—36	120%	1.20
37—41	110%	1.10
42—46	100%	1.00
47—51	100%	1.00
52—56	80%	0.80
57—61	80%	0.80
62—66	70%	0.70

Ævitekjuhlutfall (= meðaltal tekjuhlutfallanna) er því 1.00.

Samkvæmt framangreindu fengi viðkomandi launamaður 129 000 kr. í ellilífeyri (60% af 215 000 kr.).

Ef launamaður, sem hefur sömu meðaltekjur, hefði orðið öryrki 42 ára að aldri, er væntanlegt ævitekjuhlutfall hans miðað við tekjurnar frá 17 til 41 árs aldur. Fæst þá tekjuhlutfallið 1.14. Hann fengi því 1.14 × 0.6 × 215 000 kr. — eða 147 000 kr. á mánuði í örorkulífeyri í október 1978.

2. dæmi: Launamaður með tekjuhlutfall samkvæmt 1. dæmi, kvænist 27 ára gamall. Eiginkonan er jafngömul, vinnur ekki úti, en annast börn og heimili.

Tekjur konunnar, sem prósenta af meðallaunum, yrðu sem hér segir:

Aldur ár	Tekjur	Tekjuhlutfall leiðrétt
17—21	80%	0.80
22—26	90%	0.90
27—31	0%	0.50
32—36	0%	0.50
37—41	0%	0.50
42—46	5%	0.50
47—51	5%	0.50
52—56	5%	0.50
57—61	5%	0.50
62—66	10%	0.50

Sameiginlegt tekjuhlutfall leiðrétt:

Ár	Karl	Kona
17—21	0.90	0.80
22—26	1.20	0.90
27—31	0.90	0.90
32—36	0.85	0.85
37—41	0.80	0.80
42—46	0.75	0.75

Aldur ár	Karl	Kona
47—51	0.75	0.75
52—56	0.65	0.65
57—61	0.65	0.65
62—66	0.60	0.60

Ævitekjuhlutfall mannsins verður 0.805, en konunnar 0.765.

Ellilífeyrir mannsins yrði því 104 000 kr., en konunnar 99 000 kr. eða samtals hjá þeim báðum 203 000 kr. á mánuði.

Ef viðkomandi launamaður yrði öryrki (75% eða meir) við 42 ára aldur fengi hann væntanlega ævitekjuhlutfallið 0.93 (örorkulífeyrisprósenta: 60 × 0.93 = 55.8) eða 120 000 kr. á mánuði.

Ef hann ætti enn fremur 5 börn undir 16 ára aldri fengi hann í barnalífeyri fyrir fyrsta barn — miðað við það að barnalífeyrisprósentan er ¼ af örorkulífeyrisprósentunni 55.8 eða 13.95, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir — 30 000 kr., með öðru barni ⅘ eða 24 000 kr., þriðja barni ⅗ eða 18 000 kr., fjórða barni ⅖ eða 12 000 kr. og með fimmta barni ⅕ eða 6 000 kr. Samtals næmi barnalífeyrinn 90 000 kr.

Heildargreiðslur til fjölskyldunnar yrðu samkvæmt framangreindu 210 000 kr. á mánuði.

3. dæmi: Launamaðurinn í 1. dæmi kvænist konu, sem vinnur úti. Bæði eru 27 ára við giftingu. Eiginkonan er við heimilisstörf fyrstu 5 árin eftir giftinguna.

Tekjur konu voru sem hér segir (sem prósenta af meðallaunum):

Aldur ár	Tekjur	Tekjuhlutfall leiðrétt
17—21	80%	0.80
22—26	90%	0.90
27—31	0%	0.50
32—36	90%	0.90
37—41	100%	1.00
42—46	110%	1.10
47—51	110%	1.10
52—56	110%	1.10
57—61	100%	1.00
62—66	90%	0.90

Leiðrétt tekjuhlutfall hvors hjóna:

Aldur Ár	Karl	Kona
17—21	0.90	0.80
22—26	1.20	0.90
27—31	0.90	0.90
32—36	1.05	1.05
37—41	1.05	1.05
42—46	1.05	1.05
47—51	1.05	1.05
52—56	0.95	0.95
57—61	0.90	0.90
62—66	0.80	0.80

Ævitekjuhlutfall eiginmannsins er 0.985 og eiginkonunnar 0.945.

Ellilífeyrir mannsins yrði því 127 000 kr. á mánuði og konunnar 122 000 kr. Samanlagður lífeyrir hjónanna yrði því 249 000 kr. á mánuði.

Ef dæmið yrði endurreiknað út frá þeirri forsendu, að konan hefði orðið öryrki 37 ára að aldri, þá hlýtur hún væntanlegt ævitekjuhlutfall 0.9125 og þar með örorkulífeyrisprósentuna 54.75 eða 118 000 kr. á mánuði.

Ef hjónin ættu þá þrjú börn undir 16 ára aldri, yrði barnalífeyrir sem hér segir:

Fyrir fyrsta barn: $\frac{1}{4} \times 54.75 = 13.7\%$ eða 29 000 kr.
Fyrir annað barn: $\frac{4}{5}$ af 12 695 kr. eða 24 000 kr.
Fyrir þriðja barn: $\frac{3}{5}$ af 12 695 kr. eða 18 000 kr.
Samtals yrði lífeyrir konunnar og barnanna 189 000 kr. á mánuði.

4. dæmi: Einhleypur maður í vel launaðri stöðu seinni hluta ævinnar. Reiknað er með því að tekjur hans sem prósenta af meðallaunum séu:

Aldur ár	Tekjur	Tekjuhlutfall leiðrétt
17—21	30%	0.50
22—26	45%	0.50
27—31	200%	2.00
32—36	290%	2.90
37—41	350%	3.00
42—46	400%	3.00
47—51	450%	3.00
52—56	400%	3.00
57—61	400%	3.00
62—66	380%	3.00

Ævitekjuhlutfall er 2.39. Ellilífeyrisprósentan er 143.4 og ellilífeyrir er því 208 000 kr. á mánuði. Ef viðkomandi einstaklingur hefði orðið 65% öryrki við 37 ára aldur, hefði væntanlegt ævitekjuhlutfall hans orðið 1.475 og örorkulífeyrisprósentan 70.8. Samkvæmt því fengi þessi einstaklingur 152 000 kr. í örorkulífeyri.

5. dæmi: Einstaklingur með sömu kjör og segir til um í 4. dæmi. Viðkomandi kvænist konu á sama aldri, þegar hann er 22 ára. Konan var í góðri stöðu á 17—26 ára aldursskeiði.

Tekjur konu, sem prósenta af meðaltekjum á því æviskeiði þegar hún vann utan heimilis:

Aldur ár	Tekjur	Tekjuhlutfall leiðrétt
17—21	120%	1.20
22—26	140%	1.40
27—66	0%	0.50

Leiðrétt tekjuhlutfall hvors hjóna:

Aldur ár	Kona	Karl
17—21	1.20	0.50
22—26	0.95	0.95
27—31	1.25	1.25

Aldur ár	Karl	Kona
32—36	1.70	1.70
37—41	1.75	1.75
42—46	1.75	1.75
47—51	1.75	1.75
52—56	1.75	1.75
57—61	1.75	1.75
62—66	1.75	1.75

Ævitekjuhlutfall eiginmannsins er 1.49 og konunnar 1.56. Samkvæmt því verður ellilífeyrir mannsins 192 000 kr. á mánuði og konunnar 201 000 kr. Samanlagður lífeyrir þessara hjóna yrði 393 000 kr. á mánuði.

Einstaklingur, sem aldrei hefur haft neinar tekjur um ævina né verið í hjónabandi, fær ævitekjuhlutfall 0.50 og þar með 64 500 kr. mánaðarlega í ellilífeyri eða örorkulífeyri. Yrði það lágmarkslífeyrir.

Einstaklingur, sem alltaf hefur meira en þrefaldar meðaltekjur alla ævi, fær ævitekjuhlutfallið 3.00 og þar með 387 000 kr. á mánuði í elli- eða örorkulífeyri. Yrði það hámarkslífeyrir samkvæmt þessu frumvarpi miðað við ríkjandi verðlag.

Lágmarksbarnalífeyrir er 13% af 215 000 eða 27 950 kr. fyrir 1. barn.

5. Fæðingarlaun.

Í frumvarpi þessu er tekið upp það nýmæli að veita konum hið minnsta þriggja mánaða fæðingarlaun, hvort sem um er að ræða konur sem vinna utan heimilis eða innan. Til þessa hafa konur búið við mjög misjöfn kjör fjárhagslega séð þegar svo hefur verið ástatt um þær sem hér um ræðir. Sumar konur njóta nú þegar þriggja mánaða fæðingarlauna, en svo eru aðrar, sem fá engar greiðslur. Til þess að leiðrétta þetta misrétti hefur verið gripið til ýmissa úrræða. M. a. hafa verið samþykkt lög frá Alþingi, sem skylda Atvinnulevsistryggingasjóð til að greiða fæðingarorlof til kvenna sem starfa úti í atvinnulífinu og eru aðilar að almennum verkalýðsfélögum. Þótt þessum konum hafi verið tryggt fæðingarorlof, er enn mikill fjöldi kvenna, sem flokkast ekki undir nein lög eða reglur, sem tryggja þeim fæðingarlaun. Með þessu frumvarpi er viðurkenndur réttur allra kvenna til fæðingarlauna. Samkvæmt frumvarpi þessu hljóta konur meðallaun síðustu þriggja ára í 3 mánuði við fæðingu, en aldrei þó lægra en 43 000 kr. á mánuði miðað við núverandi vísitekjur. — Fæðingarstyrkur verður greiddur áfram samkvæmt núgildandi lögum.

6. Iðgjaldagreiðslur.

Grundvallaratriði þessa frumvarps varðandi tekjuöflun til þess að fullnægja þeim tryggingarskuldbindingum, sem í frumvarpinu felast, er, að á hverjum tíma sé lagt á iðgjald, er mæti þeim tryggingargreiðslum, sem Lífeyrissjóður Íslands á að inna af hendi. Tryggingarfræðingum skal falið það verkefni sérstaklega að reikna út iðgjaldið á grundvelli tölfræðilegra upplýsinga þar að lútandi.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að iðgjald til Lífeyrissjóðsins verði ákveðin prósenta af heildartekjum einstaklings. Þetta verður að teljast eðlilegt, þar sem lífeyrir er einnig háður heildartekjum. Þá er sá háttur á hafður, að viðkomandi einstaklingur greiði allt iðgjaldið sjálfur, en ekki vinnuveitandi hluta eins og nú tíðkast. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að laun hækki sem nemur iðgjaldaprósentu vinnuveitandans í núverandi kerfi lífeyrissjóða. Í dag mun hin almenna regla um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðina vera sú, að vinnuveitandi greiðir 6% af launum viðkomandi starfsmanns, en starfsmaðurinn sjálfur 4%, eða báðir samtals 10%.

Þessi háttur á iðgjaldagreiðslu er eðlilegri en sá að hafa iðgjaldagreiðsluna tvískipta, auk þess sem hann gefur viðkomandi manni betra tækifæri til að fylgjast með þróun þessara mála og hugsanlegum breytingum. Þá mundi iðgjaldið verða að fullu frádráttarbært til skatts hjá viðkomandi einstaklingi.

7. Iðgjaldaprósenta.

Varðandi það atriði, hvernig finna skuli út og meta væntanlega iðgjaldaprósentu, eru eftirfarandi skýringar gefnar:

a. Ellilífeyrir.

Framreikningar yfir aldursdreifingu Íslendinga næstu 15 árin hafa sýnt, að fjöldi þeirra, sem eru eldri en 67 ára, er um það bil 13% af fjölda þeirra, sem eru 16—67 ára. Ef gert er ráð fyrir, að ævitekjudreifing breytist ekki verulega milli kynslóða og að ellilífeyrir sé 60% af meðaltekjum, þarf iðgjald fyrir ellilífeyri að vera 60×0.13 eða 7.8%. Á sérstakri mynd er aldurspýramídi íslensku þjóðarinnar 31. desember 1977 sýndur, en þar kemur aldursdreifingin skýrt fram.

b. Örorku- og barnalífeyrir.

Upplýsingar um tíðni og hæð örorku svo og dreifingu barnalífeyris eru af skornum skammti hér á landi. Þó má áætla samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins, að örorku- og barnalífeyrir fari ekki fram úr helmingi upphæðar ellilífeyris. Iðgjald fyrir þessar lífeyrisgreiðslur þarf því ekki að vera hærra en 3.9%.

c. Fæðingarlaun.

Árlegar fæðingar á Íslandi eru nú um 4 000 talsins. Ef gert er ráð fyrir, að helmingur mæðra sé með meðaltekjur, en hinar með 20%, fæst 0.44% iðgjald miðað við 137 850 á aldrinum 16 til 66 ára.


Á grundvelli framangreindra forsendna má búast við því, að væntanlegt iðgjald vegna þeirra trygginga, sem þetta frumvarp nær til, þyrfti að vera 12.2% af heildartekjum allra einstaklinga í landinu.

Nú greiða vinnuveitendur beint 6% í hina ýmsu lífeyrissjóði vegna starfsmanna sinna og óbeint 1.5% til Tryggingastofnunarinnar. Launafólk greiðir sjálft beint í lífeyrissjóðina 4% af dagvinnutekjum. Auk þessa greiða þessir aðilar sameiginlega háar upphæðir í formi skatta til Tryggingastofnunar ríkisins til að mæta ellilífeyris-, örorku- og barnalífeyrisgreiðslum.

8. Tryggingastofnun ríkisins — upphæðir núverandi tryggingargreiðslna.

Samkvæmt reikningum Tryggingastofnunar ríkisins voru gjöld vegna lífeyristrygginga sem hér segir 1972—1977:

	1972 m.kr.	1973 m.kr.	1974 m.kr.	1975 m.kr.	1976 m.kr.	1977 m.kr.
Bætur vegna elli, örorku og dauða ..	2 323	2 873	4 317	6 076	8 227	12 211
Tekjur sama tímabil voru:						
I. Iðgjöld atvinnurekenda	382	430	740	1 128	1 362	1 829
II. Framlag ríkissjóðs	2 757	4 001	4 799	6 163	7 178	10 790
III. Halli á iðgjöldum og framlögum	40					
	3 178	4 431	5 540	7 292	8 540	12 619



Aldurspýramídi íslensku þjóðarinnar 31. des. 1977.

Ef frumvarp þetta um Lífeyrissjóð Íslands verður að lögum fellur stór hluti framangreindra iðgjaldagreiðslna niður sem og framlög ríkissjóðs, en í þess stað mætir reiknuð iðgjaldaprósenta þeim tryggingargreiðslum sem hér um ræðir.

9. Lífeyrissjóðir -- iðgjöld og lífeyrisgreiðslur.

Á síðustu átta árum hafa eignir lífeyrissjóðanna vaxið hröðum skrefum. Meginástæða hinnar miklu aukningar er stofnun almennu lífeyrissjóðanna, er hófu starfsemi sína 1. jan. 1970, á grundvelli samnings milli aðila vinnumarkaðsins frá 19. maí 1969. Við það bættust um 25 000 manns við hóp starfandi sjóðfélaga. Fyrir voru sjóðfélagar í öðrum sjóðum sem hér segir:

Í lögboðnum lífeyrissjóðum og lífeyrissjóðum bæjarfélaga	11 500	manns
Í sjóðum einstakra fyrirtækja og stéttarfélaga utan Alþýðusambands Íslands	1 500	—
Í sjóðum einstakra fyrirtækja og stéttarfélaga innan A.S.Í.	7 000	—
Samtals	20 000	manns

Fjöldi lífeyrissjóðsfélaga í ársbyrjun 1970 mun því hafa verið um 45 000 manns.

Eigi liggja nú fyrir óyggjandi tölur yfir fjölda sjóðfélaga í öllu lífeyrissjóðakerfi landsmanna. En segja má, að meginþorri þess fólks, sem er í stéttarfélögum innan A.S.Í., sé aðili að einhverjum lífeyrissjóði og sumir að mörgum. Þá er bankastarfsfólk, starfsmenn hins opinbera: ríkis, bæjar- og sveitarfélaga, aðilar að lífeyrissjóðum o. s. frv. Er óhætt að fullyrða, að meginþorri starfandi fólks, er tekur laun, sé aðili að lífeyrissjóðakerfinu.

Enn sem komið er hefur ekki verið komið á fót stofnun, sem safnar saman nákvæmum upplýsingum um þróun og starfsemi lífeyrissjóðanna. Af þeirri ástæðu er erfitt um vik að birta nýjar og haldgóðar tölfræðilegar upplýsingar um sjóðina. Á síðustu árum hefur þó Seðlabanki Íslands reynt að safna saman upplýsingum um sjóðina. Hefur bankinn síðan birt þær reglulega í Hagtölum mánaðarins. Þá vinnur samband almennra lífeyrissjóða, sem er samband flestra lífeyrissjóða aðildarfélaga A.S.Í., að upplýsingaöflun um þessa sjóði. Landssamband lífeyrissjóða, sem myndað er af flestum eldri sjóðum atvinnulífsins, sjóðum sveitarfélaga o. fl., innir af hendi hliðstætt starf fyrir aðildarsjóði sína.

Samkvæmt upplýsingum frá þessum aðilum hefur þróun lífeyrissjóðanna verið sem hér segir:

A) Eignir

Ár	Millj. kr.
1970	3 642
1971	4 846
1972	6 584
1973	9 273
1974	13 628
1975	19 902
1976 (áætlun)	28 500
1977 (spá)	42 000

B) Ráðstöfunarfé

Ár	Millj. kr.
1970	870
1971	1 168
1972	1 891
1973	2 830
1974	4 264
1975	6 220
1976	8 550
1977 (áætlun)	12 450

C) Iðgjöld

Ár	Millj. kr.
1970	691
1971	1 010
1972	1 767
1973	2 690
1974	3 992
1975	5 445
1976	7 565
1977 (áætlun)	11 000

D) Lífeyrisgreiðslur

Ár	Millj. kr.
1970	221
1971	325
1972	453
1973	668
1974	1 020
1975	1 350
1976	2 100
1977 (áætlun)	3 350

E) Lífeyrisgreiðslur

Ár	Sem % hluti af eignum sjóðanna	Sem % hluti af iðgj. sjóðanna	Sem % hluti af ráðstöfunarfé
1970	6.07	31.98	25.40
1971	6.71	32.18	27.83
1972	6.88	25.64	23.96
1973	7.20	24.83	23.60
1974	7.49	25.55	23 92
1975	6.78	24.79	21.70
1976	7.37	27.76	24.56
1977	7.98	30.45	26.91

Af framangreindum yfirlitum sést m. a., að um ¼ hluti árlegra tekna sjóðanna er varið til lífeyrisgreiðslna, en aðeins 6—7% miðað við heildareignir þeirra. Meginhlutanum af fjármagni lífeyrissjóðanna er varið til útlána og er stór hluti lánanna óverðtryggður. Útlánavextir eru yfirleitt 26%.

Fyrrnefndar meðaltölur segja þó mjög takmarkaða sögu um raunverulegar lífeyrisgreiðslur einstakra lífeyrissjóða. Eru þær afar mismunandi og stafar af því, að áunnin réttindi eru misjafnlega mikil með tilliti til aldurs sjóðanna og mögulegrar aðildar fólks að þeim. Sem dæmi má nefna, að starfsmenn samvinnuhreyfingar-

innar á Íslandi hafa notið lífeyrissjóðsréttinda allt frá árinu 1939, verslunarfólk frá árinu 1956, almennt verkafólk síðan 1970 o. s. frv.

Vert er að vekja athygli á því, að aldursskipting milli einstakra stétta er mjög mismunandi. Í hinum svonefndu nýju stéttum, sem myndast hafa um og eftir 1940, er tiltölulega ungt fólk. Fjölgun í þeim hefur mest orðið á síðustu tveim áratugum. Hið sama má segja um ýmsa hópa menntamanna og sérfræðinga. Mikið fé safnast fyrir í þessum sjóðum og er greiðslubyrði þeirra vegna lífeyristrygginga lítil. Hins vegar er mikill fjöldi fólks úr eldri starfsstéttum, eins og t. d. verkamenn og verkakonur, nú þegar kominn á ellilífeyrisaldur. Lífeyrissjóðir þessara stétta eru aðeins átta ára gamlir og greiða þess vegna sáralítinn lífeyri til þessa fólks. Þar við bætist, að það fólk, sem myndar meginkjarnann í hinum almennu lífeyrissjóðum verkafólks og eldri starfsstétta, er tiltölulega fullorðið fólk. Greiðslubyrði þessara lífeyrissjóða getur því orðið mikil innan tíðar og óvíst, hvort þeir geti staðið við skuldbindingar sínar í óbreyttu formi, og enn síður, ef þeir yrðu að greiða verðtryggðan ellilífeyri.

Til þess að skýra enn betur hvað við er átt skulu eftirfarandi dæmi tilgreind:

Á árinu 1976 voru iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs verslunarmanna 73% hærri en iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs Dagsbrúnar. Aftur á móti var uppbótin vegna samkomulags lífeyrissjóðanna 620% hærri til lífeyrisþega Dagsbrúnar en til lífeyrisþega, sem heyra undir Lífeyrissjóð verslunarmanna. Þannig skiptir aldursdreifing hinna einstöku sjóða verulega miklu máli í þessu sambandi.

Árið 1971 voru sett lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Til þess að hljóta þessi eftirlaun þurfa sjóðfélagar að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) Séu fullgildir félagar í verkalýðsfélagi sem á skylduaðild að lífeyrissjóði.
b) Séu fæddir árið 1914 eða fyrr.
c) Eigi að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma (starfstíma) eftir árslok 1954 og eftir 55 ára aldur.
d) Hafi náð 70 ára aldri og látið af störfum. Þó skulu félagar 75 ára og eldri fá greidd eftirlaun, þótt þeir hafi eigi látið af störfum.

Umsjónarnefnd eftirlauna úrskurðar eftirlaun samkvæmt lögunum.

Núna munu um 3300 aðilar taka lífeyri frá Umsjónarnefnd eftirlauna. Af þeim eru um 2200 félagar í lífeyrissjóðum, sem aðild eiga að Sambandi almennra lífeyrissjóða (SAL), en flestir þeirra voru stofnaðir um og eftir 1. janúar 1970. Meðallífeyrir mun vera um 12 þús. kr., en auk þess er greidd uppbót skv. samstarfssamningi lífeyrissjóðana að meðaltali að upphæð 24 000 kr.

Núverandi lífeyrissjóðakerfi er svo margbrotið, flókið og afbrigðilegt, að erfitt verður að byggja upp á því heilbrigðar og réttlátar lífeyristryggingar án þess að verulega verði gengið á rétt þess fólks, sem með fyrirhyggju og sparnaði hefur staðið að myndun margra eldri sjóða. Samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er eignarrétturinn lögverndaður og þar með eign manna í lífeyrissjóðunum. Það er því ekki hægt að skylda mann með almennum lögum að afhenda eigu sína.

Þess vegna er rétt og sjálfsagt að hefja lífeyrisgreiðslur á nýjum og samræmdum grundvelli, sem tryggi öllum landsmönnum jafnan rétt með tilliti til ævitekna og vinnuframlags til þjóðarbúsins. Jafnframt því, að sjóðfélagar núverandi lífeyrissjóða haldi eign sinni, er eðlilegt, að þeir leggi fram ákveðið stofnframlag í hið nýja kerfi, sem tekur við öllum núverandi ellilífeyrisþegum sjóðanna.

10. Breyting núverandi lífeyrissjóða í lánasjóði.

Núverandi lífeyrissjóðir eru myndaðir af iðgjöldum sjóðfélaga með sameiginlegum greiðslum vinnuveitenda 6% og starfsmanna 4%, eða samtals 10% af launum. Hér er um lögverndaðan sparnað að ræða. Með stofnun Lífeyrissjóðs Íslands á gegn-

umstreymisgrundvelli, þar sem álögð iðgjöld mæta raunverulegri tryggingaþörf á hverjum tíma, þarf að taka afstöðu til þeirrar uppsöfnunar fjármagns, sem átt hefur sér stað í núverandi lífeyrissjóðum.

Lífeyrissjóður Íslands mun í framtíðinni greiða öllum landsmönnum lífeyri, ef lög þessi verða samþykkt, og í flestum tilfellum mun hærri lífeyri en núverandi sjóðir gera. Því þykir ekki rétt að láta sjóðina renna inn í væntanlegan lífeyrissjóð, heldur verði þeim breytt í lánasjóði í vörslu og eigu þeirra aðila, sem hafa myndað sjóðina. Núverandi lífeyrissjóðir gegna veigamiklu hlutverki í peningakerfi þjóðarinnar, auk þess sem þeir hafa haft geysimikla þýðingu í húsnæðismálum. Með því að breyta þeim í lánasjóði geta þeir í nánustu framtíð fullnægt því hlutverki, sem þeir hafa gert á undangengnum árum. Hugsanlegt er, að aðilar komi sér saman um, að ákveðnar greiðslur, t. d. 1% af dagvinnulaunum, skuli renna í þessa sjóði og að útlánareglur þeirra verði víkkaðar þannig að lánað verði bæði til sjóðfélaga og þeirra fyrirtækja, er standa á bak við sjóðina. Eðlilegt er, að hinum nýju lánasjóðum verði af hinu opinbera settar ákveðnar reglur um starfsemi og lánveitingar o. fl. Verði það gert í samráði við viðkomandi eignaraðila. Þátttaka í lánasjóðunum verði frjáls.

Ekki er gert ráð fyrir því, að lífeyrissjóðir sem slíkir verði bannaðir, heldur eru settar strangar reglur um starfsemi þeirra, sem koma eiga í veg fyrir að þeir geti orðið gjaldþrota. Af liðum a) og b) í 41. gr. leiðir, að sjóðirnir verða að ávaxta fjármagn sitt verðtryggt. Þessar greinar segja auk þess, að lífeyririnn verður að lækka miðað við núverandi reglur eða iðgjaldið að hækka. Í 41. gr. c) segir, að hlutverk lífeyrissjóðs sé að taka á sig áhættu af dauða, örorku eða elli. Liðir d) og e) í 41. gr. gera ráð fyrir ákveðinni lágmarksstærð lífeyrissjóða og eru þessi ákvæði sett til þess að tryggja nægjanlega dreifingu áhættu.

11. Fjármálalegar afleiðingar frumvarpsins.

Ljóst er að verði frumvarp þetta að lögum, munu verða miklar breytingar á fjármagnsstreymi. T. d. hætta þær greiðslur, sem ríkissjóður greiðir til Tryggingastofnunar ríkisins. Þá minnka væntanlega iðgjaldagreiðslur til þeirra lífeyrissjóða, sem núna starfa. Þá hætta greiðslur ríkissjóðs á verðtryggingu lífeyris opinberu sjóðanna. Smærri breytingar eru greiðslur ríkissjóðs og Atvinnuleysistryggingasjóðs til Umsjónarnefndar eftirlauna og greiðslur þess síðarnefnda til fæðingarorlofs. Mesta breytingin er svo tekjur og gjöld Lífeyrissjóðs Íslands. Hér á eftir verður gerð tilraun til þess að meta, hvernig fjárstreymi ársins 1977 hefði breyst ef frumvarpið hefði þá verið orðið að lögum.

1.	Framlag ríkissjóðs til lífeyristr. Tryggingast. ríkisins	9.8	milljarðar kr.
2.	Verðtrygging ríkissjóðs á Lífeyrissj. stm. ríkisins o. fl. sjóða	1.3	——— —
3.	Framlag ríkissjóðs til Umsjónarnefndar	0.1	——— —
4.	Framlag atvinnuleysistr. til Umsjónarnefndar	0.2	——— —
5.	Greiðslur atvinnuleysistr. til fæðingarorlofs	0.3	——— —
6.	Framlag atvinnurekenda til líffeyristr Tryggingast. ríkisins	1.8	——— —
7.	Framlag atvinnurekenda til lífeyrissjóða (6%) áætlun	6.6	——— —
8.	Iðgjöld launþega til lífeyrissjóða (4%) áætlun	4.4	——— —
		Samtals 24.5	milljarðar kr.

Samtals voru lífeyrisgreiðslur 1977:

1.	Tryggingastofnun ríkisins	11.5	milljarðar kr.
2.	Lífeyrissjóðir (áætlað)	3.4	——— —
3.	Umsjónarnefnd eftirlauna	0.3	——— —
		Samtals 15.2	milljarðar kr.

Fæðingarorlof nam samtals: ..... 0.3 milljarðar kr.
Brúttótekjur 16—66 ára námu ca. 223.5 milljörðum kr. 1977.
Iðgjaldið til Lífeyrissjóðs Íslands er áætlað 12.2% eða 27.3 milljarðar kr.
Meðalvísitekjur 1977 voru 1 422 000 (meðaltekjur voru aftur á móti 1 625 000. Mismunurinn stafar af hækkun launa umfram hækkun framfærslukostnaðar, sem ákvarðar vísitekjur).
Lífeyrir hefði því orðið (19 000 ellilífeyrisþegar):

Ellilífeyrir 60% af 1 422 000 × 19 000 = ...	16.2	milljarðar kr.
Örorkulífeyrir, maka- og barnalífeyrir = ...	8.1	——— —
Fæðingarlaun	1.0	——— —
Útgjöld samtals	25.3	milljarðar kr.
Tekjur umfram gjöld	1.9	milljarðar kr.*

Verði frumvarp þetta að lögum má áætla, að ríkissjóður og þar með skattborgararnir losni við fjárskuldbindingar, sem eru af svipaðri stærðargráðu og tekjuskattar eða um 11 100 milljónir króna samkv. fjárlögum 1977.
Með núverandi tryggingakerfi almennra lífeyristrygginga og greiðslna í lífeyrissjóði, sem greiða margir hverjir mjög lítinn lífeyri miðað við uppsöfnun, er raunverulega verið að leggja á þjóðina tvöfalda skattlagningu vegna þessara mála, án þess að almenningur fái til baka sambærilegar lífeyrisgreiðslur miðað við álögur. Þá er það mikið vafamál, að íslenskir atvinnuvegir geti staðið undir þessum tvöföldu álögum vegna tryggingarmála, sem almenna tryggingarkerfið og lífeyrissjóðakerfið er. Þar við bætist útlánastarfsemi á gífurlegu fjármagni, sem streymir að óverulegum hluta aftur til þeirra atvinnugreina og fyrirtækja, sem eru uppsprettur þess fjármagns, sem safnast fyrir í lífeyrissjóðunum.
Áframhaldandi þróun þessara mála til lengdar í núverandi farvegi getur gjörsamlega sporðreist fjármála- og peningakerfi þjóðarinnar og þar með gjöreyðilagt lífsgrundvöll þúsunda manna. Meðal annars af þessum ástæðum er nauðsynlegt, að mótuð verði ný og heilbrigðari stefna í lífeyrissjóðsmálum.

B. Athugasemdir við einstakar greinar.

I. kafli frumvarpsins fjallar um skipulag og stjórnun.

Um 1. gr.

Hlutverk sjóðsins er að annast lífeyristryggingar.

Um 2. gr.

Samkvæmt greininni mynda níu manns stjórn sjóðsins og skal hún kosin af Alþingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar.
Greinin þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir, að stjórn eða tryggingadómur skeri úr um ágreiningsmál. Þá skal stjórnin fjalla um iðgjaldaprósentu vegna tryggingaanna.

---

* Þessi fjárhæð stafar af því, að vísitala framfærslukostnaðarins, en lífeyrir fylgir henni, hækkaði minna en laun. Það hefði því verið nóg að hafa iðgjaldaprósentuna 11.33% í stað 12.15% fyrir árið 1977.

Um 5. gr.

Samkv. þessari grein skal skipað sérstakt 27 manna tryggingarráð, er gegna skal ráðgjafahlutverki.

Um 6. gr.

Á grundvelli 5. gr. er ákveðin þátttaka fulltrúa allra helstu aðila og hagsmunasamtaka, er hagsmuna eiga að gæta fyrir hönd umbjóðenda á því sviði tryggingarmála er hér um ræðir. Allir þessir aðilar hafa samið um lífeyrisréttindi sín í milli. Er því eðlilegt, að þeir fái ásamt til þess kjörinni stjórn af hálfu Alþingis viðeigandi þátttöku í stjórn og mótun þeirrar stofnunar, er hér um ræðir.

Varðandi fjölda fulltrúa frá einstökum hagsmunaaðilum er þess að geta, að samkvæmt þessari grein er reynt að tryggja, að eðlilegt jafnvægi sé milli gagnaðila, jafnframt því sem ákveðið tillit er tekið til fjölda þess fólks, sem er í viðkomandi stéttum.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Eðlilegt er, að landsmenn fái sem gleggstar upplýsingar um réttindi þau, er lífeyrissjóðurinn veitir á hverjum tíma.

II. kafli fjallar um lífeyristryggingarnar.

Um 10. gr.

Samkvæmt þessari grein takmarkast hlutverk sjóðsins við ellilífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri á grundvelli ævitekjuhlutfalls, sem nánar er skilgreint og skýrt í næstu greinum á eftir.

Um 11. gr.

Greinin kveður á um aðild að sjóðnum og þarfnast ekki sérstakrar skýringar. Er þessi grein í samræmi við hliðstæð ákvæði í reglugerðum flestra lífeyrissjóða, sem nú eru starfræktir.

Um 12. gr.

Í þessari grein er kveðið á um, að ellilífeyris- og örorkulífeyrisgreiðslur séu ákveðnar af ævitekjum og tekjuhlutfalli viðkomandi sjóðfélaga.

13., 14., 15. og 16. gr. skýra nánar þau hugtök, er hér um ræðir.

Um 13. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 14. gr.

Greinin felur í sér ákvæði um að gera skuli ákveðnar leiðréttingar á tekjuhlutfalli einstaklings, nái það ekki tilskildu lágmarki til þess að tryggja viðkomandi ákveðinn lágmarkslífeyri. Þannig er vinna tekjulausra þjóðfélagshópa, t. d. húsmæðra, metin til lífeyrisréttinda. Á sama hátt skal leiðrétta tekjuhlutfall hátekjumanns niður í ákveðið hámark. Þetta þýðir, að ákveðið þak er á hugsanlegum lífeyrisgreiðslum.

Greinin felur einnig í sér, að lífeyrisréttindi hjóna skiptist jafnt á milli þeirra. Í þessu ákvæði felst sami réttur maka, sem vinnur ekki úti, til ellilífeyris, á við þann aðila hjónabandsins, sem aflar skattskyldra tekna. Vísast til útreikninga í athugasemdum með frumvarpinu varðandi þetta atriði.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Samkvæmt þessari grein skulu vísitekjur fundnar þannig út, að miðað skal við brúttótekjur ársins á undan skv. skattframtölum þeirra, sem eru á aldrinum 17—67 ára. Skulu vísitekjurnar reiknaðar út fjórum sinnum á ári. Á þennan hátt er fundin tekjuviðmiðun, sem breytist með svipuðum hætti og meðaltekjur.

Þessi grein ásamt 15. og 16. gr. tryggir, að grundvöllur ellilífeyris byggist á skattframtölum. Ætti þessi háttur að stuðla að enn betri skattframtölum en nú er.

Um 18. gr.

Samkvæmt þessari grein breytast lífeyrisgreiðslur eins og vísitekjur og fylgja þar með kaupgjaldi í landinu. Þær eru því verðtryggðar og viðkomandi sjóðfélagi því tryggður gegn afleiðingum mikillar verðbólgu.

III. kafli fjallar um ellilífeyri.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

Við 67 ára aldur öðlast sjóðfélagi rétt til ellilífeyris. Er það mjög í samræmi við ríkjandi reglur lífeyrissjóða. Enn fremur segir, að ellilífeyrisprósentan skuli vera ævitekjuhlutfall viðkomandi einstaklings margfaldað með sextíu. Þannig hljóta menn um 60% af rauntekjum sínum um ævina sem lífeyri.

Um 21. gr.

Hér er fjallað um það, að unnt sé að fresta töku ellilífeyris í allt að fimm ár og skuli ellilífeyrisprósentan þá hækka í samræmi við það. Það tíðkast æ meir að fólk vilji vinna lengur en til 67 ára aldurs. Er eðlilegt og sjálfsagt að mæta slíkum óskum og lengja starfsævi þess fólks, er þess kann að óska.

Meðalaldur þjóðarinnar hefur hækkað mikið á síðustu áratugum, og heilbrigði aldraðra er mun betri en áður fyrr. Þetta fólk á oft erfitt að sætta sig við að ljúka starfsævi of snemma.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 23. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

IV. kafli er um örorkulífeyri.

Um 24. gr.

Til þess að einstaklingur geti hlotið örorkubætur samkvæmt þessu lagafrumvarpi, þarf hann að hafa átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár hið skemmsta, áður en sótt er um örorkulífeyri, eða að viðkomandi einstaklingur hafi haft óskerta starfsorku, þegar hann öðlaðist lögheimili hérlendis. Eru þetta eðlilegar og sjálfsagðar varúðarráðstafanir, þegar haft er í huga, að nú orðið tíðkast það, að erlendir menn dveljast hér í lengri eða skemmri tíma og þá jafnan við einhvers konar atvinnu. Ekki er rétt, að slíkir aðilar geti hlotið þær tryggingabætur, sem hér um ræðir, án þess að þeir fullnægi skilyrðum um búsetu og lögheimili samkvæmt íslenskum lögum með þar af leiðandi réttindum og skyldum.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Þessi grein felur í sér ákvæði um útreikninga á örorkulífeyri, sem eru í grundvallaratriðum byggðir á sömu hugsun og ellilífeyrisreikningar frumvarpsins.

Ef örorkuprósenta einstaklings er 75% eða meiri, er örorkustuðullinn 60, en fyrir hvert stig, sem vantar á 75%, skerðist stuðullinn um 1.2. Örorkulífeyrir er því að jafnaði 60% af rauntekjum mannsins til þess tíma, er hann hlaut örorkuna.

V. kafli er um barnalífeyri.

Um 27. gr.

Þessi grein felur í sér, að barnalífeyrir er greiddur til 19 ára aldurs. Samkvæmt núgildandi lögum er barnalífeyrir greiddur með börnum yngri en 17 ára. Með tilliti til breyttra þjóðfélagsaðstæðna, sem m. a. fela í sér lengra nám en áður tíðkaðist, er eðlilegt, að greiðslutímabil barnalífeyris sé lengt um tvö ár. Léttir það undir með foreldri og viðkomandi barni og er meira í samræmi við kröfur tímans um aukna samfélagshjálp til handa þeim, sem eru þess verulega þurfi.

Um 28. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er greidd árlega föst ákveðin upphæð í barnalífeyri. Samkvæmt þessu frumvarpi eru barnalífeyrisgreiðslur tengdar örorkulífeyrisprósentunni, sem foreldrið hefði fengið á dánardegi. Er þetta ákvæði í samræmi við heildaruppbyggingu frumvarpsins gagnvart öðrum tryggingagreiðslum.

Barnalífeyrisgreiðslurnar taka síðan hliðstæðum breytingum við verðlagsbreytingar og örorkulífeyrisgreiðslurnar. Með þessu er tryggt að upphæð barnalífeyrisgreiðslna dragist ekki aftur úr við mikla verðbólgu. Felur það í sér mikið öryggi fyrir foreldri og barn.

Miðað við núverandi barnalífeyrisgreiðslur felur þessi grein í sér nokkra hækkun og mun ákveðnari grundvöll til að byggja þessar greiðslur á.

Um 29. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 30. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

VI. kafli fjallar um fæðingarlaun.

Um 31. gr.

Greinin fjallar um rétt allra kvenna með lögheimili á Íslandi til fæðingarlauna.

Um 32. gr.

Samkvæmt þessari grein skal kona fá meðalmánaðarlaun sín síðustu 36 mánuði fyrir fæðingu sem fæðingarlaun. Til að vega upp á móti áhrifum verðbólgu eru launin hækkuð sem nemur hækkun framfærsluvísitölu til fæðingardags, áður en meðaltekjurnar eru reiknaðar. Aldrei skal þó reikna með lægri tekjum en 20% af vísitekjum deilt með 12.

Í þeim tilfellum, sem konur vinna ekki úti, eru fæðingarlaun miðuð við vísitekjur og skulu aldrei vera lægri en 20%. Ef lög þessi hefðu gilt 1. okt. 1978, hefði 20% lágmarkið jafngilt 43 000 kr. á mánuði, miðað við þáverandi verðlag.

Um 33. gr.

Greinin kveður á um, að fæðingarlaun skuli greiða í þrjá mánuði.

Um 34. gr.

Samkvæmt þessari grein er lögð áhersla á, að konur fái fæðingarlaun greidd. Hvílir sú skylda á lífeyrissjóðunum að gæta þess, að umræddar greiðslur eigi sér stað.

VII. kafli fjallar um tekjur Lífeyrissjóðs Íslands.

Um 35. gr.

Í reglugerðum flestra lífeyrissjóða hefjast iðgjaldagreiðslur við 16 ára aldur og lýkur við 67 ára aldur. Þessi grein er í samræmi við þessa reglu.

Um 36. gr.

Samræmi er milli ákvæðis þessarar greinar um álagningargrundvöll iðgjalda og 13. gr., er fjallar um tekjuhlutfall. Er í hvoru tveggja tilfelli byggt á brúttótekjum einstaklings samkvæmt skattframtali. Iðgjaldið skal vera prósenta af öllum tekjum. Ákvæði þetta er nokkuð frábrugðið ákvæðum í reglugerðum núverandi lífeyrissjóða, sem ýmist takmarka álagninguna við dagvinnutekjur eða mánaðarlaun, og miða þar af leiðandi oft á tíðum ekki við heildartekjur í álagningu iðgjalds vegna lífeyrisgreiðslna. Með þeirri álagningarreglu, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, skapast eðlilegra samhengi milli ævitekna annars vegar og ellilífeyrisgreiðslna hins vegar, þegar kemur að töku ellilífeyris.

Um 37. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Þar sem ákveðnum vandkvæðum getur verið bundið fyrir þá, sem hafa aðrar tekjur en launatekjur, að greiða iðgjöld af þeim tekjum með jafnskömmum fresti og iðgjaldagreiðslur af launatekjum skulu eiga sér stað, þykir rétt að gefa þessum aðilum lengri greiðslufrest, en þó með þeirri kvöð, að iðgjaldið skuli hækka miðað við vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. maí árið sem teknanna er aflað. Þetta fyrirkomulag felur í sér ákveðna hvatningu til þess, að greiðslur séu inntar sem fyrst af hendi, auk þess sem verðtryggingarákvæði frumvarpsins gagnvart tryggingargreiðslum gerir nauðsynlegt að tryggja sjóðinn gegn öllum meiri háttar greiðsludrætti á iðgjöldum.

3. mgr. er í samræmi við 4. gr. laga nr. 9 1974, sem fjallað er um í 51. gr.

Um 38. gr.

Óhjákvæmilegt er, að iðgjaldaprósentan sé reiknuð út hið minnsta einu sinni á ári, eins og þessi grein gerir ráð fyrir. Til greina kæmi að reikna hana oftar út, sérstaklega ef verðbólga geisar og ef launa- og verðlagsbreytingar eru tíðar. Þá felur þessi grein í sér, að hæð iðgjaldaprósentu skuli tryggja það á hverjum tíma, að nægilegt fé sé í sjóði til þess að mæta nauðsynlegum tryggingargreiðslum næstu 120 daga fram í tímann. Til greina kæmi að hafa þetta tímabil lengra, en reynslan verður að skera úr um, hvort þetta ákvæði er fullnægjandi eða ekki.

VIII. kafli er um önnur ákvæði.

Um 39. og 40. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

IX. kafli. Almennir lífeyris- og lánasjóðir.

Um 41. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir því, að samhliða Lífeyrissjóði Íslands, sem allir iðgjaldaskyldir landsmenn eiga aðild að, sé heimilt að starfrækja sérstaka lífeyrissjóði, ef menn hafa áhuga á slíku, á grundvelli sérstakra iðgjaldagreiðslna og sjálfstæðs rekstrar. Greinin gerir ráð fyrir mjög ströngum kröfum um iðgjaldagreiðslur

og ávöxtun, þannig að þessir sjóðir geti staðið við tryggingarskuldbindingar sínar. Þá segir í greininni að sjóðirnir skuli veita verðtryggð lífeyrisréttindi og taka á sig fulla ábættu vegna þeirra réttinda, er þeir kunna að veita. Í greininni er kveðið á um að fullnægja verði ákveðnu skilyrði um lágmarksfjölda greiðenda til þess að unnt sé að stofnsetja og starfrækja sjálfstæðan lífeyrissjóð. Er þetta m. a. gert til að tryggja raunhæfa lágmarksstærð lífeyrissjóða og koma í veg fyrir stofnun fjölda smárra sjóða, sem mundu aldrei geta staðið við skuldbindingar sínar á viðunandi hátt.

Um 42. gr.

Með tilliti til hinna ströngu ákvæða um ávöxtun og rekstur sjálfstæðra lífeyrissjóða er eðlilegt, að af hinu opinbera sé fylgst vel með starfrækslu þeirra.

Þessi grein gerir þess vegna ráð fyrir því, að tryggingaráðherra veiti sjóðnum starfsleyfi til þriggja ára í senn, sem síðan skuli endurnýjað fullnægi þeir settum skilyrðum.

Þá heimilar greinin að breyta eldri sjóðum í lánasjóði, að fullnægðri 48. gr. þessara laga. Sú tilhögun mundi mæta þörf almennings fyrir lánsfé vegna húsnæðismála. Greinin er að öðru leyti augljós og skýrir sig sjálf.

Um 43. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 44. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 45. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um 46. gr.

Til flestra, ef ekki allra lífeyrissjóða landsmanna er stofnað í frjálsum samningum milli launafólks og vinnuveitenda. Greiðir hver aðili um sig ákveðinn hluta iðgjalds vegna sjóðfélaga. Við það að leysa sjóðina undan greiðsluskuldbindingum, jafnframt því sem sjóðfélögunum er tryggður ellilífeyrir samkvæmt lagafrumvarpi þessu, þarf að taka afstöðu til þess, hvað gera skuli við það fjármagn, sem safnast hefur upp í sjóðnum og eftir er, þegar ákvæðum 48. gr. frv. hefur verið fullnægt.

Samkvæmt landslögum hljóta lífeyrissjóðirnir að teljast eign þeirra, sem til þeirra hafa stofnað og myndað með framlögum sínum og samningum.

Þessi grein, ásamt 42. gr. og 43. gr., tekur afstöðu til framangreinds og kveður upp úr um eignarrétt og ábyrgðarskyldu hlutaðeigandi aðila gagnvart þeim lánasjóðum er hér um ræðir. Þá segir, að lánasjóður skuli vera í umsjá þeirra aðila, sem staðið hafa að stofnun hans á grundvelli staðfestra reglugerða hans sem lífeyrissjóðs. Hinir nýju sjóðir munu taka eðlilegum breytingum við niðurfellingu iðgjaldagreiðslna o. fl., þegar hið nýja lífeyriskerfi tekur við. Er því rétt að sömu samningsaðilar fjalli um samningu og gerð reglugerða fyrir lánasjóðina með tilliti til þeirra breyttu viðhorfa er skapast við stofnun allsherjarlífeyrissjóðs. Ráðherra staðfesti reglugerðirnar.

Um 47. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 48. gr.

Til þess að tryggja Lífeyrissjóði Íslands nauðsynlegt stofnfé og örugga framkvæmd í byrjun er óumflýjanlegt að skylda núverandi lífeyrissjóði til að inna af

hendi ákveðið stofnframlag. Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að fimm mánaða iðgjaldatekjur núverandi lífeyrissjóða mundu nægja til þess að mæta þessum þörfum. Þetta fyrirkomulag tryggir, ásamt nokkru svigrúmi í iðgjaldaprósentu fyrstu árin, að nokkurt fé sé jafnan til í sjóði.

Um 49. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 50. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 51. gr.

Samkvæmt þessari grein ber að fella niður gildandi ákvæði laga um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971, með áorðnum breytingum síðar, sem snerta þau atriði umræddra laga, sem lög um Lífeyrissjóð Íslands ná til. Einnig ber að fella niður ákvæði laga nr. 56 1975 um fæðingarorlof. Þá ber að fella niður lög nr. 63 1971, um Umsjónarnefnd eftirlauna, svo og önnur lög, sem varða lífeyrissjóði.

Um 52. gr.

Með tilliti til þess, að lög þessi fela í sér gjörbyltingu í ellilífeyristryggingarmálum þjóðarinnar og eru eðli sínu samkvæmt viðamikil og flókin í framkvæmd, er ráðherra heimilað samkvæmt þessari grein að gefa út ítarlega reglugerð um framkvæmd þeirra.

Sþ. 33. Tillaga til þingsályktunar [30. mál]

um útgáfu kortabókar Íslands.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Ingvar Gíslason, Eiður Guðnason, Gils Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórn að hafa forgang um útgáfu kortabókar Íslands.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi og fylgdi henni þá svohljóðandi greinargerð:

Kortabók Íslands verður safn korta af Íslandi, þar sem margs konar fróðleikur um land og þjóð er settur fram á myndrænan hátt.

Þjóðlandaatlasar hafa verið gefnir út í velflestum Evrópulöndum, þ. á m. Norðurlöndum, en auk þess í mörgum löndum í öðrum heimsálfum. Fyrsta kortabók, sem út var gefin af þessu tagi, var Finnlandsatlas, sem gefinn var út 1899, en hefur verið gefinn út þrisvar sinnum síðan. Hefur slík útgáfa hvarvetna verið talin hin mesta nauðsyn, til að auka þekkingu á landsháttum.

Árið 1976 kom út kortabók yfir öll Norðurlönd (Norden i text och kartor). Að undanskildum nokkrum þáttum náttúrufars eru nær engar upplýsingar um Ísland í kortabókinni. Oftast er einungis ein stærð eða tala yfir allt landið, þar sem upplýsingar eru birtar eftir umdæmum í hinum löndunum.

Kortabókinni er ætlað að vera upplýsinga- og heimildarit í þágu stjórnvalda, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga, sem fást við margs konar áætlanagerð varðandi byggð, atvinnulíf og landnýtingu. Er þar átt við nýtingu lands til búskapar, ýmiss konar verklegra framkvæmda, samgangna, almenningsnota og náttúruverndar.

Kortabókin verður gagnlegt heimildarit fyrir innlenda og erlenda fræðimenn sem stunda rannsóknir á ýmsum fræðasviðum. Enn fremur yrði bókin mikilvæg fyrir fjölmarga aðra, sem vilja kanna útbreiðslu ýmiss konar fyrirbæra til lands og sjávar og athuga samhengi þeirra á milli.

Síðast en ekki sízt er ótalið menntunargildi bókar af þessu tagi. Hún yrði notuð af kennurum og nemendum í framhaldsskólum og á háskólastigi og yrði handbók eða uppsláttarrit fyrir kennara og nemendur í efstu bekkjum á grunnskólastigi.

Til þess að ná þeim árangri, sem að framan er getið, er fyrirhugað að setja fram á kortum og á annan myndrænan hátt ýmis einkenni lands og þjóðar. Þar á meðal má nefna náttúrufar, sögu, atvinnulíf, félagsmál og menningarmál.

Sþ. 34. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um Suðurnesjaáætlun.

Flm.: Gils Guðmundsson, Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela Framkvæmdastofnun ríkisins:

I. Að láta undirbúa og gera framkvæmda- og fjármögnunaráætlun um alhliða atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum. Verði áætlunargerðinni flýtt eftir föngum og áfangaskýrslur gefnar út strax og við verður komið.

Við áætlunargerð þessa um uppbyggingu atvinnulífs á Suðurnesjum skal leitast við að ná eftirtöldum markmiðum:

a) Að koma á sem nánastri samvinnu og skipulagi um öflun hráefnis til fiskiðnaðar og löndun þess, og skal að þessu leyti litið á allt Suðurnesjasvæðið sem eina heild.

b) Að gera áætlun um hæfilegan og nógu fjölbreyttan skipastól, sem gæti þjónað Suðurnesjasvæðinu öllu og tryggt sem jafnasta hráefnisöflun og atvinnuöryggi þess fjölda sem við sjávarútveg vinnur. Verði sérstaklega leitast við að draga úr þeim sveiflum, sem lengi hafa átt sér stað um hráefnisöflun, þegar meira en helmingur ársaflans berst á land á þrem mánuðum, en fiskvinnslustöðvar skortir verkefni meira en hálft árið.

c) Að gera áætlun um nauðsynlega endurnýjun og uppbyggingu fiskvinnslustöðva á svæðinu, þar sem lögð er áhersla á hóflegan fjölda og hagkvæma stærð. Höfð skal í huga æskileg verkaskipting milli einstakra útgerðarstaða. Áætlun um mjöl- og lýsisverksmiðjur verði einn liður þessarar skipulagningar.

d) Að gera tillögur um ýmsan iðnað annan en fiskiðnað, svo og atvinnurekstur af öðru tagi, með það í huga að auka fjölbreytni atvinnulífs á Suðurnesjum. Skal það sérstaklega haft í huga við slíka tillögugerð, að hægt verði að tryggja því fólki, sem vinnur á Keflavíkurflugvelli eða við önnur störf tengd dvöl erlends herliðs, atvinnu við innlendan og þjóðhagslega arðbæran atvinnurekstur.

II. Að undirbúa nú þegar og leggja fram svo fljótt sem við verður komið rökstuddar tillögur um bráðabirgðaskipulag hráefnisöflunar og skynsamlega nýtingu fiskvinnslustöðva á Suðurnesjum, með það fyrir augum að bæta rekstur og tryggja fulla atvinnu. Þess sé gætt, að umræddar bráðabirgðaaðgerðir geti orðið þáttur í þeirri alhliða atvinnuuppbyggingu til frambúðar, sem um er fjallað í I. lið tillögunnar.

III. Verk það, sem um getur í I. og II. lið þessarar tillögu, skal unnið í samvinnu við Samstarfsnefnd sveitarfélaga á Suðurnesjum eða einstakar sveitarstjórnir, ef hentara þykir, svo og fulltrúa verkalýðsfélaga og sjómannafélaga.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrædd. Henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Sjávarútvegur hefur löngum verið höfuðatvinnuvegur á Suðurnesjum og er það enn. Hluti mannafla, er starfar við sjávarútveg á landinu öllu, er talinn 12.5%, en er um 40% á Suðurnesjum. Eru það eingöngu Snæfellsnesbyggðir og Vestfirðir, sem hafa að þessu leyti svipað hlutfall og Suðurnes.

Hin síðustu missiri hefur útgerð og fiskvinnsla á Suðurnesjasvæðinu öllu átt við mikla og vaxandi rekstrarerfiðleika að stríða. Er nú svo komið, að margar fiskvinnslustöðvar þar eru ýmist alls ekki reknar eða reknar með hálfum afköstum, jafnvel á hávertíðinni. Er þetta ástand svo alvarlegt, að það verður að teljast hrein ögnun við atvinnuöryggi þess fjölda, sem vinnur við sjávarútveg og aðrar atvinnugreinar á Suðurnesjum. Ber brýna nauðsyn til sérstakra aðgerða til að koma í veg fyrir algert hrun framleiðslunnar á þessu svæði. Þarf þar bæði að verða um skjótvirkar bráðabirgðaráðstafanir að ræða og undirbúning að tillögugerð um nýja og bætta frambúðarskipan mála, þar sem atvinnuöryggi fólksins yrði haft í fyrirrúmi og tryggt eftir föngum.

Margar samverkandi ástæður valda því, hversu sjávarútvegur á Suðurnesjum er illa á vegi staddur um þessar mundir. Miklu veldur að sjálfsögðu minnkandi afli á veiðislóðum Suðurnesjaflotans, svo og óhagkvæmari samsetning aflans en áður var. Þá verður ekki fram hjá því gengið, að óeðlilegur fjöldi vanbúinna frystihúsa og annarra fiskverkunarstöðva og lélegt ástand margra þeirra á hér stóran hlut að máli. Sú endurnýjun skipastóls og fiskiðjufyrirtækja, sem víða hefur átt sér stað á þessum áratug og gerbreytt hefur rekstri og afkomuhorfum jafnt fólks sem fyrirtækja, hefur í mjög litlum mæli náð til Suðurnesja. Víða annars staðar hafa frystihús gjörsamlega skipt um svip og eru nær óþekkjanleg frá því sem áður var. Þar hefur á myndarlegan hátt verið komið til móts við nútímakröfur um aukið hreinlæti, minni mengun og bættan aðbúnað starfsfólks, jafnframt því sem tæknibúnaður hefur verið endurnýjaður og meðferð hráefnisins, geymsla þess og nýting er stórum betri en áður. Allt tryggir þetta öruggari og betri rekstur en ella. Á Suðurnesjum hefur verið nær alger stöðnun í þessum efnum undanfarin ár. Þar hefur sáralítil endurnýjun átt sér stað, og eru frystihús þar um slóðir því mjög vanbúin að flestu leyti miðað við nútímakröfur. Á þessu svæði eru alls um 100 fiskverkunarstöðvar, þar af um 20 frystihús, og gefur auga leið, að slíkur fjöldi er afar óhagkvæmur, hvort sem litið er á fjárfestingu eða rekstur. Er og svo komið, að allur þorri frystihúsa auk fleiri fiskvinnslustöðva á svæðinu, er gersamlega vanbúinn að húsakosti og tækjum og hefur orðið að fá margvíslegar undanþágur frá gildandi starfsreglum, m. a. um hollustuhætti, og hefur af þeim ástæðum legið við lokun sumra þeirra. Skortir víða stórlega á að vatnslagnir og skolplagnir séu í sæmilegu lagi, og undantekningalítið er frágangur á umhverfi fiskvinnsluhúsa á Suðurnesjum í hrópandi ósamræmi við það sem nú er krafist í reglum um hreinlæti og hollustuhætti.

Um nokkurt skeið hefur verið sýnt að hverju fór um útgerð og fiskverkun á Suðurnesjum. Hið skipulagslausa „einkaframtak“, þar sem allt of mörg vanbúin fyrirtæki kepptu um siminnkandi afla, hlaut að komast í þrot. Aldrei hefur ástandið í þessum efnum þó verið jafnillt og nú, þegar margar verkunarstöðvar eru lokaðar í upphafi vetrarvertíðar og lokun vofir yfir hjá öðrum. Undanfarin missiri hafa allmörg af nýrri og betri fiskiskipum Suðurnesjaflotans verið seld í aðra landshluta, bæði vélskip og togarar, og enn munu slíkar sölur vera í undirbúningi.

Ekki þarf að hafa um það mörg orð, hversu víðtækar eru afleiðingar langvinnra og sívaxandi rekstrarörðugleika fyrirtækja sjávarútvegs á Suðurnesjum. Slíkt ástand hefur lamandi áhrif á flestan annan rekstur. Fyrst verða fyrir skakkaföllum þjónustufyrirtæki þau sem næst útveginum standa, vélsmiðjur, dráttarbrautir og netagerðir, en brátt gætir afleiðinga þessa ástands miklu víðar. Sveitarfélögin lenda

í erfiðleikum, rafveitur, tryggingar og lánastofnanir, og síðast en ekki síst starfsfólkið við fiskiðnaðinn og sjómennirnir. Þegar fyrirtæki útgerðar og fiskiðnaðar hafa annaðhvort stöðvast eða skulda nær öllum viðskiptaaðilum sínum stórar upphæðir, hefur það keðjuverkanir og veldur svo alvarlegum kyrkingi í öllu atvinnulífi á svæðinu, að til ófarnaðar horfir.

Það ástand, sem nú er upp komið á Suðurnesjum, er svo alvarlegt, að bráðra úrbóta er þörf. Þær úrbætur verða þó harla lítils virði og síst til frambúðar, sem ekki miða að því að koma stórbættu skipulagi á allan rekstur sjávarútvegsfyrirtækja á svæðinu. Tillaga þessi er flutt til þess að leggja áherslu á nauðsyn nýrra og skipulegra vinnubragða við uppbyggingu útgerðar, fiskiðnaðar og nýrra iðngreina á Suðurnesjum. Suðurnes tákna í tillögu þessari sveitarfélög í Reykjaneskjördæmi sunnan Hafnarfjarðar. Er hér um að ræða útgerðarstaðina Voga, Njarðvíkur, Keflavík, Garð, Sandgerði, Hafnir og Grindavík. Sú er ein meginhugsun tillögunnar, að kleift sé og nauðsynlegt að skipuleggja sjávarútveg og fiskiðnað á þessu svæði í heild með tilliti til atvinnuþarfa fólks og þjóðhagslegrar hagkvæmni við fjárfestingu og rekstur. Þar eiga að vera einkar góðir möguleikar á margvíslegri samvinnu og verkaskiptingu, bæði við hráefnisöflun, löndun og vinnslu sjávarafurða. Fjarlægðir milli útgerðarstaða eru tiltölulega litlar, vegir góðir og yfirleitt með varanlegu slitlagi og lokun þeirra vegna snjóa nær óþekkt.

Helstu fiskimið Suðurnesjamanna hafa löngum verið aflasæl á vetrarvertíð og þá að jafnaði ekki langróið. Hér hafa að vísu orðið töluverðar breytingar á síðustu árum vegna hins alvarlega ástands fiskstofna við landið. Þó er það enn svo, að aflinn á vetrarvertíð er meginuppistaða ársaflans af bolfiski og veiðarnar fyrst og fremst stundaðar af meðalstórum vélbátum sem róa daglega úr landi, ýmist með línu eða þorskanet. Veiðar lítilla og meðalstórra togbáta eru einnig nokkrar. Helsta nýbreytnin er sú, að nokkrir togarar hafa bæst í Suðurnesjaflotann síðustu missirin, en óvissa ríkir um framtíð þeirrar útgerðar, og tveir togaranna eru raunar þegar seldir í aðra landshluta.

Það er alkunna, að árstíðadreifing afla er mjög mismunandi eftir landshlutum og ræðst bæði af afstöðunni til miða og útgerðarháttum. Sveiflur aflamagns eftir árstíðum hafa óvíða verið meiri en á Suðurnesjum, þar sem 50—60% ársaflans hafa einatt borist á land á tveimur til þremur aflahæstu mánuðum ársins og yfir 80% á sex hæstu mánuðum ársins. Slíkar sveiflur valda að sjálfsögðu margvíslegum erfiðleikum fyrir alla aðila. Þetta hefur að vísu tekið dálitlum breytingum síðustu árin með tilkomu skuttogara og minnkandi aflamagni á hávertíð, en er þó enn verulegt vandamál. Hlýtur það að teljast eitt meginverkefni við áætlunargerð um skipulag útgerðar og fiskvinnslu á þessu svæði að tryggja jafnari hráefnisöflun allt árið og þar með jafnari atvinnu.

Utan vetrarvertíðar má gera ráð fyrir að afli sé einatt lítill á nálægum miðum Suðurnesjamanna. Þá verður um langsókn að ræða til miða fyrir Suðvesturlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum. Virðist ljóst, að eins og nú háttar fiskgengd og fiskmagni hér við land sé bátaflota einum um megn að tryggja þá hráefnisöflun utan vetrarvertíðar, sem hlýtur að teljast grundvöllur sæmilegrar afkomu fólks á þessu svæði. Er ekki annað sjáanlegt en sú sókn verði öðrum þræði að byggjast á togurum.

Flm. tillögu þessarar leggja á það áherslu, að kannað verði sérstaklega með hverjum hætti best verði tryggð útgerð hæfilega margra togara, sem þjónuðu Suðurnesjasvæðinu öllu. Varðandi eignaraðild og rekstrarform slíkrar togaraútgerðar Suðurnesja virðist einsætt að sækja fyrirmyndir þangað sem útgerð á félagslegum grundvelli hefur gefið hvað besta raun. Telja verður æskilegt að aðild sveitarfélaga á svæðinu komi til, og þau verði ef til vill burðarás slíkrar útgerðar, hugsanlega með þátttöku fiskvinnslustöðva og fleiri aðila. Kanna þarf enn fremur, með hverjum hætti fulltrúar sjómanna og landverkafólks geta öðlast raunverulegt áhrifavald um rekstur slíks fyrirtækis, sem fyrst og fremst er ætlað það hlutverk að tryggja sem öruggasta og jafnasta atvinnu allt árið.

Veigamikill þáttur þeirrar áætlunar, sem gera þarf um framtíðarskipan útgerðar og fiskvinnslu á Suðurnesjum, eru tillögur um fjármögnun nauðsynlegra framkvæmda. Lánastefnu fjárfestingarsjóða þarf að samræma sem mest þeim fyrirætlunum um atvinnuuppbyggingu á svæðinu, sem tillögur verða gerðar um.

Við áætlunargerð þá, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir, ber að stefna að því, að hægt verði að tryggja öllu verkfæru fólki á Suðurnesjum örugga atvinnu við íslenskan atvinnurekstur af ýmsu tagi. Eins og kunnugt er, vinnur nú allmikill fjöldi fólks á vegum Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli eða í tengslum við dvöl herliðsins. Telja flm. þessarar tillögu einsætt að miða áætlunargerðina við það, að því annarlega ástandi ljúki sem fyrst og fjölþættur innlendur atvinnurekstur í byggðum Suðurnesja komi þar í staðinn.

Að lokum skal lauslega drepið á nokkra möguleika, sem virðast vera fyrir hendi til að auka fjölbreytni atvinnulífs á svæðinu.

Ljóst er að Suðurlandssíld á með hóflegri veiði og skynsamlegri nýtingu að geta orðið mikil búbót og góður atvinnuauki á komandi árum. Telja verður hagkvæmt að nota aðstöðuna á Suðurnesjum til að fullvinna margháttaða vöru úr þessu góða og dýrmæta hráefni. Þarf að kanna hagkvæmni þess að koma upp a. m. k. einni niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðju síldar og fleiri fiskafurða á svæðinu.

Með vaxandi síldarsöltun á Suðurlandi virðist fyllilega tímabært að koma upp tunnuverksmiðju, og yrði slík verksmiðja einkar vel staðsett á Suðurnesjum.

Bent skal á þá möguleika, sem í því kunna að felast að stunda í stórum stíl fiskrækt í hæfilega heitum jarðsjó. Til þess eru talin sérlega góð skilyrði á Suðurnesjum, þar sem er annars vegar jarðsjórinn og hins vegar hráefni frá fiskvinnslustöðvum, en slík starfsemi byggist á nýtingu fisks og fiskúrgangs. Er þegar verið að hefja lokatilraunir með slíka ræktun „laxbirtings" í Grindavík og framleiðslu í smáum stíl. Sé það rétt, sem ýmsir telja, að fiskrækt með þessum hætti eigi framtíð fyrir sér, hlýtur að fylgja í kjölfarið niðursuðuiðnaður og önnur fullvinnsla á þeim fiski — laxi og silungi — sem ræktaður yrði.

Þá er nauðsynlegt að kanna hugmyndir um framleiðslu rafmagns, þar sem jarðgufa yrði notuð. Er talið, að slík rafmagnsframleiðsla geti auðveldað ýmsa þá iðnaðarframleiðslu, sem háð er raforku á hóflegu verði.

Aðeins skal drepið á væntanlega saltvinnslu. Stofnað hefur verið fyrirtæki til að reisa tilraunaverksmiðju til vinnslu salts úr heitri jarðgufu og verður verksmiðjan byggð við jarðhitasvæðið á Reykjanesi. Gert er ráð fyrir að þessi litla verksmiðja geti tekið til starfa á þessu ári. Hér er að sjálfsögðu um tilraun að ræða, en við hana eru óneitanlega bundnar allgóðar vonir.

Naumast verður því lengi skotið á frest að reisa hér við Faxaflóa a. m. k. eina fullkomna fiskimjölsverksmiðju, en allur verksmiðjukostur okkar á því sviði er úreltur og á engan hátt sambærilegur við það sem nú gerist hjá nálægum þjóðum. Verksmiðjurnar eru allar eldþurrkunarverksmiðjur, gagnstætt því sem gerist hjá keppinautum okkar, sem yfirleitt reka verksmiðjur búnar til gufuþurrkunar. Talið er, að fullkomin verksmiðja með gufuþurrkun sé forsenda þess, að fiskimjölsiðnaðurinn geti þróast eðlilega. Skal í því sambandi bent á þá merku tilraunastarfsemi, sem fram fer í því skyni að hagnýta fiskimjöl til manneldis. Forsenda slíkrar framleiðslu er fullkomin, nútímaleg verksmiðja. Líklegt má telja, að beislun jarðgufu til þessara nota muni reynast hagkvæm. Telja flm. þessarar tillögu einsætt að rannsakað verði, hvort ekki sé hagkvæmt að reisa slíka fyrsta flokks verksmiðju með gufuþurrkun á Suðurnesjum.

Enda þótt hér hafi fyrst og fremst verið bent á ýmsa möguleika í sambandi við bætt skipulag sjávarútvegs og aukna fjölbreytni fiskiðnaðar, þarf jafnframt að rannsaka skilyrði til að reka á Suðurnesjum margvíslegan iðnað af öðru tagi. Verður að telja mjög sennilegt að slíkt sé tiltölulega hagkvæmt, einkum ef um ódýra raforku yrði að ræða. Ber í þessu sambandi að hafa í huga þörfina á að

koma upp margs konar léttum iðnaði fyrir aldraða og öryrkja, og kynni oft að vera hægt að tengja slíkan iðnað öðrum rekstri.

Hér er mikið verkefni fyrir höndum. Alhliða uppbygging þróttmikils og fjölþætts atvinnurekstrar á Suðurnesjum gerist að sjálfsögðu ekki öll í einu eða á mjög skömmum tíma. En aðstæður eru nú þannig, að nauðsynlegt er að hefjast þegar handa og stíga fyrstu sporin strax á þessum vetri. Skiptir þá meginmáli, að í rétta átt sé stefnt og bráðabirgðaaðgerðir verði fyrsti liður þeirrar nýskipunar til frambúðar, sem þarf að verða takmarkið. Tillaga þessi er flutt í því skyni að leggja áherslu á nauðsyn Suðurnesjaáætlunar af því tagi, sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Hinar fyrstu aðgerðir þurfa að koma fljótt, en þær eiga að verða upphaf framtíðarlausnar, sem miðar að því að tryggja öllum íbúum Suðurnesja örugga atvinnu við þjóðnýt störf.

Sþ. 35. Tillaga til þingsályktunar [32. mál]

um verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að stuðla hið fyrsta að því, að hið fjölþætta lífríki Breiðafjarðar verði kannað og verndað, eftir því sem þurfa þykir, í samráði við heimamenn og náttúruverndarsamtök.

Greinargerð.

Breiðafjarðarbyggðir hafa löngum verið rómaðar fyrir fegurð og landkosti. Í eyjunum var víða fjölbýlt áður fyrr. Um Bjarneyjar er þess getið t. d., að þar hafi verið 8 búendur árið 1703, þegar fyrsta manntal var tekið á Íslandi. Þar er elsta veiðistöð landsins að því er sögur herma. Auðug fiskimið og gagnsöm eyjalönd Breiðafjarðar urðu matarforðabúr fjölda fólks, þegar harðæri og hungur svarf að víða um land. „Hvergi á Íslandi er gagnsamara," er haft eftir hinum sögufróða sýslumanni Jóni Espólín. Gömul vísa um hlunnindi Reykhóla er svona:

Söl, hrognkelsi, kræklingur,
hvönn, egg, revr, dúnn, melur,
kál, ber, lundi, kolviður,
kofa, rjúpa, selur.

Breiðafjarðareyjar eru óteljandi. Þær skiptast í tvo meginflokka: Vestureyjar á norðanverðum firðinum og Suðureyjar í mynni Hvammsfjarðar. Nú eru flestar eyjanna í auðn nema Flatey og nokkrar aðrar eyjar í Flateyjarhreppi. Af Suðureyjum er Brokey í byggð og Purkey. Akureyjar í Gilsfirði eru að byggjast aftur. Víst má telja, að byggð í eyjunum nái aldrei því marki, sem áður var. En mikilvægt er að reyna að búa í haginn fyrir það fólk, sem enn býr í eyjunum. Sannleikurinn er sá, að búsetan er besta verndin gegn hvers konar ágangi og ránvrkju aðvífandi manna og dýra. Eyjabúar lærðu snemma að lifa í sátt við umhverfi sitt og nytja hlunnindi lands og sjávar í hófi. Þó að náttúran veiti oft vel úr nægtabúri sínu, verður hún að hafa nægan tíma og frið til eðlilegrar endurnýjunar. Hvers konar ránvrkja og heimtufrekja á þessu sviði hefnir sín, þegar til lengdar lætur.

Að undanförnu hefur athygli áhugamanna um náttúruvernd beinst að Breiðafjarðarsvæðinu. Komið hefur fram, að æskilegt væri, að sett yrðu sérstök lög um friðun Breiðafjarðar, þar sem hliðsjón væri höfð af lögum um friðun Mývatnssveitar frá 1974. Laugardaginn 14. þ. m. var haldinn fundur í Búðardal á vegum Náttúruverndarsamtaka Vestfjarða og Vesturlands, þar sem málefni þetta var rætt og nefnd sett á laggirnar til að vinna að framgangi þess. Ekki er þó talið, að bráður háski vofi yfir Breiðafirði að þessu leyti, á hinn bóginn sé eðlilegt og sjálfsagt að athuga

þessi mál í tæka tíð og gera viðeigandi ráðstafanir, ef þufa þykir. Bent er á, að lífríki fjarðarins sé mjög fjölskrúðugt og svæðið allt sérlega áhugavert. Innan vébanda þess megi telja fjórðung af strandlengju landsins. Þar séu fjöruflákar og leirur miklar, sem skipta miklu máli fyrir ýmsa fuglastofna, enda sé þar heimkynni fjölmargra fugla- og dýrategunda af ýmsu tagi: Um 90% af toppskarfi og um 80% af dílaskarfi þeim, sem hér er, og verulegur hluti af lundastofni landsins. Þar sé að finna um ⅔ af hinum fáliðaða arnarstofni hins íslenska dýraríkis. Lífríki fjarðarins sé merkilega fjölþætt og þróttmikið. Ekki verði talin ástæða til að gera svæðið að þjóðgarði að lögum. Á hinn bóginn sé full ástæða til að vera á varðbergi, fylgjast vel með þróun mála, en nýta jafnframt gæði láðs og lagar að hóflegu og skynsamlegu marki.

Reynslan kenndi mönnum að gera vissar ráðstafanir, sem þeir töldu að til gagns mættu verða. Sem dæmi má nefna, að selaskot á Breiðafirði voru bönnuð með lögum nr. 30 frá 27. júní 1925. Uppidráp og írekstrarveiði lögðust niður. Hitt er svo annað mál, að nú telja sumir, að selnum hafi fjölgað nokkuð mikið. Sjaldan eða aldrei þraut fisk í Breiðafirði áður fyrr. En þegar hin stórvirku fiskiskip komu til sögunnar (togarar), brá til hins verra. Fiskigöngurnar voru beinlínis eltar og veiddar áður en þær náðu að ganga inn á fjörðinn. Og oft og iðulega var svo að segja þvergirt með netum fyrir fjarðarmynnið á vertíð, svo að fiskur átti vægast sagt mjög ógreiða leið inn á Breiðafjörð. Með lögum um veiðar í botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni frá 1973, sem undirbúin voru af fiskveiðilaganefnd, og seinni endurskoðun þeirra laga, var friðun aukin á Breiðafjarðarsvæðinu. Erfitt er að ná heildarsamkomulagi um slíka lausn. Flestir heimamanna lögðu áherslu á algera friðun Breiðafjarðar fyrir togveiðum, og sérstaklega vöruðu menn við því að leyfa stórum og afkastamiklum fiskiskipum að veiða nálægt grunnlínu við utanvert Snæfellsnes. „Aðalfiskigöngurnar koma inn Kolluál og skiptast um Jökultunguna (Jökulgrunn). Hluti göngunnar heldur áfram inn Kolluál inn á Breiðafjörð, hinn hlutinn gengur um Jökuldjúpið.“ Á þetta var rækilega bent og áhersla lögð á, að gera yrði fiskinum mögulegt að ganga inn á fjörðinn.

Heimamönnum er fullljóst, að hæfileg friðun er nauðsynleg. En þeir, sem fiskveiðar stunda, verða líka að lifa. Þess vegna verður að hagnýta auðæfi hafsins bæði með kappi og forsjá. Þar kemur þekkingin og reynslan að góðu haldi. Langt er síðan sú regla var upp tekin að frumkvæði útvegsmanna og sjómanna við Breiðafjörð að hlífa firðinum við netaveiðum. Samkvæmt reglugerð frá 1977 (áður reglugerð frá 19. febr. 1969) eru nú þorskfiskveiðar í net bannaðar allt árið á Breiðafirði innan línu, sem dregin er úr Skorarvita, um suðvesturhorn Selskers, í Eyrarfjall við Grundarfjörð. Reglugerðarákvæði þessi eru sett skv. heimild í lögum frá 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Árið 1956 fluttu alþingismennirnir Sigurður Ágústsson og Friðjón Þórðarson tillögu til þingsályktunar um fiskirannsóknir á Breiðafirði og innfjörðum hans. Tillaga sú var samþykkt á Alþingi 31. maí 1957. Í greinargerð var vikið að því, að telja mætti öruggt að í Breiðafirði og innfjörðum hans væru miklar uppeldisstöðvar margs konar góðfisks. Bent var m. a. á aflasæl kolamið og rækjumið, sem orðið hafi vart við í innfjörðunum við norðanverðan Breiðafjörð. Í umsögn fiskideildar atvinnudeildar Háskólans um tillögu þessa, dags. 8. nóv. 1956, segir svo m. a.:

„Litlar fiskirannsóknir hafa verið gerðar á Breiðafirði, miðað við aðra landshluta, einna helst á þekktum fiskislóðum á utanverðu Snæfellsnesi, en ekkert á innfjörðum Breiðafjarðar. Sennilega er Breiðafjörður mikil uppeldisstöð ungfisks, og er æskilegt, að á því væru gerðar kerfisbundnar rannsóknir á líkan hátt og í Faxaflóa. Æskilegt væri og að vita, hvaða þýðingu Breiðafjörður hefur sem uppeldistöð fyrir íslenska fiskistofna almennt, og mundu merkingar geta skorið úr um það ...“

Á síðari árum hafa rannsóknir að sjálfsögðu farið í vöxt. Nefna má, að fyrir nokkrum árum var ákveðið að setja á fót í Ólafsvík útibú frá Hafrannsóknastofnuninni. Þótti það mjög við hæfi.

Hvammsfjörður er einn mesti fjörður landsins, 45 km á lengd og 10—12 km á breidd, en mjög misdjúpur. Margir hafa undrast að þar skuli engan fisk að fá, en fjörðurinn er lítt kannaður. Í Saurbæ við Gilsfjörð var talin besta sölvafjara landsins. Þar átti Hóladómkirkja sölvaítak, meðan sölvatekja var talin til meiri háttar hlunninda.

Heita má, að æðarvarp sé horfið úr Suðureyjum Breiðafjarðar. Til þess liggja þrjár meginástæður: 1) Eyjabyggðin leggst í eyði. Þá er ekki hægt að sinna varpinu eins vel, jafnvel þótt eyjarnar séu nytjaðar frá landi. 2) Vargfugli fjölgar gífurlega. Hann lifir góðu lífi við verstöðvarnar á vertíðinni, en flykkist í eyjarnar á vorin. Svartbakurinn er hin versta plága í æðarvarpi. 3) Minkurinn er og hinn allra mesti vágestur í varplöndum, sem engu lífi eirir. Hann hefur ekki náð fótfestu í Vestureyjum, en í Suðureyjum hefur hann gert mikinn usla. Á stöku stað hefur þó tekist að halda minkaplágunni í skefjum með veiðihundum. Ekki verður hjá því komist að hefja harðari og samræmdari aðgerðir en hingað til hefur verið beitt gegn flugvargi og minkaplágu, ef æðurin á ekki að verða aldauða á þessum slóðum. Áhugi manna hefur vissulega vaknað fyrir æðarrækt, þessari nytsömu og þjóðlegu búgrein. Æðarræktarfélag Íslands var stofnað 1969. Nefna má og, að snemma á s.l. ári var stofnað Æðarverndarfélag Stykkishólms.

Fullrar aðgæslu er vissulega þörf, þegar hafist er handa um nýtingu náttúruauðlinda, sem áður hafa að mestu verið ónotaðar. Má þar til nefna rækju og skelfisk. Rækjuvinnsla hófst í Grundarfirði vorið 1969. Á því ári fengust þar um 100 tonn upp úr sjó. Að undanförnu hafa rækjuveiðar legið niðri sökum þess, hve mikið af fiski er í uppeldi á miðunum. Um 1970 hófust skelfiskveiðar á Breiðafirði. Nú er skelvinnsla orðin ein af höfuðgreinum atvinnulífs í Stykkishólmi. Á Alþingi 1970 flutti undirritaður, ásamt fleiri alþm., tillögu til þingsályktunar um rannsókn og skipulag skelfisk- og rækjuveiða á Breiðafirði. Var hún samþykkt sem þingsályktun 5. apríl 1971 og hljóðar svo:

„Alþingi skorar á sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir því, að settar verði nú þegar reglur um skelfiskveiðar á Breiðafirði. Jafnframt verði áhersla lögð á aukna leit að rækju, skelfiski og öðrum slíkum verðmætum á þessum slóðum með skynsamlega hagnýtingu fyrir augum."

Segja má, að þessar tvær atvinnugreinar hafi þróast með eðlilegum hætti undir umsjá ráðuneytis og Hafrannsóknastofnunar. Hefur í hvívetna verið farið að ráðum þeirra, sem best vita og þekkja til í þessum efnum.

Ekki má gleyma í þessu sambandi að minnast örfáum orðum á Þörungaverksmiðjuna á Reykhólum. Það fyrirtæki hefur átt við mikla byrjunarörðugleika að etja, en nú virðist vera að rofa til að því er kunnugir telja. Við hráefnisöflun og önnur umsvif slíkrar verksmiðju þarf að fara að öllu með gát. Er mér og tjáð, að forráðamenn hennar hafi sýnt fullan skilning á þessum málum.

„Búsetan er besta verndin," segja ýmsir þeir sem vernda vilja eyjarnar og umhverfi þeirra. Af þessu leiðir, að revna verður að búa sem best í haginn hjá því fólki, sem enn byggir eyjarnar. Eitt af því, sem sérstaklega verður að hafa í huga, er að auðvelda eyjafólki að hafa samband við umheiminn. Þar kemur til athugunar að bæta samgöngur á sjó og í lofti, þar sem því verður við komið. Flóabátur verður hér eftir sem hingað til að halda uppi ferðum frá Stykkishólmi yfir Breiðafjörð um Flatey til Barðastrandar og veita eyjabúum og öðrum íbúum Breiðafjarðarbyggða þá þjónustu, sem best er unnt að láta í té með viðráðanlegum hætti. Einnig verður að auðvelda hinum fjölmörgu ferðamönnum, sem skoða vilja eyjarnar og fjörðinn, að njóta dásemda umhverfisins og komast leiðar sinnar. Hyggja verður vandlega að því, á hvern hátt óbyggðar eyjar verða best verndaðar gegn hvers konar ásælni og eyðileggingu á komandi tímum.

Eins og áður segir má ljóst vera, að lífríki Breiðafjarðar er bæði fjölbreytt og bróttmikið. Hér að framan hafa nokkur atriði verið nefnd, stiklað á stóru, numið staðar við örfá kennileiti þessa mikla og víðlenda ríkis. Þrátt fyrir ýmsar gagnlegar

athuganir og rannsóknir á undanförnum árum er margt ókannað enn. Nú er t. d. verið að huga að kúfiskveiðum og vinnslu í Stykkishólmi. Fleira mætti nefna, sem of langt yrði upp að telja að sinni.

Þegar horft er fram á veginn og hugað að nýjum leiðum, verður ævinlega að taka mið af þeirri þekkingu og reynslu, sem tiltæk er, og kosta jafnframt kapps um að varðveita það, sem með engu móti má glatast.

Sþ. 36. Tillaga til þingsályktunar [33. mál]

um niðurfellingu aðflutningsgjalda og söluskatts á vélum, tækjum og öðrum búnaði til fiskiðnaðar.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Guðmundur Karlsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um nauðsynlegar lagabreytingar, svo að niður falli aðflutningsgjald, vörugjald og söluskattur á vélum, tækjum og öðrum búnaði til fiskiðnaðar, og leggja það fyrir yfirstandandi þing.

Greinargerð.

Óþarft er að fjölyrða um nauðsyn þess, að íslenskur fiskiðnaður búi jafnan við bestu rekstrarkjör. Hér er um að ræða iðnað, sem mesta þýðingu hefur fyrir heildarlífskjör þjóðarinnar og gjaldeyrisöflun. Íslenskur fiskiðnaður á við harða samkeppni að stríða á helstu fiskmörkuðum heims. Er þýðingarmikið, að þannig sé að honum búið hérlendis að fiskiðnaðurinn sé vel í stakk búinn til að mæta samkeppninni við erlenda keppinauta. Mikilvægt atriði í þeim efnum er fólgið í aukinni vélvæðingu. Á það sérstaklega við um hraðfrystiiðnaðinn, en aukin notkun véla og tækja í öðrum greinum fiskiðnaðar hefur einnig mikla þýðingu.

Það er álit flutningsmanna, að með niðurfellingu þeirra gjalda, sem þingsályktunartillagan nær til, sé gengið nokkuð til móts við þarfir fiskiðnaðarins í þessum efnum.

Sþ. 37. Fyrirspurn [34. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra varðandi framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá Alexander Stefánssyni.

1) Hvenær má vænta þess, að gefnar verði út reglugerðir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, sbr. nú 2. mgr. 19. gr. laga nr. 57/1978?
2) Hvernig er háttað greiðslum sjúkrasamlaga til heilsugæslustöðva og lækna heilsugæslustöðva?
3) Hefur verið sett gjaldskrá um greiðslu sjúkrasamlaga til heilsugæslustöðva skv. 20. gr. laga nr. 57/1978, sbr. áður lög nr. 56/1973, um heilbrigðisþjónustu?
4) Hvað líður gerð áætlunar um byggingu heilbrigðisstofnana skv. 33. gr. laga um heilbrigðisþjónustu og hver eða hverjir taka ákvarðanir um stærð og gerð slíkra stofnana, þ. á m. húsaða fyrir lækna og hjúkrunarfólk?
5) Eru væntanlegar ráðstafanir af hálfu heilbrigðismálaráðuneytisins til að jafna þann mikla aðstöðumun sveitarfélaga, sem er varðandi greiðslu kostnaðar við rekstur þeirra heilsugæslustöðva, sem ekki eru reknar í beinum tengslum við sjúkrahús?

Sþ. 38. Tillaga til þingsályktunar [35. mál]

um 10 ára áætlun um bundið slitlag á vegum.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Jón Helgason, Alexander Stefánsson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um að leggja bundið slitlag á hringveginn umhverfis landið til Vestfjarða og um Snæfellsnes og um fjáröflun til þeirra framkvæmda.

Miða skal við að vinna verkið á 10 árum, en dreifa kostnaði á lengri tíma með lántökum.

Áætlun þessa skal fella að hinni almennu vegáætlun og öðrum framkvæmdaáætlunum landsmanna á sama tíma.

Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi, þegar það kemur saman að ári.

Greinargerð.

Á nokkrum áratugum hafa Íslendingar lagt vegi um allt land og brúað árnar svo akfært er heim að hverju byggðu bóli. En slík er fjölgun bifreiða og svo örar eru breytingar á atvinnu og lifnaðarháttum, að til vandræða horfir hversu seint sækist að byggja upp vegakerfið. Ófullkomin uppbygging vega í snjóahéruðum, takmarkað burðarþol eldri vega og hrjúft yfirborð malarveganna tálmar greiðri umferð. Vöntun bundins slitlags veldur miklum viðhaldskostnaði á vegunum sjálfum. Af sömu ástæðum verður notkun eldsneytis og einkum viðhald ökutækja margfalt meira en ella. Er nú svo komið, að flestir eru á einu máli um að brýna nauðsyn beri til að vinna að endurbótum vegakerfisins með meiri hraða en nú á sér stað.

Með þessari tillögu er lagt til að taka sérstaklega fyrir ákveðinn og alldýran þátt vegaframkvæmda og vinna að honum með samfelldu átaki á tiltölulega skömmum tíma, en dreifa greiðslu kostnaðar á lengri tíma með lántökum. Aðrar vegaframkvæmdir mundu ekki líða við þetta, heldur þvert á móti. Án sérstakra ráðstafana hlýtur lagning bundins slitlags á aðalvegi að krefjast mjög verulegra fjármuna af hinni almennu vegáætlun á næsta áratug.

Nú hefir geisað verðbólga og er því þörf aðhaldssamrar stefnu í efnahagsmálum. Eigi að síður verður þjóðin að undirbúa stór átök í framfaraátt, bæði almennt og á þeim sviðum sem rétt þykir að njóti nokkurs forgangs. Að láta það ógert væri fjarri öllu lagi og hið mesta óráð.

Við höfum um hríð notað mikið erlent lánsfé og er þörf aðgæslu á þeim pósti. Það fer þó ekki milli mála að skynsamlegt hefur verið að flýta ýmsum framkvæmdum, t. d. við varmaveitur, á þann hátt, enda skila þær ágætum arði og spara dýrmætan gjaldeyri.

Við gerð áætlana samkvæmt tillögu þessari, ef samþykkt verður, þarf að gæta allrar hagkvæmni og meta hlutlægt kostnað og ábata af þeim framkvæmdum, sem þar um ræðir. En það er skoðun flutningsmanna að slíkt mat muni leiða í ljós beina arðsemi umræddra framkvæmda, auk hins óbeina hagnaðar, sem seint verður metinn til peningaverðs. Með sérstökum aðgerðum til að leysa þetta afmarkaða viðfangsefni vinnst tvennt í senn: að flýta lagningu bundins slitlags á aðalvegi og aukið svigrúm til annarra framkvæmda í vegamálum.

Sþ. **39. Tillaga til þingsályktunar** [36. mál]

um skipulagningu á fisklöndun til fiskvinnslustöðva.

Flm.: Lúðvík Jósepsson, Garðar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðuneytinu að undirbúa löggjöf um skipulag á fisklöndun til fiskvinnslustöðva með það að markmiði, að fiskiskipafloti landsmanna nýtist sem best til þess að tryggja fiskvinnslustöðvum sem jafnast og best hráefni til samfelldrar vinnslu.

Áhersla skal lögð á eftirfarandi meginatriði í hinu nýja skipulagi:

1. Landinu sé skipt í löndunarsvæði í samræmi við samgönguaðstæður og hagkvæm samskipti á milli fiskvinnslustöðva. Endanlegt ákvörðunarvald um svæðaskiptingu hafi hagsmunaaðilar á svæðunum.
2. Yfirstjórn á hverju löndunarsvæði sé í höndum heimaaðila á svæðinu, þ. e. a. s. í höndum fulltrúa fiskvinnslustöðva, útgerðaraðila og sjómanna og fiskvinnslufólks.
3. Stefnt sé að því að miðla hráefni á sem hagkvæmastan hátt á milli fiskvinnslustöðva þannig að vinna geti verið samfelld og hagkvæm í öllum vinnslustöðvum svæðisins.
4. Fiskafli sé fluttur í kældum og lokuðum flutningatækjum á milli vinnslustöðva eftir því sem þörf er á.
5. Að því sé stefnt, að fiskveiðiflotinn, sem veiðir fyrir svæðið, sé í góðu samræmi við afkastagetu vinnslustöðvanna.
6. Tryggt sé í væntanlegri löggjöf, að ríkissjóður leggi fram nokkurt fé til að koma skipulagningunni á og til þess að standa undir hluta af rekstri nauðsynlegra flutningatækja.

   Heimilt verði að taka nokkurt gjald af öllum lönduðum fiski á svæðinu til þess að standa undir sameiginlegum kostnaði.

Greinargerð.

Á loðnuvertíðinni veturinn 1973 var í fyrsta sinn tekið upp skipulag á löndun á loðnuafla til verksmiðjuvinnslu.

Allir, sem til þekkja, munu viðurkenna að starf loðnunefndar og það skipulag, sem ákveðið var með lögunum um löndun á loðnu til bræðslu, hafi orðið að miklu gagni, m. a. til að tryggja betri nýtingu loðnuverksmiðjanna og greiðari löndun aflans en áður var.

Sú reynsla, sem fengist hefur af skipulaginu á löndun loðnuaflans, hefur leitt hugann að því, að ekki væri síður þörf á að taka upp ný vinnubrögð varðandi löndun á öðrum fiskafla til fiskvinnslustöðvanna, sem dreifðar eru á mörgum stöðum víðs vegar um landið. Þegar útgerð hinna minni skuttogara hófst með nánum tengslum milli fiskveiða og fiskvinnslu, má segja að nýtt tímabil í fiskvinnslumálum hafi hafist hér á landi. Þá var fyrst fyrir alvöru farið að huga að nauðsynlegri samræmingu á milli veiða og vinnslu og að því að skipuleggja veiðarnar með tilliti til samfelldrar vinnu í fiskvinnslustöðvunum.

Áður hafði aðgreining fiskveiða og fiskvinnslu verið ráðandi og fiskibátarnir oftast í eigu annarra aðila en þeirra, sem áttu eða stjórnuðu fiskvinnslustöðvunum.

Nú er flestum orðið ljóst, að skilyrði þess, að vel takist með rekstur fiskvinnslustöðva, er að hráefnisöflun til stöðvanna sé örugg og sem jöfnust. Mikill afli, sem að berst á vissum tíma, er vinnslustöðvunum óhagkvæmur, ef hann er meiri en jöfn vinnsla ræður við. Á sama hátt er að sjálfsögðu hráefnisskortur mjög óhagkvæmur og veldur auk þess starfsfólkinu tjóni eða tekjutapi.

Þó að nokkuð hafi færst í betra horf með hráefnisöflun og jafnari vinnslu, er ástandið í þeim efnum langt frá því að vera gott. Á nokkrum stöðum má þó segja að tekist hafi sæmilega í þessum efnum, en á öðrum er ástandið mjög slæmt.

Og enn má finna þess mörg dæmi, að í sömu útgerðarstöð sé ástandið þannig, að um allt of mikinn afla sé að ræða í einni vinnslustöðinni, þegar hráefni vantar í aðra, eða allt of mikill afli berist á land í einu byggðarlagi á sama tíma og nálægt byggðarlag skortir hráefni til vinnslu.

Tillaga sú, sem hér er flutt, miðar að því, að tekist verði á við þann vanda, sem hér er um að ræða.

Eðlilegt er að sjávarútvegsráðuneytið hafi forgöngu í málinu og beiti sér fyrir að upp verði tekið nýtt skipulag á fisklöndun sem víðast í sjávarbæjum landsins.

Það er hugmynd flm. þessarar tillögu, að reynt verði að koma á víðtæku samstarfi allra þeirra sem hér eiga hlut að máli.

Eðlilegast sýnist að skipta landinu í nokkur fisklöndunarsvæði eftir aðstæðum. Þannig mætti t. d. hugsa sér allt Reykjanessvæðið sem eitt löndunarsvæði. Þar væri auðvelt að flytja fisk á milli byggðarlaga og fiskvinnslustöðva, eftir því sem hentugt þætti. Jafnframt yrði að því unnið að skipuleggja alla fiskvinnslu á svæðinu og hráefnisöflun fyrir svæðið, þannig að sem eðlilegast samræmi væri á milli veiða og vinnslu. Af slíku skipulagi ætti að leiða hagkvæmari rekstur og fullkomið vinnuöryggi þess fólks sem við vinnuna starfar. Hliðstæð löndunarsvæði yrðu á Austfjörðum, Vestfjörðum, á Norðurlandi vestra og eystra, á Norðausturlandi, á Snæfellsnesi og Vesturlandi og á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Miklu máli skiptir að koma á góðu samstarfi á milli byggðarlaga og þá um leið góðum og öruggum flutningum á hráefni milli staða. Til þess að slíkt takist vel þyrftu bílar að vera yfirbyggðir með kælingu og vel lagaðir til að taka við fiskkössum. Yfirstjórn á löndunarsvæðinu sæi um miðlun hráefnis, þannig að vinnslan yrði alls staðar sem hagkvæmust.

Með skipulagi af þessu tagi væri að því unnið að gera rekstur frystihúsa hliðstæðan rekstri góðra iðnfyrirtækja, eða iðnaðarverksmiðja. Þar yrði um að ræða jafna og stöðuga vinnu, vinnu sem væri miklu auðveldara að hagræða og skipuleggja með hliðsjón af rekstrarlegri hagsýni en nú er mögulegt í sveiflukenndum störfum.

Fiskiðnaðurinn er stóriðja okkar Íslendinga. Þá stóriðju þarf að skipuleggja og gera henni kleift að þróast, ekki aðeins til frumvinnslu hráefnis, heldur til fullkominnar matvælaframleiðslu.

Flm. leggja áherslu á, að skipulag af þeirri gerð, sem tillagan fjallar um, verður að þróast stig af stigi og með skilningi þeirra, sem hér eiga hagsmuna að gæta.

Löndunarsvæðin verða að ákveðast af heimaaðilum og þeir eiga að stjórna hinu nýja fyrirkomulagi. Ríkið á hins vegar að ýta undir þessa þróun og hafa áhrif á framkvæmdir.

Með skipulagi sem þessu verður fyrst hægt að ná tökum á gerð og stærð fiskiskipaflotans með tilliti til æskilegrar nýtingar fiskstofna og hagkvæmni í rekstri fiskvinnslu og veiða.

Fiskiskip landsmanna hafa lengst af verið af breytilegri gerð og ýmist í eigu einstaklinga eða félaga. Þannig verður það eflaust áfram um langan tíma, enda getur verið hagkvæmt að hafa í rekstri margvíslega gerð skipa, jafnt togara sem smærri báta.

Skipulag á veiðum og vinnslu þarf ekki að leiða til neinnar allsherjar samræmingar á gerð eða stærð fiskiskipanna né heldur á rekstrarformi.

Aðalatriðið er hins vegar að veiðin á hverjum tíma sé í samræmi við vinnslugetuna.

Breyting á gerð fiskiskipa og á útgerðarformi mun halda áfram, eftir því sem hentugt þykir og er í samræmi við ríkjandi aðstæður.

Skuttogarar af þeirri gerð, sem nú setur mestan svip á þorskveiðiflotann, hafa reynst vel. Þeir hafa ýmsa yfirburði til að tryggja nægilegt hráefni allt árið, umfram

það sem minni bátar hafa. Bátar af ýmsum stærðum og gerðum geta þó hentað mjög vel í ýmsum tilfellum og við sumar veiðar.

Það er tilgangur flm. með þessari tillögu að vekja athygli á miklu nauðsynjamáli og gera tilraun til þess að hafist verði handa um þá breytingu í fiskveiðum og fiskvinnslu sem hér hefur verið vikið að.

Nd. 40. Frumvarp til laga [37. mál]

um breyting á lögum nr. 74 1974, um meðferð opinberra mála.

Flm.: Finnur Torfi Stefánsson.

1. gr.

Við 61. gr. laga nr. 74 1974 bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Handtekinn maður á rétt á skipuðum réttargæslumanni þegar eftir handtöku og ber þeim, er handtöku framkvæmir, að skýra honum frá þessum rétti. Réttargæslumaður ber skyldur og réttindi sem verjandi eftir 86. gr. Handteknum manni er heimilt eftir handtöku að hafa samband við ættingja eða aðra vandamenn, nema sérstök ástæða sé til að ætla að það muni torvelda rannsókn málsins.

2. gr.

1. tölul. 67. gr. laga nr. 74 1974 falli niður.

3. gr.

3. málsliður 1. málsgr. 86. gr. laga nr. 74 1974 orðist svo:

Verjanda er heimilt að tala við sökunaut einslega, þegar hann er í gæslu, nema dómari hafi sérstakt tilefni til að telja hætu á, að rannsókn torveldist fyrir það.

Í 4. málslið sömu málsgreinar falli niður orðin: „enda þyki dómara það hættulaust vegna rannsóknar málsins“.

4. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta lýtur að skilyrðum til beitingar gæsluvarðhalds og réttarstöðu sakbornings og réttargæslumanns. Í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 frá 1974, er í 1. tölul. 67. gr. ákvæði um að gæsluvarðhaldi skuli að jafnaði beita „ef ætla má, að sökunautur muni torvelda rannsókn málsins, ef hann hefur óskert frelsi sitt, svo sem með því að afmá merki eftir brotið eða merki, er í sambandi við það standa, skjóta undan munum eða öðrum gögnum, er brotið varða, hafa áhrif á vitni eða samseka“. Heimild þessi er svo sem sjá má ákaflega víðtæk og lætur nærri að eftir henni sé ávallt unnt að úrskurða hvern þann í gæsluvarðhald, sem hafður er fyrir sökum eða grunaður um refsivert brot. Reynslan hefur sýnt að íslenskir dómstólar nota þessa heimild í ríkum mæli. Eru mörg dæmi þess, að menn, sem síðar reyndust saklausir, hafa þurft að sitja langtímum saman í varðhaldi. Enn fremur þekkist það, að mönnum er haldið inni lengur en brýnustu rannsóknarþarfir krefjast. Þetta á vafalaust rætur að rekja til þeirrar áherslu sem dómstólar leggja á að knýja fram játningu sökunauts, og er gæsluvarðhald áhrifaríkt tæki í því skyni.

Hin tíða notkun gæsluvarðhalds við rannsókn sakamála skapar óþolandi öryggisleysi fyrir fólk. Rangar sakargiftir geta auðveldlega orðið til þess, að menn verði hnepptir í gæsluvarðhald, og eru þess sorgleg dæmi. Auk þess stríðir hún gegn mannúðarsjónarmiðum. Þá leikur vafi á gagnsemi langrar gæsluvarðhaldsvistar frá

rannsóknarsjónarmiði, þar sem framburður fanga hættir að vera marktækur eftir langa innilokun. Er brýnt að gera hér breytingu á og þrengja skilyrði dómstóla til þess að úrskurða gæsluvarðhaldsvist.

Frumvarpið fjallar í annan stað um rétt handtekins manns til þess að fá skipaðan réttargæslumann. Samkvæmt lögum nr. 74 1974, 3. málsgr. 81. gr., er sakborningi ætíð heimilt að ráða sér réttargæslumann á eigin kostnað. Í ákveðnum tilvikum á hann einnig rétt á að fá sér skipaðan réttargæslumann, en í skipuninni felst það fyrst og fremst, að kostnaður réttargæslumannsins er greiddur úr opinberum sjóði. Skv. 1. tölul. 2. málsgr. 80. gr. laga nr. 74 1974 skal skipa sökunaut réttargæslumann eftir ósk hans meðan hann situr í gæsluvarðhaldi. Þessi réttur verður þó ekki virkur fyrr en við uppkvaðningu úrskurðar. Dómara er enn fremur heimilt skv. 4. mgr. 80. gr. laga nr. 74 1974, sbr. 14. gr. laga nr. 107 1976, að skipa sakborningi réttargæslumann við rannsókn máls hjá rannsóknarlögreglu og byggist það á mati dómarans á þörfum sakbornings.

Breytingin í 14. gr. laga nr. 107 1976 var skref í rétta átt, en náði of skammt, enda veltur þar mikið á, hvort dómara berist beiðni eða upplýsingar varðandi sökunauta, sem á vernd þurfa að halda. Er þetta sérlega bagalegt þegar um handtekna menn er að ræða sem ekki geta gætt þessa sjálfir. Er eðlilegast að þeir meti sjálfir þörf sína á réttargæslumanni og þurfi ekki að láta fjárhagsleg sjónarmið ráða því mati. Er ekki með öðru móti tryggt að þeir njóti réttinda sinna að lögum.

Frumvarpið lýtur í þriðja lagi að því að breyta réttarstöðu verjanda og réttargæslumanna. Það er grundvallaratriði til þess að aðstoð verjanda megi nýtast sakborningi, að þeir geti rætt við í einrúmi. Þetta er og meginreglan skv. núgildandi lögum. Á þeirri reglu eru þó takmarkanir, sem draga mjög úr gildi hennar og virðast að mestu óþarfar.

Samkvæmt 3. málsgr. 86. gr. laga nr. 74 1974 getur dómari meinað sakborningi í gæsluvarðhaldi og verjanda hans að ræða saman einslega ef hann telur „hættu á, að rannsókn torveldist fyrir það". Á sömu forsendum getur dómari neitað verjanda um að vera viðstaddur prófun sökunauts. Þessar takmarkanir geta auðveldlega komið í veg fyrir að sakborningur megi hafa þau not af verjanda sínum, sem lög ætlast til, og er því full ástæða til að gera hér breytingu á.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um rétt handtekins manns til skipaðs réttargæslumanns og auk þess um skyldu þess, er handtöku framkvæmir, til að upplýsa um þann rétt. Felst í því trygging fyrir því, að hinn handtekni maður fari ekki á mis við rétt sinn sökum vanþekkingar. Þá er í greininni ákvæði um rétt handtekins manns til þess að skýra nánustu vandamönnum frá því, hvernig málum hans er komið, og er sá réttur sjálfsagður og eðlilegur. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að hin almenna viðtæka heimild í 1. tölul. 67. gr. verði felld niður. Eftir standa aðrar heimildir greinarinnár, þar sem kveðið er á um sérstök tilvik þar sem beita má gæsluvarðhaldi. Verður að telja þær nægar til að fullnægja rannsóknarþörfum.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir að dómari þurfi að hafa sérstakt tilgreint tilefni til að banna verjanda að ræða einslega við sakborning. Þá er lagt til að verjandi, sem skipaður er áður en rannsókn er lokið, hafi ávallt rétt til að vera viðstaddur prófun sökunauts. Í þessu tilviki er ekkert tilefni til annars, þar sem rannsóknarmaður er jafnan viðstaddur prófun sakbornings.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 41. Frumvarp til laga [38. mál]

um breyting á lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978).

1. gr.

Í stað orðanna „sex mánuðum eftir að þau eru staðfest“ í 1. mgr. 54. gr. komi: 1. nóvember 1979.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum nr. 56, 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, er gert ráð fyrir því, að þau öðlist gildi 6 mánuðum eftir staðfestingu þeirra. Samkvæmt þessu eiga lögin að koma til framkvæmda þ. 16. nóvember 1978. Efni þessa frumvarps er lenging þessa gildistökufrests til 1. nóvember 1979 eða um tæpt eitt ár. Ýmsar ástæður eru til þess, að nauðsynlegt er að framlengja gildistökufrestinn. Í drögum að frumvarpi til laga um verðlagsmál, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem samin voru á árunum 1976—1977, var gert ráð fyrir eins árs gildistökufresti. Var það rökstutt með því, að hér væri um að ræða víðtæk nýmæli í íslenskum rétti, sem krefðust mikils undirbúningsstarfs. Um væri að ræða stefnubreytingu í verðlagsmálum, sett væri samkeppnislöggjöf, sem að öllu leyti væri nýmæli í íslenskum lögum og stefnt að stóraukinni opinberri neytendavernd. Áður en gengið var frá drögum þessum í endanlegt frumvarpsform, voru nokkrar breytingar gerðar á þeim, þ. á m. var gildistökufrestur styttur úr einu ári í sex mánuði. Þótti þegar sýnt, að þessi aðlögunartími væri of skammur nema strax væri tryggt fé til að standa straum af kostnaði við hinar víðtæku skipulagsbreytingar, sem lögin gera ráð fyrir. Þessar skipulagsbreytingar felast m. a. í því að koma þarf á fót nýjum stjórnvöldum til að annast framkvæmd laganna og endurskipuleggja hin eldri. Verðlagsráð kemur í stað núverandi verðlagsnefndar og verður skipan þess og hlutverki breytt verulega frá því sem nú er. Nýtt stjórnvald, samkeppnisnefnd, skal sett á stofn og á að hafa með höndum ákvörðunarvald í nokkrum mikilvægum málum. Ný stofnun, verðlagsstofnun, skal taka við af núverandi verðlagsskrifstofu, en verkefni verða mjög breytt frá því sem nú er og ýmiss ný bætast við sökum gjörbreyttra laga. M. a. skal starfa við stofnunina sérstök neytendamáladeild, sem skal annast framkvæmd V. kafla laganna, sem fjallar um ólögmæta viðskiptahætti og neytendavernd.

Sökum nýrra og breyttra verkefna þarf verðlagsstofnun á auknu og sérhæfðara starfsliði að halda en núverandi verðlagsskrifstofa hefur yfir að ráða.

Nokkur undirbúningur hefur farið fram vegna hinna nýju laga, en mjög margt er ógert ennþá og engar heimildir af hálfu fjárveitingavalds liggja fyrir til auknings eða breytinga á starfsliði. Óvissa í stjórnmálum allt s. l. sumar á verulegan þátt í því, að framgangur þessara mála hefur tafist.

Í samstarfsyfirlýsingu þeirra stjórnmálaflokka, er standa að núverandi ríkisstjórn eru ákvæði um, að gildistöku 8. gr. hinnar nýju verðlagslöggjafar skuli frestað.

Jafnframt er talið brýnt að fresta gildistöku laganna, þar sem nú stendur yfir sérstök rannsókn á innflutningsstarfseminni. Kann að reynast nauðsynlegt að gera

breytingar á lögunum í samræmi við niðurstöður rannsóknarinnar. Þá verður og til athugunar, hvort aðrar lagfæringar ber að gera á lögunum, t. d. á 8. grein þeirra.

Með tilliti til þeirra ástæðna, sem að framan eru greindar, þykir allt mæla með því, að gildistöku laganna í heild verði frestað, þannig að gildistökufrestur verði framlengdur til 1. nóvember 1979.

Nd. 42. Frumvarp til laga [39. mál]

um kjaramál.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

I. KAFLI
Um kjarasamninga og greiðslu verðbóta á laun

1. gr.

1. og 2. gr. laga nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum og lög nr. 63 24. maí 1978 um breyting á þeim lögum skulu falla úr gildi 1. september 1978.

2. gr.

Frá 1. september 1978 skal hámark verðbóta á mánuði fyrir fulla dagvinnu vera hið sama í krónutölu og reiknast samkvæmt ákvæðum almennra kjarasamninga, sem gerðir voru á árinu 1977 og á fyrstu fimm mánuðum 1978, á þau dagvinnulaun sem voru 200 000 krónur á mánuði miðað við verðbótavísitölu þá er gilti 1. desember 1977 til 28. febrúar 1978, sbr. þó 3. gr.

Hámark verðbóta skal breytast með áfangahækkun launa frá því í desember 1977.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, þar með hvað skuli telja laun fyrir fulla dagvinnu, m. a. samkvæmt kjarasamningum sjómanna.

3. gr.

Frá 1. desember 1978 og þar til um annað hefur verið samið skulu grunnlaun og tilhögun verðbóta á laun haldast óbreytt eins og ákveðið er frá 1. september 1978 samkvæmt almennum kjarasamningum, sem gerðir voru á árinu 1977 og á fyrstu fimm mánuðum 1978, og samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Um bætur almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976, nr. 53/1977, nr. 56/1977, nr. 3/1978 og nr. 91/1978

4. gr.

Bætur almannatrygginga, aðrar en fæðingarstyrkur, skulu taka sömu hlutfallshækkun 1. september 1978 og 1. desember 1978 og laun verkamanna þessa daga. Hækkun þessi skal einnig taka til greiðslna skv. 73. gr. laganna.

III. KAFLI
Um niðurfærslu vöruverðs og verðlagseftirlit

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka niðurgreiðslur vöruverðs frá því stigi sem gilti í ágústlok sem svarar 4.9% af verðbótavísitölu eins og hún er fyrir gildistöku þessara laga.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður sölugjald af einstökum matvörum eða matvöruflokkum, drykkjarvörum eða drykkjarvöruflokkum, sbr. lög nr. 10/1960 með áorðnum breytingum.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar lækkunar, svo og um bókhald og sölugjaldsframtal þeirra sem versla með þessar vörur.

7. gr.

Ekki má hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því sem var 9. september 1978 nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Frá 11. september 1978 skal lækka hundraðshluta verslunarálagningar sem því svarar að leyfð hefði verið álagning á 30% þeirrar hækkunar álagningarstofnsins, sem leiðir af hækkun á verði erlends gjaldeyris frá því gengi sem gilti 28. ágúst 1978, miðað við þá álagningarreglu sem gilti samkvæmt ákvörðun Verðlagsnefndar þann dag.

Ekki má hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum frá því sem var 9. september 1978 með breytingum skv. 2. mgr., nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og staðfestingu ríkisstjórnarinnar, sbr. 1. mgr. Gildir þetta einnig um hvers konar umboðslaun vegna sölu vöru eða þjónustu og um hvers konar álagningu sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vöru eða þjónustu, þar með vinnu.

Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. taka einnig til verðs hvers konar vöru og þjónustu sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þessara aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

Ríkisstjórnin getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.

IV. KAFLI

Um eignarskattsauka, sérstakan tekjuskatt og sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri til þess að standa undir kostnaði af niðurfærslu vöruverðs skv. III. kafla

8. gr.

Eignarskattsauki skal lagður á álagðan eignarskatt gjaldársins 1978 (skattársins 1977) skv. 26. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 63/1977 um breyting á þeim lögum, og ákvarðast hann þannig:

a. 50% af álögðum eignarskatti á menn, sbr. 1. tl. 26. gr. greindra laga.
b. 100% af álögðum eignarskatti á innlend og erlend félög og aðra skattskylda aðila, sbr. 2. tl. 26. gr. greindra laga.

Eignarskattsauki skal vera frádráttarbær frá tekjum á sama hátt og eignarskattur.

9. gr.

Á árinu 1978 skal lagður sérstakur tekjuskattur á alla menn, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, sem hér segir:

a. Einstaklinga: 6% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 2 800 000 kr., auk 220 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.
b. Samsköttuð hjón og karl og konu sem búa saman í óvígðri sambúð, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 6% af skattgjaldstekj-

um skattársins 1977 að frádregnum 3 700 000 kr., auk 220 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.

c. Hjón, sem telja fram hvort í sínu lagi: 6% af skattgjaldstekjum hvors um sig á skattárinu 1977 að frádregnum 2 220 000 kr. hjá hvoru, auk 110 000 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.

Nemi munur vergra tekna til skatts og skattgjaldstekna hærri fjárhæð en 532 500 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi, en 798 700 kr. hjá samsköttuðum hjónum, skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt stafliðum a., b. og c. um þá fjárhæð sem munurinn er umfram þessar fjárhæðir, eftir því sem við á, og reiknast þá sérstaki tekjuskatturinn af þessum upphækkuðu skattgjaldstekjum, sbr. stafliði a., b. og c.

Áður en skattur er ákvarðaður samkvæmt þessari grein skulu skattgjaldstekjur manna skv. 1. mgr., sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, lækkaðar um hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða hækkaðar um rekstrartöp af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi á skattárinu 1977, svo og um yfirfærð rekstrartöp frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

Þessi sérstaki tekjuskattur er ekki frádráttarbær frá tekjum.

10. gr.

Á árinu 1978 skal leggja sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skattþegna, ákveðnar samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Tekjur manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, ákveðast sem hér greinir:
   Hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skattárið 1977, að viðbættum öllum fyrningum sem gjaldfærðar hafa verið samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum við ákvörðun þessara hreinu tekna, en að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.
   Sé um að ræða rekstrartap á skattárinu 1977 telst stofninn vera gjaldfærðar fyrningar á skattárinu 1977 samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, að frádregnu rekstrartapi skattársins 1977, svo og að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.
2. Tekjur þeirra sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum ákveðast sem hér greinir:
   Hreinar tekjur þessara aðila skattárið 1977, að viðbættum öllum fyrningum sem gjaldfærðar hafa verið samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum við ákvörðun þessara hreinu tekna, en að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga. Við ákvörðun hreinna tekna þessara aðila skal þó eigi telja með skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 9. gr. greindra laga og til frádráttar frá hreinum tekjum skal einungis tekið tillit til ákvæða 6. mgr. 17. gr. greindra laga.
   Sé um að ræða rekstrartap á skattárinu 1977 telst stofninn vera gjaldfærðar fyrningar á skattárinu 1977 samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, að frádregnu rekstrartapi skattársins 1977, sem ákvarðast án tillits til ákvæða 9. gr. og 17. gr. greindra laga, að undantekinni 6. mgr. 17. gr., svo og að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.
3. Hafi skattþegn, sem hefur með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eigi talið fram til tekjuskatts á gjaldárinu 1978 ber skattstjóra að áætla

tekjur hans til þessa sérstaka skatts, að viðbættum viðurlögum sem ákvarðast í samræmi við ákvæði VII kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

Þessi sérstaki skattur skal nema 6% af tekjum eins og þær eru ákvarðaðar skv. 1.—3. tl. 1. mgr. þessarar greinar.

Þessi sérstaki skattur er ekki frádráttarbær frá tekjum.

11. gr.

Skattstjórar sjá um útreikning þeirra skatta sem um ræðir í 8.—10. gr. laga þessara og gilda um þá ákvæði VI., VII. og VIII. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, eftir því sem við á. Skattstjórar skulu við útreikning þessara skatta styðjast við sömu skatta og sömu stofna sem á byggðist álagning eignarskatts og tekjuskatts samkvæmt skattskrám 1978. Verði um að ræða breytingu á eignarskatti, skattgjaldstekjum eða fyrningum við úrskurð á kærum eða af öðrum ástæðum vegna gjaldársins 1978 ber skattyfirvöldum og ríkisskattanefnd af sjálfsdáðum að lækka eða hækka eða leggja á skatta, sem um ræðir í 8.—10. gr. laga þessara, til samræmis við þær breytingar.

12. gr.

Innheimtu skatta skv. 8.—10. gr. laga þessara skal skipt jafnt á fjóra gjalddaga, hinn 1. nóvember 1978, 1. desember 1978, 1. janúar 1979 og 1. febrúar 1979. Nái samtala þeirra skatta sem lagðir eru á einstaka skattaðila eftir ákvæðum 8.—10. gr. laga þessara ekki 4 000 kr. skulu þeir felldir niður við innheimtu. Skattar þessir skulu innheimtir af sömu aðilum og innheimta tekjuskatt og eignarskatt. Um dráttarvexti og innheimtu þeirra skal að öðru leyti fara eftir ákvæðum þeim er gilda um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts, sbr. 46. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

V. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 86 1. júní 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald

13. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 16% til og með 8. september 1978 en tímabilið 9. september 1978 til 31. desember 1979 skal greiða það í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 16% gjald:

03.01.11	08.03.00	09.09.00	11.08.09
04.06.00	08.04.21	09.10.10	11.09.00
04.07.00	08.04.22	09.10.20	13.03.03
05.13.00	08.10.00	11.01.23	17.01.10
06.02.01	08.11.00	11.01.24	17.01.21
06.02.09	08.12.01	11.01.25	17.01.22
06.04.01	08.12.02	11.02.10	17.01.25
06.04.09	08.12.03	11.02.29	17.01.26
07.02.00	08.12.09	11.02.31	17.02.01
07.03.00	08.13.00	11.02.32	17.02.02
07.04.00	09.03.00	11.04.00	17.02.03
07.06.00	09.04.00	11.05.01	17.02.09
08.01.50	09.05.00	11.05.09	17.03.02
08.01.60	09.06.00	11.08.01	17.03.09
08.01.79	09.07.00	11.08.02	17.04.01
	09.08.00	11.08.03	17.04.03

17.04.04	22.02.01	39.07.78	59.02.10
17.04.05	22.02.09	40.08.02	59.06.02
17.04.06	22.03.01	40.09.09	59.08.01
17.04.09	22.03.09	40.11.10	59.10.00
18.06.04	22.10.00	40.11.20	59.11.02
18.06.05	25.01.01	40.11.40	59.11.09
18.06.06	27.08.20	40.11.50	59.12.09
18.06.09	29.04.50	40.11.61	59.15.00
19.02.09	30.03.44	40.11.69	62.05.01
19.03.00	30.05.00	40.12.00	62.05.04
19.04.01	34.07.00	40.13.01	62.05.05
19.04.09	36.02.00	40.14.06	62.05.07
19.05.00	36.04.00	40.14.08	65.01.00
19.07.01	38.14.00	41.06.00	65.02.00
19.07.02	38.17.00	42.03.03	65.07.00
19.07.09	38.19.31	42.05.03	66.01.00
19.08.01	38.19.32	42.06.00	66.02.00
19.08.02	38.19.35	44.03.42	66.03.00
19.08.03	39.01.25	44.03.49	68.03.00
19.08.04	39.01.35	44.04.10	68.04.00
19.08.09	39.01.44	44.04.20	68.06.00
20.01.00	39.01.45	44.09.23	68.07.00
20.02.02	39.01.54	44.09.29	68.08.09
20.02.03	39.01.69	44.13.11	68.10.01
20.02.04	39.01.79	44.13.19	68.12.01
20.02.05	39.01.89	44.22.09	68.12.02
20.02.06	39.01.96	44.25.09	68.14.00
20.02.07	39.02.16	45.02.00	68.16.01
20.02.08	39.02.24	45.03.09	69.04.00
20.02.09	39.02.37	45.04.02	69.05.00
20.03.00	39.02.45	48.05.10	69.07.00
20.04.00	39.02.46	48.05.49	69.08.00
20.05.01	39.02.48	48.07.31	69.09.00
20.05.02	39.02.52	48.07.45	69.10.00
20.05.03	39.02.62	48.07.46	69.11.00
20.05.09	39.02.63	48.10.00	69.12.00
20.06.10	39.02.65	48.11.00	70.11.00
20.06.20	39.02.67	48.12.00	70.12.00
20.07.11	39.02.73	48.13.00	70.14.02
20.07.19	39.02.94	48.15.31	70.15.00
20.07.20	39.03.14	48.15.32	70.16.00
20.07.30	39.03.35	48.21.10	70.17.09
20.07.40	39.03.55	48.21.52	70.18.00
20.07.50	39.03.83	58.01.10	70.20.20
20.07.60	39.04.09	58.01.20	70.20.32
20.07.70	39.05.09	58.02.10	73.10.12
21.07.04	39.06.29	58.02.20	73.10.13
21.07.05	39.07.12	58.02.30	73.10.21
21.07.06	39.07.36	58.02.40	73.13.51
21.07.07	39.07.39	58.02.50	73.17.00
21.07.08	39.07.49	58.02.60	73.18.19
21.07.11	39.07.64	58.02.70	73.18.22
21.07.12	39.07.65	58.02.80	73.18.29
21.07.19	39.07.73	58.02.90	73.20.02
22.01.01	39.07.74	58.03.00	73.20.03

73.20.09	78.06.09	84.15.41	84.54.20
73.23.02	79.04.00	84.15.42	84.55.10
73.24.00	79.06.01	84.17.10	84.55.21
73.25.01	79.06.02	84.18.12	84.55.29
73.25.09	79.06.03	84.18.13	84.55.30
73.26.00	79.06.05	84.18.21	84.56.10
73.27.01	79.06.09	84.18.22	84.56.20
73.27.02	80.05.00	84.18.29	84.56.40
73.27.09	80.06.02	84.18.31	84.58.00
73.29.02	82.01.09	84.18.39	84.59.20
73.29.09	82.02.00	84.19.10	84.59.50
73.32.00	82.03.10	84.19.21	84.59.82
73.33.00	82.03.20	84.19.31	84.59.89
73.34.01	82.03.30	84.22.19	84.59.91
73.34.09	82.04.00	84.22.21	84.61.03
73 35.09	82.05.00	84.22.29	84.61.04
73.36.11	82.08.00	84.22.39	84.61.09
73.36.12	82.09.01	84.22.41	84.61.12
73.36.13	82.09.02	84.22.49	84.61.13
73.36.14	82.12.01	84.22.50	84.61.14
73.36.20	82.12.09	84.22.69	84.61.15
73.36.30	82.13.01	84.22.79	84.61.19
73.38.11	82.13.09	84.23.10	84.62.00
73.38.12	82.14.00	84.23.21	84.63.03
73.38.19	82.15.00	84.23.22	84.63.04
73.38.23	83.01.01	84.23.29	84.63.05
73.38.29	83.04.00	84.23.30	84.63.06
73.40.47	83.06.09	84.23.40	84.63.07
73.40.56	83.08.00	84.23.50	84.63.09
74.07.09	83.11.00	84.23.61	84.64.00
74.08.00	83.13.04	84.23.69	84.65.09
74.10.00	84.06.39	84.23.70	85.01.10
74.15.00	84.06.70	84.40.10	85.01.29
74.16.00	84.08.31	84.40.21	85.01.31
74.17.00	84.08.39	84.40.50	85.01.39
74.18.10	84.08.41	84.40.61	85.01.40
74.18.20	84.08.49	84.40.69	85.01.59
74.19.06	84.08.60	84.40.71	85.01.60
75.04.00	84.09.00	84.40.72	85.01.74
75.06.02	84.10.10	84.51.10	85.01.80
75.06.03	84.10.20	84.51.21	85.01.89
76.03.01	84.10.39	84.51.29	85.01.90
76.06.09	84.10.49	84.51.31	85.02.00
76.07.00	84.10.50	84.51.39	85.03.09
76.10.01	84.10.69	84.52.10	85.05.00
76.11.00	84.11.19	84.52.20	85.06.11
76.12.00	84.11.29	84.52.30	85.06.19
76.15.10	84.11.30	84.52.40	85.06.20
76.15.20	84.11.49	84.53.10	85.06.31
76.16.04	84.12.00	84.53.20	85.06.39
76.16.13	84.13.09	84.53.30	85.06.40
76.16.15	84.15.10	84.53.40	85.06.50
77.02.00	84.15.20	84.53.50	85.07.03
77.04.20	84.15.31	84.53.60	85.07.04
78.05.00	84.15.32	84.54.10	85.08.00

85.09.00	85.20.40	90.05.00	90.26.02
85.10.09	85.20.50	90.06.00	90.26.09
85.12.10	85.21.10	90.08.11	90.27.09
85.12.21	85.21.20	90.08.19	90.28.10
85.12.29	85.21.39	90.08.21	90.28.20
85.12.41	85.21.60	90.08.29	90.28.39
85.12.49	85.22.20	90.08.31	90.28.40
85.12.53	85.23.01	90.08.39	90.28.50
85.12.54	85.23.09	90.09.01	90.29.09
85.12.55	85.25.10	90.09.09	91.05.00
85.12.56	85.25.20	90.10.10	91.06.00
85.12.57	85.25.30	90.10.20	92.11.31
85.12.59	85.26.10	90.10.39	92.12.11
85.12.61	85.26.20	90.11.00	92.12.23
85.12.69	85.26.30	90.12.00	92.13.01
85.12.70	85.27.00	90.13.00	93.03.00
85.15.20	85.28.00	90.14.20	93.04.03
85.15.25	87.01.10	90.16.10	94.02.00
85.15.30	87.01.39	90.16.20	96.01.04
85.15.35	87.04.09	90.17.10	96.05.00
85.15.40	87.06.09	90.17.20	96.06.00
85.15.59	87.07.11	90.17.30	97.04.01
85.16.00	87.07.19	90.18.01	97.04.02
85.17.01	87.07.20	90.18.09	97.04.04
85.17.09	87.13.01	90.20.00	97.04.09
85.19.12	87.13.09	90.23.01	97.05.00
85.19.14	87.14.29	90.23.02	97.06.01
85.19.15.	87.14.31	90.23.03	97.06.02
85.19.18	87.14.39	90.23.09	97.06.09
85.19.21	90.01.01	90.24.01	97.08.00
85.19.29	90.01.09	90.24.09	98.01.01
85.20.10	90.03.00	90.25.00	98.06.01
85.20.20	90.04.09	90.26.01	

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald:

27.10.82	35.03.09	40.16.09	59.06 09
27.11.11	36.01.00	42.05.09	65.04.00
27.11.19	36.05.00	44.02.00	65.06.09
27.11.20	36.08.00	44.28.95	67.01.00
27.11.30	37.01.09	44.28.99	67.02.00
32.10.00	37.02.02	45.04.09	67.03.00
32.13.20	37.02.09	46.02.03	67.04.00
33.06.01	37.03.09	46.02.09	68.10.09
33.06.02	37.04.00	46.03.09	68.12.09
33.06.03	37.05.09	48.07.59	68.13.09
33.06.04	37.07.01	48.14.01	68.16.09
33.06.05	38.11.10	48.14.02	69.14.00
33.06.06	38.11.20	48.14.03	70.13.00
33.06.07	38.11.30	48.14.09	70.14.03
33.06.08	38.11.40	48.15.20	70.14.09
33.06.11	38.11.50	48.15.39	70.19.00
33.06.12	38.19.49	48.21.29	70.20.39
33.06.19	39.07.30	48.21.39	70.21.09
34.05.03	39.07.99	48.21.69	71.13.01
34.05.09	40.14.19	55.03.01	71.13.09

71.14.09	84.06.61	91.02.00	92.12.29
71.15.00	84.06.62	91.03.00	92.13.09
71.16.00	84.06.69	91.04.00	93.01.00
73.40.59	84.25.11	91.07.00	93.02.00
74.19.09	84.25.19	91.08.00	93.04.04
75.06.09	84.25.51	91.09.00	93.04.05
76.16.19	85.07.02	91.10.00	93.04.09
80.06.09	85.07.09	91.11.00	93.05.00
82.09.09	85.12.30	92.01.00	93.06.00
82.11.01	85.13.10	92.02.00	93.07.10
82.11.09	85.13.20	92.03.09	93.07.22
83.01.02	85.14.10	92.04.01	93.07.29
83.01.05	85.14 20	92 04.09	95.05 00
83.01.09	85.15.19	92.05.00	95.08.09
83.02.03	85.15.60	92.06.00	98.03.00
83.02.09	85.15.79	92.07.01	98.04.00
83.03.09	85.15.81	92.07.09	98.05.00
83.05 09	85 15.82	92.08 00	98.06.09
84.06.31	85.15.89	92.10.00	98.08.00
84.06.32	87.10.00	92.11.10	98.09.00
84.06.33	87.12.09	92.11.20	98.10.00
84.06.40	87.14.10	92.11.39	98.11.00
84 06.51	87.14 49	92.11.40	98.14.00
84.06.52	90.07.29	92.12.19	98.15.00
84.06.53	90.07.39	92.12.21	98.16.00
			99.06.00

14. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hið hærra vörugjald sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 9. september 1978 skv. 1. gr. laga þessara skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 9. september 1978 og af innfluttum vörum sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 9. september 1978.

Hafi innflytjandi fyrir 9. september 1978 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu þess sérstaka vörugjalds sem skv. 1. gr. gildir til og með 7. september en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 20. september 1978

Af vörum sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 9. september 1978 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hærra vörugjald sem skv. 1. gr. laga þessara skal gilda frá og með 9. september 1978, nema tollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir lok októbermánaðar.

Við tollafgreiðslu á vörum sem undanþegnar hafa verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Þó skal við samræmingu tolls skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga eigi veita slíka undanþágu, hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri sem tollur er færður til samræmis við.

15. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Óheimilt er að hækka vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds verð á birgðum vöru sem sérstakt vörugjald hefur ekki verið greitt af. Á sama hátt er óheimil hækkun verðs vörubirgða vegna hækkunar sérstaks vörugjalds hinn 5. maí 1976 og hinn 9. september 1978.

16. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilkynningarskyldu, gjaldstofn, gjaldskyldu, gjalddaga og aðra framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu, einnig að færa þær milli gjaldflokka skv. 1. gr. ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

VI. KAFLI
Um gjald á ferðalög til útlanda

17. gr.

Leggja skal 10% gjald á andvirði erlends gjaldeyris sem gjaldeyrisbankarnir selja til greiðslu á dvalarkostnaði erlendis öðrum en viðurkenndum kostnaði nemenda og sjúklinga og áhafnagjaldeyri. Gjaldið skal innheimt af gjaldeyrisbönkunum eftir þeim reglum sem fjármálaráðherra setur. Gildistími þessa ákvæðis er til 31. desember 1979.

VII. KAFLI
Um heimild til lækkunar ríkisútgjalda 1978

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1978 (laga nr. 86/1977) er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar samkvæmt þeim allt að 2 000 milljónum króna. Tekur þetta einnig til fjárlagaliða sem jafnframt eru ákveðnir með öðrum lögum en fjárlögum.

VIII. KAFLI
Um gildistöku o. fl.

19. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum. Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

20. gr.

Forsætisráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, að því leyti sem framkvæmd þeirra er ekki beinlínis falin öðrum ráðherrum.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjala hér á eftir:

Fylgiskjal I:

BRÁÐABIRGÐALÖG
um kjaramál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér að í samstarfsyfirlýsingu flokkanna þriggja, sem nú hafa myndað ríkisstjórn, séu ákveðnar ráðstafanir til að tryggja rekstur atvinnuveganna, atvinnuöryggi og frið á vinnumarkaðinum, sem brýna nauðsyn beri til að hrinda í framkvæmd þegar í stað; þar á meðal séu ráðstafanir til þess að kjarasamningar gangi að nýju í gildi að því er varðar laun almennra launþega, ráðstafanir til niðurfærslu vöruverðs og til fjáröflunar til þess að standa straum af kostnaði við niðurfærsluna með sérstökum sköttum á eignir, hátekjur, atvinnurekstur og eyðslu, auk þess sem dregið verði úr útgjöldum ríkissjóðs. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

I KAFLI
Um kjarasamninga og greiðslu verðbóta á laun

1. gr.

1. og 2. gr. laga nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum og lög nr. 63 24. maí 1978 um breyting á þeim lögum skulu falla úr gildi 1. september 1978.

2. gr.

Frá 1. september 1978 skal hámark verðbóta á mánuði fyrir fulla dagvinnu vera hið sama í krónutölu og reiknast samkvæmt ákvæðum almennra kjarasamninga, sem gerðir voru á árinu 1977 og á fyrstu fimm mánuðum 1978, á þau dagvinnulaun sem voru 200 000 krónur á mánuði miðað við verðbótavísitölu þá er gilti 1. desember 1977 til 28. febrúar 1978, sbr. þó 3. gr.

Hámark verðbóta skal breytast með áfangahækkun launa frá því í desember 1977.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, þar með hvað skuli telja laun fyrir fulla dagvinnu, m. a. samkvæmt kjarasamningum sjómanna.

3. gr.

Frá 1. desember 1978 og þar til um annað hefur verið samið skulu grunnlaun og tilhögun verðbóta á laun haldast óbreytt eins og ákveðið er frá 1. september 1978 samkvæmt almennum kjarasamningum, sem gerðir voru á árinu 1977 og á fyrstu fimm mánuðum 1978, og samkvæmt lögum þessum.

II KAFLI
Um bætur almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976, nr. 53/1977, nr. 56/1977, nr. 3/1978 og nr. 91/1978

4. gr.

Bætur almannatrygginga, aðrar en fæðingarstyrkur, skulu taka sömu hlutfallshækkun 1. september 1978 og 1. desember 1978 og laun verkamanna þessa daga. Hækkun þessi skal einnig taka til greiðslna skv. 73. gr. laganna.

III KAFLI
Um niðurfærslu vöruverðs og verðlagseftirlit

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka niðurgreiðslur vöruverðs frá því stigi sem gilti í ágústlok sem svarar 4.9% af verðbótavísitölu eins og hún er fyrir gildistöku þessara laga.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður sölugjald af einstökum matvörum eða matvöruflokkum, drykkjarvörum eða drykkjarvöruflokkum, sbr. lög nr. 10/1960 með áorðnum breytingum.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar lækkunar, svo og um bókhald og sölugjaldsframtal þeirra sem versla með þessar vörur.

7. gr.

Ekki má hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því sem var 9. september 1978 nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Frá 11. september 1978 skal lækka hundraðshluta verslunarálagningar sem því svarar að leyfð hefði verið álagning á 30% þeirrar hækkunar álagningarstofnsins, sem leiðir af hækkun á verði erlends gjaldeyris frá því gengi sem gilti 28. ágúst 1978, miðað við þá álagningarreglu sem gilti samkvæmt ákvörðun Verðlagsnefndar þann dag.

Ekki má hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum frá því sem var 9. september 1978 með breytingum skv. 2. mgr., nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og staðfestingu ríkisstjórnarinnar, sbr. 1. mgr. Gildir þetta einnig um hvers konar umboðslaun vegna sölu vöru eða þjónustu og um hvers konar álagningu sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vöru eða þjónustu, þar með vinnu.

Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. taka einnig til verðs hvers konar vöru og þjónustu sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þessara aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

Ríkisstjórnin getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.

IV KAFLI
Um eignarskattsauka, sérstakan tekjuskatt og sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri til þess að standa undir kostnaði af niðurfærslu vöruverðs skv. III kafla

8. gr.

Eignarskattsauki skal lagður á álagðan eignarskatt gjaldársins 1978 (skattársins 1977) skv. 26. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 63/1977 um breyting á þeim lögum, og ákvarðast hann þannig:

a. 50% af álögðum eignarskatti á menn, sbr. 1. tl. 26. gr. greindra laga.
b. 100% af álögðum eignarskatti á innlend og erlend félög og aðra skattskylda aðila, sbr. 2. tl. 26. gr. greindra laga.

Eignarskattsauki skal vera frádráttarbær frá tekjum á sama hátt og eignarskattur.

9. gr.

Á árinu 1978 skal lagður sérstakur tekjuskattur á alla menn, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, sem hér segir:

a. Einstaklinga: 6% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 2 800 000 kr., auk 220 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.
b. Samsköttuð hjón og karl og konu sem búa saman í óvígðri sambúð, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 6% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 3 700 000 kr., auk 220 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.
c. Hjón, sem telja fram hvort í sínu lagi: 6% af skattgjaldstekjum hvors um sig á skattárinu 1977 að frádregnum 2 200 000 kr. hjá hvoru, auk 110 000 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.

Nemi munur vergra tekna til skatts og skattgjaldstekna hærri fjárhæð en 532 500 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi, en 798 700 kr. hjá samsköttuðum hjónum, skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt stafliðum a., b. og c. um þá fjárhæð sem munurinn er umfram þessar fjárhæðir, eftir því sem við á, og reiknast þá sérstaki tekjuskatturinn af þessum upphækkuðu skattgjaldstekjum, sbr. stafliði a., b. og c.

Áður en skattur er ákvarðaður samkvæmt þessari grein skulu skattgjaldstekjur manna skv. 1. mgr., sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, lækkaðar um hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða hækkaðar um rekstrartöp af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi á skattárinu 1977, svo og um yfirfærð rekstrartöp frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

Þessi sérstaki tekjuskattur er ekki frádráttarbær frá tekjum.

10. gr.

Á árinu 1978 skal leggja sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skattþegna, ákveðnar samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Tekjur manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, ákveðast sem hér greinir:
   Hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skattárið 1977, að viðbættum öllum fyrningum sem gjaldfærðar hafa verið samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum við ákvörðun þessara hreinu tekna, en að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.
   Sé um að ræða rekstrartap á skattárinu 1977 telst stofninn vera gjaldfærðar fyrningar á skattárinu 1977 samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, að frádregnu rekstrartapi skattársins 1977, svo og að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.
2. Tekjur þeirra sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum ákveðast sem hér greinir:
   Hreinar tekjur þessara aðila skattárið 1977, að viðbættum öllum fyrningum sem gjaldfærðar hafa verið samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum við ákvörðun þessara hreinu tekna, en að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga. Við ákvörðun hreinna tekna þessara aðila skal þó

eigi telja með skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 9. gr. greindra laga og til frádráttar frá hreinum tekjum skal einungis tekið tillit til ákvæða 6. mgr. 17. gr. greindra laga.

Sé um að ræða rekstrartap á skattárinu 1977 telst stofninn vera gjaldfærðar fyrningar á skattárinu 1977 samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, að frádregnu rekstrartapi skattársins 1977, sem ákvarðast án tillits til ákvæða 9. gr. og 17. gr. greindra laga, að undantekinni 6. mgr. 17. gr., svo og að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

3. Hafi skattþegn, sem hefur með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eigi talið fram til tekjuskatts á gjaldárinu 1978 ber skattstjóra að áætla tekjur hans til þessa sérstaka skatts, að viðbættum viðurlögum sem ákvarðast í samræmi við ákvæði VII kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

Þessi sérstaki skattur skal nema 6% af tekjum eins og þær eru ákvarðaðar skv. 1.—3. tl. 1. mgr. þessarar greinar.

Þessi sérstaki skattur er ekki frádráttarbær frá tekjum.

11. gr.

Skattstjórar sjá um útreikning þeirra skatta sem um ræðir í 8.—10. gr. laga þessara og gilda um þá ákvæði VI, VII og VIII kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, eftir því sem við á. Skattstjórar skulu við útreikning þessara skatta styðjast við sömu skatta og sömu stofna sem á byggðist álagning eignarskatts og tekjuskatts samkvæmt skattskrám 1978. Verði um að ræða breytingu á eignarskatti, skattgjaldstekjum eða fyrningum við úrskurð á kærum eða af öðrum ástæðum vegna gjaldársins 1978 ber skattyfirvöldum og ríkisskattanefnd af sjálfsdáðum að lækka eða hækka eða leggja á skatta, sem um ræðir í 8.—10. gr. laga þessara, til samræmis við þær breytingar.

12. gr.

Innheimtu skatta skv. 8.—10. gr. laga þessara skal skipt jafnt á fjóra gjalddaga, hinn 1. nóvember 1978, 1. desember 1978, 1. janúar 1979 og 1. febrúar 1979. Nái samtala þeirra skatta sem lagðir eru á einstaka skattaðila eftir ákvæðum 8.—10. gr. laga þessara ekki 4 000 kr. skulu þeir felldir niður við innheimtu. Skattar þessir skulu innheimtir af sömu aðilum og innheimta tekjuskatt og eignarskatt. Um dráttarvexti og innheimtu þeirra skal að öðru leyti fara eftir ákvæðum þeim er gilda um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts, sbr. 46. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

V KAFLI

Um breyting á lögum nr. 86 1. júní 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald

13. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 16% til og með 8. september 1978 en tímabilið 9. september 1978 til 31. desember 1979 skal greiða það í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 16% gjald:

03.01.11	06.04.01	08.01.50	08.10.00
04.06.00	06.04.09	08.01.60	08.11.00
04.07.00	07.02.00	08.01.79	08.12.01
05.13.00	07.03.00	08.03.00	08.12.02
06.02.01	07.04.00	08.04.21	08.12.03
06.02.09	07.06.00	08.04.22	08.12.09

08.13.00
09.03.00
09.04.00
09.05.00
09.06.00
09.07.00
09.08.00
09.09.00
09.10.10
09.10.20
11.01.23
11.01.24
11.01.25
11.02.10
11.02.29
11.02.31
11.02.32
11.04.00
11.05.01
11.05.09
11.08.01
11.08.02
11.08.03
11.08.09
11.09.00
13.03.03
17.01.10
17.01.21
17.01.22
17.01.25
17.01.26
17.02.01
17.02.02
17.02.03
17.02.09
17.03.02
17.03.09
17.04.01
17.04.03
17.04.04
17.04.05
17.04.06
17.04.09
18.06.04
18.06.05
18.06.06
18.06.09
19.02.09
19.03.00
19.04.01
19.04.09
19.05.00
19.07.01
19.07.02
19.07.09
19.08.01
19.08.02
19.08.03
19.08.04
19.08.09
20.01.00
20.02.02
20.02.03
20.02.04
20.02.05
20.02.06
20.02.07
20.02.08
20.02.09
20.03.00
20.04.00
20.05.01
20.05.02
20.05.03
20.05.09
20.06.10
20.06.20
20.07.11
20.07.19
20.07.20
20.07.30
20.07.40
20.07.50
20.07.60
20.07.70
21.07.04
21.07.05
21.07.06
21.07.07
21.07.08
21.07.11
21.07.12
21.07.19
22.01.01
22.02.01
22.02.09
22.03.01
22.03.09
22.10.00
25.01.01
27.08.20
29.04.50
30.03.44
30.05.00
34.07.00
36.02.00
36.04.00
38.14.00
38.17.00
38.19.31
38.19.32
38.19.35
39.01.25
39.01.35
39.01.44
39.01.45
39.01.54
39.01.69
39.01.79
39.01.89
39.01.96
39.02.16
39.02.24
39.02.37
39.02.45
39.02.46
39.02.48
39.02.52
39.02.62
39.02.63
39.02.65
39.02.67
39.02.73
39.02.94
39.03.14
39.03.35
39.03.55
39.03.83
39.04.09
39.05.09
39.06.29
39.07.12
39.07.36
39.07.39
39.07.49
39.07.64
39.07.65
39.07.73
39.07.74
39.07.78
40.08.02
40.09.09
40.11.10
40.11.20
40.11.40
40.11.50
40.11.61
40.11.69
40.12.00
40.13.01
40.14.06
40.14.08
41.06.00
42.03.03
42.05.03
42.06.00
44.03.42
44.03.49
44.04.10
44.04.20
44.09.23
44.09.29
44.13.11
44.13.19
44.22.09
44.25.09
45.02.00
45.03.09
45.04.02
48.05.10
48.05.49
48.07.31
48.07.45
48.07.46
48.10.00
48.11.00
48.12.00
48.13.00
48.15.31
48.15.32
48.21.10
48.21.52
58.01.10
58.01.20
58.02.10
58.02.20
58.02.30
58.02.40
58.02.50
58.02.60
58.02.70
58.02.80
58.02.90
58.03.00
59.02.10
59.06.02
59.08.01
59.10.00
59.11.02
59.11.09
59.12.09
59.15.00
62.05.01
62.05.04
62.05.05
62.05.07
65.01.00
65.02.00
65.07.00
66.01.00

66.02.00
66.03.00
68.03.00
68.04.00
68.06.00
68.07.00
68.08.09
68.10.01
68.12.01
68.12.02
68.14.00
68.16.01
69.04.00
69.05.00
69.07.00
69.08.00
69.09.00
69.10.00
69.11.00
69.12.00
70.11.00
70.12.00
70.14.02
70.15.00
70.16.00
70.17.09
70.18.00
70.20.20
70.20.32
73.10.12
73.10.13
73.10.21
73.13.51
73.17.00
73.18.19
73.18.22
73.18.29
73.20.02
73.20.03
73.20.09
73.23.02
73.24.00
73.25.01
73.25.09
73.26.00
73.27.01
73.27.02
73.27.09
73.29.02
73.29.09
73.32.00
73.33.00
73.34.01
73.34.09
73.35.09
73.36.11
73.36.12
73.36.13
73.36.14
73.36.20
73.36.30
73.38.11
73.38.12
73.38.19
73.38.23
73.38.29
73.40.47
73.40.56
74.07.09
74.08.00
74.10.00
74.15.00
74.16.00
74.17.00
74.18.10
74.18.20
74.19.06
75.04.00
75.06.02
75.06.03
76.03.01
76.06.09
76.07.00
76.10.01
76.11.00
76.12.00
76.15.10
76.15.20
76.16.04
76.16.13
76.16.15
77.02.00
77.04.20
78.05.00
78.06.09
79.04.00
79.06.01
79.06.02
79.06.03
79.06.05
79.06.09
80.05.00
80.06.02
82.01.09
82.02.00
82.03.10
82.03.20
82.03.30
82.04.00
82.05.00
82.08.00
82.09.01
82.09.02
82.12.01
82.12.09
82.13.01
82.13.09
82.14.00
82.15.00
83.01.01
83.04.00
83.06.09
83.08.00
83.11.00
83.13.04
84.06.39
84.06.70
84.08.31
84.08.39
84.08.41
84.08.49
84.08.60
84.09.00
84.10.10
84.10.20
84.10.39
84.10.49
84.10.50
84.10.69
84.11.19
84.11.29
84.11.30
84.11.49
84.12.00
84.13.09
84.15.10
84.15.20
84.15.31
84.15.32
84.15.41
84.15.42
84.17.10
84.18.12
84.18.13
84.18.21
84.18.22
84.18.29
84.18.31
84.18.39
84.19.10
84.19.21
84.19.31
84.22.19
84.22.21
84.22.29
84.22.39
84.22.41
84.22.49
84.22.50
84.22.69
84.22.79
84.23.10
84.23.21
84.23.22
84.23.29
84.23.30
84.23.40
84.23.50
84.23.61
84.23.69
84.23.70
84.40.10
84.40.21
84.40.50
84.40.61
84.40.69
84.40.71
84.40.72
84.51.10
84.51.21
84.51.29
84.51.31
84.51.39
84.52.10
84.52.20
84.52.30
84.52.40
84.53.10
84.53.20
84.53.30
84.53.40
84.53.50
84.53.60
84.54.10
84.54.20
84.55.10
84.55.21
84.55.29
84.55.30
84.56.10
84.56.20
84.56.40
84.58.00
84.59.20
84.59.50
84.59.82
84.59.89
84.59.91
84.61.03
84.61.04

84.61.09	85.12.29	85.26.30	90.18.09
84.61.12	85.12.41	85.27.00	90.20.00
84.61.13	85.12.49	85.28.00	90.23.01
84.61.14	85.12.53	87.01.10	90.23.02
84.61.15	85.12.54	87.01.39	90.23.03
84.61.19	85.12.55	87.04.09	90.23.09
84.62.00	85.12.56	87.06.09	90.24.01
84.63.03	85.12.57	87.07.11	90.24.09
84.63.04	85.12.59	87.07.19	90.25.00
84.63.05	85.12.61	87.07.20	90.26.01
84.63.06	85.12.69	87.13.01	90.26.02
84.63.07	85.12.70	87.13.09	90.26.09
84.63.09	85.15.20	87.14.29	90.27.09
84.64.00	85.15.25	87.14.31	90.28.10
84.65.09	85.15.30	87.14.39	90.28.20
85.01.10	85.15.35	90.01.01	90.28.39
85.01.29	85.15.40	90.01.09	90.28.40
85.01.31	85.15.59	90.03.00	90.28.50
85.01.39	85.16.00	90.04.09	90.29.09
85.01.40	85.17.01	90.05.00	91.05.00
85.01.59	85.17.09	90.06.00	91.06.00
85.01.60	85.19.12	90.08.11	92.11.31
85.01.74	85.19.14	90.08.19	92.12.11
85.01.80	85.19.15	90.08.21	92.12.23
85.01.89	85.19.18	90.08.29	92.13.01
85.01.90	85.19.21	90.08.31	93.03.00
85.02.00	85.19.29	90.08.39	93.04.03
85.03.09	85.20.10	90.09.01	94.02.00
85.05.00	85.20.20	90.09.09	96.01.04
85.06.11	85.20.40	90.10.10	96.05.00
85.06.19	85.20.50	90.10.20	96.06.00
85.06.20	85.21.10	90.10.39	97.04.01
85.06.31	85.21.20	90.11.00	97.04.02
85.06.39	85.21.39	90.12.00	97.04.04
85.06.40	85.21.60	90.13.00	97.04.09
85.06.50	85.22.20	90.14.20	97.05.00
85.07.03	85.23.01	90.16.10	97.06.01
85.07.04	85.23.09	90.16.20	97.06.02
85.08.00	85.25.10	90.17.10	97.06.09
85.09.00	85.25.20	90.17.20	97.08.00
85.10.09	85.25.30	90.17.30	98.01.01
85.12.10	85.26.10	90.18.01	98.06.01
85.12.21	85.26.20		

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald:

27.10.82	33.06.04	35.03.09	37.07.01
27.11.11	33.06.05	36.01.00	38.11.10
27.11.19	33.06.06	36.05.00	38.11.20
27.11.20	33.06.07	36.08.00	38.11.30
27.11.30	33.06.08	37.01.09	38.11.40
32.10.00	33 06.11	37.02.02	38.11.50
32.13.20	33.06.12	37.02.09	38.19.49
33.06.01	33.06.19	37.03.09	39.07.30
33.06.02	34.05.03	37.04.00	39.07.99
33.06.03	34.05.09	37.05.09	40.14.19

40.16.09	70.19.00	84.25.51	92.07.01
42.05.09	70.20.39	85.07.02	92.07.09
44.02.00	70.21.09	85.07.09	92.08.00
44.28.95	71.13.01	85.12.30	92.10.00
44.28.99	71.13.09	85.13.10	92.11.10
45.04.09	71.14.09	85.13.20	92.11.20
46.02.03	71.15.00	85.14.10	92.11.39
46.02.09	71.16.00	85.14.20	92.11.40
46.03.09	73.40.59	85.15.19	92.12.19
48.07.59	74.19.09	85.15.60	92.12.21
48.14.01	75.06.09	85.15.79	92.12.29
48.14.02	76.16.19	85.15.81	92.13.09
48.14.03	80.06.09	85.15.82	93.01.00
48.14.09	82.09.09	85.15.89	93.02.00
48.15.20	82.11.01	87.10.00	93.04.04
48.15.39	82.11.09	87.12.09	93.04.05
48.21.29	83.01.02	87.14.10	93.04.09
48.21.39	83.01.05	87.14.49	93.05.00
48.21.69	83.01.09	90.07.29	93.06.00
55.03.01	83.02.03	90.07.39	93.07.10
59.06.09	83.02.09	91.02.00	93.07.22
65.04.00	83.03.09	91.03.00	93.07.29
65.06.09	83.05.09	91.04.00	95.05.00
67.01.00	84.06.31	91.07.00	95.08.09
67.02.00	84.06.32	91.08.00	98.03.00
67.03.00	84.06.33	91.09.00	98.04.00
67.04.00	84.06.40	91.10.00	98.05.00
68.10.09	84.06.51	91.11.00	98.06.09
68.12.09	84.06.52	92.01.00	98.08.00
68.13.09	84.06.53	92.02.00	98.09.00
68.16.09	84.06.61	92.03.09	98.10.00
69.14.00	84.06.62	92.04.01	98.11.00
70.13.00	84.06.69	92.04.09	98.14.00
70.14.03	84.25.11	92.05.00	98.15.00
70.14.09	84.25.19	92.06.00	98.16.00
			99.06.00

14. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hið hærra vörugjald sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 9. september 1978 skv. 1. gr. laga þessara skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 9. september 1978 og af innfluttum vörum sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 9. september 1978.

Hafi innflytjandi fyrir 9. september 1978 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu þess sérstaka vörugjalds sem skv. 1. gr. gildir til og með 7. september en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 20. september 1978.

Af vörum sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 9. september 1978 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga skal greiða hið hærra vörugjald sem skv. 1. gr. laga þessara skal gilda frá og með 9. september 1978, nema tollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir lok októbermánaðar.

Við tollafgreiðslu á vörum sem undanþegnar hafa verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sér-

stökum lögum skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Þó skal við samræmingu tolls skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga eigi veita slíka undanþágu, hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri sem tollur er færður til samræmis við.

15. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Óheimilt er að hækka vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds verð á birgðum vöru sem sérstakt vörugjald hefur ekki verið greitt af. Á sama hátt er óheimil hækkun verðs vörubirgða vegna hækkunar sérstaks vörugjalds hinn 5. maí 1976 og hinn 9. september 1978.

16. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilkynningarskyldu, gjaldstofn, gjaldskyldu, gjalddaga og aðra framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu, einnig að færa þær milli gjaldflokka skv. 1. gr. ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

VI KAFLI
Um gjald á ferðalög til útlanda

17. gr.

Leggja skal 10% gjald á andvirði erlends gjaldeyris sem gjaldeyrisbankarnir selja til greiðslu á dvalarkostnaði erlendis öðrum en viðurkenndum kostnaði nemenda og sjúklinga og áhafnagjaldeyri. Gjaldið skal innheimt af gjaldeyrisbönkunum eftir þeim reglum sem fjármálaráðherra setur. Gildistími þessa ákvæðis er til 31. desember 1979.

VII KAFLI
Um heimild til lækkunar ríkisútgjalda 1978

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1978 (laga nr. 86/1977) er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar samkvæmt þeim allt að 2 000 milljónum króna. Tekur þetta einnig til fjárlagaliða sem jafnframt eru ákveðnir með öðrum lögum en fjárlögum.

VIII KAFLI
Um gildistöku o. fl.

19. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum. Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

20. gr.

Forsætisráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, að því leyti sem framkvæmd þeirra er ekki beinlínis falin öðrum ráðherrum.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða

Laun fyrir vinnu dagana 1.—10. september 1978, sem greidd eru eftirá, skulu gerð upp endanlega samkvæmt þeim kauptöxtum er gildi taka með lögum þessum, en þau laun sem greidd voru fyrirfram fyrir sama tímabil skulu hins vegar haldast óbreytt.

Gjört að Bessastöðum 8. september 1978.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

Fylgiskjal II:

Frétt frá ríkisstjórninni frá 14. september 1978 um bráðabirgðalög um ráðstafanir í kjaramálum nr. 96 8. september 1978.

Aðdragandi:

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð um síðustu mánaðamót, blasti við fjölþættur vandi í efnahags- og atvinnumálum, sem dregist hafði að leysa. Brýna nauðsyn bar því til að ríkisstjórnin gripi þegar í stað til ráðstafana, er tryggt gætu áframhaldandi rekstur atvinnuveganna, atvinnuöryggi og frið á vinnumarkaðnum. Jafnframt var nauðsynlegt að fyrstu aðgerðir stjórnvalda á sviði efnahags- og kjaramála veittu svigrúm til að hrinda í framkvæmd nýrri efnahagsstefnu og öðrum langtímamarkmiðum ríkisstjórnarinnar í samræmi við samstarfsyfirlýsingu flokkanna þriggja sem ríkisstjórnina mynda.

Ríkisstjórnin hefur frá upphafi lagt á það ríka áherslu að hafa náið samráð við aðila vinnumarkaðarins um skipan launa og kjaramála, og eftir að slíkt samráð hafði verið haft voru bráðabirgðalögin um kjaramál sett þ. 8. september s. l.

Í stuttu máli er meginefni bráðabirgðalaganna eftirfarandi:

I. KAFLI

Kjarasamningar og greiðsla verðbóta á laun.

Í fyrsta kafla laganna eru kaupgjaldsákvæði laga um ráðstafanir í efnahagsmálum frá í febrúar og bráðabirgðalaga frá í maí 1978 felld niður, en í lögum þessum var greiðsla verðbóta á laun almennra launþega skert. Bráðabirgðalögin kveða hins vegar á um að greiða skuli fullar verðbætur skv. kjarasamningum á þau mánaðarlaun sem námu allt að 200 000 krónum í desember 1977, en það svarar til u. þ. b. 235 000 kr. í ágúst s. l. Á mánaðarlaun sem hærri eru komi síðan sama krónutala og á 235 000 kr. launin. Með þessum ákvæðum taka kjarasamningar að nýju gildi fyrir allan þorra launþega, en það þýðir m. a. að umsamin hlutföll yfirvinnu og dagvinnu, bónusgreiðslna og kauptaxta o. fl. taka yfirleitt aftur gildi.

Í fyrsta kafla laganna er loks ákvæði um að grunnkaup og tilhögun verðbóta skuli haldast óbreytt eins og það er nú ákveðið frá 1. september þar til um annað verði samið. Ríkisstjórnin hefur í hyggju að leita eftir samkomulagi við samtök launafólks um skipan launamála fram til 1. desember 1979 á þeim grundvelli, að samningarnir frá 1977 verði framlengdir til þess tíma án breytinga á grunnkaupi. Í því sambandi verði samningsréttur opinberra starfsmanna tekinn til endurskoðunar.

Áhrif bráðabirgðalaganna á hækkun launa 1. september eru þau, að eftir að allri hækkun verðbótavísitölu frá 1. júní hefur verið eytt með niðurgreiðslu vöru-

verðs og niðurfellingu söluskatts á matvælum, hækka laun að meðaltali um 9—9½%. Þar af stafa 3—3½% af grunnkaupshækkun en um 6% stafa af gildistöku samninganna að nýju. Þessi hækkun er nokkuð misjöfn og meiri til þeirra, sem höfðu meiri skerðingu verðbóta fyrir. Meðalhækkunin 1. september er svipuð í krónum og verið hefði skv. bráðabirgðalögunum, sem fyrri ríkisstjórn setti í maí, en hér munar því, að auk launahækkunar í krónum hefur verð á nauðsynjum nú verið greitt niður og söluskattur felldur niður af matvörum, sem svarar 7.5% í verðbótavísitölu og kemur því launþegum til góða í lækkuðu vöruverði.

II. KAFLI

Bætur almannatrygginga.

Í öðrum kafla laganna er ákveðið að bætur almannatrygginga skuli hækka í sama mæli og um leið og laun verkamanna í september og desember. Hér er verið að tryggja, að lífeyrisþegar njóti tafarlaust sömu hækkana á framfærslueyri og verkamenn fá þegar samningar þeirra taka gildi að nýju.

Fæðingarstyrkur er hér undanskilinn, enda fylgir hann daggjöldum sjúkrahúsa.

III. KAFLI

Niðurfærsla og verðlagseftirlit.

Ákvæði þessa kafla veita ríkisstjórninni fyrst heimild til aukningar niðurgreiðslna um 4.9% af verðbótavísitölu eins og hún var fyrir gildistöku laganna. Þessi heimild hefur þegar verið notuð. Áætlað er að þessi aukning niðurgreiðslna svo og auknar niðurgreiðslur 1. desember n. k. muni kosta ríkissjóð 3 350 milljónir kr. fram að áramótum og að óbreyttu 12 800 milljónir króna á næsta ári. Hér er fyrst og fremst um að ræða auknar niðurgreiðslur á helstu nauðsynjavörum heimilanna þ. e. á mjólk, kjöti, smjöri og fleiri landbúnaðarafurðum. Auk þessarar aukningar niðurgreiðslna er fjármálaráðherra veitt heimild til niðurfellingar sölugjalds af matvælum. Þessi heimild hefur þegar verið notuð og hefur fjármálaráðuneytið gefið út reglugerð (nr. 316 8. september 1978) um þetta efni, sem koma mun að fullu til framkvæmda 15. september n. k. Þá verða að heita má öll matvæli, að undanteknu sælgæti, öli og gosdrykkjum undanþegin sölugjaldi.

Sérregla gildir um sölu veitingastaða á tilbúnum mat, en þeir mega draga innkaupsverð söluskattfrjálsra matvæla frá heildarveltu áður en söluskattsskil eru gerð.

Niðurfelling sú sem nú hefur verið ákveðin á sölugjaldi af matvælum svarar til 2.6% lækkunar verðbótavísitölunnar og mun kosta ríkissjóð 1 400 millj. króna tekjutap til áramóta en 5 800 m.kr. tekjumissi á næsta ári. Með þeirri niðurfærslu verðlags, sem lögin kveða á um, hefur verðbótavísitalan alls verið lækkuð til sama stigs og hún var í júní s. l. eins og áður sagði. Þetta þýðir að sjálfsögðu að þau laun sem greidd voru fyrirfram 1. september s. l. og áður höfðu fengið því sem næst fullar verðlagsbætur skv. bráðabirgðalögunum frá í maí, þ. e. lægstu laun — munu lækka nokkuð í krónutölu — en lækkun vöruverðs færir þeim hins vegar kjarabætur.

Þess má geta að fyrstu áhrif niðurfærsluaðgerðanna á matvælaverð verða verðlækkun að meðaltali 7%, þrátt fyrir hækkun á verði til bænda og gengislækkun.

Í þessum kafla laganna eru loks sett ákvæði um verðstöðvun og lagt bann við því að verð vöru, þjónustu og leigu sé hækkað frá því sem það var 9. september 1978 nema skv. leyfi verðlagsyfirvalda og sérstöku samþykki ríkisstjórnarinnar. Þetta ákvæði tekur jafnt til einkaaðila og opinberra aðila. Þá er hundraðshluti verslunarálagningar lækkaður frá og með 11. september s. l. sem svarar því að leyfð hefði verið álagning á 30% þeirrar hækkunar álagningarstofns sem leiðir af gengisbreytingunni 5. september s. l. Þessari reglu, þ. e. „30% reglunni“, hefur oft verið beitt áður við gengisbreytingar á undanförnum árum, enda þykir óeðlilegt að álagning kaupmanna í krónum aukist sjálfkrafa sem nemur allri gengislækkuninni.

IV. KAFLI

Um eignarskattsauka, sérstakan tekjuskatt og sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri til að standa undir kostnaði af niðurfærslu vöruverðs skv. III. kafla.

Ný skattlagning er ævinlega óvinsæl. Hins vegar er óhjákvæmilegt að leggja nú á nýja skatta til þess að standa undir kostnaði til næstu áramóta af auknum niðurgreiðslum vöruverðs og tekjumissi ríkissjóðs vegna niðurfellingar sölugjalds af matvælum. Leitast hefur verið við að leggja hina nýju skatta einungis á þá sem ætla má að hafi mest gjaldþol og hæstar tekjur bera úr býtum.

Skattarnir eru þessir:

Í fyrsta lagi **eignarskattsauki** sem lagður er á álagðan eignarskatt gjaldársins 1978 og nemur hann 50% af eignarskatti einstaklinga en 100% af eignarskatti félaga innlendra og erlendra. Við tekjuskattsálagningu er eignarskattsaukinn frádráttarbær frá tekjuskatti félaga eins og eignarskattur, m. a. þess vegna þótti rétt að hafa hann hálfu hærri á félög en einstaklinga.

Áætlað er að skattlagning þessi muni færa ríkissjóði 1 380 milljónir króna, en þar af er áætlað að ca. 600 milljónir króna muni innheimtast á þessu ári.

Í öðru lagi er **sérstakur hátekjuskattur** lagður á einstaklinga. Skattur þessi leggst á þær skattgjaldstekjur manna af öðru en atvinnurekstri, sem eru umfram ákveðin mörk en þau eru mismunandi eftir fjölskyldustærð, 2.8 m.kr. fyrir einhleyping, 3 7 m.kr. fyrir hjón og auk þess 220 000 kr. fyrir hvert barn. Skatturinn er 6% af tekjum fyrir ofan framangreind mörk. Þessi skattleysismörk eru nokkru hærri en gilti um álagningu skyldusparnaðar 1978.

Sem dæmi um skattfrelsismörk má nefna að hjón með tvö börn geta haft allt að 4 140 000 kr. í skattgjaldstekjur án þess að á þau sé lagður hátekjuskattur, enda fari vergar tekjur þeirra til skatts (en það samsvarar nánast útsvarsstofni að viðbættri eigin húsaleigu) ekki fram úr kr. 4 938 700. Lauslega má áætla að skattur þessi leggist á rúmlega 10% framteljenda og talið er að heildarálagning þessa hátekjuskatts nemi um 380 milljónum króna en þar af innheimtist 170 milljónir á þessu ári. Til samanburðar má geta þess að heildarfjárhæð álagðs skyldusparnaðar á einstaklinga á þessu ári nemur 1 547 m.kr.

Í þriðja lagi er **sérstakur skattur lagður á tekjur í atvinnurekstri.** Skattur þessi er 6% eins og hátekjuskatturinn og leggst á hreinar tekjur af atvinnurekstri áður en fyrningar eru dregnar frá.

Hafi skattaðili orðið fyrir rekstrartapi á liðnum árum, sem heimilt var að draga frá tekjum við álagningu á þessu ári, skal það tap einnig koma til frádráttar þessum tekjustofni. Gert er ráð fyrir, að tekjur af atvinnurekstri verði skýrgreindar svo í reglugerð að sanngjarnt mat á eigin vinnu atvinnurekenda hafi verið fært til gjalda áður en skattur þessi er reiknaður.

Tekjur ríkissjóðs af skattlagningu þessari eru áætlaðar 1 500 milljónir króna en þar af er áætlað að 600 milljónir króna innheimtist í ríkissjóð á þessu ári.

Skattar þeir, sem um ræðir í þessum kafla, skulu á lagðir af skattstjórum og gilda um þá sömu reglur og gilda um tekju- og eignarskatt, að því er varðar álagningu, kærufresti, heimildir skattyfirvalda til lækkunar, viðurlög og önnur almenn atriði.

Um innheimtu hinna nýju skatta gilda einnig sömu reglur og gilda um tekju- og eignarskatt en álögðum gjöldum skv. kaflanum skal skipt jafnt á fjóra gjalddaga, 1. nóvember og 1. desember 1978, og 1. janúar og 1. febrúar 1979.

V. KAFLI

Breyting á lögum um sérstakt tímabundið vörugjald.

Allt frá árinu 1975 hefur verið innheimt sérstakt, tímabundið vörugjald af ýmsum vörum. Vörugjald þetta hefur verið mismunandi hátt frá einu tímabili til annars, þ. e. lægst 12% en hæst 18%. Við gildistöku laga þessara var það 16%.

Sú breyting er nú gerð, að vörugjaldinu er skipt í tvo gjaldflokka, annars vegar 16% eins og það hefur verið að undanförnu og hins vegar 30% á nokkrum vörutegundum, og tók sú hækkun gildi þ. 9. september s. l. Hér er því í raun og veru ekki um „nýtt" gjald að ræða heldur breytingu á gjaldi, sem þegar var til staðar.

Við ákvörðun þess, hvaða vörur skyldu falla í hærri gjaldflokkinn, var allnokkur vandi á höndum. Hið sérstaka tímabundna vörugjald hefur almennt ekki verið lagt á „samkeppnisvörur" þ. e. iðnaðarvörur sem tollar hafa verið lækkaðir af vegna fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EBE, ekki á vélar og aðföng iðnaðarins, né helstu fjárfestingarvörur. Þá hafa flestar matvörur og mikilvæg aðföng sjávarútvegs og landbúnaðar verið undanþegin gjaldinu.

Niðurstaðan varð sú, að leggja hærra gjald fyrst og fremst á varanlegar neysluvörur, snyrtivörur, skrautvörur og fleira þess háttar. Hins vegar var í engu breytt gjöldum af hjólbörðum, sjónvarpstækjum, sportvörum og varahlutum í bifreiðar. Þá var sett í lögin heimild fyrir ráðherra til að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu og færa þær milli gjaldflokka ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Gert er ráð fyrir, að hækkunin á vörugjaldinu muni færa ríkissjóði 400 m.kr. tekjuauka á þessu ári.

VI. KAFLI

Gjald á ferðalög til útlanda.

Með kafla þessum er lagt 10% gjald á ferðagjaldeyri, en jafnframt því hefur hámark ferðagjaldeyris verið hækkað til muna. Gjald þetta er ekki lagt á yfirfærslur námsmanna, sjúklinga eða áhafnagjaldeyri.

Skattlagning þessi hefur verið gagnrýnd nokkuð en á það má benda að skattlagning á ferðalög Íslendinga til annarra landa hefur verið hverfandi til þessa og flugvallagjaldið, sem fyrst var álagt árið 1975, hefur ekki fylgt almennri verðlagsþróun og er því mun lægra að raungildi en það var í upphafi. Einnig má á það benda að þessi „neysla" er hér miklu vægar skattlögð en yfirleitt gildir um innfluttar vörur.

Í grannlöndum okkar er algengt að allhár skattur sé lagður á ferðalög með leiguflugvélum, en sá skattur er ekki fyrir hendi hér á landi.

Áætlað er að tekjur af gjaldi þessu nemi um 200 milljónum króna á þessu ári, en um 1 600 m.kr. á næsta ári.

VII. KAFLI

Um heimild til lækkunar ríkisútgjalda 1978.

Hér er veitt heimild til lækkunar ríkisútgjalda um 2 000 milljónir króna. Fyrir var skv. lögum um efnahagsmál í febrúar s. l. heimild til að lækka ríkisútgjöld um 1 000 milljónir króna. Þar sem nú er langt liðið á fjárhagsárið er ljóst, að örðugt kann að reynast að fullnýta þessa heimild, en mikilvægt er að það takist.

VIII. KAFLI

Um gildistöku o. fl.

Tekið er fram, að forsætisráðherra geti með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna að því leyti, sem framkvæmd þeirra er ekki beinlínis falin öðrum ráðherrum.

Í ákvæði til bráðabirgða er tekið fram að laun fyrir vinnudagana 1.—10. september 1978, sem greidd eru eftirá, skuli gerð upp endanlega samkvæmt þeim kauptöxtum, sem gildi taka með lögunum, en þau laun sem greidd voru fyrirfram fyrir sama tímabil skulu hins vegar haldast óbreytt. Það eru fyrst og fremst opinberir starfsmenn, sem fá laun sín greidd fyrirfram. Við síðustu mánaðamót var verðbótavísitala allmiklu hærri en nú er, eftir að verðlag á nauðsynjavörum hefur verið lækkað skv. lögum þessum. Föst mánaðarlaun í september í lægstu launaflokkum opinberra starfsmanna munu því verða nokkru lægri en gert var ráð fyrir skv. áður gildandi reglum og sama gildir um laun í hæstu flokkunum vegna vísitöluþaksins. Með hliðsjón af þessu hefur verið ákveðið að breyta ekki launagreiðslum opinberra starfsmanna fyrir fyrstu tíu daga septembermánaðar.

Yfirlit.

Ráðstafanir þær, sem ríkisstjórnin hefur nú hrundið í framkvæmd, fela í sér tilraun til að rjúfa þann vítahring verðlags- og launahækkana, sem hagkerfið hefur festst í að undanförnu og haft hefur í för með sér svo mikla rekstrarerfiðleika undirstöðuatvinnuvega að horfði til rekstrarstöðvunar og atvinnubrests. Þörf var fyrir skjótar aðgerðir til að koma í veg fyrir ófremdarástand í atvinnulífi landsmanna. Hér er farið inn á þá braut að draga úr verðbólgu með auknum niðurgreiðslum og lækkun óbeinna skatta á nauðsynjum. Í þessu felst mikil fjárhagsbyrði fyrir ríkissjóð. Hluta af verðbólguvandanum hefur verið breytt í ríkisfjármálavanda. Svo er um hnútana búið, að álagning nýrra skatta á árinu 1978 ásamt áformum um útgjaldalækkun dugir til þess að mæta þeim miklu útgjöldum og tekjutapi ríkissjóðs, sem ráðstafanirnar hafa í för með sér á þessu ári. Á hinn bóginn dreifist skattheimtan vegna ráðstafananna á þessu ári á lengra tímabil en útgjöldin og því hafa þær óhjákvæmilega í för með sér, að greiðsluhalli verður á ríkissjóði á þessu ári. Öll áhersla verður hins vegar á það lögð, að þessi halli verði að fullu unninn upp þannig að yfir 16 mánaða tímabilið til ársloka 1979 náist jöfnuður í ríkisfjármálum. Þessi jöfnuður er forsenda árangurs í viðnámi gegn verðbólgu.

Árangur í ríkisfjármálum á næsta ári ræðst hins vegar af þeim ráðstöfunum, sem gerðar verða með fjárlögum ársins 1979, svo og af þeim kjarasamningum, sem gerðir verða frá 1. desember n. k. Við þær ákvarðanir kemur í ljós hvort auðnast að nota það hlé, sem þessum fyrstu aðgerðum er ætlað að skapa til varanlegs viðnáms gegn verðbólgu. Skattheimtan, sem bráðabirgðalögin kveða á um, er einungis tímabundin, en á Alþingi mun ríkisstjórnin leggja fram tillögur sínar um útgjaldalækkun og frestun framkvæmda ásamt varanlegri tekjuöflun með breytingum á sköttum, sem tryggi það að ríkisfjárhagurinn haldist í jafnvægi.

Fylgiskjal III:

18.10.78

Tafla 1.

Áætlun um aukin útgjöld og tekjumissi skv. bráðabirgðalögum nr. 96/1978 og aukningu útflutningsbóta á búvörum haustið 1978.

	1978 M.kr.
1. Auknar niðurgreiðslur í september	3 000
2. Niðurfelling söluskatts af matvælum	1 400
3. Auknar niðurgreiðslur í desember	350
4. Verðjöfnunargjald/útflutningsuppbætur	1 000
SAMTALS	5 750

Tafla 2.

Áætlun um tekjuöflun skv. bráðabirgðalögum nr. 96/1978 auk hækkunar á útsöluverði ÁTVR um 20% 8/9/1978.

	Álagt[1]) 1978 M.kr.	Innheimt 1978 M.kr.	Innheimt 1979 M.kr.
1. Eignarskattsauki skv. 8. gr.			
a) 50% af eignarskatti einstaklinga	449	200	220
b) 100% af eignarskatti félaga	922	400	475
2. Sérstakur tekjuskattur á háar tekjur skv. 9. gr. ..	414	185	210
3. Sérstakur skattur á tekjur og fyrningar eigna í atvinnurekstri skv. 10. gr.	1 700	700	750
4. Hækkun á sérstöku vörugjaldi úr 16 í 30% á nokkrum vörum skv. 13. gr.	400	400	1 700
5. Skattur á ferðalög til útlanda skv. 17. gr.	200	200	1 600
6. Lækkun útgjalda skv. 18. gr.	600	600	—
Samtals 1—6 (með lagasetningu)	4 685	2 685	4 955
7. Hækkun á útsöluverði ÁTVR, 20%	400	400	3 500
Samtals 1—7. Tekjuauki og lækkun útgjalda: ..	5 085	3 085	8 455

Sþ. 43. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]

um bann við kjarnorkuvopnum á íslensku yfirráðasvæði.

Flm.: Svava Jakobsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf er banni að geyma hvers konar kjarnorkuvopn hér á landi, sigla með þau eða fljúga með þau eða flytja þau með öðrum hætti um íslenskt yfirráðasvæði. Jafnframt verði kveðið á um eftirlit Íslendinga til að tryggja að þessi lög verði virk.

Greinargerð.

Enda þótt skoðanir séu skiptar um réttmæti erlendra herstöðva hér á landi, munu þó allir Íslendingar sammála um að hér skuli ekki vera kjarnorkuvopn. Engum dylst hvílíkri hættu slíkt byði heim fyrir líf og öryggi íslensku þjóðarinnar.

Umræður um hugsanleg kjarnorkuvopn á Íslandi á undanförnum árum sýna hversu berskjaldaðir Íslendingar standa gagnvart hernaðarumsvifum Bandaríkjamanna hér á landi. Bandarísk yfirvöld neita að gefa upp hvort hér séu kjarnorkuvopn eða ekki, og íslenskir ráðamenn eiga ekki annars kost en flytja yfirlýsingar sem þeir hafa sjálfir engin tök á að sannreyna að séu réttar.

Vegna öryggishagsmuna íslensku þjóðarinnar hljótum við að gera hverjar þær ráðstafanir sem í okkar valdi standa til þess að tryggja að kjarnorkuvopnum sé bægt frá íslensku yfirráðasvæði. Flm. telur frumskilyrði að leitt sé í lög algert bann við geymslu hvers konar kjarnorkuvopna á íslensku landi og bannað sé að sigla með þau, fljúga með þau eða flytja þau með öðrum hætti um íslenskt yfirráðasvæði. Í framhaldi af slíkri löggjöf er eðlilegt að komið verði á eftirliti Íslendinga sjálfra til þess að tryggja að slík löggjöf verði virk meðan erlendur her og erlendar herstöðvar eru í landinu. Slíkt eftirlit þurfa að annast sérmenntaðir menn, sem hefðu í því skyni allan nauðsynlegan aðgang að herstöðinni.

1) Fyrstu þrír liðirnir eru samkvæmt álagningu. Að öðru leyti er um áætlanir að ræða.

Sþ. 44. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um varnir gegn olíumengun í nágrenni Keflavíkurflugvallar.

Flm.: Gunnlaugur Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela utanríkismálanefnd Alþingis að láta rannsaka hversu mikil mengun hefur nú þegar hlotist af olíu í jarðvegi umhverfis Keflavíkurflugvöll. Athugað verði sérstaklega hversu mikil hætta stafar af olíumengun gagnvart vatnsbólum byggðarlaga á Suðurnesjum. Nefndin kanni einnig réttarstöðu byggðarlaga á Suðurnesjum gagnvart afleiðingum olíumengunar af einu eða öðru tagi. Lögð verði áhersla á í athugun þessari að hafa náin samráð við stjórnir sveitarfélaga í nágrenni við Keflavíkurflugvöll. Störfum verði hraðað eins og kostur er.

Greinargerð.

Hér eru á ferðinni alvarleg mál sem kominn er tími til að tekin verði fastari tökum en hingað til virðist hafa verið gert. Fulltrúar sveitarfélaga á Suðurnesjum hafa tjáð flutningsmanni að nú sé aðeins tímaspursmál hvenær vatnsból nokkurra byggðarlaga á Suðurnesjum verði ónothæf vegna olíumengunar.

Í skýrslu, sem hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps lét gera 1970—1972, kemur ýmislegt fram sem vert er að athuga nánar. Þar segir m. a.: „Svo alvarlega er í þessum málum komið að búast má við í náinni framtíð algjöru neyðarástandi víða hér syðra í neysluvatnsmálum, og er þá jafnframt átt við vatnið sem notast í fiskiðnaði, ef marka má skoðanir jarðeðlisfræðinga eins og að framan greinir.“ Síðar segir í sömu skýrslu: „Nefndin telur sig geta rökstutt það með fjölmörgum ábendingum að ekki mörg hundruð tonn af olíum og bensíni og ýmsu þrýstiloftsflugvélaeldsneyti, heldur margar þúsundir tonna hafa runnið út í jarðveg Keflavíkurflugvallar á umliðnum áratugum frá byggingu hans ... enn þann dag í dag streymir olían í tugum tonna út í jarðveginn af slysni, kæruleysi eða þekkingarleysi án þess að nokkuð sé að gert.“

Þessar tilvitnanir í sex ára gamla skýrslu sýna að enn er við sömu vandamál að stríða án þess að mikið hafi hingað til verið gert til varnar og athugunar svo vitað sé. Sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum upplýsa að mjög hefur á undanförnum árum skort á samstarf þeirra aðila í utanríkisráðuneytinu, sem með Keflavíkurflugvallarmál hafa farið, við sveitarfélögin á þessu svæði. Úr þessu þarf að bæta.

Í nágrenni við vatnsból þúsunda íbúa á Suðurnesjum liggja grafnir olíutankar og olíuleiðslur. Sums staðar má heita að vatnsból og olíutankar liggi nánast hlið við hlið. Mengun vatnsbóla er yfirvofandi og hljóta allir að sjá hver vá er fyrir dyrum ef slíkt á sér stað. Þá má heita að allt atvinnulíf á stórum hluta Suðurnesja fari endanlega í rúst.

Nd. 45. Frumvarp til laga [42. mál]

um upplýsingaskyldu banka og annarra lánastofnana.

Flm.: Kjartan Ólafsson.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja, að almenningur eigi þess kost að kynna sér og hafa eftirlit með útlánum lánastofnana.

2. gr.

Bankar, sparisjóðir, fjárfestingarlánasjóðir og aðrar lánastofnanir skulu birta opinberlega lista yfir öll veðlán, sem veitt hafa verið á liðnu ári, einnig hvers konar útlán, sem nema hærri fjárhæð en fjórum milljónum króna og veitt eru til lengri

tíma en tveggja ára, ásamt upplýsingum um nöfn lántakenda, lánskjör og yfirlýstan tilgang lánanna. Þá skal einnig birta lista yfir einstaklinga, félög og stofnanir, sem skulda við áramót meira en sex milljónir króna í viðkomandi stofnun.

Upphæðir þær, sem nefndar eru hér í greininni, skulu breytast árlega í réttu hlutfalli við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1979.

3. gr.

Útlánalistinn skal lagður fram í afgreiðslu stofnunarinnar áður en liðinn er fyrsti mánuður næsta árs og afhentur hverjum sem vill gegn hæfilegri þóknun, sem svarar til kostnaðar við prentun.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis og þetta var flutt af Ragnari Arnalds núverandi menntamálaráðherra á síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að um áratugaskeið hefur helsta fjáröflunarleiðin í íslensku þjóðfélagi verið sú að komast yfir sem allra mest lánsfé og festa það í eignum sem verðbólgan hækkar stöðugt í verði.

En þótt eignirnar, sem lánsféð var notað til að mynda, stórhækki í verði fyrir tilverknað verðbólgunnar, þá hafa menn átt þess kost að greiða lánin til baka svo og svo löngu síðar með langtum verðminni krónum en upphaflega voru fengnar að láni.

Með þessum hætti hafa fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar náð að mynda stóreignir án þess að nokkru sinni kæmu fram tekjur hjá viðkomandi aðilum til að standa undir þessari eignamyndun.

Verðbólgugróðinn hefur þannig verið skattfrjáls, enda þótt hann hafi um langt skeið verið helsta auðsuppspretta íslenskra fjáraflamanna.

Við þessar aðstæður virðist fráleitt að viðhalda þeirri bankaleynd hvað meiri háttar útlán varðar, sem hér hefur ríkt allt til þessa, og ríkir enn hjá flestum lánastofnunum.

Veiting lána er af eðlilegum ástæðum bæði mikilsverð og mjög eftirsótt fyrirgreiðsla í verðbólguþjóðfélagi og öll hula yfir meiri háttar lánastarfsemi hlýtur að valda meiri eða minni tortryggni, hvort sem sú tortryggni er ástæðulaus eða ekki í hverju tilviki fyrir sig.

Þeir fjármunir, sem hlaðast upp sem eignamyndun út á skuldasöfnun í höndum margvíslegra verðbólgubraskara eða annarra, falla ekki af himnum ofan.

Þessir fjármunir eru teknir frá þeim þegnum þjóðfélagsins, sem skortir aðstöðu eða ófyrirleitni til að ná sínum hlut í verðbólgukapphlaupinu um lánsfé.

Það er réttur þessa fólks, alls almennings í landinu, að eiga þess kost að fá á hverjum tíma fulla vitneskju um hvernig öllum meiri háttar lánveitingum er háttað. Slíkt á ekki að vera neitt leyndarmál.

Opinber birting upplýsinga um allar meiri háttar lánveitingar, svo sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, veitir traust aðhald í störfum öllum þeim, sem tekist hafa á hendur það vandasama verkefni að ráðstafa lánsfé úr opinberum lánastofnunum.

Slíkt aðhald er nauðsynlegt, enda þótt fullt traust sé borið til þeirra einstaklinga, sem lánveitingum stýra á hverjum tíma.

Afnám bankaleyndar í þessum efnum hlýtur augljóslega að draga úr þeirri hættu, sem annars er fyrir hendi á mismunun og geðþóttaákvörðunum. Ekki verður séð að nokkur lánveiting eigi rétt á sér, sem ekki þolir dagsins ljós.

Frumvarpið gerir þó ekki ráð fyrir því, að lánastofnunum verði gert skylt að skýra frá sérhverri smáupphæð sem lánað er, því að slíku hlyti óhjákvæmilega að fylgja óþarfa skriffinnska. Er því miðað við ákveðnar lágmarksupphæðir, eins og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins.

Að lokum er rétt að minna á, að þegar lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins voru samþykkt á Alþingi í árslok 1971, var ákveðið að árlega skyldi birt skrá yfir lánveitingar stofnunarinnar, sbr. 16. gr. laganna, sem nú er 15. gr. Þetta var þá nýmæli í íslenskum lögum og að sjálfsögðu hefur því verið fylgt hvað varðar allar lánveitingar Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs.

Ekki er vitað, að þessi háttur hvað varðar lánveitingar frá Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði hafi sætt nokkurri marktækri gagnrýni, en þvert á móti þótt ánægjuleg nýbreytni.

Ekki verður heldur séð, hvaða rök eru fyrir því, að sömu reglur skuli enn ekki hafa verið teknar upp hvað varðar aðrar lánastofnanir.

Flutningsmanni þessa frumvarps er kunnugt um að þessi mál eru nú í athugun á vegum viðskiptaráðuneytisins, en með flutningi frumvarpsins er áhersla á það lögð, að hér þarf að taka upp breytta hætti í samræmi við meginákvæði frumvarpsins hið allra fyrsta.

Flutning frumvarpsins má skoða sem þátt í baráttu Alþýðubandalagsins fyrir opnara og réttlátara stjórnkerfi.

Sþ. 46. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]

um orkusparnað.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Bragi Níelsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á orkubúskap Íslendinga og að hefja nú þegar markvissar aðgerðir í því skyni að auka hagkvæmni í orkunotkun þjóðarinnar og draga úr henni, þar sem þess er kostur.

Greinargerð.

Tillaga þessa efnis hefur verið flutt á tveimur síðustu þingum af Benedikt Gröndal og Eggert G. Þorsteinssyni, en eigi orðið útrædd. Það er skoðun flutningsmanna, að eigi megi dragast öllu lengur, að Alþingi láti í ljós ótvíræðan vilja sinn í jafnmikilvægu máli.

Miklar umræður um orkumál hafa farið fram hér á landi að undanförnu. Almenningi er nú orðið ljóst, að Íslendingar eru um lífskjör sín mjög háðir orku, bæði aðkeyptri og innlendri, og að þjóðinni er nauðsyn á því að gera heildarúttekt á orkubúskap sínum. Niðurstaða slíkrar úttektar gæti orðið grundvöllur að frekari aðgerðum til að tryggja stöðu þjóðarinnar í þeirri orkukreppu, sem nú veldur jarðarbúum örðugleikum, en ekki þarf þó að bíða eftir niðurstöðunni varðandi ýmsar augljósar aðgerðir til orkusparnaðar, sem rétt er að gera þegar í stað.

Mikið er rætt um hér á landi að nýta jarðvarma og raforku unna með innlendum orkugjöfum í stað innflutts eldsneytis og hefur mjög miðað fram á við í þá átt að undanförnu. Samt fluttu Íslendingar inn eldsneyti að verðmæti um 14 milljarða króna á s. l. ári og er það einn veigamesti þátturinn í óhagstæðum vöruskiptajöfnuði þjóðarbúsins út á við. Á árinu 1978 er áætlað að eldsneytisinnflutningur muni nema um 12% af verðmæti heildarinnflutnings landsmanna, en til samanburðar nam han um 7% af heildarinnflutningnum árið 1973.

Enn eru framundan miklar hækkanir á olíuverði, enda fyrirsjáanlegt að jarðolía muni að miklu leyti ganga til þurrðar á næstu áratugum. Þótt kolabirgðir jarðar endist mannkyni í nokkrar aldir, þá erum við illa búnir nú til þess að taka þann orkugjafa aftur í notkun í stað olíunnar, og sama er að segja um annað eldsneyti, svo sem vetni og tilbúin kolvetnissambönd, sem síðar kunna að leysa olíuna af hólmi.

Áhersla er nú lögð á vinnslu varma og raforku með innlendum orkugjöfum, en þrátt fyrir það er ekki þar með sagt, að gjaldeyrisútgjöldum linni að sama skapi.

Orkuverin og dreifingarkerfin eru gerð fyrir erlent lánsfé og notkun þess fylgir mikill erlendur kostnaður.

Þjóðir heims leggja nú sívaxandi áherslu á orkusparnað sem eina af þeim leiðum sem fara verður til þess að mæta áhrifum orkukreppunnar. Hafa margvíslegar aðgerðir til orkusparnaðar fengið forgangsröðun í nágrannalöndum okkar.

Hér á landi er ekki síður ástæða til þess að hefja samræmdar aðgerðir til orkusparnaðar. Með því að skera niður orkunotkun sína getur þjóðin bæði minnkað innflutning á eldsneyti og dregið úr fjárfestingaþörf í nýjum virkjunum og stækkun orkuflutningskerfa. Stjórnvöld eiga og verða að hafa virka forystu um aðgerðir til orkusparnaðar, en af einstökum aðgerðum mætti nefna:

1. Auknar kröfur til orkunýtingar við húshitun og heimilishald.

Talið er að um 34% af heildarorkuþörf þjóðarinnar sé vegna upphitunar húsnæðis. Það hefði því mikil áhrif, ef félagsmálaráðuneytið gerði í reglugerðum skv. 4. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 stórauknar kröfur um einangrun húsa, gluggastærðir, sjálfvirk stjórntæki og aðra þá þætti, sem minnkað geta orkuþörf við húshitun og loftræstingu húsnæðis. Talið er líklegt að fram til næstu aldamóta verði byggt jafnmikið húsnæði og nú er fyrir í landinu, þannig að mikilvægt er að byggingarreglugerðum verði nú breytt á þann hátt, að hús verði framvegis byggð með það í huga, að orkuþörf til hitunar þeirra verði sem minnst.

Þá þarf að íhuga, hvaða aðgerðir væru heppilegastar til þess að örva eigendur eldra húsnæðis til þess að auka einangrun þess o. s. frv., og kæmi t. d. bæði til greina að beita ákvæðum skattalaga og beinum fjárstyrkjum í því skyni, en um slíkt eru mörg fordæmi í nágrannalöndum okkar.

Þá er nauðsynlegt að þegar í stað verði hafist handa hér á landi um tilraunir með notkun varmadælu til húshitunar, en talið er að með slíkri tækni megi minnka raforkuþörf til hitunar um allt að ⅔.

Með auknum kröfum um orkunýtingu heimilistækja og upplýsingastarfsemi til almennings mætti minnka orkunotkun heimilanna um allt að 25% að mati fróðra manna án þess að það þyrfti að rýra vellíðan manna á nokkurn hátt.

2. Orkunýting í atvinnurekstri.

Víða er hægt að ná verulegum orkusparnaði í iðnaði og öðrum atvinnurekstri, ef menn á annað borð einbeita sér að því viðfangsefni. Þar má nefna atriði eins og bætta nýtingu tækja og nýtingu varma, sem myndast við margs konar vélanotkun. T. d. mætti trúlega hita upp vinnusali frystihúsa með þeim varma, sem nú er leiddur frá frystivélum þeirra með kælivatni, og komin eru á markað erlendis einföld tæki, sem geta unnið varma t. d. úr útblásturslofti loftræstingar og nýtt hann aftur við upphitun húsnæðis. Við rekstur fiskimjölsverksmiðja tapast líka mikill varmi, sem e. t. v. mætti nýta til upphitunar í fjarvarmakerfum, og þannig mætti lengi telja. Þá kröfu verður að gera til atvinnufyrirtæka, að þau semji áætlanir um aðgerðir til orkusparnaðar og bættrar orkunýtingar, og mætti veita þeim hvatningu til nauðsynlegra fjárfestinga á því sviði með sérstökum ívilnunum í skattgreiðslum.

3. Samgöngur.

Samgöngur eru mjög orkufrekur þáttur í þjóðarbúskap Íslendinga og sú orka, sem til þeirra er notuð, er innflutt eldsneyti. Talið er að um 31% af orkunotkun landsmanna nú sé vegna samgangna.

Á þessu sviði mætti draga stórlega úr orkuþörf með aukinni notkun almenningsbifreiða í stað einkabifreiða og með því að setja strangar kröfur um eldsneytisnýtingu nýrra samgöngutækja. Á þessu sviði þyrfti Samgönguráðuneytið að hafa forystu.

Rétt væri við áðurnefnda úttekt á orkubúskap Íslendinga að gera samanburðarrannsóknir á orkuþörf við vöruflutninga með bifreiðum annars vegar og með skipum hins vegar og einnig væri rétt að hefja undirbúningskannanir vegna uppbyggingar samgöngukerfis með rafknúnum vögnum í þéttbýli.

Notkun einkabíla þykir nú svo sjálfsögð með þjóðinni, að talsverða hugarfarsbreytingu þarf til að fá menn til að draga úr henni og til þess að nota almenningsbifreiðar meira að sama skapi. Hér þarf öfluga áróðursherferð til svo og bætt rekstrarskilyrði sérleyfishafa og strætisvagna, t. d. tollfríðindi við innflutning viðeigandi bifreiða. Aukinn farþegafjöldi mundi bæta afkomu þeirra fyrirtækja, sem annast rekstur almenningsbifreiða.

Opinberar stofnanir gætu gengið á undan með góðu fordæmi og beitt sér fyrir aukinni notkun starfsmanna sinna á strætisvögnum og öðrum slíkum bifreiðum.

Hér hefur lauslega verið minnst á þrjú atriði, en ótal fleiri mætti nefna, svo sem beitingu gjaldskrárákvæða til að örva orkusparnað, ný þvottaefni, sem gera notkun á heitu vatni til þvotta óþarfa, og endurvinnslu dýrmætra efna og orku úr úrgangi. Hér er ekki ætlunin að birta tæmandi lista yfir þá fjölmörgu möguleika, sem við eigum til orkusparnaðar, en það léttir alla viðleitni til þeirra hluta, að hér er um alþjóðlegt viðfangsefni að ræða og góðar lausnir geta víða átt við.

Aðalatriðið er, að við Íslendingar mörkum okkur ákveðna stefnu á þessu sviði og að stjórnvöld ýmist hafi forgöngu um eða greiði fyrir einstökum aðgerðum til framkvæmdar á þeirri stefnu.

Nd. 47. Frumvarp til laga [44. mál]

um breyting á lögum nr. 4 6. mars 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Eiður Guðnason.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Launakjör alþingismanna skulu ákveðin af Kjaradómi. Kjör alþingismanna að öðru leyti, svo sem húsnæðis-, dvalar- og ferðakostnaður, skulu sömuleiðis ákveðin af Kjaradómi að fengnum tillögum þingfararkaupsnefndar. Launin greiðast mánaðarlega og hefjast greiðslur frá byrjun næsta mánaðar eftir kjördag.

Varamaður nýtur þingfararkaups þann tíma er hann situr á þingi.

Ráðherra, sem er ekki alþingismaður, á rétt á þingfararkaupi og nýtur að öllu leyti þeirra fríðinda, sem alþingismönnum eru ákveðin í lögum þessum.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Alþingismaður, sem um þingtímann verður að hafa dvalarstað í Reykjavík eða grennd vegna fjarlægðar frá heimili sínu, á rétt á að fá greiddan eftir reikningi kostnað við hæfilegt húshald til íbúðar, meðan Alþingi stendur yfir. Kjaradómur ákveður hámark húsnæðiskostnaðar, að fengnum tillögum þingfararkaupsnefndar. Þingmaður utan Reykjavíkur eða nágrennis, er býr í eigin húsnæði, fær þó greiddan húsnæðiskostnað eftir mati.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Kjaradómur, að fengnum tillögum þingfararkaupsnefndar, ákveður dvalarkostnað yfir þingtímann fyrir alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur.

Ákvæði í 1. málsgr. gildir þó ekki um þá alþingismenn, sem fasta atvinnu hafa í Reykjavík við önnur störf, meðan Alþingi stendur yfir.

4. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Alþingismaður fær á ári hverju fjárhæð til greiðslu kostnaðar við ferðalög í kjördæmi sínu. Kjaradómur, að fengnum tillögum þingfararkaupsnefndar, ákveður fjárhæð þessa. Heimilt er að hafa upphæðina misháa eftir kjördæmum.

Landskjörinn þingmaður fær sama ferðakostnað og þingmaður í því kjördæmi, þar sem hann er í framboði.

5. gr.

8. gr. laganna falli niður.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er efnislega samhljóða frumvarpi, sem Gylfi Þ. Gíslason og Ellert B. Schram fluttu á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu.

Launakjör alþingismanna hafa mjög verið til umræðu hin síðari misseri. Mun svo vera, að launakjörin nú séu nokkru lakari en þau voru fyrir svo sem fjórum árum. Liggur nærri að draga þá ályktun, að þingið hafi verið feimið við að ganga hart fram í eigin kjaramálum og sæta þeirri gagnrýni, sem slíku hlýtur ævinlega að fylgja.

Í kosningabaráttu s.l. vor gagnrýndu margir frambjóðendur Alþýðuflokksins harðlega fyrirkomulag á launakjörum þingmanna. Þar virðist margt vera gagnrýni vert. Auðvitað má alltaf deila um hvað teljist eðlileg launagjör og hvað teljist góð kjör. Gagnrýnt hefur verið, að ýmis fríðindi þingmanna hafa ekki verið gefin upp til skatts, sem þó er skylt samkvæmt íslenskum skattalögum. Það hlýtur að vera frumskylda, að fríðindi, bílakostnaður, dvalarkostnaður o. s. frv. sé skilyrðislaust gefið upp á skattskýrslu. Þá hefur sú leynd verið gagnrýnd, sem umleikið hefur kjör þingmanna. Ætti það að vera regla, að Kjaradómur gerði almenningi grein fyrir því á hverjum tíma, ef ástæða þykir til að bæta kjör þingmanna. Ráðherrar fá há laun, sem bætast við laun þingmanna. Er sú regla vafasöm, svo ekki sé meira sagt. Þá fá þingmenn, sem búa í næsta nágrenni Reykjavíkur, greiddan dvalarkostnað.

Alþingi á ekki að vera eins og hver annar þrýstihópur í samfélaginu. Auðvitað eiga launakjör þingmanna að vera góð til þess að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði þeirra. Um það deila menn ekki. Verðbólgan hefur gert alla kjarabaráttu sérstæða og óbilgjarna. Það er einnig almennur sannleikur, sem menn eru sammála um. Alþingi hefur verið umleikið tortryggni vegna þess að það hefur brostið trúnaður milli þingsins og þorra fólksins í landinu, m. a. um launakjör þingmanna. Þess vegna er lagt til að aðili utan þingsins, Kjaradómur, fjalli um launakjör þingmanna, og að Kjaradómur birti jafnóðum allar upplýsingar um hækkanir.

Tilgangur þessarar breytingar er að skapa aukið traust milli Alþingis og annarra þegna samfélagsins. Gefist þetta fyrirkomulag ekki vel að mati þingsins er Alþingi á hverjum tíma í sjálfsvald sett að breyta því aftur.

Sþ. 48. Fyrirspurnir. [45. mál]

I. Til forsætisráðherra um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Í stjórnarsáttmála er kveðið á um, að skipulag og starfshættir Framkvæmdastofnunar ríkisins verði teknir til endurskoðunar. Er þess að vænta, að sú endurskoðun feli í sér, að horfið verði af þeirri braut að pólitískir aðilar verði útlánastjórar, „kommisarar“, svo sem verið hefur frá upphafi Framkvæmdastofnunar?

II. Til viðskiptaráðherra varðandi launakjör og fríðindi bankastjóra ríkisbankanna o. fl.

Frá Stefáni Jónssyni.

1. Hver eru laun bankastjóra ríkisbankanna? Hvaða hlunninda njóta þeir annarra? Hver ákveður kjör bankastjóranna, risnu þeirra og hlunnindi og á hvaða forsendum er byggt?
2. Hverjar voru risnugreiðslur ríkisbankanna og í hvaða mynd árið 1977? Hver er bílakostur hinna einstöku ríkisbanka og til hvers er hann notaður?

III. Til viðskiptaráðherra varðandi nafnlausar bankabækur.

Frá Stefáni Jónssyni.

Hversu margar eru nafnlausar bankabækur og hve há upphæð stendur inni á slíkum bókum samtals?

IV. Til heilbrigðis- og tryggingaráðherra um fæðingarorlof.

Frá Helga F. Seljan og Svövu Jakobsdóttur.

Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til að koma fæðingarorlofi í það horf, sem áður samþykkt ákvæði til bráðabirgða við lög um atvinnuleysistryggingar segja til um?

Nd. 49. Frumvarp til laga [46. mál]

um breyting á lögum um félagsheimili, nr. 107 1970.

Flm.: Þórarinn Sigurjónsson, Ingvar Gíslason.

1. gr.

Upphaf 3. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Af tekjum félagsheimilasjóðs skulu 10% renna í menningardeild félagsheimilasjóðs. Skal því fé varið til að stuðla af menningarstarfsemi á vegum almennra félagssamtaka, svo sem ungmenna- og æskulýðsfélaga, kvenfélaga og annarra menningarsamtaka. Eigi skal styrkveiting bundin því skilyrði, að sú menningarstarfsemi, sem styrkt er, fari fram í félagsheimili, þó slíkt sé æskilegt. Styrkveitingu til menningarstarfsemi o. s. frv.

2. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna komi:

Stjórn félagsheimilasjóðs er í höndum menntamálaráðherra. Veitir hann byggingarstyrki úr sjóðnum samkvæmt tillögum íþróttanefndar, íþróttafulltrúa og deildarstjóra byggingadeildar menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðherra skipar 3 manna nefnd til 3 ára, er geri tillögur um styrki úr menningardeild félagsheimilasjóðs. Skal sú nefnd skipuð tveimur mönnum samkvæmt tilnefningu: einum frá Ungmennafélagi Íslands og Kvenfélagasambandi Íslands, einum frá Bandalagi ísl. listamanna og Bandalagi ísl. leikfélaga. Formann skipar ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin er ólaunuð. Framkvæmdastjóri nefndarinnar skal vera æskulýðsfulltrúi ríkisins.

Umsóknir um styrki skal senda menntamálaráðuneytinu. Ef um er að ræða umsókn um byggingarstyrk, skal fylgja nákvæm lýsing á húsi því, sem fyrirhugað er að byggja, ásamt greinargerð fyrir þörfinni á félagsheimili á viðkomandi stað og um fyrirhugaða notkun þess. Sé sótt um styrk úr menningardeild félagsheimilasjóðs, skal gerð nákvæm grein fyrir, hvernig fyrirhugað er að verja styrknum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú breyting, sem hér er lagt til að gerð verði á lögum um félagsheimili, á aðallega við um menningarsjóð félagsheimila og felur í sér þrjár meginbreytingar.

Í fyrsta lagi er lagt til að sá hluti sjóðsins, er veitir fé til menningarmála, sé kallaður menningardeild félagsheimilasjóðs og til úthlutunar úr menningardeild sjóðsins skipi ráðherra 3 manna nefnd.

Í öðru lagi sé það ekki bundið í lögum að styrkveitingar gangi til ákveðinna húsa, heldur sé styrkurinn veittur til félagssamtaka.

Í þriðja lagi er lagt til að æskulýðsfulltrúi ríkisins verði framkvæmdastjóri og starfsmaður þeirrar nefndar, er sér um úthlutun úr menningardeild sjóðsins.

Með þessum breytingum er stefnt að því, að menningarsjóðurinn komi betur að þeim notum er honum var ætlað í byrjun, en í reglum um menningarsjóðinn frá 1. mars 1972 segir m. a., að sjóðurinn skuli stuðla að flutningi á leikhúsverkum, þ. e. leikritum, söngleikjum, blönduðum leikdagskrám og listdanssýningum, tónleikahaldi, bókmenntakynningum og annarri menningarstarfsemi.

Á fundi, er menntamálaráðuneytið boðaði til 8. des. 1975 að Hótel Sögu, voru málefni sjóðsins rædd og gerðar áætlanir um starfrækslu sjóðsins. Á þeim fundi, þar sem mættir voru 32 fulltrúar félagsheimila, ráðuneytis og félagssamtaka, kom berlega í ljós, að mikil þörf væri á nánari kynningu á störfum sjóðsins, og var forráðamönnum félagsheimila ekki nógu ljóst hvernig þeir gætu notfært sér hann.

Tekjur sjóðsins hafa verið sem hér segir:

1970—1974	kr.	11 529 544
1975	—	5 259 400
1976	—	7 232 400
1977	—	8 100 402

og á árinu 1978 má gera ráð fyrir nærri 10 milljónum króna.

Aðalgalli við það fyrirkomulag, sem verið hefur á rekstri sjóðsins, er að hann hefur ekki verið í neinum tengslum við þá aðila er njóta áttu styrkja úr honum, þ. e. a. s. almenna félagsstarfsemi í landinu.

Einnig hafa háð starfsemi sjóðsins þau ákvæði í lögum að miða styrkveitingu við hús, en ekki félagssamtök.

Með því, að almenn félagssamtök fái aðild að starfsemi sjóðsins á þann hátt sem hér er lagt til og æskulýðsfulltrúi verði starfsmaður hans, er það von flutningsmanna, að starfsemi sjóðsins muni aukast og komast í það horf, er áætlað var í byrjun, og að betra samband skapist milli ráðamanna sjóðsins og félagssamtaka í landinu.

Ed. 50. Frumvarp til laga [47. mál]

um breyting á lögum nr. 57 20. maí 1978 um heilbrigðisþjónustu.

Flm.: Helgi F. Seljan, Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

14. gr. 7. 2. Norðfjarðarumdæmi. 2) undirliður í lögunum orðist svo:

Eskifjörður H 2, starfssvæði Eskifjarðarkaupstaður, Helgustaðahreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta litla frumvarp lýtur að því, að í stað H 1 stöðvar á Eskifirði verði þar H 2 stöð, þ. e. með tveim læknum í stað eins sem þar er nú. Er þá með því reiknað að annar læknirinn sitji á Reyðarfirði.

Við setningu laga um heilsugæslu 1973 var mjög um það deilt, hvar mörk skyldi setja varðandi skiptingu heilsugæslustöðva í H 1 og H 2 stöðvar. Segja má, að meginlínan hafi verið sett við 2000 íbúa markið, en þó urðu þar á frávik við meðferð frumvarpsins í þinginu, þannig að svæði með íbúafjölda undir 2000 komust inn á H 2 — tveggja lækna stöðvar. Á Austurlandi var svo ástatt þá, að eitt heilsugæslusvæði þar var mjög nálægt þessum mörkum, þ. e. Eskifjarðarhérað, sem nær yfir Eskifjörð, Reyðarfjörð, Helgustaðahrepp og Fáskrúðsfjarðarhrepp, þann hluta sem er við suðurströnd Reyðarfjarðar.

Nú má segja að þetta svæði sé rétt í jaðrinum eða með milli 1900 og 2000 íbúa og á báðum þéttbýlisstöðunum fer fólki fjölgandi. Á svæðinu hefur allt frá því lagafrumvarp um heilsugæslu fyrst kom fram verið mikill áhugi á því, að læknar yrðu tveir, ekki síst á Reyðarfirði, þar sem íbúar eru á áttunda hundrað. Með hjúkrunarfræðingi í hálfu starfi hefur þó heilsugæsla þar færst í betra og öruggara horf, en þrátt fyrir litlar fjarlægðir er þó enn sem fyrr full þörf á tveggja lækna stöð á Eskifirði með búsetu annars læknisins á Reyðarfirði, svo sem nú er heimild fyrir í 14. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, undirlið 11.

Um þetta liggja fyrir mjög eindregnar óskir heimamanna á svæðinu öllu, m. a. í formi beinna samþykkta frá sveitarstjórnum.

Á síðasta þingi voru heilsugæslulögin í heild til endurskoðunar í þinginu, þó tími væri að vísu allt of skammur til vandlegrar athugunar ýmissa atriða svo sem þurft hefði. Þá var flutt í Ed. af 1. flm. þessa frv. og Halldóri Ásgrímssyni, þáv. 5. þm. Austfirðinga, breytingartillaga um að Eskifjarðarstöðin yrði H 2 í stað H 1. Breytingartillagan var felld með aðeins tveggja atkvæða mun. Mestu réð þar um, svo sem raunar var einnig 1973, afstaða heilbrigðisráðherra, sem vildi halda sig nákvæmlega við þau mörk íbúafjölda sem áður eru hér rakin. Einnig bar ráðherra við læknaskorti, sem óneitanlega er nú alvarlegt vandamál, en að hyggju okkar flm. bundinn nær eingöngu við H 1 stöðvar — eins læknis stöðvar, svo sem Djúpivogur er nú gleggst dæmi um.

Með nýju þingi og nýjum ráðherra þykir okkur því rétt að láta á reyna enn einu sinni um vilja Alþingis, hvort þar verður farið að eindregnum óskum heimamanna frá upphafi, og ekki síst af þeirri ástæðu, að nú er íbúatala svæðisins rétt við þau mörk, sem talin hafa verið eðlileg viðmiðun á skiptingu stöðvar í H 1 og H 2.

Fyrir Reyðfirðinga yrði hér alveg sérstaklega um mikla úrbót og aukið öryggi að ræða með búsetu annars tveggja lækna stöðvarinnar á Reyðarfirði, svo sem sjálfsagt væri ef lagabreytingin næði fram að ganga.

Nánar í framsögu.

Ed. 51. Frumvarp til laga [48. mál]

um breyting á lögum nr. 107 28. október 1970, um félagsheimili.

Flm.: Helgi F. Seljan, Alexander Stefánsson, Bragi Níelsson, Stefán Jónsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Menningarsjóði félagsheimila skal sett sérstök stjórn þriggja manna, sem annars vegar skipuleggi í samráði við félagsheimilin þá menningarstarfsemi, sem til er ætlast að sjóðurinn styrki, og tryggi þá starfsemi sem víðast um landið og veiti að öðru leyti styrki úr sjóðnum til menningarstarfs.

Stjórnin skal skipuð einum fulltrúa ráðuneytisins, sem sé formaður sjóðsstjórnar, einum fulltrúa frá Bandalagi íslenskra leikfélaga og einum fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Úthlutun úr sjóðnum skal árlega birt opinberlega, t. d. í fréttabréfi menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um félagsheimili, 2. gr., er ákvæði, sem kveður á um það, að 10% af tekjum sjóðsins renni í Menningarsjóð félagsheimila skv. nánari ákvörðun þar um til hvers renna skuli.

Hér er um merkilegan og ágætan sjóð að ræða, sem miklu góðu hefur til leiðar komið og margt nytsamlegt gert.

1. flm. þessa frv. hefur áður á Alþingi vikið sérstaklega að sjóði þessum í fyrirspurn um úthlutun fjár úr honum og undirstrikaði þá nauðsyn þess, að heimaaðilar væru studdir rækilega í menningarviðleitni sinni, en þess gætt, að ekki yrði um ofmötun að ræða frá höfuðborgarsvæðinu, þar sem flestir listamenn okkar í öllum helstu greinum teljast eiga heimilisfestu.

Flm. þessa frv. eru þeirrar skoðunar, að þetta hafi bærlega tekist það best þeir vita, en hins vegar liggur hvergi fyrir opinberlega, hvernig úthlutun fer fram né hverjir hljóta. Eflaust má fá þær upplýsingar greiðlega í menntamálaráðuneytinu, en þær eru vitanlega ekki tiltækar fólki almennt og allt of mörgum, sem við menningarstarfsemi fást í félagsheimilum landsins, er ókunnugt um möguleika sína á aðstoð úr sjóðnum til meiri háttar menningarviðburða. Aðrir hafa hins vegar verið duglegir hið besta í þessu og er ekkert nema gott um það að segja.

Í lögum er ekkert ákveðið um sjóðsstjórn. Þykir okkur flm. sjálfsagt að yfir sjóðnum sé sérstök stjórn, sem sé um margt í betri tengslum við menningaraðila landsbyggðarinnar og forráðamenn félagsheimilanna, þó ekki sé undan núverandi fyrirkomulagi kvartað. Þessu hyggjast flm. ná með því, að í stjórn sjóðsins sitji auk fulltrúa ráðuneytisins, sem sé sjálfsagður formaður, tveir aðilar, annar frá Bandalagi ísl. leikfélaga, sem í eru nú yfir 70 félög, sem víðast eru hvað virkust í meiri háttar menningarstarfsemi, og hinn aðilinn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga sem þess aðila, er nánast snertir almennan rekstur ffélagsheimilanna, þ. e. sveitarfélaganna í landinu.

Flm. geta hins vegar fyllilega sætt sig við fjölgun í sjóðsstjórn, ef það mætti verða til samkomulags.

Til greina kæmi vissulega aðili eins og Ungmennafélag Íslands, en ef velja skal á milli verður að telja Bandalag ísl. leikfélaga eðlilegri aðila sakir þess, hve viðamikil og dýr menningarstarfsemi þeirra er sú viðamesta á landsmælikvarða, má fullyrða. Þess má einnig geta, að nær öll ungmennafélög, sem hafa fasta leikstarfsemi árlega, eru aðilar að Bandalagi ísl. leikfélaga.

Í öðru lagi þykir flm. sjálfsagt að úthlutun þessi sé opinber, t. d. með birtingu í fréttabréfi menntamálaráðuneytisins, sem víða fer og er hið ágætasta upplýsingarit.

Nd. 52. Breytingartillaga [39. mál]

við frv. til laga um kjaramál.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

Við 8. gr. bætist ný mgr., svohljóðandi:

Eignarskattsauki skal ekki lagður á þá menn, sem orðnir voru 67 ára fyrir 1. janúar 1978.

Nd. **53. Breytingartillögur** [39. mál]

við frv. til laga um kjaramál.

Frá Albert Guðmundssyni.

1. Við 7. gr.
   a. 2. málsgr. falli niður.
   b. 1. og 3. málsgr. falli niður.
2. Fyrirsögn IV. kafla orðist svo:
   Um sérstakan skyldusparnað sem leggja skal á eignarskatt, tekjuskatt og tekjur af atvinnurekstri.
3. 8. gr. breytist þannig:
   a. „Eignarskattsauki“ í fyrsta málslið verði: Skyldusparnaður.
   b. Síðari málsgrein falli niður.
4. 9. gr. breytist þannig:
   a. „Á árinu 1978 skal lagður sérstakur tekjuskattur“ í 1. málslið verði: Á árinu 1978 skal lagður sérstakur skyldusparnaður.
   b. „reiknast þá sérstaki tekjuskatturinn“ í 2. málsgr. verði: reiknast þá sérstaki skyldusparnaðurinn.
   c. „Áður en skattur er ákvarðaður“ í 3. málsgr. verði: Áður en skyldusparnaður er ákvarðaður.
   d. Síðasta málsgrein falli niður.
5. 10. gr. breytist þannig:
   a. „Á árinu 1978 skal leggja sérstakan skatt“ í 1. málslið verði: Á árinu 1978 skal leggja sérstakan skyldusparnað.
   b. „Þessi sérstaki skattur skal nema 6%“ í 3. tölulið 1. málsgr. verði: Þessi sérstaki skyldusparnaður skal nema 6%.
   c. Síðasta málsgrein falli niður.
6. 11. gr. breytist þannig:
   a. „Skattstjórar sjá um útreikning þeirra skatta . . . og gilda um þá“ í 1. málslið verði: Skattstjórar sjá um útreikning þessa skyldusparnaðar . . . og gilda um hann.
   b. „Skattstjórar skulu við útreikning þessara skatta“ í 2. málslið verði: Skattstjórar skulu við útreikning þessa skyldusparnaðar.
   c. „að lækka eða hækka eða leggja á skatta“ í síðasta málslið verði: að lækka eða hækka eða leggja á skyldusparnað.
7. 12. gr. breytist þannig:
   a. „Innheimta skatta“ í 1. málslið verði: Innheimta skyldusparnaðar.
   b. „Nái samtala þeirra skatta sem lagðir eru á . . . skulu þeir felldir“ í 2. málslið verði: Nái samtala þess skyldusparnaðar sem lagður er á . . . skal hann felldur.
   c. „Skattar þessir skulu innheimtir“ í 3. málslið verði: Skyldusparnaður þessi skal innheimtur.
   d. Nýr málsliður komi sem hljóði þannig:
      Skyldusparnaður þessi skal færður á sérstakan reikning hvers gjaldanda jafnóðum og hann er innheimtur og endurgreiðast gjaldanda tveim árum eftir að hann hefur lokið greiðslu hans ásamt fullum vísitölubótum miðað við vísitölu byggingarkostnaðar á hverjum tíma auk 4% ársvaxta. Sömu aðilar og annast innheimtuna skulu annast endurgreiðslu fjárins og útreikning vísitölubóta.

Ed. 54. Frumvarp til laga [49. mál]

um félagsmálaskóla alþýðu.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Helgi F. Seljan, Guðmundur H. Garðarsson, Jón Helgason, Bragi Sigurjónsson, Bragi Nielsson, Ágúst Einarsson.

1. gr.

Stofna skal á vegum félagsmálaráðuneytisins skóla, er nefnist Félagsmálaskóli alþýðu. Skólinn skal taka við hlutverki samnefndrar stofnunar, sem starfrækt er á vegum Menningar- og fræðslusambands alþýðu. Hlutverk skólans er að mennta og þjálfa fólk úr alþýðusamtökum með það fyrir augum að efla sjálfstraust þess, þroska og hæfni til að vinna sameiginlega að bættum lífskjörum og frelsi alþýðustéttanna.

2. gr.

Félagsmálaskóli alþýðu skal veita fræðslu um sögu, starf og stjórn stéttarfélaga, baráttu þeirra fyrir bættum lífskjörum alþýðustéttanna, um hagsmunasamtök atvinnurekenda, starfshætti þeirra og markmið, svo og um almenna þjóðfélagsfræði og meginatriði íslenskrar félagsmálalöggjafar.

Enn fremur skal kenna almennar fundarreglur, fundarstjórn, undirstöðuatriði bókfærslu, einkum að því er varðar bókhald sjóða og fjárgæslu verkalýðsfélaga.

Leggja skal áherslu á að þjálfa nemendur í að setja fram hugsanir sínar skipulega í ræðu og riti og gera þá færa um að taka að sér félagsleg leiðbeinenda- og kennslustörf í þágu verkalýðshreyfingarinnar.

Heimilt er að veita fræðslu um íslenska tungu og bókmenntir og kenna tvö eða fleiri tungumál eftir vali nemenda.

Nánari ákvæði um námsefni skulu sett í reglum, sem skólanefnd og skólastjóri setja í samráði við kennara skólans og félagsmálaráðherra staðfestir.

3. gr.

Félagsmálaskóli alþýðu skal starfa a. m. k. 6 mánuði að vetrinum á tímabilinu frá 1. október til 15. maí ár hvert.

Kennsla fer fram í námskeiðum, og skal námsefni valið og námsskrá samin í samræmi við þá tilhögun. Kennsla fer fram í fyrirlestrum, umræðu- og starfshópum eða á annan þann hátt, sem best þykir henta.

Námskeið, sem haldin eru á vegum skólans, fara fram í húsakynnum hans eða annars staðar í hinum ýmsu landshlutum, allt eftir því sem þörf krefur og henta þykir.

Ef þurfa þykir, getur skólinn einnig haldið uppi námskeiðum að sumrinu og gilda um þau sömu reglur og aðra starfsemi skólans.

4. gr.

Skilyrði fyrir skólavist eru þau, að nemendur séu fullra 17 ára og séu félagar í stéttarfélagi.

Heimilt er að setja það skilyrði fyrir þátttöku í námskeiði, að nemandi hafi lokið þátttöku í öðru nánar tilteknu námskeiði í skólanum.

5. gr.

Stjórn skólans er í höndum þriggja manna skólanefndar, sem félagsmálaráðherra skipar. Ráðherra skipar tvo skólanefndarmenn eftir sameiginlegri tilnefningu Menningar- og fræðslusambands alþýðu og Alþýðusambands Íslands og einn án tilnefningar, og er hann jafnframt formaður skólanefndar. Varamenn skal skipa með sama hætti.

Skólanefnd skal skipuð til fjögurra ára í senn. Hún ræður skólastjóra og kennara í samráði við hann.

6. gr.

Stefnt skal að því, að þeir, sem lokið hafa námi í Félagsmálaskóla alþýðu, hafi í vissum greinum möguleika til framhaldsnáms í hinu almenna skólakerfi og geti öðlast þau réttindi, sem slíkt nám veitir.

7. gr.

Allur kostnaður við Félagsmálaskóla alþýðu, þar með talinn byggingarkostnaður skólahúss, greiðist úr ríkissjóði.

Félagsmálaráðuneytið setur sérstakan mann til eftirlits með fjárreiðum og bókhaldi skólans.

8. gr.

Félagsmálaráðherra getur sett nánari ákvæði um skólahaldið með reglugerð, að fenginni umsögn skólanefndar og skólastjóra.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er svo til samhljóða því stjórnarfrumvarpi, er lagt var fram í ráðherratíð Björns Jónssonar árið 1973, en varð þá eigi útrætt. Frumvörp sama efnis hafa oft áður verið flutt á Alþingi, en Hannibal Valdimarsson mun fyrst hafa hreyft þessu máli á Alþingi.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnaður verði á vegum félagsmálaráðuneytisins Félagsmálaskóli alþýðu. Þegar sýnt var að það drægist úr hömlu að Alþingi samþykkti lög um slíkan skóla, ákvað Menningar- og fræðslusamband alþýðu að stofna Félagsmálaskóla alþýðu. Nú hefur sá skóli starfað í 3 ár, og er ekki nokkur vafi á því að tilvist hans hefur markað heillarík spor í þágu verkalýðshreyfingarinnar. Því er hins vegar ekki að leyna, að fárhagsgrundvöllur skólans hefur verið mjög veikur og hefur það komið í veg fyrir að skólinn næði þeim vexti sem nauðsynlegur er. Því er lagt til í þessu frumvarpi að ríkissjóður kosti rekstur og byggingarframkvæmdir skólans, þ. e. taki við hlutverki samnefndrar stofnunar, sem starfrækt er á vegum MFA.

Jafnframt er gert ráð fyrir, að sérstökum manni verði falið eftirlit með bókhaldi skólans og fjárreiðum, sbr. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins.

Tilgangur þessa frv. er að öllu hinn sami og áður hefur verið með frv. Hannibals Valdimarssonar og Björns Jónssonar, sá að skapa starfandi og verðandi forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, áhugamönnum um störf hennar og hverjum félaga hennar, sem njóta vill, möguleika til haldgóðrar fræðslu í þeim greinum, sem tengdastar eru starfi alþýðusamtakanna.

Það er tvímælalaust skylda þjóðfélagsins við verkalýðsstéttina að veita henni tækifæri til þeirrar fræðslu, sem henni er nauðsynleg til þess að geta rækt félagslegt hlutverk sitt, eflt samtök sín og þroskað. Þessi skylda hefur þegar hlotið nokkra viðurkenningu í verki víða um lönd, þ. á m. um Norðurlönd, en þar hafa um langt skeið starfað skólar hliðstæðir þeim, sem hér er gert ráð fyrir, og þó miklu stærri í sniðum. Þykja skólar þessir hinar gagnlegustu menningarstofnanir fyrir félagssamtök verkalýðssamtakanna og sjálfsagður þáttur í skólamálum þjóðarinnar.

Samningsgerðir verkalýðsfélaga og atvinnurekenda um laun, kjör og vinnuskilyrði eru nú orðnar mjög vandasamt verkefni, sem krefst mikillar þekkingar jafnt á högum þeirra, sem þær snerta beint hverju sinni, sem á félagsmálalöggjöf þjóðarinnar, svo sem vinnulöggjöf, vísitölu, löggjöf um öryggi á vinnustöðum á sjó og landi, trygginga- og skattalöggjöf og á rekstri atvinnuveganna og þjóðarbúsins í heild. Þetta verkefni er nú í höndum mörg hundruð stjórnarmanna í verkalýðsfélögunum um land allt og eftirlit með framkvæmdum í höndum enn fleiri trúnaðarmanna og starfsmanna félaganna á nálega hverjum vinnustað í landinu.

Aðeins þessi þáttur í starfi verkalýðssamtakanna krefst því víðtækrar fræðslu. Til þessa hafa forustu- og áhugamenn aflað sér nauðsynlegustu þekkingar í þessum efnum við starf félaganna, einkum fundastarfsemi, og vissulega hefur fjöldi hæfra forustumanna vaxið með síauknum verkefnum samtakanna. Margt bendir þó til þess, að torveldara muni reynast að veita uppvaxandi kynslóð næga fræðslu og þekkingu á félagslegum málum sínum að þeirri leið, sem brautryðjendum og áhugamönnum hefur verið fær í þeim efnum. Hér verður og að setja markið hærra en verið hefur, sem sé að hver félagi verkalýðssamtakanna kunni góð skil á öllum helstu viðfangsefnum þeirra og hlutverkum.

Hér hefur aðeins verið drepið á takmarkað svið verkalýðsmálanna. En hafa verður einnig í huga, að verkalýðshreyfingin er félagshreyfing, sem samkvæmt eðli sínu hlýtur sífellt að sækja fram til víðtækari afskipta í atvinnulífinu og á öðrum sviðum þjóðfélagsins, sem krefjast æ vaxandi alhliða menntunar.

Öll rök virðast mæla með því, að ríkið viðurkenni og kosti að öllu leyti skóla verkalýðssamtakanna, á sama hátt og t. d. bændaskólarnir, sem að nokkru eru félagsmálaskólar bændastéttarinnar, eru kostaðir af ríkisfé svo og margir sérskólar fámennari vinnustétta, a. m. k. meðan svo er ástatt, að verkalýðssamtökin hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til slíks skólahalds. Er svo ráð fyrir gert í frv.

Þá er í frv. gert ráð fyrir því, að stjórn skólans verði skipuð tveimur skólanefndarmönnum eftir sameiginlegri tilnefningu MFA og ASÍ og einum án tilnefningar og verði sá formaður skólanefndarinnar.

Sþ. 55. Tillaga til þingsályktunar [50. mál]

um rannsóknarnefnd þingmanna til að kanna rekstur, fjárfestingar, erlend umsvif og stjórnmálaleg tengsl Sambands ísl. samvinnufélaga og tengdra fyrirtækja með sérstöku tilliti til einokunaraðstöðu og markaðsdrottnunar þessara fyrirtækja.

Flm.: Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að kjósa rannsóknarnefnd skipaða sjö þingmönnum til að gera athugun á rekstri, fjárfestingum, erlendum umsvifum og stjórnmálalegum tengslum Sambands ísl. samvinnufélaga og tengdra fyrirtækja með sérstöku tilliti til einokunaraðstöðu og markaðsdrottnunar þessara fyrirtækja. Störf nefndarinnar skulu einkum miðast við að leita svara við eftirtöldum spurningum:

1. Hver eru tengsl S.Í.S. og tengdra fyrirtækja við Framsóknarflokkinn og hver hefur verið hagur beggja af þessum tengslum?
2. Að hve miklu leyti hafa sérstakar frádráttarheimildir samvinnufélaga í lögum um tekju- og eignarskatt skapað S.Í.S. og kaupfélögunum víðtæka einokunaraðstöðu?
3. Í hve ríkum mæli nýtur S.Í.S. og tengd fyrirtæki meiri og hagkvæmari lánafyrirgreiðslu en annar atvinnurekstur?
4. Hver er hagur S.Í.S. og kaupfélaganna af núverandi greiðslufyrirkomulagi afurðalána?
5. Hver er hagnaður S.Í.S. og kaupfélaganna af búfjárslátrun og hvert rennur sá hagnaður?
6. Hafa S.Í.S. og kaupfélögin nær einokun á dreifingu og vinnslu landbúnaðarafurða innanlands?
7. Hvernig er háttað sölu dilkakjöts til útlanda og söluþóknun vegna þeirrar sölu?
8. Hvernig er háttað rekstri og fjárfestingum S.Í.S. og tengdra fyrirtækja erlendis?
9. Hvernig er háttað samvinnu við erlend samvinnusambönd og hvert rennur hagnaðurinn af þeirri samvinnu?

10. Eru skattframtöl S.Í.S. og tengdra fyrirtækja endurskoðuð með sama hætti og gert er hjá öðrum atvinnurekstri?
11. Voru einhver tengsl á milli innflutningsbanns á kexi og brauðvörum og stofnunar kexverksmiðju Sambandsins?
12. Hvers vegna hefur S.Í.S. leitast við að efla tengsl við fjölda annarra fyrirtækja á ólíkum rekstrarsviðum og þannig skapað verulega hættu á viðtækari markaðsdrottnun fyrirtækisins á nýjum sviðum líkt og gerst hefur í kexframleiðslu á síðustu missirum?
13. Að hve miklu leyti er markaðsdrottnun þessara fyrirtækja í gegnum hátt vöruverð þáttur í þeirri dýrtíð, sem á undanförnum árum hefur rýrt kjör almenns launafólks á Íslandi?
14. Hvaða skýringar eru á því, að gífurleg fjárfesting S.Í.S. og kaupfélaganna í fasteignum hefur ekki leitt til hlutfallslegrar lækkunar vöruverðs?
15. Hvers vegna hefur S.Í.S. og kaupfélögin kosið að nota markaðsdrottnun sína frekar til eignamyndunar í stað þess að veita almenningi í landinu ódýrari þjónustu?

Rannsóknarnefndin skal hafa rétt til að krefjast skýrslugerða og vitnisburða, bæði munnlega og bréflega, hjá hlutaðeigandi aðilum og öðrum fyrirtækjum, embættismönnum og einstaklingum. Nefndinni skal veitt fjármagn til þess að tryggja sér sérfræðilega aðstoð.

Að loknum athugunum sínum skal rannsóknarnefndin gefa Alþingi skýrslu og láta í ljós mat á því, hvort og þá að hve miklu leyti eignarform, rekstur og fjárfestingar Sambands ísl. samvinnufélaga og tengdra fyrirtækja svo og sérstaða þeirra í löggjöf, opinberri fyrirgreiðslu og stjórnmálalegum tengslum sé í andstöðu við frjáls viðskipti og frjálsa samkeppni í þágu íslenskra neytenda.

Greinargerð.

Slíkar rannsóknir sem þessar hafa ekki tíðkast hérlendis. Með þingsályktunartillögu um rannsókn á Flugleiðum hf. og Eimskipafélagi Íslands hf. flytur okkar nýi og ungi þingmaður, Ólafur Ragnar Grímsson, þennan þátt inn í sali Alþingis.

Í alþingiskosningunum nú í sumar urðu þær breytingar á samsetningu Alþingis, að mér er ekki ljós afstaða þingmanna til slíkra rannsóknarmála. Ef menn hafa nokkra skemmtan af slíkum rannsóknum virðist því sjálfsagt að taka í hópinn það fyrirtæki sem sjálft eða í gegnum tengd fyrirtæki starfar á nær öllum sviðum íslensks atvinnulífs. Á ég hér við Samband ísl. samvinnufélaga, allar deildir þess, og ýmiss tengd fyrirtæki.

Í árslok 1977 töldust Sambandsfélögin vera 49 talsins. Voru þau þessi:

Kf. Reykjavíkur og nágrennis, Reykjavík. Kf. Kjalarnesþings, Brúarlandi. Kf. S-Borgfirðinga, Akranesi. Kf. Borgfirðinga, Borgarnesi. Kf. Grundfirðinga, Grundarfirði. Kf. Stykkishólms, Stykkishólmi. Kf. Hvammsfjarðar, Búðardal. Kf. Saurbæinga, Skriðulandi. Kf. Króksfjarðar, Króksfjarðarnesi. Kf. Rauðasands, Hvalskeri. Kf. Patreksfjarðar, Patreksfirði. Slf. Örlygur, Giögrum. Kf. Tálknafjarðar, Sveinseyri. Kf. Arnfirðinga, Bíldudal. Kf. Dýrfirðinga, Þingeyri. Kf. Önfirðinga, Flateyri. Kf. Súgfirðinga, Suðureyri. Kf. Ísfirðinga, Ísafirði. Kf. Strandamanna, Norðurfirði. Kf. Steingrímsfjarðar, Hólmavík. Kf. Bitrufjarðar, Óspaksevri. Kf. Hrútfirðinga, Borðeyri. Kf. V-Húnvetninga, Hvammstanga. Söf. A-Húnvetninga, Blönduósi. Kf. Húnvetninga, Blönduósi. Kf. Skagfirðinga, Sauðárkróki. Svf. Fljótamanna, Haganesvík. Kf. Ólafsfjarðar, Ólafsfirði. Kf. Evfirðinga, Akureyri. Kf. verkamanna, Akureyri. Kf. Svalbarðseyrar, Svalbarðseyri. Kf. Þingevinga, Húsavík. Kf. Norður-Þingeyinga, Kópaskeri. Kf. Raufarhafnar, Raufarhöfn. Kf. Langnesinga, Þórshöfn. Kf. Vopnfirðinga, Vopnafirði. Kf. Fram, Norðfirði. Pf. Eskfirðinga, Eskifirði. Kf. Héraðsbúa, Egilsstöðum. Kf. Fáskrúðsfirðinga, Fáskrúðsfirði. Kf. Stöðfirðinga, Stöðvarfirði.

Kf. Berufjarðar, Djúpavogi. Kf. A-Skaftfellinga, Hornafirði. Kf. Skaftfellinga, Vík í Mýrdal. Kf. Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum. Kf. Rangæinga, Hvolsvelli. Kf. Árnesinga, Selfossi. Kf. Suðurnesja, Keflavík. Kf. Hafnfirðinga, Hafnarfirði.

Á vegum þessara 49 félaga fer fram fjölþætt atvinnustarfsemi auk þess sem þau tengjast með eignaraðild ýmsum sjálfstæðum atvinnurekstri í sinni heimabyggð. Öll sú upptalning væri löng og seint tæmandi.

Samband ísl. samvinnufélaga skiptist í sex deildir: 1) Innflutningsdeild, en undir hana heyrir kexverksmiðjan Holt, byggingarvörudeild og starfsmannaverslun; 2) véladeild; 3) búvörudeild, en undir hana heyrir Kjötvinnsla S.Í.S., Kirkjusandi; 4) sjávarafurðadeild, en undir hana heyrir Iceland Products Inc. í Bandaríkjunum og Framleiðni sf.; 5) iðnaðardeild, en undir hana heyra 10 verksmiðjur í Reykjavík, Akureyri og á öðrum stöðum auk þess sem iðnaðardeildin fer með eignarhluta í 4 verksmiðjum öðrum; 6) skipadeild sem rekur 8 skip auk leiguskipa. Auk þessa má nefna skipulags- og fræðsludeild, en undir hana heyrir Samvinnuskólinn, Bréfaskóli, Samvinnan og önnur útgáfustarfsemi. Þá rekur Sambandið einnig skrifstofur erlendis, í London og Hamborg. Einnig er það þátttakandi og meðeigandi í norræna heildsölufyrirtækinu N.A.F.

Samband ísl. samvinnufélaga tengist einnig fjölda fyrirtækja sem meðeigandi, oftast stærsti eða eini eigandinn. Hér má nefna t. d. eftirtalin fyrirtæki:

Samvinnubanki Íslands hf. Samvinnutryggingar. Andvaka. Osta- og smjörsalan sf. Samvinnuferðir hf. Olíufélagið hf. Kirkjusandur hf. Reginn hf. Dráttarvélar hf. Meitillinn hf. Jötunn hf. Íslenskur markaður hf. Flugleiðir hf. o.fl., o. fl.

Það, sem hér hefur verið rakið um stærð og umsvif Sambands ísl. samvinnufélaga og tengdra fyrirtækja, er ekki neinar nýjar upplýsingar. Flestir, sem þess óska, geta aflað þeirra. Það er hins vegar undrunarefni, að Ólafur Ragnar Grímsson sem þátttakandi í KRON og fulltrúi þess á aðalfundi Sambandsins skuli ekki telja þennan atvinnurekstur efnismeira og áhugaverðara rannsóknarefni en rekstur Flugleiða hf. og Eimskipafélags Íslands hf.

Þessi þingsályktunartillaga er flutt til þess að S.Í.S. og þau fyrirtæki, sem því tengjast, verði ekki útundan, ef Alþingi telur æskilegt að rannsaka starfsemi stærstu fyrirtækja landsins. Þær spurningar, sem settar eru fram í tillögunni, eru samdar í sama anda og spurningar Ólafs Ragnars Grímssonar til handa Flugleiðum hf. og Eimskipafélagi Íslands hf., svo og að rannsóknin á S.Í.S. og tengdum fyrirtækjum megi verða sama eðlis og hjá hinum fyrirtækjunum.

Sþ. 56. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um úttekt á verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Árni Gunnarsson.

Alþingi ályktar að beina því til utanríkismálanefndar að hún láti fara fram ítarlega úttekt á fyrirtækinu Íslenskir aðalverktakar, enda hafi nefndin vald til þess að kalla þá fyrir sig, sem hún telur eiga hlut að máli.

Utanríkismálanefnd skal kanna viðskipti félagsins og dótturfyrirtækja þess frá upphafi, umfang viðskipta, verðákvarðanir, ágóða og skiptingu arðs. Þá skal nefndin kanna öll önnur viðskipti við varnarliðið.

Úttektin skal fara fram fyrir opnum tjöldum, þannig að öllum almenningi gefist kostur á að fylgjast með þessari upplýsingaöflun.

Tilgangur úttektarinnar er að kanna, hvort þessum viðskiptum verði komið haganlegar fyrir en nú er og hvort ágóða af þeim verði með öðrum hætti haganlegar og réttlátar skipt en nú er. Talsmaður utanríkismálanefndar skal gefa sameinuðu þingi skýrslu að úttektinni lokinni.

Greinargerð.

Íslenskir aðalverktakar og fyrirtæki í tengslum við þá hafa starfað í aldarfjórðung. Þeir hafa haft einkaleyfi á margháttuðum viðskiptum við varnarliðið. Þessi skipan mála þótti eðlileg á sínum tíma, en þó segir það sig sjálft að margt hefur breyst síðan. Þykir því fyllilega tímabært að gera á því nákvæma úttekt, hvort þessi skipan mála sé ekki orðin úrelt og hvort ekki sé breytinga þörf.

Umræður um Íslenska aðalverktaka hafa á undanförnum árum og áratugum mjög blandast saman við almennar umræður um utanríkismál. Gagnrýnendur þessa reksturs hafa jafnan verið — mjög gjarnan að minnsta kosti — andstæðingar markaðrar stefnu Íslendinga í varnar- og öryggismálum. Af þessum sökum hefur umræða um þessi viðskipti jafnan koðnað niður. Flutningsmenn telja að þessu þurfi að breyta, úttekt á þessum rekstri þurfi að fara fram óháð almennum skoðunum á utanríkismálum. Flutningsmenn eru raunar fylgjendur aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu og náinni samstöðu og samvinnu Íslendinga með öðrum lýðræðisþjóðum. En flutningsmenn telja að það sé beinlínis í þágu þessarar samvinnu að öll viðskipti við varnarliðið séu gersamlega hafin yfir allan grun og að allir Íslendingar geri sér ljósa grein fyrir því, hvernig hátti efnahagslegum samskiptum okkar og Bandaríkjanna í tengslum við varnarliðið svokallaða.

Þegar úttekt sem þessi skal fara fram á vegum Alþingis skiptir það auðvitað máli, að menn felli ekki efnisdóma **áður** en úttektin hefur farið fram. Tilgangurinn er einmitt að afla allra fáanlegra upplýsinga, og á grundvelli þeirra ber síðan Alþingi að taka ákvarðanir um aðra skipan mála, þyki því fengnar upplýsingar gefa tilefni til.

Langvarandi einokun viðskipta býður ævinlega hættum heim og vekur ávallt spurningar. Það er í þágu allra aðila að slíkum spurningum verði svarað. Á grundvelli slíkra upplýsinga er unnt að taka skynsamlegar og réttlátar ákvarðanir. Liggi litlar eða engar upplýsingar fyrir, er slíkt auðvitað vart mögulegt og jafnvel ógerlegt.

Utanríkisráðherra, Benedikt Gröndal, hefur boðað að ráðuneyti hans sé þegar byrjað að láta fara fram endurskoðun á verktakastarfsemi þeirri, sem hér um ræðir. Þessari yfirlýsingu utanríkisráðherra ber mjög að fagna. Það breytir ekki hinu, að upplýsingasöfnun utanríkismálanefndar yrði með öðrum hætti, beindist fremur að því að kanna umsvif þessara fyrirtækja og auka upplýsingastreymi til almennings. Þá yrði upplýsingasöfnun utanríkismálanefndar undirbúningur fyrir hugsanlegar breytingar og löggjöf um starfsemi af þessu tagi.

Flutningsmenn taka skýrt fram, að þeir líta svo á að meiri hluti utanríkismálanefndar hefði heimild til þess að láta fara fram úttekt af þessu tagi, án þess að formlegt samþykki sameinaðs þings kæmi til. Um þetta greinir menn þó, og er tillagan fram sett til þess að öllum skilyrðum forms sé fylgt.

Nd. 57. Breytingartillaga [39. mál]

við frv. til laga um kjaramál.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

8. gr. a orðist svo:

50% af álögðum eignarskatti á menn, sbr. 1. tl. 26. gr. greindra laga, ef sérskattaðir einstaklingar höfðu hærri vergar tekjur til skatts á skattárinu 1977 en 1 400 000 kr. og samsköttuð hjón, eða sambúðarfólk, höfðu hærri vergar tekjur en 1 800 000 kr. til skatts á því skattári.

Eignarskattsauki þessi skal vera 10 prósentustigum lægri á hverju 100 þúsund króna bili sem vergar tekjur eru lægri en fyrrgreindum tekjumörkum nemur, þannig að allir sérskattaðir einstaklingar eru undanþegnir eignarskattsauka, sem höfðu lægri vergar tekjur til skatts en 1 000 000 kr., og öll samsköttuð hjón eða sambúðarfólk, sem höfðu lægri vergar tekjur til skatts en 1 400 000 kr. á skattárinu 1977.

Sþ. 58. Fyrirspurnir. [52. mál]

I. Til utanríkisráðherra um eignarráð á flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli.

Frá Ólafi G. Einarssyni.

Hver er eigandi flugstöðvarbyggingarinnar á Keflavíkurflugvelli:
a) Þess hluta byggingarinnar, sem afhending varnarliðs Íslands til íslensku ríkisstjórnarinnar náði til, með samkomulagi aðila 29. maí 1964;
b) annarra hluta byggingarinnar með síðari tíma endurbótum og viðaukum?

II. Til félagsmálaráðherra um atvinnumál aldraðra.

Frá Svövu Jakobsdóttur.

Hvað líður framkvæmd á ályktun Alþingis frá 14. maí 1975 um atvinnumál aldraðra?

III. Til menntamálaráðherra um útbreiðslu sjónvarps.

Frá Alexander Stefánssyni.

1. Hvað líður framkvæmdum við útbreiðslu sjónvarps sem ákveðnar voru á þessu ári?
2. Hvaða framkvæmdir eru ráðgerðar á árinu 1979?
3. Er fylgt þeirri framkvæmdaáætlun sem unnin var á vegum menntamálaráðherra haustið 1976?
4. Hvað eru tollatekjur af sjónvarpstækjum áætlaðar í ár og árið 1979?

IV. Til heilbrigðisráðherra um málefni Landakotsspítala.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hve háum fjárhæðum námu hæstu greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins til lækna við Landakotsspítala á s. l. ári? Hvaða læknar fengu þessar greiðslur og hve mikið guldu þeir hver og einn til Landakotsspítala þar af í leigu fyrir starfsaðstöðu, tækjabúnað, aðstoðarfólk o. þ. h.?
2. Hverjir skipa fulltrúaráð Landakotsspítala, hvernig voru þeir valdir, hvert er kjörtímabil þeirra, hvernig fer fram endurnýjun á umboði þeirra til setu í fulltrúaráðinu og hvert er verksvið fulltrúaráðsins?
3. Hverjir sitja í stjórn spítalans, hvernig eru þeir kjörnir, til hve langs tíma, hvert er verksvið stjórnarinnar og hvaða þóknun fær hún fyrir störf sín, ef nokkra?

4. Telur heilbrigðisráðherra, að það fyrirkomulag, sem viðhaft er í rekstri Landakotsspítala — þ. e. a. s. að spítalinn veiti læknum starfsaðstöðu gegn umsömdu gjaldi, en læknarnir fái beinar greiðslur til sín fyrir unnin verk samkvæmt gjaldskrá — hafi gefið góða raun og þá einnig þegar tekið er tillit til kostnaðar við spítalarekstur og til kostnaðar við heilsugæslu og heilsuvernd?

V. Til fjármálaráðherra um störf nefndar, sem skipuð var til að fjalla um framleiðslu- og þjónustustarfsemi hins opinbera.

Frá Friðrik Sophussyni.

1. Hvernig hyggst ráðuneytið kynna þær niðurstöður, sem nefnd sú, sem skipuð var hinn 28. mars 1977, hefur nú þegar lagt fram um Landssmiðjuna, Síldarsíld, Ferðaskrifstofu ríkisins, Bifreiðaeftirlitið og Slippstöðina á Akureyri?
2. Mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því, að tillögur nefndarinnar nái fram að ganga.

Nd. 59. Frumvarp til laga [53. mál]

um greiðslu verðjöfnunargjalds af sauðfjárafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði verðjöfnunargjald það sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur ákveðið að taka af framleiðslu sauðfjárafurða haustið 1977.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna vaxandi munar framleiðslu og sölu innanlands á sauðfjárafurðum hefur orðið að innheimta verðjöfnunargjald af framleiðslu sauðfjárafurða bænda frá haustinu 1977 sem er áætlað að muni nema um 1 300 millj. króna.

Verðábyrgð ríkissjóðs á útfluttum sauðfjárafurðum sem fer eftir 12. gr. laga nr. 101/1966 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. hefur reynst lægri en þurft hefur fyrir framleiðslu sauðfjárafurða haustið 1977, sem áðurnefndum mismun nemur, og hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins orðið að grípa til töku verðjöfnunargjalds af grundvallarverði sauðfjárafurða til bænda til að greiða með útflutningnum.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru ákvæði um að verðjöfnunargjaldið endurgreiðist úr ríkissjóði. Er gert ráð fyrir því að greiða kr. 1 000 millj. á þessu ári.

Þessi tillaga er flutt til framkvæmda þessa ákvæðis samstarfsyfirlýsingarinnar.

Sþ. 60. Frumvarp til fjárlaga [54. mál]

fyrir árið 1979.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978).

A-HLUTI

Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur:		
Beinir skattar	45 581 900	
Óbeinir skattar	157 882 245	
Aðrar tekjur	3 243 644	206 707 789
Gjöld:		
Samneysla	80 576 841	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	86 378 677	
÷ Sértekjur stofnana	3 986 035	
Rekstrarliðir samtals	162 969 483	
Stofnkostnaður, fjárfesting	11 310 782	
Fjármagnstilfærslur	24 205 600	198 485 865
Rekstrarjöfnuður, tekjur umfram gjöld		8 221 924
Lánahreyfingar		
Lánahreyfingar inn:		
Innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa	3 500 000	
Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé	5 424 000	
Erlend lán	5 457 000	
Fjáröflun alls	14 381 000	
÷ Ráðstafað til innlausnar spariskírteina	4 550 000	
Fjáröflun skv. lánsfjáráætlun	9 831 000	
÷ Ráðstafað til B-hluta skv. lánsfjáráætlun	5 781 000	
Lánsfé til A-hluta skv. lánsfjáráætlun	4 050 000	
Afborgarnir af veittum lánum í A-hluta	80 000	4 130 000
Lánahreyfingar út:		
Eiginfjárframlag í Landsvirkjun	180 000	
Hlutafé í Járnblendifélaginu	680 000	
Iðnþróunarsjóður Portúgals, framlag	54 000	
Afborganir af teknum lánum til A-hluta:		
Seðlabanki Íslands	5 099 270	
Aðrir	1 909 716	
Útstreymi á viðskiptareikningum	500 000	8 422 986
Lánajöfnuður, útgreiðslur umfram innborganir		4 292 986
Greiðslujöfnuður, greiðsluafgangur		3 928 938

2. gr.

Árið 1979 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

		Gjöld:	Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**			**1 505 668**
01	**Forsætisráðuneytið**			**2 761 171**
	101	Yfirstjórn	135 442	
	102—902	Annað	2 625 729	
02	**Menntamálaráðuneytið**			**31 539 639**
	101	Yfirstjórn	370 818	
	201—885	Fræðslumál	28 474 829	
	901—999	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	2 693 992	
03	**Utanríkisráðuneytið**			**2 144 605**
	101—102	Yfirstjórn	349 880	
	201	Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	486 231	
	301—313	Sendiráð	828 980	
	399—401	Alþjóðastofnanir	479 514	
04	**Landbúnaðarráðuneytið**			**10 589 804**
	101—172	Yfirstjórn	134 414	
	201—299	Búnaðarmál	10 013 334	
	501—504	Skólar	442 056	
05	**Sjávarútvegsráðuneytið**			**4 793 594**
	101	Yfirstjórn	102 413	
	201—299	Útvegsmál	4 539 361	
	901	Annað	151 820	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið**			**11 230 739**
	101—102	Yfirstjórn	148 479	
	201—284	Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	10 173 547	
	301—373	Þjóðkirkjan	908 713	
07	**Félagsmálaráðuneytið**			**7 592 338**
	101	Yfirstjórn	67 274	
	271—272	Húsnæðismál	6 437 700	
	301—999	Önnur félagsmál	1 087 364	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið**			**66 581 630**
	101	Yfirstjórn	118 409	
	271—273	Tryggingamál	51 107 300	
	301—399	Heilbrigðismál	15 206 181	
	471—502	Annað	149 740	
		Flutt		**138 739 188**

3. gr.

Árið 1979 er ætlast til að tekjur ríkissjóðs verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

r e i k n i n g u r

T e k j u r :

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Skattar		
	Beinir skattar		
	Iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga:		**6 122 900**
	Iðgjöld lífeyristrygginga:		
0 0020	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	3 504 000	
	Slysa- og atvinnuleysistryggingagjöld:		
0 0030	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum	1 584 200	
0 0050	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	1 034 700	
	Eignarskattar		**4 251 000**
	Eignarskattur, almennir:		
0 0100	Eignarskattar einstaklinga	1 783 000	
0 0103	Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga ..	11 000	
0 0110	Eignarskattur félaga	2 286 000	
0 0113	Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti félaga	11 000	
0 0140	Erfðafjárskattur	160 000	
	Tekjuskattar		**35 208 000**
	Tekjuskattar:		
0 0120	Tekjuskattur einstaklinga	23 265 000	
0 0123	Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga ..	298 000	
0 0124	Sjúkratryggingagjald	5 600 000	
0 0130	Tekjuskattur félaga	6 000 000	
0 0133	Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti félaga	45 000	
	Óbeinir skattar		
	Gjöld af innflutningi		**43 638 357**
	Aðflutningsgjöld:		
0 0210	Aðflutningsgjöld 31 900 000		
	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .. 1 600 000		
		30 300 000	
0 0240	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	57 000	
0 0252	Byggingarsjóðsgjald af innflutningi	160 000	
	Innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald:		
0 0260	Innflutningsgjald af bensíni	7 483 000	
0 0270	Gúmmígjald	107 000	
	Innflutningsgjald af bifreiðum:		
0 0280	Innflutningsgjald af bifreiðum	4 400 000	
	Gjald af gas- og brennsluolíu:		
0 0220	Gjald af gas- og brennsluolíu	545 000	
0 0230	Jöfnunargjald 1 000 000		
	Þar af vegna endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts 500 000		
		500 000	
	Flutt		89 220 257

Gjöld:

			Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
		Flutt		138 739 188
09	**Fjármálaráðuneytið**			8 233 114
	101—104	Yfirstjórn	457 352	
	201—282	Toll- og skattheimta	2 076 488	
	381—384	Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	3 663 083	
	402—999	Annað	2 036 191	
10	**Samgönguráðuneytið**			18 003 150
	101	Yfirstjórn	72 301	
	211	Vegamál	12 300 000	
	321—672	Önnur samgöngumál	5 630 849	
11	**Iðnaðarráðuneytið**			7 105 750
	101	Yfirstjórn	78 710	
	201—299	Iðnaðarmál	949 333	
	301—399	Orkumál	6 077 707	
12	**Viðskiptaráðuneytið**			18 971 220
	101	Yfirstjórn	92 858	
	201	Niðurgreiðslur	18 037 000	
	202—999	Annað	841 362	
13	**Hagstofa Íslands**			162 473
14	**Ríkisendurskoðun**			220 301
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**			7 050 669
	101—181	Yfirstjórn	107 712	
	991	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	6 942 957	

Flutt	198 485 865

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		89 220 257
	Hagnaður af sölu varnarliðseigna:		
0 0290	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	86 357	
	Skattar af framleiðslu		12 415 000
	Vörugjald:		
0 0611	Vörugjald	395 000	
0 0600	Álgjald	270 000	
0 0615	Sérstakt vörugjald	11 750 000	
	Skattar af seldri vöru og þjónustu		91 645 300
	Söluskattur:		
0 0300	Söluskattur 65 500 000		
	Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 4 700 000		
		60 800 000	
	Skemmtanaskattar:		
0 0621	Miðagjald til Menningarsjóðs	26 000	
0 0622	Skemmtanaskattur	185 000	
	Launaskattur:		
0 0400	Launaskattur	10 850 000	
	Rekstrarhagnaður ÁTVR:		
0 0510	Rekstrarhagnaður ÁTVR	19 000 000	
0 0530	Gjald af seldum vindlingum	68 000	
0 0520	Gjald ef seldum eldspýtum	2 400	
0 0540	Gjald af einkasöluvörum	6 500	
	Flugvallagjald:		
0 0681	Flugvallagjald	470 000	
	Gjöld af útfluttum sjávarafurðum:		
0 0892	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	215 000	
	Aðrir skattar:		
0 0672	Sérleyfisgjald	22 000	
0 0671	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	400	
	Aðrir óbeinir skattar		10 183 588
	Aukatekjur og stimpilgjald:		
0 0800	Stimpilgjald	2 600 000	
0 0810	Aukatekjur	510 000	
0 0820	Þinglýsingar	70 000	
	Flutt		203 464 145

Gjöld:

	Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
Flutt		198 485 865

Gjöld samtals		198 485 865
Tekjur umfram gjöld		8 221 924
Samtals		206 707 789

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		203 464 145
	Ýmsir skattar af bifreiðum:		
0 0720	Bifreiðaskattur	2 050 000	
0 0750	Skráningargjald bifreiða	250 000	
0 0740	Skoðunargjald bifreiða	80 000	
	Ýmsir skattar af skipum:		
0 0831	Lestagjald	2 500	
522	Nýi hjúkrunarskólinn	34 707	25 702	39 431
523	Fósturskóli Íslands	22 983	31 638	66 832
553	Húsmæðrakennaraskólar	93 516	127 182	211 983
561	Myndlista- og handíðaskólinn	43 592	48 382	91 525
562	Leiklistarskólinn	28 611	39 140	64 685
563	Tónlistarfræðsla	212 021	251 565	433 418
571	Sjómannaskólahúsið	60 833	69 389	105 211
581	Verslunarskólar	173 114	223 522	383 986
582	Stýrimannaskólinn í Vestm.eyjum	2 707	7 113	—
601	Héraðsskólinn í Reykholti	53 185	37 615	62 664
602	Héraðsskólinn á Núpi	53 831	42 549	71 141
603	Héraðsskólinn í Reykjanesi	35 710	28 436	46 932
604	Héraðsskólinn á Reykjum	74 141	35 473	63 137
605	Alþýðuskólinn á Eiðum	59 140	45 351	76 039
606	Héraðsskólinn að Skógum	35 068	35 366	63 055
607	Héraðsskólinn á Laugarvatni	30 034	28 878	51 704
609	Héraðsskólinn á Laugum	83 409	37 141	65 529
610	Héraðsskólar, almennt	—	216 000	216 500
621	Skálholtsskóli	6 020	14 615	22 839
679	Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni	6 242	4 000	3 500
700	Grunnskólar í Reykjavík	1 939 045	1 793 079	3 070 984
710	Grunnskólar, Reykjanesi	1 330 080	1 211 941	2 157 136
730	Grunnskólar, Vesturlandi	516 970	487 285	858 722
740	Grunnskólar, Vestfjörðum	324 733	325 160	599 105
750	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	455 400	391 396	676 778
760	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	845 653	804 081	1 399 025
770	Grunnskólar, Austurlandi	493 480	460 293	753 823
780	Grunnskólar, Suðurlandi	691 131	684 780	1 117 053
791	Grunnskólar, almennt	84 976	285 211	230 485
792	Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra	—	1 376 000	1 626 000
793	Bygging skóla f. þroskahömluð börn	15 930	60 000	60 000
797	Stofnanir afbrigðilegra barna	75 905	322 770	492 637
799	Heyrnleysingjaskólinn	65 740	72 403	119 271
800	Dagheimili fyrir fjölfötluð börn	27 649	—	—
801	Vistheimilið Breiðavík	20 893	14 545	29 565
802	Vernd barna og ungmenna	4 430	11 937	16 664

		Reikningur 1977 þús. kr.	Fjárlög 1978 þús. kr.	Frumvarp 1979 þús. kr.
803	Dagvistarheimili, stofnkostnaður ..	107 739	180 000	230 000
804	Öskjuhlíðarskóli	124 449	—	—
805	Afbrigðileg börn, sumardvöl	7 259	—	—
871	Upptökuheimilið í Kópavogi	28 942	24 982	52 324
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna ..	1 069 343	1 408 135	2 234 861
881	Náms- og fræðimenn, framlög	42 085	54 250	66 350
882	Styrkur til myndlistarskóla	1 925	—	—
883	Til lektora í íslensku við erlenda háskóla	1 209	2 464	3 794
884	Til jöfnunar á námskostnaði	172 240	215 000	280 000
885	Fullorðinsfræðsla	3 200	3 200	3 200
901	Landsbókasafn Íslands	59 548	68 637	114 650
902	Þjóðminjasafn Íslands	75 269	88 539	135 211
903	Þjóðskjalasafn Íslands	28 206	33 151	51 178
904	Safnahúsið	9 215	9 976	16 144
905	Listasafn Ásgríms Jónssonar	3 148	3 810	6 537
906	Listasafn Einars Jónssonar	3 316	2 566	5 084
907	Listasafn Íslands	31 347	89 303	103 272
931	Náttúruverndarráð	57 150	70 148	91 903
972	Ríkisútvarp, sjónvarp, aðflutningsgj.	318 274	340 000	340 000
973	Þjóðleikhúsið, framlög	339 089	359 053	584 331
974	Sinfóníuhljómsveitin	90 000	82 236	140 466
975	Vísindasjóður	5 000	8 000	8 000
976	Menningarsjóður, framlag	23 550	30 000	26 000
977	Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu ..	37 543	220 000	200 000
982	Listir, framlög	121 602	166 564	241 391
983	Ýmis vísindaleg starfsemi	8 524	7 400	2 100
984	Norræn samvinna	15 878	24 489	28 939
985	Félagsheimilasjóður	93 539	135 000	166 500
986	Íþróttasjóður	143 700	266 640	266 640
987	Endurbætur á Viðeyjarstofu	4 017	5 000	5 000
988	Æskulýðsmál	20 015	33 150	33 150
989	Ýmis íþróttamál	33 072	68 350	68 350
991	Húsfriðunarsjóður	6 503	7 171	12 291
998	Ýmsir styrkir	16 257	—	—
999	Ýmislegt	38 163	49 005	46 855
03	**Utanríkisráðuneytið**	**1 303 776**	**1 362 436**	**2 144 605**
101	Aðalskrifstofa	226 542	207 344	312 427
102	Varnarmáladeild	51 532	23 000	37 453
201	Lögreglustjórinn á Keflav.flugvelli ..	264 920	281 736	486 231
301	Sendiráðið í Bonn og fastanefnd Íslands hjá Evrópuráði	40 108	39 498	69 243
302	Sendiráðið í Kaupmannahöfn	39 954	39 476	70 261
303	Sendiráðið í London	59 853	40 046	67 776
304	Sendiráðið í Moskvu	31 875	33 011	57 437
305	Sendiráðið í Osló	42 007	36 483	58 713
306	Sendiráðið í París og fastanefnd Íslands hjá OECD og UNESCO	42 508	46 216	80 449

		Reikningur 1977 þús. kr.	Fjárlög 1978 þús. kr.	Frumvarp 1979 þús. kr.
307	Sendiráðið í Stokkhólmi	62 035	31 756	50 996
308	Sendiráðið í Washington	40 091	36 106	65 724
309	Fastanefnd Íslands hjá S.þ. og aðalræðism.skrifstofa Íslands í New York	46 628	47 866	86 334
311	Sendiráð Íslands í Brussel og fastanefnd Íslands hjá NATO	63 551	58 823	105 688
312	Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf	37 736	35 880	77 372
313	Sendiráð, almennt	—	—	38 987
399	Ýmis utanríkismál	32 311	50 600	51 000
401	Alþjóðastofnanir	222 125	354 595	428 514
04	**Landbúnaðarráðuneytið**	**5 870 267**	**6 840 130**	**10 589 804**
101	Aðalskrifstofa	35 752	44 957	81 964
171	Jarðeignir ríkisins, framlög	45 474	41 650	41 650
172	Jarðasjóður	16 550	12 000	10 800
201	Búnaðarfélag Íslands	148 600	181 511	293 410
205	Veiðistjóri	38 491	26 748	38 068
206	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	258 717	324 518	472 923
231	Skógrækt ríkisins	170 247	223 583	325 555
235	Landgræðsla ríkisins	375 634	488 134	715 223
241	Landnám ríkisins	86 276	100 600	61 782
242	Mat á landbúnaðarafurðum	6 958	10 904	17 112
243	Sauðfjárveikivarnir	52 253	58 527	88 871
244	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	5 260	6 913	11 190
246	Veiðimálaskrifstofan	52 698	72 913	102 122
247	Embætti yfirdýralæknis	109 776	118 214	175 263
271	Landgræðslusjóður, framlag	16 608	19 380	19 380
272	Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	11 379	14 082	12 976
286	Landbúnaður, framlög	55 590	103 340	98 840
287	Stofnlánadeild landbúnaðarins	366 758	490 700	643 500
288	Jarðræktarframlög	729 400	867 675	1 100 979
289	Til framræslu	150 000	175 000	260 000
290	Uppbætur á útfl. landbúnaðarafurðir	2 706 375	2 963 000	5 337 000
291	Til búfjárræktar skv. l. nr. 31/1973	97 100	126 623	188 301
299	Ýmis starfsemi á sviði landbún.mála	64 795	76 749	50 839
501	Bændaskólinn á Hvanneyri	171 412	156 879	233 853
502	Bændaskólinn á Hólum	40 336	58 104	86 184
503	Garðyrkjuskólinn á Reykjum	57 828	72 426	117 019
504	Bændaskóli í Odda	—	5 000	5 000
05	**Sjávarútvegsráðuneytið**	**1 581 960**	**3 100 293**	**4 793 594**
101	Aðalskrifstofa	52 760	60 921	102 413
201	Fiskifélag Íslands	78 165	95 492	157 164
202	Hafrannsóknastofnun	631 766	851 253	1 365 524
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	129 243	148 957	230 096
215	Framleiðslueftirlit sjávarafurða	223 151	246 073	430 415
221	Verðlagsráð sjávarútvegsins	13 124	16 288	27 479
271	Byggingarsjóður hafrannsóknaskips	58 400	74 385	116 433

		Reikningur 1977 þús. kr.	Fjárlög 1978 þús. kr.	Frumvarp 1979 þús. kr.
272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	13 240	16 530	14 632
274	Aflatryggingasjóður	242 975	274 500	480 309
275	Fiskveiðasjóður	—	—	1 275 500
298	Fiskleit, vinnslutilraunir og markaðsöflun	—	150 000	150 000
299	Ýmislegt á sviði sjávarútvegs	1 061 697	1 062 357	291 818
901	Skrifst. rannsóknastofnana atvinnuveganna	77 439	103 537	151 820
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið**	**7 066 901**	**7 225 631**	**11 230 739**
101	Aðalskrifstofa	57 364	57 913	105 310
102	Stjórnartíðindi	25 059	28 916	43 169
201	Hæstiréttur	24 384	27 216	54 779
202	Ríkissaksóknari	40 253	52 528	87 611
203	Borgardómaraembættið	75 763	87 108	143 462
204	Borgarfógetaembættið	84 356	85 259	140 076
205	Sakadómaraembættið	146 525	107 431	175 445
206	Lögreglustjórinn í Reykjavík	1 128 820	1 271 304	2 021 531
207	Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík	7 568	9 500	2 210
208	Rannsóknarlögregla ríkisins	271 186	250 933	396 473
210	Dóm- og löggæsla	—	15 000	—
211	Embætti sýslumanna og bæjarfógeta	2 926	3 000	13 514
212	Bæjarfógetinn, Akranesi	78 325	64 760	115 532
213	Sýslumaðurinn, Borgarnesi	68 384	77 649	107 413
214	Sýslumaðurinn, Stykkishólmi	84 254	76 264	132 985
215	Sýslumaðurinn, Búðardal	14 789	13 681	23 195
216	Sýslumaðurinn, Patreksfirði	41 772	47 464	73 970
217	Bæjarfógetinn, Bolungarvík	28 517	32 439	49 733
218	Sýslumaður og bæjarfógeti, Ísafirði	76 992	67 344	109 130
219	Sýslumaðurinn, Hólmavík	11 660	13 538	22 015
221	Sýslumaðurinn, Blönduósi	61 735	51 786	79 272
222	Sýslumaður og bæjarfógeti, Sauðárkr.	50 779	43 580	82 948
223	Bæjarfógetinn, Siglufirði	46 537	45 358	72 649
224	Bæjarfógetinn, Ólafsfirði	30 897	21 851	35 131
225	Sýslumaður og bæjarfógeti, Akureyri	174 795	190 276	314 320
226	Sýslumaður og bæjarfógeti, Húsavík	108 862	91 174	134 458
227	Sýslumaður og bæjarfógeti, Seyðisf.	49 566	41 201	64 910
228	Bæjarfógetinn, Neskaupstað	24 776	24 898	41 812
229	Sýslumaður og bæjarfógeti, Eskifirði	62 423	85 048	119 217
230	Sýslumaðurinn, Höfn í Hornafirði	27 935	30 499	48 860
231	Sýslumaðurinn, Vík í Mýrdal	21 038	20 434	31 657
232	Sýslumaðurinn, Hvolsvelli	44 259	35 485	60 233
233	Bæjarfógetinn, Vestmannaeyjum	112 527	112 512	159 913
234	Sýslumaður og bæjarfógeti, Selfossi	144 147	96 703	161 197
235	Sýslumaður og bæjarfógeti, Keflavík	229 586	234 487	361 868
236	Sýslumaður og bæjarfógeti, Hafnarf.	274 002	259 983	417 365
237	Bæjarfógetinn, Kópavogi	268 733	157 129	259 681
238	Dómstóll og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum	17 774	17 872	27 060

		Reikningur 1977 þús. kr.	Fjárlög 1978 þús. kr.	Frumvarp 1979 þús. kr.
241	Hegningarhús	59 438	45 276	75 067
242	Vinnuhælið á Litla-Hrauni	153 758	133 901	245 880
243	Vinnuhælið á Kvíabryggju	33 684	29 634	47 510
244	Fangelsi í Síðumúla	44 560	48 229	79 432
247	Eftirlitsstofnun með brotamönnum	5 733	6 899	10 725
251	Landhelgisgæsla	1 724 881	1 888 591	2 725 870
252	Bifreiðaeftirlit	234 390	208 844	357 252
253	Almannavarnir	23 559	26 302	40 476
254	Sjómælingar og sjókortagerð	39 313	46 896	75 762
255	Umferðarráð	25 154	25 663	44 397
261	Öryggiseftirlit ríkisins	19 606	—	—
262	Löggildingarstofan	30 033	14 008	22 166
281	Dómsmál, ýmis kostnaður	59 487	52 635	94 729
282	Ýmis löggæslukostnaður	26 548	45 011	78 517
283	Fangamál, ýmis kostnaður	54 006	116 373	130 763
284	Áfengis- og fíkniefnamál	1 581	2 271	3 376
301	Þjóðkirkjan	484 674	542 475	852 363
302	Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar	5 810	—	—
371	Kirkjubyggingasjóður	12 000	15 000	13 500
372	Kirkjugarðasjóður	100	100	100
373	Kristnisjóður	9 327	28 000	42 750
07	**Félagsmálaráðuneytið**	4 699 904	5 940 962	7 592 338
101	Aðalskrifstofa	33 259	35 977	67 274
271	Húsnæðismálastofnun ríkisins	3 669 014	4 789 000	6 140 700
272	Byggingarsjóður verkamanna	271 877	300 000	297 000
301	Skipulagsstjóri	72 682	116 000	174 000
302	Embætti ríkissáttasemjara	—	—	24 926
371	Framlag til lánasjóðs sveitarfélaga	101 668	112 500	152 100
372	Landakaup kaupstaða og kauptúna	13 500	10 000	10 000
391	Vegna tjóns af náttúruhamförum í Norður-Þingeyjarsýslu	37 474	—	—
399	Vatnsveitur	39 348	50 000	65 000
951	Brunamálastofnun ríkisins	÷6 721	—	—
952	Endurhæfingarráð	6 720	7 794	12 389
953	Jafnréttisráð	4 227	5 780	8 713
971	Erfðafjársjóður, framlag	91 885	90 000	144 000
972	Bjargráðasjóður	41 543	71 600	83 700
974	Styrktarsjóður fatlaðra	5 000	7 000	7 000
975	Styrktarsjóður vangefinna	122 350	150 000	150 000
981	Vinnumál	61 322	42 401	47 161
999	Ýmis framlög	134 756	152 910	208 375
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið**	34 561 029	45 005 697	66 581 630
101	Aðalskrifstofa	65 790	73 496	118 409
271	Tryggingastofnun ríkisins	23 243 313	33 885 000	48 003 200
273	Framlag til atvinnuleysistryggingasj.	1 302 967	1 629 960	3 104 100
301	Landlæknisembættið	25 581	33 592	54 167
302	Ríkisspítalar, skrifstofa	115 171	128 380	232 904

		Reikningur 1977 þús. kr.	Fjárlög 1978 þús. kr.	Frumvarp 1979 þús. kr.
310	Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar .	—	125 000	210 000
311	Rannsóknastofa háskólans	105 198	122 189	255 846
312	Blóðbankinn	26 724	43 477	97 211
319	Matvælarannsóknir ríkisins	—	—	50 536
321	Geislavarnir ríkisins	6 295	8 097	12 494
322	Heilbrigðiseftirlit ríkisins	26 699	29 678	45 174
323	Tryggingaeftirlitið	84	—	—
371	Landspítalinn	3 736 260	3 726 841	6 141 483
372	Fæðingardeild Landspítalans	473 233	458 019	992 997
373	Kleppsspítali	1 154 432	1 147 059	1 933 946
374	Vífilsstaðaspítali	491 306	409 487	676 926
375	Kristneshælið	186 523	196 790	307 334
376	Kópavogshælið	512 181	506 550	812 530
377	Vistheimilið Gunnarsholti	75 518	75 660	126 123
378	Læknishéraðasjóður	679	18 000	22 500
379	Til kaupa á Landakotsspítala	1 200 000	—	—
380	Námslán læknastúdenta	1 397	3 000	2 000
381	Til sjúkrahúsa og læknabústaða	1 150 950	1 559 097	2 064 483
391	Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar	346 531	423 299	780 851
392	Berklavarnir	9 508	7 523	15 617
393	Skólayfirlæknisembættið	5 005	6 124	11 156
399	Ýmis heilbrigðismál	177 126	264 527	359 903
471	Gæsluvistarsjóður, framlag	41 103	67 900	61 600
481	Bindindisstarfsemi	15 680	18 735	24 910
501	Ljósmæðraskóli Íslands	20 599	21 327	35 242
502	Þroskaþjálfaskólinn	22 281	16 890	27 988
503	Ýmsir skólar heilbrigðisstétta	22 895	—	—
09	**Fjármálaráðuneytið**	**4 276 472**	**16 938 739**	**8 233 114**
101	Aðalskrifstofa	118 133	140 213	243 737
103	Ríkisbókhald	74 651	100 451	167 590
104	Ríkisfjárhirsla	27 418	28 501	46 025
201	Embætti ríkisskattstjóra	97 877	138 826	224 008
202	Skattstofan í Reykjavík	204 891	210 747	371 886
203	Skattstofa Vesturlands, Akranesi ...	25 885	30 406	53 645
204	Skattstofa Vestfjarða, Ísafirði	18 234	31 327	47 639
205	Skattstofa Norðurlands vestra, Siglufirði	24 872	30 906	51 605
206	Skattstofa Norðurlands eystra, Akureyri	41 656	55 540	96 739
207	Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum	25 426	27 848	46 064
208	Skattstofa Suðurlands, Hellu	24 734	32 484	53 594
209	Skattstofa Vestmannaeyja	11 012	11 640	22 637
211	Skattstofa Reykjaness, Hafnarfirði ..	62 251	74 472	120 593
212	Skattstofur, sameiginleg útgjöld	62 900	51 721	88 992
214	Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	17 101	22 654	37 407
251	Gjaldheimtan í Reykjavík	46 789	63 162	90 881
261	Tollstjórinn í Reykjavík	161 666	194 830	321 840
263	Tollgæsla	263 409	273 473	434 658

		Reikningur 1977 þús. kr.	Fjárlög 1978 þús. kr.	Frumvarp 1979 þús. kr.
282	Tollamál, sameiginlegur kostnaður ..	9 602	10 000	14 300
381	Uppbætur á lífeyri	1 181 768	1 890 925	3 585 039
382	Eftirlaun samkvæmt launalögum ..	15 827	17 153	25 034
383	Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn	35 816	32 420	32 420
384	Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur	—	20 590	20 590
402	Fasteignamat ríkisins	66 957	63 832	137 504
481	Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum	2 754	100 000	110 000
901	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	23 315	23 872	46 890
971	Ríkisábyrgðasjóður, framlag	729 394	566 000	660 000
981	Skrifstofubygging við Grensásveg ..	54 009	105.000	135 000
989	Vegna launa- og verðlagsmála	—	11 414 000	—
998	Kjaradómur og kjaranefnd	5 149	—	—
999	Ýmislegt	842 976	1 175 746	946 797
10	**Samgönguráðuneytið**	**10 412 775**	**13 783 701**	**18 003 150**
101	Aðalskrifstofa	39 294	42 474	72 301
211	Vegagerð ríkisins	6 381 657	9 305 000	12 300 000
321	Strandferðir, framlög	351 400	448 055	696 518
325	Rekstrardeild ríkisskipa	31 295	37 231	64 960
331	Vita- og hafnamál, aðalskrifstofa ..	352 321	64 998	116 221
332	Vitamál	132 336	181 961	267 184
333	Hafnamál	1 591 115	1 928 796	1 878 368
341	Siglingamálastofnun ríkisins	82 218	107 493	177 323
342	Sjóslysanefnd	6 769	7 239	8 583
471	Flugmálastjórn	1 080 680	1 250 206	1 768 766
481	Flugbjörgunarsveitir, framlög	700	700	700
651	Ferðamál	93 492	51 700	64 840
652	Veðurstofan	208 271	290 974	484 318
656	Landmælingar	48 545	49 874	81 068
672	Sérleyfissjóður	12 682	17 000	22 000
11	**Iðnaðarráðuneytið**	**3 233 064**	**3 658 872**	**7 105 750**
101	Aðalskrifstofa	39 688	48 072	78 710
201	Iðntæknistofnun Íslands	85 873	107 396	286 371
202	Rannsóknastofnun iðnaðarins	53 278	74 454	—
203	Rannsóknastofnun byggingaiðn.	78 118	92 845	158 797
204	Verkstjórnarnámskeið	3 524	8 034	11 837
205	Stjórnunarnámskeið	5 800	6 692	10 882
206	Námskeið í stjórn vinnuvéla	4 213	5 784	9 671
207	Til eftirmenntunar í iðju og iðnaði	11 021	12 000	12 000
221	Lánasjóður iðnaðarins	225 000	300 000	320 000
233	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	12 338	—	—
235	Fyrirtæki og stofnanir, framlög	78 647	17 400	20 000
299	Iðja og iðnaður, framlög	73 768	54 475	119 775
301	Orkustofnun	549 482	752 620	1 172 134
302	Rafmagnseftirlit ríkisins	101 828	104 100	160 573

		Reikningur 1977 þús. kr.	Fjárlög 1978 þús. kr.	Frumvarp 1979 þús. kr.
311	Landsvirkjun, eiginfjárframlag	2 750	—	—
371	Orkusjóður	1 898 936	2 075 000	4 745 000
399	Til jarðhitaleitar	3 800	—	—
12	**Viðskiptaráðuneytið**	**6 645 745**	**7 827 003**	**18 971 220**
101	Aðalskrifstofa	57 855	51 927	92 858
201	Niðurgreiðslur á vöruverði	5 769 993	6 831 000	18 037 000
202	Styrkur vegna olíunotkunar til húsahitunar	743 425	856 000	680 000
902	Verðlagsstofnun	72 972	86 576	152 184
903	Skráning hlutafélaga	—	—	7 678
999	Vörusýningar erlendis	1 500	1 500	1 500
13	**Hagstofa Íslands**	**77 667**	**97 495**	**162 473**
101	Aðalskrifstofa	54 423	71 085	116 884
102	Þjóðskráin	23 244	26 410	45 589
14	**Ríkisendurskoðun**	**99 552**	**128 720**	**220 301**
101	Aðalskrifstofa	99 552	128 720	220 301
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**	**3 392 099**	**3 459 505**	**7 050 669**
101	Aðalskrifstofa	45 604	54 857	90 712
181	Ríkisbifreiðir, framlög	—	12 000	17 000
991	Ýmis lán ríkissjóðs	3 346 495	3 367 648	6 942 957
	Samtals öll ráðuneyti (A-hluti)	**102 821 127**	**138 473 434**	**198 485 865**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna er lögð á það rík áhersla að höfuðverkefni stjórnarinnar á næstu misserum sé að ráða fram úr þeim mikla vanda sem blasir við í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Í því skyni mun ríkisstjórnin leggja áherslu á að draga markvisst úr verðbólgunni með því að lækka verðlag og tilkostnað, draga úr víxlhækkunum verðlags og launa og halda heildarumsvifum í þjóðarbúskapnum innan hæfilegra marka. Þá mun hún leitast við að koma í veg fyrir auðsöfnun í skjóli verðbólgu.

Er stjórnin tók við völdum 1. september sl. höfðu allmörg fyrirtæki í undirstöðugreinum stöðvast og önnur voru í þann mund að stöðvast. Stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum eins og hún er skýrð í stefnuyfirlýsingu samstarfsflokkanna er því tvíþætt. Annars vegar felur hún í sér skjótar aðgerðir til að tryggja rekstur höfuðatvinnuveganna og frið á vinnumarkaðinum og hins vegar ráðstafanir, þegar til lengri tíma er litið, til að vinna markvisst að hjöðnun verðbólgunnar án þess þó að tefla atvinnuöryggi í tvísýnu. Þá stefnir ríkisstjórnin að því að ná jöfnuði í viðskiptum þjóðarinnar við útlönd á árinu 1979 og draga úr erlendum lántökum. Að þessum málum ætlar stjórnin sér að vinna í samstarfi við fulltrúa launafólks og vinnuveitenda og með nýrri stefnu í atvinnu-, fjárfestingar- og kjaramálum.

Til að forða stöðvun útflutningsatvinnuveganna og tryggja vinnufrið beitti ríkisstjórnin sér fyrir 15% gengislækkun og setningu bráðabirgðalaga um ráðstafanir í framhaldi af henni (nr. 95/1978), m. a. um ráðstöfun á gengismun. Þá voru sett bráðabirgðalög um kjaramál (nr. 96/1978) en með þeim var m. a. ákveðin niðurfærsla verðlags í landinu með auknum niðurgreiðslum 1978 og 1979. Jafnframt kváðu lögin á um verðbótagreiðslur á laun í samræmi við kjarasamninga alls þorra launþega. Gengisbreytingin var einnig liður í þeirri viðleitni að draga úr innflutningi og nálgast þannig markmiðið um jöfnuð í viðskiptum við útlönd. Í kjölfar gengislækkunarinnar hlaut hins vegar að fylgja hækkun verðlags á innfluttum vörum og því var mikilvægt að vega á móti þeirri hækkun með niðurfærslu verðlags og koma þannig í veg fyrir frekari vöxt verðbólgunnar, sem komin var yfir 50% í ágúst síðastliðnum. Ári áður hafði hún hins vegar verið innan við 30%. Þessar aðgerðir voru þó aðeins til að skapa svigrúm til frekari aðhaldsaðgerða. Í framhaldinu er nauðsynlegt að stefnt verði að jafnvægi í ríkisfjármálum þegar litið er yfir tímabilið frá 1. september 1978 til ársloka 1979. Vegna niðurfærsluráðstafana er óhjákvæmilegt að nokkur halli verði á ríkisbúskapnum á árinu 1978. Þann halla verður að fullu að bæta upp á árinu 1979, og reyndar nokkru betur, ef hamla á gegn verðbólgu. Þá er mikilvægt að stefnt verði að samdrætti í opinberum framkvæmdum og að heildarfjármunamyndun verði takmörk sett. Til þess að fylgja þessari stefnu eftir mun ríkisstjórnin beita sér fyrir takmörkun útlána og peningamagns í umferð til þess að draga úr verðþenslu.

Fjárlagafrumvarpið mótast af þeirri meginstefnu sem að ofan er lýst. Aðhalds er gætt í hvívetna um rekstrarútgjöld stofnana og áformaður er samdráttur í fjárfestingu ríkisins á árinu 1979. Það er keppikefli ríkisstjórnarinnar að ríkissjóður verði rekinn hallalaus fyrstu 16 mánuði starfsferils hennar. Með setningu bráðabirgðalaganna í september sl. um kjaramál var stigið skref í þá átt að rjúfa vítahring víxlhækkana verðlags og launa með auknum niðurgreiðslum og lækkun óbeinna skatta. Þar sem verulega var liðið á árið þegar þessar aðgerðir áttu sér stað verða aukin útgjöld og tekjumissir ríkissjóðs á árinu 1978 ekki að öllu leyti bættur með skattheimtu á því ári. Til að mæta útgjöldum, sem að hluta voru bein afleiðing efnahagsaðgerðanna og ekki síst til að ná jöfnuði í ríkisfjármálum í lok ársins 1979, verður óhjákvæmilega að koma til aukin tekjuöflun eða lækkun

útgjalda. Frumvarpið felur í sér auknar tekjur ríkissjóðs í formi beinna skatta sem ekki leiða til sjálfkrafa hækkunar launa og verðlags. Ef markmið ríkisstjórnarinnar um hallalausan ríkisbúskap fyrstu 16 mánuðina á að nást er mikilvægt að fjárlagafrumvarpið 1979 verði afgreitt með 3 000 m.kr. greiðsluafgangi.

Áður en tekju- og gjaldahlið frumvarpsins er rædd nánar þykir rétt að víkja að nokkrum efnisatriðum frumvarpsins sem enn eru ekki endanlega afgreidd.

1. Áætlun frumvarpsins um tekjuöflun á árinu 1979 er byggð á því að framhald verði á skattlagningu hliðstæðri þeirri sem ákveðin var með bráðabirgðalögum nr. 96/1978. Form þessarar skattlagningar hefur þó ekki verið endanlega ákveðið en frumvörp um þetta efni verða lögð fram á Alþingi á næstunni. Gert er ráð fyrir að tekjuöflun samkvæmt þeim verði að fjárhæð ígildi framlengingar skattaákvæða bráðabirgðalaganna. Þingmannanefnd stjórnarflokkanna vinnur að endurskoðun skattalaganna en áður en endanlega verður gengið frá skattforminu verða höfð samráð við aðila vinnumarkaðarins.
2. Lögð verði sérstök áhersla á að stórauka aðhald í ríkisbúskapnum og stefnt að því að lækka rekstrarkostnað um 1 milljarð króna.
3. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir lækkun aðflutningsgjalda í samræmi við samning um aðild Íslands að EFTA og samning við EBE. Í samstarfssamningi stjórnarflokkanna er gert ráð fyrir „að samkeppnisaðstaða íslensks iðnaðar verði tekin til endurskoðunar og spornað með opinberum aðgerðum gegn óeðlilegri samkeppni erlends iðnaðar, m. a. með frestun tollalækkana.“ Ekki er fullráðið með hvaða hætti þetta verður gert. Sérstök nefnd þriggja ráðuneyta hefur málið til athugunar.
4. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að verja til verklegra framkvæmda, sem tilheyra A-hluta fjárlaga, samtals 18 470 m.kr. Ennfremur virðist svigrúm til að verja til viðbótar allt að 1 000 m.kr. til framkvæmda. Með því móti væri stefnt að um það bil 16% magnminnkun verklegra framkvæmda sem tilheyra A-hluta fjárlaga. Þar sem ekki hefur verið gengið frá lánsfjáráætlun næsta árs er á þessu stigi ekki endanlega ákveðið hversu mikil magnminnkun verði í ríkisframkvæmdum í heild. Hins vegar er ljóst að verði dregið minna úr framkvæmdum en að framan greinir verður að koma til samsvarandi tekjuöflun. Telja verður að 12% magnminnkun á A-hluta fjárlaga sé í samræmi við fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar í fjárfestingarmálum, en stefnan á að miðast við það, að landsmenn geti búið við atvinnuöryggi og jafnframt sé komið í veg fyrir ofþenslu efnahagslífsins.
5. Nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins hefur m. a. verið falið að gera tillögur til iðnaðarráðherra um skiptingu á jöfnunargjaldi iðnaðarins. Hér er um breytingu að ræða frá því sem verið hefur og þarf af þeim sökum að endurskoða skiptingu jöfnunargjaldsins.
6. Lánsfjáröflun til orkumála er sett fram í frumvarpinu hliðstætt og á undanförnum árum, en þar sem nægur tíma hefur ekki gefist til að ljúka endanlega athugun á öllum þáttum orkumálanna er gerður sá fyrirvari að einhverjar breytingar kunni að verða gerðar á þessum áætlunum þegar lánsfjáráætlun næsta árs verður í heild lögð fyrir þingið.
7. Í fjárlagafrumvarpi 1979 er gert ráð fyrir að samtals fari 18 037 m.kr. til niðurgreiðslu á vöruverði eða sem svarar 9,1% af útgjöldum. Þessi fjárhæð verður endanlega ákveðin við meðferð fjárlagafrumvarpsins á Alþingi. Verði niðurgreiðslur hækkaðar umfram þessa fjárhæð þarf að afla tekna til þess sérstaklega.
8. Fyrirhugað er að endurskoða styrkja- og útflutningsbótakerfi landbúnaðarins með það að marki, að greiðslur komi bændum að betri notum en nú er. Ekki hefur unnist tími til að hafa eðlileg samráð við bændastéttina í þessu efni.

9. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að miða skattvísitölu við breytingu verðlags milli skattára eins og í gildandi fjárlögum en við lokaafgreiðslu frumvarpsins verður tekin ákvörðun um hvernig skattvísitölunni verður beitt. Hækkun vísitölunnar krefst aukinna tekna með öðrum hætti, eða lækkunar útgjalda.

Í frumvarpinu er greiðsluafgangur 3 929 m.kr. Gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði 206 708 m.kr. og gjöld 198 486 m.kr. Samkvæmt því verður rekstrarjöfnuður, þ. e. tekjur umfram gjöld, 8 222 m.kr. Aftur á móti er reiknað með að úr ríkissjóði verði greiddar 4 293 m.kr. vegna lánahreyfinga umfram það sem verður greitt inn í ríkissjóð vegna þeirra. Þegar sú stærð hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði kemur fram greiðslujöfnuður 3 929 m.kr. sem að framan er getið. Meginástæða þess að útstreymi úr ríkissjóði á lánahreyfingum er meira en innstreymi er að afborganir lána eru meiri en lántaka. Má þar nefna að afborganir af samningsbundnum erlendum lánum eru 5 476 m.kr. og afborganir af samningsbundnum innlendum lánum 1 533 m.kr. auk þess sem gert er ráð fyrir 4 550 m.kr. til innlausnar spariskírteina. Áðurnefndar upphæðir, 5 476 m.kr. og 1 533 m.kr., samtals 7 009 m.kr., koma fram á lánahreyfingum í 1. gr. fjárlagafrumvarpsins og eru þar færðar á Seðlabanka Íslands 5 099 m.kr. og á aðra 1 910 m.kr.

Verðlagsforsendur frumvarpsins eru miðaðar við verðlag í desember 1978 og á það bæði við um tekju- og gjaldahlið frumvarpsins. Við samningu frumvarpsins var gætt aðhalds í hvívetna. Þannig var höfð að leiðarljósi sú meginstefna að bæta ekki við nýjum stöðum og hamla þannig á móti aukningu launakostnaðar. Sömuleiðis verður leitast við að draga úr yfirvinnu og álagsgreiðslum með skipulagsbreytingum. Þær tölulegu hækkanir sem orðið hafa á launum og rekstrargjöldum eru nær eingöngu vegna launa- og verðlagsbreytinga. Aftur á móti er gert ráð fyrir nokkrum samdrætti í viðhaldi. Þessir þrír liðir til samans ásamt vöxtum mynda liðinn samneysla og nemur hann 80 576 m.kr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að neyslu- og rekstrartilfærslur verði 86 879 m.kr. Af þeirri upphæð fara til almannatrygginga 48 003 m.kr. Reiknað er með hækkunum bóta lífeyristrygginga í samræmi við hækkun launakostnaðar en að sjúkratryggingar hækki að nokkru umfram launa- og verðlagshækkanir. Auk almannatrygginga falla undir þennan lið niðurgreiðslur á vöruverði innanlands 18 037 m.kr., uppbætur á útflutning landbúnaðarvara 5 337 m.kr. sem skiptist í áætlaðar útflutningsuppbætur 1979 4 500 m.kr., verðjöfnunargjald bænda 300 m.kr. og útflutningsuppbætur að upphæð 537 m.kr. sem falla á árið 1978 en ekki var gert ráð fyrir á fjárlögum það ár. Þá eru aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur 15 002 m.kr.

Að því er snertir framkvæmdaframlög er þeirri meginstefnu fylgt að þau verði hin sömu að krónutölu 1979 og 1978 nema lög eða samningar, t. d. verksamningar, kveði á um annað. Samt er gert ráð fyrir að til vegamála verði varið 12 300 m.kr. en á fjárlögum 1978 var 9 305 m.kr. ætlað til vegamála. Markaðir tekjustofnar til vegamála nema 9 640 m.kr. svo að ríkissjóður þarf að bæta við þá upphæð 2 660 m.kr. sem verður tekin að láni samkvæmt lánsfjáráætlun. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að ríkissjóður greiðir 2 405 m.kr. í vexti og afborganir af lánum sem tekin hafa verið til vegagerðar en þau útgjöld eru hér ekki talin með útgjöldum til vegamála.

Til viðbótar við þær aðgerðir sem getið er hér að framan var ákveðið að lækka framlög til ýmissa fjárfestingarsjóða um 10% og nemur sá niðurskurður 993 m.kr. Til þess að framkvæma þetta þarf nokkrar lagabreytingar og verða frumvörp um það efni lögð fram á Alþingi á næstunni.

Á undanförnum árum hafa fjármagnsútgjöld (þ. e. vextir og afborganir) af lánum vegna Kröfluvirkjunar og byggðalína að jafnaði verið fjármögnuð með nýjum lánum. Nú er horfið af þeirri braut. Í þess stað er gert ráð fyrir að Orkusjóður sjái um greiðslur vegna fjármagnsútgjalda Kröfluvirkjunar og er fjárveiting til sjóðsins í því skyni 2 080 m.kr. Aftur á móti er Byggðasjóði ætlað að standa straum af fjármagnsútgjöldum vegna byggðalína en þau nema 1 130 m.kr.

Af heildartekjum 206 708 m.kr. nema beinir skattar 45 582 m.kr. eða 22,1% en óbeinir skattar 157 882 m.kr. eða 76,4%. Hlutdeild beinna skatta í heildartekjum ríkissjóðs er áætluð nokkru meiri árið 1979 en 1978 en í fjárlögum fyrir það ár voru beinir skattar 18,2% af heildartekjum.

Eins og tekið var fram í fyrirvörum hér að framan voru beinir skattar 1979 miðaðir við sambærilega skattlagningu og felst í ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 96/1978. Jafnframt var skattvísitala miðuð við verðbreytingar milli skattára hliðstætt því sem gert var 1978. Að öðru leyti er miðað við óbreytt lög og reglur um mikilvægustu beina og óbeina skatta frá því sem er á árinu 1978.

Lánsfjáráætlunin 1979 verður væntanlega lögð fyrir Alþingi í nóvembermánuði n. k. og ber að líta á hana sem nánari mótun á þeirri meginstefnu í efnahagsmálum sem kemur fram í stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna og framfylgt er í þessu frumvarpi. Lánsfjáráætluninni 1979 er m. a. ætlað að fylgja eftir þeirri stefnu að fjármunamyndunin í landinu verði innan við fjórðung þjóðarframleiðslunnar á árinu 1979 í því skyni að draga úr verðhækkunum innanlands og til að bæta efnahagsstöðu þjóðarinnar út á við.

Þess skal getið að sérstakt yfirlit yfir skiptingu lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og styrktarfjár hefur verið fellt niður í frumvarpi þessu.

Í yfirliti á bls. 188 með greinargerð um lánahreyfingar kemur fram lánsfjáröflun að fjárhæð 9,8 milljarðar króna til opinberra framkvæmda á vegum ríkisins á árinu 1979. Í fjárlögum 1978 var sambærileg áætlun að fjárhæð 10,5 milljarðar króna. Með tilliti til verðbreytinga verður hér um samdrátt að ræða á lánsfjármögnuðum ríkisframkvæmdum. Í þessu sambandi má nefna að munur á innheimtu af endurlánuðu spariskírteinafé og innlausn spariskírteina er mun minni á árinu 1979, eða 874 m.kr., en í fjárlögum 1978 en þá var munurinn 2 316 m.kr. Innstreymi í ríkissjóð verður því 1 442 m.kr. minna frá þessum liðum 1979 en 1978 og verður því erlend lánsfjáröflun hliðstæð afborgunum erlendra lána vegna takmarkaðra lánamöguleika innanlands.

YFIRLIT OG SAMANBURÐUR VIÐ FJÁRLÖG 1978

Meginforsendur frumvarpsins

Gjöld frumvarpsins eru miðuð við verðlag í lok ársins 1978 og er það í samræmi við forsendur tekjuáætlunar. Laun ársins 1979 eru miðuð við launataxta eins og þeir eru taldir verða í desember 1978. Hækkun launataxta ríkisstarfsmanna frá ársbyrjun 1978 til ársloka er um 41%. Aftur á móti er hækkun launaliða einstakra stofnana frá fjárlögum 1978 nokkru meiri eða 67,5%. Munurinn skýrist af tvennu. Annars vegar af launahækkunum á síðasta ársfjórðungi 1977 til áramóta um 17,3% og hins vegar af flokkaskriði ríkisstarfsmanna sem var metið um 1,3%. Launagjöld frumvarpsins nema 54 186 m.kr. og hækka um 10 962 m.kr. eða um 25,3% frá fjárlögum 1978. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1978 var gert ráð fyrir launagjöldum á árinu 1978 í samræmi við kjarasamninga auk áætlaðra vísitölubóta til ársloka. Umsamdar og áætlaðar launahækkanir á árinu 1978 auk launahækkana síðast á árinu 1977 voru ekki færðar á launaliði einstakra stofnana í fjárlögum 1978. Þess í stað voru 11 414 m.kr. hafðar á sérstökum launalið í fjárlögum 1978, og var þeirri fjárhæð úthlutað síðar á einstakar stofnanir í samræmi við hækkun launa. Þannig skýrist munur á prósentuhækkun á launalið, annars vegar þegar rætt er um einstakar stofnanir og hins vegar þegar fjallað er um launaútgjöld í heild vegna A-hluta fjárlaga.

Rétt er að taka fram að tekjuáætlun fjárlaga 1978 byggist m. a. á fyrrgreindum forsendum um hækkun launa.

Framlög til lífeyristrygginga hækka á hliðstæðan hátt og laun en framlög til sjúkratrygginga hækka nokkuð umfram launa- og verðlagsbækkanir.

Almenn verðlagshækkun hefur reynst 41—43% frá gerð síðustu fjárlaga og þar við bætast áhrif gengisfellingarinnar í september síðastliðnum. Hliðsjón var höfð af þessum hækkunum við gerð fjárlagafrumvarpsins auk raunverulegra útgjalda einstakra stofnana á síðasta reikningsári. Reiknað er með að launa- og verðlagsforsendur gjalda- og tekjuliðar frumvarpsins verði endurskoðaðar fyrir afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins.

Tekjuáætlun miðast við hliðstæðar kauplags- og verðlagsforsendur og gjaldaáætlun. Magnbreytingar helstu stofna óbeinna skatta eru miðaðar við 1% aukningu á næsta ári og er þá tekið mið af þeirri aukningu þjóðarútgjalda sem talin er geta samrýmst því markmiði að ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd á árinu 1979. Verðlagsforsendur eru í aðalatriðum miðaðar við áætlað verðlag undir lok ársins í ár. Einnig er reiknað með svipaðri verðhækkun innflutnings í erlendri mynt og á árinu 1978 en verðhækkun í krónum er miðuð við gengi í október 1978. Í áætlun um tekjuskatt einstaklinga er miðað við skattvísitölu 143 á árinu 1979, miðað við 100 í ár. Hækkar skattvísitalan þá svipað og vísitala framfærslukostnaðar á árinu 1978. Í tekjuáætluninni er reiknað með framhaldi tekjuöflunar í hátt við ákvæði bráðabirgðalaga nr. 96/1978 um eignarskattsauka, sérstakan skatt á háar tekjur og skatt á tekjur og fyrningar eigna í atvinnurekstri. Þessi tekjuöflun er nauðsynleg til þess að mæta útgjöldum vegna niðurfærsluráðstafananna í september. Enn hefur þó ekki verið endanlega ákveðið með hvaða hætti teknanna verður aflað og þess vegna eru áætlanir um framhald tekjuöflunar samkvæmt fyrrnefndum bráðabirgðalögum settar fram með fyrirvara um að þær gætu breyst við afgreiðslu frumvarpsins. Samkvæmt tollskrá lækka tollar á samkeppnisvörum um næstu áramót auk þess sem smávægilegar breytingar verða á öðrum tollum. Í tekjuáætluninni er reiknað með þessari tollalækkun og er hún metin um 1 350 m. kr. Að öðru leyti er miðað við óbreytt lög og reglur um mikilvægustu beina og óbeina skatta frá því sem er á árinu 1978.

Gjaldahlið

Heildargjöld á rekstrarreikningi eru 198 486 m.kr. Er það hækkun um 60 013 m.kr. frá fjárlögum 1978 eða 43,3%. Af heildarhækkun útgjalda nemur hækkun markaðra tekjustofna 9 605 m.kr. eða 46,3%. Hækkun að frátöldum mörkuðum tekjustofnum verður þannig 50 408 m.kr., sem er 42,8%, eins og sést af eftirfarandi yfirliti.

	Fjárlög 1978 m. kr.	Frumvarp 1979 m. kr.	Hækkun m. kr.	Hækkun %
Útgjöld á rekstrarreikningi	138 473	198 486	60 013	43,3
Þar af markaðir tekjustofnar	20 757	30 362	9 605	46,3
Útgjöld án markaðra tekjustofna	117 716	168 124	50 408	42,8

Forsendur frumvarpsins fela m. a. í sér að framlög til fjárfestingarsjóða eru skert um 10% eins og áður er greint frá. Þessi lækkun nær einnig til sjóða sem hafa markaða tekjustofna og nemur sú lækkun 691,5 m.kr., sbr. töfluyfirlit 9 og 10. Lækkun þessi skýrist þannig að markaðir tekjustofnar byggingarsjóðs ríkisins af launaskatti lækka um 620 m.kr., af tekjuskatti og eignarskatti og aðflutningsgjöldum um 55,5 m.kr. og ennfremur er markaður tekjustofn erfðafjársjóðs, þ. e. erfðafjárskattur, lækkaður um 16 m.kr.

Markaðar tekjur samkvæmt tekjuáætlun nema 31 054 m.kr. og hækka um 10 297 m.kr. eða 49,6%. Þá ber að taka tillit til þess að tekjustofn Styrktarsjóðs vangefinna, sem er hluti af vörugjaldi, telst ekki til markaðra tekjustofna í frumvarpi þessu þar sem lög þar að lútandi gilda aðeins til eins árs í senn. Í fjárlögum 1978 nam þessi stofn 150 m.kr.

Yfirlit það sem hér fer á eftir gefur til kynna skiptingu ríkisútgjalda á helstu gjaldategundir ásamt samanburði við fjárlög 1978. Á eftir töflunni fylgja skýringar á helstu orsökum útgjaldaaukningarinnar.

	Fjárlög 1978 m. kr.	Frumvarp 1979 m. kr.	Hækkun m. kr.	Hækkun %
Rekstrarliðir og rekstrartilfærslur:				
Laun	43 224	54 186	10 962	25,3
Önnur rekstrargjöld	9 243	14 147	4 904	53,0
Viðhald	4 023	5 298	1 275	31,6
Vextir	3 394	6 946	3 552	104,6
Almannatryggingar	33 885	48 003	14 118	41,6
Niðurgreiðslur	6 831	18 037	11 206	164,0
Útflutninguppbætur	2 963	5 337	2 374	80,1
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur	9 473	13 749	4 276	45,1
Samtals	113 036	165 703	52 667	46,5
Frá dregst: Sértekjur	2 768	3 986	1 218	43,9
Mismunur	110 268	161 717	51 449	46,6
Framkvæmdaframlög:				
Hreinar ríkisframkvæmdir	9 086	11 356	2 270	25,0
Framkv. kostaðar af fleiri aðilum	6 358	7 122	764	12,0
Fjárfestingarstyrkir til sveitarfélaga	755	1 252	497	65,8
Fjárfestingarstyrkir til einstaklinga og samtaka	326	259	÷67	÷20,6
Framlög til fjárfestingarsjóða	9 263	11 650	2 387	25,8
Framlög til lánagreiðslna	2 417	5 130	2 713	112,2
Samtals	28 205	36 769	8 564	30,4
Heildarútgjöld í A-hluta	138 473	198 486	60 013	43,3

Laun. Laun hækka í heild um 10 962 m.kr. eða 25,3% og nema alls 54 186 m.kr. Laun ársins 1979 eru miðuð við launataxta eins og þeir eru taldir verða í desember 1978 en auk þess er tillit tekið til sérstakra aðgerða til að draga úr yfirvinnu og álagsgreiðslum á árinu 1979. Að þessu er vikið síðar. Launaáætlun ársins 1978 fól í sér samningsbundnar launahækkanir og spá um verðbótavísitölu til ársloka 1978. Umsamdar grunnlaunahækkanir voru 3% 1. júní og aftur 1. september 1978 en spá um hækkun verðbótavísitölu var þessi: 5,5% 1. mars, 5,5% 1. júní, 4,0% 1. september og 3,5% 1. desember. Það sem af er árinu 1978 víkja launahækkanir í reynd nokkuð frá launaforsendum fjárlaga þess árs. Þannig hækkaði verðbótavísitala launa um 10,64% 1. mars 1978 en í samræmi við lög nr. 3/1978, um ráðstafanir í efnahagsmálum, voru verðbætur greiddar sem nemur hálfri vísitöluhækkun eða 5,32%, að viðbættum verðbótaviðauka, en áhrif hans voru hverfandi. Þann 1. júní hækkuðu laun ríkisstarfsmanna almennt um sem svarar 12,4%, þ. e. 3,0% grunnlaunahækkun (samsvarar 5000 kr. hækkun samkvæmt samningi ASÍ), 6,4% hækkun vegna hálfrar verðbótavísitölu, og vegna áhrifa verðbótaviðauka sem er talinn jafngilda 2,8% launahækkun ríkisstarfsmanna í heild, sbr. bráðabirgðalög nr. 63/1978 um breytingu á lögum nr. 3/1978. Þá er áætlunin miðuð við að laun ríkisstarfsmanna hafi hækkað um 10,8% 1. september s. l., þar af 3% vegna grunnkaupshækkana (samsvarar 4000 kr. hækkun samkvæmt samningi ASÍ) og 7,8% vegna gildistöku bráðabirgðalaga nr. 96/1978 um kjaramál. Loks er miðað við að laun hækki um 7,5% vegna hækkunar verðbótavísitölu 1. desember n. k. og er ekki áætlað fyrir frekari launabreytingum. Heildartaxtahækkun frá ársbyrjun 1978 til ársloka er því um 41,0%. Taxtahækkun frá fjárlögum 1978, eins og laun standa á einstökum stofnunum, er hins vegar nokkru meiri eða 67,5% og skýrist þessi mismunur af tvennu. Annars vegar af launahækkunum á síðasta ársfjórðungi 1977 til áramóta um 17,3% og hins vegar af flokkaskriði ríkisstarfsmanna sem var metið um 1,3% í ársbyrjun 1978.

Með sérstökum aðgerðum verður leitast við að lækka yfirvinnu og álagsgreiðslur á ríkisspítölum um 270 m.kr. og hjá löggæslunni um 125 m.kr. Þá er stefnt að lækkun launagjalda í grunnskólum um 150 m.kr. með því að skerða reglugerðarheimildir um hámarksfjölda kennslustunda á nemanda á viku. Samtals nemur lækkun þessi því 545 m.kr. Að öðru leyti vísast til greinargerðarinnar hér á eftir.

Athygli er vakin á að áhrif bráðabirgðalaga nr. 96/1978 um kjaramál og laga sama efnis fyrr á árinu valda því að launahækkanir eru allbreytilegar eftir launaflokkum og tegund launa. Launþegar í lægri flokkum hafa hlutfallslega fengið meiri hækkun en launþegar í hærri flokkum vegna ákvæða um greiðslu verðbótaviðauka. Þá hækkuðu laun vegna yfirvinnu og álagsgreiðslna hlutfallslega meira með bráðabirgðalögunum frá því í september en nemur hækkun fastra launa. Þess skal loks getið að nokkur hópur ríkisstarfsmanna, t. d. löggæslumenn og hjúkrunarfræðingar, hafa fengið flokkahækkanir á árinu. Af því sem að ofan segir leiðir að launaútgjöld einstakra stofnana geta vikið frá þeim almennu launaforsendum sem tilgreindar eru hér að framan. Að svo miklu leyti sem leiðrétting á launalið stofnana vegna þessa hefur ekki farið fram, verður gerð nákvæmari leiðrétting á launum síðar og kemur til framkvæmda við verðbótagreiðslur á laun á árinu 1979.

Önnur rekstrargjöld. Þessi gjaldaliður hækkar um 4 904 m.kr. eða 53,0%. Meðalhækkun verðlags sem á við þennan útgjaldalið er talin 54,0%. Er þar annars vegar að verki 40,0% verðlagshækkun vöru og þjónustu og hins vegar áætluð 10,0% áhrif gengisbreytingarinnar í september á rekstrargjöld.

Viðhald. Hækkun viðhaldsliðar er 1 275 m.kr. eða 31,6%. Vísitöluhækkun byggingarkostnaðar á tímabilinu maí 1977 — maí 1978 var 42,2% og áætluð áhrif gengis- og verðlagsbreytinga í september eru 8,8%. Verðlagshækkun samtals er því um 51,0% en útgjöld vegna viðhalds hækka um 31,6%. Þar af leiðir um 12,8% magnminnkun.

Af heildarviðhaldi nemur vegaviðhald um 70%. Vegaviðhald hækkar um 700 m.kr. eða 23,1% og verður alls 3 700 m.kr.

Vextir. Vaxtakostnaður eykst um 3 552 m.kr. sem er 104,0% hækkun. Þessi hækkun á rætur að rekja til tveggja meginorsaka. Í fyrsta lagi er reiknað með að nettóskuld ríkissjóðs aukist vegna áætlaðs halla á ríkissjóði í árslok 1978. Í öðru lagi valda gengisbreytingar á árinu 1978, þ. e. í febrúar og september, og hækkun verðbótavísitölu verulegri hækkun á vöxtum og afborgunum af lánum. Að lánamálum ríkissjóðs er vikið síðar í greinargerðinni.

Almannatryggingar. Framlög til almannatrygginga hækka um 14 118 m.kr. eða 41,7%. Hér er reiknað með hækkunum bóta lífeyristrygginga í samræmi við hækkun launakostnaðar í desember. Þá er áætlað fyrir 7,5% hækkun vistgjalda sjúkrahúsa og hæla af sömu ástæðu og gildir um lífeyristryggingar. Útgjöld ríkissjóðs vegna sjúkratrygginga aukast alls um 61,7% og er það verulega umfram eðlilega hækkun launa og verðlags. Nokkurrar vanáætlunar gætti á ýmsum liðum sjúkratrygginganna í fjárlögum 1978. Leiðréttist það í frumvarpinu og skýrir jafnframt mikla aukningu útgjalda. Að öðru leyti vísast til athugasemda um einstaka liði almannatrygginga síðar í þessari greinargerð.

Niðurgreiðslur. Á þessum útgjaldalið verður 11 206 m.kr. hækkun eða 164,0%. Eru niðurgreiðslur áætlaðar samkvæmt því niðurgreiðslustigi sem gildir í október auk hækkunar niðurgreiðslna í desember n. k. að frádreginni lækkun á árinu 1979 sem nemur 2 800 m.kr.

Útflutningsuppbætur. Áætlaðar uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækka um 2 374 m.kr. eða 80,1%. Bætur vegna framleiðslu ársins eru áætlaðar 4 500 m.kr., eftirstöðvar af verðjöfnunargjaldi bænda eru 300 m.kr. og 537 m.kr. eru áætlaðar til greiðslu vegna uppgjörs 1978. Heildaráætlunin á þessum lið er þannig 5 337 m.kr.

Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur. Þessi þáttur útgjalda hækkar um 4 276 m.kr. eða 45,1% sem er nálægt eðlilegri launa- og verðlagshækkun. Í þessum þætti eru nokkrar stofnanir í B-hluta sem háðar eru fjárveitingum og þar sem launakostnaður og rekstrargjöld eru þung á metunum.

Framkvæmdaframlög. Framkvæmdaframlög í A-hluta hækka í heild um 8 564 m.kr. og er það 30,4% hækkun frá fjárlögum. Hækkun framlaga til hreinna ríkisframkvæmda er alls 2 270 m.kr. eða 25,0%, þar af eru 1 715 m.kr. vegna vegagerðar eða 37,0% og 158 m.kr. vegna byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Hækkun framlaga til annarra ríkisframkvæmda er því 397 m.kr. Framkvæmdir kostaðar af fleiri aðilum aukast um 764 m.kr. eða 12,0%, þar af nemur hækkun framlaga til byggingar grunnskóla og dagheimila 300 m.kr. Samtals hækka því framlög til verklegra framkvæmda um 3 034 m.kr. eða 19,6%. Er það nokkuð undir hækkun byggingarvísitölu frá gerð síðustu fjárlaga og felur þar af leiðandi í sér að dregið er úr verklegum framkvæmdum. Er þetta í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar eins og fram kemur fyrr í athugasemdum við lagafrumvarp þetta. Á liðnum fjárfestingarstyrkir til sveitarfélaga verður hlutfallslega mikil hækkun eða 65.8% og munar þar mestu um framlög til vegamála, þ. e. til vega í kaupstöðum og kauptúnum er hækka um 70,6%. Önnur framlög í þessum flokki lækka um 4,1%. Framlög til fjárfestingarsjóða hækka um 2 387 m.kr. eða 25,8% og er þá fylgt þeirri stefnu að framlög til allra veigamestu fjárfestingarsjóðanna verði skert um 10%. Helstu hækkunarliðirnir eru þessir: Fiskveiðasjóður 58,8%, Byggingarsjóður ríkisins 28.2%, Stofnlánadeild landbúnaðarins 31,1% og Byggðasjóður 18,2% en allir hafa þessir sjóðir markaða tekjustofna eða lögbundin framlög úr ríkissjóði. Til frekari skýringa á framlögum til einstakra sjóða vísast til greinargerðar um einstaka liði. Framlög til lánagreiðslna hækka um 2 713 m.kr. eða 112,2% og skýrist sú hækkun í veigamestu atriðum af tvennu. Annars vegar er Orkusjóði falið að annast greiðslur afborgana og vaxta af Kröflulánum

2 080 m.kr., sem fjármagnað er með fjárveitingu í fjárlögum, og hins vegar hafa erlendar lánagreiðslur hækkað verulega vegna mikilla gengisbreytinga frá fjárlögum 1978.

Ráðuneyti og málefnaflokkar

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum gjaldaliða frá fjárlögum 1978 innan hvers ráðuneytis og málefnaflokks. Einnig verður sérstaklega fjallað um breytingar markaðra tekjustofna. Hér er fyrst og fremst um yfirlitshluta að ræða en í síðasta hluta athugasemdanna er fjallað um einstaka fjárlagaliði á nákvæmari hátt, eftir því sem tilefni gefst.

00 **Æðsta stjórn ríkisins.** Framlag í þessum flokki hækkar um 577,5 m.kr. Mest verður hækkunin á Alþingi eða 474,5 m.kr. Embætti forseta Íslands hækkar um 24 m.kr., ríkisstjórn hækkar um 51,8 m.kr. og Hæstiréttur um 26,7 m.kr. Samtals er hækkun í þessum málaflokki 62,2% frá fjárlögum 1978.

01 **Forsætisráðuneytið.** Málefnaflokkar forsætisráðuneytisins hækka frá fjárlögum 1978 sem hér segir í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1978	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	72,8	–
Annað	453,4	65,0
Samtals	526,2	65,0

Yfirstjórn. Hækkunin á þessum lið skýrist m. a. af því að gert er ráð fyrir launum og rekstrarkostnaði blaðafulltrúa fyrir ríkisstjórnina og ritara hans, samtals 11,8 m.kr. Þá hækkar framlag til Hrafnseyrarnefndar um 3,0 m.kr. Ennfremur hækkar viðhald umfram eðlilegar verðlagshækkanir en gert er ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til að mála Stjórnarráðshúsið. Aðrar hækkanir á yfirstjórn eiga rót sína að rekja til eðlilegra launa- og verðlagshækkana.

Annað. Framlög í þessum flokki hækka samtals um 453,4 m.kr., þar af framlag til Byggðasjóðs um 379 m.kr. (af því er álgjald 65 m.kr.). Kostnaður við Þjóðhagsstofnun hækkar um 30,1 m.kr. og framlag til Húsameistara ríkisins hækkar um 36,2 m.kr. sem er 99,0% hækkun frá fjárlögum 1978. Ástæður þessarar hækkunar eru þær að í tillögugerð stofnunarinnar við fjárlagagerð 1978 féllu stöður fulltrúa, deildararkitekts og tækniteiknara niður. Þó er hækkun framlags til Þjóðgarðsins á Þingvöllum 8,1 m.kr. hærri en í fjárlögum 1978.

02 **Menntamálaráðuneytið.** Eftirfarandi hækkanir verða á málefnaflokkum ráðuneytisins í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1978	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	150,2	–
Fræðslumál	10 922,4	35,2
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	525,8	36,0
Samtals	11 598,4	71,2

Yfirstjórn. Hækkunin sem verður á þessum flokki, 150,2 m.kr., er 12,4 m.kr. umfram eðlilegar launahækkanir. Hún er tilkomin vegna þess að tekið var mið af reikningstölum ársins 1977 við ákvörðun launaliðar.

Fræðslumál. Þessi liður hækkar um 10 922,4 m.kr. sem skiptist þannig: Vegna Háskólans 1 185,6 m.kr., vegna mennta- og fjölbrautaskóla 1 513,9 m.kr., vegna héraðsskóla 209,9 m.kr., vegna iðnskóla 490,8 m.kr., vegna grunnskóla 4 474,6 m.kr., vegna ýmissa sérskóla 1 146,7 m.kr., vegna tónlistarfræðslu 181,9 m.kr. Framlag til lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkar um 826,7 m.kr. og á öðrum fjárlagaliðum innan þessa málaflokks verður hækkun um 892,3 m.kr. Einkaleyfisgjald happdrættis háskólans hækkar um 35,2 m.kr. og er það markaður tekjustofn sem rennur til byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna.

Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi. Hækkunin á þessum málefnaflokki nemur samtals 525,8 m.kr. sem skiptist þannig niður á helstu liði: Framlag til Þjóðleikhússins hækkar um 225,3 m.kr., vegna Sinfóníuhljómsveitarinnar 58,2 m.kr., vegna Landsbókasafns 46,0 m.kr. og vegna Þjóðminjasafns 46,7 m.kr. Þá hækkar liðurinn „Listir, framlög" um 74,8 m.kr. og ýmsir smærri liðir hækka um 74,8 m.kr. Hækkun markaðra tekjustofna nemur 36 m.kr. og skiptist hækkunin þannig: Miðagjald til Menningarsjóðs hækkar um 1,0 m.kr., skemmtanaskattur hækkar um 35 m.kr. en hlutur íþróttasjóðs af vindlingagjaldi er óbreyttur frá fjárlögum 1978 eða 14,6 m.kr.

03 **Utanríkisráðuneytið.** Framlög til málefnaflokka utanríkisráðuneytisins hækka sem hér segir í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1978
Yfirstjórn	119,5
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	204,5
Sendiráð	383,8
Alþjóðastofnanir	74,3
Samtals	782,1

Yfirstjórn. Af 119,5 m.kr. hækkun í þessum málefnaflokki eru 11,8 m.kr. vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum, vegna upplýsinga- og kynningarstarfsemi 5,2 m.kr. og hækkun vegna markaðsmála er 6,1 m.kr. Þá lækkar kostnaður vegna samninga við erlend ríki um 4,9 m.kr. Aðrar hækkanir skýrast að öðru leyti af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

Löggæsla á Keflavíkurflugvelli. Hækkun á launalið umfram eðlilegar launahækkanir er um 18,7 m.kr. Er það vegna meira launaflokkaskriðs hjá löggæslumönnum en öðrum starfsmönnum og ennfremur vegna þess að nú er gert ráð fyrir samningsbundnum álagsgreiðslum sem ekki voru með í fjárlögum 1978. Að öðru leyti skýrist hækkunin af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

Sendiráðin. Hækkun framlaga til þessa málaflokks er 383,8 m.kr. sem í meginatriðum skýrist þannig: Launaliður hækkar um 201,9 m.kr. og stafar því nær eingöngu af gengisbreytingum. Önnur rekstrargjöld hækka um 158,2 m.kr. og er það sömuleiðis að mestu leyti vegna gengisbreytinga en vegna óvissuþátta var hluti upphæðarinnar, 39,0 m.kr., færður á liðinn sendiráð almennt. Viðhald hækkar um 10,5 m.kr. og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 13,2 m.kr. Þessar hækkanir eru nær eingöngu vegna áhrifa gengisbreytinga íslensku krónunnar.

Alþjóðastofnanir. Hækkun framlaga til alþjóðastofnana hækkar um 74,3 m.kr. Ný framlög eru til Neyðarhjálparstofnunar S.þ. 260 þús. kr., til Kvennaáratugarsjóðs S.þ. 520 þús. kr. og til alþjóðaárs barnsins 650 þús. kr. Flest öll framlögin eru bundin í samningum og er samningsupphæðin ákveðin í bandaríkskum dölum, þannig að hækkunin á þessum málaflokki er nær eingöngu vegna áhrifa gengisbreytinga.

04 **Landbúnaðarráðuneytið.** Málefnaflokkar á sviði þessa ráðuneytis breytast þannig í m.kr.

	Breyting frá fjárlögum 1978
Yfirstjórn	35,8
Búnaðarmál	3 564,2
Skólar	149,6
Samtals	3 749,6

Yfirstjórn. Kostnaðarhækkunin 35,8 m.kr. kemur þannig fram að 37,0 m.kr. koma á aðalskrifstofu ráðuneytisins, þar af 7,5 m.kr. til nýs verkefnis, til athugunar á skipulagsmálum og stefnumörkunar í landbúnaði. Framlag til Jarðasjóðs lækkar um 1,2 m.kr.

Búnaðarmál. Þessi málefnaflokkur hækkar um 3 564,2 m.kr. og munar þar mest um útflutningsuppbætur 2 374,0 m.kr., jarðræktarframlög 233,3 m.kr. og verðuppbót á landgræðsluáætlun 210,9 m.kr. Að öðru leyti verður mest hækkun á eftirtöldum liðum: Stofnlánadeild landbúnaðarins 152,8 m.kr., Rannsóknastofnun landbúnaðarins 148,4 m.kr., Búnaðarfélagi Íslands 111,9 m.kr., til framræslu 85,0 m.kr., Skógrækt ríkisins án verðbóta á landgræðsluáætlun 64,9 m.kr., til búfjárræktar 61,7 m.kr., embætti yfirdýralæknis 57,0 m.kr. og Landgræðslu ríkisins án verðbóta á landgræðsluáætlun 53,3 m.kr. Aðrir liðir hækka nettó um 11,0 m.kr. og hefur þá verið tekið tillit til þess að felldar eru niður fjárveitingar til grasköggla verksmiðja 47,8 m.kr. og laxastiga í Laxá 40,0 m.kr. Hluti Landgræðslusjóðs af vindlingagjaldi, sem er markaður tekjustofn, er óbreyttur frá fjárlögum 1978 eða 19,4 m.kr.

Skólar. Kostnaður við bændaskólana og garðyrkjuskólann hækkar um 149,6 m.kr. og skiptist hækkunin þannig: Hvanneyri 76,9 m.kr., Hólar 28,1 m.kr. og Garðyrkjuskólinn að Reykjum 44,6 m.kr.

05 **Sjávarútvegsráðuneytið.** Fjárveitingar til málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast sem hér segir í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1978	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	41,5	–
Útvegsmál	1 603,6	70,0
Annað	48,3	–
Samtals	1 693,4	70,0

Útvegsmál. Framlög til þessa málefnaflokks hækka um 1 603,6 m.kr. og eru þessar hækkanir helstar: Hafrannsóknastofnun 514,3 m.kr., Fiskveiðasjóður 472,5 m.kr., Aflatryggingasjóður 205,8 m.kr. Framleiðslueftirlit sjávarafurða 184,3 m.kr., Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 81,1 m.kr., byggingarsjóður hafrannsóknaskips 42,0 m.kr., veiðieftirlit 26,3 m.kr., verðbætur á línufisk 20,0 m.kr. og aðrir liðir hækka nettó um 57,3 m.kr. Þá hækkar hluti útflutningsgjalds um 70,0 m.kr. en það er markaður tekjustofn sem rennur til byggingarsjóðs hafrannsóknaskips, byggingar rannsóknastofnana sjávarútvegsins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða.

Annað. Hér er um að ræða hækkun á framlagi til skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Meginbreytingar á málefnaflokkum þessa ráðuneytis eru eftirfarandi í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1978
Yfirstjórn	61,7
Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	3 620,3
Þjóðkirkjan	323,1
Samtals	4 005,1

Dómsmál, lögreglumál o. fl. Þessi málefnaflokkur hækkar um 3 620,3 m.kr. og koma helstu hækkanir á eftirtalda liði: Sýslumenn og bæjarfógetar 1 154,4 m.kr., landhelgisgæsla 837,3 m.kr., lögreglustjórinn í Reykjavík 750,2 m.kr., bifreiðaeftirlit 148,4 m.kr., rannsóknarlögregla ríkisins 145,5 m.kr., vinnuhælið á Litla-Hrauni 112,0 m.kr. og aðrir liðir samtals 472,5 m.kr.

Þjóðkirkjan. Framlög til þessa málefnaflokks hækka um 323,1 m.kr. Þar af koma á þjóðkirkjuna sjálfa 309,9 m.kr., til kristnisjóðs 14,7 m.kr. og fjárveiting til kirkjubyggingarsjóðs lækkar um 1,5 m. kr.

07 Félagsmálaráðuneytið. Framlög til málefnaflokka á sviði félagsmálaráðuneytisins breytast þannig í m.kr.

	Breyting frá fjárlögum 1978	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	31,3	-
Húsnæðismál	1 348,7	1 353,5
Önnur félagsmál	271,4	÷53,9
Samtals	1 651,4	1 299,6

Húsnæðismál. Breytingar á liðum þessa málefnaflokks eru þær að framlag til Húsnæðismálastofnunar ríkisins hækkar um 1 351,7 m.kr. en framlag til byggingarsjóðs verkamanna lækkar um 3,0 m.kr. Sú breyting verður á mörkuðum tekjum, sem renna til húsnæðismála, að launaskattshluti byggingarsjóðs ríkisins hækkar um 1 237,0 m.kr. og byggingarsjóðsgjöld af tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum hækka um 116,5 m.kr.

Önnur félagsmál. Hækkun nemur samtals 271,4 m.kr. og er mest breyting á eftirtöldum liðum: Embætti ríkissáttasemjara 24,9 m.kr. er nýr liður en á móti fellur niður fjárveiting til sáttanefnda í vinnudeilum 9,7 m.kr. Fjárveiting til skipulagsstjóra hækkar um 58.0 m.kr., til erfðafjársjóðs hækkar um 54,0 m.kr., til lánasjóðs sveitarfélaga hækkar um 39,6 m.kr, til vatnsveitna hækkar um 15,0 m.kr., til bjargráðasjóðs hækkar um 12,1 m.kr. og meðlög samkvæmt lögum nr. 87/1947 hækka um 35,0 m.kr., til stuðnings við samtök vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi 7,6 m.kr. er nýr liður, vegna tjóns af náttúruhamförum í N-Þingeyjarsýslu 8,5 m.kr. er einnig nýr liður. Aðrir liðir hækka samtals um 26,4 m.kr. Markaðir tekjustofnar lækka um 53,9 m.kr. Hluti af vörugjaldi til Styrktarsjóðs vangefinna, 150,0 m.kr. í fjárlögum 1978, fellur niður þar sem lögin sem það byggist á falla úr gildi við næstu áramót verði þau eigi framlengd. Fjárveiting samkvæmt þessu frumvarpi, 150,0 m.kr., er því bein fjárveiting úr ríkissjóði. Á móti hækkar

skipulagsgjald um 42,0 m.kr., erfðafjárskattur um 54,0 m.kr. og hluti af gjaldi af seldum eldspýtum til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra hækkar um 0,1 m.kr.

08 **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.** Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast sem hér segir í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1978	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	44,9	–
Tryggingamál	15 592,3	3 681,8
Heilbrigðismál	5 914,4	15,5
Annað	24,9	–
Samtals	21 576,5	3 697,3

Tryggingamál. Á þessum málefnaflokki kemur fram 15 592,3 m.kr. hækkun, þar af 14 118,2 m.kr. til almannatrygginga, þ. e. slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga. Þar af eru markaðir tekjustofnar lífeyristryggingaiðgjald atvinnurekenda 743,0 m.kr. og slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda 647,4 m.kr. Sjúkratryggingagjald hækkar um 1 800,0 m.kr. Heildarframlag til atvinnuleysistryggingasjóðs nemur 1 474,1 m.kr., þar af atvinnuleysistryggingaiðgjald atvinnurekenda 491,4 m.kr.

Heilbrigðismál. Framlög til þessa málaflokks hækka um 5 914,4 m.kr. Helstu liðir sem hækka eru þessir: Ríkisspítalar 4 762,8 m.kr., til sjúkrahúsa og læknisbústaða 505,4 m.kr., héraðslækna og heilsugæslustöðva 357,6 m.kr. og aðrir liðir hækka um 288,6 m.kr. Markaðar tekjur til minningarsjóðs Landspítalans af samúðarskeytum Landssímans hækka um 15,5 m.kr.

09 **Fjármálaráðuneytið.** Málefnaflokkar á vegum þessa ráðuneytis breytast sem hér segir í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1978	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	188,2	–
Toll- og skattheimta	816,5	–
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	1 702,0	–
Önnur mál	÷11 412,3	20,0
	÷8 705,6	20,0

Yfirstjórn. Kostnaðarhækkunin 188,2 m.kr. skiptist þannig að 103,5 m.kr. koma á aðalskrifstofu ráðuneytis, 17,5 m.kr. á ríkisfjárhirslu og 67,2 m.kr. á ríkisbókhald.

Toll- og skattheimta. Liðir þessa málefnaflokks hækka um 816,5 m.kr., þar af skattstofur og embætti ríkisskattstjóra um 481,5 m.kr., tollgæsla um 161,2 m.kr., embætti tollstjórans í Reykjavík um 127,0 m.kr. og aðrir liðir samtals 46,8 m.kr.

Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun. Af heildarupphæðinni 1 702,0 m.kr. eru 1 694,1 m.kr. vegna uppbóta á lífeyri en 7,9 m.kr. vegna eftirlauna samkvæmt launalögum.

Önnur mál. Framlög í þessum málefnaflokki lækka um 11 412,3 m.kr. en í fjárlögum 1978 var sérstakur liður vegna launa- og verðlagsmála 11 414,0 m.kr. Þessi liður fellur nú niður og er hækkun annarra liða því 1,7 m.kr. Þeir liðir sem hækka

eru þessir: Tekinn er upp nýr liður, til að bæta framkvæmd skattalaga og skatteftirlit 75,0 m.kr., framlag til Ríkisábyrgðasjóðs hækkar um 94,0 m.kr., kostnaður við Fasteignamat ríkisins hækkar um 73,7 m.kr., skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna hækkar um 63,4 m.kr. og aðrir liðir um 35,6 m.kr. Óviss útgjöld lækka um 340,0 m.kr. Markaður tekjustofn til Ríkisábyrgðasjóðs, áhættufé af ríkisábyrgðum, hækkar um 20,0 m.kr.

10 **Samgönguráðuneytið.** Breytingar á málefnaflokkum samgönguráðuneytisins eru þessar í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1978	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	29,8	–
Vegamál	2 995,0	3 840,0
Önnur samgöngumál	1 194,6	9,5
Samtals	4 219,4	3 849,5

Vegamál. Heildarhækkun framlaga til vegamála frá fjárlögum 1978 er 2 995,0 m.kr. Markaðir tekjustofnar hækka um 3 840,0 m.kr. (innflutningsgjald af bensíni 3 023,0 m.kr., bifreiðaskattur 800,0 m.kr. og gúmmígjald 17,0 m.kr.), lántökur 460 m.kr. en ríkissjóðsframlag fellur niður, var 1 305 m.kr. í fjárlögum 1978.

Önnur samgöngumál. Heildarhækkun framlaga til þessa málefnaflokks er 1 194,6 m.kr. og eru eftirtaldir liðir þyngstir á metunum: Flugmálastjórn 518,6 m.kr., strandferðir 248,5 m.kr., Veðurstofa Íslands 193,4 m.kr., vitamál 85,2 m.kr., Siglingamálastofnun ríkisins 69,8 m.kr., Vita- og hafnamálastofnun, aðalskrifstofa 51,2 m.kr. og nettóhækkun annarra liða er 27,9 m.kr. Sú breyting verður á mörkuðum tekjustofnum að sérleyfisgjald hækkar um 5,0 m.kr., skipaskoðunargjald um 3,0 m.kr. og vitagjald um 1,5 m.kr.

11 **Iðnaðarráðuneytið.** Framlög á sviði þessa ráðuneytis hækka sem hér segir í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1978	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	30,6	–
Iðnaðarmál	270,3	141,0
Orkumál	3 146,0	391,5
Samtals	3 446,9	532,5

Iðnaðarmál. Í þessum málefnaflokki verður 270,3 m.kr. hækkun og kemur hún þannig fram: Iðnþróunarstofnun Íslands og Rannsóknastofnun iðnaðarins hafa verið sameinaðar í nýja stofnun, Iðntæknistofnun Íslands, og eru framlög til hennar hækkuð um 104,5 m.kr. Framlög til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins hækka um 66,0 m.kr., til Iðnlánasjóðs um 20,0 m.kr og liðurinn iðja og iðnaður hækkar um 65,3 m.kr. Undir þeim lið er nýtt viðfangsefni, til iðnþróunar, og er veitt til þess 76,0 m.kr. en fjárveiting til iðnkynningar 6,5 m.kr. fellur niður og framlag til norræna iðnaðarsjóðsins 4,2 m.kr. telst nú með fjárveitingu til skrifstofu Ráðherranefndar Norðurlanda undir aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins. Aðrir liðir hækka um 14,5 m.kr. Markaðar tekjur hækka um 141,0 m.kr., byggingariðnaðarsjóðsgjald

hækkar um 17,0 m.kr. og jöfnunargjald, sem kemur í stað iðnaðargjalds, gefur 124,0 m.kr. hækkun (verður 167,0 m.kr. og renna 91,0 m.kr. til Iðntæknistofnunar Íslands en 76,0 m.kr. til iðnþróunar).

Orkumál. Framlög til orkumála hækka um 3 146,0 m.kr. og skiptist hækkunin þannig: Orkusjóður 2 670,0 m.kr., Orkustofnun 419,5 m.kr. og Rafmagnseftirlit ríkisins 56,5 m.kr. Markaðir tekjustofnar hækka um 391,5 m.kr., þ. e. verðjöfnunargjald af seldri raforku 335,0 m.kr. og rafmagnseftirlitsgjald 56,5 m.kr.

12 **Viðskiptaráðuneytið.** Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis í m.kr.:

	Breyting frá fjárlögum 1978
Yfirstjórn	40,9
Niðurgreiðslur	11 206,0
Annað	÷102,7
Samtals	11 144,2

Niðurgreiðslur. Framlög í þessum flokki hækka um 11 206,0 m.kr. Þar af eru beinar niðurgreiðslur 10 911,0 m.kr. og framlag í lífeyrissjóð bænda 295,0 m.kr.

Annað. Styrkir vegna olíunotkunar til húshitunar lækka um 176,0 m.kr., kostnaður við Verðlagsstofnun hækkar um 65,6 m.kr. og tekinn er upp nýr liður, skráning hlutafélaga 7,7 m.kr., þannig að nettólækkun á fjárveitingum til þessa málaflokks nemur 102,7 m.kr.

13 **Hagstofa Íslands.** Framlag hækkar um 65,0 m.kr., þar af 45,8 m.kr. til aðalskrifstofu en 19,2 m.kr. til þjóðskrárinnar.

14 **Ríkisendurskoðun.** Fjárveiting hækkar um 91,6 m.kr.

15 **Fjárhags- og hagsýslustofnun.** Hækkun fjárlagaliða frá fjárlögum 1978 er samtals 3 591,2 m.kr. Þar af 35,9 m.kr. til aðalskrifstofu, 3 550,3 m.kr. í vexti af lánum ríkissjóðs og 5,0 m.kr. framlag til endurnýjunar ríkisbifreiða.

Tekjuhlið

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1979 er gerð í Þjóðhagsstofnun og er að venju reist annars vegar á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á líðandi ári og hins vegar á ákveðnum þjóðhagsforsendum fyrir árið 1979 sem raktar eru hér að framan.

Innheimtar tekjur 1979 eru áætlaðar samtals 206 700 m.kr. samanborið við 154 200 m.kr. í endurskoðaðri áætlun 1978 og 139 500 m.kr. í fjárlögum ársins 1978. Hér er því gert ráð fyrir að tekjur aukist um 52 500 m.kr. eða um 34% en frá fjárlögum nemur aukningin 67 200 m.kr. eða rösklega 48%.

	Fjárlög 1978 m. kr.	Áætlun 1978 m. kr.	Fjárlagafrumvarp 1979 m. kr.
Almennar tekjur	118 738	133 071	175 654
Markaðar tekjur	20 758	21 094	31 054
Heildartekjur	139 496	154 165	206 708

Iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga nema í heild 6 123 m.kr. og er það 1 882 m.kr. eða 44% meira en á fjárlögum 1978.

Eignarskattar. Samkvæmt skattskrá nam álagður eignarskattur einstaklinga á þessu ári 905 m.kr. og eignarskattur félaga 923 m.kr. eða samtals 1 828 m.kr. samanborið við 1 349 m.kr. 1977. Innheimtur eignarskattur einstaklinga á þessu ári er áætlaður 814 m.kr. og eignarskattur félaga 817 m.kr. eða samtals 1 631 m.kr. en á fjárlögum var reiknað með að innheimtan næmi 1 919 m.kr. Ástæðan fyrir þessu virðist sú að eignastofn hafi hækkað minna en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga og minna en nam þeirri hækkun skattfrjálsrar eignar sem ákveðin var með lögum nr. 63/1977 í tengslum við hækkun fasteignamats. Álagður eignarskattur einstaklinga á þessu ári er um 36% hærri en 1977 en gjaldendur eru nú 15 300 eða 5½% fleiri en í fyrra. Að frátalinni fjölgun gjaldenda hefur skatturinn því hækkað um 29%. Álagður eignarskattur félaga hefur aukist svipað eða um 35% í heild.

Í áætlun fyrir árið 1979 er reiknað með hækkun fasteignamats í samræmi við 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna og er hækkun talin verða 40—45% en niðurstöður um breytingu fasteignamatsins lágu ekki fyrir við gerð þessarar áætlunar. Jafnframt er gert ráð fyrir að í tengslum við breytingu fasteignamatsins verði skattstiga eignarskatts breytt þannig að skattfrjáls eign hækki um svipað hlutfall og fasteignamatið. Þessar breytingar ásamt annarri aukningu skattskyldrar eignar er talin fela í sér um 40% hækkun álagðs eignarskatts einstaklinga. Aukning álagðs eignarskatts félaga er talin verða minni eða um 30%. Á þessum forsendum er álagður eignarskattur einstaklinga áætlaður um 1 270 m.kr. en eignarskattur félaga um 1 180 m.kr. Miðað við þá álagningu og innheimtureynslu ársins í ár og í fyrra er heildarinnheimta eignarskatts áætluð 2 189 m.kr. 1979 en byggingarsjóðsgjald af eignarskatti um 22 m.kr.

Með bráðabirgðalögum nr. 96/1978 var lagður á eignarskattsauki er nam 50% af eignarskatti einstaklinga og 100% af eignarskatti félaga. Nam álagning 449 og 922 m.kr. eða samtals 1 371 m.kr. Eins og getið var í almennum athugasemdum frumvarpsins hér að framan þarf að afla ríkissjóði tekna á næsta ari til þess að mæta auknum útgjöldum vegna niðurfærsluráðstafananna í september. Ekki hefur verið endanlega ákveðið hvernig þessari tekjuöflun verður hagað en hér verður reiknað með áframhaldi svipaðrar skattlagningar og samkvæmt bráðabirgðalögunum í september. Þetta er þó með þeim fyrirvara að því kunni að verða breytt við endanlega afgreiðslu frumvarpsins.

Að teknu tilliti til eignarskattsauka má gera ráð fyrir að álagður eignarskattur einstaklinga verði um 1 900 m.kr. og eignarskattur félaga um 2 380 m.kr. Innheimtur eignarskattur einstaklinga yrði þá um 1 780 m.kr. og eignarskattur félaga tæplega 2 300 m.kr.

Tekjuskattar. Álagður tekjuskattur einstaklinga 1978, þ. e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu útsvars hefur verið dreginn frá, er um 21 800 m.kr. Barnabætur eru um 5 600 m.kr. og afsláttur til greiðslu útsvars nemur röskum 1 000 m.kr. og því nemur nettó-álagning tekjuskatts einstaklinga um 15 100 m.kr. Að meðtöldum eftirstöðvum fyrri ára og að frátöldum barnabótum og greiðslu upp í útsvar er áætlað að innheimtur tekjuskattur einstaklinga nemi 12 700 m.kr. 1978 að meðtöldu byggingarsjóðsgjaldi. Þetta er 600 m.kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun og er ástæðan sú að tekjur einstaklinga jukust talsvert meira á sl. ári en reiknað var með við gerð fjárlaga eða um 48—49% í stað 43%. Til viðbótar tekjuskattsinnheimtu kemur síðan innheimta sérstaks hátekjuskatts og skatts á atvinnurekstur samkvæmt ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 96/1978. Samtals gæti hluti einstaklinga í þessari skattheimtu numið um 350 m.kr. í innheimtum skatti í ár þannig að tekjuskattur einstaklinga verður samtals rúmlega 13 000 m.kr.

Áætlunin um tekjuskatt einstaklinga á árinu 1979 er einkum reist á mati á breytingum kauptaxta í ár. Auk þess hefur verið litið til þess sem vitað er um breytingar

annarra tekna, svo sem tekna sjómanna, ýmissa tilfærslutekna og eignatekna o. fl., auk vísbendinga um áhrif breytinga vinnutíma o. fl. Samkvæmt þessu er talið að meðaltekjur einstaklinga hækki um nálægt 50% á þessu ári og að tekjur einstaklinga til skatts hækki um 53% milli áranna 1977 og 1978 að meðtalinni 1½% fjölgun framteljenda. Áætlun um álagningu tekjuskatts einstaklinga 1979 er reist á þessum forsendum um tekjur. Jafnframt er gert ráð fyrir að skattvísitala verði 143 stig miðað við 100 stig við álagningu 1978. Þetta er sama hækkun og áætlað er að verði á vísitölu framfærslukostnaðar milli áranna 1977 og 1978. Eins og að framan sagði verður skattvísitalan ákveðin endanlega við afgreiðslu frumvarpsins frá Alþingi. Samkvæmt þessu er áætlað að álagður tekjuskattur einstaklinga á árinu 1979 verði rúmlega 36 000 m kr. en um 27 000 m.kr. að frádregnum barnabótum og persónuafslætti til greiðslu útsvars. Miðað við svipaðar forsendur um innheimtu og í ár er innheimta tekjuskatts einstaklinga 1979 áætluð rúmlega 21 000 m.kr. og hefur þá verið tekið tillit til áætlaðra eftirstöðva um næstu áramót og innheimtu þeirra á næsta ári.

Eins og áður var sagt um eignarskattsaukann og með sama fyrirvara er hér gert ráð fyrir framhaldi skattlagningar á háar tekjur og tekjur af atvinnurekstri samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 96/1978 með sama hætti og í ár. Við þetta hækkar áætlun um innheimtan tekjuskatt einstaklinga á næsta ári um samtals 1 140 m.kr. Er þá bæði tekið tillit til innheimtu af álagningu í ár og af álagningu á næsta ári. Við þetta verður innheimtur tekjuskattur einstaklinga á árinu 1979 rúmlega 23 500 m.kr.

Álagt sjúkratryggingagjald 1978 er 4 150 m kr. og er það nokkru lægri fjárhæð en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Sjúkratryggingagjald virðist hafa innheimst slælega fyrri hluta ársins en miðað við svipaðar forsendur um innheimtu gjaldsins árið allt og um innheimtu tekjuskatts einstaklinga er áætlað að innheimtan verði um 3 400 m. kr. samanborið við 3 800 m.kr. á fjárlögum. Við áætlun um sjúkratryggingagjald á árinu 1979 er gert ráð fyrir að gjaldið verði óbreytt og jafnframt er miðað við sömu forsendur um tekjubreytingar milli áranna 1977 og 1978 og gert er við tekjuskattsáætlun. Samkvæmt því er talið að álagning sjúkratryggingagjalds nemi 6 350 m.kr. 1979 og miðað við svipaðar innheimtuforsendur og á þessu ári og að teknu tilliti til innheimtu áætlaðra eftirstöðva í árslok er innheimt sjúkratryggingagjald talið verða 5 600 m.kr. á árinu 1979.

Álagður tekjuskattur félaga á þessu ári er um 4 000 m.kr. en í fjárlagaáætlun var einungis reiknað með 3 250 m.kr. álagningu. Innheimta tekjuskatts félaga í ár er áætluð nema tæplega 3 300 m.kr. Við þetta bætist síðan innheimta af álögðum sérstökum skatti á tekjur og fyrningar eigna í atvinnurekstri skv. 10. gr. bráðabirgðalaga nr. 96/1978. Álagning á félög nam 1 274 m.kr. og kemur hluti af því til innheimtu í ár. Er hér reiknað með rúmlega 500 m.kr. innheimtu þannig að innheimtur tekjuskattur félaga nemi samtals rúmlega 3 800 m.kr. í ár. Vegna slakrar afkomu fyrirtækja í mörgum atvinnugreinum að undanförnu er reiknað með að álagning tekjuskatts félaga á árinu 1979 aukist töluvert minna en sem nemur áætlaðri almennri veltubreytingu milli áranna 1977 og 1978. Er hér reiknað með að álagður tekjuskattur félaga 1979 verði 5 100 m.kr., eða um 30% meiri en í ár, og að innheimta skattsins nemi rúmlega 4 500 m.kr. Að teknu tilliti til sérstaks skatts á tekjur og fyrningar eigna í hátt við álagningu í ár — með sama fyrirvara og áður var nefndur fyrir eignarskattsauka, sérstakan skatt á háar tekjur einstaklinga og skatt á atvinnurekstrartekjur einstaklinga — hækkar innheimtuáætlun 1979 í rúmlega 6 000 m.kr.

Innheimt byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga og félaga er áætlað 224 m.kr. í ár og 343 m.kr. á árinu 1979.

Gjöld af innflutningi. Almennar tolltekjur ríkissjóðs 1978 eru nú áætlaðar verða 25 500 m.kr. og er það um 4 400 m.kr. eða rúmlega fimmtungi meira en í fjárlagaáætlun. Almennur vöruinnflutningur hefur reynst heldur meiri en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga og einkum hefur mikið verið flutt inn af bílum og annarri hátollavöru. Í áætlun fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir um 1% magnaukningu almenns

vöruinnflutnings í samræmi við hinar almennu forsendur tekjuáætlunarinnar um breytingar þjóðarútgjalda. Reiknað er með að innflutningsverð í erlendri mynt hækki um 7% að meðaltali á árinu 1979 en miðað við gengi í október svarar það til 26—27% verðhækkunar í krónum. Þá er gert ráð fyrir að samsetning innflutnings eftir tollflokkum breytist þannig að nokkuð dragi úr kaupum hátollavöru eftir mikinn innflutning 1977 og 1978. Loks er í frumvarpinu reiknað með tollalækkun í ársbyrjun 1979 samkvæmt gildandi tollskrá og er tolltekjutap ríkissjóðs vegna þessa talið nema um 1 350 m.kr. Í frumvarpinu eru tolltekjur ríkissjóðs 1979 áætlaðar 30 300 m.kr. eða 19% meiri en á þessu ári og er það talsvert minni aukning en á almennum vöruinnflutningi. Þessi mismunur stafar bæði af tollalækkuninni um nk. áramót og af áætlun um nokkurn samdrátt í innflutningi hátollavöru. Hefur þetta í för með sér að tollhlutfall í ríkissjóð lækkar úr 16,1% 1978 í 15,2% 1979.

Innflutningsgjald af bensíni er á þessu ári áætlað 4 680 m.kr. eða 220 m.kr. umfram fjárlagatölur. Stafar það bæði af meiri bensínsölu og heldur meiri hækkun bensíngjalds um mitt ár en reiknað var með í fjárlagaáætlun. Í áætlun fyrir árið 1979 er reiknað með svipaðri aukningu í bensínsölu og í ár eða 5—6%. Þá er áætlað að bensíngjald hækki í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins, þ. e. hækki um áramót með byggingarvísitölu og síðan örlítið á miðju næsta ári. Á þessum forsendum er áætlað að heildartekjur af bensíngjaldi verði 7 480 m.kr. 1979 eða 2 800 m.kr. meiri en í ár. Gúmmígjald er áætlað 107 m.kr. á árinu 1979.

Innflutningsgjald af bifreiðum er áætlað 4 100 m.kr. á þessu ári. Í fjárlagaáætlun var gert ráð fyrir 3 000 m.kr. innheimtu en bílainnflutningur hefur verið mun meiri en reiknað var með í fyrstu. Á þessu ári er talið, að alls verði fluttir inn 9 000 bílar. Bílainnflutningur hefur verið mjög breytilegur frá ári til árs. Árin 1972—1974 voru að meðaltali fluttir inn 8 400 bílar á ári en síðan dró mjög úr bílainnflutningi. Á árinu 1975 voru fluttir inn 3 350 bílar og 2 755 bílar 1976 en 1977 varð mikil aukning og 7 558 bílar fluttir inn. Í áætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að inn verði fluttir um fimmtungi færri bílar en í ár og að óbreyttum reglum og með tilliti til verðbreytinga er innflutningsgjaldið talið nema 4 400 m.kr. á árinu 1979.

Af öðrum aðflutningsgjöldum má nefna að gjald af gas- og brennsluolíu er áætlað 545 m.kr. á næsta ári eða 20 m.kr. minna en í ár. Gjaldið er fast í krónutölu pr. kg gasolíu og brennsluolíu og reiknað er með að heldur dragi úr þeim olíuinnflutningi á næsta ári. Jöfnunargjald, sem tekið var upp með lögum nr. 83/1978 og leggja skal á innfluttar iðnaðarvörur, er talið skila um 400 m.kr. á þessu ári en innheimta gjaldsins hófst á miðju ári. Á næsta ári er áætlað að jöfnunargjaldið verði 1 000 m.kr. en þar af verði 500 m.kr. varið til endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts.

Gjöld af innflutningi á árinu 1979 eru í heild áætluð rúmlega 43 600 m.kr. samanborið við 35 500 m.kr. 1978 og er það um 23% aukning.

Skattar af framleiðslu. Heildartekjur af þessum gjöldum eru áætlaðar 9 113 m.kr. á þessu ári samanborið við 8 430 m.kr. í fjárlagaáætlun. Sérstakt vörugjald er talið vera 8 500 m.kr. á þessu ári en var áætlað 7 800 m.kr. í fjárlögum. Sú áætlun hefur hins vegar breyst töluvert á árinu. Annars vegar vegna breytinga á gjaldinu með lækkun þess úr 18% í 16% í febrúar og með hækkun í 30% á vissum vöruflokkum í september og hins vegar vegna þess að innflutningur gjaldskyldrar vöru hefur reynst nokkru meiri en ætlað var í fyrstu. Fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir að vörugjaldið verði innheimt á sama hátt og nú er, samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 96/1978, og að heildarinnheimta nemi 11 750 m.kr. Er þá miðað við sömu verð- og magnforsendur og notaðar eru um almennan vöruinnflutning.

Tekjur af hinu eldra vörugjaldi samkvæmt lögum nr. 97/1971, sem síðast var breytt með lögum nr. 83/1977 og gilda til loka þessa árs, eru áætlaðar 375 m.kr. á þessu ári og 395 m.kr. 1979. Er þá miðað við að lögin verði framlengd með óbreyttri gjaldskrá en ákvæði um framlag til Styrktarsjóðs vangefinna verði fellt

niður. Verði það framlag eftirleiðis ákveðið með fjárveitingu á sama hátt og gildir um flest önnur framlög ríkisins til félags- og líknarmála.

Álgjald er áætlað nema 238 m.kr. á þessu ári. Á næsta ári er reiknað með 72 þús. tonna gjaldskyldri framleiðslu, eða sem nemur fullum afköstum álverksmiðjunnar, og lágmarksgjaldi, $20/tonn, en endanlegt framleiðslugjald er hins vegar einnig háð álverði og afkomu fyrirtækisins og því ekki ætlast á um það að svo stöddu. Í heild mun framleiðslugjaldið því nema 443 m.kr. á þessum forsendum. Þar af koma 270 m.kr. í hlut ríkissjóðs og er aðeins sá hluti gjaldsins færður hér.

Skattar af seldri vöru og þjónustu. Í fjárlögum ársins 1978 voru heildartekjur undir þessum lið áætlaðar 68 400 m.kr. en nú eru horfur á að þær nemi 73 200 m.kr. eða 7% umfram fjárlagatöluna. Tekjur af söluskatti eru nú áætlaðar 50 800 m.kr. samanborið við 48 400 m.kr. í fjárlögum og verða því að líkindum 5% umfram fjárlagatölur. Þetta stafar af því að verslunarvelta hefur aukist meira á þessu ári en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Á hinn bóginn var söluskattur að fullu felldur niður af matvælum í september samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum nr. 96/1978 og var sú ráðstöfun talin hafa í för með sér um 1 400 m.kr. tekjumissi ríkissjóðs á þessu ári. Áætlunin um söluskatt 1979 ræðst af þeim forsendum um kauplag og verðlag og þjóðarútgjöld sem áður er getið, auk þess sem tekið er tillit til afnáms söluskatts af matvælum. Á þessum forsendum er innheimtustofn söluskatts 1979 talinn aukast um 19% frá þessu ári. Innheimtur söluskattur er áætlaður 60 800 m.kr. 1979 eða um 29,5% af heildartekjum en verður að líkindum um 33% heildartekna ríkissjóðs í ár. Hér er eingöngu um að ræða hlut ríkissjóðs í hinu almenna 18% sölugjaldi auk 2% söluskattsaukans sem er óskiptur. Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, 8% af almenna sölugjaldinu, er ekki meðtalinn.

Launaskattur er áætlaður 8 000 m.kr. á þessu ári eða 400 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Í áætlun fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir að launaskattur verði áfram 3,5% af launum og 2% renni til Byggingarsjóðs ríkisins. Miðað við launaforsendur þessa frumvarps, sem áður er frá greint, er launaskattur áætlaður 10 850 m.kr. 1979, þar af ganga 6 200 m.kr. til byggingarsjóðs en 4 650 m.kr. til ríkissjóðs.

Rekstrarhagnaður ÁTVR var áætlaður 11 300 m.kr. í fjárlögum ársins 1978 og var þá gert ráð fyrir nokkurri verðhækkun á árinu. Framan af árinu varð hagnaðurinn töluvert umfram áætlun og áfengis- og tóbaksverð hefur nú verið hækkað í tvígang og töluvert umfram fjárlagaforsendur. Í áætlun þessa árs er gert ráð fyrir að hagnaðurinn nemi 13 500 m.kr. Þessi áætlun gæti raunar reynst fullhá. Á næsta ári eru tekjur ríkissjóðs af sölu áfengis og tóbaks áætlaðar 19 000 m.kr. og er þá miðað við óbreytt útsöluverð frá því sem nú er.

Flugvallagjald var í fjárlögum þessa árs áætlað 560 m.kr. en er nú talið verða 450 m.kr. á þessu ári og 470 m.kr. 1979.

Aðrir skattar af seldri vöru og þjónustu eru áætlaðir 476 m.kr. á þessu ári samanborið við 527 m.kr. í fjárlögum. Í áætlun fyrir 1979 eru aðrir skattar af seldri vöru og þjónustu áætlaðir 525 m.kr. og er þá iðnaðargjald ekki talið með en það var afnumið frá og með árslokum með lögum nr. 41/1978 um Iðntæknistofnun Íslands.

Aðrir óbeinir skattar eru áætlaðir 6 834 m.kr. á þessu ári og er það 617 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Stafar munurinn einkum af breytingu á stimpilgjaldi og þinglýsingargjaldi og af álagningu gjalds á ferðalög til útlanda samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 96/1978. Síðast talda gjaldið veldur mestu um aukningu annarra óbeinna skatta á næsta ári umfram aukningu vegna veltubreytinga en á næsta ári eru þessar tekjur samtals taldar nema 10 184 m.kr. Með lögum nr. 36/1978 og nr. 39/1978 var innheimtu stimpilgjalds og þinglýsingargjalds breytt á þann hátt að stimpilgjald var hækkað stórlega en þinglýsingargjald lækkað að sama skapi. Stimpilgjald er nú áætlað 2 600 m.kr. 1979 en þinglýsingargjald aðeins 70 m.kr. Aukatekjur ríkissjóðs eru áætlaðar miðað við óbreytta gjaldskrá og taldar verða 510 m.kr. 1979. Bifreiðaskattur — mælagjald og árgjald af dísilbílum — er nú talinn verða 1 300

m.kr. á þessu ári eða 50 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Miðað við að þessi gjöld verði hækkuð til jafns við bensíngjald er í áætlun fyrir næsta ár gert ráð fyrir að bifreiðaskattur nemi 2 050 m.kr. Tekjur af sölu erlends gjaldeyris eru taldar verða 1 250 m.kr. á þessu ári en 2 900 m.kr. 1979, þar af er gjald á ferðalög til útlanda talið nema 1 600 m.kr. Verðjöfnunargjald af raforku er í ár áætlað 890 m.kr. og er nánast óbreytt frá fjárlögum en á næsta ári er gert ráð fyrir að gjaldið nemi 1 210 m.kr.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta eru taldar nema 386 m. kr. í ár samanborið við 383 m.kr. í fjárlögum. Á næsta ári eru þær taldar nema 542 m.kr. en þar vega tekjur af fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli lang þyngst.

Ýmsar tekjur eru áætlaðar 2 211 m.kr. á þessu ári samanborið við 1 401 m.kr. í áætlun fjárlaga en þar voru vaxtatekjur vanmetnar. Á árinu 1979 eru þessar tekjur áætlaðar 2 702 m. kr. en þar af eru vaxtatekjur 2 150 m. kr.

Yfirlit. Hér fer á eftir yfirlit áætlaðra tekna ríkissjóðs 1979 og til samanburðar er sýnd tekjuáætlun fjárlaga 1978 og áætlun um innheimtar tekjur þessa árs. Fyrstu níu mánuði ársins námu tekjur ríkissjóðs 105 700 m. kr. og höfðu aukist um 57% frá sama tíma í fyrra. Hér er gert ráð fyrir að heildarinnheimta í ár verði 154 200 m. kr. þannig að 48 500 m. kr. verða innheimtar síðustu þrjá mánuði ársins.

Hlutdeild markaðra tekna í heildartekjum ríkissjóðs var tæplega 15% í fjárlögum 1978 og reynist að líkindum nokkru lægri í ár en fjárlög gerðu ráð fyrir eða 13,7%. Á næsta ári hækkar hlutfallið hins vegar í 15%.

Samkvæmt yfirlitinu verður hlutdeild beinna skatta í tekjum ríkissjóðs 17,4% í stað 18,2% í fjárlögum ársins en hlutdeild óbeinna skatta hækkar óverulega eða úr 80,6% í fjárlögum í 80,9% í áætlun 1978. Aðrar tekjur eru rúmlega 1% í fjárlögum en tæplega 2% í áætlun 1978. Samkvæmt frumvarpinu verður hlutdeild beinna skatta 22,1% 1979 og stafar hækkunin af álagningu eignarskattsauka, sérstaks tekjuskatts á hátekjur og sérstaks gjalds á atvinnurekstur. Hlutdeild óbeinna skatta verður 76,4% og hlutdeild annarra tekna verður 1,5%.

	Fjárlög 1978	Endurskoðuð áætlun 1978	Frumvarp 1979
1. Iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga ..	**4 241**	**4 241**	**6 123**
2. Eignarskattar[1])	**2 009**	**2 347**	**4 251**
3. Tekjuskattar[1])	**19 074**	**20 259**	**35 208**
a) Tekjuskattur einstaklinga	12 143	13 047	23 563
b) Tekjuskattur félaga	3 131	3 812	6 045
c) Sjúkratryggingagjald	3 800	3 400	5 600
4. Gjöld af innflutningi	**29 353**	**35 548**	**43 638**
a) Almenn aðflutningsgjöld[2])	21 201	25 594	30 460
b) Bensín- og gúmmígjald	4 550	4 784	7 590
c) Innflutningsgjald af bílum	3 000	4 100	4 400
d) Annað	602	1 070	1 188
5. Skattar af framleiðslu	**8 430**	**9 113**	**12 415**
a) Sérstakt vörugjald	7 800	8 500	11 750
b) Annað	630	613	665
6. Skattar af seldri vöru og þjónustu	**68 387**	**73 226**	**91 645**
a) Söluskattuatr	48 400	50 800	60 800
b) Launasktur	7 600	8 000	10 850
c) ÁTVR	11 300	13 500	19 000
d) Annað	1 087	926	995
7. Aðrir óbeinir skattar	**6 217**	**6 834**	**10 184**
8. Arðgreiðslur úr B-hluta	**383**	**386**	**542**
9. Ýmsar tekjur	**1 401**	**2 211**	**2 702**
Samtals	**139 49**	**154 165**	**206 708**
Markaðar tekjur	20 758	21 094	31 054
Almennar tekjur	118 738	133 071	175 654
Beinir skattar	25 324	26 847	45 582
Óbeinir skattar	112 387	124 721	157 882
Aðrar tekjur	1 784	2 597	3 244

[1]) Byggingarsjóðsgjald meðtalið.
[2]) Byggingarsjóðsgjald og aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum meðtalin.

Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins er yfirlit yfir lánahreyfingar. Þar kemur fram, að halli á lánahreyfingum er 4 293 m.kr., sem jafnaður er með afgangi á rekstrarreikningi. Fjáröflun innanlands byggist á lögum nr. 36/1975, um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg svo og á heimild í 6. gr. fjárlaga. Heimildar til erlendrar lántöku verður samkvæmt venju leitað með sérstöku lagafrumvarpi sem lagt verður fyrir þingið í sambandi við lánsfjáráætlun næsta árs. Hér á eftir verður vikið að einstökum liðum lánajafnaðarins, en um lánamálin í heild verður fjallað í skýrslu ríkisstjórnarinnar um lánsfjáráætlun 1979 sem lögð verður fram á haustþinginu.

Lánahreyfingar út

Niðurstöðutala á lánahreyfingum út er 8 423 m.kr. Stærsti liðurinn þar eru afborganir af almennum lánum ríkissjóðs 7 009 m.kr., þar af 5 198 m.kr. af lánum í Seðlabanka. Þá er gert ráð fyrir 680 m.kr. hlutafjárframlagi til Járnblendifélagsins

og er þar meðtalin frestun greiðslu frá 1978. Þar með er lokið greiðslum á hlutafjárframlagi ríkissjóðs samkvæmt samningi. Enn fremur er ráðgerð aukning á eiginfjárframlagi ríkissjóðs í Landsvirkjun að fjárhæð 180 m.kr. og framlag í Iðnþróunarsjóð Portúgals er 54 m.kr. Loks er áætlað 500 m.kr. nettó-útstreymi á viðskiptareikningum vegna innheimtufjár fyrir aðra (markaðra tekjustofna), tollalána o. fl. Hefur ekki verið áætlað fyrir slíku útstreymi fyrr á fjárlögum, en stuðst er við reynslu fyrri ára.

Ráðstöfun lánsfjár til framkvæmda skv. 1. gr. nemur 4 050 m.kr. vegna A-hluta og 5 781 m.kr. vegna B-hluta eða samtals 9 831 m.kr. Á fjárlögum 1978 var heildarráðstöfun lánsfjár 10 452 m.kr. eða 621 m.kr. hærri. Sú fjárhæð fól hins vegar í sér fjármagnsútgjöld vegna byggðalína og Kröfluvirkjunar samtals að fjárhæð 2 073 m.kr. en samkvæmt þessu frumvarpi verður staðið undir slíkum útgjöldum með fjárveitingum á rekstrarreikningi. Sambærileg heildartala verður því 8 379 m.kr. fyrir árið 1978, og er hækkun frá því ári þannig 1 452 m kr. að því er framkvæmdir varðar, eða 17,3% sé miðað við fjárlög og lánsfjáráætlun. Hins ber þó að geta að því til viðbótar var ákveðið að afla lánsfjár til framkvæmda að fjárhæð 2 110 m.kr. og verður framkvæmdatalan fyrir árið 1978 því í raun 10 479 m.kr. Lækkar því fjáröflun til sambærilegra opinberra framkvæmda samkvæmt frumvarpi 1979 um 648 m.kr. eða 6,2%. Hér fer á eftir yfirlit yfir skiptingu fjármagns á einstakar framkvæmdir ásamt samanburði við fjárlög 1978 og fylgir greinargerð um hverja um sig.

Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir

	Fjárlög 1978	Frumvarp 1979
A-hluti fjárlaga:		
Þjóðarbókhlaða	205	200
Laxastigi í Laxá	40	–
Vegagerð	2 200	2 660
Landshafnir	145	100
Hafnargerð við Grundartanga	188	230
Flugöryggistæki	80	–
Samtals	2 858	3 190
Landsvirkjun, eigin fjárframlag	–	180
Járnblendifél., hlutafjárgramlag	820	680
A-hluti samtals	3 678	4 050
B-hluti fjárlaga:		
RARIK, almennar framkvæmdir	1 331	1 608
RARIK, vegna Vestmannaeyjastrengs	–	290
Orkubú Vestfjarða	518	360
Sveitarafvæðing	200	130
Byggðalínur	2 714	1 853
Kröfluvirkjun:		
a. Stöðvarhús og vélar	1 301	–
b. Borholur og aðveitukerfi	278	–
Póstur og sími vegna jarðstöðvar	370	1 364
Endurlán vegna Grundartangahafnar	62	176
B-hluti samtals	6 774	5 781
A- og B- hluti samtals	10 452	9 831

Ath. Fjármagnsútgjöld vegna byggðalínu og Kröflufamkvæmda eru meðtalin 1978 en ekki 1979.

A-hluti fjárlaga

Þjóðarbókhlaða. Gert er ráð fyrir 200 m.kr. lántöku til áframhaldandi byggingarframkvæmda við þjóðarbókhlöðu. Framlag ársins 1978 nemur 220 m.kr. auk þess sem geymdar fjárveitingar námu 44 m.kr.

Vegagerð. Lánsfjáröflun til vegagerðar er ráðgerð 2 660 m.kr. sem er 460 m.kr. hækkun frá 1978. Heildarútgjöld til vegamála eru áætluð 12 300 m.kr. eins og nánar er vikið að í greinargerðinni hér á eftir.

Landshafnir. Samtals er gert ráð fyrir 100 m.kr. lánsfjáröflun til framkvæmda við landshafnir. Skipting þessa fjármagns er þannig að 50 m.kr. fara til framkvæmda við höfnina í Rifi og 50 m.kr. til Njarðvíkurhafnar.

Hafnargerð við Grundartanga. Heildarkostnaður við Grundartangahöfn er áætlaður 906 m.kr. Kostnaður þessi skiptist í sömu hlutföllum og gildir um almenna hafnargerð, þ. e. 75% ríki og 25% sveitarfélög. Heildarkostnaður ríkissjóðs er því 680 m.kr. og sveitarfélaga 226 m.kr. Eftirstöðvar af kostnaðarhluta ríkissjóðs eru 230 m.kr. og hlutur sveitarfélaga er 176 m.kr. sem kemur fram í yfirliti um lánsfjáröflun til B-hluta. Heildarfjárþörf á árinu 1979 nemur því alls 406 m.kr.

Landsvirkjun. Til samræmis við reglur ríkisbókhalds eru eiginfjár- og hlutafjárframlög færð á lánahreyfingar í A-hluta. Fyrirhugað er að afla 180 m.kr. lánsfjár til að inna af hendi framlag ríkissjóðs til Landsvirkjunar 1979 vegna aukins eiginfjár fyrirtækisins.

Járnblendifélagið, hlutafjárframlag. Eins og segir í athugasemdum um Landsvirkjun færast hlutafjárframlög á lánahreyfingar í A-hluta. Hér er um að ræða 680 m.kr. fjáröflun en var 820 m.kr. 1978. Af þessari fjárhæð eru 128 m.kr. ætlaðar til að standa undir samningsbundnu hlutafjárframlagi 1979, og er það lokaframlag, en 552 m.kr. eru vegna samningsbundins framlags á árinu 1978. Var gert samkomulag um að fresta þeirri greiðslu til ársins 1979.

B-hluti fjárlaga

RARIK, almennar framkvæmdir. Lántökur vegna almennra framkvæmda RARIK eru 1 608 m.kr. Auk þess nemur framlag úr Orkusjóði 130 m.kr. til að styrkja dreifikerfi í sveitum og tekjur af heimtaugargjöldum eru áætlaðar 90 m.kr. Verða þannig 1 828 m.kr. til ráðstöfunar til þessara framkvæmda. Nánari grein verður gerð fyrir einstökum framkvæmdaliðum í lánsfjáráætlun 1979 en helstu framkvæmdaþættir eru þessir: Virkjanir 16 m.kr., stofnlínur 370 m.kr., aðveitustöðvar 542 m.kr., innanbæjarkerfi 600 m.kr., styrking dreifikerfa í sveitum 130 m.kr. og aðrir þættir samtals 170 m.kr.

Á fjárlögum 1978 töldust framkvæmdir á Vestfjörðum til framkvæmda RARIK. Í þessari framsetningu er lánsfjáröflun til framkvæmda 1978 skipt milli RARIK og Orkubús Vestfjarða til samræmis við yfirlitið fyrir árið 1979.

RARIK, vegna Vestmannaeyjastrengs. Á árinu 1978 var tekið bráðabirgðalán til greiðslu kostnaðar við lagningu sæstrengs til Vestmannaeyja. Fjáröflun, sem hér er gert ráð fyrir, 290 m.kr., er til að greiða þetta bráðabirgðalán.

Orkubú Vestfjarða. Samtals er ráðgerð 360 m.kr. lántaka vegna Orkubús Vestfjarða. Samsvarandi lántaka vegna orkuframkvæmda á Vestfjörðum nam 518 m.kr. 1978 en í lánsfjáráætlun þess árs taldist þessi lántaka til lánsfjáröflunar vegna RARIK.

Heildarframkvæmdafé Orkubúsins er 410 m.kr., þar af er framlag Orkusjóðs vegna dreifikerfa í sveitum 20 m.kr., heimtaugargjöld 12 m.kr. og þátttaka sveitarfélaga í götulýsingu 18 m.kr. Nánari grein gerður gerð fyrir einstökum framkvæmdaliðum í lánsfjáráætlun 1979 en helstu framkvæmdaþættir eru þessir: Virkjanir (lúkning) 19 m.kr., stofnlínur og aðveitustöðvar 120 m.kr., innanbæjarkerfi 167 m.kr. og aðrir verkþættir samtals 104 m.kr.

Sveitarafvæðing. Áætluð er 130 m.kr. lántaka vegna sveitarafvæðingar og er það 70 m.kr. lægri fjárhæð en 1978. Fjárins er aflað til viðbótarframkvæmda við eldri veitur. Rafvæðingaráætlun um tengingu býla í allt að 3 km fjarlægð frá aðaldreifilínum mun sem næst lokið en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvert verður framhald rafvæðingar í sveitum.

Byggðalínur. Ráðgerð er 1 853 m.kr. lántaka vegna byggðalínu. Af þeirri fjárhæð eru 1 313 m.kr. vegna Vesturlínu og verður línan þar með komin í Gilsfjörð og raforka um hana fyrir Dali, 265 m.kr. vegna aðveitustöðvar á Brennimel í Hvalfirði, 120 m.kr. vegna aðveitustöðva, fjarstýribúnaðar o. fl. á Norðurlínu, 66 m.kr. vegna aðveitustöðvar við Eyrarteig (Hryggstekk) og 89 m.kr. vegna háspennusíma, fjarstýribúnaðar o. fl. Í lánsfjáráætlun fyrir 1978 var lánsfjár aflað vegna vaxta og afborgana af byggðalínum. Nú er horfið frá þessari tilhögun en þess í stað er Byggðasjóði falið að sjá um greiðslur vaxta og afborgana, alls 1 130 m.kr. (samanber greinargerð um Byggðasjóð).

Kröfluvirkjun. Í lánsfjáráætlun ársins 1978 var lánsfjáröflun vegna fjármagnsútgjalda alls 1 429 m.kr. Fjármagnsútgjöld ársins 1979 eru áætluð alls 2 080 m.kr. Nú er ráðgert að Orkusjóði verði falið að annast greiðslu fjármagnsútgjalda vegna Kröfluvirkjunar og til þess kemur bein fjárveiting á fjárlögum til sjóðsins. Á þessu stigi eru lántökur til framkvæmda ekki ráðgerðar en þær námu á síðasta ári 150 m.kr.

Póstur og sími vegna jarðstöðvar. Til framhaldsframkvæmda við jarðstöð og tengd mannvirki er áformað að afla 1 364 m.kr. lánsfjár vegna hluta póst- og símamálastofnunarinnar í heildarframkvæmdum. Helstu framkvæmdaþættir eru sem hér segir:

	1978	1979	Samtals
Jarðstöð	150	694	844
Millilandastöð	100	510	610
Húsbyggingar o. fl.	120	160	280
	370	1 364	1 734

Kostnaðaráætlun fyrir jarðstöðina sjálfa er 1 314 m.kr. og í hlut Íslands koma 844 m.kr. Kostnaðaráætlun fyrir sjálfvirka millilandastöð er alls 610 m.kr. Kemur sú fjárhæð öll í hlut Íslands og er sú starfsemi að hluta ráðgerð við Grensásstöð landsímans. Þá er áætlað að húsbyggingar og aðrar framkvæmdir nemi alls 280 m.kr.

Endurlán vegna Grundartangahafnar. Eins og að framan greinir mun ríkissjóður annast lánsfjáröflun vegna hlutar viðkomandi sveitarfélaga við þessa hafnargerð, og eru eftirstöðvar áætlaðar 176 m.kr. er koma til greiðslu á árinu 1979.

Loks er í eftirfarandi yfirliti sýnd sundurliðun á afborgunum almennra lána ríkissjóðs ásamt samanburði við fjárlög 1978 í þús. kr.

	Fjárlög 1978	Frumvarp 1979	Mismunur
Lán hjá Seðlabanka Íslands	**3 245 431**	**5 099 270**	**1 853 839**
Lán vegna yfirdráttarskulda	2 185 251	3 666 011	1 480 760
Lán vegna yfirdráttarskulda 1977/78 o. fl. (óverðtr.)	–	550 000	550 000
Lán vegna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins	399 490	49 372	-350 118
Lán vegna Áburðarverksmiðju	40 000	–	-40 000
Lán vegna kaupa á Þórshamri	18 015	5 092	-12 923
Lán vegna yfirdráttarskuldar RARIK	341 839	484 176	142 337
Lán vegna vegagerðar, yfirdráttarskuld	133 406	171 101	37 695
Lán vegna vegagerðar, erlend lán	120 800	173 518	52 718
Lán vegna vegagerðar, yfirtekin lán	3 158	–	-3 158
Ýmis önnur lán en til vegagerðar	3 472	–	-3 472
Önnur lán	**1 269 860**	**1 909 716**	**639 856**
Spariskírteinalán, önnur en til vegagerðar (endurlán)	107 018	132 109	25 091
Ýmis endurlán (erlend)	140 718	133 939	-6 779
Ríkisfyrirtæki í B-hluta	356	356	–
Ríkisfyrirtæki í A-hluta	400	–	-400
Innlánsstofnanir (bankar og sparisjóðir)	2 784	2 784	–
Lánastofnanir (fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir) erlent fé	14 049	6 309	-7 740
Lánastofnanir (fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir) innlent fé	2 959	14 482	11 523
Bæjar- og sveitarfélög	13	–	-13
Ýmis erlend lán	42 030	184 293	142 263
Ýmis innlend lán	41 848	56 848	15 000
Yfirtekin lán vegna kaupa á Baldri (innlend og erlend)	58 231	71 194	12 963
Lán vegna kaupa á Landakotsspítala	31 500	33 075	1 575
Lán vegna járnblendiverksmiðju	97 520	–	-97 520
Skyldusparnaður, innheimtur með sköttum	238 551	431 271	192 720
Ýmis lán, ósundurliðað	–	101 100	101 100
Lán til vegagerðar (önnur en hjá Seðlabanka):			
Spariskírteinalán (endurlán)	151 280	267 963	116 683
Önnur endurlán (erlend)	127 259	196 783	69 524
Innlánsstofnanir (bankar og sparisjóðir)	1 070	668	-402
Lánastofnanir, erlent fé	184 040	248 397	64 357
Ýmis innlend lán	2 081	1 992	-89
Lán ríkisstofnana í A-hluta	26 153	26 153	–
Samtals	4 515 291	7 008 986	2 493 695

Lánahreyfingar inn

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að heildarfjáröflun nemur 14 381 m.kr., þ. e. 3 500 m.kr. innlend lántaka, 5 457 m.kr. erlend lántaka og 5 424 m.kr. innheimta af endurlánuðum spariskírteinum. Ráðstöfun fjáröflunarinnar er sú að 4 550 m.kr. renna til innlausnar þriggja spariskírteinaflokka, útgefinna 1966 og 1967, 5 781 m.kr. er varið til lánsfjármagnaðra B-hluta framkvæmda og 4 050 m.kr. til A-hluta framkvæmda. Auk þess nemur innheimta af veittum lánum 80 m.kr. þannig að innstreymi vegna A-hluta verður samtals 4 130 m.kr. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting lánsfjáröflunar til opinberra framkvæmda og samanburður gerður við fjárlög 1978 í m.kr.

	Fjárlög 1978		Frumvarp 1979		Hækkun	
Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé	3 755		5 424		1 669	
Innlausn spariskírteina	1 439	2 316	4 550	874	-3 111	-1 442
Sérstök lánataka úr þjóðhátíðarsjóði		170		–		-170
Útgáfa spariskírteina		3 100		3 500		400
Innlennd lántaka alls		5 586		4 374		-1 212
Erlend lántaka		4 866		5 457		591
Lántaka samtals		10 452		9 831		-621

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins

Í þessum hluta greinargerðarinnar verður vikið nánar að helstu breytingum einstakra gjaldaliða sem orðið hafa frá fjárlagatölum 1978. Þó verður ekki rætt sérstaklega um breytingar á fjárlagaliðum sem eingöngu eiga rætur að rekja til launa- og verðlagsþróunarinnar. Hefur verið gerð sérstök grein fyrir þætti hennar varðandi útgjaldahækkanir framar í þessum athugasemdum.

01 Forsætisráðuneytið

101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun á þessum lið nemur 72 849 þús. kr. sem skýrist þannig: Laun hækka um 32 589 þús. kr. sem er 14 269 þús. kr. fram yfir eðlilegar launahækkanir. Þessi umframhækkun stafar af eftirfarandi: Gert er ráð fyrir launum blaðafulltrúa ríkisstjórnarinnar, ritara hans og rekstrarkostnaði samtals 11 833 þús. kr., þá er sérstök fjárveiting vegna helgargæslu í stjórnarráðshúsinu 2 436 þús. kr. Rekstrargjöld hækka um 10 556 þús. kr. sem er vegna eðlilegra verðlagshækkana. Hlutdeild Íslands í kostnaði við Skrifstofu ráðherranefndar Norðurlandaráðs hækkar um 23 000 þús. kr. frá fjárlögum 1978. Stafar þessi hækkun annars vegar af nokkurri vanáætlun í fjárlögum 1978 og hins vegar af aukningu verkefna og gengisbreytingum. Framlag til Hrafnseyrarnefndar hækkar um 3 000 þús. kr. og verður 5 000 þús. kr. Loks hækkar viðhald um 2 595 þús. kr., sem er 1 650 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkanir, og er það vegna sérstakrar fjárveitingar til að mála Stjórnarráðshúsið.

171 **Byggðasjóður.** Framlag til Byggðasjóðs hækkar um 379 000 þús. kr. eða um 18,2% og verður 2 458 000 þús. kr. Gert er ráð fyrir að Byggðasjóður taki að láni 1 130 000 þús. kr. og að eigið fé sjóðsins nemi 332 000 þús. kr. Verður ráðstöfunarfé sjóðsins þá 2% af útgjöldum samkvæmt þessu frumvarpi í samræmi við lagaákvæði. Af ráðstöfunarfé Byggðasjóðs eiga 1 130 000 þús. kr. að fara til vaxta og afborgana af lánum sem hafa verið tekin vegna byggðalína.

901 **Húsameistari ríkisins.** Af heildarhækkun fjárveitingarinnar til húsameistaraembættisins 62 556 þús. kr. eru 10 540 þús. kr. vegna stöðu fulltrúa, deildararkitekts og tækniteiknara en stöður þessar féllu niður við tillögugerð stofnunarinnar við fjárlagagerð fyrir árið 1978. Hækkun vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana er 52 016 þús. kr.

02 Menntamálaráðuneytið

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður við rekstur aðalskrifstofu ráðuneytisins eykst um 150 220 þús. kr., þar af er hækkun launaliðar 106 580 þús. kr. sem er um 12 400 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir. Skýrist þetta af því annars

vegar að tekið var mið af reikningstölum ársins 1977 við ákvörðun launaliðar og hins vegar að gert er ráð fyrir ráðningu fulltrúa vegna skipulagningar kennslu í framhaldsskólum 3 946 þús. kr. Rekstrargjöld hækka um 42 390 þús. kr. sem eru eðlilegar verðlagshækkanir. Þá hækka liðirnir viðhald og stofnkostnaður um 1 250 þús. kr.

201 **Háskóli Íslands.** Framlag til skólans hækkar um 980 673 þús. kr., þar af eykst rekstrarkostnaður nettó um 734 773 þús. kr. en áætlað framlag frá Happdrætti H. Í. og úr byggingarsjóði hækkar um 245 900 þús. kr. Gert er ráð fyrir fjórum nýjum hlutastöðum lektora í augn- og slysalækningum 8 835 þús. kr. Í tannlæknadeild verður sú breyting að í stað tveggja kennara koma þrír lektorar en útgjaldaaukning vegna þessa er nánast engin vegna minni stundakennslu. Hækkun rekstrargjalda frá fjárlögum 1978 er 168 373 þús. kr., sem er um 40 000 þús. kr. umfram eðlilegar verðlagshækkanir, og skýrist af eftirfarandi: Vegna aukinna bókakaupa Háskólabókasafns 5 000 þús. kr., 13 000 þús. kr. vegna aukinna kaupa Reiknistofnunar á rekstrarvörum og 22 000 þús. kr. hækkun er skiptist á hinar ýmsu deildir háskólans vegna samningsbundinna greiðslna, sameiginlegs rekstrar, aukningar stundakennslu og rannsókna. Á móti hækkun rekstrargjalda Reiknistofnunar kemur jafnmikil hækkun sértekna. Áætlað ráðstöfunarfé til framkvæmda frá Happdrætti H.Í. og úr byggingarsjóði er 633 900 þús. kr. og skiptist á eftirfarandi hátt á verkefni í þús. kr.:

Nýbyggingar á Landspítala- og háskólalóðum	464 900
Viðhald húsa og lóða	50 000
Tækjakaup	60 000
Skipulagning lóðar og áætlanagerð vegna nýbygginga á háskólalóð	8 000
Endurnýjun og viðhald húsgagna og búnaðar	16 000
Húsnæði og búnaður vegna nýrra námsleiða, breytingar á húsnæði og flutnings milli leiguhúsnæðis	30 000
Úrbætur í símamálum	5 000
Samtals	633 900

203 **Raunvísindastofnun háskólans.** Heildarhækkun framlags er 113 699 þús. kr., þar af hækka laun um 86 689 þús. kr. Af launahækkuninni eru 82 084 þús. kr. vegna samningsbundinna launahækkana, mismunurinn er vegna stöðu sérfræðings á reiknistofu, sem kemur inn að nýju, en staða þessi var lánuð Reiknistofnun háskólans. Önnur rekstrargjöld hækka um 18 144 þús. kr. vegna eðlilegra verðlagshækkana. Viðhald hækkar um 7 080 þús. kr., þar af 5 000 þús. kr. vegna viðhalds á húsi Raunvísindastofnunar. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 4 786 þús. kr. Til frádráttar kostnaði koma sértekjur 3 000 þús. kr. en ekki var gert ráð fyrir sértekjum í fjárlögum 1978.

276 **Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.** Framlag til sjóðsins, sem er eingöngu framlag frá Happdrætti H. Í., hækkar um 35 200 þús. kr. og verður 91 200 þús. kr. sem skiptist þannig: Til greiðslu vaxta og afborgana 42 463 þús. kr., til byggingar skemmu fyrir iðnaðarrannsóknir 41 000 þús. kr. og lagfæring lóða og vega 7 737 þús. kr.

301 **Menntaskólinn í Reykjavík.** Heildarframlag til skólans verður 347 714 þús. kr. og er það 144 162 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1978 sem skýrist þannig: Laun hækka um 138 761 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu tveggja nýrra kennara samtals 6 651 þús. kr., aukningu stundakennslu að upphæð 8 000 þús. kr., hvort tveggja vegna fjölgunar nemenda, auk ráðningar ritara, 2 494 þús. kr., er samþykkt var af ráðninganefnd fyrr á þessu ári. Þá hækka rekstrargjöld um 5 401 þús. kr. Fjárveiting til kaupa á húsum á lóð skólans verður 10 000 þús. kr. sem er óbreytt upphæð frá fjárlögum 1978.

303 **Menntaskólinn á Laugarvatni.** Fjárveiting til skólans hækkar um 39 069 þús. kr., þar af er 36 569 þús. kr. vegna almennra launa- og verðlagsbreytinga. Þá hækkar stofnkostnaður um 3 000 þús. kr. og verður 8 000 þús. kr. til framkvæmda við lóð skólans, m. a. til lagningar bundins slitlags. Þá eru sértekjur skólans hækkaðar um 500 þús. kr.

304 **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Fjárveiting til skólans hækkar um 223 586 þús. kr., þar af laun um 212 860 þús. kr., kennarastöðum fjölgar um 1,5 stöðugildi eða 5 344 þús. kr. og inn er tekin fjárveiting 2 494 þús. kr. til samþykktrar stöðu skrifstofumanns. Vegna eðlilegra launahækkana hækka laun um 150 072 þús. kr. miðað við fjárlög 1978 en sú hækkun sem umfram er, 54 950 þús. kr., er vegna vanáætlaðs kennslukostnaðar í síðustu fjárlögum. Önnur rekstrargjöld hækka um 11 626 þús. kr., sem er eðlileg verðlagshækkun, og sértekjur skólans hækka um 900 þús. kr.

305 **Menntaskólinn við Sund.** Rekstrarfjárveiting til skólans hækkar um 156 687 þús. kr., þar af vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana 152 481 þús. kr. Gert er ráð fyrir ráðningu tveggja nýrra kennara vegna nemendafjölgunar 4 206 þús. kr. Framlag til stofnkostnaðar hækkar um 20 000 þús. kr. og verður 70 000 þús. kr. Er þar um að ræða þriðju endurgreiðslu samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg vegna húsakaupa skólans. Sértekjur eru nú áætlaðar 1 200 þús. kr. Alls hækkar því fjárveiting til skólans um 175 487 þús. kr.

306 **Menntaskólinn á Ísafirði.** Rekstrarfjárveiting til skólans eykst um 52 335 þús. kr., þar af eykst kennslukostnaður um 6 700 þús. kr. vegna nokkurrar nemendafjölgunar, að öðru leyti er um eðlilegar rekstrarhækkanir að ræða. Stofnkostnaður eykst um 13 000 þús. kr. og er sú fjárveiting til greiðslu útborgunar á íbúðarhúsi sem keypt verður fyrir embætti skólameistara. Þá eru sértekjur skólans lækkaðar um 400 þús. kr. Samtals hækkar því fjárveiting til skólans um 65 735 þús. kr.

307 **Menntaskóli á Austurlandi.** Fyrirhugað er að hefja kennslu við skólann í fimm bekkjardeildum haustið 1979. Rekstrarkostnaður skólans til áramóta 1979—1980 er áætlaður 32 066 þús. kr. Framlag til stofnkostnaðar hækkar um 57 000 þús. kr. og verður 200 000 þús. kr., sem áætlað er til að halda áfram þeim verkum sem þegar hafa verið boðin út, en það er bygging heimavistarhúss og hluti mötuneytis með bráðabirgðafrágangi til kennslu. Samtals verður því fjárveiting til skólans 232 066 þús. kr.

308 **Menntaskólinn í Kópavogi.** Fjárveiting til skólans hækkar um 56 392 þús. kr. Launaliður hækkar um 54 229 þús. kr., þar af vegna ráðningar tveggja nýrra kennara 7 125 þús. kr. og 3 700 þús. kr. vegna aukningar kennslukostnaðar umfram verðlagshækkanir vegna nemendafjölgunar, að öðru leyti er um almennar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 163 þús. kr. og er það eingöngu vegna almennra verðlagshækkana. Fjárveiting til framkvæmda er óbreytt frá fjárlögum 1978, 30 000 þús. kr., sem verja á til framhalds hönnunar og byrjunarframkvæmda við nýtt kennsluhús.

331 **Íþróttakennaraskóli Íslands.** Framlag til skólans hækkar um 9 533 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka um 22 533 þús. kr., þar af vegna fjölgunar nemenda 6 700 þús. kr. umfram verðlagshækkanir. Heimilað hefur verið að nýta ónotaðar fjárveitingar, sem ætlaðar voru til hönnunar nýrra bygginga við skólann, til þess m. a. að innrétta skólastofur sem staðið hafa ónotaðar í Húsmæðraskóla Suðurlands með það fyrir augum að unnt sé að fjölga nemendum við skólann. Með þessari heimild er felld niður fjárveiting til áframhaldandi hönnunar mannvirkja við skólann 13 000 þús. kr.

351 **Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.** Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 236 250 þús. kr., þar af eru 69 000 þús. kr. vegna fjölgunar nemenda, að öðru leyti er hækkunin vegna almennra launa- og verðlagshækkana. Stofnkostnaðarfjárveiting lækkar um 36 000 þús. kr. frá fjárlögum 1978 og verður 200 000 þús. kr. Er þar um að ræða hlutdeild ríkissjóðs í lúkningu D-álmu 15 000 þús. kr., lúkningu verkstæðishúss 21 000 þús. kr., til framkvæmda við álmu E (tengiálmu) 84 000 þús. kr. og 80 000 þús. kr. er endurgreiðsla ríkissjóðs vegna þeirra framkvæmda sem Reykjavíkurborg hefur annast.

352 **Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli.** Á þessum lið kemur fram 96 881 þús. kr. hækkun sem auk verðlagshækkana skýrist af því að gert er ráð fyrir ráðningu fjögurra nýrra kennara.

353 **Fjölbrautaskóli Suðurnesja.** Framlag til skólans hækkar um 129 043 þús. kr. Laun hækka um 121 198 þús. kr., þar af eru 33 000 þús. kr. umfram eðlilegar launa- og verðlagshækkanir sem er m. a. vegna ráðningar sex nýrra kennara vegna verulegrar fjölgunar nemenda í skólanum. Rekstrargjöld hækka um 3 545 þús. kr. sem er einvörðungu vegna verðlagshækkana. Viðhald lækkar um 700 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 5 000 þús. kr. og verður 40 000 þús. kr., þar af eru 35 000 þús. kr. vegna byggingar kennsluhúss og 5 000 þús. kr. til kaupa á kennslutækjum.

354 **Fjölbrautaskólinn á Akranesi.** Í heild hækkar framlag til skólans um 110 832 þús. kr., þar af er launahækkun 98 200 þús. kr. sem er verulega umfram launa- og verðlagshækkanir. Hækkunin skýrist af því að gert er ráð fyrir að nemendum fjölgi milli skólaára úr liðlega 200 í 400. Hækkanir á öðrum liðum eru samtals 12 632 þús. kr. sem er innan við eðlilegar verðlagshækkanir.

423 **Endurskoðun námsefnis á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.** Kostnaður eykst um 78 520 þús. kr. sem er um 19 000 þús. kr. umfram eðlilegar launa- og verðlagshækkanir og er vegna aukningar á námskrárgerð og endurskoðun námsefnis á framhaldsskólastigi. Í fjárlögum 1978 er í fyrsta sinn fjárveiting til endurskoðunar námsefnis á framhaldsskólastigi.

514 **Iðnskólinn í Reykjavík.** Auk eðlilegra launahækkana, 235 510 þús. kr., verður 21 543 þús. kr. hækkun á þessum lið vegna fjölgunar kennara um 6,5 stöðugildi. Þá hækka rekstrargjöld um 1 339 þús. kr. og verða 3 780 þús. kr. Samtals hækkar því fjárveiting til skólans um 258 392 þús. kr.

515 **Iðnskólar utan Reykjavíkur.** Hækkun á þessum fjárlagalið er 227 437 þús. kr. sem er 121 760 þús. kr. umfram eðlilegar launa- og verðlagshækkanir og skýrist af því annars vegar að fleiri skólar falla nú undir þennan lið en áður, eða allir vélstjóra- og stýrimannaskólar utan Reykjavíkur auk iðnskóla, en hins vegar af nokkurri vanáætlun í fjárlögum 1978.

516 **Iðnskólar, almennt.** Fjárveiting til viðhalds hækkar um 5 000 þús. kr. frá fjárlögum 1978 og verður 15 000 þús. kr. en stofnkostnaðarframlag er óbreytt í krónutölu 63 000 þús. kr. Fjárveitinganefnd mun ákveða skiptingu stofnkostnaðar á einstakar framkvæmdir.

518 **Fiskvinnsluskólinn.** Fjárveiting til skólans hækkar um 12 605 þús. kr. Laun hækka um 9 080 þús. kr. Vegna fækkunar kennarastunda verður fækkun í kennaraliði sem nemur 1½ stöðu eða 4 492 þús. kr. en á móti bætist við ½ skrifstofumaður 1 248 þús. kr. Önnur hækkun á launalið er vegna almennra launahækkana. Aðrir gjaldaliðir hækka um 6 025 þús. kr. sem er vegna almennra verðlagshækkana. Þá eru sértekjur hækkaðar um 2 500 þús. kr. og verða 7 500 þús. kr.

521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Í fjárlögum 1978 var ekki áætlað fyrir launagreiðslum hjúkrunarnema, enda var að því stefnt að nemarnir féllu undir námslánakerfi Lánasjóðs ísl. námsmanna. Ljóst er nú að þeir nemar er nú stunda nám við skólann munu áfram vera á launum í samræmi við þær reglur er tíðkast hafa. Af þessum sökum verður hækkun á fjárveitingu til skólans umfram verðlagshækkanir er nemur um 130 000 þús. kr. Önnur hækkun á launum og rekstrargjöldum verður 74 006 þús. kr. sem er vegna almennra launa- og verðlagshækkana. Þá hækkar viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður samtals um 500 þús. kr. Sértekjur eru hækkaðar um 3 495 þús. kr. Samtals hækkar fjárveiting til skólans um 201 011 þús. kr.

523 **Fósturskóli Íslands.** Hækkun á fjárveitingu til Fósturskólans er 35 194 þús. kr. Laun hækka um 33 024 þús. kr., þar af eru um 16 000 þús. kr. aukning kennslukostnaður er stafar af fjölgun nemenda og bekkjardeilda. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 2 170 þús. kr.

561 **Myndlista- og handíðaskólinn.** Samkvæmt lögum nr. 38/1965, um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, greiðist kostnaður af rekstri skólans sameiginlega af ríki og Reykjavíkurborg, þó þannig að ríkissjóður greiðir allan rekstrarkostnað kennaradeildar auk launa skólastjóra og fastra kennara. Í fjárlögum hefur aðeins verið tilgreind sú upphæð sem er áætlaður hluti ríkissjóðs í rekstri skólans. Þetta hefur m. a. leitt til nokkurra erfiðleika við gerð og framkvæmd greiðsluáætlunar. Sú breyting er nú gerð á framsetningu að sýndar eru brúttóstærðir gjalda en hlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri skólans er færð til tekna til viðbótar tekjum af námskeiðsgjöldum. Samtals verða gjöld skólans 140 312 þús. kr. Sértekjur verða 48 787 þús. kr. sem er 45 937 þús. kr. framlag Reykjavíkurborgar og helmingur af námskeiðsgjöldum skólans eða 2 850 þús. kr. Framlag ríkissjóðs verður því 91 525 þús. kr.

609 **Héraðsskólar, almennt.** Fjárveiting til héraðsskóla almennt hækkar um 1 000 þús. kr. Framlag til viðhalds hækkar um 14 000 þús. kr. og verður 48 000 þús. kr., en stofnkostnaðarframlag lækkar um 13 000 þús. kr. og verður 169 000 þús. kr. Lækkun sem verður á stofnkostnaði skýrist af því að lokið er að mestu kostnaðarsömum framkvæmdum sem unnið hefur verið að á síðustu árum. Fjárveitinganefnd mun ákveða skiptingu stofnkostnaðar á einstakar framkvæmdir.

700—780 **Grunnskólar, rekstur.** Heildarkostnaður við rekstur grunnskóla hækkar um 4 474 621 þús. kr. Launaliðurinn hækkar um 4 218 621 þús. kr. frá fjárlögum 1978. Í þessari hækkun er meðtalin færsla nokkurra sérskóla af stofnunum afbrigðilegra barna, yfirvinnuþóknun til skólastjóra og greiðslur fyrir forfallakennslu, samtals 229 000 þús. kr., sem flutt er af liðnum grunnskólar, almennt. Bein hækkun launaliðar er því 3 989 621 þús. kr. Hafa þá kennslulaun í grunnskólum verið lækkuð sérstaklega um 150 000 þús. kr. sem ætlast er til að náist sem sparnaður með skerðingu reglugerðaheimilda um hámarkskennslustundir á viku skólaárið 1979/1980. Önnur rekstrargjöld hækka um 248 591 þús. kr. Yfirfærslur til sveitarfélaga — framlög til fræðsluskrifstofa — hækka um 7 399 þús. kr. en framlag til húsnæðiskaupa fyrir fræðsluskrifstofu á Austurlandi, 4 000 þús. kr. í fjárlögum 1978, fellur niður. Rekstrarfjárveiting til fræðsluskrifstofanna hækkar því í raun um 11 399 þús. kr.

791 **Grunnskólar, almennt.** Á liðnum kemur fram 54 726 þús. kr. lækkun vegna færslu yfirvinnuþóknunar skólastjóra og greiðslna vegna forfallakennslu á rekstur grunnskóla. Hækkun annarra liða verður 82 118 þús. kr. og kemur sú hækkun fram sem hér segir: Laun kennara í orlofi 39 274 þús. kr., kostnaður við stjórnskipaða prófdómara 16 227 þús. kr., til umferðarfræðslu í skólum 2 302 þús. kr. og til framkvæmdar sundskyldu í skólum 24 315 þús. kr.

792 **Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.** Þessi framlög hækka um 250 000 þús. kr. og verða samtals 1 626 000 þús. kr. Eins og venja hefur verið mun fjárveitinganefnd ákveða skiptingu þess fjár á einstakar framkvæmdir.

793 **Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn.** Framlagið verður óbreytt frá fjárlögum 1978 60 000 þús. kr., en um skiptingu þessarar fjárveitingar á einstakar framkvæmdir fer eftir ákvörðun fjárveitinganefndar.

798 **Stofnanir afbrigðilegra barna.** Hækkun á þessum lið verður 169 867 þús. kr. sem er verðlagshækkun, eftir að rekstur nokkurra sérdeilda hefur verið fluttur á rekstur grunnskóla.

803 **Dagvistarheimili, stofnkostnaður.** Framlag til byggingar dagvistarheimila hækkar um 50 000 þús. kr. og verður 230 000 þús. kr. Um skiptingu þessa framlags á einstakar framkvæmdir fer eftir ákvörðun fjárveitinganefndar.

872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Framlag hækkar um 826 726 þús. kr. og verður 2 234 861 þús. kr. Er þetta framlag að viðbættri lántökuheimild að upphæð 400 000 þús. kr. við það miðað að lánshlutfall sjóðsins verði 85% af umframfjárþörf.

881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Hækkun á þessum lið er 12 100 þús. kr. og kemur þannig fram: Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum hækkar um 2 100 þús. kr., framlag til hjónagarða, sem var 15 000 þús. kr. í fjárlögum 1978, fellur niður en nýtt viðfangsefni er viðhald stúdentagarðanna 25 000 þús. kr.

976 **Menningarsjóður.** Lækkun á þessum lið, 4 000 þús. kr., stafar af áætlaðri lækkun miðagjalds er rennur í sjóðinn. Miðagjald er áætlað 26 000 þús. kr. á næsta ári.

977 **Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu.** Byggingarframlagið, sem fjármagnað verður með lántöku, lækkar um 20 000 þús. kr. frá fjárlögum 1978 og verður 200 000 þús. kr.

982 **Listir, framlög.** Hækkun á þessum lið er 74 827 þús. kr. og kemur fram á eftirfarandi viðfangsefnum: Launasjóður rithöfunda hækkar um 30 121 þús. kr., Rithöfundasjóður Íslands hækkar um 6 549 þús. kr. og starfslaun listamanna hækka um 4 157 þús. kr. Styrkur til innlendrar kvikmyndagerðar, sem var í fjárlögum 1978 1 000 þús. kr., fellur niður en á móti koma ný viðfangsefni samkvæmt lögum nr. 14/1978, um Kvikmyndasafn Íslands og kvikmyndasjóð. Framlög til kvikmyndasafnsins eru 5 000 þús. kr. og til kvikmyndasjóðs 30 000 þús. kr. Önnur framlög á þessum lið eru óbreytt í krónutölu frá fjárlögum 1978.

983 **Ýmis vísindaleg starfsemi.** Lækkun á þessum lið, 5 300 þús. kr., skýrist af því að lokið er framlengdri tveggja ára áætlun um sérstakar rannsóknir við Kröflu en fjárveiting til þeirra var 6 000 þús. kr. í fjárlögum 1978. Ný viðfangsefni á þessum lið eru Íslensk málnefnd 250 þús. kr., Íslenska stærðfræðifélagið 200 þús. kr. og Hið íslenska náttúrufræðifélag 250 þús. kr., en þau eru flutt að fjárlagalið „02 999 Ýmislegt".

984 **Norræn samvinna.** Liður þessi hækkar um 4 450 þús. kr. Hækkun á hluta Íslands í norrænu menningarfjárlögunum nemur 3 604 þús. kr., annað framlag Íslands til byggingar norræns húss í Þórshöfn verður 1 830 þús. kr. og er það 1 251 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1978. Framlög til viðfangsefnanna norræna vatnafræðifélagið 100 þús. kr. og norræna tölfræðistofnunin 305 þús. kr. falla niður. Önnur framlög á þessum lið eru óbreytt frá fjárlögum 1978.

985 **Félagsheimilasjóður.** Hlutur sjóðsins af áætluðum skemmtanaskatti að frádreginni 10% lækkun er ætlaður 166 500 þús. kr. sem er 31 500 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1978.

991 **Húsfriðunarsjóður** Framlag til sjóðsins hækkar um 5 120 þús. kr. og verður 12 291 þús. kr. en lögum samkvæmt miðast framlagið við ákveðna fjárhæð á hvern íbúa og breytist í samræmi við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar.

999 **Ýmislegt.** Lækkun á þessum lið er 2 150 þús. kr. sem skýrist þannig, að niður fellur 2 100 þús. kr. framlag til byggingar sögualdarbæjar í Þjórárdal, framlög til Íslenskrar málnefndar, til Íslenska stærðfræðifélagsins og Hins íslenska náttúrufræðifélags samtals 650 þús. kr., eru flutt á fjárlagaliðinn „02 983 Ýmis vísindaleg starfsemi". Þá er tekið upp nýtt viðfangsefni, íslenska brúðuleikhúsið, með 600 þús. kr. framlagi. Önnur framlög eru óbreytt frá fjárlögum 1978.

03 Utanríkisráðuneytið

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður eykst um 105 083 þús. kr., þar af við yfirstjórn ráðuneytisins 86 673 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana. Framlög til einstakra verkefna utan yfirstjórnar breytast sem hér segir: Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum eykst um 11 800 þús. kr. og verður 36 300 þús. kr., til upplýsinga- og kynningarstarfsemi er varið 17 160 þús. kr. sem er hækkun um 5 160 þús. kr., hækkun vegna markaðsmála nemur 6 050 þús. kr. og framlag til kjörræðismanna hækkar um 300 þús. kr. Áætlaður kostnaður vegna samninga við erlend ríki lækkar hins vegar um 4 900 þús. kr. sem skýrist af því að kostnaður vegna samninga um landhelgismálið var áætlaður undir þessu viðfangsefni.

201 **Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.** Gjöld hækka um 212 995 þús. kr. Launaliður hækkar um 184 879 þús. kr. sem er um 18 900 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir. Skýringin er annars vegar að nokkru meira launaflokkaskrið varð meðal löggæslumanna miðað við aðra starfshópa í síðustu kjarasamningum og hins vegar vegna samningsbundinna álagsgreiðslna sem ekki var áætlað fyrir í fjárlögum 1978. Önnur rekstrargjöld hækka um 21 806 þús. kr. sem er innan við eðlilegar verðlagshækkanir. Viðhald og stofnkostnaður hækkar samtals um 6 310 þús. kr. og verður 12 315 þús. kr. og er þessi hækkun m. a. til lagningar hitaveitu í húsnæði embættisins. Að öðru leyti er um eðlilegar hækkanir á þessum liðum að ræða. Þá eru sértekjur embættisins hækkaðar um 8 500 þús. kr.

301—313 **Sendiráðin.** Heildarkostnaður við sendiráðin eykst um 383 819 þús. kr. Launaliður hækkar um 201 955 þús. kr. Grunnkaupshækkanir flutningsskyldra starfsmanna eru 6 250 þús. kr. en að öðru leyti stafar launahækkunin af gengisbreytingum. Önnur rekstrargjöld hækka um 158 187 þús. kr., nær eingöngu gengisáhrif, en þar af eru 38 987 þús. kr. fært á sérstakan fjárlagalið, sendiráð almennt, vegna ýmissa óvissuþátta sem eru í sérstakri athugun. Gert er ráð fyrir að úr þessum atriðum verði skorið áður en frumvarpið verður endanlega afgreitt. Viðhaldsliður hækkar um 10 517 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 13 160 þús. kr.

399 **Ýmis utanríkismál.** Sú 400 þús. kr. hækkun sem fram kemur á þessum fjárlagalið er vegna aukins framlags til Félags Sameinuðu þjóðanna.

401 **Alþjóðastofnanir.** Hækkun framlaga til alþjóðastofnana er 73 919 þús. kr. Er þá tekið tillit til að stofnfjárframlag til Alþjóðabankans fellur niður en það

var 90 000 þús. kr. í fjárlögum 1978. Yfirgnæfandi flest framlögin eru bundin í dollurum og er hækkunin því fyrst og fremst vegna áhrifa gengisbreytinga. Ný framlög eru til Neyðarhjálparstofnunar S. þ. 260 þús. kr., til Kvennaáratugarsjóðs S. þ. 520 þús. kr. og til alþjóðaárs barnsins 650 þús. kr.

04 Landbúnaðarráðuneytið

101 **Aðalskrifstofa.** Auk eðlilegra launa- og verðlagshækkana, 29 507 þús. kr., er sérstök fjárveiting, 7 500 þús. kr., til athugunar á skipulagsmálum og til stefnumörkunar í landbúnaði. Heildarhækkun er því 37 007 þús. kr.

171 **Jarðeignir ríkisins.** Framlögin óbreytt í krónum talið frá fjárlögum 1978, 41 650 þús. kr.

172 **Jarðasjóður.** Lögbundið framlag til Jarðasjóðs er skert um 10% eða 1 200 þús. kr. og verður 10 800 þús. kr.

206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Framlag hækkar um 148 405 þús. kr., þar af hækkar launaliður um 80 449 þús. kr. vegna eðlilegra launahækkana. Rekstrargjöld, viðhald og stofnkostnaður hækka um 54 852 þús. kr., þar af hækka verðbætur á landgræðsluáætlun um 19 022 þús. kr. og nýtt viðfangsefni — sérstök þróunarverkefni — nemur 5 500 þús. kr. Þá hækka sértekjur stofnunarinnar um 2 000 þús. kr. og verða 13 000 þús. kr. Framlög til tilraunastöðvanna hækka um 15 104 þús. kr. og verða 122 379 þús. kr. Er skipting þeirra sem hér segir í þús. kr.:

Hestur	25 163
Reykhólar	12 998
Möðruvellir	39 243
Skriðuklaustur	28 513
Sámsstaðir	16 462
Samtals	122 379

Af fjárveitingunni til Hestbúsins fara 3 000 þús. kr. til tækjakaupa en 22 163 þús. kr. er rekstrarfjárveiting. Á Reykhólum eru 11 248 þús. kr. af framlaginu vegna rekstrar en til fjárfestingar í tækjakaupum eru áætlaðar 1 750 þús. kr. Heildarfjárfesting á Möðruvöllum verður 17 250 þús. kr., þar af til framhalds fjósbyggingar 10 000 þús. kr. og 7 250 þús. kr. til tækjakaupa en að öðru leyti er um rekstrarfjárveitingu að ræða. Af framlagi til Skriðuklausturs fara 23 113 þús. kr. til rekstrar en fjárfesting verður 5 400 þús. kr. til kaupa á dráttarvél, til lokagreiðslu vegna bifreiðakaupa auk minni háttar tækjakaupa. Á Sámsstöðum er ráðgert að verja fjárfestingarframlaginu, 4 700 þús. kr., til kaupa á dráttarvél, sláttuþyrlu og sláttuvél.

231 **Skógrækt ríkisins.** Framlag hækkar um 101 972 þús. kr., þar af verðtrygging landgræðsluáætlunar 37 136 þús. kr., sérstök fjárveiting 600 þús. kr. er til að safna borsýnum úr trjám og mæla árhringi en að öðru leyti er hækkun rekstrarkostnaðar í samræmi við eðlilegar launa- og verðlagshækkanir. Með hliðsjón af reikningstölum 1977 eru tekjur stofnunarinnar áætlaðar 55 000 þús. kr. sem er 30 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1978.

235 **Landgræðsla ríkisins.** Hækkun á framlagi til landgræðslunnar er 227 089 þús. kr., þar af verðtrygging landgræðsluáætlunar 173 794 þús. kr., launa- og verðlagshækkanir 63 292 þús. kr. og stofnkostnaðaraukning utan landgræðsluáætlunar 25 003 þús. kr. Sú hækkun skýrist af auknu framlagi til byggingar starfsmannahúss sem verður 42 000 þús. kr. Með hliðsjón af reikningstölum 1977

eru sértekjur stofnunarinnar áætlaðar 60 000 þús. kr. sem er 35 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1978. Tekin er nú upp í fyrsta sinn viðfangsefnaskipting á þessum fjárlagalið og er skipting fjárveitingarinnar, sem er 715 233 þús. kr., á einstök viðfangsefni sem hér segir: Yfirstjórn 54 748 þús. kr., almenn landgræðsla 38 463 þús. kr., landgræðsluverðir 11 633 þús. kr., rekstur flugvéla 35 730 þús. kr., búrekstur 22 314 þús. kr. og landgræðsluáætlun 552 335 þús. kr.

241 **Landnám ríkisins.** Fram kemur lækkun á þessum lið 38 818 þús. kr. sem skýrist af því að niður er fellt framlag til grænfóðurverksmiðja sem er 47 848 þús. kr. í fjárlögum 1978. Ennfremur fellur niður framlag til Inn-Djúpsáætlunar 7 000 þús. kr. en þeirri áætlun er lokið. Framlög til byggingar íbúðarhúsa hækka um 5 000 þús. kr. og til skipulagningar um 1 500 þús. kr. Rekstrarfjárveiting hækkar um 9 530 þús. kr. sem er vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana.

271 **Landgræðslusjóður.** Framlag til sjóðsins er óbreytt frá fjárlögum 1978 19 380 þús. kr. Er hér um að ræða hluta vindlingagjalds er rennur í sjóðinn.

272 **Einangrunarstöð holdanauta.** Framlagið lækkar um 1 106 þús. kr. frá fjárlögum 1978, enda er að mestu lokið uppbyggingu stöðvarinnar og fjárfestingarframlag, sem var 6 900 þús. kr., fellur niður.

286 **Landbúnaður, framlög.** Á þessum lið kemur fram 4 500 þús. kr. lækkun, sem er 10% skerðing á framlögum, annars vegar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins 3 400 þús. kr. og hins vegar Veðdeildar Búnaðarbankans 1 100 þús. kr. Önnur framlög eru óbreytt.

287 **Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Framlagið, sem er lögbundið, hækkar um 152 800 þús. kr. og verður 643 500 þús. kr. en hefur þá verið skert um 10%.

288 **Jarðræktarframlög.** Framlag til jarðræktarframlaga hækkar um 233 304 þús. kr. og skiptist hækkunin þannig: Laun héraðsráðunauta og ferðakostnaður þeirra, hvort tveggja lögbundnar greiðslur úr ríkissjóði, hækkar um 43 304 þús. kr. sem eru eðlilegar launa- og verðlagshækkanir. Jarðræktarframlögin eru áætluð 990 000 þús. kr. og hækka um 190 000 þús. kr. frá fjárlögum 1978. Skiptist hækkunin sem hér segir: Plógræsi 5 000 þús. kr., önnur jarðrækt 109 000 þús. kr. og byggingarframkvæmdir 89 000 þús. kr. en framlag til vatnsveitna lækkar um 13 000 þús. kr.

289 **Framræsla.** Framræsluframlögin hækka um 85 000 þús. kr. og verða 260 000 þús. kr., þar af er flýtigreiðsla 45 000 þús. kr.

290 **Útflutningsuppbætur.** Gert er ráð fyrir samtals 5 337 000 þús. kr. útgjöldum vegna útflutningsuppbóta, þar af 537 000 þús. kr. sem áætlað er að þær fari fram úr fjárlagatölu 1978 og greiðist af fjárveitingu næsta árs. Þá felur fjárveitingin í sér 300 000 þús. kr. vegna verðjöfnunargjalds bænda (1 000 þús. kr. greiðast árið 1978) og 4 500 þús. kr. eru áætlaðar útflutningsuppbætur vegna framleiðsluársins 1978/79. Er það byggt á áætlun Hagstofu Íslands frá s. l. sumri en reynist sú áætlun of lág, þrátt fyrir mikla aukningu niðurgreiðslna innanlands og gengisfellingu, er gert ráð fyrir að það sem á kynni að vanta verði tekið á fjárlög 1980, á sama hátt og nú er gert.

299 **Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála.** Lækkun sem fram kemur á þessum lið, 25 910 þús. kr., skýrist af því að niður er felld fjárveiting til Laxastiga í Laxá S-Þing. sem er 40 000 þús. kr. í fjárlögum. Verðbætur á landgræðsluáætlun hækka um 14 090 þús. kr. en önnur framlög eru óbreytt.

501 **Bændaskólinn á Hvanneyri.** Síðustu ár hefur verið nokkurt ósamræmi á milli niðurstöðu rekstrarreiknings skólans og fjárlaga, bæði hvað snertir útgjöld og

tekjur. Þetta er nú reynt að lagfæra sem leiðir til þess að hlutfallsleg aukning útgjalda og sértekna er nokkru hærri en verðlagshækkanir segja til um. Framlag til stofnunarinnar hækkar um 109 164 þús. kr. og skiptist þannig: Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 99 914 þús. kr. sem er 20 391 þús. kr. umfram eðlilegar verðlags- og launahækkanir og er skýringuna að finna hér að framan. Viðhald hækkar um 5 600 þús. kr. og verður 17 000 þús. kr. Þá eru sértekjur skólans hækkaðar um 32 190 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag hækkar um 3 650 þús. kr. og er hækkunin öll vegna véla- og verkfærakaupa. Skipting stofnkostnaðar, sem verður 66 500 þús. kr., skiptist þannig í þús. kr.

Lúkning starfsmannaálmu	30 000
Endurbætur á skólastjórabústað	15 000
Lóðir og lagnir	3 000
Brunavarnir	2 500
Tækjakaup	9 500
Ósundurliðað	6 500
Samtals	66 500

502 **Bændaskólinn á Hólum.** Hækkun á framlagi til skólans er 28 080 þús. kr. Laun og rekstrargjöld hækka um 34 830 þús. kr. sem eru eðlilegar launa- og verðlagshækkanir. Stofnkostnaðarframlag verður 18 350 þús. kr. og hækkar um 250 þús. kr. frá fjárlögum 1978. Þar af fara 17 100 þús. kr. til að halda áfram framkvæmdum við byggingu hesthúss og til lagningar hitaveitu en 1 250 þús. kr. eru ætlaðar til tækjakaupa. Þá eru sértekjur skólans hækkaður um 7 000 þús. kr.

503 **Garðyrkjuskólinn á Reykjum.** Fram kemur 44 593 þús. kr. hækkun á þessum lið, þar af er hækkun rekstrarkostnaðar og viðhalds 37 523 þús. kr. Er það 3 000 þús. kr. umfram eðlilegar launa- og verðlagshækkanir og er sérstök fjárveiting til að skera úr um arðsemi ylræktar í stórum stíl. Áætlað er að sértekjur skólans hækki um 5 300 þús. kr. og verði 11 300 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag hækkar um 12 370 þús. kr. og verður 35 370 þús. kr. sem varið verður til að halda áfram þeim framkvæmdum sem nú er unnið að, þ. e. heimavistarálmu og anddyri.

05 Sjávarútvegsráðuneytið

101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun nemur 41 492 þús. kr., þar af ráðning aðstoðarmanns ráðherra 3 347 þús. kr. en að öðru leyti er um að ræða eðlilegar hækkanir.

203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Af heildarhækkun fjárveitingarinnar, 81 139 þús. kr., eru 5 008 þús. kr. vegna ráðningar útibússtjóra að útibúi stofnunarinnar á Akureyri. Aðrar hækkanir eru í samræmi við launa- og verðlagshækkanir.

215 **Framleiðslueftirlit sjávarafurða.** Niðurstaða reikninga stofnunarinnar, a. m. k. tveggja síðustu ára, leiða í ljós að rekstrarkostnaður hefur verið mun hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þess vegna var nú við ákvörðun fjárveitingar til Framleiðslueftirlitsins höfð hliðsjón af reikningstölum fyrir árið 1977 og fjárveitingin hækkuð frá fjárlagatölu 1978 um 28 000 þús. kr. umfram eðlilegar launa- og verðlagshækkanir. Fjárveitingin verður í heild 430 415 þús. kr. sem er 184 342 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1978.

274 **Aflatryggingasjóður.** Mótframlag ríkissjóðs til almennu deildar sjóðsins hækkar um 205 800 þús. kr. og verður 480 300 þús. kr. Fast framlag til togaradeildar, sem verið hefur 2 500 þús. kr. samkvæmt lögum nr. 77/1962, fellur nú niður.

275 **Fiskveiðasjóður.** Framlag til Fiskveiðasjóðs, sem verið hefur á fjárlagalið „Ýmislegt á sviði sjávarútvegs“, er nú sérstakur fjárlagaliður. Hækkun á framlag-

inu er 472 500 þús. kr. og verður 1 275 500 þús. kr. Skerðing um 10% á sér stað frá ákvæðum laga nr. 5/1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, í samræmi við meginforsendur frumvarpsins.

299 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Fram kemur lækkun á þessum lið sem nemur 770 539 þús. kr. og vegur þar þyngst, eins og áður er frá greint, að framlag til Fiskveiðasjóðs, 803 000 þús. kr. í fjárlögum 1978, er fært á sérstakan fjárlagalið. Hækkun annarra framlaga er því 32 461 þús. kr. og skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Rekstrarkostnaður veiðieftirlits 26 253 þús. kr., verðuppbætur á línufisk 20 000 þús. kr., eftirlit með hvalvinnslustöðvum 108 þús. kr., en framlag til Vátryggingasjóðs fiskiskipa lækkar um 13 900 þús. kr. og verður 136 100 þús. kr. Er það lokagreiðsla á halla Vátryggingasjóðs eftir „eldra kerfi" samkvæmt ríkisstjórnarákvörðun frá árinu 1976.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður eykst um 47 397 þús. kr., þar af 2 000 þús. kr. vegna nýskipaðrar náðananefndar og 2 215 þús. kr. vegna ráðningar aðstoðarmanns ráðherra. Með hliðsjón af reikningstölum 1977 verður nokkur aukning á yfirvinnu, eða um 5 500 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launa- og verðlagshækkanir, eða samtals 37 682 þús. kr.

201 **Hæstiréttur.** Hækkun á þessum lið verður 27 563 þús. kr. frá fjárlögum 1978. Laun hækka um 8 168 þús. kr., eingöngu vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 14 195 þús. kr., sem er 6 500 þús. kr. umfram verðlagshækkanir og er það vegna útgáfu dómasafns ásamt registrum. Þá hækkar viðhald um 4 100 þús. kr. og verður 5 000 þús. kr. vegna viðgerða á dómhúsi Hæstaréttar og endurbóta á húsnæði dómsins. Stofnkostnaður hækkar um 1 600 þús. kr. og verður 2 000 þús. kr. varið til endurnýjunar á skrifstofubúnaði og til bókakaupa. Sértekjur hækka um 500 þús. kr.

206 **Lögreglustjórinn í Reykjavík.** Kostnaður við lögreglustjóraembættið eykst um 750 227 þús. kr. og verður 2 021 531 þús. kr. Útgjaldahækkunin skýrist þannig: Launagjöld hækka alls um 693 223 þús. kr. sem eru eðlilegar launahækkanir. Hækkun annarra rekstrarliða er 116 668 þús. kr. og gjaldfærðs stofnkostnaðar 5 396 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður alls 35 650 þús. kr. en þar af verður varið 15 000 þús. kr. til áframhalds undirbúningi framkvæmda við lögreglustöð í Breiðholti. Eigin tekjur embættisins hækka um 65 060 þús. kr. og verða 75 128 þús. kr.

207 **Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík.** Framlag lækkar um 7 220 þús. kr. og verður 2 280 þús. kr. Er það til að ljúka frágangi á þaki og til greiðslu uppsetningar á lyftu.

208 **Rannsóknarlögregla ríkisins.** Auk eðlilegra launa- og verðlagshækkana, 134 415 þús. kr., er gert ráð fyrir ráðningu skrifstofumanns, 2 793 þús. kr., og ennfremur stöðum þriggja rannsókarlögreglumanna, 8 332 þús. kr., sem samþykktar hafa verið af fjárveitinganefnd. Er heildarhækkun þannig 145 540 þús. kr.

211—237 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Heildarhækkun framlaga er 1 154 405 þús. kr. frá fjárlögum 1978 eða 59,5% og verður heildarkostnaður 3 092 978 þús. kr. Launaliður verður 2 414 585 þús. kr. sem er hækkun um 970 599 þús. kr. Í fjárlögum 1978 var sérstakur fjárlagaliður „Dóm- og löggæsla" til þess að mæta kostnaði við ráðningu nýrra starfsmanna á sviði dóm- og löggæslu. Fjárveitinganefnd hefur skipt þessari fjárveitingu og ákveðið eftirfarandi nýjar stöður (fjárhæðir í þús. kr.):

Akranes, lögreglumaður	2 793
Sauðárkrókur, lögreglumaður	2 712
Selfoss, lögreglumaður	2 712
Keflavík, lögreglumaður	2 712
Kópavogur, löglærður fulltrúi	3 815
Samtals	14 744

Þá hefur Ráðninganefnd samþykkt stöður innheimtustjóra á Akureyri, 3 886 þús. kr., og ½ stöðu bókara á Hvolsvelli, 1 669 þús. kr. Þá er sérstök fjárveiting á fjárlagalið „06 211 Embætti sýslumanna- og bæjarfógeta" 6 694 þús. kr., sem ætluð er til lausráðningar starfsmanns er hefði það verkefni að vinna að bættu skipulagi og auknu aðhaldi við sýslumannsembætti. Ákveðið hefur verið að setja yfirvinnu takmörk hjá sýslumanns- og bæjarfógetaembættum og hefur áætlun um yfirvinnulaun verið lækkuð um 125 000 þús. kr. miðað við eðlilegar launahækkanir. Aðrir rekstrarliðir en laun hækka um 168 792 þús. kr. og verða 546 301 þús. kr. Hækkunin er nokkuð innan við eðlilegar verðlagshækkanir. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 22 926 þús. kr. og verður 161 762 þús. kr. Helstu framkvæmdaframlög eru til Borgarness 35 000 þús. kr. til að halda áfram framkvæmdum við byggingu nýrrar lögreglustöðvar og sýsluskrifstofu, til Stykkishólms 6 500 þús. kr. til útborgunar á kaupverði á íbúðarhúsi sem keypt var til afnota fyrir sýslumann, á Grundarfirði verður 1 500 þús. kr. varið til að lagfæra húsnæði lögreglu, til byggingar lögreglustöðvar á Bolungavík 13 500 þús. kr., bygging skrifstofuhúss á Eskifirði 30 000 þús. kr., 2 000 þús. kr. eru ætlaðar til breytinga á fangahúsi í Vestmannaeyjum, stofnkostnaður í Keflavík verður 43 300 þús. kr., þar af 35 100 þús. kr. til byggingar lögreglustöðvar. Þá eru ýmsar smærri framkvæmdir, samtals 29 962 þús. kr. Sértekjur embættanna hækka um 7 912 þús. kr. og verða alls 29 700 þús. kr.

241 **Hegningarhús.** Framlag til Hegningarhúss verður 75 067 þús. kr. og er það hækkun um 29 791 þús. kr. sem skýrist þannig: Laun hækka um 23 006 þús. kr., þar af 2 000 þús. kr. vegna aukinnar yfirvinnu, en að öðru leyti er um að ræða almennar launahækkanir. Þá hækka önnur rekstrargjöld um 6 785 þús. kr., þar af eru 2 100 þús. kr. vegna breytinga á skipan mötuneytis fanga. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður verður óbreytt frá fyrra ári.

242 **Vinnuhælið á Litla-Hrauni.** Framlag hækkar um 111 979 þús. kr. sem skiptist þannig: Laun hækka um 95 754 þús. kr., þar af eru 25 000 þús. kr. vegna aukinnar yfirvinnu- og álagsgreiðslna sem er til komin vegna nauðsynjar á aukinni gæslu. Þá hækkar lækniskostnaður um 1 200 þús. kr. Rekstrargjöld hækka um 28 025 þús. kr., viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður samtals um 2 700 þús. kr. Á móti þessum hækkunum koma hækkaðar sértekjur um 14 500 þús. kr.

251 **Landhelgisgæslan.** Heildarkostnaður er áætlaður 2 725 870 þús. kr. eða hækkun um 837 279 þús. kr. Miðast áætlunin við óbreytt umfang starfseminnar.

252 **Bifreiðaeftirlit.** Kostnaður við starfsemi bifreiðaeftirlits er áætlaður 428 073 þús. kr. án tillits til eigin tekna stofnunarinnar. Útgjöld aukast því um 177 005 þús. kr. eða 70,5%, þar af laun 121 656 þús. kr., rekstrargjöld, 44 359 þús. kr., viðhald 1 720 þús. kr. og stofnkostnaður 9 270 þús. kr. Í þessu frumvarpi er annars vegar fylgt markaðri stefnu frá 1977 um fjármögnun starfseminnar og hins vegar að sértekjur stofnunarinnar og innheimt gjöld af bifreiðaeigendum í ríkissjóð jafngildi kostnaði við starfsemi bifreiðaeftirlitsins. Tekjur og gjöld eru sýnd í eftirfarandi yfirliti:

Gjaldahlið:		Tekjuhlið:	
Laun	282 215	Skráningargjald	250 000
Önnur rekstrargjöld	116 868	Skoðunargjald	80 000
Viðhald	4 720	Prófgjald bifreiðarstjóra	27 252
Gjaldfærður stofnkostnaður	24 270	Sértekjur stofnunar	70 821
Samtals	428 073		428 073

Þess skal getið að gjöld vegna skráningar, skoðunar og prófa bifreiðarstjóra eru innheimt í ríkissjóð.

254 **Sjómælingar og sjókortagerð.** Framlag til stofnunarinnar verður 75 762 þús. kr. og er hækkun milli ára 28 866 þús. kr. Laun, önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 33 566 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra launa- og verðlagshækkana. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 1 700 þús. kr. og verður 4 300 þús. kr. Þessi lækkun er vegna þess að veittar voru 6 000 þús. kr. á fjárlögum fyrir árið 1978 til kaupa á staðsetningartæki og verður fjárveitingin núna lokagreiðsla á tækinu. Þá hækka sértekjur stofnunarinnar um 3 000 þús. kr.

281 **Dómsmál, ýmis kostnaður.** Hækkun á þessum lið er 42 094 þús. kr. sem skiptist þannig: Málskostnaður 27 309 þús. kr., útgáfa lagasafns — nýtt viðfangsefni — 755 þús. kr., meðdómsmenn 4 646 þús. kr., setu- og varadómarar 3 888 þús. kr. og aðrir liðir 5 496 þús. kr.

282 **Ýmis löggæslukostnaður.** Framlag hækkar um 33 506 þús. kr., þar af héraðslögregla 6 339 þús. kr., til kaupa á lögreglubifreiðum 16 000 þús. kr. og ýmis löggæslukostnaður 11 167 þús. kr.

283 **Fangamál, ýmis kostnaður.** Hækkun á þessum lið er 14 390 þús. kr. og skiptist þannig: Fangahjálp 2 400 þús. kr. sem er styrkur til Verndar til húsakaupa, sjúkrakostnaður refsifanga 10 200 þús. kr., námskeið fangavarða 498 þús. kr. og geðlækninga- og sálfræðiþjónusta við refsifanga 1 292 þús. kr. Framlag til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla er óbreytt frá fjárlögum 1978, 100 000 þús. kr.

301 **Þjóðkirkjan.** Framlag til Þjóðkirkjunnar hækkar samtals um 309 888 þús. kr., þar af er launahækkun 248 634 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra launahækkana. Þá hækka önnur rekstrargjöld um 45 904 þús. kr., þar af er 3 500 þús. kr. hækkun til presta og prófasta sem er vegna samningsbundinna greiðslna svo sem aksturssamninga, dvalarkostnaðar og embættisferða innan prófastsdæmis. Viðhald hækkar um 17 900 þús. kr. og verður 51 600 þús. kr. sem skiptist þannig: Viðhald embættisbústaða 50 000 þús. kr., yfirstjórn 1 000 þús. kr. og biskupsbústaður 600 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 38 900 þús. kr. sem er 900 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1978. Upp í þessar hækkanir koma nú sértekjur af æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar 7 000 þús. kr. Þá hækka framlög til einstaklinga og samtaka um 3 550 þús. kr. Framlög til viðfangsefna sem hækka mest frá fjárlögum 1978 eru þessi: Yfirstjórn hækkar um 13 332 þús. kr. vegna launa- og verðlagshækkana, þá hækkar viðfangsefnið prestar og prófastar um 266 798 þús. kr. sem er eingöngu vegna umsaminna taxtahækkana. Önnur viðfangsefni hækka samtals um 29 758 þús. kr.

371 **Kirkjubyggingasjóður.** Framlag lækkar um 1 500 þús. kr. og verður alls 13 500 þús. kr. sem er almenn 10% skerðing á framlögum til fjárfestingarsjóða.

07 Félagsmálaráðuneytið

101 **Félagsmálaráðuneytið, aðalskrifstofa.** Útgjöld vegna skrifstofunnar nema alls 67 274 þús. kr. og er það 31 297 þús. kr. aukning frá fjárlögum. Launaútgjöld aukast um 25 500 þús. kr., að hluta vegna hálfrar stöðu aðstoðarmanns ráðherra og að hluta vegna hækkunar á öðrum launum í samræmi við reikningsniðurstöður auk eðlilegra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 5 597 þús. kr. vegna verðlagsbreytinga og viðhald um 200 þús. kr.

271 **Húsnæðismálastofnun ríkisins.** Hækkun framlaga til stofnunarinnar nemur samtals 1 351 700 þús. kr. eða 28,2% og verða þau alls 6 140 700 þús. kr. Í samræmi við forsendur frumvarpsins eru eftirtaldir tekjustofnar stofnunarinnar skertir um 10%. Framlag skv. lögum nr. 30/1970 lækkar um 7 500 þús. kr. og verður 67 500 þús. kr., framlag til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis lækkar um 1 800 þús. kr. og verður 16 200 þús. kr., launaskattur hækkar þrátt fyrir skerðingu um 1 237 000 þús kr. eða 28,5% og verður alls 5 580 000 þús. kr. og byggingarsjóðsgjöld af tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum hækka um 124 000 þús. kr. eða 35,1% og verða alls 477 000 þús. kr.

272 **Byggingarsjóður verkamanna.** Framlag lækkar um 3 000 þús. kr. og verður 297 000 þús. kr. Lækkunin er í samræmi við forsendur frumvarpsins um lækkun framlaga til fjárfestingarsjóða.

301 **Skipulagsstjóri.** Hækkun útgjalda nemur 58 000 þús. kr. vegna eðlilegra launa og verðlagsbreytinga en eins og áður eru útgjöld embættisins áætluð jöfn lögbundnum framlögum. Samkvæmt lögum nr. 42/1974 er skylt að greiða árlega úr ríkissjóði til framkvæmda skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs. Auk þess rennur til embættisins skipulagsgjald sem er markaður tekjustofn.

302 **Embætti ríkissáttasemjara.** Embætti ríkissáttasemjara var stofnað með lögum nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum. Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða en á móti fellur niður viðfangsefnið „sáttanefndir í vinnudeilum“ á lið 981, vinnumál. Útgjöld vegna embættisins eru áætluð alls 24 926 þús. kr., þar af laun 21 032 þús. kr. vegna stöðu ríkissáttasemjara, fulltrúa og skrifstofumanns. Rekstrargjöld eru áætluð 3 894 þús. kr.

371 **Lánasjóður sveitarfélaga.** Framlag hækkar um 39 600 þús. kr. eða 35,2% og nemur alls 152 100 þús. kr. Framlagið hefur þá verið lækkað í samræmi við forsendur frumvarpsins um framlög til fjárfestingarsjóða. Samkvæmt núgildandi lögum skal árlegt framlag ríkissjóðs eigi vera lægra en 2½% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sama ár.

399 **Vatnsveitur.** Framlag til vatnsveitna er alls 65 000 þús. kr. og er það 15 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1978.

971 **Erfðafjársjóður, framlag.** Framlag til sjóðsins hækkar um 54 000 þús. kr. frá fjárlögum en framlagið er skert um 10% í samræmi við frumvarpsforsendur.

972 **Biargráðasjóður.** Framlag ríkissjóðs hækkar um 12 100 þús. kr. og verður 83 700 þús. kr. þegar tillit hefur verið tekið til 10% lækkunar eins og til annarra fjárfestingarsjóða. Framlag til sjóðsins er lögbundið og er annars vegar 50 kr. á hvern íbúa landsins og hins vegar 0,35% af söluvörum landbúnaðarins. Framlag sveitarfélaga til sjóðsins nemur jafnhárri upphæð.

975 **Styrktarsjóður vangefinna.** Tekjur sjóðsins eru markaðar og eru hluti af vörugjaldi. Framlagið nemur 150 000 þús. kr. og er það sama fjárhæð og í fjárlögum 1978. Rétt er að geta að ákvæði laga nr. 83/1977, um breytingu á lögum nr. 97/1971 um vörugjald, þar sem kveðið er á um framlag ríkissjóðs til Styrktarsjóðs vangefinna, gildir aðeins til ársloka 1978.

981 **Vinnumál.** Þessi liður hækkar um 4 760 þús. kr. og skýrist hækkunin þannig: Framlag til sáttanefnda í vinnudeilum 9 728 þús. kr. í fjárlögum 1978 fellur niður, sbr. athugasemd við lið 07-302, framlag til félagsdóms hækkar um 888 þús. kr. og ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota hækkar um 6 000 þús. kr. í ljósi raunverulegra útgjalda ársins 1978. Þá bætist við nýtt viðfangsefni, stuðningur við samtök vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi, 7 600 þús. kr.

999 **Ýmis framlög.** Framlög á þessum lið hækka um 55 465 þús. kr., þar af framlag til Slysavarnarfélags Íslands vegna tilkynningarskyldu skipa 11 265 þús. kr., meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga 3 500 þús. kr. og meðlög samkvæmt lögum nr. 87/1947 35 000 þús. kr. Framlag til styrktarfélags lamaðra og fatlaðra lækkar um 1 600 þús. kr. og verður 2 400 þús. kr. sem er gjald af seldum eldspýtum. Framlag til talbókagerðar fyrir blinda og sjónskerta 1 200 þús. kr. fellur niður enda var um að ræða fjárveitingu til eins árs. Þá er tekið upp nýtt viðfangsefni, vegna tjóns af náttúruhamförum í Norður-Þingeyjarsýslu 8 500 þús. kr., og er það gert í samræmi við mat á skemmdum vegna náttúruhamfara.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

271 **Tryggingastofnun ríkisins.** Framlög á þessum lið renna til slysatrygginga, lífeyristrygginga og sjúkratrygginga. Í eftirfarandi yfirliti eru niðurstöður allra tryggingaþátta dregnar saman og hækkunin frá fjárlögum 1978 sýnd:

Almannatryggingar 1978 og 1979
(Í millj. kr.)

	Fjárlög 1978	Frumvarp 1979	Hækkun
Slysatryggingar	937	1 584	647
Lífeyristryggingar	19 721	25 024	5 303
(Þar af atvinnurekendur)	(2 761)	(3 504)	(743)
Sjúkratryggingar	13 227[1])	21 395[1])	8 168
Samtals	33 885	48 003	14 118
Hlutur ríkissjóðs	30 187	42 915	12 728
Hlutur atvinnurekenda	3 698	5 088	1 390

[1]) Þ. e. áætlað framlag ríkissjóðs á árinu.

Framlög til almannatrygginga hækka samkvæmt yfirlitinu um 14 118 m.kr. og koma af þeirri fjárhæð 12 728 m.kr. í hlut ríkissjóðs og 1 390 m.kr. í hlut atvinnurekenda. Heildarlækkun nemur 41,7%. Kostnaður við lífeyristryggingar og framlög ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum 1978 og frumvarpi 1979 eru sýnd í eftirfarandi yfirliti:

Lífeyristryggingar 1978 og 1979
(Í millj. kr.)

	Fjárlög 1978	Frumvarp 1979	Hækkun
Ellilífeyrir	10 144	12 970	2 826
Tekjutrygging	4 562	5 775	1 213
Uppbót á lífeyri	840	1 140	300
Heimilisuppbót	494	652	158
Örorkustyrkur	722	1 026	304
Barnalífeyrir	826	968	142
Mæðralaun	570	777	207
Fæðingarstyrkur	444	–	÷444
Ekkjubætur og lífeyrir	514	880	366
Bætur samtals	19 116	24 188	5 072
Kostnaður	223	346	123
Til varasjóðs	382	490	108
Gjöld samtals	19 721	25 024	5 303
Hlutur ríkissjóðs	16 960	21 520	4 560
Hlutur atvinnurekenda	2 761	3 504	743

Heildaraukning kostnaðar við lífeyristryggingar er þannig 5 303 m.kr. eða 26,9% frá fjárlögum 1978. Þar af koma 4 560 m.kr. í hlut ríkissjóðs og 743 m.kr. í hlut atvinnurekenda. Ástæður útgjaldabreytinga vegna lífeyristrygginganna, auk fjölgunar bótaþega í hverjum bótaflokki, eru í stórum dráttum tvær. Í fyrsta lagi hafa orðið bótahækkanir frá samþykkt síðustu fjárlaga, þ. e. 5,5% í mars (7,5% vegna tekjutryggingar) 15,0% 1. júní og 8,0% 1. september. Auk þess er áætlað fyrir bótahækkunum í samræmi við forsendur um hækkun launa 7,5% 1. desember n. k. Í öðru lagi lækka útgjöld vegna niðurfellingar fæðingarstyrks úr lífeyristryggingunum, þ. e. 444 m.kr. í fjárlögum 1978. Með lögum nr. 59/1978, um breyting á lögum um almannatryggingar, er m. a. sú breyting gerð að fæðingarstyrkur fellur niður sem einn liður lífeyristrygginganna. Þess í stað er gert ráð fyrir að kostnaður vegna fæðinga á sjúkrastofnunum og í heimahúsum greiðist af sjúkratryggingunum.

Framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginga á árinu 1979 nema alls 21 395 m.kr. Hækkun einstakra liða er eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

Sjúkratryggingar 1978 og 1979
(Í millj. kr.)

	Fjárlög 1978	Frumvarp 1979	Hækkun
Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum	11 018	16 925	5 907
Læknishjálp	920	1 455	535
Lyf	1 170	2 370	1 200
Dagpeningar	605	1 062	457
Tannlækningar	447	790	343
Ýmis sjúkrakostnaður	890	1 340	450
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	223	380	157
Til varasjóðs	76	120	44
Samtals	15 349	24 442	9 093
Útgjaldahluti ríkissjóðs	13 584	21 630	8 046
Framlag ríkissjóðs á árinu	13 227	21 395	8 168

Af heildarútgjöldum vegna sjúkratrygginga nemur framlag ríkissjóðs 88,5% og hlutur sveitarfélaga 11,5%. Hækkun framlags ríkissjóðs frá fjárlögum 1978 er 8 168 m.kr. eða 61,7%. Um hækkanir einstakra liða sjúkratrygginga er þetta að segja: Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum hækka um 5 907 m.kr. frá síðustu fjárlögum. Hækkunin skýrist þannig í megindráttum: Taxtar grunndaggjalda hækkuðu á árinu 1978 um 9,5% 1. mars, 12,5% 1. júní, 7,9% 1. júlí og 9,3% 1. september. Þá er áætlað að þeir hækki um 7,5% 1. desember og er það í samræmi við launaforsendur frumvarpsins og hækkun rekstrarkostnaðar til áramóta. Tillit er tekið til rekstrarbreytinga áranna 1976 og 1977, sem komu til leiðréttingar á síðari hluta árs 1978, og skýrir það 7,9% hækkun daggjaldataxta 1. júlí. Um 255 m.kr. þessarar rekstrarbreytingar, sem fyrirhugað var að bæta 1978, greiðist væntanlega með halladaggjöldum á árinu 1979. Að lokum er þess að geta að úr daggjöldum fyrir árið 1979 hafa verið felldar 600 m.kr. vegna laga nr. 57/1978, en þar er gert ráð fyrir að viðhald sjúkrahúsa greiðist að jöfnu af ríki og sveitarfélögum og að til þess komi bein fjárveiting á fjárlögum. Sú fjárveiting verður 300 m.kr. og er færð á lið 08-381. Útgjöld vegna læknishjálpar aukast um 535 m.kr. og vegna lyfja um 1 200 m.kr. og skýrist hækkunin að hluta af magnaukningu og verðlagshækkunum. Sérstök athugun, sem gerð var á miðju ári 1978, bendir til vanáætlunar þessara liða í fjárlögum 1978 og er það nú leiðrétt. Áætlunin er við það miðuð að þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði og kostnaði vegna sérfræðiþjónustu aukist sem nemur 940 m.kr. Í fjárlögum 1978 var einnig gert ráð fyrir hliðstæðri hækkun en hún hefur ekki komið til framkvæmda þegar frumvarp þetta er samið. Um aðra liði áætlunarinnar er það að segja að þeir hækka yfirleitt í samræmi við hækkun verðlags og líklega magnaukningu. Loks skal þess getið að mismunur útgjaldahluta og framlags ríkissjóðs stafar af því að ávallt færist eitthvað yfir áramót af greiðslu skuldbindinga sem stofnað er til á árinu.

273 **Atvinnuleysistryggingasjóður.** Heildarframlag til sjóðsins hækkar um 1 474 140 þús. kr. eða 90,4%, þar af nemur atvinnuleysistryggingagjald atvinnurekenda 491 380 þús. kr. sem færist jafnframt á tekjuhlið frumvarpsins. Mótframlag ríkissjóðs, sem er tvöfalt framlag atvinnurekenda, hækkar því um 982 760 þús. kr. Hlutfallslega mikil framlagsaukning skýrist að hluta af

magnaukningu, þ. e. fjölgun vinnuvikna, og að hluta af hækkun þess grunnkaups sem iðgjald til sjóðsins er miðað við, en það eru vikulaun samkvæmt 1. taxta Dagsbrúnar í september 1978.

310 **Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar.** Í fjárlögum 1978 voru 125 000 þús. kr. á þessum lið vegna launamála á ríkisspítölum og/eða heilsugæslustöðvum. Nú eru áætlaðar 210 000 þús. kr. til þessara mála og nemur hækkunin 85 000 þús. kr. eða 68,0%. Samsvarar það eðlilegri taxtahækkun launa. Ákvörðun um ráðstöfun fjárins verður tekin af fjárveitinganefnd.

319 **Matvælarannsóknir ríkisins.** Stofnunin fær nú sjálfstætt fjárlaganúmer en taldist áður til ýmissa heilbrigðismála (08-399). Í lögum nr. 74/1977 er kveðið á um starfsemi stofnunarinnar. Framlag hækkar um 28 927 þús. kr. frá fjárlögum eða 133,9%. Laun hækka um 9 625 þús. kr. og er þá miðað við sömu fastar stöður og heimild er fyrir nú. Önnur rekstrargjöld hækka um 10 852 þús. kr. vegna eðlilegra verðbreytinga og aukinnar starfsemi. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 9 000 þús. kr. og verður alls 11 000 þús. kr. Loks eru tekjur áætlaðar 550 þús. kr. en voru engar í fjárlögum yfirstandandi árs.

302, 311, 312, 371—377 **Ríkisspítalar.** Við gerð þessa frumvarps fór fram sérstök athugun á launakostnaði og starfsmannahaldi ríkisspítalanna og tengdra stofnana. Að athuguninni stóðu heilbrigðisráðuneytið, skrifstofa ríkisspítalanna, launadeild fjármálaráðuneytisins og fjárlaga- og hagsýslustofnun. Með þessari athugun var stefnt að því í fyrsta lagi að fá úr því skorið hvert starfsmannahald ríkisspítalanna er og í öðru lagi að leiðrétta vanáætlanir fyrri ára. Þá var sérstakt mat lagt á þátt afleysinga, yfirvinnu og álagsgreiðslna í heildarlaunakostnaði hlutaðeigandi stofnana. Niðurstöður athugunarinnar leiða til þess að hlutfallsleg breyting á launalið ríkisspítalanna og tengdra stofnana víkur í vissum tilvikum verulega frá almennri hækkun launataxta frá síðustu fjárlögum. Að fenginni niðurstöðu þessarar athugunar var ákveðið að stöðuheimildir á einstökum stofnunum ríkisspítalanna yrðu sem hér segir:

Skrifstofa ríkisspítalanna	38,5
Rannsóknastofa háskólans	54,7
Blóðbankinn	18,7
Landspítalinn	735,5
Fæðingardeild Landspítalans	110,5
Kleppsspítali	295,7
Vífilstaðaspítali	108,0
Kristneshæli	40,9
Kópavogshæli	144,2
Vistheimilið Gunnarsholti	10,0
Samtals stöðuheimildir	1 556,7

Fjárveitingar til ríkisspítalanna hækka alls um 4 762 848 þús. kr. og verða alls 11 577 300 þús. kr., þar af rekstrarframlög 11 074 100 þús. kr., sem skiptast á einstakar stofnanir eins og hér segir í m.kr.:

	Fjárlög 1978	Frumvarp 1979	Hækkun
Skrifstofa ríkisspítalanna	128,4	232,9	104,5
Rannsóknastofa háskólans	104,2	255,9	151,7
Blóðbankinn	38,5	92,2	53,7
Landspítalinn	3 286,4	5 680,3	2 393,9
Fæðingadeild Landspítalans	423,0	958,0	535,0
Kleppsspítali	1 147,0	1 934,0	787,0
Vífilsstaðaspítali	409,5	676,9	267,4
Kristneshæli	194,8	305,3	110,5
Kópavogshæli	506,6	812,5	305,9
Vistheimilið Gunnarsholti	75,7	126,1	50,4
Samtals	6 314,1	11 074,1	4 760,0

Laun hækka samtals um 3 428 436 þús. kr., rekstrargjöld um 1 140 452 þús. kr., viðhald um 208 980 þús. kr. en sértekjur hækka um 17 820 þús. kr. Það veldur óverulegri hækkun sértekna að nú er við það miðað að engin greiðsla komi frá Tryggingastofnun ríkisins vegna fæðinga eins og er á yfirstandandi ári, enda hefur fæðingarstyrkurinn verið felldur niður úr lífeyristryggingum. Laun hækka vegna almennra taxtahækkana en einnig vegna nýrrar áætlunar um launagreiðslur eins og yfirvinnu, afleysingar, vaktaálag o. flf. Stefnt er að lækkun yfirvinnu og álagsgreiðslna á sama hátt og í grunnskólum og í löggæslu og er bein lækkun vegna þess 270 000 þús. kr.

Framlög vegna stofnkostnaðar á ríkisspítölum hækka um 2 800 þús. kr. og verða samtals 503 200 þús. kr. Skiptast þau þannig á einstök sjúkrahús og verkþætti í þús. kr.:

Landspítalinn		461 200
Geðdeild	231 500	
Röntgentæki	36 000	
Göngudeild, Hátún	17 200	
Símstöð	6 500	
Sjúkramóttaka	20 000	
Færsla deilda	20 000	
Tækjakaup	100 000	
Stjórnun, eftirlit o. fl.	30 000	
Fæðingardeild Landspítalans		35 000
Endurbætur gömlu deildar	20 000	
Lokafrágangur, tæki o. fl. nýju deildar	15 000	
Kristnes		2 000
Til dagheimilis	2 000	
Blóðbankinn		5 000
Tenging hæða	5 000	
Samtals		503 200

378 **Læknishéraðasjóður.** Framlag til sjóðsins nemur alls 22 500 þús. kr. og hækkar því um 4 500 þús. kr.

380 **Námslán læknastúdenta.** Framlag lækkar um 1 000 þús. kr. og nemur alls 2 000 þús. kr. Er það sú fjárhæð sem kveðið er á um í reglugerð nr. 6/1974.

381 **Til sjúkrahúsa og læknisbústaða.** Heildarhækkun framlaga til þessa liðar nemur 505 386 þús. kr. og verður samtals 2 064 483 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig: Styrkur til heilsuverndarstöðva 47 386 þús. kr., til byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 158 000 þús. kr. og vegna viðhalds sjúkra-

húsa 300 000 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 57/1978 fellur viðhald bygginga og tækja úr daggjöldum en til að standa straum af þessum útgjöldum koma að hluta beinar fjárveitingar úr ríkissjóði. Nema þær 50% kostnaðar og er framlag sveitarfélaga sama fjárhæð. Þessi liður er nýr í frumvarpi fyrir 1979. Til byggingar sjúkrahúsa og læknisbústaða renna alls 1 458 000 þús. kr. og verður áætlun um ráðstöfun fjárins lögð fyrir fjárveitinganefnd.

391 **Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar.** Framlag hækkar um 357 552 þús. kr. eða 84,4% og skýrist þannig: Laun 291 552 þús. kr., en þá er miðað við 119 fastar heimilaðar stöður lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Hækkunin er 74,2% og skýrist af almennum forsendum um launahækkanir og af þóknunargreiðslu í samræmi við kjarasamninga lækna frá því í ársbyrjun 1978. Rekstrargjöld hækka um 10 000 þús. kr. vegna verðlagshækkana og gjaldfærður stofnkostnaður um 6 000 þús. kr. Með lögum nr. 57/1978 er ákveðið að viðhald heilsugæslustöðva dreifist jafnt á ríki og sveitarfélög. Til þessa verkefnis er nú varið í fyrsta sinn 50 000 þús. kr.

399 **Ýmis heilbrigðismál.** Þessi liður hækkar alls um 95 376 þús. kr. eða 36%. Þar af 20 000 þús. kr. vegna nýs viðfangsefnis lyfsölusjóðs. Sjóður þessi starfar samkvæmt lögum nr. 49/1978. Niður falla starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar 2 000 þús. kr. og útgjöld vegna matvælarannsókna lækka um 16 609 þús. kr. en Matvælarannsóknir ríkisins, sem starfa samkvæmt lögum nr. 74/1977, fá fjárveitingu á lið 08 319. Helstu hækkunarliðir aðrir eru: Skólar heilbrigðisstétta 18 011 þús. kr., ljósmæðralaun 20 058 þús. kr. Minningarsjóður Landspítalans 15 500 þús. kr., lyfjanefnd 10 194 þús. kr., lyfjaeftirlit 8 321 þús. kr., lyfjaverðlagsnefnd 2 560 þús. kr., námsferðir héraðslækna og embættislækna 3 263 þús. kr. og aðrir minni liðir 19 078 þús. kr.

471 **Gæsluvistarsjóður.** Framlag lækkar um 6 300 þús. kr. og nemur alls 61 600 þús. kr. Lækkunin er gerð í samræmi við forsendur frumvarpsins um 10% lækkun framlaga til fjárfestingarsjóða.

09 Fjármálaráðuneytið

201 **Embætti ríkisskattstjóra.** Fjárveiting hækkar um 85 182 þús. kr., þar af er aukning á launalið 76 531 þús. kr. Við afgreiðslu fjárlaga ársins 1978 féll niður fjárveiting til eins skrifstofumanns en það er nú leiðrétt. Önnur rekstrargjöld hækka um 12 011 þús. kr. og er þar eingöngu um eðlilegar verðlagshækkanir að ræða. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 3 360 þús. kr. og verður 1 000 þús. kr.

202 **Skattstofan í Reykjavík.** Fjárveiting hækkar um 161 139 þús. kr. Laun hækka um 132 597 þús. kr., þar af 2 712 þús. kr. vegna ráðningar nýs skrifstofumanns og eru þá fastar stöður hjá embættinu alls 65. Önnur rekstrargjöld hækka um 28 582 þús. kr. og er sú hækkun um 17 000 þús. kr. umfram eðlilegar verðlagshækkanir sem skýrist af mistökum við tillögugerð til fjárlaga fyrir árið 1978. Viðhald hækkar um 160 þús. kr. og sértekjur stofnunarinnar um 200 þús. kr.

203 **Skattstofa Vesturlands, Akranesi.** Fjárveiting hækkar um 23 239 þús. kr. Laun hækka um 21 694 þús. kr. og er það um 4 200 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir. Tala fastra starfsmanna er óbreytt en hækkunin verður á ýmsum öðrum launum og er þar tekið mið af reikningstölum fyrri ára. Önnur rekstrargjöld hækka í samræmi við eðlilegar verðlagshækkanir eða um 1 899 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 546 þús. kr., viðhald lækkar um 400 þús. kr. og sértekjur hækka um 500 þús. kr.

206 **Skattstofa Norðurlands eystra, Akureyri.** Fjárveiting hækkar um 41 199 þús. kr. Laun hækka um 34 291 þús. kr. og er það tæplega 1 100 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir. Ef um er að ræða nokkra hækkun á ýmsum öðrum launum með hliðsjón af reynslu síðustu ára. Önnur rekstrargjöld hækka um 6 828 þús. kr., sem er um það bil 3 500 þús. kr. yfir hækkun verðlags, og er um að ræða leiðréttingu vegna vanáætlunar við tillögugerð til fjárlaga 1978. Viðhald hækkar um 130 þús. kr., stofnkostnaður hækkar um 150 þús. kr. og sértekjur um 200 þús. kr.

209 **Skattstofa Vestmannaeyja.** Heildarfjárveiting hækkar um 10 997 þús. kr. og er það verulega umfram eðlilegar launa- og verðlagshækkanir. Laun hækka um 8 552 þús. kr. og er það um 1 700 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Tala fastra starfsmanna breytist ekki en tilfærsla í launaflokkum og vanáætlun ýmissa annarra launa í tillögugerð til fjárlaga 1978 valda þessari hækkun. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 345 þús. kr. sem er um 1 600 þús. kr. umfram eðlilegar verðlagshækkanir. Veldur hækkun húsaleigu mestu um þessa hækkun. Viðhald hækkar um 50 þús. kr., stofnkostnaður um 150 þús. kr. og sértekjur um 100 þús. kr.

261 **Tollstjórinn í Reykjavík.** Sú breyting er gerð á framsetningu fjárveitinga til embættisins frá fyrri árum að kostnaður við rekstur tollhússins er tekinn inn sem sérstakt viðfangsefni í fjárveitingu til embættisins og á móti eru teknar upp sértekjur jafnháar gjöldum vegna hússins. Að öðru leyti er hækkun fjárveitinga ekki umfram eðlilegar launa- og verðlagshækkanir.

381 **Uppbætur á lífeyri.** Liður þessi hækkar um 1 694 114 þús. kr. og verður 3 585 039 þús. kr., þar af fara 3 116 894 þús. kr. til greiðslu á lífeyri en 468 545 þús. kr. til greiðslu á eftirstöðvum á uppbótum á lífeyri. Er þá gert ráð fyrir að skuld þessi sé þar með jöfnuð.

402 **Fasteignamat ríkisins.** Föstum starfsmönnum fjölgar um einn skrifstofumann og veldur það hækun um 2 696 þús. kr. Að öðru leyti hækka laun um 57 375 þús. kr. og er það um 3 200 þús. kr. umfram almennar launahækkanir vegna vanáætlana 1978. Önnur rekstrargjöld hækka um 27 601 þús. kr. frá fjárlögum 1978 og er það um 12 700 þús. kr. umfram eðlilegar verðlagshækkanir. Við þá hækkun er tekið mið af reikningstölum 1977. Viðhald hækkar um 400 þús. kr. og stofnkostnaður um 600 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 15 000 þús. kr. og gjöld umfram tekjur hækka um 73 672 þús. kr.

999 **Ýmislegt.** Lækkun á þessum lið frá fjárlögum 1978 verður 228 949 þús. kr. og veldur þar mestu lækkun á óvissum útgjöldum 340 000 þús. kr. Helstu breytingar aðrar eru þær að tekin eru upp tvö ný viðfangsefni: Ýmis sameiginlegur kostnaður 30 000 þús. kr., sem er til að standa undir ýmsum sameiginlegum kostnaði ráðuneyta, og ennfremur eru 75 000 þús. kr. ætlaðar til að bæta framkvæmd skattalaga og efla skatteftirlit. Niður eru felld þrjú viðfangsefni, til orlofsheimila BHM og BSRB samtals 51 500 þús. kr., en þessi framlög verða eftirleiðis greidd samtökunum af launatengdum gjöldum hverrar ríkisstofnunar. Þá fellur niður framlag til Norræna fjárfestingarbankans 81 000 þús. kr., en greiðslum til hans lýkur á árinu 1978. Breytingar á öðrum viðfangsefnum eru þessar: Símakostnaður og burðargjöld fyrir stjórnarráðið hækkar um 28 516 þús. kr., skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna hækkar um 63 400 þús. kr. kostnaður við kjarasamninga hækkar um 12 340 þús. kr., dómkröfur og málskostnaður hækkar um 12 922 þús. kr., tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum hækka um 9 825 þús. kr., kostnaður vegna milliþinganefnda hækkar um 4 307 þús. kr., þungaskattsálagning með ökumælum hækkar um 4 241 þús. kr. og framlag til samtaka opinberra starfsmanna hækkar um 3 000 þús. kr.

10 Samgönguráðuneytið.

211 **Vegagerð ríkisins.** Heildarkostnaður vegna vegagerðar er áætlaður samtals 12 300 000 þús. kr. og er það 2 995 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1978 eða 32,1%. Áætlun þessi er allfrábrugðin niðurstöðum gildandi vegáætlunar fyrir tímabilið 1977—80. Samkvæmt vegalögum nr. 113/1976 ályktar Alþingi um vegáætlun til fjögurra ára og skal áætlunin endurskoðuð að tveim árum liðnum frá samþykkt hennar. Endurskoðun vegáætlunar fyrir 1979—1980 hefur enn ekki farið fram en í gildandi vegáætlun er miðað við 7 000 000 þús. kr. framlag til vegamála. Þess má geta að vegáætlun fyrir 1978 var endurskoðuð fyrir það ár og fjárframlög til vegamála hækkuð um 2 305 000 þús. kr. frá vegáætlun. Eftirfarandi yfirlit sýnir í grófum dráttum sundurliðun heildarkostnaðar og fjármögnun vegagerðar samkvæmt fjárlögum 1978, vegáætlun 1977—80 og frumvarpi 1979 í m.kr.:

	Fjárlög 1978	Vegáætlun 1979	Frumvarp 1979
Heildarútgjöld	**9 305**	**7 000**	**12 300**
Nýbyggingar	4 635	3 114	6 350
Viðhald	3 000	2 683	3 700
Annað	1 670	1 203	2 250
Fjármögnun	**9 305**	**7 000**	**12 300**
Fastir tekjustofnar	5 800	4 407	9 640
Framlag ríkissjóðs	1 305	793	–
Lántökur	2 200	1 800	2 660

Framlög til nýbygginga hækka um 1 715 000 þús. kr., til viðhalds um 700 000 þús. kr. og önnur útgjöld um 580 000 þús. kr. Um tekjuhliðina er þetta að segja: Fastir tekjustofnar hækka um 3 840 000 þús. kr. eða 66,2%, þar af innflutningsgjald af bensíni 3 023 000 þús. kr., þungaskattur 800 000 þús. kr. og gúmmígjald 17 000 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir að lántökur hækki um 460 000 þús. kr. (sbr. greinargerð um lánahreyfingar) en á hinn bóginn falla bein ríkisframlög niður.

Auk framangreindra útgjalda greiðir ríkissjóður 2 484 249 þús. kr. af lánum sem tekin hafa verið vegna vegagerðar, þ. e. 1 060 422 þús. kr. í afborganir og 1 423 827 þús. kr. í vexti. Endurskoðun vegáætlunar stendur yfir og verður sú áætlun væntanlega lögð fyrir haustþing.

321 **Strandferðir, framlög.** Hækkun framlaga vegna Skipaútgerðar ríkisins nemur 248 463 þús. kr. Til fjárfestinga er ætlað samtals 31 000 þús. kr. en það er hækkun frá fjárlögum 1978 um 30 500 þús. kr. Fjármunum þessum er fyrirhugað að verja til kaupa og endurbóta á flutningagámum, gaffallyfturum o. fl. Þá er gert ráð fyrir 46,3% tekjuaukningu útgerðarinnar vegna aukinna flutninga og hækkunar farm- og fargjaldataxta. Framlög til flóabáta og völuflutninga eru óbreytt frá gildandi fjárlögum.

331 **Vita- og hafnamál, aðalskrifstofa.** Framlög hækka um 51 223 þús. kr. og skýrist sú breyting þannig: Útgjöld vegna launa, rekstrargjalda, viðhalds og stofnkostnaðar hækka alls um 77 223 þús. kr. og er um eðlilega hækkun allra liða að ræða. Á móti kemur að sértekjur stofnunarinnar hækka um 26 000 þús. kr. en vinna verkfræðinga og tæknifræðinga er seld með álagi þeim aðilum er að hlutaðeigandi hafnargerð standa.

332 **Vitamál.** Hækkun nemur 85 223 þús. kr., þar af 76 925 þús. kr. vegna launa og 8 898 þús. kr. vegna annarra rekstrargjalda. Viðhald eykst um 11 400 þús. kr. sem er nokkru meira en verðlagsforsendur gefa tilefni til. Stofnkostnaður er óbreyttur í samræmi við þá meginstefnu að framlög til framkvæmda haldist óbreytt í krónutölu frá gildandi fjárlögum og nemur því alls 27 000 þús. kr. Loks hækka sértekjur stofnunarinnar um 12 000 þús. kr. og verða alls 28 000 þús. kr. Tekjurnar eru tvíþættar. Annars vegar hlutdeild veðurstofu í launum vitavarða og hins vegar þjónustu við innsiglingarljós sem hafnarsjóðir bera kostnað af.

333 **Hafnamál.** Framlög til hafnamála lækka samtals um 50 428 þús. kr. og skýrist sú breyting þannig: Hafnarmannvirki og lendingabætur lækka um 14 000 þús. kr. og framlag til hafnabótasjóðs lækkar þar af leiðandi um 1 700 þús. kr. Framlag til hafrannsókna og mælinga hækkar um 7 900 þús. kr. og til sjóvarnargarða um 34 000 þús. kr. vegna endurgreiðslna bráðabirgðalána auk vaxta, en lánin voru tekin hjá Viðlagatryggingu 1978 í tengslum við gerð sjóvarnargarða við Stokkseyri og Eyrarbakka. Greiðslur vaxta og afborgana af landshafnarlánum á þessum fjárlagalið hækka um 49 763 þús. kr. vegna vísitölu- og gengisbreytinga. Loks er að geta framlaga til hafnargerðar sem fjármögnuð er með lánsfé. Þessi framlög lækka alls um 115 000 þús. kr., þar af 20 000 þús. kr. vegna Grundartangahafnar, 70 000 þús. kr. vegna Landshafnar í Keflavík-Njarðvík og 25 000 þús. kr. vegna þess að framlag til Þorlákshafnar fellur með öllu niður. Þá var á síðasta ári lokið greiðslu eftirstöðva framlaga við gerð hafnarmannvirkja að fjárhæð 11 391 þús. kr.

341 **Siglingamálastofnun ríkisins.** Framlag hækkar samtals um 69 830 þús. kr., þar af 58 672 þús. kr. vegna launa, 8 538 þús. kr. vegna annarra rekstrargjalda og 2 620 þús. kr. vegna stofnkostnaðar og verður hann 7 200 þús. kr. alls.

471 **Flugmálastjórn.** Framlag til flugmálastjórnar hækkar um 518 560 þús. kr. sem í meginatriðum skýrist þannig: Launakostnaður hækkar um 322 580 þús. kr. og aðrir rekstrarliðir um 161 901 þús. kr., hvort tveggja vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana. Þá hækka sértekjur um 31 555 þús. kr. Afborgun lána hækkar um 5 509 þús. kr. og verður 41 845 þús. kr. Innheimtar afborganir lækka um 60 125 þús. kr. Þessi lækkun á rót sína að rekja til þess að í fjárlögum fyrir árið 1978 voru 70 000 þús. kr. innborganir vegna sölu flugskýlis á Reykjavíkurflugvelli. Framlag til framkvæmda, 600 000 þús. kr., er óbreytt frá fjárlögum 1978 og mun fjárveitinganefnd ákveða skiptingu þess fjár á einstakar framkvæmdir.

651 **Ferðamál.** Framlag hækkar samtals um 13 140 þús. kr. og skýrist hækkunin þannig: Laun hækka um 10 919 þús. kr., sem er hlutfallslega nokkru meiri hækkun en taxtahækkanir gefa tilefni til, og stafar sú umframhækkun af því að starfsemi Ferðamálaráðs er nú fastmótaðri en var á síðasta ári. Rekstrargjöld nema nú 6 221 þús. kr. en voru engin í fjárlögum og gildir þar sama skýring og að ofan. Samkvæmt lögum nr. 60/1976, um skipulag ferðamála, skal framlag Ferðamálasjóðs nema 40 000 þús. kr. Í samræmi við meginforsendur frumvarpsins miðast áætlun þessi við að framlag lækki um 4 000 þús. kr. og verði 36 000 þús. kr.

11 Iðnaðarráðuneytið

201 **Iðntæknistofnun Íslands.** Lög um Iðntæknistofnun Íslands eru nr. 41/1978 en lögin gera m. a. ráð fyrir sameiningu Iðnþróunarstofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar iðnaðarins. Tekjur stofnunarinnar eru sem hér segir: Framlag á fjárlögum, hluti af jöfnunargjaldi (sbr. lög nr. 83/1978) og aðrar tekjur fyrir selda þjónustu. Tekjur stofnunarinnar í frumvarpinu skiptist þannig að hluti

jöfnunargjalds nemur 91 000 þús. kr., sértekjur stofnunarinnar 37 000 þús. kr. og framlag ríkissjóðs 195 371 þús. kr. eða samtals 323 371 þús. kr. Launagjöld stofnunarinnar eru alls 206 390 þús. kr. og er það 79 911 þús. kr. eða 63,2% hækkun frá fjárveitingu til Iðnþróunarstofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar iðnaðarins á árinu 1978. Önnur rekstrargjöld nema alls 95 981 þús. kr. og hækka um 33 802 þús. kr. eða 54,4% frá fjárlögum. Viðhald hækkar um 1 250 þús. kr. og verður alls 4 000 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður alls 17 000 þús. kr. og hækkar um 5 000 þús. kr. Þá er áætlað að sértekjur stofnunarinnar aukist um 15 442 þús. kr. Samtals hækkar því fjárveiting til stofnunarinnar samanborið við fyrri tvær stofnanir um 104 521 þús. kr. eða 57,5% sem er eingöngu vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana.

221 **Lánasjóðir iðnaðarins.** Framlag til lánasjóða iðnaðarins hækkar samtals um 20 000 þús. kr. vegna aukins framlags til iðnlánasjóðs um sömu upphæð. Heildarframlag til iðnlánasjóðs er því 270 000 þús. kr. en til iðnrekstrarsjóðs renna 50 000 þús. kr.

235 **Fyrirtæki og stofnanir, framlög.** Framlag hækkar um 2 600 þús. kr. og nemur alls 20 000 þús. kr. Framlagið rennur óskert til útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.

299 **Iðja og iðnaður, framlög.** Útgjöld vegna þessa liðar eru eingöngu til fyrirtækja og atvinnuvega og til einstaklinga, heimila og samtaka. Framlög hækka alls um 65 300 þús. kr. og skýrist hækkunin þannig: Viðfangsefnið, til iðnþróunar, er nýtt en til þess renna alls 76 000 þús. kr. sem er hluti jöfnunargjalds, sbr. lög nr. 83/1978. Tvö verkefni í fjárlögum 1978 falla nú niður, þ. e. iðnkynning 6 500 þús. kr. og norræni iðnaðarsjóðurinn 4 200 þús. kr. Framlög til norræna iðnaðarsjóðsins flyst á aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins og fellur undir liðinn Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs. Er þetta gert í samræmi við breytingar á fjárframlögum aðildarþjóðanna að sameiginlegum verkefnum. Aðrir liðir eru óbreyttir.

301 **Orkustofnun.** Framlag til stofnunarinnar hækkar um 419 514 þús. kr., þar af um 216 180 þús. kr. eða 54,3% vegna rekstrargjalda, 2 800 þús. kr. vegna viðhalds og 7 735 þús. kr. vegna stofnkostnaðar. Er hér um hækkanir að ræða í samræmi við verðlagsbreytingar. Laun aukast um 255 199 þús. kr. og nema alls 633 803 þús. kr. Er sú fjárveiting miðuð við starfsmannahald eins og hér segir: Fastar stöður eru alls 90 og í 20 stöður eru starfsmenn ráðnir til sérstakra verkefna. Stöður alls eru því 110. Á föstum stöðum stofnunarinnar hafa þær breytingar átt sér stað að ónotuð staða forstöðumanns raforkudeildar auk tveggja staða gæslumanna í Sandbúðum eru felldar niður. Í stað þeirra bætast við stöður jarðfræðings, jarðeðlisfræðings og símavarðar sem óhjákvæmilegt mun vera að ráða þegar stofnunin flytur í nýtt húsnæði að Grensásvegi 9. Skipting starfsmanna er sú, að fastir starfsmenn skrifstofu- og hagdeildar eru 12, raforkudeildar 44, þar af 6 ráðnir til sérstakra verkefna, jarðhitadeildar 47, þar af 11 ráðnir til sérstakra verkefna, og jarðkönnunardeildar 7, þar af 3 ráðnir til sérstakra verkefna. Tekjur stofnunarinnar hækka um 62 400 þús. kr. eða 78,3%. Helstu svæði sem áformað er að rannsaka á árinu 1979 samkvæmt þessari áætlun eru Austurland, Blanda og Vestfirðir auk annarra verkefna.

371 **Orkusjóður.** Á þessum lið kemur fram 2 670 000 þús. kr. hækkun og nemur heildarframlag til sjóðsins 4 745 000 þús. kr. Aukning framlagsins skýrist af tvennu: Verðjöfnunargjald hækkar um 335 000 þús. kr. og annað ríkisframlag hækkar um 2 335 000 þús. kr. Frumvarpið miðast við eftirfarandi ráðstöfun fjár sjóðsins: Tekjur af verðjöfnunargjaldi renni óskiptar til Rafmagnsveitna

ríkisins eins og lög gera ráð fyrir, samtals 1 210 000 þús. kr., framlag til styrkingar dreifikerfa í sveitum verði 150 000 þús. kr., þ. e. hækki um 10 000 þús. kr., til almennra lánagreiðslna renni 593 000 þús. kr., þ. e. hækkun um 91 000 þús. kr., lán til jarðhitaleitar og hitaveituframkvæmda verði 700 000 þús. kr., þ. e. hækkun um 150 000 þús. kr., og verður þessum framlögum skipt í meðferð þingsins. Þá er gert ráð fyrir að Orkusjóður annist greiðslur vegna afborgana og vaxta af lánum sem tekin hafa verið vegna Kröfluvirkjunar, alls 2 080 000 þús. kr., og er það nýtt verkefni sjóðsins. Áður hafa þessar greiðslur verið fjármagnaðar með lántökum á lánsfjáráætlun. Loks hækka útgjöld vegna rekstrar Orkusjóðs um 4 000 þús. kr. en til rekstrarins eru ætlaðar 12 000 þús. kr. í heild.

12 Viðskiptaráðuneytið

101 **Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa.** Útgjöld aukast alls um 40 931 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig: Laun hækka um 27 579 þús. kr., þar af 2 677 þús. kr. vegna hálfrar stöðu aðstoðarmanns ráðherra, en að öðru leyti er um eðlilega taxtahækkun launa að ræða. Önnur rekstrargjöld aukast um 12 852 þús. kr., sem er nokkru meira heldur en almenn verðlagsforsenda gefur tilefni til en reikningsniðurstaða ársins 1977 bendir til knapprar áætlunar í fjárlögum 1978. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 500 þús. kr. og verða samtals 1 000 þús. kr.

201 **Niðurgreiðslur á vöruverði.** Niðurgreiðslur ríkissjóðs á vöruverði eru áætlaðar 17 397 000 þús. kr. á árinu 1979 en auk þess er framlag í lífeyrissjóð bænda fært á þennan lið 640 000 þús. kr. Hækkar liðurinn í heild um 11 206 000 þús. kr., þar af beinar niðurgreiðslur um 10 911 000 þús. kr. og lífeyrissjóðsframlag um 295 000 þús. kr. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting niðurgreiðslna á einstaka þætti ásamt framlagi í lífeyrissjóð bænda.

	Áætlað sölumagn	Niðurgreiðsla kr./einingu sept. 1978	Ársútgjöld millj. kr.
1. Dilkakjöt	8 800 tonn	570	5 016
2. Annað kindakjöt	1 500 tonn	255	383
3. Geymslukostnaður kindakjöts	.	.	1 200
4. Nautakjöt	2 400 tonn	292	700
5. Mjólk frá mjólkurbúum	49 millj. l	86	4 214
6. Heimamjólk	0,6 millj. l	50	30
7. Undanrenna	3,5 millj. l	20	70
8. Rjómi	1,3 millj. l	300	390
9. Smör	1 450 tonn	1 550	2 248
10. Ostur	550 tonn	110	60
11. Skyr	1 700 tonn	178	303
12. Kartöflur	11 000 tonn	95	1 045
13. Ull	1 650 tonn	403	665
			16 324
Áætluð aukning niðurgreiðslna í des. 1978			3 873
			20 197
Sérstök lækkun niðurgreiðslna á árinu 1979			2 800
			17 397
Framlag í lífeyrissjóð bænda			640
			18 037

Niðurgreiðslur eru hér áætlaðar 16 324 000 þús. kr. á heilu ári miðað við það niðurgreiðslustig sem gildir í október 1978. Áætlað er fyrir auknum niðurgreiðslum í desember n. k. samtals 3 873 000 þús. kr. en skipting þeirra niðurgreiðslna á einstaka vöruflokka er óákveðin. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að á árinu 1979 verði dregið úr niðurgreiðslum að fjárhæð 2 800 000 þús. kr. og verður tekin ákvörðun um framkvæmd þessara niðurgreislulækkunar síðar.

202 **Styrkur vegna olíunotkunar til húsahitunar.** Styrkur þessi er áætlaður 680 000 þús. kr. eða 176 000 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1978. Gert er ráð fyrir að styrkþegum fækki úr 64 þús. í 60 þús. og greitt verði 10 500 kr. á mann eins og á árinu 1978. Að öðru leyti skýrist hækkunin með því, að reiknað er með lægri styrk til rafveitna, dísilstöðva og heimavistarskóla sem nemur 34 000 þús. kr. og ennfremur að á árinu 1978 var gert ráð fyrir 100 000 þús. kr. lið vegna vanáætlunar 1977.

902 **Verðlagsstofnun.** Í lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, eru ákvæði um verðlagsstofnun. Sú stofnun leysir núverandi verðlagsskrifstofu af hólmi. Frumvarpstillögurnar miðast í megindráttum við óbreytta starfsemi frá fyrra ári. Útgjöld vegna stofnunarinnar nema samtals 152 184 þús. kr. og er það hækkun frá fjárlögum um 65 608 þús. kr. Laun hækka um 51 944 þús. kr., þar af um 2 500 þús. kr. vegna aukinna verkefna, en að öðru leyti er um eðlilegar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld aukast um 9 962 þús. kr. vegna verðlagshækkana, viðhald um 77 þús. kr. og stofnkostnaður um 3 625 þús. kr., aðallega vegna endurnýjunar á bifreið stofnunarinnar.

903 **Skráning hlutafélaga.** Í lögum nr. 32/1978, um hlutafélög, er gert ráð fyrir því að viðskiptaráðuneytið annist skráningu allra hlutafélaga og útibúa erlendra hlutafélaga og haldi hlutafélagaskrá. Fjárveiting til þessarar starfsemi er nú í fyrsta sinn 7 678 þús. kr., þar af 5 908 þús. kr. vegna launakostnaðar, þ. e. stöðu fulltrúa og hálfrar stöðu ritara, 770 þús. kr. vegna rekstrargjalda og 1 000 þús. kr. vegna nauðsynlegra kaupa á skrifstofutækjum.

14 Ríkisendurskoðun

101 **Ríkisendurskoðun, aðalskrifstofa.** Útgjöld stofnunarinnar aukast samtals um 91 581 þús. kr., þar af laun um 80 698 þús. kr. vegna eðlilegra launahækkana. Rekstrargjöld aukast um 11 133 þús. kr. Viðhald hækkar um 300 þús. kr. og stofnkostnaður lækkar um 550 þús. kr.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

991 **Ýmis lán ríkissjóðs.** Hækkun vaxtagreiðslna af almennum lánum ríkissjóðs og yfirdrætti á viðskiptareikningi nemur 3 550 309 þús. kr., þar af vegna vaxta og vísitölubóta af lánum teknum 1978 2 559 879 þús. kr., hækkun vísitölubóta af eldri spariskírteinalánum 179 073 þús. kr. og nettóhækkun vaxta af öðrum lánum 811 357 þús. kr. Þar af er áætluð hækkun á vöxtum af yfirdrætti á viðskiptareikningi ríkissjóðs 500 000 þús. kr.

Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni í stafrófsröð

A-HLUTI

Aðstoð við þróunarlöndin
Aflatryggingasjóður
Almannavarnir
Alþingi
Alþjóðaráðstefnur, þátttaka
Alþjóðasamvinna, þjóðkirkjan
Alþjóðastofnanir
Alþýðusamb. Ísl., vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu
Alþýðuskólinn á Eiðum
Atvinnuleysistryggingasjóður, framlag

Áfengis- og fíkniefnamál
Áfengisvarnir
Álag vegna afhendingar kirkna
Árni Friðriksson, R/S RE 100

Baldur, R/S RE 40
Bandalag íslenskra farfugla
Bandalag ísl. leikfélaga
Bandalag ísl. listamanna
Bandalag íslenskra skáta, styrkur
Barnaverndarráð
Berklavarnir
Bifreiðaeftirlit
Bifreiða- og ökukennaranámskeið
Bindindisstarfsemi
Biskupsbústaður
Biskups- og prestabókasöfn
Bjargráðasjóður
Bjarni Sæmundsson, R/S RE 30
Bláa bandið
Blindrafélagið, byggingarstyrkur
Blindravinafélagið
Blóðbankinn
Blóðrannsóknir ungbarna
Borgardómaraembætti
Borgarfógetaembætti
Bréfaskólinn
Brunamálastofnun ríkisins
Búfjárrækt skv. lögum nr. 31/1973
Búfjártryggingar skv. lögum nr. 20/1943
Búnaðarfélag Íslands
Búnaðarsamband Suðurlands, tilraunastöð
Byggðalína, skuldagreiðslur
Byggðasjóður, framlag
Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra

Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík ....
Bygging norræns húss í Þórshöfn ....
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins ....
Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa ....
Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn ....
Byggingaeftirlit þjóðkirkjunnar ....
Byggingar á prestsetrum ....
Byggingarsjóðsgjald, til Byggingarsjóðs ríkisins ....
Byggingarsjóður hafrannsóknaskips ....
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna ....
Byggingarsjóður verkamanna ....
Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu ....
Bæjarfógetinn, Akranesi ....
Bæjarfógetinn, Bolungarvík ....
Bæjarfógetinn, Kópavogi ....
Bæjarfógetinn, Neskaupstað ....
Bæjarfógetinn, Ólafsfirði ....
Bæjarfógetinn, Siglufirði ....
Bæjarfógetinn, Vestmannaeyjum ....
Bændaskóli í Odda ....
Bændaskólinn á Hólum ....
Bændaskólinn á Hvanneyri ....

Dagblöð ....
Daggjaldanefnd ....
Dagvistarheimili ....
Dómkröfur og málskostnaður ....
Dómprófasturinn í Reykjavík ....
Dómsmál, ýmis kostnaður ....
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, aðalskrifstofa ....
Dómstóll og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum ....
Dröfn, R/S RE 135 ....
Dýralæknisbústaðir, bygging ....

Efnarannsóknastofa Norðurlands ....
Eftirlaun presta og prestekkna, viðbót ....
Eftirlaun samkvæmt launalögum ....
Eftirlit á vegum ....
Eftirlit með hvalvinnslustöðvum ....
Eftirlit með vínveitingahúsum ....
Eftirlitsstofnun með brotamönnum ....
Eftirmenntun í iðju og iðnaði ....
Einangrunarstöð holdanauta ....
Eiturefnanefnd ....
Embætti forseta Íslands ....
Embætti ríkissáttasemjara ....
Embætti sýslumanna og bæjarfógeta ....
Embætti yfirdýralæknis ....
Endurhæfingarráð ....
Endurskoðun námsefnis á grunnskóla- og framhaldsskólastigi ....
Erfðafjársjóður, framlag ....
Erlendir námsmenn í íslenskum skólum, styrkir ....
Evrópska lyfjaskráin ....

Exem- og psoriasissjúklingar
Fangahjálp
Fangaklefar lögreglunnar í Reykjavík
Fangamál, ýmis kostnaður
Fangelsi í Síðumúla
Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf
Fastanefnd Íslands hjá S. þ.
Fasteignamat
Fálkaorðan
Ferðakennsla í íþróttum
Ferðamál
Ferjubryggjur
Ferlivistarnefnd fatlaðra
Félag astmasjúklinga
Félag áhugamanna um fiskrækt
Félag Sameinuðu þjóðanna
Félagsdómur
Félagsheimilasjóður
Félagsmálaráðuneytið, aðalskrifstofa
Félagsmálaskóli alþýðu
Félagsstofnun stúdenta
Fiskifélag Íslands
Fiskleit, vinnslutilraunir og markaðsöflun
Fiskveiðasjóður
Fiskvinnsluskólinn
Fíkniefnanefnd
Fjárlaga- og hagsýslustofnun, aðalskrifstofa
Fjármagnsútgjöld Krófluvirkjunar
Fjármálaráðuneytið, aðalskrifstofa
Fjölbrautaskólinn á Akranesi
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli
Flóabátar og vöruflutningar
Flóttamannaráð Íslands
Flugbjörgunarsveitir, framlög
Flugmálastjórn
Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra
Foreldrasamtök barna með sérþarfir
Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa
Fósturskóli Íslands
Framhaldsnám iðnaðarmanna erlendis
Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins
Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Framleiðslueftirlit sjávarafurða
Framræsla
Friðlýsingarsjóður
Fræðslumyndasafn
Fullorðinsfræðsla
Fyrirhleðslur
Fyrirtæki og stofnanir, framlög
Fæðingardeild Landspítalans
Færeyskur fræðimaður, styrkur
Færeyskur rithöfundur, dvalarstyrkur

Garðyrkjufélag Íslands .....
Garðyrkjuskólinn á Reykjum .....
Geðlækninga- og sálfræðiþjónusta við refsifanga .....
Geðverndarfélag Íslands .....
Geðverndarfélag Íslands, byggingarstyrkur .....
Geislavarnir ríkisins .....
Gjaldheimtan í Reykjavík .....
Gjöf Jóns Sigurðssonar .....
Grensásdeild Borgarspítala, bygging endurhæfingarsundlaugar .....
Gróðurvernd í Búðahrauni .....
Grunnskólar, almennt .....
Grunnskólar í Reykjavík .....
Grunnskólar, Vesturlandi .....
Grunnskólar, Vestfjörðum .....
Grunnskólar, Norðurlandi vestra .....
Grunnskólar, Norðurlandi eystra .....
Grunnskólar, Austurlandi .....
Grunnskólar, Suðurlandi .....
Grunnskólar á Reykjanesi .....
Grænlenskur stúdent, styrkur til námsdvalar .....
Gæsluvistarsjóður, framlag .....
Göngudeild háþrýstirannsókna .....

Hafnabótasjóður, framlag .....
Hafnamál .....
Hafnarannsóknir og mælingar .....
Hafnarframkvæmdir við Grundartanga .....
Hafnarmannvirki og lendingarbætur .....
Hafrannsóknastofnun .....
Hagdeildir ASÍ og VSÍ .....
Hagræðingarstarfsemi samtaka vinnumarkaðarins .....
Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa .....
Hallgrímskirkja í Reykjavík .....
Háskóli Íslands .....
Hegningarhús .....
Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis .....
Heilbrigðiseftirlit ríkisins .....
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, aðalskrifstofa .....
Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði .....
Heilsuspillandi húsnæði .....
Heilsuverndarstöðvar, styrkir .....
Heimilisiðnaðarfélag Íslands .....
Heyrnarhjálp .....
Heyrnleysingjaskólinn .....
Héraðsdýralæknar .....
Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar .....
Héraðslögregla .....
Héraðsskólar, almennt .....
Héraðsskólinn á Laugarvatni .....
Héraðsskólinn á Laugum .....
Héraðsskólinn á Núpi .....
Héraðsskólinn á Reykjum .....
Héraðsskólinn í Reykholti .....
Héraðsskólinn í Reykjanesi .....

Héraðsskólinn í Skógum
Hið íslenska bibliufélag
Hið íslenska náttúrufræðifélag
Hjartavernd
Hjálparstofnun kirkjunnar
Hjúkrunarskóli Íslands
Hjúkrunarskólinn, nýi
Hólar í Hjaltadal
Hótel- og veitingaskóli Íslands
Hrafnseyri
Hrossaræktarbúið að Kirkjubæ
Húsameistari ríkisins
Húsfriðunarsjóður
Hús Jóns Sigurðssonar
Húsnæðismálastofnun ríkisins
Hússtjórnarkennaraskóli Íslands
Hússtjórnarskólar
Hæstiréttur
Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga
Höfundamiðstöð

Iðja og iðnaður, framlög
Iðjumengun, kostnaður vegna reglugerðar
Iðnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa
Iðnaður, þróun og tækninýjungar
Iðnfræðsluráð
Iðnlánasjóður
Iðnnemasamband Íslands
Iðnráð og önnur starfsemi á sviði iðnaðar
Iðnrekstrarsjóður
Iðnskólar, almennt
Iðnskólinn í Reykjavík
Iðnskólar utan Reykjavíkur
Iðntæknistofnun Íslands

Íslensk-ensk orðabók
Íslensk málnefnd
Íslenska stærðfræðifélagið
Íslenskir ungtemplarar
Íþróttakennaraskóli Íslands
Íþróttamannvirki, bygging
Íþróttasamband Íslands
Íþróttasjóður
Íþróttir fyrir fatlaða, námsstyrkur

Jafnréttisráð
Jarðasjóður
Jarðeignir ríkisins, framlög
Jarðræktarframlög
Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir
Jöfnun á námskostnaði
Jöklarannsóknir og mælingar

Kanadasjóður ....
Kaup á eignum á kirkjujörðum ....
Kaupmannasamtökin vegna hagræðingarstarfsemi ....
Kennaraháskóli Íslands ....
KFUM og KFUK, starfsstyrkur ....
Kirkjubyggingasjóður ....
Kirkjugarðaeftirlit ....
Kirkjugarðasjóður ....
Kirkjukórasamband Íslands ....
Kirkjuráð ....
Kirkjuþing ....
Kjarasamningar, kostnaður ....
Kjörræðismenn ....
Kleppsspítali ....
Kostnaður skv. farsótta- og sóttvarnarlögum og lögum um ónæmisaðgerðir
Kostnaður vegna laga nr. 25/1975 ....
Kostnaður við kjarasamninga ....
Kópavogshælið ....
Krabbameinsfélag Íslands ....
Kristindómsfræðsla í skólum, umbætur ....
Kristneshælið ....
Kristnisjóður ....
Kvikmyndasafn Íslands ....
Kvikmyndasjóður ....
Kvikmyndir til landkynningar, kaup ....
Kynsjúkdómavarnir skv. lögum nr. 91/1932 ....

Landakaup kaupstaða og kauptúna ....
Landbúnaðarráðuneytið, aðalskrifstofa ....
Landbúnaður, framlög ....
Landgræðsla ....
Landgræðslusjóður, framlag ....
Landgræðslusjóður vegna vatnstöku ....
Landhelgisgæsla ....
Landhelgissjóður ....
Landlæknisembættið ....
Landmælingar ....
Landnám ríkisins ....
Landsbókasafn Íslands ....
Landshafnir, afborganir lána ....
Landshöfn Keflavík—Njarðvík, framkvæmdir ....
Landshöfn Rifi, framkvæmdir ....
Landspítalinn ....
Landssamband íslenskra hestamannafélaga ....
Landssamband íslenskra hestamannafélaga, til leiðbeiningar um hestamennsku ....
Landvernd ....
Landþurrkun ....
Launasjóður rithöfunda ....
Launaskattur ....
Lán til hitaveitufranmkvæmda ....
Lánasjóðir iðnaðarins ....
Lánasjóður íslenskra námsmanna ....
Lánasjóður sveitarfélaga ....

Laxárvirkjun vegna yfirtöku lána
Leiklist, framlög
Leiklistarskólinn
Lektorar í íslensku við erlenda háskóla
Listamannalaun
Listasafn Ásgríms Jónssonar
Listasafn Einars Jónssonar
Listasafn Íslands
Listiðnaðarmál, framlag
Listir, framlög
Lífeyrissjóðir verkalýðsfélaga
Lífeyrissjóður bænda
Lífeyrissjóður sjómanna
Lífeyrissjóður starfsmanna stjórnmálaflokka
Ljósmæðralaun
Ljósmæðraskóli Íslands
Lyfjaeftirlit
Lyfjanefnd
Lyfjaverðlagsnefnd
Lyfsölusjóður
Læknaráð
Lækningaferðir sérfræðinga
Lækningatæki
Læknishéraðasjóður
Lögberg—Heimskringla
Löggildingarstofan
Löggæslukostnaður, ýmis
Lögreglubifreiðar
Lögregluskóli
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli
Lögreglustjórinn í Reykjavík

Manneldisráð
Markaðsmál
Mat á landbúnaðarafurðum
Matsnefnd eignarnámsbóta
Matsnefnd vinveitingahúsa
Matvælarannsóknir
Málskostnaður
Meðdómsmenn
Meðlög samkvæmt 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga
Meðlög samkvæmt lögum nr. 87/1947
Menningarsjóður, framlag
Menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa
Menntaskólar, almennt
Menntaskóli á Austurlandi
Menntaskólinn á Akureyri
Menntaskólinn á Ísafirði
Menntaskólinn á Laugarvatni
Menntaskólinn í Kópavogi
Menntaskólinn í Reykjavík
Menntaskólinn við Hamrahlíð
Menntaskólinn við Sund
Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi

Milliþinganefndir, kostnaður .....
Minningarkapella um séra Jón Steingrímsson .....
Minningarsjóður Landspítalans .....
Mjólkurbú, stofnframlag .....
Munaðarlausir, vanræktir eða fatlaðir unglingar, námsstyrkir .....
Myndlista- og handíðaskólinn .....
Myndlistarskólar, styrkur .....
Mæðrastyrksnefndir .....

Nautgriparæktarsambönd .....
Náms- og fræðimenn, framlög .....
Náms- og hælisvist unglinga, styrkur .....
Námsferðir héraðslækna og embættislækna .....
Námsflokkar .....
Námslán læknastúdenta .....
Námskeið í meðferð fiskleitartækja .....
Námskeið í stjórn vinnuvéla .....
Náttúrufræðistofnun Íslands .....
Náttúrugripasafn Akureyrar .....
Náttúruminjaskrár .....
Náttúruverndarráð .....
Náttúruverndarstofur .....
Neytendasamtökin .....
Niðurgreiðslur á vöruverði .....
Norræn samvinna .....
Norræn samvinna á sviði sakfræði .....
Norræn samvinna í lyfjasölumálum .....
Norræna búfræðifélagið .....
Norræna félagið .....
Norræna vatnafræðifélagið .....

Olíunotkun til húsahitunar, styrkur .....
Orðabók háskólans .....
Orkusjóður, framlag .....
Orkustofnun .....
Orlofsheimili verkalýðssamtakanna, bygging .....

Ólympíunefnd .....
Óviss útgjöld .....

Prestar og prófastar .....
Prestsembættisbústaðir, viðhald .....
Próf málflytjenda .....

Rafmagnseftirlit ríkisins .....
Rannsóknarlögregla ríkisins .....
Rannsóknaráð ríkisins .....
Rannsóknastofa háskólans .....
Rannsóknastofa í Vestmannaeyjum .....
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins .....
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins .....
Rannsóknastofnun landbúnaðarins .....
Rannsóknastöðin Katla, Víkurbakka .....
Rannsóknastörf við Mývatn .....

Rannsóknir í samvinnu við WHO
Rauði Kross Íslands
Raunvísindastofnun háskólans
Ráðherrabústaður á Þingvöllum, rekstur
Ráðherrabústaður við Tjarnargötu, rekstur
Ráðherrabústaður við Tjarnargötu, viðhald
Rekstrardeild ríkisskipa
Rhesusvarnir
Rit presta í Hólastifti
Rithöfundar, framlög
Rithöfundasjóður Íslands
Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota
Ríkisábyrgðasjóður, framlag
Ríkisbifreiðar, framlag
Ríkisbókhald
Ríkisendurskoðun, aðalskrifstofa
Ríkisfangelsi og vinnuhæli, bygging
Ríkisfjárhirsla
Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli
Ríkissaksóknari
Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd
Ríkisskattstjóri
Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar
Ríkisspítalar, skrifstofa
Ríkisstjórn
Ríkisútgáfa námsbóka
Ríkisútvarp, sjónvarp, aðflutningsgjöld
Röntgentæki

Safnahúsið
Sakadómaraembætti
Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni
Samgönguráðuneytið, aðalskrifstofa
Samningar við erlend ríki
Samtök áhugamanna um áfengisbölið
Samvinnuskólinn
Sauðfjárveikivarnir
Saurbæjarkirkja
Sendiráð, almennt
Sendiráðið í Bonn
Sendiráðið í Brussel
Sendiráðið í Kaupmannahöfn
Sendiráðið í London
Sendiráðið í Moskvu
Sendiráðið í Osló
Sendiráðið í París
Sendiráðið í Stokkhólmi
Sendiráðið í Washington
Setu- og varadómarar
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka
Sérleyfissjóður
Siglingadómur
Siglingamálastofnun ríkisins
Sinfóníuhljómsveitin

SÍBS, styrkur
Símakostnaður og burðargjöld fyrir stjórnarráðið
Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra
Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, byggingarstyrkur
Sjávarútvegsráðuneytið, aðalskrifstofa
Sjómannaskólahúsið
Sjómannastofur
Sjómerki
Sjómælingar og sjókortagerð
Sjóslysanefnd
Sjóvarnargarðar
Sjóvinnunámskeið
Sjúkraflug
Sjúkrahús og læknabústaðir
Sjúkrakostnaður refsifanga
Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum
Skattstofa Norðurlands eystra, Akureyri
Skattstofa Norðurlands vestra, Siglufirði
Skattstofa Reykjaness, Hafnarfirði
Skattstofa Suðurlands, Hellu
Skattstofa Vestfjarða, Ísafirði
Skattstofa Vestmannaeyja
Skattstofa Vesturlands, Akranesi
Skattstofan í Reykjavík
Skattstofur, sameiginleg útgjöld
Skálholtsskóli
Skálholtsstaður, framlag
Skipaútgerð ríkisins
Skipulagsstjóri
Skíðakennsla í skólum
Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum
Skógrækt ríkisins
Skógræktarfélag Íslands
Skólabátar
Skólar heilbrigðisstétta
Skólayfirlæknisembættið
Skráning hlutafélaga
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna
Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs
Skrifstofubygging við Grensásveg
Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna
Slysavarnarfélag Íslands
St. Franciscusarreglan, Stykkishólmi, byggingarstyrkur sjúkrahúss
St. Jósefsspítali í Hafnarfirði, byggingarstyrkur
Starfsemi stúdenta
Starfslaun listamanna
Stjórnarráðshús
Stjórnartíðindi
Stjórnskipaðir prófdómarar
Stjórnunarnámskeið
Stofnanir afbrigðilegra barna
Stofnlánadeild landbúnaðarins
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi
Stórstúka Íslands

Strandferðir, framlög .....
Stuðningur við útivist .....
Stúdentagarðar, viðhald .....
Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur .....
Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn .....
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra .....
Styrktarsjóður fatlaðra .....
Styrktarsjóður vangefinna .....
Styrkur til Íslendings til að læra tungu Grænlendinga .....
Styrkur til útgáfustarfa .....
Stýrimannaskólinn í Reykjavík .....
Sumarbúðir þjóðkirkjunnar .....
Sumardvalarheimili .....
Sumarnámskeið í Heiðarskóla .....
Sundskylda í skólum .....
Surtseyjarfélagið .....
Sýslumaður og bæjarfógeti, Akureyri .....
Sýslumaður og bæjarfógeti, Eskifirði .....
Sýslumaður og bæjarfógeti, Hafnarfirði .....
Sýslumaður og bæjarfógeti, Húsavík .....
Sýslumaður og bæjarfógeti, Ísafirði .....
Sýslumaður og bæjarfógeti, Keflavík .....
Sýslumaður og bæjarfógeti, Sauðárkróki .....
Sýslumaður og bæjarfógeti, Selfossi .....
Sýslumaður og bæjarfógeti, Seyðisfirði .....
Sýslumaðurinn, Blönduósi .....
Sýslumaðurinn, Borgarnesi .....
Sýslumaðurinn, Búðardal .....
Sýslumaðurinn, Hólmavík .....
Sýslumaðurinn, Hvolsvelli .....
Sýslumaðurinn, Höfn í Hornafirði .....
Sýslumaðurinn, Patreksfirði .....
Sýslumaðurinn, Stykkishólmi .....
Sýslumaðurinn, Vík í Mýrdal .....
Söfn og minjar, framlög .....
Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar .....

Templarahöllin, byggingarstyrkur .....
Til að bæta framkvæmd skattalaga og efla skatteftirlit .....
Tilraunastöð háskólans á Keldum .....
Tollamál, sameiginlegur kostnaður .....
Tollgæsla .....
Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli .....
Tollhúsið .....
Tollstjórinn í Reykjavík .....
Tóbaksvarnir .....
Tónlistarfræðsla .....
Tónlistarskólar, aðrir .....
Tónlistarskólinn í Reykjavík .....
Tónlistarskólinn í Reykjavík og Tónmenntaskóli Reykjavíkur, byggingarstyrkur .....
Tónmenntaskóli Reykjavíkur .....
Tryggingabætur skv. kjarasamningum .....
Tryggingaeftirlitið .....

Tryggingastofnun ríkisins .....
Tækniaðstoð við sveitarfélög .....
Tækniskóli Íslands .....

Ullar- og skinnaverkefni .....
Umbúðasmiði vegna fatlaðra .....
Umferðarráð .....
Unglingafræðsla .....
Ungmennafélag Íslands .....
Uppbætur á lífeyri .....
Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir .....
Upptökuheimilið í Kópavogi .....
Utanfarir presta .....
Utanríkisráðuneytið, aðalskrifstofa .....

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins .....
Útgáfa norræns dómasafns .....
Útgáfustarfsemi, þjóðkirkjan .....
Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum .....
Útihús á prestsetrum .....
Útlendingaeftirlit .....

Varnarmáladeild .....
Varnarstöðvar utan Keflavíkurflugvallar .....
Vatnsveitur .....
Vátryggingasjóður fiskiskipa .....
Veðdeild Búnaðarbankans .....
Veðurstofan .....
Vegagerð .....
Veiðieftirlit .....
Veiðimálaskrifstofan .....
Veiðistjóri .....
Verðjöfnunargjald .....
Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða .....
Verðlagsráð sjávarútvegsins .....
Verðlagsstofnun .....
Verðuppbætur á línufisk .....
Verkstjórnarnámskeið .....
Vernd .....
Vernd barna og ungmenna .....
Verslunarskólar .....
Verslunarskóli Íslands .....
Vestur-Íslendingar, samskipti .....
Vestur-íslenskar kirkjur .....
Vélskóli Íslands .....
Viðeyjarstofa, endurbætur .....
Viðgerðarþjónusta á fiskleitartækjum .....
Viðskiptaráðuneytið, aðalskrifstofa .....
Vinnuhælið á Kvíabryggju .....
Vinnuhælið á Litla-Hrauni .....
Vinnumál .....
Vistheimilið Breiðavík .....
Vistheimilið Gunnarsholti .....
Vitabyggingar .....

Vita- og hafnamál, aðalskrifstofa
Vitamál
Vitar, rekstur
Vífilsstaðaspítali
Vísinda- og fræðimenn
Vísindasjóður
Vörusýningar erlendis

Ýmis framlög, félagsmálaráðuneytið
Ýmis heilbrigðismál
Ýmis íþróttamál
Ýmis lán ríkissjóðs
Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála
Ýmis utanríkismál
Ýmis vísindaleg starfsemi
Ýmislegt á sviði sjávarútvegs
Ýmislegt, fjármálaráðuneytið
Ýmislegt, menntamálaráðuneytið

Þingmannasamtök NATO
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd
Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum
Þjóðgarðurinn Skaftafelli
Þjóðhagsstofnun
Þjóðkirkjan
Þjóðkirkjan, fastanefndir
Þjóðleikhúsið, framlög
Þjóðminjasafn Íslands
Þjóðskjalasafn Íslands
Þjóðskráin
Þroskaþjálfaskólinn
Þungaskattsálagning með ökumælum

Æðarræktarfélag Íslands
Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans
Æskulýðsmál
Æskulýðsráð ríkisins
Æskulýðsstörf, þjóðkirkjan

Öleftirlit
Örnefnastofnun
Öryggiseftirlit ríkisins
Öryrkjabandalag Íslands

B-HLUTI

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins .....
Arnarhvoll .....
Atvinnuleysistryggingasjóður .....

Áburðarverksmiðja ríkisins .....
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins .....
Áhaldahús vegagerðarinnar .....

Bjargráðasjóður Íslands .....
Borgartún 7 .....
Brunabótafélag Íslands .....
Byggðalínur .....
Byggðasjóður .....
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins .....
Byggingarsjóður hafrannsóknaskips .....
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna .....
Byggingarsjóður ríkisins .....
Byggingarsjóður verkamanna .....
Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu .....

Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey .....
Erfðafjársjóður .....

Ferðaskrifstofa ríkisins .....
Fiskimálasjóður .....
Flugmálastjórn .....
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli .....
Fóður- og fræframleiðsla í Gunnarsholti .....
Fóðuriðjan, Ólafsdal .....
Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli .....

Grænfóðurverksmiðja í Flatey, A.-Skaft. .....
Gæsluvistarsjóður .....

Hafnabótasjóður .....
Happdrætti háskólans .....
Háskólabíó .....

Innkaupastofnun ríkisins .....

Jarðasjóður .....
Jarðboranir ríkisins .....
Jarðeignir ríkisins .....
Jarðvarmaveitur ríkisins .....

Kirkjubyggingasjóður .....
Kirkjugarðasjóður .....
Kristnisjóður .....

Lagmetisiðjan Siglósíld .....
Landakaup kaupstaða og kauptúna .....
Landgræðslusjóður .....
Landhelgissjóður .....
Landshöfn, Keflavík—Njarðvík .....

Landshöfn, Rifi
Landshöfn, Þorlákshöfn
Landssmiðjan
Landsvirkjun
Laxárvirkjun
Laxeldisstöð í Kollafirði
Lánasjóður íslenskra námsmanna
Lánasjóður sveitarfélaga
Lyfjaverslun ríkisins
Læknishéraðasjóður
Lögbirtingablaðið

Menningarsjóður

Námslán læknastúdenta

Orkusjóður

Póstur og sími

Rafmagnsveitur ríkisins
Ríkisábyrgðasjóður
Ríkisprentsmiðjan Gutenberg
Ríkisútgáfa námsbóka, skólavörubúð
Ríkisútvarp, hljóðvarp
Ríkisútvarp, sjónvarp

Sala varnarliðseigna
Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni
Sementsverksmiðja ríkisins
Sérleyfissjóður
Sinfóníuhljómsveitin
Síldarverksmiðjur ríkisins
Skipaútgerð ríkisins
Stórólfsvallarbúið
Styrktarsjóður fatlaðra
Styrktarsjóður vangefinna

Tilraunabúið á Hesti
Tilraunastöðin á Möðruvöllum
Tilraunastöðin á Reykhólum
Tilraunastöðin á Sámsstöðum
Tilraunastöðin á Skriðuklaustri
Tryggingastofnun ríkisins, lífeyristryggingar
Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingar
Tryggingastofnun ríkisins, slysatryggingar

Umferðarmiðstöð
Upptökuheimilið í Kópavogi

Vitamálastjórn, áhaldahús
Vísindasjóður

Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Þjóðleikhús
Þvottahús ríkisspítala

Sþ. 61. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um jöfnun upphitunarkostnaðar í skólum.

Flm.: Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna og gera tillögur um með hvaða hætti hagkvæmast sé að koma á jöfnuði í orkukostnaði til upphitunar í þeim skólum sem sveitarfélög annast rekstur á.

Greinargerð.

Með breytingum á lögum um skólakostnað frá árinu 1967 var kostnaður vegna upphitunar í skólum færður að öllu leyti til sveitarfélaganna, en áður hafði þeim kostnaði verið deilt að jöfnu milli ríkis og sveitarfélaga.

Til grundvallar að skiptingu á skólakostnaði var miðað við óbreytt greiðsluhlutfall milli ríkisins og sveitarfélaganna, en skýrari mörk sett um gjaldaliði hvors aðilans um sig.

Þessi breyting fól þó í sér visst ósamræmi í rekstri skólanna innbyrðis, m. a. vegna mismunar á verði þeirrar orku, sem notuð var við upphitun skólahúsnæðis. Þegar orkukreppan margumtalaða skall svo á og verð á olíu margfaldaðist, varð upphitun á skólahúsnæði með olíu tilfinnanlegur rekstrarliður. Sérstaklega varð þessi þróun mála óhagstæð fyrir heimavistarskólana, sem af augljósum ástæðum þurfa á miklu húsrými að halda.

Markmið í þessum málum hlýtur að miðast við að breyta upphitun skólanna þannig, að þar sem heitt vatn er ekki til staðar verði rafmagn tekið til notkunar, þegar næg raforka er fyrir hendi, og verð hennar þá fært til samræmis við verð á heitu vatni til sambærilegra nota.

Á síðari árum hefur átt sér stað mikil uppbygging skólahúsnæðis víðs vegar um landið, auk annarra félagslegra framkvæmda, svo sem heilsugæslustöðva, sem sveitarfélög hafa sameinast um. Í þessum stofnunum, bæði er varðar uppbyggingu og rekstur, hefur bundist mikið fjármagn og umtalsverður tilflutningur þess milli sveitarfélaga átt sér stað.

Með tillögu þessari er lagt til, að könnun verði gerð á kostnaði við upphitun skólahúsnæðis í landinu, og í framhaldi af því, að þessi kostnaðarliður í rekstri skólanna verði jafnaður.

Augljóst er að hér er mikil þörf úrbóta. Fyrir því er þessi tillaga til þingsályktunar flutt.

Ed. 62. Frumvarp til laga [56. mál]

um breyting á lögum nr. 75 21. júní 1973 um Hæstarétt Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978).

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Hæstarétt skipa sjö dómarar. Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara.

Dómarar Hæstaréttar kjósa sér forseta til tveggja ára og varaforseta til sama tíma. Varaforseti gegnir störfum forseta, þegar hann er forfallaður eða fjarstaddur. Hann skipar forsæti, þegar forseti situr eigi dóm. Ef hvorki forseti né varaforseti sitja dóm, skal sá hæstaréttardómari, sem lengst hefir átt sæti í dóminum, skipa forsæti, en hafi tveir hæstaréttardómarar setið jafn lengi í dóminum, skal sá þeirra skipa forsæti, sem lengri hefur embættisaldur í heild.

2. gr.

2. gr. a laganna orðist svo:

Fimm dómarar skipa dóm, nema annan veg sé fyrir mælt. Í sérlega mikilvægum málum getur dómurinn ákveðið, að sjö dómarar sitji í dómi.

Í kærumálum sitja þrír dómarar, nema alveg sérstaklega standi á. Þrír dómarar geta enn fremur skipað dóm í einkamáli, ef úrslit máls varða eigi mikilvæga hagsmuni aðila að mati dómsins. Þrír dómarar geta skipað dóm í opinberu máli, ef refsing, sem við broti getur legið, er eigi þyngri en sektir, varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum.

Dómurinn ákveður jafnan, hve margir dómarar skipi dóm og þá hverjir.

Ef mál er umfangsmikið, er dóminum heimilt að ákveða að hæstaréttardómari, sem eigi dæmir í því máli, hlýði á málflutning og taki sæti í dóminum, ef dómari forfallast.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Í stað orðanna „kr. 25 000.00“ í 13. gr. 2. mgr. laganna komi orðin „200 þúsund krónur“.

4. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1979.

Ákvæði 3. gr. taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um breytingu á lögum um Hæstarétt Íslands er lagt fram af dómsmálaráðherra, að höfðu samráði við dómendur Hæstaréttar.

Hæstiréttur mun vera sú stofnun í ríkiskerfinu þar sem einna minnst starfsmannafjölgun hefur orðið síðustu áratugi. Þar hefir aðeins fjölgað um einn dómara síðan 1945.

Hin síðustu ár hefir fjöldi þeirra mála sem til Hæstaréttar er skotið farið vaxandi. Árið 1974 voru málin 223, árið 1975 185, árið 1976 244 og 1977 240. Einkamálin svonefndu eru í miklum meirihluta, en fjöldi opinberra mála er nokkuð breytilegur frá ári til árs. Kærumálum sem leysa ber úr með mjög skjótum hætti hefir fjölgað til muna síðustu árin. Auk málafjöldans sem vaxið hefir er þess og að geta að mörg umfangsmikil mál bíða nú úrlausnar eða eru væntanleg til dómsins á næstunni.

Á síðustu árum hefir Hæstiréttur kveðið um efnisdóma í u. þ. b. 120—125 málum ár hvert, um 80 einkamálum, 15 opinberum málum og 25—30 kærumálum, en þessar tölur eru þó nokkuð breytilegar frá ári til árs. Þegar þessar tölur eru bornar saman við fjölda mála sem skotið hefir verið til Hæstaréttar að undanförnu er ekki að undra þótt all nokkur töf verði á að mál sem tilbúin eru til málflutnings verði tekin til meðferðar. Fjölda mála sem skotið er til dómsins verður þó raunar að taka með nokkurri varfærni þar sem t. d. gagnsakir eru sameinaðar aðalsökum og nokkur mál falla niður vegna útivistar eða hafningar. Má ætla að töfin á að einkamál verði tekin til meðferðar verði meira en eitt ár frá því að máli er frestað til málflutnings ef ekki er að gert. Skjótar úrlausnir af hendi dómstóla eru hið mesta keppikefli í hverju réttarríki, enda sé réttaröryggis í hvívetna gætt við úrlausnir mála. Ber mikla nauðsyn til að búa Hæstarétti starfsaðstöðu til þess að leysa með skjótum og öruggum hætti úr þeim mikla fjölda mála sem þangað er skotið.

Ýmsar leiðir til úrbóta á störfum Hæstaréttar hafa verið ræddar. Í þessu frv. er lagt til að sú leið verði farin að bæta við einum dómara og fjölga þannig dómurum úr sex í sjö. Jafnframt er gert ráð fyrir því að þrír dómarar skipi dóm í kærumálum nema þau séu sérstaklega vandasöm úrlausnar. Ætti með þessu móti að skapast möguleiki á því að dómurinn fjalli um kærumál, svo og minni háttar

einkamál og opinber mál, í tveimur þriggja dómara deildum. Yrði það til að hraða meðferð slíkra mála fyrir dómstólnum.

Þá er lagt til að áfrýjunarfjárhæð sé hækkuð úr 25 000 kr. í 200 000 kr. Það er mun meiri hækkun en nemur breytingum á kaupgjaldi og verðlagi frá árinu 1973 þegar áfrýjunarfjárhæð var síðast breytt.

Verður nú vikið stuttlega að hverri einstakri grein.

Um 1. gr.

Hér er mælt fyrir um fjölgun dómara. Vísast um það til athugasemda hér að framan.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein geta ýmist 3, 5 eða 7 dómarar skipað dóm. Gert er ráð fyrir að dómurinn sé skipaður sjö dómurum ef um sérstaklega mikilvæg mál er að ræða.

Meginreglan verður sú skv. 2. mgr. að dómur verði skipaður fimm dómurum. Í kærumálum svonefndum er á því byggt í 3. mgr., að þau séu dæmd af þriggja manna dómi, nema alveg sérstaklega standi á. Heimild til að dæma mál í þriggja manna dómi verði annars svo til óbreytt frá því sem er í núgildandi lögum. Að því er einkamál varðar miðast hún við hagsmuni aðila, en takmörkin varðandi opinber mál eru þau að eigi liggi þyngri refsing við broti en 2 ára fangelsi. Tekið skal fram að ekki skiptir það máli í þessu sambandi þótt önnur refsikennd viðurlög, svo sem réttindasvipting, eignarupptaka o. fl., liggi við broti.

Um 3. gr.

Áfrýjunarupphæð hefir sem fyrr segir verið 25 000 krónur síðan 1973. Er lagt til, að hún verði hækkuð í 200 000 krónur, að nokkru leyti til samræmis við breytt kaupgjald, verðlag o. fl.

Um 4. gr.

Hér er gildistökuákvæði og ákvæði um framkvæmd máls ef frv. verður lögfest.

Sþ. 63. Tillaga til þingsályktunar [57. mál]

um fæðingarorlof kvenna í sveitum.

Flm.: Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Finnur Torfi Stefánsson, Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að eiginkonur bænda og aðrar útivinnandi konur í sveitum fái notið fæðingarorlofs er jafngildi þeim fæðingarorlofsgreiðslum sem nú eru í gildi.

Greinargerð.

Um árabil hafa konur, félagar í verkalýðsfélögum, fengið greitt fæðingarorlof. Þessar greiðslur hafa nýverið hækkað allverulega og nema nú 426 þúsund krónum miðað við 90 daga orlof vegna barnsfæðinga.

Á síðasta ári greiddi Atvinnuleysistryggingasjóður 295.5 milljónir króna í fæðingarorlof, en ætla má að heildarfjárhæð í ár verði 450 milljónir króna eftir hækkanir, sem nýlega voru ákveðnar.

Tilgangurinn með þessum greiðslum er að bæta mæðrum tekjutap, sem þær verða fyrir, vinni þær utan heimilis og kaupgreiðslur til þeirra falli niður vegna fjarveru frá störfum í tengslum við barnsfæðingar.

Meðal kvenna í sveitum, sem enga aðild eiga að stéttarfélögum, eru þessar orlofsgreiðslur óþekktar. Í þessu felst mikið misrétti, stéttamisrétti, sem ástæða er til að vekja athygli á og færa til betri vegar.

Samkvæmt búreikningum er vinnutími eiginkvenna bænda, utan heimilis, 800 klukkustundir á ári. Hinn 1. mars s. l. var tímakaup þeirra í dagvinnu 703 krónur, 984 krónur í eftirvinnu og 1266 krónur í nætur- og helgidagavinnu. Lætur nærri að vikulaun hafi numið tæplega 41 þúsund krónum og árslaun 2.1 milljón.

Þótt vinnutími til sveita sé mjög óreglulegur, ef miðað er við fastan vinnutíma fólks í stéttarfélögum, mun varla hvarfla að nokkrum manni að draga í efa hina miklu vinnu sveitakvenna utan heimilis. Vinna þeirra er ekki bundin við virka daga, — hana verður að inna af hendi 365 daga á ári.

Samtök bænda hafa ekki getað tryggt þessum hópi kvenna fæðingarorlof. Hér verður enginn dómur á það lagður hvort ástæðan er áhugaleysi eða fjárskortur. Hins vegar er ljóst að stofna hefði átt sjóð til greiðslu fæðingarorlofs og í hann hefði átt að renna fjármagn frá bændum sjálfum, sbr. greiðslur félaga í verkalýðsfélögum, og að hluta fjármagn frá viðskiptaaðilum bænda.

Með þessari tillögu er borin fram sú ósk, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, að sjálfsögð réttindi sveitakvenna verði að veruleika. Æskilegt er að setja lög um þetta efni og að þau tengist endurskoðun á almannatryggingakerfinu.

Ed. 64. Frumvarp til laga [58. mál]

um breyting á lögum nr. 10 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Helgi F. Seljan, Eyjólfur K. Jónsson, Hannes Baldvinsson.

1. gr.

1. töluliður 7. gr. laganna orðist svo:

Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, sem unnin er á byggingarstað svo og í verksmiðju, á verkstæði eða starfsstöð. Sama gildir um vinnu við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Því fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

Sú byggingaraðferð, að íbúðarhús séu smíðuð í einingum á verkstæðum eða í verksmiðjum, ryður sér nú til rúms, og ef rétt er að staðið lækkar byggingarkostnaður verulega við þessa tilhögun, auk þess sem henni fylgir margvíslegt hagræði fyrir þann, sem byggt er fyrir.

Nú er söluskattsinnheimtu þannig háttað, að ekki er innheimtur söluskattur af vinnu við húsbyggingar, sé hún framkvæmd á byggingarstað, en hins vegar ef hún fer fram í verksmiðju við svokallaðar einingabyggingar.

Hér er um misræmi og misrétti í innheimtu að ræða og frv. þetta er flutt í þá veru að leiðrétta þetta misræmi, svo þessi um margt hagstæði byggingarmáti njóti sömu undanþágu og veitt er í dag við húsbyggingar séu þær framkvæmdar á byggingarstað.

Eðlilegt hlýtur að teljast að ríkið greiði fyrir byggingaraðferð, sem hefur þann kost helstan að lækka hinn mikla byggingarkostnað. Því er frumvarp þetta flutt.

Sþ. 65. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um þátttöku ungs fólks í atvinnulífinu.

Flm.: Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við stofnanir atvinnuveganna, þar á meðal stofnlánasjóði, að kanna með hvaða hætti unnt sé að örva þátttöku ungs fólks í atvinnulífinu.

Greinargerð.

Um alllangt skeið hafa átt sér stað umræður um skiptingu þjóðarinnar í starfsgreinar. Þar hafa m. a. komið fram áhyggjur manna vegna síaukinnar hlutdeildar þjónustugreinanna í vinnuafli þjóðfélagsins og þá á kostnað atvinnuveganna. Aftur á móti hefur minna verið rætt um, með hvaða hætti helst sé unnt að stöðva þessa þróun, þannig að áhugaverðara sé að taka sér fyrir hendur verkefni í atvinnulífinu.

Í þeim efnum þarf að mörgu að hyggja og ekkert eitt ráð einhlítt til að breyta straumnum. Hins vegar hlýtur að vera óumdeilanlegt, að áform æskufólksins séu þar þung á metum, og þess vegna er mikilvægt að aðstæður í þjóðfélaginu séu með þeim hætti, er geri fólki kleift að takast á við þau viðfangsefni í atvinnulífinu, er hugur þess stendur til að loknu námi í sérskólum atvinnuveganna.

Ekki má gleyma því, að þótt á brattann hafi verið að sækja fyrir æsku landsins við atvinnuuppbyggingu hefur víða náðst góður árangur. Má þar m. a. nefna bændur, er byrjað hafa búskap á unga aldri, iðnaðarmenn, sem stofnað hafa til iðnrekstrar í þeim iðngreinum er þeir hafa numið, að ógleymdum skipsstjórnarmönnum, sem að loknum prófum hafa tekið sér fyrir hendur útgerð fiskiskipa. En á hitt ber líka að líta og leggja áherslu á, að frumbýlingsárin hafa orðið mörgum erfið og sett ærinn svip á lífsferil sumra ungra manna.

Augljóst er að við lok skólagöngu og þá oft um svipað leyti og stofnun heimilis á sér stað, sem út af fyrir sig er ærið viðfangsefni, eru ákveðnir erfiðleikar á að hefjast handa í atvinnurekstri. Þess vegna þarf að koma til sérstakur stuðningur af hendi hins opinbera, enda eðlilegt að nokkurs jafnræðis gæti milli þess æskufólks, sem tekur sér fyrir hendur framhaldsnám, og hins, er fer til starfa í atvinnulífi þjóðarinnar.

Sþ. 66. Tillaga til þingsályktunar [60. mál]

um innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum.

Flm.: Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, að fram fari athugun á því eftir hvaða leiðum sé unnt að auka verulega frá því sem nú er innkaup ríkis, sveitarfélaga og stofnana og fyrirtækja þeirra, er leiði til eflingar íslenskum iðnaði, og útboð verði notuð á markvissan hátt til að stuðla að iðn- og vöruþróun í landinu.

Greinargerð.

Fyrir ári lauk skipulagðri kynningu og upplýsingastarfsemi um íslenskan iðnað undir nafninu „Íslensk iðnkynning“. Tilgangur hennar var að efla sölu á íslenskum iðnaðarvörum, glæða almennan skilning á mikilvægi iðnaðarins, á þeirri miklu atvinnu, sem hann veitir, gjaldeyrisöflun og þeim gjaldeyrissparnaði,

sem hann hefur í för með sér. Frá því að kynning þessi hófst hafa málefni iðnaðarins verið mjög til umræðu og skoðanakannanir, sem fram fóru af hálfu aðstandenda kynningar þessarar, þóttu leiða í ljós, að innkaupavenjur almennings hefðu breyst íslenskum iðnaði í hag.

Staðreynd er, að það er á ýmsum öðrum sviðum, sem mögulegt ætti að vera að hafa áhrif á innkaup, er varða hag íslensks iðnaðar. Umsvif fjármála ríkis- og sveitarfélaga eru mikil í þjóðarbúinu. Auk þess sem útgjöld opinberra aðila hafa bein áhrif á heildareftirspurn í þjóðarbúskapnum, getur markviss beiting þeirra reynst mikilvægt tæki til áhrifa á einstakar atvinnugreinar, ekki síst á hagræna og tæknilega framþróun íslensks iðnaðar.

Fyrrverandi iðnaðarráðherra, Gunnar Thoroddsen, beitti sér fyrir því á s. l. ári, að skipaður var starfshópur fulltrúa iðnaðarráðuneytis, fjármálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis, er gera skyldi tillögur um hvernig haga megi innkaupum ríkisins og stofnana þess, þannig að þau miði að því að efla íslenskan iðnað. Starfshópur þessi, en formaður hans er Þorvarður Alfonsson, mun þegar hafa safnað ýmsum upplýsingum og unnið gagnlegt starf. Hér er um yfirgripsmikið og vandasamt verk að ræða og hafa verður hliðsjón af margvíslegum sjónarmiðum. En ljóst er að þjóðhagsleg íslensk sjónarmið verða að sitja í fyrirrúmi.

Þótt starfshópur þessi sé að störfum telur flutningsmaður engu síður nauðsynlegt að Alþingi láti í ljós hug sinn í þessum efnum. Í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.

Innkaupum opinberra aðila má einkum skipta í eftirfarandi flokka, eftir eðli þeirra: rekstrarvörur, þjónustu og fjárfestingarvörur.

Verulegum fjárhæðum er varið á vegum ríkis og sveitarfélaga til kaupa á hinum margvíslegustu rekstrarvörum. Má í því sambandi nefna innanstokksmuni, hreinlætisvörur, pappírsvörur og margvíslegar aðrar rekstrarvörur til skóla, sjúkrahúsa og annarra stofnana. Sama gildir um margvíslega viðhalds- og viðgerðarþjónustu þessara stofnana, svo sem Hafrannsóknastofnunar, Landhelgisgæslu, Skipaútgerðar ríkisins og fjölmargra annarra.

Þeim aðferðum, sem beitt er í opinberum innkaupum, má skipta í bein innkaup, innkaup eftir að fram hefur farið sérstök verðkönnun og loks útboð. Varðandi útboð skal sérstaklega bent á nauðsyn þess, að lengd skilafrests og stærð útboðseininga sé hagað þannig, að innlendir framleiðendur geti boðið í verkin.

Flutningsmaður tillögu þessarar vill minna á samþykkt, sem gerð var fyrir nokkrum árum í borgarstjórn Reykjavíkur um innlend innkaup, þar sem sú stefna er mörkuð í innkaupum, að heimilt sé að taka tilboði innlendra aðila fram yfir erlenda, þótt verð hinnar innlendu vöru sé allt að 15% hærra, en gæði sambærileg. Flutningsmaður telur nauðsynlegt, að slík regla eða svipuð verði tekin upp fyrir öll opinber fyrirtæki, og er eðlilegt að slíkt verði metið í tengslum við þá athugun, sem hér er lagt til að fram fari.

Það er ljóst að þjóðarbúskapur okkar verður um ófyrirsjáanlega framtíð háður viðskiptum við önnur lönd. Benda má þó á, að í auknum mæli ber að athuga vandlega, þegar um meiri háttar viðskipti hins opinbera er að ræða við erlenda aðila, sem innlendir framleiðendur ráða ekki við sem heild vegna umfangs verksins og tæknilegra atriða, að farið sé inn á þá braut að semja um að hluti framleiðslunnar fari fram hér innanlands. Auk þess sem slíkt eykur hlut innlendra aðila í innkaupum, gæti slíkt stuðlað mjög að flutningi nýrrar tækniþekkingar inn í landið.

Loks skal bent á þau tækifæri sem opinber innkaup bjóða varðandi nýjungar í framleiðslu og ný iðnaðartækifæri. Íslensk framleiðslufyrirtæki eiga oft erfitt með að takast á við meiri háttar vöruþróunarverkefni, þar sem áhætta er mikil. Víða erlendis hafa stjórnvöld gert sér grein fyrir því hversu mikilvægu hlutverki opinberir aðilar geta gegnt á þessu sviði, með því að fela fyrirtækjum að leysa ákveðin tæknivandamál varðandi framleiðslunýjungar á þann hátt að greiða fyrir verkefnið sky. samningi eða tryggja lágmarkssölu framleiðsluafurða. Slíkur stuðning-

ur við nýsköpun er fjarri því að vera eingöngu hagsmunamál fyrirtækjanna sjálfra, heldur þjóðarinnar í heild. Því er nauðsynlegt að hið opinbera stuðli að slíkri starfsemi og geri hana eftirsóknarverða.

Sþ. 67. Fyrirspurn [61. mál]

til forsætisráðherra um atvinnumál á Þórshöfn.

Frá Árna Gunnarssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert eða hyggst gera til að koma í veg fyrir stöðvun atvinnulífs á Þórshöfn, sem nú vofir yfir?

Ed. 68. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um aukna aðstoð við sveitarfélög vegna lagningar bundins slitlags á vegi í þéttbýli.

Flm.: Hannes Baldvinsson, Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir auknum stuðningi við sveitarstjórnir til að hraða lagningu bundins slitlags á vegi í þéttbýli. Stuðningurinn verði m. a. fólginn í hækkun á beinum fjárframlögum og útvegun aukins lánsfjármagns til framkvæmda.

Þá láti ríkisstjórnin undirbúa breytingar á löggjöf er feli í sér afnám takmarkana á afturvirkni heimildar til innheimtu gatnagerðargjalda og niðurfellingar söluskatts af kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur af götum með eigin vinnuvélum.

Greinargerð.

Í þeirri umræðu, sem fram fer þessa dagana um aðgerðir til að hraða lagningu bundins slitlags á hringveginn og aðra helstu þjóðvegi landsins, vill gjarnan gleymast vandinn við hið nærtækara og meira aðkallandi verkefni, sem er að ljúka við lagningu bundins slitlags á gatnakerfi í þéttbýli.

Víða er það verkefni reyndar nokkuð vel á veg komið, en í mörgum hinna smærri og fátækari sveitarfélögum bíða stórir og kostnaðarsamir áfangar óunnir, og verður vart séð að veruleg breyting verði þar á á næstunni. Árlega aukast einnig kvaðir á sveitarfélögin, sem takmarka ráðstöfunarfé þeirra til verklegra framkvæmda og þar með fjárveitingar til gatnagerðar. Fljótvirkasta fyrirgreiðsla ríkisvaldsins í þessum efnum hlýtur því að verða í beinum fjárframlögum og útvegun aukins lánsfjár til þessara framkvæmda.

Með setningu laga um gatnagerðargjöld var stigið skref í rétta átt til að ýta undir framkvæmdir við varanlega gatnagerð í þéttbýli, og víða hafa á orðið verulegar breytingar til batnaðar. En eins og áður sagði eru þó sveitarfélögin mjög misjafnlega á vegi stödd í þessum efnum, bæði vegna þess, að framkvæmdir eru misjafnlega kostnaðarsamar vegna aðstæðna, og eins er um að ræða mjög mismunandi fjárhagslega getu til að sinna þessu verkefni. Takmarkanir á afturvirkni laganna um gatnagerðargjöld koma einnig mjög ójafnt niður á sveitarfélögunum og gera einstaklingum og fyrirtækjum mismunandi hátt undir höfði vegna þess ákvæðis að binda afturvirknina við fimm ár. Með því móti má segja að einstaklingar og fyrirtæki, sem hafa notið þeirra forréttinda að búa við götur með bundnu slitlagi lengur en fimm ár, eru leystir undan þátttöku í því félagslega verkefni, sem gatnagerð og lagning bundins slitlags hlýtur að vera í hverju sveitarfélagi. Reynslan hefur

einnig orðið sú, að finna má dæmi þess, að bæjarfélög, sem höfðu, áður en lögin voru sett, hleypt sér í skuldir m. a. vegna framkvæmda við varanlega gatnagerð, hafa ekki gert miklu betur en að halda í horfinu á undanförnum árum, þ. e. að fullganga frá vegum sem að lengd svarar árlegri viðbót við gatnakerfi þeirra.

Það er álit margra sveitarstjórnarmanna, að þarna sé lagabreyting nauðsynleg, þannig að afnumin verði takmörkun á afturvirkni réttarins til að innheimta svokölluð B-gjöld til gatnagerðar, en þau eru innheimt eftir að lokið er að fullu frágangi götu með lagningu gangstétta og bundins slitlags. Enda eru vandfundin rök fyrir því, að sjálfsagðara sé að takmarka þessa afturvirkni við tiltekinn árafjölda eins og nú er gert í lögunum, fremur en að heimila sveitarstjórnum, hverri fyrir sig, að ákveða þau takmörk með tilliti til mismunandi aðstæðna í reglugerð sem síðan væri staðfest af ráðherra.

Þá er einnig bent á, að tími er til kominn að binda enda á þá fáránlegu skattheimtu, sem felst í því að innheimta fullan söluskatt af kostnaði sveitarfélaga við snjóruðning af götum með eigin vinnuvélum. Ekki er þarna um að ræða upphæðir, sem skipta sköpum varðandi umráðafé sveitarfélaga til gatnagerðar eða fjárhagsafkomu ríkissjóðs, en flutningsmönnum þessarar þingsályktunartillögu finnst ástæða til að ætla, að nægileg óþægindi og aukakostnaður fylgi búsetu í snjóþyngstu héruðum þessa lands, þó að aðgerðir eins og snjómokstur af götum til að draga úr þessum óþægindum séu ekki notaðar sem gjaldstofn fyrir auknar álögur á viðkomandi sveitarfélög.

Að lokum er rétt að benda á, að við ákvörðun lána til varanlegrar gatnagerðar verður að taka til viðmiðunar kostnað við undirbyggingu gatna, svo sem jarðvegsskipti og nýjar lagnir, í mun ríkari mæli en gert hefur verið. Þessi undirbúningsvinna er í mörgum tilfellum orðin kostnaðarsamasti hluti gatnagerðarinnar, en lánsfjárákvörðun er nú nær eingöngu bundin við lokaáfangann, þ. e. lagningu bundna slitlagsins.

Tillögu þessari er á engan hátt ætlað að draga úr áhuga manna á lagningu bundins slitlags á þjóðvegi landsins, heldur fyrst og fremst að vekja athygli Alþingis og ríkisstjórnar á því ófremdar- og vandræðaástandi, sem víða er ríkjandi í varanlegri gatnagerð í þéttbýli utan stór-Reykjavíkursvæðisins, og að full þörf er á aukinni þátttöku og aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að ráða bót þar á.

Ed. 69. Frumvarp til laga [63. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.

Flm.: Alexander Stefánsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Hilmar Rósmundsson.

1. gr.

27. tl. 3. gr. laganna orðist svo:

Að lækka eða fella niður gjöld af allt að 500 bifreiðum árlega fyrir bæklað fólk eða lamað, eða fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi, að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda af hverri bifreið má þó ekki nema meiru en 450 þúsund krónum, að viðbættri lækkun á innflutningsgjöldum, þannig að heildarlækkun verði ekki lægri fjárhæð en 1 milljón króna á bifreið.

Þá skal heimilt að fella algjörlega niður gjöld af allt að 25 bifreiðum árlega fyrir þá sem mestir eru öryrkjar, en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Niðurfelling gildir einnig fyrir talstöðvar í þessar 25 bifreiðar.

Fjármálaráðherra skipar þriggja manna nefnd er úrskurðar umsóknir um eftirgjöf gjalda af ofangreindum bifreiðum. Skulu tveir nefndarmanna vera læknar og

skipaðir skv. tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands, en sá þriðji án tilnefningar, og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að fella algjörlega niður fyrir framangreint fólk öll gjöld, þ. m. t. söluskatt, af innfluttum gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, svo og af áhöldum og hjálpartækjum, sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess samkvæmt læknisvottorði og henta ekki öðru fólki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Málefni öryrkja og annarra, er orðið hafa fyrir áföllum í þjóðfélagi okkar, hafa verið mikið til umræðu að undanförnu, og er það vel. Bæði er að samtök öryrkja hafa eflst og unnið ötullega að því að vekja athygli á stöðu öryrkja og nauðsyn þess að samfélagið veiti lið í lífsbaráttu þeirra svo og að fjölmiðlar hafa tekið þessum umræðum jákvætt og komið á framfæri á eftirminnilegan hátt, hversu margt er ógert í dag til að hjálpa þessu fólki og um leið að nýta starfskrafta þess og hæfileika fyrir þjóðfélagið við ýmis mikilvæg störf.

Komið hefur fram, að það hefur farið fram hjá flestum, er séð hafa um hönnun framkvæmda og byggingarstarfsemi í landinu, að taka tillit til hreyfilamaðs fólks til að komast í og um flestar byggingar. — Í nýjum byggingarlögum er þetta leiðrétt, þannig að gera má ráð fyrir að hér eftir verði fullt tillit tekið til þessa við hönnun og byggingu nýrra mannvirkja, en brýnasta þörfin í dag er að framkvæma nauðsynlegar breytingar á eldri byggingum, fyrst opinberum byggingum, svo sem heilsugæslustöðvum, skólum, samkomuhúsum, söfnum o. s. frv., til að auðvelda þessu fólki greiðan aðgang. Má vera að þörf sé á sérstakri reglugerð um þetta atriði og að gera skipulagt átak í þessu skyni við gerð fjárlaga ríkis og fjárhagsáætlana sveitarfélaga.

Þetta frumvarp til laga um breytingu á tollalögum er lagt fram til að reyna að lagfæra hluta af vandamálum fatlaðs fólks. Samþykkt þess mun koma að miklu gagni, enda í fullu samræmi við ákveðnar óskir Öryrkjabandalags Íslands og Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, hækkar fjölda bifreiða til öryrkja, sem njóta eiga eftirgjafar tolla og aðflutningsgjalda, úr 350 í 500 bifreiðar á ári. Lækkun næmi 1 milljón kr. á bifreið í stað 500 þús. kr., eins og nú er. Enn fremur verði algjörlega felld niður gjöld á 25 bifreiðum til þeirra sem mestir eru öryrkjar, en geta ekið sérstaklega útbúnum bifreiðum. Í núgildandi lögum er niðurfelling á þessar sérstöku bifreiðar 1 milljón. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir að heimilt verði að fella niður aðflutningsgjöld af talstöðvum í þessar 25 bifreiðar, sem brýn nauðsyn er talin á að sé í þeim.

Upplýst er, að fjármálaráðuneytið hefur með bréfi dags. 2. maí 1978 til tollstjórans í Reykjavík ákveðið að eigi skuli greiða söluskatt af þeim hluta aðflutningsgjalda af innfluttum bifreiðum fyrir öryrkja, sem felldur er niður við tollafgreiðslu samkv. 27. tl. 3. gr. tollskrárlaga. Tekur skipan þessi gildi 1. janúar 1979. Er þetta einnig mjög mikilvægur stuðningur við öryrkja.

Þá er í frumvarpinu kveðið sterkar á um heimild til að fella algjörlega niður fyrir fatlað fólk öll gjöld, þ. m. t. söluskatt af tolli af innfluttum gervilimum, svo og af áhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess og henta ekki öðru fólki.

Skipan úthlutunarnefndar helst óbreytt, enda vel fyrir séð, þar sem í nefndinni eru tveir læknar eftir tilnefningu Öryrkjabandalagsins.

Ed. **70. Frumvarp til laga** [64. mál]

um kaup ríkisins á síldarverksmiðjunni á Þórshöfn á Langanesi.

Flm.: Stefán Jónsson.

1. gr.

Ríkissjóður skal leita eftir kaupum á síldarverksmiðju Hraðfrystistöðvarinnar hf. á Þórshöfn á Langanesi.

2. gr.

Takist kaupin skal Síldarverksmiðjum ríkisins falin umsjá með verksmiðjunni, og það með að hefjast þegar handa um að fullgera verksmiðjuna og búa hana nauðsynlegum tækjum til þess að hún geti hafið loðnuvinnslu þegar á næsta hausti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni forsvarsmanna Þórshafnarbúa, hreppsnefndar allrar, atvinnumálanefndar, verkalýðsfélagsins og Hraðfrystistöðvarinnar frá s. l. vetri. Það var flutt í efri deild á s. l. vori en þá viðraði ekki til afgreiðslu málsins.

Kærara hefði flutningsmanni verið að flytja frumvarp er að því lyti að Þórshafnarbúum yrði séð fyrir því fjármagni, sem til þyrfti að koma síldarverksmiðju sinni í lag og reka hana af eigin rammleik, slíkt gróðafyrirtæki sem þorpinu væri þar búið með tiltölulega litlum kostnaði. Þörf fyrir bráða lausn á aðkallandi efnahagsvanda Þórshafnarbúa er hins vegar svo brýn og aðkallandi, að sú tilhögun verður nú að bíða. Því er á það ráð brugðið hér, sem næstbest má kalla, að reyna að knýja það fram, að ríkisvaldið taki að sér að koma verksmiðjunni í gang og reka hana svo að Þórshafnarbúar þurfi ekki að horfa upp á það lengur að loðnuveiðiflotinn sigli fullfermdur þvert fyrir hafnarkjaft þeirra, norðan með sumarloðnuna, en sunnan með vetrarloðnuna, og heyra svo af því í útvarpi og sjónvarpi að norsk bræðsluskip taki á móti tugum þúsunda lesta af þessum dýrmæta fiski til vinnslu, en skipsleigan afsökuð með því að skortur sé á loðnubræðslum í landinu.

Er hitt þá enn ótalið fram í máli þessu, með hvaða hætti ríkisvaldið stendur í óbættri sök við Þórshafnarbúa fyrir óhæfilega framkomu gagnvart sameignarfyrirtæki þeirra, Hraðfrystistöðinni hf.

Er Þórshafnarbúar höfðu komið sér upp fyrrgreindu hraðfrystihúsi af fullkomnustu gerð á valdatíma vinstri stjórnarinnar, var svo komið að fiskimiðin í Þistilfirði höfðu verið uppurin af ágangi erlendra togara undir lok landhelgisstríðsins. Var ljóst að hráefnið yrði ekki tryggt til þessa nýja húss, fremur en annarra frystihúsa, með öðru móti en því, að útvegaður yrði skuttogari til að annast aðföngin. Nú var því aftur á móti borið við af hálfu síðustu ríkisstjórnar, að alls ekki yrði leyfð smíði á fleiri skuttogurum, og Þórshafnarbúum fenginn í hendur gamall togari og úr sér genginn. Rekstur hans hefur gengið með líkindum, viðgerðarkostnaður orðið óhemjulegur og tafir frá veiðum lengri en úthaldstíminn, sem aftur hefur leitt til þess, að hráefni hefur skort til Hraðfrystistöðvarinnar, atvinnuleysi ríkt langtímum saman í plássinu og framleiðslufyrirtæki fólksins sligast efnahagslega.

Þórshöfn er þannig í sveit sett, með frjótt og víðlent hérað Þistilfjarðar að baklandi, að þar má efla útgerð og annan atvinnurekstur svo að hvort styðji annað til þroska, þorp og sveit. Svo bar til, að öllum byggðarlögum á Norðurlandi eystra

varð þetta pláss harðast úti við þau veðrabrigði sem urðu við tilkomu síðustu íhaldsstjórnar, og nú er nauðsyn að gera þá ráðstöfun, er frumvarp þetta hnígur að, í því skyni að Þórshafnarbúar fái nýtt sér þann pólitíska bata, sem orðið hefur á landinu.

Ed. 71. Frumvarp til laga [65. mál]

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Oddur Ólafsson.

1. gr.

Við 59. gr. laganna bætist:

Þar skal einnig vera spjald jafnstórt kjörseðli með upphleyptum listabókstöfum og blindraletri, með glugga framan við hvern staf og vasa á bakhlið þannig að blindir geti gegnum gluggann sett kross framan við þann lista, er þeir gefa atkvæði sitt, og á þann hátt kosið í einrúmi og án aðstoðar.

2. gr.

Síðasti málsl. 1. mgr. 66. gr. laganna orðist svo:

Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjörseðli og hjálpargögn, sé hann blindur (sjá 59. gr.), og skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er að framan greinir, loka honum síðan þannig að það verði innan á, er hann hefur skrifað á seðil sinn, og líma hann vandlega aftur.

3. gr.

3. mgr. 66. gr. laganna orðist svo:

Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibréfinu um að kjörseðillinn sé útfylltur í einrúmi og án aðstoðar. Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé höndin ónothæf, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Heimilt er kjörstjórnarmanni að undirrita fylgibréfið fyrir hönd kjósanda í viðurvist kjörstjórnar. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina og á fylgibréfið, að tilgreindum ástæðum. Kjörstjórnarmanni er með öllu óheimilt að bjóða þeim aðstoð sína, er þarfnast hjálpar skv. grein þessari. Kjörstjóri ritar á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

4. gr.

Við 71. gr. laganna bætist:

Yfirkjörstjórn á hverju kjörsvæði skal strax að morgni kjördags bera þau utankjörstaðaratkvæði, er borist hafa, saman við kjörskrá viðkomandi staðar og það, sem ekki finnst þar, skal borið saman við þjóðskrá og atkvæðunum komið á réttan ákvörðunarstað.

5. gr.

8. töluliður 141. gr. laganna falli brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp svipaðs efnis og hér er flutt, flutti Pétur Sigurðsson á síðast þingi. Því fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Langt er nú síðan flutningsmaður þessa frv. vakti athygli á þeim óréttí sem ríkti, er hluta þegnanna væri fyrirmunað að sækja kjörfund á kjördegi, vegna sjúkleika eða öldrunar, að þá væru þeir sviptir um leið þeim grundvallarrétti lýðræðisins að neyta atkvæðisréttar síns í kosningum til Alþingis.

Nokkuð var á móti slíkum aðfinnslum komið og réttmæti þeirra viðurkennt a. m. k. í Reykjavíkurkjördæmi, þegar kjördeildum var fjölgað og vistmönnum dvalarheimila aldraðra, sem skipta hundruðum, var opnaður möguleiki til að kjósa á kjördegi innan veggja heimilanna sjálfra.

Stærsta skrefið til að bæta um á þessu sviði var þó stigið með breytingunni, sem gerð var með lögum nr. 15 5. apríl 1974 á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis. Þá var kjörstjóra við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar hérlendis heimilað að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra, enda væri kjósandi sjúklingur eða vistmaður á stofnuninni.

Um þessa kosningaathöfn gilda þó enn að öllu leyti sömu reglur og um utankjörfundaratkvæðagreiðslu á skrifstofu eða heimili kjörstjóra, en þar segir, að kjósanda beri að koma á fund kjörstjóra í hentugt húsnæði innan viðkomandi stofnunar og að atkvæðagreiðsla megi eigi fara fram í sjúkrastofum eða herbergjum vistmanna.

Við slíka kosningaathöfn, þ. e. á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra, gilda að öllu leyti sömu ákvæði laga og um allar atkvæðagreiðslur utan kjörfundar og að sjálfsögðu þar á meðal 2. mgr. 66. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óheimilt sé að veita kjósanda aðstoð við sjálfa kosninguna.

Kjósendur, sem þurfa að kjósa til Alþingis utan kjörfundar, hafa snöggtum minni rétt en þeir, sem geta greitt atkvæði á kjörfundi, því í 88. gr. sömu laga segir, að kjósandi eigi rétt á að fá aðstoð við atkvæðagreiðsluna í kjörklefanum, ef hann skýri kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf.

Með ákvæðinu, sem bannar hjálp til handa því fólki, sem vill og þarf að kjósa við utankjörfundaratkvæðagreiðslu, eru ótrúlega margir þegnar okkar þjóðfélags settir á óæðri bekk og sviptir sínum grundvallarrétti — kosningarréttinum.

Þeir, sem tekið hafa þátt í kosningavinnu, máske áratugum saman, þekkja of mörg dæmi þess, að sjúkum, blindum og öldruðum hefur verið snúið grátandi frá utankjörfundaratkvæðagreiðslu vegna líkamlegrar vanhæfni þeirra. Slíkt á auðvitað ekki að eiga sér stað og er löggjafanum til vansæmdar, ef ekki verður úr bætt.

Með þessu frumvarpi, ef samþykkt verður, er bættur sá aðstöðumunur, sem hér hefur verið drepið á, og heimiluð sama hjálp til handa þeim, sem kjósa utan kjörfundar, og á kjörfundi.

Ákvæðið um bókun á fylgibréfið er til að fyrirbyggja hugsanlega tortryggni kjörstjórnar í fjarlægri heimabyggð kjósanda, sem máske er kunnugt um vanhæfni kjósanda til að neyta atkvæðaréttar síns, en ekki um það, hvernig að atkvæðagreiðslunni hefur verið staðið.“

Sþ. 72. Tillaga til þingsályktunar [66. mál]

um hámarkslaun o. fl.

Flm.: Stefán Jónsson, Helgi F. Seljan, Jónas Árnason, Kjartan Ólafsson, Ólafur Ragnar Grímsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta undirbúa löggjöf um hámarkslaun, þar sem kveðið verði á um að ekki megi greiða hærri laun hér á landi en sem svarar

tvöföldum vinnulaunum verkamanns miðað við 40 stunda vinnuviku. Jafnframt verði loku fyrir það skotið að einstaklingar gegni nema einu fastlaunuðu starfi, og eins fyrir hitt að átt geti sér stað duldar launagreiðslur í formi neins konar fríðinda, umfram hámarkslaun. Með breytingu á skattalögum skal að því stefnt að einkafyrirtæki hagnist ekki á lögbundinni lækkun hæstu launa, og skal því fé, sem rennur til ríkissjóðs af þessum sökum eða sparast með niðurskurði á launum embættismanna í efstu launaþrepum, varið til almennrar kjarajöfnunar og annarra félagslegra umbóta.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur áður verið flutt á þremur þingum og varð aldrei útrædd.

Fram er komin önnur tillaga til þingsályktunar, þar sem kveðið er á um hámarks- og lágmarkslaun, sem raunar gerir endurflutning meðfylgjandi tillögu í fjórða sinn óhjákvæmilegan, þar sem ljóst er af greinargerð þeirri sem fylgir hinni tillögunni, að flm. hefur talið sig grípa hér til útfærslu þingmál er hlotið hafi almannavinsældir, þótt hann skilji ekki hvers vegna.

Með ráðstöfun þeirri, sem reifuð er í tillögu okkar, hyggjast flutningsmenn koma því til leiðar að kjarabætur handa þeim, sem lægst eru launaðir, verði algjör og ófrávíkjanleg forsenda hverrar launahækkunar til þeirra sem betur eru settir í þjóðfélaginu. Að hyggju flutningsmanna er unnt, með því að lögbinda ákveðið hlutfall milli almennra launa verkamanns og hæstu launa, að búa svo um hnútana að kjarabætur til handa verkamönnum verði sá biti í aski hinna hálaunuðu sem þeir fái alls ekki ýtt til hliðar ef þeir hyggjast bæta mötu sína. Svo dæmi sé tekið þá yrði það óframkvæmanlegt, eftir setningu slíkra laga sem hér eru ráðgerð, fyrir bankastjóra eða aðra forsjónarmenn íslenskra efnahagsmála, sem nú hafa margföld verkamannslaun, að veita sjálfum sér kjarabót, svo sem við hefur borið, samtímis því sem þeir úrskurða að ekki séu efnahagslegar forsendur fyrir almennri kauphækkun, sem verkafólk hefur náð fram með harðri og kostnaðarsamni baráttu til að vega upp á móti kjararýrnun, sem runnin var undan rifjum hinna fyrrnefndu.

Því kveðum við á um tvöföld verkamannslaun sem hámark, að við tökum mið af fornri hefð hérlendri um hlutaskipti á sjó, þar sem þeim skipverjum, er mesta bera ábyrgðina á úthaldinu öllu og lífi og limum áhafnar að auki, voru ætluð tvöföld laun hásetans, hins almenna verkamanns á skipinu. Að okkar áliti yrði torfundið það starf hér á landi sem hefði í för með sér meiri ábyrgð og vert væri því meiri umbunar en starf skipstjóra á fiskiskipi. Mun það einnig mála sannast að þá fyrst hafi slíkur forsjónarmaður unnið til verðlauna þegar hlutur háseta hans er orðinn svo góður að hans hlutskipti er orðið ágætt.

Að dómi flutningsmanna er óþarft að kveða sérstaklega á í tillögunni um sérstöðu hlutasjómanna í launakerfinu, enda má til sanns vegar færa að kauptrygging fiskimanna sé óhæfilega lág þegar miðað er við vinnutíma og ævitekjur fiskimanna við verkalok yfirleitt í rýrasta lagi. Einnig þeirra kjör má efalaust bæta verulega ef siðgóðar reglur yrðu teknar upp við launagreiðslur í landi og felldar að þeirri grundvallarhugsun hinnar ævafornu skiptareglu sem réttlætiskennd kynslóðanna hefur talið viðunandi.

Þá er kveðið á um það í tillögunni, að nú verði svo um hnútana búið, að menn geti ekki gegnt nema einu fastlaunuðu starfi og að aukagreiðslur í öllum myndum verði afnumdar. Fyrir liggja upplýsingar um að ýmsir þeirra embættismanna ríkisins, sem hæst taka nú launin, fái auk þess ýmsar duldar greiðslur, sem teljast mega langt umfram nokkra sanngirni, og eru þá gjarnan tilgreindar hinar undarlegustu ástæður til réttlætingar. Það er álit flutningsmanna, að nauðsynlegt sé að þannig verði staðið að kjarasamningum yfirleitt að þeir verði ekki til þess fallnir að kynda undir tortryggni milli þegnanna, heldur skuli búa svo um hnútana að þar geti undirmál engin orðið.

Nd. **73. Frumvarp til laga** [67. mál]

um breyting á lögum nr. 112 31. des. 1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

Flm.: Soffía Guðmundsdóttir, Kjartan Ólafsson, Eðvarð Sigurðsson.

1. gr.

3. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ríki og sveitarfélögum er skylt að stofna og starfrækja dagvistarheimili fyrir börn eftir því sem þörf krefur í hverju byggðarlagi. Ríki og sveitarfélög skulu leggja fram fé til byggingar og rekstrar dagvistarheimila fyrir börn svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Aðilar, er njóta ríkisframlags til byggingar og rekstrar dagvistarheimila, eru: sveitarfélög og áhugafélög, svo og húsfélög fjölbýlishúsa, starfsmannafélög og aðrir þeir aðilar, sem reka vilja dagvistarheimili í samræmi við markmið þessara laga.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Öll dagvistarheimili fyrir börn á aldrinum þriggja mánaða til skólaskyldualdurs skulu njóta styrks úr ríkissjóði til byggingar og rekstrar samkvæmt lögum þessum svo og skóladagheimili fyrir börn á skólaskyldualdri, enda uppfylli dagvistarheimili þær kröfur (þau skilyrði), sem nánar kveður á um í reglugerð.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Ríkisframlags njóta þau dagvistarheimili, sem reka starfsemi sína a. m. k. fjóra mánuði ársins samfellt.

Heimilt er ráðuneytinu að veita dagvistarheimili styrk enda þótt það starfi skemur en fjóra mánuði ef sérstakar aðstæður krefjast.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Rekstrarkostnaður dagvistarheimila greiðist sem hér segir:

Ríki og sveitarfélög greiða samtals 60%, sem skiptast jafnt milli þessara aðila, en foreldrar greiða 40% af rekstrarkostnaði.

Rekstrarstyrkir ríkisins skulu greiðast ársfjórðungslega samkvæmt áætluðum rekstrarkostnaði, og skal meðalrekstrarkostnaður samsvarandi dagvistarheimila um allt land lagður til grundvallar við greiðslu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Dagvistarheimili fyrir börn hafa verið starfrækt hér á landi frá því skömmu eftir 1930, en það leið allt fram til ársins 1973, að sett voru lög á Alþingi um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistarheimila, og markaði sú lagasetning tímamót.

Lögin nr. 29 21. apríl 1973 fólu í sér ákvæði um byggingu og rekstur, ýmis framkvæmdaatriði, hlutdeild ríkis og sveitarfélaga í byggingar- og rekstrarkostnaði, og reglugerð sigldi í kjölfarið.

Í lögunum voru enn fremur tilgreind markmið með starfrækslu dagvistarheimila þar sem strax í 1. gr. er lögð áhersla á uppeldislegt gildi slíkra stofnana.

Þátttaka ríkisins í uppbyggingu og rekstri dagvistarheimila örvaði framkvæmdir í þessum efnum um allt land, og sér þess víða staði þar sem áður hafði lítið eða ekkert verið aðhafst, og urðu þannig þáttaskil um framgang þessa málaflokks með tilkomu áðurgreindra laga.

Árið 1976 voru sett lög á Alþingi, þar sem lögunum frá 1973 var breytt þannig að ríkisframlagið til rekstrar dagvistarheimila var algerlega fellt niður. Þessi breytta greiðslutilhögun hefur orðið til þess, að dregið hefur úr framkvæmdum víða um landið þar eð fjölmörg sveitarfélög hafa hikað við að hefja starfrækslu dagvistarheimila þrátt fyrir brýna þörf, ekki síst vegna rekstrarkostnaðarins, sem þau eru að meira eða minna leyti vanbúin að mæta og hrýs hugur við að standa undir.

Framkvæmdir á sviði dagvistarmála barna hafa ekki verið nein forgangsverkefni af hálfu ríkis og sveitarfélaga á undangengnum áratugum, svo sem ástand þeirra mála ber glöggt vitni, en í stærstu bæjarfélögum landsins eru langir biðlistar.

Flutningsmenn þessa frumvarps eru þeirrar skoðunar, að það sé ekki fær leið að ætla sveitarfélögum að bera rekstrarkostnað dagvistarheimila af þeim þunga, sem ráð er fyrir gert í lögum nr. 112 31. des. 1976, og telja, að með þeim hafi verið stigið skref til baka.

Í seinni tíð hefur athygli manna mjög beinst að uppeldislegu mikilvægi dagvistarheimila og í ljósi þess viðhorfs hafa risið kröfur um skýran og ótvíræðan rétt hvers barns til þess að eiga kost á að njóta dvalar á dagvistarheimili um eitthvert skeið, enn fremur að af hálfu ríkis og sveitarfélaga verði mótuð framtíðarstefna, sem hafi þetta sjónarmið að leiðarljósi.

Flutningsmenn þessa frumvarps vilja benda á fáein atriði, sem máli skipta þegar lögð er áhersla á nauðsyn hraðrar uppbyggingar dagvistarheimila um allt land.

Dagvistarheimili gegna mikilvægu hlutverki að því er varðar atvinnulíf hvers staðar, valfrelsi til atvinnu, jafnrétti innan heimilanna og tekjuöflun þeirra. Þessa ólíku hagsmuni verður eftir föngum að leitast við að samræma með rekstri dagvistarheimila, en velferð og hagsmunir barns verða ávallt að sitja í fyrirrúmi.

Dagvistun barns á ekki að vera forréttindi neins tiltekins foreldrahóps né heldur á neitt foreldri að þurfa að sjá sig neytt til hennar af efnahagslegum ástæðum.

Því er brýn nauðsyn, að ríki og sveitarfélög taki höndum saman um að hraða uppbyggingu dagvistarheimila uns framboð svarar til eftirspurnar og þarfar. Þá er það aðkallandi verkefni þessara aðila að gera einstæðum foreldrum og öðrum, sem atvinnu sinnar vegna verða að vista börn á dagvistarstofnunum óæskilega lengi, mögulegt að velja milli slíkrar vistunar og umönnunar barns heima fyrir og sömuleiðis að gera forráðamönnum barns kleift að velja því þann dvalartíma á dagvistarheimili, sem því hentar best. Sú krafa útheimtir vissan sveigjanleika í daglegu starfi á dagvistarheimilum og kann að hafa aukinn tilkostnað í för með sér.

Starfrækslu dagvistarheimila er einn sá þáttur samneyslu og félagslegrar þjónustu, sem í nútíma samfélagi er mikilvægt stjórnunartæki og beita má, ef menn vilja, í því skyni að jafna kjör manna og aðstæður, skapa jafnræði með börnum innbyrðis með tilliti til misgóðra þroskaskilyrða og ólíkra uppeldislegra aðstæðna heima fyrir og stuðla þannig að því, að þau standi jafnar að vígi en ella, er að því kemur að þau eiga að rísa undir kröfum skólanáms.

Dagvistarstofnanir eru ein af mikilvægum leiðum til þess að draga úr tekjumismun og dreifa fjármunum í landinu almennt og innan sveitarfélaga. Því ber ríki og sveitarfélögum að greiða kostnað við dagvistun barna innan skólaskyldualdurs á móti foreldrum í þeim mæli, að ekkert barn þurfi að verða af dvöl á dagvistarheimili vegna þess eins, að hún sé efnahag heimilis þess ofviða.

Ed. **74. Frumvarp til laga** [68. mál]

um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

I. KAFLI
Um almennan aðgang að upplýsingum.

1. gr.

Lög þessi taka til almannastofnana, hvort sem þær eru á vegum ríkis eða sveitarfélaga, þar á meðal til Alþingis og dómstóla, að löggjafar- og dómstörfum þó frátöldum.

Ennfremur taka þau til fyrirtækja, sem eru algerlega í eigu ríkis eða sveitarfélaga.

2. gr.

Öllum er heimilt að kynna sér skjöl í málum, sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá stofnunum, sem nefndar eru í 1. gr., nema á annan veg sé mælt í þessum lögum eða öðrum.

Almenn þagnarskylduákvæði hegningarlaga og laga um skyldur og réttindi starfsmanna ríkisins takmarka ekki skyldu til að láta í té upplýsingar samkvæmt lögum þessum.

Í beiðni skal tilgreina málið, sem skjöl varða, er hlutaðeigandi óskar að kynna sér.

3. gr.

Heimildin í 2. gr. nær ekki til skjala, er hafa að geyma upplýsingar um eftirtalin atriði, nema sá er í hlut á samþykki, að skjöl séu birt:

1) Einkahagi og fjármál einstaklings.
2) Tækni, rekstur eða viðskiptaaðstöðu einstaklings eða fyrirtækis, ef það varðar hlutaðeiganda miklu fjárhagslega, að beiðni sé synjað.

4. gr.

Þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast, er heimilt að undanþiggja ákvæðum 2. gr. skjöl, sem hafa að geyma upplýsingar um:

1) Öryggi ríkisins og varnir landsins.
2) Samskipti við erlend ríki og fjölþjóðastofnanir.
3) Ráðstafanir stjórnvaldshafa eða stjórnvaldsstofnunar til eftirlits, þar til einstökum aðgerðum er lokið.
4) Mál, sem til rannsóknar eru, þar sem ætla má, að lögbrot hafi verið framið.
5) Fyrirhugaða hagræðingu eða breytingu í rekstri þeirra stofnana og fyrirtækja, sem getur í 1. gr.
6) Fyrirhugaðar ráðstafanir í fjármálum ríkis og sveitarfélaga, þar á meðal í gjaldeyrismálum, peningamálum, skattamálum, tollamálum og til annarrar tekjuöflunar, svo og í kjaramálum starfsmanna þeirra stofnana og fyrirtækja, sem 1. gr. tekur til.

7) Viðskiptamál fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga til verndar rekstrar- og samkeppnisaðstöðu þeirra.
8) Hvers konar prófraunir, sem fyrirhugaðar eru á vegum ríkis og sveitarfélaga.

5. gr.

Ef ákvæði 3.—4. gr. taka einungis til hluta skjals, er mönnum heimilt að kynna sér annað efni skjalsins.

Ráðherra sá er hlut á að máli getur ákveðið, að einstakir málaflokkar og tilteknar tegundir skjala skuli vera undanþegnar ákvæðum 2. gr., enda séu skjölin þess eðlis, að þau féllu almennt undir ákvæði 3.—4. gr., þannig að beiðni samkvæmt 2. gr. yrði synjað.

6. gr.

Heimild sú, sem veitt er í 2. gr., nær til eftirtalinna gagna:

1) Allra skjala, sem snerta mál það, er upplýsinga er óskað um, þar á meðal afrita útsendra skjala, þegar ætla má, að þau hafi borist viðtakanda.
2) Dagbókarfærslna, er lúta að skjölum málsins, efnisútdrátta úr þeim og hvers konar skráningar þeirra.

7. gr.

Nú eru veittar munnlega upplýsingar, sem mikilvægar má telja fyrir úrslit máls, og ber þá að skrá efni þeirra og leggja það, sem skráð hefur verið, með öðrum gögnum málsins.

8. gr.

Eftirtalin gögn er þó heimilt að undanþiggja ákvæðum 6. gr.:

1) Fundargerðir ráðherrafunda.
2) Vinnuskjöl starfsmanna þeirra stofnana og fyrirtækja, sem getur í 1. gr., svo sem minnisgreinar, frásagnir, skýrslur, uppköst, tillögur og áætlanir.
3) Bréfaskipti almannastofnana og -fyrirtækja við sérfræðinga til afnota í dómsmálum eða til ákvörðunar um það, hvort mál skuli höfða.
4) Skjöl, sem lúta að hvers konar lagasetningu, þar til frumvarp hefur verið lagt fram á Alþingi.

II. KAFLI

Um aðgang málsaðila að upplýsingum.

9. gr.

Aðilum máls er heimilt að kynna sér skjöl, sem 2. gr. nær til, þrátt fyrir ákvæði 3.—4. gr. Þetta er þó ekki heimilt, ef hagsmunir aðila af því að notfæra sér vitneskju úr skjölum málsins þykja eiga að víkja fyrir ríkari almanna- eða einkahagsmunum. Nú á þetta aðeins við um hluta skjala og á aðili þá rétt á að kynna sér það að öðru leyti.

Ákvæði laga um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til að veita málsaðilum upplýsingar, sbr. þó 1. mgr.

Nú varðar það aðila miklu að fá afrit eða ljósrit af málsskjölum til þess að gæta hagsmuna sinna og skal þá orðið við beiðni hans að svo miklu leyti, sem það samrýmist 1. mgr.

10. gr.

Nú fer aðili máls fram á að fá að kynna sér skjöl meðan mál er til meðferðar og skal þá afgreiðslu þess frestað, uns aðili hefur kynnt sér skjölin, enda beri lögum samkvæmt að verða við beiðni hans.

Afgreiðslu máls skal þó ekki frestað, ef sérstakir almanna- eða einkahagsmunir mæla gegn því.

11. gr.

Ef því verður við komið, skal stjórnvaldshafi sá, er mál hefur með höndum, vekja athygli aðila á því, að mál hans sé til umfjöllunar hjá stjórnvaldsstofnun, nema ljóst sé, að hann hafi fengið vitneskju um það fyrirfram.

Aðili getur hvenær sem er krafist þess, að afgreiðslu máls sé frestað, uns hann hefur gert grein fyrir afstöðu sinni. Heimilt er að setja aðila ákveðinn frest til að láta umsögn sína í té. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. gilda þó eftir því sem við á.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

12. gr.

Forstöðumaður almannastofnunar eða fyrirtækis tekur ákvörðun um það, hvort upplýsingar skuli veittar samkvæmt lögum þessum.

Forstöðumaður metur, hvort orðið skuli við beiðni þegar í stað eða síðar og hvort þeim, sem beiðnina ber fram, skuli heimilað að kynna sér skjölin á staðnum eða hvort honum skuli látið í té afrit eða ljósrit af þeim. Ávallt skal stefnt að því, að beiðni sé afgreidd eins fljótt og verða má.

13. gr.

Sá, sem einhverra hagsmuna hefur að gæta, getur skotið ákvörðun samkvæmt 1. mgr. 12. gr. beint til þess ráðherra, eða sveitarstjórnar, sem stofnun eða fyrirtæki lýtur. Úrskurði sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra.

Ráðherra er skylt að leita álits sérstakrar nefndar, áður en kæra samkvæmt 1. mgr. er tekin til úrskurðar.

Í nefnd þessari eiga sæti fimm menn, en aðeins þrír þeirra taka þátt í afgreiðslu hvers máls. Hæstiréttur skipar oddamann og varamann hans, en sameinað Alþingi kýs aðra nefndarmenn. Nefndarmenn skulu skipaðir eða kosnir til fjögurra ára.

Oddamaður tilnefnir hverju sinni með sér tvo menn úr hópi hinna kjörnu nefndarmanna til að taka þátt í afgreiðslu máls, er nefndinni berst. Álit nefndarinnar er aðeins til leiðbeiningar, en ekki bindandi fyrir ráðherra.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið af nefnd er dómsmálaráðherra skipaði 16. september 1976. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi, 99. löggjafarþingi, en var þá ekki útrætt. Það er því endurflutt nú.

Nefnd sú sem samdi frumvarpið lét fylgja því eftirfarandi

Greinargerð.

Frá fornu fari hefur það þótt hlýða, að almenningur ætti þess nokkurn kost að fylgjast með landsstjórnarmálum. Er þess nærtækast að minnast, að á miðöldum fóru löggjafar- og dómstörf fram í heyranda hljóði, þannig að allir gætu fylgst með og er Alþingi hið forna ágætt dæmi um það. Á þessu varð nokkur breyting, eftir því sem einveldi jókst, en þó var Alþingi haldið í heyranda hljóði, þar til það var lagt niður árið 1800.

Eftir því, sem frjálsræðisstefnum óx fiskur um hrygg, einkum á 19. öld, urðu kröfur háværari um, að löggjafar- og dómstörf færu þannig fram, að almenningur ætti kost á að fylgjast með. Það var mikilvægur þáttur í baráttu þeirra, sem beittu sér fyrir auknu lýðræði og mannréttindum, að dómstólarnir störfuðu fyrir opnum

tjöldum og smám saman var sú meginregla í lög leidd, að dómþing skyldu háð í heyranda hljóði og öllum gefast kostur á að kynna sér skjöl mála, er þar voru til meðferðar. Hefur sú meginregla gilt um langan aldur í íslensku réttarfari. Í baráttunni fyrir endurreisn Alþingis var þess snemma krafist, að þingið yrði háð í heyranda hljóði, en sú krafa náði þó ekki fram að ganga fyrr en 1849. Útgáfa Alþingistíðinda er og nátengd þessu, en hún hófst, eins og kunnugt er frá því að Alþingi kom fyrst saman 1845. Raunar höfðu áður verið gefnar út Alþingisbækur, prentun þeirra hófst 1696 og var fram haldið til 1800, að vísu með nokkrum hléum.

Jón Sigurðsson gerði sér ljóst, hversu nauðsynlegt væri, að þjóðin ætti kost á að fylgjast með gerðum embættismanna. Nokkru eftir að hann hafði tekið við forstöðu Hins íslenska bókmenntafélags hóf félagið útgáfu tveggja ritraða, er voru Skýrslur um landshagi á Íslandi og Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands. Annaðist félagið útgáfu beggja ritraðanna, að vísu með nokkrum styrk af almannafé, 1854—1874, en þá tók stjórnin að sér verkið og útgáfa Stjórnartíðinda hófst með svipuðu sniði og enn tíðkast. Í þeim var frá upphafi birt ýmislegt úr hagskýrslum, en þær urðu þar sérstök deild, c-deild, 1882 og hélst sá háttur til 1898. Síðan voru þær gefnar út sérstaklega 1899—1912, en Hagstofa Íslands hóf hagskýrsluútgáfu 1914.

Frá 1873 hafa og dómar Landsyfirréttar og Hæstaréttar, verið gefnir út árlega og stundum oftar.

Af þessu stutta yfirliti má ráða, að lengi hefur verið talið nauðsynlegt, að landstjórnarmenn gerðu almenningi grein fyrir gerðum sínum og hag landsins.

Ef miðað er við þrískiptingu ríkisvaldsins, má segja, að bæði löggjafarvald og dómsvald hafi starfað að mestu leyti fyrir opnum tjöldum og birt gerðir sínar, en meiri leynd hvílt yfir störfum framkvæmdarvalds.

Á Alþingi 19. maí 1972 var samþykkt svolátandi þingsályktun: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um, hver sé skylda stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og hvenær beri að veita þeim, sem þess óska, aðgang að reikningum og skjölum, sem almenning varða.“ Tillögunni var á Alþingi vísað til nefndar, sem lagði til, að hún yrði samþykkt með smávægilegum orðalagsbreytingum. Á Alþingi urðu litlar umræður um tillöguna áður en hún var samþykkt mótatkvæðalaust.

Frumvarp til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda var síðan lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi í febrúar 1973. Hafði Jón P. Emils, hæstaréttarlögmaður, samið frumvarpið að beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytis með hliðsjón af löggjöf annarra Norðurlanda á þessu sviði, en ráðuneytið gerði í samráði við hann nokkrar breytingar á frumvarpinu og jók við greinargerð. Frumvarpið var ekki útrætt og var það síðan lagt fyrir Alþingi að nýju á 94. löggjafarþingi haustið 1973. Fékk frumvarpið dræmar undirtektir og varð ekki heldur útrætt.

Með bréfi dagsettu 16. september 1976 fól Ólafur Jóhannesson, dómsmálaráðherra, Baldri Möller, ráðuneytisstjóra, Einari Karli Haraldssyni, fréttastjóra, þáverandi formanni Blaðamannafélags Íslands og Sigurði Líndal, prófessor, að endurskoða þetta frumvarp til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda eða semja nýtt frumvarp um þetta efni. Hefur nefndin valið þann kostinn að semja algjörlega nýtt frumvarp og liggur það hér fyrir. Ritari nefndarinnar hefur verið Eiríkur Tómasson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra.

Í greinargerð þeirri, sem fylgdi upphaflegu frumvarpi, sem lagt var fyrir Alþingi vorið 1973, segir m. a.:

„Í íslenskri löggjöf eru svo sem kunnugt er engin almenn ákvæði um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Rétt er að hafa í huga, þegar rætt er í frumvarpi þessu um upplýsingaskyldu, að þar er um að ræða samstæðu við hið skandinaviska hugtak „offentlighet“, þ. e. að eitthvað skuli vera opinbert eða aðgengilegt fyrir almenning. Þessi samstæða er efnisleg, þótt hún sé ekki málfarsleg. — Í íslenskri löggjöf eru

að sjálfsögðu dreifð ákvæði um þagnarskyldu og leyndarskyldu, og einnig ýmis ákvæði um, að tilteknar athafnir eða upplýsingar skuli vera opinberar eða aðgengilegar. Um þagnarskylduna má fyrst og fremst vísa til ákvæða í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (sbr. 32. gr. laga nr. 38/1954) svo og til almennra refsiákvæða í almennum hegningarlögum um brot á þagnarskyldu opinberra starfsmanna. Hefur þess gætt, að talið væri, að af slíkum almennum ákvæðum megi draga ályktanir um almennar leyndarreglur íslenskrar löggjafar, sem er þó fjarri lagi. Þessi ákvæði vísa til leyndarskyldu, þegar hún er fyrir hendi samkvæmt eðli máls, eða beinum lagaákvæðum, en í því felst engin almenn regla um, að upplýsingar um athafnir stjórnvalda skuli ekki veita. — Engin almenn rannsókn hefur verið gerð á raunverulegri framkvæmd í þessu efni í hinu íslenska stjórnkerfi. Í stórum dráttum má þó leiða getum að því, að upp og ofan sé í framkvæmd að allverulegu leyti svokölluð „partsoffentlighet", þ. e. upplýsingaskylda gagnvart aðila um málefni, er varða hann persónulega, en skýra mynd af þessu er ekki unnt að fá án könnunar, sem væri mjög umfangsmikil og tímafrek. Hitt er og ljóst, að slík framkvæmd hlýtur að vera talsvert á reiki, þegar engar lagareglur setja henni úrlausnarmörk. Umræða um efnið hefur verið mjög takmörkuð og þá að sjálfsögðu mjög lauslega um það fjallað. Verður því að viðurkenna, að talsverð vandkvæði eru á að móta lagareglur um efnið, sem öruggt sé, að henti okkar aðstæðum og falli að okkar stjórnkerfi og framkvæmd þess. Liggur þá óneitanlega beinast við, að hentað geti líkar lagareglur hér á landi á þessu sviði og í þeim löndum, sem okkar stjórnkerfi er mótað eftir, þ. e. Danmörku og að nokkru leyti Noregi, en sú leið hefur verið valin, svo sem áður segir. Nokkuð hefur og verið stuðst við sænskar lagareglur. Eins og áður var sagt, eru nýlega sett lög um þetta efni í Danmörku og Noregi þ. e. 1970, og er það í báðum löndunum fyrsta lagasetning um almenna upplýsingaskyldu stjórnvalda, en í Danmörku hafði 1964 skrefið verið stigið til hálfs, með lagasetningu um upplýsingaskyldu gagnvart aðila. Svíþjóð, og raunar Finnland með líkum hætti sem oftar, hefur haft almenna upplýsingaskyldu samkvæmt stjórnskipun sinni í meira en 200 ár. Svo sem kunnugt er má segja, að lagakerfi Svíþjóðar og Finnlands sé byggt upp að ýmsu leyti með ólíkum hætti því dansk-norska og þar með því íslenska. — Það er því ástæða til að taka fram, að í ofangreindum frjálsara aðgangi að upplýsingum frá stjórnvöldum felst ekki endilega betri trygging réttinda borgaranna gagnvart valdi stjórnkerfisins, og felst þetta í og með í stjórnlagakerfinu, sem í Danmörk og Noregi (svo og Íslandi) byggir á hinni beinu ráðherraábyrgð „ministerialsystem", sem ekki er uppbyggð með sama hætti í Svíþjóð-Finnlandi. Ekki er tilefni til að rekja þau atriði hér fræðilega. — Undanfari lagasetninga 1970 í Noregi og Danmörku (einnig 1964 þar) voru mjög umfangsmikil rannsóknarstörf og greinargerðir margra nefnda, allt frá lokum síðasta stríðs. Einnig má segja, að þessi málefni hafi í þeim löndum verið á dagskrá um rúm 100 ár, þ. e. frá því að stjórnfrelsi fyrst var innleitt. Er þar að finna mjög fróðlegar upplýsingar um sjónarmið, sem vegast á, vandamál sem til úrlausnar koma við slíka lagasetningu og um framkvæmd löggjafarinnar, þegar hún er komin á."

Í hinu fyrra frumvarpi var gert ráð fyrir, að lögin nefndust: Lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda, en hér er lagt til, að heitið verði: Lög um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum. Er það talið heppilegra, því að engin skylda er lögð á stjórnsýsluhafa að hafa frumkvæði um að veita upplýsingar, eins og eldra heitið gæti vakið hugmyndir um, heldur er meginhugsun þess frumvarps, sem hér liggur fyrir, sú, að öllum eigi að vera heimilt að kynna sér skjöl í málum, sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá almannastofnunum, ef þeir óska þess. Undantekningar beri eingöngu að gera, ef sérstakir hagsmunir einstaklinga eða þjóðfélags krefjist annars. Hins vegar megi ekki láta nein þau sjónarmið hafa áhrif, sem lúta að því að losa embættismenn og aðra starfsmenn almannastofnana við óþægindi eða fyrirhöfn við að veita vitneskju um mál. Verða þær undantekningar, sem gert er

ráð fyrir í lagafrumvarpi þessu, sérstaklega rökstuddar hver fyrir sig, þegar kemur að athugasemdum við einstakar greinar þess.

Öllum má vera kunnugt, að íslenskur stjórnarfarsréttur er lítt plægður akur og hugtakaskipan ekki jafn glögg eða með þeirri festu, sem æskilegt væri. Til dæmis hefur hugtakið stjórnvald, sem mikið er notað í stjórnarfarsrétti, til þessa haft margræða og oft óljósa merkingu. Því hefur nefndin talið rétt að gera tilraun til að festa merkingu nokkurra hugtaka í stjórnarfarsrétti, sem notuð eru í þessu frumvarpi og greinargerð þeirri, sem fylgir, og jafnvel leggja til, að ný orð verði tekin upp. Rétt þykir að skýra merkingu þessara hugtaka:

Almannastofnun: Stjórnsýsluheild eða stjórnsýslueining, sem annað hvort fer með stjórnvald, þ. e. opinbert vald, eða annast þjónustu við borgara í einhverri mynd. Sem dæmi um hið síðara má nefna Háskóla Íslands, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Borgarbókasafnið, Íþróttahöllina í Laugardal o. s. frv. Þetta orð gæti komið í stað orðsins opinber stofnun, sem oft er notað.

Stjórnvaldsstofnun: Stjórnsýsluheild, sem fer með stjórnvald, t. d. dómsmálaráðuneyti, rafmagnsveitur ríkisins, félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar o. s. frv.

Stjórnvaldshafi: Einstaklingur, oft og tíðum innan stjórnvaldsstofnunar, sem gegnir stöðu eða starfi, er stjórnvald fylgir, t. d. dómsmálaráðherra, ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu, rafmagnsveitustjóri, félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar. Greina verður á milli stjórnvaldshafa og þess manns, sem gegnir stjórnvaldsstöðunni eða -starfinu á hverjum tíma, en til þessa hefur orðið stjórnvald verið notað um hvorn tveggja.

Stjórnvaldsráð, stjórnvaldsnefnd: Ráð eða nefnd, þar sem sitja fleiri en einn einstaklingur, er fara sameiginlega með stjórnvald, t. d. ríkisskattanefnd, borgarstjórn Reykjavíkur. Til þessa hefur orðið fjölskipað stjórnvald verið notað um stjórnvaldsráð og -nefndir.

Stjórnvald: Opinbert vald, þ. e. heimild til að úrskurða um rétt eða skyldu borgara eða beita þá ytri þvingunum, t. d. líkamlegu valdi.

Aðili máls: Sá, sem er viðriðinn mál, hefur t. d. sótt um tiltekið leyfi eða starf eða verið boðið eitthvað eða bannað.

Lögin skiptast í þrjá kafla. Hefur fyrsti kafli að geyma almenn ákvæði um rétt manna til að kynna sér skjöl. Annar kafli kveður á um heimild málsaðila til að kynna sér skjöl þess, en sú heimild er nokkru rýmri en felst í hinum almennu reglum. Í þriðja kafla eru almenn ákvæði um málsmeðferð og í fjórða kafla gildistökuákvæði.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að mönnum sé almennt veitt heimild til að kynna sér skjöl í málum, sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá almannastofnunum eða fyrirtækjum. Í 3. gr. er undantekning frá meginreglunni og ennfremur í 4. gr., þar sem stjórnsýsluhöfum er heimilað að undanþiggja tiltekin málefni almennum aðgangi, þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast.

Ekki hefur verið farin sú leið, eins og í dönsku upplýsingalögunum að taka upp almennt undantekningarákvæði með vísan til eðlis máls, heldur tekinn sá kostur að telja upp sem ítarlegast allar þær undantekningar, sem nauðsynlegt hefur verið talið að lögfesta. Með þessu móti er girt fyrir það, að forstöðumenn almannastofnana og -fyrirtækja reyni að skjóta sér undan því að veita tilteknar upplýsingar með því að bera fyrir sig eðli máls, án nánari skilgreiningar.

Í 6. gr. er kveðið á um, til hvaða skjala hin almenna heimild nái, en í 8. gr. er heimilað að undanþiggja tiltekin skjöl ákvæðum 6. gr. Hér gildir sama regla um skjöl eins og um málefni, að stjórnsýsluhöfum er heimilt að undanþiggja tiltekin skjöl almennum aðgangi. Hvorugt ákvæðið bannar þó, að stjórnsýsluhafar veiti

rýmri aðgang að skjölum en lögin gera ráð fyrir, en það verður að vísu einungis gert innan þeirra marka, sem sérákvæði setja um þagnarskyldu á ýmsum sviðum.

Oft og einatt taka stjórnsýsluhafar við upplýsingum um ýmis málefni í síma, og er í 7. gr. frumvarpsins lögð sú skylda á þá að skrá efni þeirra, ef þær teljast mikilvægar fyrir úrslit máls.

Þá fjalla lögin einungis um heimild manna til að kynna sér skjölin, en þau nefna ekkert um það, í hvaða skyni þessar upplýsingar skuli notaðar. Af þeim leiðir að sjálfsögðu, að unnt er að birta þessi skjöl og það takmarkast einungis að því leyti, sem lög mæla fyrir á annan veg.

Þá er ekki í þessum lögum á neinn veg fjallað um heimild manna til að vera viðstaddir fundi í stjórnvaldsráðum og -nefndum, það fer eftir öðrum lögum, sbr. t. d. 26. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um gildissvið laganna. Um merkingu orðsins almannastofnun skal vísað til þess, sem áður sagði.

Utan gildissviðs laganna falla:

1) Alþingi og dómstólar um það er lýtur að löggjafar- og dómstörfum, enda gilda þar um sérstakar reglur. Í 57. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 er kveðið á um, að fundir Alþingis skuli haldnir í heyranda hljóði og sama á við um dómþing, sbr. 39. gr. laga nr. 85/1936 og 16. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973. Þetta á hins vegar ekki við stjórnsýslustörf sem Alþingi eða dómstólar hafa með höndum eða kunna að vera falin þ. á m. þau stjórnsýslustörf, sem unnin eru í þágu þessara stofnana í skrifstofum þeirra. Þá tilhögun, sem lagt er til, að lögfest verði, er að finna í norsku upplýsingalögunum og að nokkru leyti í sænsku stjórnsýslulögunum frá 1971, en þau síðarnefndu taka þó einungis til dómstóla. Á hinu er rétt að vekja athygli, að starfslið sænska þjóðþingsins lýtur að flestu leyti sömu reglum og annað starfslið sænska ríkisins.

2) Ýmis hálfopinber félög eða fyrirtæki, svo sem Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands. Rétt þykir hins vegar, að lögin nái til þeirra fyrirtækja og stofnana, sem að öllu leyti eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga, svo sem til allra ríkisbankanna og sjóða í almannaeigu jafnt sem annarra atvinnu- og þjónustufyrirtækja ríkis og sveitarfélaga. Þó ber í þessu sambandi að vekja athygli á 17. gr. laga nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands og hliðstæðum ákvæðum í lögum um hina ríkisbankana, þar sem segir, að bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans séu bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Gert er ráð fyrir, að þetta ákvæði og önnur samsvarandi haldist, þannig að réttur manna til að kynna sér skjöl í málum, sem eru til meðferðar eða hafa verið til meðferðar í ríkisbönkum, sé einungis bundinn við þau, er lúta rekstri bankanna. Á hinn bóginn skiptir rekstrarformið eða staða fyrirtækis í stjórnkerfinu ekki máli og er að því leyti gengið lengra en gert er bæði í dönsku og norsku upplýsingalögunum. Þó þykir ekki fært að láta lögin taka til fyrirtækja, sem ríki eða sveitarfélög eiga einungis að hluta.

Um 2. gr.

Í þessari grein er mörkuð meginstefna frumvarpsins, sem áður hefur verið lýst, sem sé sú, að öllum skuli heimilt að kynna sér skjöl í málum, sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá almannastofnunum eða -fyrirtækjum. Undantekning er einungis gerð, að á annan veg sé mælt í frumvarpinu eða öðrum lögum. Þetta felur í sér, að sérstök fyrirmæli í lögum um þagnarskyldu skuli haldast. Á hinn bóginn

takmarkast ákvæði greinarinnar hvorki af stjórnvaldsfyrirmælum, svo sem reglugerðarákvæðum né heldur af samþykktum eða siðareglum tiltekinna starfshópa. Í fylgiskjali með greinargerð þessara laga er yfirlit yfir ákvæði í íslenskum lögum, sem lúta að þagnarskyldu.

Að norrænni fyrirmynd hefur sérhverjum þeim, sem áhuga hefur, verið veitt heimild til að kynna sér málsskjöl án tillits til búsetu eða ríkisfangs, afstöðu til málsaðila eða þess markmiðs, sem að baki býr. Heimildin nær hins vegar aðeins til skriflegra upplýsinga, en ekki munnlegra, sbr. orðið „skjöl“. Ekki skiptir máli, hvort mál er enn til meðferðar eða hefur verið afgreitt, sbr. orðin „eru eða hafa verið“.

Í beiðni skv. 3. mgr. á að taka fram, hvert það mál sé, er hlutaðeigandi óskar að fá upplýsingar um, þannig að það sé alveg ljóst. Frekari kröfur um efni eða form beiðni eru ekki gerðar; þannig þarf ekki að tiltaka ástæðu til beiðni, en rétt er að vekja athygli á því, að menn geta bakað sér ábyrgð með því að nota upplýsingar úr málsskjölum í ólögmætum tilgangi.

Um 3. gr.

Greinin takmarkar aðgang að skjölum vegna þeirra einkahagsmuna, sem tilteknir eru í 1. og 2. tölulið. Ákvæðið skerðir hins vegar ekki rétt aðila sjálfs til að kanna skjölin, sbr. 9. gr. frv. Ekki felst í greininni, að stjórnsýsluhafi geti gefið nein fyrirheit um þagmælsku, sem rýmkuðu ákvæði 3. gr. Stjórnsýsluhafar gætu einungis greint frá því, að þeir skildu lögin svo, að ekki bæri að veita aðgang að tilteknum skjölum. Ekki gæti heldur einstaklingur, sem ætti viðskipti við almannastofnun, áskilið sér þagmælsku framar en 3. gr. leyfir og bæri þá stjórnsýsluhöfum að vekja athygli hlutaðeigenda á því.

Töluliður 1 lýtur einkum að því að vernda friðhelgi einkalífs og hann nær einungis til einstaklinga, ekki til neins konar félaga eða annarra lögpersóna. Undir þennan tölulið féllu m. a. skjöl, er lytu að hjúskaparmálum, ættleiðingum, framfærslu, ætterni, heilsufari manna o. s. frv. Af skjölum, sem einkum féllu undir þennan tölulið, má nefna læknisvottorð, skrár og dagbækur sjúkrahúsa, sakavottorð, skattframtöl og fleira þess háttar. Í þessu samhengi má og minna á fjölmörg sérákvæði um þagnarskyldu, sem stefna að sama markmiði.

Töluliður 2 felur ekki í sér, að skilorðslaust sé bannaður aðgangur að skjölum, er lúta að þeim málefnum, sem þar eru talin, heldur einungis að því leyti, sem það varðar hlutaðeiganda miklu fjárhagslega, að beiðni sé synjað.

Þetta ákvæði kæmi einkum til álita, ef aðgangur að skjölum gæti valdið hlutaðeigandi einstaklingi eða fyrrtæki hans fjárhagstjóni. Kæmi þá einkum til álita samkeppnissjónarmið, svo sem viðskiptasambönd, tilboð og annað þess háttar. Ennfremur gætu skjöl, er geymdu upplýsingar um fjárhagslegt tap, fyrirhugaða stækkun, framleiðsluaðferðir, breytingu á rekstri o. s. frv. fallið undir þessa grein. Ýmsar almannastofnanir hafa hagsmuni af því að fá sem réttasta vitneskju um fyrirtæki, svo sem vegna styrkja, lánafyrirgreiðslu, bæjarskipulags og annars þess háttar, þannig að óæskilegt væri, að þeir aðilar, sem nefndir eru í töluliðnum, teldu sig knúna til þess að leyna upplýsingum vegna hættu á, að þær kynnu að berast út.

Um 4. gr.

Þessi grein heimilar að undanþiggja aðgangi skjöl í tilteknum málaflokkum, sem sérstaklega eru taldir upp. Metið skal í hverju einstöku tilfelli, hvort mikilvægir hagsmunir séu bundnir við hvert einstakt skjal. Þrátt fyrir þetta verður þó að telja, að greinin heimili að undanþiggja aðgangi öll skjöl tiltekins máls, ef upplýsingar um eitthvert skjal eða einhver skjöl úr því hefðu það óbeint í för með sér, að nauðsynlegri leynd yrði svipt af öllu málinu.

Rétt er að vekja athygli á því, að sum undantekningarákvæðin taka aðeins til ráðstafana, sem fyrirhugaðar eru, þ. e. þau eiga ekki við eftir að ráðstafanir hafa verið gerðar.

Um 1. tl.

Stjórnsýsluhöfum er heimilt að undanþiggja ákvæðum 2. gr. frumvarpsins skjöl, er lúta að öryggi ríkisins og vörnum landsins. Þarfnast það ekki frekari skýringar.

Um 2. tl.

Undir þennan tölulið féllu hvers konar skjöl, er lytu að samskiptum við erlend ríki, bæði um utanríkisviðskiptamál og utanríkisstjórnmál. Hagsmunir íslenska ríkisins krefðust þess mjög oft, að slíkum skjölum yrði haldið leyndum, einkum í samningum við önnur ríki, ella yrði verulegum hagsmunum stefnt í hættu. Auk þess verður að hafa í huga þær almennu reglur, sem gilda í samskiptum ríkja, er oft krefðust þess, að skjölum yrði haldið leyndum, þangað til samþykki hins erlenda ríkis væri fengið. Ennfremur yrði oft að líta á það, hverjar reglur giltu í hinu erlenda ríki um aðgang að skjölum. Sama á við um fjölþjóðastofnanir, svo sem Norðurlandaráð, Sameinuðu þjóðirnar, Atlantshafsbandalagið, Fríverslunarbandalag Evrópu og Efnahagsbandalag Evrópu.

Um 3. tl.

Þessi töluliður á við um hvers konar ráðstafanir til eftirlits ríkisins, þar sem hugsanlegt væri, að það missti marks, ef skylt væri að veita óskorað aðgang að skjölum, sem að því lúta. Undir þennan tölulið félli t. d. öryggiseftirlit, bifreiðaeftirlit, loftferðaeftirlit og eftirlit með skipum, en þó einkum hvers konar endurskoðun, svo og skatteftirlit, einkum rannsóknir skattyfirvalda á framtölum manna. Þegar einstökum aðgerðum er lokið, sýnist ekkert mæla því í gegn, að aðgangur sé heimilaður að umræddum skjölum, ef önnur lagaákvæði banna ekki.

Um 4. tl.

Þessi töluliður er nátengdur 3. tölulið og oft félli tiltekið mál undir báða þessa liði. Mál, sem til rannsóknar eru hjá lögreglu, nytu oft þagnarverndar skv. 16. gr. laga nr. 74/1974, en hún tekur einungis til mála, sem til rannsóknar eru hjá lögreglu. Mjög mikilvægt kann að vera, að ekki sé skýrt frá slíkum málum á rannsóknarstigi alveg óháð því, hvort þau eru í höndum lögreglu eða annarra stjórnvaldsstofnana. Þykir því rétt að hafa almennt undantekningarákvæði um þetta atriði í frumvarpinu. Rannsókn á lögbrotum getur farið fram í ráðuneytum og öðrum almannastofnunum og er oftast mikilvægt, að vitneskja um slík mál berist ekki út á frumstigi rannsóknar, bæði í þágu þess, sem rannsókn beinist að, og eins vegna almannahagsmuna, sem því eru bundnir, að rannsókn beri árangur.

Þessi töluliður veitti einnig næga heimild til þess að halda nöfnum leyndum, bæði þeirra, sem kynnu að kæra eða veitt gætu upplýsingar, er að gagni mættu koma við rannsókn máls.

Ennfremur ætti tölulíður þessi við, jafnvel þótt hugsanlegt brot kynni einungis að valda viðurlögum samkvæmt ákvörðun stjórnvaldshafa og viðkomandi mál færi aldrei fyrir dómstóla.

Um 5. tl.

Þá telst nauðsynlegt, að stjórnsýsluhafar hafi heimild til varna aðgangs að skjölum um fyrirhugaða hagræðingu og breytingu í rekstri almannastofnana og -fyrirtækja. Er alkunnugt, að þar er einatt um viðkvæm málefni að ræða, sem geta valdið ótímabærum deilum, meðan þau eru á undirbúningsstigi. Undantekningarákvæðið í 2. tl. 8. gr. frv. ætti ekki ávallt við, þar sem við slíka starfsemi þyrfti oft að afla skýrslna og bréfa frá öðrum stofnunum. Slíkum gögnum kynni oft að vera nauðsynlegt að halda leyndum, þangað til undirbúningi máls væri lokið, ella væri hætta á, að ráðstafanir, sem fyrirhugaðar væru, mistækjust. Að sjálfsögðu

mætu stjórnsýsluhafar það hverju sinni, hvenær tímabært teldist að greina frá umræddum áætlunum. Eins og fyrr var vikið að, gætu slíkar áætlanir einatt snert stöðu manna og starfssvið og því varðað hagsmuni einstaklinga.

Um 6. tl.

Af augljósum ástæðum er nauðsynlegt, að ekki séu birtar fyrirætlanir um ráðstafanir í fjármálum ríkis og sveitarfélaga. Þær þurfa oft undirbúning og ekki ótvírætt, að undantekningarákvæði 2. tl. 8. gr. frv. ætti við um öll gögn, sem nota þyrfti. Hér féllu undir aðgerðir í gjaldeyrismálum, svo sem gengisbreyting, ýmsar ráðstafanir í skattamálum og tollamálum eða til annarrar tekjuöflunar ríkisins, eins og ákvarðanir um breytingu á verðlagi áfengis eða tóbaks o. s. frv. Ef ekki væri unnt að halda slíkum fyrirætlunum leyndum, uns til framkvæmda kæmi, gæti það valdið svo mikilli röskun, að ráðstafanirnar misstu marks.

Ennfremur er samkvæmt þessum tölulið heimilt að halda leyndum skjölum, sem lúta að fyrirhuguðum ráðstöfunum í kjaramálum starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Þetta ákvæði kæmi einkum til álita, þegar ríki eða sveitarfélög standa að kjarasamningum við starfsmenn sína, en í því sambandi þarf einatt að afla ýmislegra skýrslna og gagna frá öðrum stofnunum. Slík gögn féllu ef til vill ekki alltaf undir undantekningarákvæði í 2. tl. 8. gr. Þá þarf oft að taka ákvarðanir um, hvaða afstöðu taka skuli til krafna starfsmanna og hefur ríkið og einnig sveitarfélög ótvíræða hagsmuni af því að geta haldið slíkum ákvörðunum leyndum, ef það á að standa jafnt að vígi í samningum og viðsemjandi þess.

Um 7. tl.

Þessi töluliður lýtur að þeim atvinnufyrirtækjum, sem ríki og sveitarfélög kunna að reka á viðskiptagrundvelli. Ákvæðinu er einungis ætlað að vernda samkeppnisaðstöðu þeirra, er lýtur að viðskiptasamböndum, tilboðum um kaup og sölu o. s. frv., þannig að þau geti starfað á jafnréttisgrundvelli á við einkafyrirtæki.

Um 8. tl.

Ekki þarf að fjölyrða um nauðsyn þess, að öllum prófgögnum sé haldið leyndum. Ákvæðið er einungis sett til að taka af öll tvímæli og koma í veg fyrir að úrskurða þurfi slíkt sérstaklega, enda hugsanlegt, að einhverjir gengju á það lagið að krefjast slíkra skjala, ef ekki væru reglur, sem berum orðum heimiluðu að halda þeim leyndum. Ákvæðið nær einungis til fyrirhugaðra prófa, þannig að leynd skal aflétt, þegar prófi er lokið. Á hinn bóginn nær það ekki eingöngu til prófa í skólum, heldur einnig utan þeirra, svo sem bifreiðastjóraprófa, flugprófa o. s. frv.

Um 5. gr.

Fyrsta mgr. þarfnast ekki skýringa.

Önnur mgr. hefur að geyma ákvæði, sem sett er stjórnsýsluhöfum til hægðarauka við framkvæmd laganna. Á tilteknum sviðum stjórnsýslu kunna að vera til ákveðnir málaflokkar eða skjalasyrpur, sem ákvæði 3. og 4. gr. ættu við. Ráðherra er með þessu ákvæði heimilað að ákveða, að ekki skuli veittur aðgangur að skjölum í þessum tilteknu málaflokkum eða þessarar ákveðnu tegundar, þannig að ekki þurfi að taka ákvörðun um hvert einstakt skjal í hverju tilfelli. Sem dæmi má nefna, að ráðherra tæki þá ákvörðun, að ekki yrði veittur aðgangur að skjölum, er lytu að hjónaskilnaðarmálum, ættleiðingu eða þvíumlíku, enda væri þar um að ræða málefni, sem 1. tl. 3. gr. frv. tæki til.

Heimildin er veitt hlutaðeigandi ráðherra, en að sjálfsögðu er æskilegt, að ráðherrar og ráðuneyti hefðu samráð sín í milli um það, hvernig þessu ákvæði væri beitt. Sýnist eðlilegt, að dómsmálaráðuneytið hefði forgöngu um þess háttar samræmingu.

Slík ákvörðun hefði ekki áhrif á rétt aðila til þess að kynna sér skjöl í máli sínu.

Um 6. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um, til hvaða skjala lögin nái. Sem dæmi um gögn þau, sem féllu undir ákvæði greinarinnar, má nefna ljósmyndir, teikningar og uppdrætti. Aðrir hlutir, sem notaðir kynnu að hafa verið til þess að taka ákvörðun í máli og varðveittir eru með skjölum þess, gætu einnig fallið hér undir, svo sem segulbönd, kvikmyndafilmur, sýnishorn, líkön, tölvugögn ýmiss konar o. s. frv.

Ákvæðið á einungis við skjöl málsins, sem eiga að fylgja því og hafa haft áhrif á meðferð þess og úrlausn eða verið ætlað það, en ekki skiptir máli, hvort þau hafi raunverulega gert það eða ekki. Í þessum skilningi gætu einkabréf fallið undir þetta ákvæði, en þó ættu slík bréf einungis að lúta þessu ákvæði, ef skylt hefði verið að leggja þau með skjölum málsins. Ef vinnuskjöl hafa verið send milli stofnana og þá sem fylgiskjöl, nær 1. tl. 6. gr. frv. einnig til þeirra. Ennfremur nær ákvæðið til afrita bréfa, sem stofnun hefur sent út. Er þá miðað við, að bréf hafi borist viðtakanda, enda verður að telja óviðkunnanlegt, að aðrir kynni sér bréf á undan honum. Athygli skal vakin á því, að miðað er við, að skjalið hafi komið til viðtakanda, en ekki að það hafi komist til vitundar hans. Lögin taka hins vegar ekki til skjala, sem komið hefur verið fyrir til geymslu í bókasöfnum eða skjalasöfnum, t. d. skv. lögum nr. 11/1949.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir, að starfsmenn almannastofnana og fyrirtækja þeirra, sem um getur í 1. gr. frv., varðveiti skjöl, þannig að auðvelt sé að ganga að þeim síðar. Samkvæmt því er ólögmætt að stinga undan skjölum máls eða öðrum þeim gögnum, er falla undir ákvæði 6. gr.

Heimilt er mönnum skv. 2. tölulið að kynna sér dagbókarfærslur, efnisútdrætti og hvers konar skráningu skjala. Þetta ákvæði heimilar þó ekki almennan aðgang að slíkum skrám í því skyni að leita að málum, sem hlutaðeigandi hefur ekki vitneskju um fyrirfram. Ákvæðið felur einungis í sér heimild fyrir hvern og einn til að kynna sér færslur í dagbækur, sem snerta skjöl í tilteknu máli, sem hann óskar að kynna sér. Rökin fyrir þessu ákvæði eru þau að veita þeim, sem óskar að kynna sér skjölin kost á að fá yfirsýn yfir þau skriflegu gögn, sem fyrir liggja í málinu.

Um 7. gr.

Þessi grein er viðbót við 6. gr. og sætir sömu takmörkunum og hún, sbr. 8. gr. frv.

Ástæðan fyrir þessu ákvæði er sú, að iðulega afla stjórnvaldshafar munnlegra upplýsinga til viðbótar þeim, sem fyrir eru í máli, oft og einatt símleiðis. Ef mikið kveður að því, að mál séu afgreidd á grundvelli munnlegra upplýsinga, getur það haft þær afleiðingar, að réttur manna til aðgangs að skjölum verði í reynd að litlu gerður. Á hinn bóginn er margt, sem mælir með því, að stjórnsýsluhafi taki við slíkum munnlegum upplýsingum; m. a. gerir það stjórnsýsluna þjálli og liðlegri. Því er ekki talin ástæða til að amast við þeirri aðferð, en rétt þykir að reyna að koma til móts við bæði sjónarmiðin. Því er kveðið svo á í greininni, að upplýsingar um staðreyndir, sem veittar eru munnlega, eigi að skrá í útdrætti, þannig að staðreyndir málsins liggi fyrir skjalfestar. Skyldan lýtur einungis að þeim staðreyndum, sem teljast mikilvægar við úrlausn málsins. Verður stjórnsýsluhafi að meta það hverju sinni, hverjar upplýsingar beri að skrá á þennan hátt, enda ógerlegt að orða almenna reglu um það.

Um 8. gr.

Greinin nær til ákveðinna tegunda skjala, sem eru undanþegin almennum aðgangi, og er einkum um að ræða ýmiss konar innanhússgögn. Ákvæðið takmarkar einnig aðgang aðila að því að kynna sér þessi skjöl. Til viðbótar kemur svo reglan í 2. mgr. 5. gr. frv.

Um 1. tl.
Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. tl.
Hér er heimilað að undanþiggja ýmis innanhússgögn almannastofnana og -fyrirtækja almennum aðgangi. Nefndar eru minnisgreinar, frásagnir, skýrslur, uppköst, tillögur og áætlanir. Ákvæðið nær þannig einungis til skjala, sem ætluð eru til afnota við ákvarðanatöku innan almannastofnunar eða -fyrirtækis og hafa áhrif á hana. Á hinn bóginn verður ekki talið að undanþiggja megi athugagreinir og álit sérfræðinga, mat og önnur svipuð gögn, sem fengin eru frá lögmönnum, læknum, verkfræðingum og öðrum áþekkum aðilum, sem starfa fyrir almannastofnun sem ráðgjafar, en þó að öðru leyti á eigin vegum.
Þá er það skilyrði, að þessi gögn séu notuð innan stofnunar. Munnlegar upplýsingar, sem skráðar eru skv. 7. gr. frv., falla að sjálfsögðu ekki undir vinnuskjöl skv. þessari grein.

Um 3. tl.
Þar er fjallað um bréfaskipti stjórnvalda við sérfræðinga til afnota í dómsmálum eða til ákvörðunar um það, hvort mál skuli höfða. Þessi undanþáguheimild nær fyrst og fremst til bréfaskipta milli almannastofnunar og sérfræðinga um lögfræðileg vafaatriði. Sem dæmi má nefna álitsgerðir lögmanna, lagadeildar Háskólans eða einstakra háskólakennara.
Ákvæðið nær einnig til bréfaskipta við sérfræðinga, er lúta að öðru en lögfræðilegum vafaatriðum, en þó einungis til afnota í dómsmálum eða til ákvörðunar um, hvort mál skuli höfðað. Telja verður einnig að beita megi ákvæðinu um bréfaskipti við sérfræðinga, er lúta að lögfræðilegum vafaatriðum, þótt ekki liggi ljóst fyrir, hvort mál verði höfðað af hlutaðeigandi stofnun eða gegn henni.

Um 4. tl.
Öll skjöl, sem lúta að lagasetningu, er heimilt að undanþiggja almennum aðgangi, þar til frumvarp hefur verið lagt fram á Alþingi. Ágreiningur getur risið milli einstakra ráðherra um löggjafarmálefni og verður að telja nauðsynlegt, til þess að tryggja starfsfrið innan ríkisstjórnar, að heimilt sé að halda þeim skjölum leyndum, sem 4. töluliður nær til. Undir þetta ákvæði gætu fallið bréf, sem gengju milli ráðherra um lagasetningu, skýrslur um fundi þeirra og viðræður, fundargerðir og ýmsar álitsgerðir, er lytu að þess háttar lagasetningu. Skiptir þá ekki máli, hvort þær væru frá einkaaðilum eða starfsmönnum ríkisins.

Um 9. gr.
Í greininni er aðilum máls veittur rýmri réttur til að kynna sér málsskjöl en gert er í 1. kafla frv.
Við skýringu á því, hverjir teljist aðilar máls, má vísa til skilgreiningar á hugtakinu „aðili máls“ hér að framan. Öðru fremur verður að taka mið af því, hvort mál varði beina hagsmuni þess, sem í hlut á.
Aðilar geta í fyrsta lagi verið umsækjendur um leyfi eða starf, í öðru lagi þeir, sem boðið hefur verið eða bannað að vinna ákveðið verk, og í þriðja lagi þeir, sem skotið hafa máli sínu til æðri stjórnvaldsstofnunar eða stjórnvaldshafa, svo að einhver dæmi séu nefnd. Eins og sést á þessari upptalningu, er með aðilum einkum átt við þá, sem aðild eiga að svonefndum stjórnarathöfnum, þ. e. stjórnvaldsákvörðunum, er varða réttindi og skyldur einstakra manna eða annarra persóna að lögum. Allt öðru máli gegnir um þá, sem lög eða almenn stjórnvaldsfyrirmæli, t. d. reglugerðir, taka til, a. m. k. ef um ótiltekinn hóp manna er að ræða. Þeir nytu sama réttar og aðrir til að kynna sér málsskjöl.

Ekki eru í frv. gerðar neinar kröfur til aldurs eða þroska málsaðila. Það yrði að ráðast af því, hvort hlutaðeigandi ætti sjálfstæða aðild að hinu tiltekna máli, en annars kæmi lögráðamaður eða annar fyrirsvarsmaður í hans stað. Ekkert væri því heldur til fyrirstöðu, að aðili fæli öðrum að koma fram fyrir sína hönd. Í því sambandi er rétt að taka það fram, að félag eða fyrirtæki gæti að sjálfsögðu átt aðild að máli, en þá væri stjórnarformaður eða framkvæmdastjóri væntanlega í fyrirsvari.

Almennt ætti hlutaðeigandi aðili einungis að fá aðgang að skjölum í eigin máli, en þó gæti farið svo, að veita yrði honum aðgang að skjölum annarra aðila, t. d. annarra meðumsækjenda.

Aðila er skv. 9. gr. óheimilt að kynna sér málsskjöl, ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr skjölunum þykja eiga að víkja fyrir ríkari almanna- og einkahagsmunum. Hér yrði að vega og meta hina gagnstæðu hagsmuni í hverju tilviki. Óheimilt er að synja aðilum í eitt skipti fyrir öll aðgangs að tilteknum tegundum skjala eða einstökum málaflokkum, sbr. hins vegar 2. mgr. 5. gr. frv., sem á einungis við um almennan aðgang að upplýsingum. Ákvæði 3. og 4. gr. frv. yrðu að sjálfsögðu höfð til hliðsjónar við mat á hinum gagnstæðu hagsmunum. Í einstaka tilfelli gæti tillit til aðila sjálfs mælt á móti því, að honum yrði leyft að kynna sér efni skjals, ef það hefði t. d. að geyma upplýsingar um, að hann þjáðist af alvarlegum sjúkdómi og væri dauðvona.

Ekki skiptir máli, í hvaða tilgangi aðili óskar að fá að kynna sér skjöl í máli sínu. Engar skorður eru heldur reistar við því, hvernig aðili notfærir sér upplýsingar, sem hann hefur fengið í hendur. Hann gæti þess vegna notað þær í öðrum tilgangi en þeim að gæta hagsmuna sinna við meðferð málisins.

Í 2. mgr. 9. gr. frv. er kveðið svo á, að ákvæði laga um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu til að veita málsaðilum upplýsingar. Þetta felur nánast í sér það eitt, að beiðni aðila um að fá að kynna sér skjöl í eigin máli verður ekki hafnað með vísan til þess eins, að skjölin hafi að geyma vitneskju, sem ákvæði um þagnarskyldu nái til. Í því sambandi skiptir ekki máli, hvort um er að ræða almenn eða sérstök fyrirmæli um þagnarskyldu, sbr. hins vegar 2. mgr. 2. gr. frv., sem tekur einungis til almennra fyrirmæla.

Í 3. mgr. 9. gr. frv. er vikið frá þeirri meginreglu, sem fram kemur í 12. gr. 2. mgr. frv., að forstöðumenn geti í hverju tilviki ákveðið, hvernig menn eigi kost á að kynna sér efni skjala. Skv. 3. mgr. 9. gr. getur aðili krafist þess, að honum sé látið í té afrit eða ljósrit af málsskjölum, ef það skiptir hann verulegu máli.

Um 10. gr.

Meginreglu 10. gr. þess efnis, að afgreiðslu máls skuli frestað, er málsaðili fari fram á að fá að kynna sér málsskjöl, verður að skoða í ljósi 11. gr. frv., þar sem aðila er gefinn kostur á að taka afstöðu til efnis máls. Skv. þessum ákvæðum getur aðili að jafnaði krafist þess, að afgreiðslu máls sé frestað, annars vegar meðan hann er að kynna sér málsskjöl og hins vegar meðan hann er að undirbúa málsvörn, en þetta hvort tveggja fer að sjálfsögðu oft saman.

Sá stjórnvaldshafi, sem mál hefur með höndum, verður að meta það eftir öllum aðstæðum, hversu langan frest skuli gefa aðila til að kynna sér skjöl í málinu.

Skv. 2. mgr. 10. gr. frv. skal afgreiðslu máls þó ekki frestað, ef sérstakir almanna- eða einkahagsmunir mæla gegn. Þess eru dæmi, að lög setji tiltekinn frest til afgreiðslu mála, sbr. lög um tekju- og eignarskatt, skipulagslög o. fl. Máli verður ekki frestað, ef það hefur í för með sér, að slíkur lögmæltur frestur renni út. Þá getur mál verið þannig vaxið, að afgreiðsla þess þoli enga bið. Loks er ekki ástæða til að fresta afgreiðslu, ef ljóst má vera, að aðili fari fram á það að kynna sér skjöl í þeim tilgangi einum að draga mál á langinn.

Um 11. gr.

Í dönsku upplýsingalögunum, sem einkum hafa verið höfð til hliðsjónar við samningu þessa frumvarps, er aðila máls gefinn kostur á því að gera grein fyrir afstöðu sinni, áður en því er ráðið til lykta. Lög þessi leggja hins vegar ekki þá skyldu á herðar hlutaðeigandi stjórnvaldshafa að tilkynna aðilum, að mál, er þá varði, sé til umfjöllunar hjá stjórnvaldsstofnun, en það er á hinn bóginn gert í norsku og sænsku stjórnsýslulögunum.

Í 1. mgr. 11. gr. er kveðið á um tilkynningarskyldu að norskri og sænskri fyrirmynd. Frumforsenda þess, að aðili geti tjáð sig um efni máls, er að sjálfsögðu sú, að hann viti af því, að mál hans sé til meðferðar hjá stjórnvaldsstofnun. Tilkynningarskylda sú, sem boðin er í 1. mgr. 11. gr., á að tryggja það, að svo verði jafnan.

Tilkynningarskyldan er þó ekki fortakslaus. Það getur í einstaka tilviki verið erfiðleikum bundið fyrir stjórnvaldshafa að fullnægja tilkynningarskyldunni, t. d. ef afgreiðsla máls þolir enga bið eða óvíst er, hvar aðili er niður kominn.

Í 2. mgr. 11. gr. frv. er aðila veitt heimild til að krefjast þess, að afgreiðslu máls sé frestað, uns hann hefur haft tíma til að lýsa skoðun sinni á efni þess. Hægt er að setja aðila ákveðinn frest í þessu skyni.

Aðili getur neytt þessarar heimildar, þótt hann óski ekki jafnframt að fá aðgang að skjölum málsins. Hann verður hins vegar að krefjast þess sérstaklega, að afgreiðslu máls sé frestað. Að öðru leyti vísast til þess, sem að framan er sagt um 10. gr. frv.

Um 12. gr.

Lagt er til í 1. mgr. 12. gr., að forstöðumenn almannastofnana eða -fyrirtækja taki ákvörðun um það, hvort upplýsingar skuli veittar. Ekki yrði það talið ósamrýmanlegt þessari grein, þótt þeir framseldu slíkt ákvörðunarvald til annarra starfsmanna stofnunar eða fyrirtækis. Þó yrði að telja, að aðrir starfsmenn tækju ákvarðanir í umboði og á ábyrgð forstöðumanna.

Önnur og þriðja mgr. 12. gr. frv. þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Ákvæði 1. mgr. 13. gr. eru í samræmi við gildandi reglur í íslenskum rétti um málskot til æðri stjórnvaldshafa eða -stofnunar. Mönnum er þó veitt heimild til þess að kæra ákvörðun beint til hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar. Kærustig verða því aðeins tvö innan stjórnsýslu ríkisins, en þrjú innan stjórnsýslu sveitarfélaga, þar eð úrskurði sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra.

Ekki hefur enn verið sett á stofn embætti umboðsmanns Alþingis. Á meðan svo er, fyrirfinnst enginn hlutlaus og óháður aðili (að undanteknum dómstólunum) til þess að fylgjast með því, að stjórnvaldshafar fari að lögum og vinni störf sín af réttsýni. Ráðherrar eru æðstu valdhafar stjórnsýslunnar, hver á sínu sviði, þannig að ekki er hægt að kalla þá hlutlausa eða óháða, þegar þeir taka afstöðu til ákvörðunar stjórnvaldshafa, sem lægra eru settir. Þótt skjóta megi slíkri ákvörðun til dómstóla, er sú aðferð bæði seinvirk og kostnaðarsöm.

Því er gert ráð fyrir því í 2.—4. mgr. 13. gr., að sett verði á stofn sérstök nefnd til þess að láta í ljós álit sitt, áður en ráðherra tekur til úrskurðar kæru skv. 1. mgr. 13. gr. Reynt er að gera nefndina þannig úr garði, að hún teljist bæði hlutlaus og óháð stjórnsýslunni, en tengist jafnframt æðstu stofnunum löggjafarvalds og dómsvalds, Alþingi og Hæstarétti.

Á Norðurlöndum, þar sem umboðsmenn þjóðþinga eru starfandi, er álit þeirra á einstökum málum aðeins til leiðbeiningar, en ekki bindandi fyrir stjórnvaldshafa þann, er hlut á að máli. Þeirri meginstefnu hefur verið fylgt í þessu frumvarpi, sbr. 4. mgr. 13. gr., enda hugsanlegt að nefnd sú, sem um er rætt í 13. gr., verði lögð niður, ef sett verður á stofn embætti umboðsmanns.

Nákvæmar reglur um starfshætti nefndarinnar er ekki að finna í frumvarpinu, þar sem gert er ráð fyrir, að nefndin móti þær sjálf, eftir því sem tilefni gefst.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

ÍSLENSK LAGAÁKVÆÐI UM ÞAGNARSKYLDU.

(Skrá gerð af Þórhildi Líndal, cand. jur., sem fylgirit ritgerðar við lokapróf.)

1) **L. nr. 3/1963, um landsdóm,**
17. gr.: Verjandi skal hafa aðstöðu til að fylgjast með öllu, er fram kemur í málinu, og á hann rétt á að vera viðstaddur öll dómþing í málinu, hvar sem þingað er og hvort sem dómþing er háð í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum, en í síðast nefndu tilviki getur dómur bannað verjanda að skýra opinberlega frá því, sem fram hefur komið á dómþingi.

2) **L. nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis,**
88. gr.: Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé hönd ónothæf skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Kjörstjórnarmanni er með öllu óheimilt að bjóða þeim aðstoð sína, er þarfnast hjálpar samkvæmt grein þessari.

3) **L. nr. 54/1972, um breyting á lögum nr. 115, 19. nóvember 1936, um þingsköp Alþingis,**
5. gr. 2. mgr. 2. málsl.: Til utanríkismálanefndar skal vísa utanríkismálum. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga og er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt milli þinga, sem á þingtíma. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í nefndinni, ef formaður eða ráðherra kveður svo á.

4) **L. nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins,**
32. gr.: Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

5) **L. nr. 53/1935 um bráðabirgðaútflutningsskýrslur,**
6. gr.: Fiskifélaginu er skylt að láta útgerðarmönnum, bönkum og kaupsýslumönnum í té vitneskju um útflutning og birgðir af vörum þeim, sem það safnar skýrslum um. Þó skal það ekki gefa upplýsingar um útflutning eða birgðir einstakra manna eða félaga, nema með leyfi þeirra eða eftir dómsúrskurði.

6) **L. nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands,**
34. gr.: Bankastjórar, bankaráðsmenn og allir starfsmenn bankans eru bundnir

þagnarskyldu um atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

7) **L. nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands,**
17. gr. Bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

8) **L. nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands,**
17.: Bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

9) **L. nr. 115/1941 um Búnaðarbanka Íslands,**
56. gr. 3. mgr.: Bankastjórn og starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

10) **L. nr. 2/1888 um Söfnunarsjóð Íslands,**
17. gr.: ..... einungis þegar sá, sem fé hefur lagt í sjóðinn, hefur beinlínis óskað þess, að óviðkomandi menn verði eigi látnir vita nafn sitt, eða með hverjum skilmálum hann hefur lagt fé í sjóðinn, skal eftir því farið, meðan hann er á lífi.

11) **L. nr. 7/1972 um breyting á lögum nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt,**
19. gr.: Skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra, ríkisskattanefnd og nefnd skv. 6. mgr. 48. gr. er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna. Hið sama gildir um þá, er veita aðilum samkvæmt 1. mgr. aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

12) **L. nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.,**
33. gr.: Tollstarfsmönnum öllum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um verslunarhagi einstakra manna og fyrirtækja, þar með talin hvers konar vitneskja sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum, sem tollyfirvöld halda eftir.

13) **L. nr. 10/1960 um söluskatt,**
22. gr.: Skatt- og tollyfirvöldum, starfsmönnum þeirra og erindrekum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja. Þessi þagnarskylda og ábyrgð hennar helst, þó að hlutaðeigandi starfsmenn láti af starfi.

14) **L. nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga,**
28. gr. 5. mgr.: Þeim, sem annast störf þessi, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi gjaldþegna.

15) **L. nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur,**
28. gr. 4. mgr.: Bannað er að skýra frá eða leiða vitni um hvað aðiljar hafa lagt til á sáttafundum, nema báðir aðiljar samþykki.
30. gr. 3. mgr.: Miðlunartillögu má ekki birta án samþykkis sáttasemjara, fyrr en báðir aðiljar hafa sent svör sín.

16) **L. nr. 32/1915 um veitingu prestakalla,**
20. gr. 1. mgr.: Hvorki kjörstjórnarformaður né nokkur annar, sem í kosningastofunni er staddur, má beinlínis eða óbeinlínis hvetja nokkurn kjósanda meðan á kosningu stendur, til þess að kjósa einn umsækjanda öðrum fremur né heldur má kjörstjórnarmaður skýra frá því, er hann kann að hafa orðið áskynja um, að því er atkvæðagreiðslu kjósenda snertir.

17) **L. nr. 63/1974 um grunnskóla,**
57. gr. 2. mgr.: Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.

18) **L. nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna,**
62. gr.: Ekki er heimilt að veita upplýsingar um rannsóknir, sem kostaðar eru af einstaklingum, félagi, stofnun, nema með samþykki hennar. Ef þagnarskyldan er brotin varðar það ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn og skaðabótaskyldu.

19) **L. nr. 91/1932 um varnir gegn kynsjúkdómum,**
15. gr.: Á öllum, sem vegna starfs síns samkvæmt lögum þessum komast að nöfnum sjúklinga og heilsufari þeirra hvílir ströng þagnarskylda, nema þeim sé skylt að lögum að láta slíkt uppi eða nauðsyn beri til þess vegna yfirvofandi smithættu, svo sem ef læknis er ekki leitað eða varúðarreglur eru að engu hafðar og eigi verður á annan hátt úr því bætt.

20) **L. nr. 80/1969, Læknalög,**
10. gr.: Sérhverjum lækni ber að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál, er hann kann að komast að sem læknir, nema lög bjóði annað eða hann viti sönnur á, að brýn nauðsyn annarra krefji, enda láti hann þá ekki uppi annað eða meira en minnst verður komist af með til að afstýra hættu. Um slík einkamál verður læknir ekki leiddur sem vitni í réttarmálum gegn vilja þess, er einkamálið varðar, nema ætla megi, að úrslit málsins velti á vitnisburðinum, enda sé málið þýðingarmikið fyrir málsaðila eða þjóðfélagið. Nú er lækni gert að bera vitni í slíkum málum, og skal það þá jafnan gerast fyrir luktum dyrum.

21) **L. nr. 30/1963, Lyfsölulög,**
18. gr. 2. mgr.: Þegar nefndin telur það henta getur hún lagt fram miðlunartillögu, sem ekki má birta opinberlega án samþykkis nefndarinnar fyrr en báðir samningsaðilar hafa tjáð sig um hana.
18. gr. 9. mgr.: Ekkert má birta opinberlega um úrslit atkvæðagreiðslu, fyrr en nefndin hefur greint frá heildarniðurstöðu.
46. gr.: Lyfsalar, lyfjafræðingar og aðstoðarlyfjafræðingar eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju eða grun, sem þeir í starfi sínu öðlast um sjúkdóma eða önnur einkamál, nema á þeim hvíli skylda samkvæmt lögum til að tjá sig eða þeir hafi rökstuddan grun um að einstaklingur eða almenningur sé í yfirvofandi hættu enda láti þeir þá ekki upp annað eða meira en minnst verður komist af með til að afstýra hættu. Lyfjafræðingar og aðstoðarlyfjafræðingar skulu að jafnaði gera lyfsala viðvart, en lyfsali þeim, er í hlut á, eða yfirvöldum, og þá að jafnaði landlækni. Ákvæði þessarar greinar um þagnarskyldu ná einnig til annars starfsfólks lyfjabúða. Um vitnaskyldu framangreindra aðila fer eftir því, sem segir í réttarfarslögum, sbr. 9. gr. l. nr. 82/1961, (nú l. nr. 74/1974) um meðferð opinberra mála, og 126. gr. l. nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.
61. gr. 5. og 6. mgr.: Þegar um tæknileg leyndarmál er að ræða, getur sá aðili, sem greinir frá þeim, óskað þess við landlækni, að upplýsingarnar berist ekki

fulltrúa lyfjafræðinga og lyfsala í lyfjaskrárnefnd. Landlæknir ákveður, að hve miklu leyti þessum óskum skuli sinnt. Lyfjaskrárnefnd og nefndarmenn þeir, sem skipaðir eru samkvæmt 28. gr., svo og aðrir ráðunautar, eru, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga bundnir þagnarskyldu um allt það, er þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu.

22) **L. nr. 17/1933, Ljósmæðralög,**
11. gr.: Sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður, sbr. l. nr. 74/1972, 2. gr.) má víkja skipaðri ljósmóður frá starfi sínu, ef hún hefur að dómi héraðslæknis brotið alvarlega af sér sem ljósmóðir, einkum ef hún hefur oftar en einu sinni skorast undan að vitja sængurkvenna tafarlaust og að forfallalausu, ef hún hefur ljóstrað upp trúnaðarmáli, sem hún hefur komist að sem ljósmóðir, eða ef hún hefur gert sig seka um óafsakanleg afglöp eða óhæfu í ljósmæðrastörfum. Á sama hátt má banna starfandi ljósmóðir ljósmóðurstörf í umdæmi fyrir tilsvarandi sakir.

23) **L. nr. 58/1976 um sjúkraþjálfun,**
9. gr.: Sérhverjum sjúkraþjálfara er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki sjúkraþjálfara og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.

24) **L. nr. 41/1975 um félagsráðgjöf,**
5. gr.: Félagsráðgjafa er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af starfi.

25) **L. nr. 8/1974, Hjúkrunarlög,**
6. gr.: Hjúkrunarfræðingi er skylt að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál er hann fær vitneskju um í starfi sínu, nema lög bjóði annað og helst þagnarskyldan, þótt hann láti af starfi.

26) **L. nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir,**
27. gr.: Allir þeir, sem starfa á einn eða annan hátt að framkvæmd laga þessara, eru bundnir þagnarskyldu um öll persónuleg málefni, er þeir í því sambandi kunna að fá vitneskju um.

27) **L. nr. 40/1976, um sálfræðinga,**
3. gr.: Sálfræðingi er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskyldan nær einnig til samstarfsmanna sálfræðings þ. á m. til fræðimanna sem fá aðgang að gögnum í vísindalegum tilgangi. Þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af störfum.

28) **L. nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu og nauðsynjavörum,**
9. gr.: Þeir, sem hafa á hendi eftirlit með framkvæmd laga þessara skulu, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum hinna almennu hegningarlaga, um embættis- og sýslunarmenn, bundnir þagnarskyldu um öll framleiðslu- og verslunarleyndarmál, er þeir kunna að komast að við framkvæmd eftirlitsins, og mega hvorki færa sér þau í nyt sjálfir né verða þess valdandi, að aðrir geri það.

29) **L. nr. 34/1964 um loftferðir,**
151. gr. 3. mgr.: Nú hefur maður fengið greinda vitneskju í starfa sínum, og hefur hann þagnarskyldu, að því leyti sem vitneskjan eigi má fara lengra eða hana má eigi birta.

30) **L. nr. 31/1940, Póstlög,**
6. gr. a.: Enginn, sem er í þjónustu póststjórnarinnar, má gefa nokkrum óviðkomandi manni neina vísbendingu um það hvernig aðrir nota póstinn, né heldur veita neinum tækifæri til þess að útvega sér slíka vitneskju. Eigi má heldur neitt af því, sem látið er á póst til flutnings opna né lesa af óviðkomandi mönnum. Þagnarskyldan hvílir áfram á viðkomandi, þótt hann færi úr þjónustunni.

31) **L. nr. 30/1941 um fjarskipti,**
19. gr.: Allir starfsmenn, þar með taldir nemendur fjarskiptavirkja ríkisins skulu skyldir, bæði meðan þeir gegna starfinu og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir öllum út í frá efni skeyta, sem koma eða fara, svo og að þau hafi komið eða farið, og hver hafi fengið þau eða sent. Þeir skulu og halda leyndu fyrir öllum út í frá efni samtala um fjarskiptavirki ríkisins, svo og að samtöl hafi farið fram og hverjir hafi átt tal saman. Má ekki án undangengins dómsúrskurðar veita óviðkomandi mönnum aðgang að því að sjá skeyti eða önnur starfræksluskjöl, sem almenningi er ekki ætlað að sjá, eða aðgang að því að hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Ráðherra ákveður, hvort slíkum úrskurði skuli áfrýjað. Samskonar leyndarskylda skal á þeim hvíla um myndir eða merki, sem flutt hafa verið um fjarskiptavirkin og ekki eru fyrir almenning. Þeim er og stranglega bannað að notfæra sér á nokkurn hátt persónulega innihald slíkra skeyta, samtala, mynda, merkja eða starfræksluskjala. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um þagnarskyldu starfsmanna fjarskiptavirkja.
22. gr.: Enginn má án heimildar, taka við fjarskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum eða hlusta á fjarskiptasamtöl. Ekki má heldur skrá neitt slíkt, tilkynna það öðrum eða notfæra sér það á nokkurn hátt.

32) **L. nr. 26/1973 um vátryggingarstarfsemi,**
45. gr. 1. mgr.: Tryggingareftirliti og starfsmönnum þess er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi aðiljum frá því, er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur vátryggingarfélags. Þagnarskylda þessi og ábyrgð hennar helst, þótt starfsmenn þessir hafi látið af störfum.

33) **L. nr. 9/1940 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa,**
1. gr.: Ríkisstjórnin getur, er hún telur nauðsynlegt vegna yfirvofandi eða yfirstandandi ófriðar eða hliðstæðs ástands, fyrirskipað, að enginn megi láta neitt uppi við óviðkomandi menn um ferðir íslenskra skipa eða erlendra skipa. Nú notar ríksstjórnin heimild þá, sem henni er veitt í lögum þessum og taka þá bannfyrirmæli hennar til allra upplýsinga um burtför skips úr höfn, um ferð þess frá einni höfn til annarrar, um það hvar skipið er statt á hverjum tíma, um ákvörðunarstað þess og komu í höfn í ferð eða að lokinni ferð, svo og til allra upplýsinga um farm skips og farþega.

34) **L. nr. 20/1967 um Búreikningastofu landbúnaðarins,**
4. gr.: Forstöðumanni búreikningastofunnar og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfs síns um efnahag eða tekjur einstakra manna eða stofnana.

35) **L. nr. 83/1936 um ráðstafanir til varnar því að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar,**
3. gr. 4. mgr.: Dómsmálaráðuneytið hefur hvenær sem er aðgang að öllum þeim plöggum, er varða greint eftirlit, enda hafi sá eða þeir, sem dómsmálaráðherra

útnefnir til þess, undirritað þagnarheit samkvæmt fyrirmælum alþjóðareglugerðar þar um.

36) **L. nr. 62/1962 um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar,**
6. gr.: Útflytjendur og síldarsaltendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, sem hún óskar, um hvað eina, sem snertir söltun, sölu og útflutning síldar, og hefur nefndin frjálsan aðgang að verslunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi. Nefndin og starfsmenn hennar eru bundnir þagnarheiti um viðskiptamál útflytjenda, er þau verða áskynja á þennan hátt.

37) **L. nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur,**
7. gr.: Löggiltir endurskoðendur hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, þ. á m. þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara. Ráðherra getur sett nánari reglur um réttindi og skyldur löggiltra endurskoðenda og starfsmanna þeirra.

38) **L. nr. 62/1969 um fyrirtækjaskrá,**
10. gr.: Óheimilt er að skýra frá upplýsingum, sem fyrirtæki láta í té samkvæmt 9. gr. og eru trúnaðarmál, nema með samþykki hlutaðeigandi. Þeir, sem vinna við úrvinnslu slíkra gagna, mega ekki, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, skýra óviðkomandi aðilum frá því, sem þeir komast að um hagi einstakra fyrirtækja.

39) **L. nr. 32/1933 um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl.,**
10. gr. 3. mgr.: Eftirlitsmaður hefur þagnarskyldu um allt, sem lýtur að framleiðslu og rekstri smjörlíkisgerðar, og má ekki sjálfur notfæra sér eða láta öðrum í té upplýsingar sem hann kann að fá um sérstakan útbúnað eða aðgerðir hverrar verksmiðju.

40) **L. nr. 55/1968 um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum,**
12. gr.: Starfsmönnum fiskmats ríkisins er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá nokkru því, sem leynt á að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu.

41) **L. nr. 53/1938 um mat á matjessíld og skoskverkaðri síld,**
4. gr. 4. málsl.: Matsstjóri og matsmenn hafa algera þagnarskyldu um allt, er þeir verða áskynja um í starfi sínu, og mega ekki við óviðkomandi láta uppi neitt annað um ástand vörunnar en það, sem stendur í matsvottorði.

42) **L. nr. 30/1960 um skipan innflutnings og gjaldeyrismála o. fl.,**
11. gr.: Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

43) **L. nr. 54/1960 um verðlagsmál,**
19. gr.: Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningalaga, um opinbera starfsmenn að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

44) **L. nr. 52/1970 um eftirlit með skipum,**
18. gr. 3. málsl.: Trúnaðarmenn Siglingamálastofnunarinnar eru bundnir þagnarheiti um, hver kært hefur, nema kæran hafi reynst ástæðulaus.

45) **L. nr. 90/1943 um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins,**
4. gr.: Forstöðumanni reikningaskrifstofu sjávarútvegsins og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um efnahag eða tekjur einstakra manna eða fyrirtækja.

46) **L. nr. 108/1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða,**
12. gr.: Starfsmönnum Framleiðslueftirlits sjávarafurða er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá nokkru því, sem leynt á að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu.

47) **L. nr. 79/1971 um iðju og iðnað,**
9. gr. 2. mgr.: Skylt er iðjuhöld að veita lögreglustjóra og ráðherra allar upplýsingar um þau atriði, er varða skilyrði til að halda atvinnuheimild eða fullnægju settra skilyrða, svo og að veita aðgang að bókum atvinnunnar í sama skyni. En skylt er að leyna alla óviðkomandi menn því, sem rannsóknarmaður kemst að um hagi aðila fyrir rannsókn sína.

48) **L. nr. 68/1967 um Iðnlánasjóð,**
13. gr.: Óheimilt er stjórn Iðnlánasjóðs og trúnaðarmönnum hennar að láta óviðkomandi í té nokkuð af þeim upplýsingum sem gefnar eru í sambandi við lántökubeiðnir eða lántöku úr sjóðnum.

49) **L. nr. 58/1970, Orkulög,**
45. gr.: Starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins eru bundnir þagnarskyldu um það, er þeir kunna að komast að í starfi sínu, um viðskiptaleyndarmál og annað, sem leynt á að fara.

50) **L. nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar,**
76. gr.: Hjúskaparmál skulu sótt og varin og vitni spurð fyrir lokuðum dyrum, nema báðir aðiljar séu á eitt sáttir um annað. Eigi má heldur án leyfis beggja aðilja birta almenningi á nokkurn hátt annað af því, er gerst hefur í slíkum málum, nema dóminn.

51) **L. nr. 47/1938 um fasteignasölu,**
7. gr.: Fasteignasala er óheimilt að skýra frá því, er honum er trúað fyrir í starfi.

52) **L. nr. 62/1942 um málflytjendur,**
1. gr.: Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn eru opinberir sýslunarmenn og hafa skyldur og réttindi samkvæmt því, meðal annars þagnarskyldu um það, er aðili trúir þeim fyrir í starfa þeirra.

53) **L. nr. 32/1914 um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalaþýðendur,**
3. gr.: 2. málsl.: Hann skal og heita því við drengskap sinn, að vinna verk sitt eftir bestu vitund, og að ljóstra eigi upp leyndarmálum. Rétt er þó, að aðrir menn séu dómtúlkar og skjalaþýðendur, ef þeir eru dómkvaddir til þess í hvert skipti.

54) **Tilskipun um vitnisburð málflutningsmanna frá 19. júlí 1793,**
Ef málflutningsmanni er stefnt sem vitni í einkamáli og honum hefir annaðhvort verið falinn flutningur þess eða ráða hans hefur verið leitað í því, þá skal hann vera undanþeginn og honum jafnvel með öllu bannað að bera vitni í því máli, úr spurningum þeim er fyrir hann eru lagðar, verður eigi leyst, nema hann skýri frá því, sem skjólstæðingur hans eða sá, er leitaði ráða hjá honum, trúði

honum fyrir. Aftur á móti skal hann skyldur til, undir eið, eins og önnur vitni, að bera það, er hann veit til upplýsingar málinu, ef hann eigi hefur komist að því sem trúnaðarmaður málsaðilja.

55) **L. nr. 19/1940, Almenn hegningarlög,**
91. gr. 1. mgr.: Hver, sem kunngerir, skýrir frá eða lætur á annan hátt uppi við óviðkomandi menn leynilega samninga, ráðagerðir eða ályktanir ríkisins um málefni, sem heill þess eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin, eða hafa mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskipta fyrir íslensku þjóðina gagnvart útlöndum, skal sæta fangelsi allt að 16 árum.
115. gr.: Hver, sem opinberlega skýrir heimildarlaust eða vísvitandi rangt frá því, sem fram hefur farið við kosningar þær og atkvæðagreiðslur, sem í 102. gr. getur eða því, sem gerst hefur á fundum eða starfi opinberra samkomna, nefnda, stjórnvalda eða dómstóla, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.
136. gr.: Opinber starfsmaður, sem segir frá nokkru, er leynt á að fara og hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu eða varðar embætti hans eða sýslan, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Hafi hann gert það til að afla sér eða öðrum óréttmæts ávinnings eða noti hann slíka vitneskju í því skyni, má beita fangelsi allt að 3 árum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem látið hefur af opinberu starfi og eftir það segir eða misnotar á ofangreindan hátt vitneskju, sem hann hafði fengið í stöðu sinni og leynt á að fara.
230. gr.: Ef maður, sem hefur eða haft hefur með höndum starf, sem opinbera skipun, leyfi eða viðurkenningu þarf til að rækja, segir frá einhverjum einkamálefnum, sem leynt eiga að fara og hann hefur fengið vitneskju um í starfi sínu, þá varðar það sektum eða varðhaldi. Sömu refsingu varðar einnig samskonar verknaður þeirra manna sem aðstoðað hafa ofangreinda menn í starfi þeirra.

56) **L. nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði,**
126. gr.: Vitni er óheimilt, nema sá leyfi, sem með á, að svara spurningum um atriði: 1. Ef það hefur komist að vitneskju um það í embætti sínu eða sýslan og það á vegna hagsmuna almennings eða ríkisins að fara leynt. — 2. Ef það varðar öryggi ríkisins inn á við eða út á við, eða utanríkismál, er leynt skal fara. — 3 Ef embættismaður eða sýslunar hefir komist að högum eða athöfnum einstakra manna í embætti sínu eða sýslan, og hann skal lögum samkvæmt eða eðli málsins varðveita þagnarskyldu um það. — 4. Ef vitni hefir í þjónustu einstaklings, fyrirtækis eða stofnunar komist samkvæmt stöðu sinni að leyndarmáli um kaupsýslu, uppgötvanir eða önnur slík verk vinnuveitanda síns. — 5. Sá er ber ábyrgð á innihaldi prentaðs rits eða blaðs að lögum, má ekki skýra frá því fyrir dómi, hver sé höfundur að riti, grein eða frásögn sem í riti eða blaði hefir birst, án þess að höfundur væri nægilega nafngreindur. — Ef hagsmunir ríkis eða almennings heimta það, skal vitni þó gefa skýrslu um atriði þau, er í 3.—5. tölulið greinir.
149. gr.: Nú hefir skjal, sem skylt er að láta af hendi eða leggja fram eftir 145. gr. eða 146. gr., að geyma atriði, sem viðkomandi er óskylt eða óleyfilegt að láta fram, og getur dómari þá úrskurðað, að skjalið verði lagt fram fyrir hann í trúnaði, og að annaðhvort verði undir umsjá hans og gegn fullkominni þagnarskyldu tekið eftirrit af því úr skjalinu, sem skylt er og heimilt að láta fram, eða, ef þess er ekki kostur, að tekin verði upp úr skjalinu með sama hætti skýrsla um þau atriði.

57) **L. nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála,**
16. gr. 3. mgr.: Dómari getur bannað að skýra opinberlega frá atriðum í opinberri rannsókn eða gera uppdrætti eða myndir af mönnum í þinghaldi eða öðru, sem þar fer fram eða er til sýnis.

86. gr. 1. mgr. i. f.: Þagnarskylda hvílir á verjanda um það er sökunautur kann að hafa trúað honum fyrir um afstöðu sína til brots eða brota þeirra, sem um er að tefla, um þau atriði önnur, er hann hefur komist að í starfa sínum og eigi eru almenningi þegar kunn.

93. gr.: Án leyfis viðkomandi ráðherra skal vitni ekki krafið skýrslu um leynilega samninga ríkisins, ráðagerðir eða ályktanir handhafa ríkisvaldsins um málefni, sem öryggi ríkisins, réttindi eða heill að öðru leyti varðar eða hafa mjög mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskiptaþýðingu fyrir íslensku þjóðina. — Embættismenn og sýslunarmenn verða ekki krafðir vitnisburðar um það, sem þeir hafa fengið vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara nema viðkomandi ráðherra leyfi eða forseti sameinaðs Alþingis, ef taka skal skýrslu af alþingismanni eða öðrum starfsmanni Alþingis.

94. gr.: Vitnum þeim, sem hér segir, er óheimilt að svara spurningum án leyfis þess, sem með á: 1. Verjanda um það, sem sökunautur hefur trúað honum fyrir um málsatvik, eftir að hann hefur tekið vörnina að sér. — 2. Prestum, ljósmæðrum og lyfsölum um atriði, er varða einkahagi manna og þeim hefur verið trúað fyrir í starfi sínu, nema brot varði minnst tveggja ára refsivist. — Nú má telja vitnisburð nauðsynlegan til varnar sökunaut, og getur dómari þá ákveðið vitnaleiðslu með úrskurði.

95. gr.: Heimilt er dómara, nema leyfi aðila komi til, að undanþiggja vitni að svara spurningum, er varða leyndarmál um kaupsýslu, uppgötvanir eða önnur slík verk, hvort sem vitnið á sjálft í hlut eða það hefur komist að vitneskju sinni í þjónustu einstaklings, fyrirtækis eða stofnunar, enda telji dómari hagsmuni aðila til leyndar ríkari en hagsmuni ákæruvaldsins um skýrslu.

Nd. 75. Frumvarp til laga [69. mál]

um breyting á lögum nr. 101 frá 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Vilmundur Gylfason, Árni Gunnarsson, Eiður Guðnason.

1. gr.

2. mgr. 12. greinar laganna orðist svo:

Í fjárlögum hvers árs skal ráð fyrir því gert, að ríkissjóður ábyrgist að tilteknu marki greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir vegna útflutnings á sauðfjárafurðum annars vegar og nautgripaafurðum hins vegar. Verðábyrgð samkvæmt framansögðu skal miðuð við hvora búgrein um sig og greiðsla gerð upp sérstaklega fyrir hvora þeirra. Á hverju verðlagsári getur slík verðábyrgð mest orðið sem nemur 8% af framleiðsluverðmæti nautgripaafurða vegna útflutnings á afurðum þeirrar búgreinar og mest 12% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða vegna útflutnings á þeim afurðum.

2. gr.

Aftan við IX. kafla laganna komi svofellt:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 12. gr. er heimilt að ríkissjóður ábyrgist greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir vegna útflutnings á sauðfjárafurðum, allt að því marki sem hér segir:

Fyrir verðlagsárið 1978/1979 allt að 20% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða.
Fyrir verðlagsárið 1979/1980 allt að 18% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða.
Fyrir verðlagsárið 1980/1981 allt að 16% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða.
Fyrir verðlagsárið 1981/1982 allt að 14% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Efnislega samhljóða frv. var flutt á síðasta þingi af Sighvati Björgvinssyni og Benedikt Gröndal, en málið hlaut þá ekki afgreiðslu. Sama greinargerð fylgir frv. nú og í fyrra, nema hvað breytingar hafa verið gerðar á tölum og talnalegum upplýsingum í samræmi við breytingar, sem orðið hafa frá því frv. var fyrst flutt.

Tilgangurinn með flutningi frv. þessa er að benda á leið út úr þeim ógöngum, sem þjóðarbúið er komið í vegna greiðslu verðábyrgðar úr ríkissjóði á útfluttar landbúnaðarafurðir (útflutningsbætur). Í þeim efnum hefur stöðugt sigið á ógæfuhliðina að undanförnu uns í algert óefni er nú komið þegar flytja getur þurft út yfir 30% af framleiðsluafurðum einnar búgreinar og greiða úr ríkissjóði í verðbætur af þeim sökum upphæðir, sem taldar eru í þúsundum milljóna króna. Í fjárlögum fyrir árið 1978 er varið 2 963 millj. kr. í þessu skyni til þess að standa undir halla af útflutningi, sem skapast vegna offramleiðslu, einkum og sér í lagi á kindakjöti, en einnig að talsverðu marki á mjólkurafurðum. Líklegt er, að sú áætlun um fjárþörf sé vanreiknuð um yfir 500 millj. kr. Þegar litið er til þess, hversu mikil aukning hefur orðið á greiðslu útflutningsuppbóta á allra síðustu árum, ekki aðeins í krónum, heldur ekki síður í raunverulegum verðmætum, sbr. töflu II, er auðséð, að við svo búið verður ekki staðið. Ber því brýna nauðsyn til að því kerfi, sem slík verðábyrgðargreiðsla úr ríkissjóði er byggð á, verði breytt, enda kom engum til hugar, þegar það kerfi var sett á með bráðabirgðalögum frá 15. desember 1959, að afleiðingarnar gætu orðið neitt í námunda við það sem orðið hefur.

Flm. er ljóst, að þótt brýna nauðsyn beri til að breyta til og það verðábyrgðarkerfi vegna útflutnings á landbúnaðarafurðum, sem í gildi hefur verið s. l. 19 ár, hafi gersamlega gengið sér til húðar, þá fylgir því mikill vandi að breyta um. Á því er ekki nokkur vafi, að verðábyrgðarkerfið hefur beinlínis ásamt með öðru stuðlað að mjög óæskilegum framleiðsluháttum í íslenskum landbúnaði, þannig að framleiðsla fyrir innanlandsmarkað með eðlilegum og óhjákvæmilegum sveiflum milli ára sökum árferðis og markaðsaðstæðna hefur ekki reynst það markmið framleiðslunnar, sem eðlilegt og sjálfsagt er. Þess í stað hefur verið stofnað til mikillar offramleiðslu á ákveðnu sviði landbúnaðarframleiðslunnar í skjóli þess að ríkissjóður tryggði framleiðendum lágmarksverð fyrir framleiðsluna, þótt mjög verulegan hluta hennar yrði að flytja úr landi fyrir miklum mun lægra verð en íslenskum neytendum er ætlað að greiða. Þannig hefur verið horfið frá því markmiði landbúnaðarframleiðslunnar, sem var fyrir gildistöku ákvæðanna um verðábyrgð ríkissjóðs frá 1959, að framleiðsla landbúnaðarafurða taki mið af þörfum innanlandsmarkaðarins, og hefur framkvæmd verðábyrgðarinnar án efa átt stóran hlut að því máli. Enda þótt nú sé fyrir allnokkru orðið ljóst, að við svo búið verður ekki staðið, þá er engu að síður ýmsum erfiðleikum

bundið að hverfa frá þeirri stefnu í útflutningsbótamálunum, sem svo rík áhrif hefur haft á framleiðslustefnu í landbúnaði á s. l. 19 árum. Til dæmis er ljóst, að ef snúið yrði við blaðinu í einu vetfangi og breytt um kerfi verðábyrgðar ríkissjóðs vegna útflutnings landbúnaðarafurða þannig að útflutningsbætur lækkuðu mjög í einni svipan, þá mundi það hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir bændur. Viðbrigðin yrðu svo mikil og snögg, að jafnvel enn alvarlegri vandi mundi skapast í landbúnaðarmálunum — sá vandi, að ekki yrði með nokkru móti unnt að losna við verulegan hluta af framleiðslu búvara, einkum sauðfjárafurða, sem yrði að sjálfsögðu óskaplegt áfall fyrir íslenska bændastétt, er án efa mundi ríða búskap margra bænda að fullu. Einmitt vegna þess, hversu lengi menn hafa látið viðvaranir Alþýðuflokksins um hvert stefndi í landbúnaðarmálunum með óbreyttu útflutningsbótakerfi sem vind um eyru þjóta, er nú komið út í þær ógöngur, sem raun ber vitni, þar sem ekki verður snúið á rétta braut nema með mikilli varúð og á talsverðum tíma.

Með frumvarpi þessu er bent á færa leið með breytingum á núverandi kerfi verðábyrgðar (útflutningsbóta) sem er í senn varfærnisleg og tekin í áföngum á talsvert löngum tíma. Af ummælum ýmissa þingmanna má ætla, að skilningur hafi nú loks skapast á þeim vanda, sem við er að etja, og vilji sé fyrir skynsamlegum úrbótum.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er þess m. a. getið, að stefnan í landbúnaðarmálum verði tekin til endurskoðunar. Í því sambandi er m. a. stefnt að því, að framleiðslustefnan taki fyrst og fremst mið af innanlandsþörfum og dregið verði úr óhagkvæmri umframframleiðslu á landbúnaðarafurðum.

Flm. þykir bæði sjálfsagt og eðlilegt, að útflutningsbótakerfið komi sérstaklega til skoðunar við þá endurskoðun stefnu í landbúnaðarmálum, sem hafin er að frumkvæði stjórnvalda. Einkum og sér í lagi telja flm. nauðsynlegt að endurskoða viðmiðun bótanna — þær fjárhæðir, sem upphæðir bótanna ráðast af. Í frv. þessu eru lagðar til nýjar viðmiðunarreglur, sem flm. líta á sem skref í átt til magnviðmiðunar. Þykir flm. eðlilegt að þessi þáttur í landbúnaðarstefnunni — ákvörðun útflutningsbóta — komi til ákvörðunar og afgreiðslu samhliða þeirri endurskoðun, sem fram undan er á stefnunni í heild, og leggja til þá lausn, sem frv. gerir ráð fyrir.

Núverandi skipan verðábyrgðar.

Núverandi skipan verðábyrgðar vegna útflutnings landbúnaðarafurða (útflutningsbóta) var upp tekin með bráðabirgðalögum frá 15. desember 1959, en bráðabirgðalög þessi voru í formi viðauka við lög nr. 94 frá 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl. Bráðabirgðalögin voru staðfest á Alþingi með nokkurri formbreytingu, en efnislega óbreytt þá um veturinn.

Tildrög þessarar lagasetningar voru þau, að fulltrúar neytenda og framleiðenda höfðu ekki komið sér saman um nýjan verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða þá um haustið, m. a. vegna þess að í þágildandi lögum voru ákvæði um að heimilt væri að hækka útsöluverð á landbúnaðarafurðum innanlands til þess að bæta upp halla á útfluttum vörum. Höfðu fulltrúar bænda krafist þess, að þessi heimild yrði notuð við verðákvörðunina haustið 1959, en það hafði þá aðeins örsjaldan verið gert, þar eð það sætti af eðlilegum ástæðum mikilli andstöðu, að halli vegna útfluttra landbúnaðarvara sökum meiri framleiðslu en samsvaraði innanlandsneyslu væri borinn af neytendum í formi hækkaðs útsöluverðs á búvörum innanlands. Þessari kröfu bænda svo og öðrum kröfum þeirra um hækkanir mótmæltu fulltrúar neytenda í verðlagsnefnd og hurfu úr nefndinni svo ekki reyndist unnt að verðleggja landbúnaðarvörur eins og lög stóðu til. Var þá ákveðið með bráðabirgðalögum, að verð þeirra skyldi standa óbreytt.

Fyrir tilhlutan þáverandi ríkisstjórnar tóku fulltrúar bænda og neytenda, þ. e. a. s. verkalýðshreyfingarinnar, í kjölfarið upp viðræður sín á milli um endurskoðun á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins með það að markmiði að koma sér niður á skipan verðlagsmála, sem báðir aðilar gætu við unað. Slíkt samkomulag tókst. Samdar voru breytingar á framleiðsluráðslögunum, sem ríkisstjórnin setti síðan með umræddum bráðabirgðalögum frá 15. des. 1959. Eitt atriðið í þeirri lagasetningu, sem samkomulag náðist um milli neytenda og bænda, var ný skipan á verðábyrgð vegna halla á útfluttum landbúnaðarafurðum, og hefur sú skipan staðið óbreytt síðan. Hana er að finna í 12. gr. laga um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., nú nr. 101/1966. Í 1. mgr. 12. gr. segir, að óheimilt sé að bæta upp söluverð landbúnaðarafurða á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands — sem sé lagt bann við því fyrirkomulagi, sem í lögum var fram til ársins 1959 og olli ósamkomulaginu haustið 1959 sem áður var getið. Í 2. og 3. mgr. 12. gr. eru svo ákvæðin um það, sem koma á í staðinn — verðábyrgð ríkissjóðs — og hljóða þær svo:

„Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar.

Hagstofa Íslands reiknar fjárupphæð þá, er ber að greiða framleiðendum vegna ákvæðis 2. mgr. þessarar greinar.“

Þegar hér er komið ber að hafa í huga, að fram til ársins 1959, þegar þessi ákvæði um verðbætur voru í lög leidd, hafði landbúnaðarframleiðslan ávallt tekið mið af markaðsþörf innanlands. Fram til þess tíma hafði útflutningurinn, þegar hann var allra mestur, aðeins numið 5.45% af heildarverðmæti framleiðslunnar. Er því ekki undarlegt þótt engum hafi þá til hugar komið, að það gæti gerst, að framleiðsla landbúnaðarafurða tæki slíkt stökk umfram innanlandsþarfir, að hámark verðábyrgðar yrði notað eða neitt nálægt því. Þegar um það mál var rætt á Alþingi í febrúarmánuði árið 1960 þótti þingmönnum algerlega fráleitt, að til slíks gæti komið, og því þarflaust að samþykkja breytingartillögu, sem fram kom frá einum af þingmönnum Alþýðuflokksins þess efnis, að verðábyrgðin yrði með öðrum hætti — sem sé þeim, að hún næði til mismunarins á því verði, sem fengist á erlendum markaði fyrir allt að 10% framleiðslunnar, sem út yrði flutt, og því verði, sem fengist innanlands fyrir sama magn. Sem dæmi um þessi viðhorf lét þáverandi landbúnaðarráðherra, Ingólfur Jónsson, svo um mælt í ræðu í efri deild Alþingis 11. mars 1960:

„Og nú er öllum sú staðreynd ljós, að landbúnaðarframleiðslan vex ekkert í hlutfalli við aukna notkun innanlands, ekkert í samræmi við fjölgun fólksins í landinu, og þess vegna er það rétt ... að það eru litlar líkur til þess, að útflutngsbæturnar verði þungur baggi á ríkissjóði. ...“

Þannig voru spádómarnir þá, við setningu laganna um útflutningsuppbætur. Þó liðu ekki nema rösk tvö ár — eða fram til verðlagsársins 1963/64 — þar til greiðsla verðábyrgðar úr ríkissjóði vegna útflutnings á landbúnaðarafurðum var komin í levfilegt hámark, 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar í landinu. Og þessu hámarki hefur verðábyrgðin náð í sjö önnur skipti, eða í alls 8 ár af 14 frá árinu 1963/64 til yfirstandandi árs, eins og sjá má í töflu I. Og í raungildi hafa útflutningsbæturnar einnig vaxið ár frá ári — orðið allt að 69% hærri en þær voru árið 1963—64 á sambærilegu verðlagi eins og sjá má á töflu II (verðlagsárið 1973/74). Slík áhrif hefur sú leið, sem valin var í sambandi við verðtryggingu ríkissjóðs á útflutning landbúnaðarvöru, haft á framleiðslustefnuna í landbúnaði.

Ýmislegt annað kemur auk þess til. Ýmsir — jafnvel þeir, sem áttu hlut að því samkomulagi bænda og neytenda sem gert var haustið 1959, og þeir, sem beittu sér fyrir lagasetningu í framhaldi af því — stóðu í þeirri trú, að með því væri aðeins verið að tryggja, að útflutningsuppbætur úr ríkissjóði gætu á ári hverju ávallt numið sem svaraði 10% af verðmæti hverrar útfluttrar afurðar fyrir sig — t. d. 10% af verðmæti osta, 10% af verðmæti kindakjötsframleiðslunnar o. s. frv. En eins og bókstafur laganna hljóðar er ekki um slíkt að ræða. Framkvæmdin er sú, að fyrst er áætlað heildarframleiðsluverðmæti allrar landbúnaðarframleiðslu og hlunninda, það lagt saman og síðan reiknuð 10% af þeirri upphæð, sem skv. laganna bókstaf er sú fjárhæð, sem verðábyrgð ríkissjóðs á að nema. Eins og sjá má af töflu I eru þannig ekki aðeins inni í heildarframleiðsluverðmætistölunni allar afurðir af nautgripum og sauðfé, heldur jafnframt framleiðsluverðmæti annarra afurða, en inni í þessum „öðrum afurðum" eru t. d. afurðir af hrossum, afurðir af geitum, svínum, loðdýrum og alifuglum, garð- og gróðurhúsaafurðir og tekjur af hlunnindum, svo sem af laxveiðum og sölu veiðileyfa, silungsveiðum, hrognkelsaveiðum, selveiðum, æðardúni, eggjatöku, fuglaveiðum og vegna rekatöku. Framleiðsluverðmæti allra þessara greina er reiknað út, lagt saman og síðan reiknuð 10% af heildartölunni. Sú tala, sem þá kemur út, er sem sé sú fjárhæð, sem verður það árið að koma úr ríkissjóði vegna verðábyrgðar á útfluttar landbúnaðarafurðir, sem fyrst og fremst eru kindakjöt og mjólkurvörur. Þannig verða tekjur, sem hljótast af starfsemi eins og alifuglarækt, tómata- og gúrkuframleiðslu, lax- og silungsveiðum, töku æðardúns, eggjatínslu og hirðingu rekaviðar, til þess að hækka greiðslur bóta úr ríkissjóði vegna útflutnings á lambakjöti, með þeim afleiðingum að verðtryggð offramleiðsla á þessari einu afurð getur numið 30—40% af heildarframleiðslunni. Auðvitað felur þetta ekki í sér eðlilega framleiðslustefnu með þarfir innanlandsmarkaðar og fjárhagsgetu þjóðarinnar fyrir augum. Vandinn er hins vegar sá, að við slíkt kerfi búum við Íslendingar. Sú staðreynd verður ekki umflúin, og hún hefur haft þau áhrif, að ekki verður til baka snúið nema með varúð og gætni, svo stórkostlegt tjón hljótist ekki af fyrir landbúnaðinn og þjóðarbúið í heild.

Um önnur atriði varðandi þróun mála við núgildandi kerfi útflutningsbóta vísast til taflna, sem frv. þessu fylgja.

Stefna frumvarpsins.

Eins og áður er sagt byggist frv. þetta á því meginviðhorfi, að beygt verði út af hinni röngu braut og til réttrar áttar, en þó með aðgát og varfærni, sem nauðsynleg er eins og málum er nú komið. Ef fyrr hefði verið gripið á vandanum og ráðamenn hefðu ekki daufheyrst við varnaðarorðum Alþýðuflokksmanna hefði sjálfsagt verið hægt að grípa til fljótvirkari og útgjaldaminni ráða en felast í þessu frv. En staðreyndin er sú, að í hreinar ógöngur er komið þar sem fara verður með varfærni, og í augu við þær staðreyndir verða menn að horfast.

Frumvarpið, eins og það er úr garði gert, gerir ráð fyrir því, að þær breytingar verði gerðar á 12. gr. laganna um framleiðsluráð — þeirri grein, sem fjallar um verðábyrgð ríkissjóðs vegna útfluttra landbúnaðarafurða (útflutningsbætur) — að miða ekki verðábyrgðina við samanlagt heildarverðmæti allrar landbúnaðarframleiðslunnar að hlunnindum meðtöldum, heldur aðeins við framleiðsluverðmæti þeirra aðalbúgreina tveggja — nautgriparæktar og sauðfjárræktar — sem útflutningurinn er einskorðaður við. Þannig er lagt til, að verðábyrgð ríkissjóðs nái til útflutnings á afurðum hvorrar þessarar búgreinar um sig þannig að hún megi mest verða sem svarar 8% af heildarverðmæti nautgripaafurða gagnvart útflutningi á afurðum þeirrar búgreinar og 12% af heildarverðmæti sauðfjárafurða vegna útflutnings á afurðum þeirrar búgreinar. Þannig yrðu útflutningsbæturnar gerðar upp fyrir hvora búgrein um sig og ekki leyfður flutningur verðábyrgðar milli bú-

greina, t. d. ef verðábyrgð yrði ekki að fullu notuð gagnvart útflutningi afurða annarrar búgreinarinnar, en útflutningur á afurðum hinnar yrði meira en næmi verðábyrgð hennar. Þá er eigi heldur hægt skv. frv. að flytja verðábyrgðargreiðslur milli ára frekar en nú á sér stað, þannig að verðábyrgð, sem ekki nýtist eitt árið, fellur þá niður.

Flm. er ljóst, að hér er um að ræða talsvert stórt skref í átt til eðlilegrar skipunar á þessum málum, sem m. a. mundi hafa haft það í för með sér að greiðslur vegna verðábyrgðar verðlagsárið 1976/77 mundu hafa lækkað um röskan 1 milljarð króna frá því sem nú er ef ekkert annað kæmi til. Ef slík breyting yrði gerð í einu vetfangi mundi sú ráðstöfun koma mjög harkalega við bændur — jafnvel lama að verulegu leyti sauðfjárbúskapinn í landinu. Einmitt þess vegna er lagt til í frv. að sett verði bráðabirgðaákvæði í lög um framleiðsluráð, þannig að markmiði 12. gr., eins og hún yrði ef frv. yrði samþykkt, væri náð í áföngum gagnvart þeirri búgrein — sauðfjárrækt — sem erfiðast ætti með að una þessum breytingum. Á verðlagsárinu 1977/78 mætti verðábyrgð ríkissjóðs vegna útfluttra sauðfjárafurða þannig nema allt að 20% af heildarframleiðsluverðmæti búgreinarinnar, á þar næsta verðlagsári lækkaði hámark ábyrgðarinnar niður í 18% og svo áfram koll af kolli uns hún yrði komin niður í 12% á 4 árum. Með þessu móti væri markinu náð í áföngum og yrði ekki eins tilfinnanleg breyting og ella. Að sjálfsögðu eru flm. reiðubúnir til þess að fylgja endurskoðun á áfangaskiptingunni og hlutfallstölum verðábyrgðarinnar, ef samstaða tækist um það í þinginu, enda skiptir slíkt engum sköpum, heldur hitt, sem er aðalatriði, að horfið verði til verðábyrgðarkerfis, sem hefur ekki þau óæskilegu og óeðlilegu áhrif á framleiðslustefnu í landbúnaði, sem það kerfi hefur haft, er í gildi hefur verið s. l. 19 ár.

Með sama hætti vilja flm. benda á, að í frv. felst ekki hin endanlega lausn þessara mála, heldur aðeins lausn um takmarkaðan tíma, til þess fallin að snúa af rangri braut yfir til réttari áttar. Sem framtíðarstefnu í þessum málum má t. d. benda á verðábyrgðarkerfi, sem yrði þannig hugsað, að áætlað yrði hverjar sveiflur í framleiðslumagni landbúnaðarafurða telja mætti eðlilegar með hliðsjón af árferðissveiflum og þörfum innanlandsmarkaðar, og ríkissjóður ábyrgðist síðan þann mismun, sem kynni að skapast vegna útflutnings, innan eðlilegra umframframleiðslumarka, á því verði, sem fengist fyrir útflutninginn annars vegar, og innanlandsverðinu hins vegar. Takmarkið er auðvitað það, að landbúnaðarframleiðslan sé ávallt fyrst og fremst í samræmi við innanlandsmarkaðsþarfir hvað varðar magn, gæði og fjölbreytni og ráðstafanir hins opinbera til stuðnings landbúnaði taki mið af óskum neytenda og þörfum atvinnuvegarins fyrir aukna hagræðingu, bætta hagkvæmni og aukna framleiðni ásamt með eðlilegum launakjörum bænda miðað við aðrar stéttir þjóðfélagsins fyrir þá miklu vinnu og ábyrgð, sem á þeim hvílir, en lúti ekki nær einhliða að því að auka framleiðsluna án tillits til þarfanna innanlands, fjárhagsgetu þjóðarbúsins, gjaldþols neytenda og afkomumöguleika bænda.

Tafla I.

Áætlað heildarverðmæti landbúnaðarvara verðlagsárin 1964/65—1977/78. Útflutningsbætur (verðábyrgð).

	Afurðir af nautgripum millj. kr.	Þar af mjólk millj. kr.	Afurðir af sauðfé millj. kr.	Aðrar afurðir millj. kr.	Alls verðmæti millj. kr.	Útfl.b. úr ríkissj. millj. kr.	Þar af vegna nautgr.-afurða	Þar af vegna sauðfj.-afurða	Hlutfall af heildar-verðmæti
Verðlagsár 63/64	816	773	570	214	1 600	160	90	70	10%
Verðlagsár 64/65	965	918	635	257	1 857	179	110	69	9.6%
Verðlagsár 65/66	1 062	997	794	321	2 177	218	120	98	10%
Verðlagsár 66/67	1 101	1 011	893	298	2 292	229	100	129	10%
Verðlagsár 67/68	1 233	1 130	999	326	2 558	256	78	178	10%
Verðlagsár 68/69	1 417	1 259	1 193	396	3 006	301	70	231	10%
Verðlagsár 69/70	1 606	1 431	1 270	445	3 321	332	82	260	10%
Verðlagsár 70/71	2 055	1 842	1 475	544	4 074	404	230	174	9.9%
Verðlagsár 71/72	2 420	2 212	1 614	792	4 826	379	269	110	7.9%
Verðlagsár 72/73	3 071	2 799	2 193	1 009	6 273	438	237	201	7%
Verðlagsár 73/74	4 547	4 102	3 415	1 313	9 275	927	480	447	10%
Verðlagsár 74/75	6 120	5 440	4 797	2 350	13 267	1 140	490	650	8.6%
Verðlagsár 75/76	8 022	7 155	6 956	3 020	17 998	1 658	235	1 423	9.2%
Verðlagsár 76/77	10 490	9 498	8 703	3 818	23 011	2 652	550	2 101	11.5%
Verðlagsár 77/78	16 940	15 436	13 552	5 479	39 971*	(4 956)	(1 870)	(3 086)	(13.8%)

Athugasemdir og skýringar:

1. Verðlagsár er frá 1. september ár hvert til jafnlengdar næsta árs.
2. Afurðir eru reiknaðar á verði til bænda, í flestum tilvikum eins og það hefur verið skráð í verðlagsgrundvelli, en ekki skv. raunverulegu útborgunarverði.
3. Frá því verðábyrgðargreiðslur í núverandi formi hófust (1959/60) hafa greiðslur náð hámarki (10%) alls 8 sinnum (sjá töflu), en það þýðir, að útflutningur búvara hefur 8 verðlagsár orðið það mikill, að framlag úr ríkissjóði sem nemur 10% af samanlögðu framleiðsluverðmæti landbúnaðarins hefur ekki nægt til þess að jafna „hallann" á útflutningnum.
4. Skipting bótagreiðslna á nautgripaafurðir annars vegar og sauðfjárafurðir hins vegar er ekki nákvæm í þessari töflu. Ýmsar tilfærslur á greiðslu milli ára og milli afurða valda því, að án mikilla skýringa er ekki unnt að gera nákvæma skiptingu.
5. Á árinu 1978 var veitt aukafjárveiting til umframgreiðslu vegna verðlagsársins 1976/77.
6. Ekki hefur enn verið gengið frá verðábyrgð vegna verðlagsársins 1977/78. Verðábyrgðarþörfin er miklu meiri en nemur 10% hámarkinu. Tölur innan sviga sýna áætlaðar útflutningsbætur, ef allur útflutningur verðlagsársins 1977/78 yrði bættur að fullu.
7. * merkir bráðabirgðatölu.

Tafla II.

Útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir (verðábyrgð) greiddar úr ríkissjóði 1963/1964 — 1977/78 vegnar með vísitölu framfærslukostnaðar sömu ár.

	Útflbætur úr ríkissj. millj. kr.	Framfvísit. 1. febr. ár hvert. 1. 2. '64=100	Útflbætur '64 umreikn. skv. vísitölu.	Mism. í m.kr. á raunv. greiðslum og bótum '64 umreikn. til samb. verðlags.	Mism. skv. dálk 4 í % af dálk 3 (þ. e. a. s. frávik á greiðslu bóta frá bótum '63/64 á sambæril. verðlagi)
Verðlagsár 1963/64	160	100	160	0	0
Verðlagsár 1964/65	179	110	176	+ 3	+ 1.7%
Verðlagsár 1965/66	218	120	192	+ 26	+13.5%
Verðlagsár 1966/67	229	127	203	+ 26	+12.8%
Verðlagsár 1967/68	256	143	229	+ 27	+11.8%
Verðlagsár 1968/69	301	171	274	+ 27	+ 9.9%
Verðlagsár 1969/70	332	193	309	+ 23	+ 7.4%
Verðlagsár 1970/71	404	216	346	+ 58	+16.8%
Verðlagsár 1971/72	379	222	355	+ 24	+ 6.8%
Verðlagsár 1972/73	438	258	413	+ 25	+ 6.1%
Verðlagsár 1973/74	927	343	549	+378	+68.9%
Verðlagsár 1974/75	1 140	527	843	+297	+35.2%
Verðlagsár 1975/76	1 658	717	1 147	+511	+44.6%
Verðlagsár 1976/77	2 652	965	1 544	+1 108	+71.8%
Verðlagsár 1977/78	—	1 324	2 118	—	—

Athugasemdir og skýringar:

Tafla þessi sýnir í dálki 1 útflutningsuppbætur, sem greiddar hafa verið vegna landbúnaðarafurða úr ríkissjóði á árunum 1963/64 til 1976/77. Í dálki 2 er framfærsluvísitalan sýnd eins og hún var 1. febrúar ár hvert á þessu tímabili (1964=100) og er tekið mið af framfærsluvísitölunni á miðju verðlagsári hverju sinni, sem nær frá 1. september ár hvert til jafnlengdar næsta árs. Í dálki 3 eru útflutningsbæturnar eins og þær voru verðlagsárið 1963/64 umreiknaðar á verðlagi hvers árs skv. framfærsluvísitölunni eins og hún er sýnd í næsta dálki á undan. Dálkur 4 sýnir svo mismuninn á raunverulegum greiðslum útflutningsuppbóta ár hvert og greiðslum verðlagsársins 1963/64 ef þær hefðu verið notaðar sem viðmiðun og verðtryggðar með vísitölu framfærslukostnaðar (mismunurinn, sem ávallt er pósitívur, sýnir því hversu miklu hærri fjárhæð hefur raunverulega verið greidd í útflutningsbætur úr ríkissjóði á verðlagi hvers árs en nemur bótagreiðslunum 1963/64 á sambærilegu verðlagi). Síðasti dálkurinn sýnir svo þetta frávik í % af „verðtryggðum“ útflutningsuppbótum 1963/64 hverju sinni.

Tafla III.

Samanburður á greiddum útflutningsbótum úr ríkissjóði og bótagreiðslum eins og þær hefðu verið ef ákvæði frumvarpsins um verðábyrgð hefðu verið í gildi.

	Útflutningsbætur (verðábyrgð)			Skv. ákvæðum frv. ef gilt hefðu		
	Útflbætur úr ríkissj. millj. kr.	Þar af vegna: Nautgr.-afurða	Sauðfj.-afurða	Vegna 8% áb. á nautgr. afurðir	Vegna 12% áb. á sauðf.-afurðir	Útflb. úr ríkissj. alls
Verðlagsár 1963/64	160°	90	70	65°	68°	133°
Verðlagsár 1964/65	179	110	69	77°	69	146
Verðlagsár 1965/66	218°	120	98	85°	95°	180
Verðlagsár 1966/67	229°	100	129	88°	107°	195°
Verðlagsár 1967/68	256°	78	178	78	120°	198
Verðlagsár 1968/69	301°	70	231	70	143°	213
Verðlagsár 1969/70	332°	82	250	82	152°	234
Verðlagsár 1970/71	404	230	174	164°	174	338
Verðlagsár 1971/72	379	269	110	194°	110	304
Verðlagsár 1972/73	438	237	201	237	201	438
Verðlagsár 1973/74	927°	480	447	364°	410°	774°
Verðlagsár 1974/75	1 140	490	650	490°	576°	1 066°
Verðlagsár 1975/76	1 658	235	1 423	235	834°	1 069
Verðlagsár 1976/77	2 652	550	2 101	550	1 044*°	1 594
Verðlagsár 1977/78	(4 956)	(1 870)	(3 086)	1 355°	1 625°	2 980°

Athugasemdir og skýringar:

1. ° merkir þegar hámarksverðábyrgð er náð bæði skv. því kerfi, sem gilt hefur um greiðslu útflutningsbóta, og því, sem frv. gerir ráð fyrir, ef í gildi hefði verið.
2. Að sjálfsögðu er ekki reynt að áætla í þessari töflu hvaða áhrif breytt skipan á kerfi útflutningsbóta, eins og frv. gerir ráð fyrir, kynni að hafa haft á framleiðslumagn hvorrar búgreinar um sig — t. d. í þá átt að auka framleiðslu á nautgripaafurðum vegna ónýttrar verðábyrgðar á útflutning slíkra afurða en til samdráttar í framleiðslu sauðfjárafurða vegna umframframleiðslu, sem ekki yrði verðbætt til útflutnings. Ógerningur er að spá um áhrif breytts kerfis á greiðslu verðábyrgðar (útflutningsbóta) á framleiðslumagn búgreina, en um einhver áhrif yrði að öllum líkindum að ræða.

Nd. 76. Frumvarp til laga [70. mál]

um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í Búnaðarbanka Íslands skal starfa veðdeild. Hlutverk veðdeildarinnar er:

a) Útgáfa bankavaxtabréfa.
b) Að veita lán gegn veði í fasteignum.

2. gr.

Tekjur deildarinnar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi 25 milljón krónum til ársloka 1985.
2. Framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, að fjárhæð 35 milljón krónur til ársloka 1985.
3. Vaxtatekjur.

3. gr.

Veðdeildin gefur út bankavaxtabréf er hljóða á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum bankans. Fjármálaráðherra og bankastjórn undirskrifa bankavaxtabréfin.

Bréfin skulu gefin út í flokkum og ákveður ráðherra vexti bréfanna, gjalddaga þeirra og önnur lánskjör, hvar þau skuli greiða og hvernig haga skuli auglýsingu um greiðslu þeirra.

4. gr.

Til tryggingar vaxtabréfum veðdeildarinnar er:

1. Veðskuldabréf þau, er veðdeildin fær frá lánstakendum.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna skal það gert í þeirri röð sem að ofan greinir.

5. gr.

Hlutverk deildarinnar samkv. b-lið 1. gr. er:

1. Að veita lán gegn veði í jörðum og hvers konar fasteignum, sem ætlaðar eru til framleiðslu landbúnaðarafurða eða til almenningsnota í sveitum landsins.
2. Að veita lán bæjar-, sýslu- eða sveitarfélögum eða lán tryggð með ábyrgð þeirra, enda séu lánin ætluð til jarðræktar, búrekstrar eða til einhvers fyrirtækis til almenningsheilla í sveitum.

6. gr.

Hús og önnur mannvirki skulu eigi tekin gild sem veð, nema vátryggð séu í vátryggingastofnun er bankinn tekur gilda.

7. gr.

Að jafnaði má ekki lána nema gegn 1. veðrétti og aldrei yfir 3/5 virðingarverðs fasteignar. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrétt, ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð og lánin samanlögð eru innan 3/5 virðingarverðs. Lánstíminn má aldrei vera yfir 25 ár, en nánari ákvæði um lánstíma, eftir því hverrar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

8. gr.

Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar má tiltaka í reglugerð. Má þar meðal annars ákveða að stjórn Búnaðarbankans megi tilnefna virðingarmenn. Þar má og heimila að gildandi fasteignamat komi í stað virðingar á veðinu eftir tilteknum reglum og ákvörðun bankastjórnar. Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftar, ef bankastjórnin krefst þess, sýna skilríki, er bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildinni geti verið hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda slík skilríki, eða hafi bankastjórn orðið þess vör, að veðsett eign hafi rýrnað í verði, má láta skoðun og nýja virðingu fara fram á kostnað lántakanda.

9. gr.

Nú verða eigendaskipti á fasteign, sem er veðsett veðdeildinni, og getur bankastjórn þá heimtað lánið endurgreitt að öllu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til. Vilji nýr eigandi taka að sér lánið, má það verða, ef eignarheimild hans er sönnuð og bankastjórnin samþykkir. Þegar fasteign sem veðdeildin hefur veð í, er seld, skal kaupandi tilkynna bankastjórn eigendaskiptin í síðasta lagi á næsta gjalddaga á afborgun lánsins. Heimta má allt að 1% aukagjald af veðskuldinni, er

rennur í varasjóð, ef skuldunautur veðdeildarinnar vanrækir að tilkynna bankastjórn þegar í stað, ef verulegar breytingar eru gerðar á veðsettri eign, svo að eignin rýrni við það í verði.

10. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim er hann hefur undirgengist. En verði árgjöld hans eigi greidd á réttum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur eigi vátryggðum húsum, sem að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða brjóti lánþegi annars í verulegum atriðum skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum veðdeildarinnar eða lánssamningum, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

11. gr.

Samningsbundnum afborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa vaxtabréf þess flokks, er í hlut á, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fer fram í viðurvist tveggja manna. Þá er hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa með 6 mánaða fyrirvara tölu- og bókstafsmerki bankavaxtabréfa þeirra, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Auglýsing þessi skal birt í Lögbirtingablaðinu.

12. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og skal eigi greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

13. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 9 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin gefið út handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf, með sömu upphæð og það er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. Um ógilding annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum reglum.

14. gr.

Bankavaxtabréf þau, sem innleyst hafa verið, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undireins, á þann hátt að þau með því verði ógild.

15. gr.

Vaxtamiða og vaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslum bankans.

16. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, 39. gr., eða láta leggja deildinni það út til eignar, ef þörf krefur.

17. gr.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi veðdeildarinnar.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979. Með lögum þessum er felldur úr gildi III. kafli laga nr. 115 7. nóv. 1941, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni landbúnaðarráðherra. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að III. kafli laga nr. 115 7. nóvember 1941, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, falli niður. Gert er ráð fyrir, að heimildir veðdeildarinnar til útlána verði óbreyttar, en frumvarpið felur í sér breytingar á tekjustofnum deildarinnar auk þess sem felld eru niður ákvæði sem ekki hafa lengur þýðingu, heldur snerta sögulegan aðdraganda deildarinnar.

Fjárhag veðdeildar er svo komið að í árslok 1977 var öfugur höfuðstóll 29 m.kr. Miðað við núverandi skuldbindingar deildarinnar og óbreytta tekjustofna hefur verið áætlað að í árslok 1985 yrði tapið komið í 361 m.kr., en þá hafa óhagstæðustu lán Veðdeildar verið greidd upp og frekari halli ekki fyrirsjáanlegur. Þessu til viðbótar hefur verið áætlað að greiðsluhalli deildarinnar vegna lánstímamunar tekinna og veittra lána yrði samtals 287 m.kr. á næstu 8 árum.

Í 2. grein frumvarpsins, sem felur í sér meginbreytinguna frá núgildandi lögum, er lagt til að rekstrarhallinn verði borinn af ríkissjóði og Stofnlánadeild landbúnaðarins, en hins vegar er gert ráð fyrir að Búnaðarbanki brúi lánstímamuninn með lánum til veðdeildarinnar. Í fjárlögum eru veðdeildinni ætlaðar 11.4 m.kr. og hefur sú upphæð staðið í stað s. l. þrjú ár. Í frumvarpinu er lagt til að ríkissjóður leggi fram 25 m.kr. árlega, sem yrði svipað að verðgildi og þegar núverandi fjárveiting var síðast hækkuð. Ljóst er að veðdeildin mun ekki hafa neitt fjármagn til nýrra útlána, enda er gert ráð fyrir í tillögum um breytingu á lögum Stofnlánadeildar að jarðakaupalán verði framvegis veitt úr Stofnlánadeild, eftir að tekjustofnar hennar hafa verið endurskoðaðir. Hins vegar er gert ráð fyrir að deildin geti áfram annast útgáfu bankavaxtabréfa og hafi heimild til útlána með fasteignaveði.

Þá eru í 3.—16. grein skýringar á heimildum veðdeildar og skilyrðum fyrir lánveitingum ásamt ákvæðum um skyldur lánþegans. Greinarnar eru samdar með hliðsjón af núgildandi lögum og einungis þeim ákvæðum laganna breytt sem ekki hafa þýðingu lengur.

Nd. 77. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Meiri hl. nefndarinnar mælir með að það verði samþykkt óbreytt.

Minni hl. n. mun gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins.

Alþingi, 6. nóv. 1978.

Lúðvík Jósepsson, form., frsm. Halldór E. Sigurðsson, fundaskr. Vilmundur Gylfason.

Kjartan Ólafsson. Finnur Torfi Stefánsson.

Ed. **78. Frumvarp til laga** [71. mál]

um breyting á lögum nr. 97 1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Flm.: Stefán Jónsson, Geir Gunnarsson, Oddur Ólafsson,
Hilmar Rósmundsson, Bragi Níelsson.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr töluliður:

7) að fara með stjórn Fiskeldissjóðs, sbr. VII. kafla laga þessara.

2. gr.

2. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:

að gera tillögur um árlega heildaráætlun fyrir Framkvæmdasjóð, Byggðasjóð og Fiskeldissjóð, svo og um einstakar lánveitingar úr þeim.

3. gr.

Upphaf 13. gr. laganna orðist svo:

Lánadeildin tekur við umsóknum um lán úr Framkvæmdasjóði, Byggðasjóði og Fiskeldissjóði og annast athugun þeirra.

4. gr.

2. málsgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Handbært fé Framkvæmdasjóðs, Byggðasjóðs og Fiskeldissjóðs skal geymt á sérstökum reikningi í Seðlabanka Íslands.

5. gr.

Á eftir 33. gr. laganna komi ný grein (sem verður 34. gr) í nýjum kafla (sem verður VII. kafli) með fyrirsögninni **Um Fiskeldissjóð.** Greinin orðist svo:

Fiskeldissjóður er eign ríkisins og starfar sem hluti af Framkvæmdastofnun ríkisins og lýtur sömu stjórn, sbr. 3. gr.

6. gr.

Við bætist ný grein sem verður 35. gr., svo hljóðandi:

Ríkissjóður leggur Fiskeldissjóði til 900 milljónir króna með jöfnum greiðslum á næstu fimm árum, í fyrsta sinn á árinu 1979.

7. gr.

Við bætist ný grein er verður 36. gr., svo hljóðandi:

Fiskeldissjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að taka lán til starfsemi sinnar, bæði innanlands og erlendis. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Fiskeldissjóðs. Nú tekur Fiskeldissjóður lán með gengistryggingu eða vísitölukjörum, og er þá heimilt að binda greiðslur vaxta og afborgana af endurlánum slíks lánsfjár vísitölu eða gengi á sama hátt.

8. gr.

Við bætist ný grein er verður 37. gr., svo hljóðandi:

Hlutverk Fiskeldissjóðs er að veita lán til fiskeldis, allt að 50% af stofnkostnaði, einnig að veita óafturkræf framlög til grundvallarrannsókna og tilraunastarfsemi á sviði fiskræktar.

9. gr.

Við bætist ný grein er verði 38. gr., svo hljóðandi:

Ákvæði 24. gr. ná einnig til Fiskeldissjóðs.

10. gr.

35. gr. laganna (sem verður 40. gr.) orðist svo:

Framkvæmdasjóður, Byggðasjóður, Fiskeldissjóður og sérstakir sjóðir, sem stofnuninni kann að verða falin umsjón með, greiða í sameiningu kostnað af starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar samkvæmt þeim hlutföllum, sem ríkisstjórnin ákveður.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt seint á síðasta þingi, en eigi gafst þá tími til afgreiðslu þess.

Svo sem kunnugt er hafa aðrar þjóðir, svo sem Sovétmenn, Japanir, Bretar og Norðmenn þegar byrjað fiskeldi í sjó með góðum árangri. Eru þegar tiltækar upplýsingar um niðurstöður erlendra rannsókna á þessu sviði og um árangur þar sem fiskirækt hefur verið komið upp á grundvelli þeirra. Nefna má laxeldi sem Norðmenn stunda nú í sjó með furðugóðum árangri og nota úrgang frá fiskiðjuverum til fóðrunar. Hefur nýting þessa ódýra fóðurs verið sérlega drjúg, þannig að fjögur til sex kílógrömm af fiskúrgangi nægja til framleiðslu á einu kílógrammi af laxi. Miðað við núgildandi verðlag á þessu fóðri og markaðsverð á laxi mun óhætt að fullyrða að í engri grein búskapar sé fóðurkostnaður jafnlítill og í fiskeldi, enda mun fiskúrgangurinn, sem Norðmenn nota í þessu skyni, gefa meira verð en sjálf matvaran sem fiskiðjuverin framleiða úr fiskinum.

Ljóst er að hér á landi fellur til fiskúrgangur sem nægja mundi til framleiðslu á þúsundum lesta af dýrmætum matfiski — og ef reiknað er með hagnýtingu loðnu og annars bræðslufisks í þessu skyni, þá til framleiðslu á tugþúsundum lesta af laxi. Tilraun, sem gerð hefur verið hér á landi á vegum Fiskifélags Íslands til laxeldis í sjó, bar ekki þann ávöxt sem menn gerðu sér vonir um, enda var til hennar stofnað af vanefnum í ýmsum skilningi. Nú hafa verið gerðar merkilegar tilraunir á þessu sviði af hálfu líffræðistofnunar Háskóla Íslands í samstarfi við embætti veiðimálastjóra um áhrif umhverfisþátta á vöxt og þroska laxfiska. Er þar um undirstöðurannsóknir að ræða, en fjárskortur stendur í vegi fyrir því, að þeim tilraunum verði lokið, og torveldar jafnframt uppsetningu þeirra eldisstöðva sem nauðsynlegar eru til sannprófunar á niðurstöðum tilraunanna.

Fyrrgreindar tilraunir, sem gerðar hafa verið af hálfu íslenskra líffræðinga, hafa m. a. beinst að kynblöndun laxfiska þeirra sem best sameina vaxtarhraða og saltþol tveggja tegunda, og einnig að því, hvert vera muni æskilegt hlutfall seltu og hitastigs eldisvatnsins.

Enda þótt lokaniðurstöður fyrrgreindra rannsókna liggi ekki fyrir þykja líkur benda til þess að fiskeldi með þessum hætti nái ekki fullri hagkvæmni annars staðar en þar sem hægt er að hita upp sjóinn, annaðhvort með jarðvarma eða heitu afrennslisvatni frá fiskiðjuverum, og þá jafnframt að stjórna seltustigi afrennslisvatnsins. Hins vegar hagar svo til mjög víða, að tiltækt er heitt vatn í þessu skyni. Við flest fiskiðjuverin utan jarðhitasvæðanna er bæði aðstaða til að koma upp eldisþróm og nægilegt vatn frá vélum til þess að halda honum volgum, og má nú heita að ekki vanti nema þann herslumun sem fjárveitingavaldið eitt getur látið í té, til þess að hægt sé að hefja hér fiskrækt í stórum stíl víðs vegar um landið.

Sem fyrr segir hafa tilraunir þær, sem gerðar hafa verið af sérfræðingum hérlendis, fyrst og fremst beinst að eldi lax og silungs, en líkur benda til þess að þeirra dómi að hægt sé að rækta á sama hátt í stórum stíl ýmiss konar verðmæt skeldýr og krabbadýr, og hentaði sá búskapur vel með eldi fyrrgreinds sporðfénaðar. Auk þess liggja fyrir upplýsingar um tilraunir erlendis með ræktun ýmissa verðmætra sjávarfiska, sem vel mundu henta til eldis hér á landi og þá einkum, sem að líkum

lætur, á þeim svæðum þar sem tiltækur er heitur jarðsjór. Í þessu sambandi er eðlilegt að hugleiða sérstaklega möguleika á því að nýta jarðsjó þann sem til mun falla í sambandi við fyrirhugaða sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi — og geta má þess að líkur þykja benda til þess að álíka aðstaða muni vera til fiskræktar í Öxarfirði norður, og í Vestmannaeyjum virðast einnig möguleikar til þess að fá heitan jarðsjó til slíkra nota.

Sþ. 79. Tillaga til þingsályktunar [72. mál]

um meðferð íslenskrar ullar.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Stefán Valgeirsson, Þórarinn Sigurjónsson, Alexander Stefánsson, Einar Ágústsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka eiginleika íslenskrar ullar og kanna hversu bæta megi ræktun hennar og meðferð með fjölbreyttari framleiðslu og aukin vörugæði að markmiði. Tillögur þar að lútandi verði kynntar Alþingi svo fljótt sem fært reynist.

Greinargerð.

Mikil umræða hefur orðið um nauðsyn þess að vinna innlend hráefni til meiri verðmæta en tekist hefur til þessa. Mönnum verður þá tíðræddast um þau efni, sem fáanleg eru í miklu magni, jarðefni, sjávarafla o. s. frv. En á fleira er að líta. Íslenska ullin er sérstætt hráefni sem þjóðin hefur farið höndum um frá upphafi byggðar í landinu.

Allar þjóðir telja sér hag í því að leggja alúð við iðnir, sem byggja á gróinni hefð. Það þykir og hvarvetna menningaratriði. Er þá jöfnum höndum byggt á reynslu kynslóðanna og vísindum síðari tíma og þannig leitast við að fullnýta þá möguleika, sem fyrir hendi eru hverju sinni. Athugun sú, sem till. fjallar um, gæti beinst að mörgum þáttum, t. d. rannsóknum á eiginleikum ullarinnar og hversu bæta megi ræktun hennar og fyrstu meðferð, aukinni fræðslu og verkþjálfun, hversu haga megi vinnslunni — listiðnaður, handverk og verksmiðjuframleiðsla — og sölumöguleikum mismunandi framleiðslu, svo að dæmi séu nefnd.

Með slíkum athugunum mætti segja að ríkisvaldið kæmi til móts við aðgerðir félaga og einstaklinga, svo sem vaxandi vetrarrúning sauðfjár, tilraunir til listiðnaðar og vaxandi útflutningsframleiðslu.

Hinn 28. september s. l. rituðu nokkur samtök áhugafólks um meðferð íslenskrar ullar alþingismönnum bréf um það efni. Er það prentað hér með sem fskj.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 28. september 1978.

Íslenska ullin á sér jafnlanga sögu og landsmenn. Landnámsmenn fluttu sauðfé ásamt öðru góssi sínu er flytja mátti á langskipum þá þegar landið byggðist. Í sameiningu aðlagaðist fólk og fé ókunnu harðbýlu landi, fékk af því svip og séreinkenni.

Íslenska ullin hefur verið unnin í landinu í 1100 ár, séreinkenni hennar eru vel þekkt öllum þeim sem hafa haft hana milli handa og unnið úr henni á margvíslegan og nytsaman hátt: Langt, sterkt og gljáandi tog, mjúkt og fjaðurmagnað þel. Munir unnir úr íslenskri ull sýna þessi einkenni vel. Fatnaður, ábreiður, áklæði og rekkjuvoðir, segl, sekkir, reipi, taumar og gjarðir. Á Þjóðminjasafninu má sjá ábreiður og áklæði sem eftir margra ára notkun og aldalanga geymslu sýna enn gljáa togsins, mýkt þelsins og nærri hvergi sést brostinn þráður.

Áður fyrr fóru allir þættir ullarframleiðslu og úrvinnslu fram á heimilunum. Tengslin milli ræktunar og úrvinnslu voru þannig sjálfsögð og eðlileg og menn þekktu vel ullina og hina margbreytilegu möguleika hennar, og jafnframt var ljós nauðsyn þess að búa eins vel og kostur var á að sauðkindinni og hirða ullina vel. Breyttir atvinnuhættir og verkaskipting í þjóðfélaginu hafa leitt til þess, að sambandið hefur rofnað milli þeirra, sem rækta ullina, og hinna, sem sjá um hina margvíslegu úrvinnslu. Meðferð ullarinnar á öllum stigum ræktunar og vinnslu mótast nú öðru fremur af skammtímasjónarmiðum, þar sem hver og einn meðhöndlar ullina eins og honum sýnist þægilegast. Bóndinn hefur til skamms tíma fengið óviðunandi verð fyrir ullina og ekki séð sér hag í því að leggja sérstaka alúð við ræktun og hirðingu hennar. Verksmiðjurnar sjá sér hins vegar hag í því að drýgja íslenska ull með erlendri og gervilita ullina í svokallaða sauðaliti í þeim tilgangi að auðvelda sér vinnslu og auka sölu.

Því virðist svo sem enginn framleiðandi sjái sér lengur hag í því að laða fram eiginleika íslensku ullarinnar og gera úr henni sérstaka vöru né standa vörð um þá handverkshefð, sem tengd er þessari merkilegu auðlind.

Undirrituð samtök vilja með þessu bréfi beina orðum sínum til allra þeirra, sem áhuga hafa og áhrifum geta beitt, til þess að endurskoðuð verði sú stefna sem nú ríkir í meðferð og úrvinnslu á íslenskri ull. Jafnframt hvetjum við sömu aðila til að beita sér gegn þeim hættulegu verslunarháttum sem felast í sölu á erlendri ullarblöndu sem íslenskri ull, litaðri ull sem ull í sauðalitum og síðast, en ekki síst útflutningi á íslensku bandi og lopa til úrvinnslu erlendis. Það hlýtur að liggja í augum uppi að slíkur útflutningur jafngildir dauðadómi yfir ullariðnaði þeim sem á síðari árum hefur verið stofnað til víða um landið.

Til þess að fá einhverju áorkað í þessu efni verða þeir aðilar, sem hlut eiga að máli, að vinna saman af einhug að því að finna heiðarlega og heillavænlega lausn. Með tilliti til þess leyfum við okkur að benda eftirtöldum aðilum á þau atriði sem við teljum að taka beri til athugunar:

Bændur og bændasamtök.

Til þess að fá góða ull af íslensku fé þarf að laða fram eiginleika hennar með ræktun, þá hlýtur allur aðbúnaður sauðfjár og umhirða að þurfa að vera í góðu lagi og vanda verður meðferð ullarinnar eftir rúning. Bændur hljóta sjálfir að verða að ganga ríkt eftir því, að sanngjarnt mat sé lagt á ullina, og fylgjast náið með út frá hvaða sjónarmiðum ullin er metin. Verð ullar verður að tengjast gæðum. Bændur mega ekki sætta sig við að ullarverksmiðjur greiði hirðuleysingjum og snyrtimönnum í ullarræktun sama jafnaðarverð. Bændur verða sjálfir að hnekkja þeirri fullyrðingu verksmiðjustjóra að „aðeins lítill hluti íslensku ullarinnar sé í þeim gæðaflokki að hægt sé að búa til úr henni gæðavöru“ (sbr. Þjóðviljann 7. apríl 1978).

Stjórnendur og starfsfólk í ullarverksmiðjum.

Það er viðurkennd staðreynd að í nokkur ár hefur erlend ull verið blönduð íslenskri og seld sem hrein íslensk ull. Önnur staðreynd er að band og lopi úr slíkri blöndu hefur annað útlit og eiginleika en sama vara úr hreinni íslenskri ull. Undirrituð félög telja vinsældir íslenskrar ullarframleiðslu eiga rót sína að rekja til séreinkenna íslenskrar ullar og að verksmiðjum beri að leggja aukna áherslu og alúð við að draga þau fram og hagnýta í stað þess að eyða þeim og gera um leið erlendum aðilum auðveldara um vik við eftiröpun. Það er skýlaus krafa undirritaðra til ullarverksmiðja að öll lopa- og bandframleiðsla sé greinilega merkt, svo ekki fari milli mála hvort um hreina íslenska ull og sauðaliti er að ræða eða ekki.

Þá viljum við hvetja ullarverksmiðjurnar til að auka fjölbreytni í framleiðslu á íslensku bandi fyrir hand- og listiðnað.

Stjórnendur og starfsfólk á saumastofum, prjónastofum og vefstofum.

Á fjölmörgum vinnustofum um land allt er framleiddur fatnaður til útflutnings úr bandi frá íslenskum ullarverksmiðjum. Það hlýtur að vera hagur starfsfólks sem við þessar vinnustofur vinnur, að fylgjast með því að framleiðslan sé svo vönduð sem kostur er og að frágangur, áferð og hönnun svari kröfum tísku og tíðaranda hverju sinni, að efnið, sem unnið er úr, sé vel nýtt, að varan sé rétt merkt. Það er án nokkurs vafa afar nauðsynlegt að fá framsýna og færa fatahönnuði til starfa við þessar vinnustofur.

Hand- og listíðafólk.

Þó list- og heimilisiðnaður sé ekki stundaður nú að sama skapi og með jafnmikilli fjölbreytni og fyrr á öldum, þá eru enn býsna margir og raunar vaxandi fjöldi sem fæst við slíkt, og gegnir íslenska ullin í því tilliti stóru hlutverki sem hráefni, enda engir sem þekkja betur eiginleika íslenskrar ullar en þeir sem vinna úr henni í höndum. Handprjónara, vefara og aðra, sem vinna úr íslenskri ull, hvetjum við eindregið til að standa einhuga að þeirri kröfu að íslenska ullin verði nýtt sem sérstakt hráefni í vandaða vöru og að slík vara sé rétt merkt frá ullarverksmiðjunum.

Útflutningsaðilar.

Á nokkrum árum hefur vara úr íslenskri ull aflað sér mjög aukinna vinsælda á erlendum vettvangi. Það er sannfæring undirritaðra að vinsældirnar megi rekja til einstæðra eiginleika og sérstakra náttúrulita íslensku ullarinnar og að þessi markaður verði best tryggður með því að leggja megináherslu á þessi séreinkenni. Við teljum því að útflutningsaðilum beri að leggja áherslu á útflutning á vöru úr hreinni íslenskri ull, stuðla með því að unnið verði úr allri íslenskri ull innanlands og að íslensk ull komist í hærri verðflokk á heimsmælikvarða.

Undirrituð telja viðsjárverða þá stefnu að flytja úr landi band og lopa til úrvinnslu erlendis í stórum stíl.

Alþingismenn — stjórnvöld.

Íslenskur ullariðnaður á sér langa sögu. Á seinni árum hefur hann beinst inn á nýjar brautir og margur hefur séð glitta í gull í íslenskri ull og viljað hremma í skyndi. Við undirrituð förum fram á það við stjórnvöld að þau fylgist náið með framvindu mála í ullariðnaðinum og geri nauðsynlegar ráðstafanir svo hvorki ótímabær útflutningur á óunnu eða hálfunnu hráefni valdi skorti á hráefni til innlendra fyrirtækja og einstaklinga né að önnur skammtíma gróðasjónarmið geti spillt því sem áunnist hefur.

Við teljum mjög tímabært að sett verði reglugerð um merkingu vara úr íslenskri ull og að jafnframt verði gerðar ráðstafanir til að vernda íslensk vörumerki og sérkenni íslenskrar vöru á erlendum vettvangi.

Loks teljum við brýnt að Alþingi leggi fram fé til rannsókna á eiginleikum og hæfni íslenskrar ullar með fjölbreyttari framleiðslu og aukin vörugæði að markmiði.

Við viljum eindregið hvetja þá hópa, sem við höfum hér sérstaklega beint orðum okkar að, til að bregða skjótt við og taka þessi mál til alvarlegrar íhugunar, áður en það er um seinan. Að heiðarlega og skynsamlega sé að þessum málum staðið varðar bæði sæmd og hagsmuni lands og þjóðar.

Virðingarfyllst,

Heimilisiðnaðarfélag Íslands
Gerður Hjörleifsdóttir.

Handavinnukennarafélag Íslands
Elísabet Magnúsdóttir.

Handprjónasamband Íslands
Margrét Gunnarsdóttir.

Textílfélagið
Sigurlaug Jóhannesdóttir.

Fél. ísl. vefnaðarkennara
Sigríður Halldórsdóttir.

Tóvinnu starfshópur
Áslaug Sverrisdóttir.

Nd. 80. Frumvarp til laga [73. mál]

um breyting á lögum um samvinnufélög, nr. 46 frá 13. júní 1937.

Flm.: Finnur Torfi Stefánsson, Vilmundur Gylfason, Árni Gunnarsson.

1. gr.

1. mgr. 32. gr. laganna orðist svo:

Sambandsstjórn skal kosin árlega beinni, leynilegri kosningu, sem fer fram samtímis í öllum aðildarfélögum í samvinnusambandi. Kosningarrétt og kjörgengi eiga allir félagsmenn. Eigi færri en 3 menn skulu vera í sambandsstjórn. Stjórnin boðar til fulltrúafunda og undirbýr fundarmálefni, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda, leggur fyrir aðalfund endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir næsta ár á undan, hefur umsjón með sjóðeignum, húsum, áhöldum og öðrum eignum og gætir hagsmuna sambandsins í öllum greinum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur ör þróun átt sér stað til lýðræðis í atvinnulífi hjá ýmsum þeim nágrannaþjóðum, sem mestum þroska hafa náð um lýðræðislega stjórnarhætti. Hér á landi hefur lítið áunnist í þessum efnum og eru þar mikil verk óunnin. Eitt form lýðræðis í atvinnulífi hefur þó náð mikilli útbreiðslu hérlendis og gefið góða raun, þar sem er samvinnurekstur. Það er þess vegna mikilvægt, jafnframt því sem nýjar leiðir til atvinnulýðræðis eru ruddar, að hagnýta þá möguleika, sem samvinnuhreyfingin býður upp á, og gæta þess að hún haldi lýðræðislegum einkennum sínum.

Sú löggjöf, sem nú nýtur um samvinnustarfsemi, miðast fyrst og fremst við að skipa málum í samvinnufélögunum sjálfum og að tryggja félögum þar lýðræðisleg réttindi. Hins vegar eru ákvæði laganna um samband samvinnufélaga fátækleg. Lögin draga í þessu dám af sínum tíma, þar sem umsvif samvinnuhreyfingarinnar voru þá mest hjá samvinnufélögunum sjálfum. Á þessu hefur orðið mikil breyting, þar sem umsvif Sambands íslenskra samvinnufélaga hafa aukist mjög ört og eru nú meiri en umsvif aðildarfélaganna. Samband íslenskra samvinnufélaga er nú

stórveldi í íslensku efnahagslífi, sem kemur með myndarlegum hætti inn á öll svið íslensks athafnalífs og hefur afgerandi þýðingu í efnahagslífi þjóðarinnar.

Núgildandi lög um samvinnufélög eru við þessar breyttu aðstæður mjög ófullnægjandi orðin. Skortir einkum á að almennum félagsmönnum séu tryggð nægileg áhrif á stjórn sambandsins og samstarfsfyrirtækjanna, sem þó óumdeilanlega er réttur þeirra. Skal þetta skýrt með því að taka dæmi af réttindastöðu félagsmanns í venjulegu deildaskiptu kaupfélagi. Félagsmaðurinn neytir félagsréttinda sinna á deildarfundi, þar sem kosnir eru fulltrúar til setu á aðalfundi kaupfélagsins. Á aðalfundi kaupfélagsins eru kosnir aðrir fulltrúar sem fara á aðalfund sambandsins. Á aðalfundi sambandsins er stjórn sambandsins kosin og hún ræður síðan forstjóra og framkvæmdastjóra og skipar framkvæmdastjórn. Þessir aðilar munu síðan skipa í stjórnir samstarfsfyrirtækjanna.

Það sést af þessari upptalningu, að milliliðir eru margir milli hins óbreytta félagsmanns og hinna æðstu stjórnenda og nánast ómögulegt fyrir félagsmanninn að koma fram áhrifum. Þessu er mikilvægt að breyta og er því gerð í þessu frumvarpi tillaga um að teknar verði upp beinar kosningar í stjórn sambandsins. Með því móti er komið á beinum ábyrgðartengslum milli félagsmanna og stjórnarinnar og lýðræði þar með stóraukið. Ekki þarf að óttast að þessi breyting skerði um of virkni æðstu stjórnenda sambandsins, þar sem framkvæmdastjórnin, sem langmesta þýðingu hefur um alla daglega stjórn, er eftir sem áður skipuð af stjórninni. Það hefur verið vandamál í samvinnuhreyfingunni um nokkurt skeið, svo sem í mörgum öðrum félagssamtökum, að virkni almennra félagsmanna hefur verið í lágmarki. Ekki er að efa að þessi breyting gæti, ef rétt er á haldið, bætt hér verulega úr og yrði það samvinnuhreyfingunni tvímælalaust mjög til góðs. Samvinnuhreyfingin mundi með þessum hætti hafa hreina sérstöðu meðal íslenskra stórfyrirtækja um lýðræðislega starfshætti og er það mjög við hæfi.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir að aðeins verði kveðið á um helstu grundvallaratriði um kosninguna í lögum. Það yrði síðan verkefni aðalfundar samvinnusambands að kveða nánar á um kosningareglur og framkvæmd kosninganna.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 81. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hlutinn vill samþykkja frumvarpið óbreytt, en minni hlutinn leggur til að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað orðanna „sex mánuðum eftir að þau eru staðfest“ í 1. mgr. 54. gr. komi: tólf mánuðum eftir að þau eru staðfest.

Alþingi, 6. nóv. 1978.

Ólafur G. Einarsson, frsm. Matthías Á. Mathiesen.

Sþ. 82. Fyrirspurnir. [74. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um olíuleit við Ísland.

Frá Kjartani Ólafssyni.

1. Hvaða samningar hafa verið gerðir af íslenskum stjórnvöldum varðandi olíuleit á hafsvæðum við Ísland?
2. Á hvaða lagaheimildum eru slíkir samningar reistir?
3. Hefur verið metin sú hætta, er olíuleit og olíuvinnsla gæti haft í för með sér fyrir lífríki sjávar, m. a. fyrir fiskimiðin við landið?
4. Á hvern hátt hyggjast íslensk stjórnvöld fylgjast með umræddum rannsóknum?

II. Til sjávarútvegsráðherra varðandi útgerð m/s Ísafoldar.

Frá Stefáni Jónssyni.

1. Hversu voru haldin skilyrði er sett voru af hálfu Alþingis við útgerð m/s Ísafoldar til loðnuveiða á Íslandsmiðum?
2. Hver er afstaða sjávarútvegsráðherra nú, til þess háttar veiða, framvegis af hálfu skipa frá EBE-löndunum, þegar sérfræðingar hafa við orð að takmarka veiðar þessar sökum hættu á ofveiði?

Sþ. 83. Tillaga til þingsályktunar [75. mál]

um kaup og sölu notaðra bifreiða.

Flm.: Eiður Guðnason, Vilmundur Gylfason, Árni Gunnarsson, Bragi Sigurjónsson, Bragi Níelsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir með breytingum á þar að lútandi lögum og reglugerðum til að tryggja hagsmuni almennings gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum er stunda verslun með notaðar bifreiðar.

Greinargerð.

Undanfarnar vikur hafa verið tíðar fréttir í fjölmiðum af svikum og prettum í tengslum við viðskipti með notaðar bifreiðar. Er slíkt raunar ekki nýtt af nálinni, þótt að undanförnu virðist hafa keyrt um þverbak.

Skráð ökutæki hér á landi voru um síðustu áramót rúmlega sjötíu og átta þúsund talsins. Hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins fóru í fyrra fram rúmlega átján þúsund umskráningar bifreiða, þar sem eigendaskipti áttu sér jafnframt stað. Viðskipti með notaðar bifreiðar eru sennilega einhver algengasta tegund meiri háttar lausafjárkaupa, sem eiga sér stað manna á meðal hér á landi. Sýnt er, að hinn almenni borgari nýtur ekki þeirrar verndar löggjafans, sem nauðsyn ber til, í þessum viðskiptum. Það sanna mýmörg dæmi um féflettingu fjölmargra er ganga grunlausir til viðskipta við óprúttna aðila. Brýna nauðsyn ber því til að setja fastari reglur um þessi viðskipti, þar sem almenningur á verulegra hagsmuna að gæta.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

Sþ. 84. Tillaga til þingsályktunar [76. mál]

um virðisaukaskatt í stað söluskatts og um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Árni Gunnarsson, Karl Steinar Guðnason, Bragi Níelsson, Eiður Guðnason, Finnur Torfi Stefánsson, Ágúst Einarsson, Vilmundur Gylfason, Bragi Sigurjónsson, Gunnlaugur Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða gildandi skattalög með kerfisbreytingu fyrir augum, sem afnæmi úrelta og óréttláta skattstofna, einfaldaði skattkerfið og tryggði bætt framtöl, betri skattaskil og raunhæfara skattaeftirlit. Tillögur um breytingar verði m. a. miðaðar við þessi grundvallaratriði:

1. Að í ársbyrjun 1980 leysi virðisaukaskattur söluskatt af hólmi og skal upphæð hans við það miðuð, að tekjur af honum verði jafnmiklar og af núgildandi söluskatti og tekjuskatti að frádregnum þeim tekjuskatti, sem áfram yrði greiddur af atvinnurekstri og hæstu tekjum samkvæmt síðari ákvæðum þingsályktunar þessarar. Sem undanfari þeirrar breytingar færi fram allsherjarendurskoðun á útgjaldakerfi ríkisins í því skyni að minnka tekjuþörf ríkissjóðs og auka stjórnunarsvigrúm við fjárlagagerð með því m. a. að draga úr sjálfvirkni útgjalda.
2. Að frá sama tíma verði felldur niður tekjuskattur af launatekjum nema þeim, sem ná hærri fjárhæðum en nemur tvöföldum meðaltekjum verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna á síðasta ári eftir að þær hafa verið leiðréttar samkvæmt kaupgjaldsvísitölu. Við ákvörðun á skattskyldum tekjum einstaklings af eigin atvinnurekstri skulu laun hans áætluð eins og telja má eðlilegt miðað við vinnuframlag hans í þágu fyrirtækis síns, svo og stöðu hans, og vera hliðstæð tekjum fyrir sams konar störf í atvinnurekstri eins og ráð er fyrir gert í lögum, en sérstöku eftirliti verði auk þess beitt til þess að koma í veg fyrir að fólk sé tekið á launaskrá án þess að það starfi í þágu fyrirtækisins, enda liggi þung viðurlög við slíku.
3. Hvort hjóna um sig verði sjálfstæður skattgreiðandi án tillits til þess, hvort vinna fer fram utan eða innan heimilis að hluta eða einvörðungu. Vinni annar aðilinn einungis á heimili skal hann eiga rétt til ráðstöfunar á hluta af tekjum hins og greiða útsvar af þeirri fjárhæð, en þó aldrei til hærri hluta en svarar til helmings af tekjum heimilisins. Ef það hjóna, sem annast heimilisstörf, sýnir fram á að það hafi ekki fengið til ráðstöfunar þann hluta teknanna, sem hún eða hann er talinn eiga rétt á, ber þeim, sem tekna heimilisins aflaði, að greiða allt útsvar af þeim.
4. Af atvinnurekstri, hvort sem hann er stundaður af einstaklingum, sameignarfélögum, hlutafélögum eða opinberum aðilum, skal greiddur stighækkandi tekjuskattur.
5. Reglur um afskriftir eigna skulu annars vegar við það miðaðar, að afskriftirnar svari til eðlilegrar verðmætisrýrnunar miðað við verðmæti eignar þegar afskrift fer fram og hins vegar að jafnan sé miðað við mat á upphaflegum endingartíma eignarinnar, þ. e. að kaupandi eignar afskrifi hana með sama hætti og seljanda hennar hefði borið að gera, þannig að sama eign verði aldrei afskrifuð oftar en einu sinni.
6. Reglur um heimild til þess að draga vexti af skuldum frá tekjum skulu við það miðaðar, að um hafi verið að ræða nauðsynlega lánsfjáröflun í þágu atvinnurekstrarins.
7. Hagnaður af sölu eigna verði skattlagður að svo miklu leyti sem hann á ekki rót sína að rekja til rýrnunar á verðgildi peninga.

8. Hert verði eftirlit með framtölum og skattskilum og skattsvik meðhöndluð með sama hætti og önnur fjársvikamál.
9. Jafnframt fari fram endurskoðun á lögum um tekjustofna sveitarfélaga með það fyrir augum að auka frjálsræði þeirra til þess að ákveða á hvern hátt þau afla sér tekna sinna. Þó skulu þau ekki fá heimild til þess að innheimta söluskatt né virðisaukaskatt. Í sambandi við þessa endurskoðun verði m. a. sérstaklega athugað, hvort rétt sé að sameina í einn skatt tekjuskatt til ríkisins og tekjuútsvar til sveitarfélaga þannig að hinn nýi skattur yrði lágur, en stighækkandi brúttóskattur, sem staðgreiddur yrði og skipt yrði í ákveðnu hlutfalli milli ríkis og sveitarfélaga. Þar með félli tekjuskattur einstaklinga í núverandi mynd alfarið niður og sömuleiðis tekjuútsvar í núverandi mynd.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur komið æ skýrar í ljós, að skattkerfi það, sem Íslendingar búa við, er svo ranglátt, að ekki verður við unað. Á grundvelli gildandi skattalaga þrífst mesta þjóðfélagsmisrétti, sem nú er um að ræða á Íslandi. Það er í því fólgið, að meginþungi byrða hinna beinu skatta hvílir á herðum launamanna, en hins vegar greiða þeir, sem einhvern atvinnurekstur stunda, hvort sem um er að ræða félög eða einstaklinga, sáralítinn skatt af tekjum sínum. Á síðustu árum hefur það ranglæti, sem í þessu felst, verið svo augljóst og farið svo vaxandi, að það er orðið eitt brýnasta hagsmunamál launþega, að hér verði úr bætt.

Tvær síðustu ríkisstjórnir hafa gert talsverðar breytingar á skattalögunum. En þær breytingar hafa ekki hnigið að því að gera þá kerfisbreytingu á skattheimtu ríkisins, sem nauðsynleg er til þess að koma í veg fyrir að meginþungi beinna skatta til ríkisins hvíli á herðum launamanna. Það markmið næst ekki nema með því að hverfa alveg frá innheimtu tekjuskatts í ríkissjóðs af launatekjum, öðrum en hæstu tekjum.

Þingflokkur Alþýðuflokksins hefur allar götur síðan 1973 flutt tillögur um slíka grundvallarbreytingu á skattakerfi ríkisins, og flokksþing Alþýðuflokksins hefur markað flokknum slíka stefnu. Snemma á þingi 1976—1977 flutti þingflokkurinn t. d. ýtarlega tillögu um þessi efni. Í þeirri tillögu, sem nú er flutt, er mörkuð sama stefna, en gert ráð fyrir því, að afnámi tekjuskatts af venjulegum launatekjum verði hrundið í framkvæmd samtímis því að söluskatti verði breytt í virðisaukaskatt, en það skuli eiga sér stað 1. janúar 1980. Það hefur verið yfirlýst stefna stjórnvalda á undanförnum árum að breyta söluskattinum í virðisaukaskatt, svo sem gert hefur verið í flestum nálægum löndum. Virðisaukaskattur er réttlátari en söluskattur og innheimtist miklu betur. Mikill undirbúningur hefur þegar farið fram að breytingu söluskatts í virðisaukaskatt. Virðist ástæðulaust að framkvæmdin dragist lengur en til loka næsta árs, og ætti þannig að vera nægur tími til þess að gera nauðsynlega kerfisbreytingu á tekjuskattslöggjöfinni.

Á undanförnum árum hafa tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti ekki numið nema um 10% af tekjum ríkisins. Innheimta þessa tíunda hluta ríkisteknanna er hins vegar óhemju kostnaðarsöm og veldur launamönnum geysilegri fyrirhöfn, auk ranglætisins, sem siglt hefur í kjölfar þessarar skattheimtu. En ríkissjóður þarf að sjálfsögðu að fá bættar þær tekjur, sem hann missir við þá kerfisbreytingu, sem tillagan gerir ráð fyrir. Það getur orðið á eftirfarandi hátt:

1. Útgjaldakerfi ríkisins verði endurskoðað í því skyni að koma á auknum sparnaði, en það er þegar nauðsynlegt af öðrum ástæðum.
2. Kostnaður ríkisins af innheimtu tekjuskattsins mundi stórlækka.
3. Ríkissjóður hefði áfram tekjur af tekjuskatti af atvinnurekstri og hæstu tekjum einstaklinga.
4. Breyttar reglur um afskriftir, vaxtafrádrátt og söluhagnað mundu auka tekjur ríkissjóðs.

5. Vegna afnáms tekjuskatts af venjulegum launatekjum mun verkefni skattstofanna minnka verulega, þannig að þær gætu í auknum mæli snúið sér að bættu eftirliti með framtölum þeirra, sem greiða virðisaukaskatt, tekjuskatt og eignarskatt.

6. Mestu máli skiptir þó í þessu sambandi, að öruggt er talið, að virðisaukaskattur innheimtist miklu betur en söluskattur. Í Noregi er talið, að innheimta virðisaukaskatts skili 10% meiri tekjum en innheimta söluskatts, sem á er lagður með sama hætti og gert er hér á landi, en enn skortir þó nokkuð á að virðisaukaskattur innheimtist að fullu. Tekjur af söluskatti hér á landi voru í fyrra 34 milljarðar kr. Hækkun þeirra tekna um 10—15% nemur 3.5—5 milljörðum kr. Brúttótekjur af tekjuskatti í fyrra námu 10.5 milljörðum kr., en þar af gengu 4 milljarðar til barnabóta og til afsláttar af útsvari, svo að nettótekjur af tekjuskatti námu aðeins 6.5 milljörðum kr. Hins vegar greiddi ríkissjóður til einstaklinga vegna barnabóta og til sveitarfélaga vegna útsvara rúman milljarð kr. Með því að taka virðisaukaskatt upp í stað söluskatts og gera ráð fyrir því, að hann innheimtist betur af sjálfu sér, auk þess sem gera ætti átak til þess að bæta innheimtuna, ætti virðisaukaskatturinn ekki að þurfa að hækka sem neinu næmi umfram það, sem söluskatturinn er nú, þegar það er jafnframt haft í huga, að af atvinnurekstri og hæstu tekjum yrði áfram greiddur tekjuskattur, auk þess sem kostnaður ríkisins af tekjuskattsinnheimtu mundi stórlækka, en breyttar reglur um afskriftir, vaxtafrádrátt og söluhagnað mundu skila ríkissjóði auknum tekjum.

Um þá gagngeru skattkerfisbreytingu, sem þessi tillaga fjallar um, og fjárhagshlið hennar, er almennt þetta að segja:

Álagning beinna skatta er að mörgu leyti mjög ranglát, auk þess sem hún er afar dýr í framkvæmd. Álagningarkerfið er orðið óeðlilega flókið og veitir skilyrði til margháttaðra undanbragða undan réttlátri skattgreiðslu, bæði löglegra og ólöglegra. Hlutfall tekjuskatts af tekjum launþega er orðið það hátt, að almennir launþegar eru farnir að greiða mjög verulegan hluta tekna sinna í beinan skatt af tekjunum. Samtímis verða þeir vitni þess, að fyrirtæki, sem hafa gífurleg umsvif, greiða litla eða enga tekjuskatta né útsvör vegna rekstrar síns. Þessi óhóflega skattheimta er í mörgum tilfellum orðin og verður í æ fleirum fjötur á framtakssemi einstaklinga og vinnuvilja og getur því orðið hemill á heilbrigðan og eðlilegan vöxt þjóðartekna.

Gallar mjög víðtæks og flókins tekjuskattskerfis með mjög háum skattstigum eru ekki einungis orðin vandamál á Íslandi, heldur einnig í nálægum löndum, þar sem um er að ræða víðtæka og vaxandi gagnrýni á slíka skattheimtu. Þegar vitað er, að um eða yfir helmingur viðbótartekna venjulegs launþega fer til greiðslu skatta af tekjunum, getur ekki hjá því farið, að það hafi lamandi áhrif á framtakssemi og vinnuvilja, að ekki sé talað um þýðingu þess við hvers konar kjarasamninga.

Þegar stighækkandi tekjuskattur var upphaflega lögfestur, hér og annars staðar, var hann eitt helsta tækið, sem fyrir hendi var til þess að jafna tekjur. Síðan hafa fjölmargir aðrir möguleikar komið til skjalanna til þess að ná tekjujöfnunarmarkmiðinu, fyrst og fremst almannatryggingakerfið, en einnig ókeypis eða ódýr þjónusta af hálfu hins opinbera á fjölmörgum sviðum, einkum á sviði heilbrigðis- og skólamála, enn fremur margs konar niðurgreiðsla á neysluvörum almennings og nú á síðari árum trygging lágmarkstekna og neikvæður tekjuskattur. Er óhætt að fullyrða, að álagning stighækkandi tekjuskatts hafi minni áhrif til tekjujöfnunar hér á landi en almannatryggingakerfið, ókeypis menntunarskilyrði og niðurgreiðslur. Hins vegar er tekjuskattskerfið orðið lamandi afl í þjóðfélaginu. Auk þess er það ranglátt, þar eð reynslan hefur sýnt, að fjölmargir aðilar koma sér undan að greiða þá skatta, sem þeim ber samkvæmt kerfinu, bæði með því að hagnýta heimildir laganna til frádráttar með vafasömum hætti og með beinum undandrætti tekna.

Þegar óbeinn skattur, eins og virðisaukaskattur, er greiddur, ræður skattgreiðandinn meiru um það sjálfur, hversu mikið hann greiðir, með því að ákveða, hvað og hversu mikið hann kaupir umfram nauðþurftir. Virðisaukaskattur hvetur því til sparnaðar í miklu ríkara mæli en stighækkandi tekjuskattur. Vegna þess m. a., að almennt er gert ráð fyrir því, að virðisaukaskattur skili sér mun betur í ríkissjóð en söluskattur — enda hefur sú orðið raunin á erlendis — auk þess sem innheimta hans er miklu einfaldari og ódýrari en tekjuskatts, bendir allt til þess, að hægt sé að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum án nokkurrar teljandi hækkunar á þeim óbeina skatti, sem innheimtur hefur verið sem söluskattur, en hér er lagt til að verði innheimtur sem virðisaukaskattur frá ársbyrjun 1980.

Eins og fram kom í upphafi greinargerðarinnar hefur þingflokkur Alþýðuflokksins í framhaldi af stefnumörkun Alþýðuflokksins í skattamálum flutt ítrekað á Alþingi undanfarin 7 ár tillögur um skattalagabreytingar eins og þær, sem þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir. Tillögur þessar hafa ekki fengist samþykktar, en engu að síður hafa þær haft mjög mikil áhrif á umræðu um stefnu í skattamálum. Við síðustu endurskoðun skattalaga var t. d. nokkurt tillit tekið til sumra þátta í stefnumörkun Alþýðuflokksins, en þó aðeins að nokkru leyti. Miklu meiri áhrif hafa tillögur Alþýðuflokksins hins vegar haft á alla skattamálaumræðu á almennum vettvangi og stöðugt fleiri málsmetandi menn úr öllum flokkum og utan flokka hafa snúist til liðs við sjónarmið Alþýðuflokksins í skattamálum.

Eins og fram kemur í samstarfsyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er gert ráð fyrir því, að samstarfsyfirlýsingin verði endurskoðuð þegar á árinu 1979. Eitt af meginatriðunum í þeirri endurskoðun þarf að áliti Alþýðuflokksins að vera gagnger uppskurður á skattakerfinu með þá skattkerfisbreytingu að leiðarljósi, sem ráð er fyrir gert í þingsályktunartillögu þessari.

Sþ. 85. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um aukna leit að djúpsjávarrækju fyrir Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi.

Flm.: Lárus Jónsson, Matthías Bjarnason, Pálmi Jónsson, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að auka skipulega leit að djúpsjávarrækju, einkum úti fyrir Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi, og hafa í því sambandi samráð við þá útgerðarmenn og sjómenn sem reynslu hafa af veiðum á rækju á djúpmiðum.

Greinargerð.

Árið 1969 fundust rækjumið við Grímsey og Kolbeinsey, þau fyrstu sem nefna má djúprækjumið. Fram til 1976 var oft leitað rækju á djúpslóð, en sú leit var ónóg með öllu og ekki nægilega samfelld. Á árinu 1976 var gert verulegt átak í þessu efni fyrir forgöngu Matthíasar Bjarnasonar fyrrv. sjávarútvegsráðherra. Farnir voru nokkrir leitarleiðangrar og keyptar voru m. a. frá Færeyjum sérstakar rækjuvörpur hliðstæðar þeim, sem Færeyingar hafa notað við Vestur-Grænland með góðum árangri, en þeir hafa veitt þar þúsundir tonna undanfarin ár af stórri úthafsrækju sem selst á ótrúlega háu verði. Láta mun nærri, ef tekið er mið af nýlegri reynslu hér á landi, að stór úthafsrækja, 70—90 stk. í kg, seljist á nálægt 75% hærra verði en ef stykkjatalan er 120—150 og 50% hærra verði en ef stykkjatalan er 90—120 í kg.

Árangurinn af aukinni rækjuleit árin 1976 og 1977 varð umtalsverður einkum fundust mið á Dohrnbanka og flákanum norðan hans, en þar veiðist nú stærsta

rækja sem veiðst hefur við Ísland, allt niður í 50 stk. í kg. Djúprækjumið, sem nú eru nýtt, eru orðin fimm: Dohrnbanki, Norðurkantur, Kolbeinseyjar- og Grímseyjarsvæði og Eyjarfjarðaráll.

Ástæða er til að ætla að víða umhverfis land, einkum úti fyrir Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi, sé að finna djúprækjumið. Sú litla reynsla, sem við Íslendingar höfum á sviði djúprækjuveiða, bendir ótvírætt til að þar sé um að ræða ónýtta auðlind sem getur gefið ótrúlega mikinn afrakstur auk þess sem aukin áhersla á djúprækjuveiðar gæti dregið úr sókn í ofnýtta fiskstofna. Flm. þessarar tillögu vilja vekja athygli á þessu og hvetja til þess, að skipuleg leit að djúprækju verði verulega aukin.

Í tímaritinu Ægi 10. okt. 1978 er gerð athyglisverð úttekt á veiðimöguleikum rækju á djúpslóð. Þar rita greinar um þetta efni Ingvar Hallgrímsson og Sólmundur T. Einarsson fiskifræðingar og Birgir Hermannsson fulltrúi hjá Fiskifélagi Íslands um útgerð rækjutogara. Greinar þessar birtast hér með sem fskj. til upplýsinga með góðfúslegu samþykki höfunda.

Fylgiskjal I.

Ingvar Hallgrímsson og
Sólmundur T. Einarsson:

Rækjuleit og rækjuveiðar á djúpslóð.

Rækjuveiðar hófust fyrst í innanverðum Oslófirði skömmu eftir síðustu aldamót, en hér við land hóf Simon Olsen skipstjóri á Ísafirði fyrstur manna rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi árið 1934. Síðan hafa rækjuveiðar innfjarða aukist til stórra muna, eins og þekkt er, en það er fyrst árið 1972 að gerð er alvarleg tilraun til úthafsveiða á rækju hér við land. Var það Snorri Snorrason skipstjóri á Dalvík, sem veiðarnar hóf á 26 rúmlesta báti, m/b Arnari. Er um merkilegan kafla að ræða í fiskveiðisögu Íslendinga, sem ekki verður nánar rakinn hér, en telja má þá Simon Olsen og Snorra Snorrason frumkvöðla rækjuveiða við Ísland, bæði innfjarða og á djúpslóð.

Hér á eftir verða raktir helstu þættir í rækjuleit á djúpslóð við Ísland, aðallega þó um rækjuleit úti af Norðurlandi, þar sem árangur hefur verið bestur fram til þessa og úthafsveiðar á rækju helst stundaðar.

Skipuleg rækjuleit á djúpslóð norðanlands hófst fyrst árið 1962, en leitað var í Eyjafjarðarál í mars það ár. Engin rækjumið fundust. Árið 1963 var ekki leitað, en í september 1964 var leitað í Eyjafjarðarál og Haganesdjúpi. Skástur varð þá árangur í Eyjafjarðarál. Árið 1965 féll leit niður, en í mars 1966 er leitað í Húnaflóaál, og fundust þar mið, sem gáfu af sér rúm 50 kg á togtíma af stórri rækju á nokkrum stöðum. Í þessari rækjuleit og fram að henni var notuð lítil rækjuvarpa. Eftir þetta var notuð stærri rækjuvarpa sem er um tvisvar sinnum veiðnari en sú litla.

Í maí 1967 var enn leitað við Norðurland á svæðinu frá Skagafirði til Axarfjarðar. Engin góð rækjumið fundust í þessari leit.

Árið 1969 er fyrst leitað á djúpslóð í júní og júlí og síðan í ágúst. Í þessari leit fundust ekki ný mið. Á sama ári var enn leitað í nóvember og desember. Þá fannst allgott rækjusvæði við Kolbeinsey og annað við Grímsey. Afli var mestur um 167 kg á togtíma. Ári síðar hófust veiðar á Grímseyjarsvæðinu. Rækjan var stór en afli yfirleitt tregur.

Árið 1970 hófst leit á djúpslóð norðanlands í febrúar og var einnig leitað í júlí og ágúst. Ekki fundust nein ný mið. Loks var leitað fyrir Norðurlandi í október—nóvember og m. a. gerð tilraun með hlera er hentuðu betur eðjubotni. Í þetta sinn fengust allt að 300 kg á togtíma á Grímseyjarmiðum.

Í ágúst 1971 var gerð könnun á rækjumiðunum við Grímsey og Kolbeinsey. Í maí—júní var leitað frá Drangál austur að Grímsey. Rækju varð vart alls staðar nema í Drangál. Í Reykjafjarðarál fengust allt upp í 80 kg á togtíma.

Árið 1972 var leitað í ágúst—september við og í Reykjafjarðarál án teljandi árangurs.

Í apríl 1973 var leitað á utanverðum Húnaflóa og í Reykjafjarðarál en aðeins óverulegt magn af rækju fékkst. Í október var leitað fyrir Norðurlandi án markverðs árangurs.

Í október 1974 var leitað að rækju í Skagafjarðardjúpi og Haganesdjúpi án árangurs.

Árið 1975 var leitað í apríl á eftirtöldum stöðum án árangurs: við Mánáreyjar, vestur af Grímsey og á Skagafirði. Í júní var leitað víða og var árangur skástur úti af Eyjafirði og Siglunesi eða 50—60 kg á togtíma. Í september var enn leitað úti fyrir Skjálfanda, Eyjafirði og Haganesdjúpi án árangurs.

Eins og hér hefur komið fram, bar rækjuleitin árið 1969 þann árangur, að mið fundust við Grímsey og Kolbeinsey. Fram til 1976 var rækjuleitin þó ekki nægilega samfelld, mest var um að skotist væri í rækjuleit, er tækifæri gafst frá öðrum verkum rannsóknaskipanna. Með hliðsjón af þessu var þó næstum undravert, hve víða hafði verið leitað, þótt verulegur árangur næðist aðeins á tveim fyrrgreindum svæðum.

Á árinu 1976 verður sú breyting þessara mála, að sjávarútvegsráðuneytið fær umráð yfir allmiklu fjármagni, sem m. a. skyldi notast til að skjóta fleiri stoðum undir íslenskar fiskveiðar. Rækjuleit á djúpslóð naut mjög góðs af þessu, og urðu mikil umsvif á sviði rækjuleitar á því ári. Keyptar voru m. a. frá Færeyjum sérstakar rækjuvörpur af þeirri gerð, sem færeysk skip nota við rækjuveiðar við Vestur-Grænland, og voru þær m. a. notaðar í rækjuleitinni.

Síðsumars 1976 kannaði rannsóknaskip talsvert svæði úti af Skagafirði og innarlega í Húnaflóaál, en árangur varð lítill. Sjávarútvegsráðuneytið leigði 4 skip til leitar sem stóð yfir frá júní til október. Ráðlegt þótti að leita út frá þeim rækjumiðum er Hafrannsóknastofnunin hafði þegar fundið. Rækja fannst nú á allstórum svæðum, eða í Skjálfandadjúpi, Eyjafjarðarál, Kolbeinseyjarsvæði, Haganesdjúpi, Húnaflóaál (utar en áður), Reykjafjarðarál, Sporðagrunni og Norðurkanti (svæði um 60 sjómílur norður af Horni). Fyrir utan Kolbeinseyjarsvæðið, sem telja má hefðbundin rækjumið, fékkst mjög góður afli á tveimur svæðum, þ. e. Húnaflóaál 148—247 kg á togtíma og í Norðurkanti 125—154 kg á togtíma. Á hinum svæðunum var afli minni eða 60—127 kg á togtíma. Auk þeirra svæða, sem hér hafa verið nefnd, var leitað bæði vestan- og austanlands. Hin fjögur leiguskip ráðuneytisins fengu þokkalegan afla á ýmsum svæðum. Hins vegar var ekki um beina leit að ræða, heldur jafnframt tilraunaveiðar, þannig að veitt var langtímum saman á þeim slóðum þar sem rækjuaflinn var mestur. Þetta fyrirkomulag gaf að vísu nokkrar upplýsingar um tímabundið veiðiþol svæðanna, en hamlaði vitaskuld leitinni sjálfri. Varð hún því ekki eins yfirgripsmikil og ella hefði orðið.

Árið 1977 naut rækjuleitin einnig góðs af því fjármagni, sem sjávarútvegsráðuneytið hafði til umráða og fyrr er getið. Farnir voru þrír leiðangrar til rækjuleitar á úthafinu og m. a. leitað úti af Austfjörðum, en þar fannst ekki rækja í veiðanlegu magni. Í upphafi hamlaði ís töluvert, sérstaklega á Norður-kantssvæðinu. Horfið var frá því að binda leitina við veiðar eins og áður var. Aðallega var leitað frá svæðinu norðvestur af friðaða hólfinu. Norðurkanti, svæði norður og austur af Kolbeinsey allt austur undir Bakkaflóadjúp. Leitarsvæðið markaðist af dýptarlínum 133—305 fm dýpi. Svæði norður af Sporðagrunni og Húnaflóaál var einnig kannað. Rækju í veiðanlegu magni var stundum að finna og komst þá allt upp í 243 kg á togtíma.

Á þessu ári hefur verið farinn einn leiðangur til rækjuleitar á djúpslóð á vegum sjávarútvegsráðuneytisins, og annar verður væntanlega farinn í haust. Því miður tókst ekki að fá neitt rannsóknaskip til leitarinnar þrátt fyrir ítrekaðar til-

raunir. Leiðangurinn var farinn á m/s Dalborgu, sem er eina skip Íslendinga, sem sérstaklega er gert fyrir rækjuveiðar. Skipstjóri var Snorri Snorrason, en með í leiðangurinn var ráðinn Logi Jóhannsson, stýrimaður, en hann var nákunnugur rækjuveiðum Færeyinga við Vestur-Grænland. Nutum við mjög þekkingar hans, en Logi lést stuttu eftir að leiðangrinum lauk, langt um aldur fram. Leiðangursstjórar voru greinarhöfundar. Leit þessi stóð í einn mánuð, og var leitað djúpt og grunnt á landgrunnsköntunum frá Jökuldjúpi norður um að Seyðisfjarðardjúpi. Einnig var leitað utan kantanna bæði vestan- og norðurlands, t. d. á Dohrnbanka og flákanum norðan hans, sem Danir nefna Strede Bank. Eins var leitað langt norður í hafi á svæðum, sem virtust líkleg eftir sjókortum, en sú athugun reyndist árangurslaus, enda sjókort af þessum svæðum víða villandi og beinlínis röng. Meginárangur þessa leiðangurs var sá, að í ljós kom, að á Dohrnbanka og Strede Bank var stór og góð rækja í veiðanlegu magni. Á þessu svæði hafði áður orðið vart rækju í fiskivörpu, en að öðru leyti var svæðið óþekkt sem rækjumið. Seinni reynsla hefur og staðfest, að hér er um allgóð rækjumið að ræða.


Í stuttu máli má segja, að þau djúprækjumið, sem nú eru nýtt, séu þessi: Dohrnbanki og flákinn norðan hans, Norðurkantur, Kolbeinseyjarsvæðið, Grímseyjarsvæðið og Eyjafjarðaráll. Öll þessi mið — að undanskildu því síðastnefnda — hafa fundist í leiðöngrum Hafrannsóknastofnunarinnar eða á skipum, sem leigð hafa verið að tilhlutan sjávarútvegsráðuneytisins, og verður því vart annað sagt en að heildarárangur rækjuleitar á djúpslóð hafi verið viðunandi. Þessa leit þyrfti almennt að auka og sérstaklega þyrfti hún að vera samfelldari en verið hefur, þar sem oft verða úrtök vegna veðurs og nýtast þá stuttir leiðangrar verr en skyldi.

Eins og áður kemur fram fundust rækjumiðin við Grímsey og Kolbeinsey árið 1969 (r/s Hafþór). Það var þó fyrst haustið 1972, sem veiðar hófust á svæðinu, en þá gerði Snorri Snorrason (m/b Arnar) tilraun til rækjuveiða á þessum svæðum. Tilraun þessi gaf ekki góð raun, m. a. vegna þess, hve báturinn var lítill til úthafsveiða (26 lestir). Lét Snorri skipstjóri smíða stærri bát, m/b Sæþór, sem er 50 lestir, og hóf úthafsveiðar á honum haustið 1974. Má því með fullum rétti segja, að Snorri skipstjóri sé frumkvöðull úthafsveiða á rækju hér við land.

Eins og fyrr greinir hóf Snorri veiðarnar í september 1974, og má kalla, að hann hafi einn stundað úthafsmiðin það ár. Mánuðina september-desember 1974 veiddi hann röskar 70 lestir og fékk að jafnaði 172 kg af rækju í klukkustundar togi. Heildarrækjuaflinn það ár á djúpmiðum norðanlands var um 74 lestir.

Þessi árangur af brautryðjandastarfi Snorra varð til þess, að á næsta ári, 1975, sóttu 10 bátar um rækjuveiðileyfi á úthafssvæðum norðanlands, og stunduðu þar veiðar, sumir reyndar aðeins skamma hríð. Þetta ár nam heildarafli af svæðinu um 570 lestum, eða nær áttföldum afla fyrra árs. Þar af veiddi Snorri Snorrason um 259 lestir á bát sínum, Sæþóri. Framan af ári 1975 óx afli á togtíma og náði hámarki í febrúar, en þann mánuð var meðalafli Sæþórs um 244 kg á togtíma.

Á árinu 1975 veiddi Sæþór þannig um 45% alls heildaraflans á úthafsveiðisvæðinu. Þessi afli fékkst á 1600 togtímum, eða að jafnaði um 162 kg á klukkustund yfir árið. Heildarrækjuaflinn af úthafssvæðinu norðanlands nam á þessu ári um 11.5% af heildarrækjuveiðinni á árinu. Að jafnaði reyndist best veiði við Kolbeinsey, um 124 kg á togtíma, á móti 102 kg á togtíma við Grímsey.


A
V
N
S
RÆKJULEITARSVÆÐI 1975
HEFÐBUNDIN RÆKJUMIÐ 1975

Eftirfarandi tafla sýnir rækjuaflann á árinu 1975 eftir veiðisvæðum:

	Lestir	% heildar-ársaflans
Breiðafjörður	300	6.0%
Arnarfjörður	400	8.0%
Ísafjarðardjúp	1 704	34.3%
Húnaflói	1 400	28.1%
Djúpmið norðanlands	470	11.5%
Axarfjörður	535	10.8%
Berufjörður	63	1.3%

Árið 1976 fá 9 bátar leyfi til úthafsveiðanna norðanlands, en ekki stunduðu allir þeirra veiðar í umtalsverðum mæli. Að jafnaði reyndist afli á togtíma um 155 kg, en heildarrækjuaflinn af svæðinu minnkaði í 315 lestir.

Við leit og tilraunaveiðar þær, sem fram fóru á norðurlandsmiðum sumarið 1976 og fyrr er greint frá, reyndist meðalafli á togtíma vera um 246 kg á Kolbeinseyjarmiðum, um 163 kg í Húnaflóaál og um 154 kg á Norðurkanti úti af Vestfjörðum. Til samanburðar við þetta aflamagn má nefna, að í Ísafjarðardjúpi er aflinn til jafnaðar um 149 kg á klukkustund, í Húnaflóa um 300 kg á klukkustund og í Arnarfirði um 65 kg á klukkustund.

Árið 1977 fá 13 bátar leyfi til úthafsveiða á rækju. Ís hamlaði veiðum í upphafi, en veiðin glæddist heldur er leið á sumarið. Heildarveiðin varð um 480 lestir (þ. e. 37 lestir á bát árið áður). Afli á togtíma var að jafnaði um 100 kg, og var það miklu minna en fyrra árið.

Á þessu sumri hafa um 30 bátum verið heimilaðar rækjuveiðar á djúpslóð norðanlands, en 26 stundað veiðarnar. Einkennandi hefur verið, hve lítið hefur verið um rækju á Norðurkanti, sem og að rækjan hefur verið smærri en búist var við, sérstaklega á Grímseyjarmiðum. Veiðar gengu allskrykkjótt í upphafi, en glæddust er á leið. Talsverð veiði varð í Eyjafjarðarál, en þar hefur ekki verið veitt áður að neinu ráði. Aðalveiðisvæðið var nú á utanverðu Sporðagrunni.

Það er eftirtektarvert, að flestir þeir bátar, sem þessar veiðar stunda, eru sömu bátarnir og stunda rækjuveiðar innfjarða að vetrarlagi. Reynslan hefur þannig ótvírætt sýnt, að þessir litlu bátar geta stundað rækjuveiðar á djúpslóð að sumri til.

Eitt skip, m/s Dalborg, hefur stundað rækjuveiðar á Dohrnbanka og Strede Bank síðan í júní. Mánuðina júní og júlí hefur meðalafli skipsins verið 191 kg á togtíma.

Rækja á djúpslóð norðanlands hefur yfirleitt verið talsvert stærri en rækja innfjarða, þótt sá munur hafi verið minni í sumar en áður.

Á m/b Langanesi frá Þórshöfn, sem stundar úthafsveiðar á rækju norðanlands, er flokkunarvél, er flokkar rækju í 4 stærðarflokka. Sumarið 1976 var gerð athugun á flokkun þessari. Alls voru flokkuð 433 kg, 45—100 kg í einu. Útkoman varð sú, að 134 kg (31%) fóru í stærsta flokkinn með 98—120 stk/kg; 190 kg (43.9%) fóru í næststærsta flokkinn með 144—182 stk/kg; 85 kg (19.6%) fóru í þriðja stærsta flokkinn með 214—250 stk/kg; 15 kg (3.5%) fóru í smæsta flokk með 272—364 stk/kg og 9 kg (2%) fóru í úrkast.

Á m/s Dalborgu eru einnig flokkunarvélar en stærðarflokkarnir eru aðrir. Í leit þeirri, sem farin var á skipinu í sumar, fékkst meginhluti aflans á Dohrnbanka og norður af honum. Af heildaraflanum, sem var 7304 kg, voru 4464 kg flutt hrá í land til vinnslu þar. Hinn hlutinn, 2840 kg, var flokkaður og soðinn beint til útflutnings. Sá hluti flokkaðist þannig, að 1670 kg (59%) fóru í stærðarflokk með 70—120 stk/kg; 935 kg (33%) fóru í stærðarflokk með 120—150 stk/kg. Í næstu tveim veiðiferðum var skipið eingöngu á Dohrnbanka og þar í grennd. Flokkuð voru samtals 85 545 kg, er flokkuðust þannig: 78 245 kg (91%) fóru í stærðarflokk með 70—90 stk/kg; 1600 kg (2%) fóru í stærðarflokk með 90—120 stk/kg;

og 5700 kg (7%) fóru í stærðarflokk með 120—150 stk/kg. Rækjan á Dohrnbanka og þar í grennd er þannig mun stærri en sú rækja, sem veiðist á djúpslóð norðanlands.

Eins og fram hefur komið hér að framan, er reynsla Íslendinga af úthafsrækjuveiðum frekar lítil enn sem komið er, og lætur því að líkum, að erfitt er að hafa rökstudda skoðun á framtíðarhorfum. Þó hefur komið í ljós, að rækju má veiða á úthafsmiðum norðanlands mestallt árið, þ. e. a. s. að rækja virðist vera tiltölulega stöðug á veiðisvæðunum. Vafalaust hefur smæð báta dregið mjög úr sókn að vetrarlagi. T. d. tókst aðeins að veiða 7.5 lestir af rækju á Grímseyjarmiðum í desember 1975, ekki vegna skorts á rækju, heldur vegna veðurs. Einnig hefur komið í ljós, eins og vænta mátti, að rækja á þessu úthafssvæði er almennt nokkuð stór eftir því sem gerist hér við land. Þær tilraunaveiðar, sem farið hafa fram á vegum sjávarútvegsráðuneytisins á djúpslóð, sýna ljóslega, að fleiri veiðisvæði er um að ræða en þau, sem nú eru nýtt. Með tilkomu stærri skipa en þeirra, sem nú stunda þessar veiðar, er ástæða til að ætla, að rækjuveiðar á djúpslóð við Ísland muni í framtíðinni auka á fjölbreytni í íslenskum sjávarútvegi.

Fylgiskjal II.

Birgir Hermannsson.

Er rekstrargrundvöllur fyrir nýtísku rækjutogara á Íslandi í dag?

Ógerlegt er að svara þeirri spurningu sem í fyrirsögninni liggur viðhlítandi og afdráttarlaust, til þess eru of margir veigamiklir þættir varðandi djúprækjuveiðar hér á landi óþekktir. Meðan svo er verður t. d. að taka öllum tölum um hugsanlegan afla með fyrirvara, en aðeins einn lítill rækjutogari, „Dalborg" EA, sem kom á miðju síðasta ári og er 278 rúmlestir að stærð, hefur verið að djúprækjuveiðum auk smábáta. Aftur á móti hefur enn sem komið er enginn stór úthafsrækjutogari, búinn nýtísku tækjum og veiðarfærum, reynt sig við djúprækju á Íslandsmiðum, þó ótrúlegt sé.

Óstöðugt verðlag og síbreytilegar stefnur í efnahagsmálum okkar gera einnig allar framtíðarspár og útreikninga mjög ónákvæma ef ekki óframkvæmanlega, og er því ekki um annað að ræða en að reikna allt á föstu verðlagi, þar sem gera verður ráð fyrir að útflutningsverðmæti rækjunnar fylgi að mestu hækkandi fjármagns- og framleiðslukostnaði hérlendis. Leitast verður við að velja tölur sem vonandi gefa í grófum dráttum einhverja vísbendingu um raunveruleikann á þessu sviði, og eru þær byggðar á þeim upplýsingum og forsendum sem við höfum yfir að ráða.


Áður en lengra er haldið, væri rétt að staldra við og athuga hvernig aðrir hafa staðið að rækjuveiðum, og hvaða reynslu þeir hafa aflað sér í þessum útgerðarmálum.

Á undanförnum árum hafa frændþjóðir okkar stundað rækjuveiðar við Vestur-Grænland, og hafa þær reynst með fádæmum arðbærar. Stórir úthafsrækjutogarar hafa í vaxandi mæli tekið þátt í þessum veiðum, en flestir þeirra hafa verið smíðaðir á síðustu þremur árum, og eru um og yfir 500 rúmlestir að stærð, eða á bilinu 50—55 metra langir. Vegna hins mikla uppgangs, sem verið hefur í rækjuveiðunum á þessum slóðum, er svo komið, að hætta er talin vera á ofveiði, og hafa því verið sett lög um takmarkanir á hámarksveiði hvert ár.

Einn þessara nýju úthafsrækjutogara, Fame frá Færeyjum, kom við í Reykjavík í sumar. Ástæðan fyrir viðkomu hans hér var sú, að þá nýlega hafði leyfilegur hámarksafli náðst við Vestur-Grænland, og var ætlun þeirra að reyna næst fyrir sér á Dohrnbankanum. Þessi rækjutogari var aðeins 10 mánaða gamall, þegar hann var hér á ferð, og hafði kostað 23 milljónir danskra króna að smíða hann. Á síðastliðnum 3 árum hefur skipasmíðastöðin, sem smíðaði Fame, byggt 8 rækju-

togara af svipaðri stærð, og hafa þeir allir stundað sínar veiðar við Vestur-Grænland fram til þessa. Á þeim 10 mánuðum, sem Fame hafði verið að veiðum, var verðmæti rækjuaflans, sem hann var búinn að landa, orðinn 21 milljón danskra króna, en það svarar til 1 176 000 000 ísl. kr. á núverandi gengi.

Auðsjáanlega hafði ekkert verið til sparað við að gera þennan togara sem best úr garði, og var hann sérstaklega vel útbúinn til veiða innan um ís og í heimskautaloftslagi. Fyrst eftir að farið var að nota stóra skuttogara við rækjuveiðar þarna norðurfrá hamlaði það stundum veiðum hjá þeim, að stórir ísjakar vildu festast undir togvírunum, vegna þess hve togblakkirnar eru tiltölulega hátt yfir sjávaryfirborðinu, og lentu þeir oft í hinum mestu brösum við að ná vörpunni inn aftur þar sem veiðarnar fóru oftast fram innan um mjög þéttan ís. Við þessu hefur nú verið séð, með því að hafa gálgana með togblökkunum hreyfanlega og er komið fyrir á þeim vökvaþrýstibúnaði, sem stjórnað er frá brúnni. Ef á þarf að halda, er hægt með þessum útbúnaði að leggja toggálgana inn á miðju skipsins, þannig að togblakkirnar hanga niðri í skutrennunni, en togvírarnir fara aftur af skipinu í sjólokin, rétt við skut þess.



Uppdráttur af 55 metra löngum nýtísku rækjuverksmiðjutogara

Á togþilfari rækjutogarans voru tvær aðskildar brautir, sín fyrir hvora vörpuna, en grandaraspilin eru með tveimur útkúplanlegum tromlum hvort, svo báðar vörpurnar eru ætíð tilbúnar til köstunar án nokkurs fyrirvara. Þriðju vörpunni er svo komið fyrir á netatromlu, sams konar og bolfiskskuttogarar hafa fyrir flotvörpur sínar, nema hvað þessi er staðsett aftarlega á skipinu, eða u. þ. b. 3—4 metra fyrir framan skutrennuna. Eins og þessi útbúnaður gefur til kynna, þá eru rækjumiðin á Vestur-Grænlandi mjög erfið við að eiga og togbotn slæmur og mikið um stórgrýti, sem fer illa með veiðarfærið. Oft er því hengilrifið, en illmögulegt að standa í netabætingum, þar sem allt er iðulega frosið í stokk á fáum mínútum.

Á Fame var aðstaða til að heilfrysta 40 tonn af rækju á sólarhring og skelfletta úr 16 tonnum til viðbótar, svo afköstin eru mjög mikil, ef á þarf að halda, um borð í þessum stóru rækjutogurum. Þegar komið er niður á vinnsluþilfarið er þar um að litast sem í fullkominni matvælaverksmiðju. Rækjan flyst eftir færiböndum frá einu vinnslustigi til annars, og kemur mannshöndin lítið sem ekkert við sögu, þar sem flestallt er sjálfvirkt. Kerfið eða samstæðan, sem notuð er þegar unnið er í heilfrystingu á rækjunni, samanstendur af tveimur suðupottum og tveimur flokkunarvélum, lausfrystitækjum, vökvadrifnu pökkunarborði og sjálfvirkri vigtun í 5 kg pakkningar. Við framleiðslu á skelflettri rækju eru notaðir tveir suðupottar, og er þá gufusoðið, síðan taka við tvær skelflettingarvélar, en frá þeim fer rækjan í eftirpillun, sem kallað er, og gæðaeftirlit, en við þetta hvort tveggja þurfa minnst 4 menn að vinna að staðaldri. Hámarksafköst þessarar vinnslu eru, eins og áður

sagði, 16 tonn af rækju á sólarhring, og ef útkoman er góð, fást úr þeim 4 tonn af skelflettri rækju.

Hingað til hefur ekki fyrirfundist rækja á djúpslóðum við Ísland í jafnmiklu magni, eða réttara sagt á afmörkuðum miðum þar sem hún heldur sig, eins þétt og við Vestur-Grænland, en vottur af djúprækju finnst fyrir öllu landgrunninu norðvestur, norður og norðaustur af landinu og víða sæmileg mið.

Fiskifræðingar okkar hafa gefið í skyn, að mjög líklegt sé, að fleiri rækjumið eigi eftir að koma fram, og ber öllum saman um, að ekki sé komin næg reynsla á djúprækjuveiðar hér við land til að fullyrða eitt eða neitt í þessum efnum. Aftur á móti eru bjartsýnir menn, tengdir þessum veiðiskap, ekki í nokkrum vafa um að mikið magn af djúprækju eigi eftir að finnast.

Aukins áhuga hefur gætt nú nýverið á úthafsrækjuveiðum, og í sumar hafa upp undir 20 bátar verið við þessar veiðar og aflað yfirleitt sæmilega. Mest eru þetta mjög litlir bátar, eða að meðaltali um og innan við 30 rúmlestir að stærð, sem að öllu jöfnu stunda innfjarðarrækjuveiðar á vetrum, og hafa þeir aflahæstu komist hátt í 30 tonn yfir mánuðinn.

Það er vafasamt eða illmögulegt að taka einhver fordæmi og gera samanburð á hugsanlegum afla nýtísku rækjutogara af þeirri stærðargráðu sem miðað er við hér og getur haldið til á miðunum í margar vikur, auk þess að vera fær um að toga innan um þéttan ís og í misjöfnum veðrum, en til þess að fá smáinnsýn í hvað veiðarnar hafa gefið af sér, skulum við athuga útkomuna hjá tveimur skipum, sem voru við þessar veiðar undir ólíkum kringumstæðum.

Í febrúar 1975 var meðalafli m/b Sæbórs, 45 rúml. báts frá Dalvík, 244 kg á togtíma, en á öllu árinu 1975 aflaði þessi bátur 259 tonn á 1600 togtímum, eða að jafnaði 162 kg á togtíma.

Um mitt sumar 1976 tók Hafrannsóknastofnunin skuttogarann Dagný á leigu til djúprækjuleitar. Í þessum leiðangri öfluðust tæp 44 tonn af djúprækju á 281 togtíma, eða að jafnaði 156 kg/togt. Þar sem skipið var í rækjuleit gefur þetta af skiljanlegum ástæðum litla hugmynd um hver aflinn hefði getað orðið, en miðað við aðstæður verður að telja þetta góðan afla, því það er tvennt ólíkt, að vera við rannsóknarstörf og í leit að nýjum miðum þegar togað er vítt og breitt um allan sjó, eða að vera að veiðum, þar sem allt gengur út á að afla sem mest á sem stystum tíma.

Það er staðreynd sem taka verður tillit til í sambandi við allar veiðar, að þegar fá skip stunda þær, að ekki sé talað um ef það er aðeins eitt, þá fæst lítið eða ekkert yfirlit yfir hin ýmsu mið, og er því ómögulegt að vita hvar helst er veiðivon í það og það skiptið. Það gefur auga leið, að leit að fengsælum miðum er margfalt árangursríkari, þegar fleiri skip geta dreift sér um slóðina og þannig fengið samanburð á afla á sama tíma, og um leið skapast samkeppni, sem ávallt hefur góð áhrif á útkomuna, en þrátt fyrir samkeppnina hefur það sýnt sig, að samvinna myndast undantekningarlaust milli þeirra skipa sem sama veiðiskap stunda.

Samkvæmt skýrslum frá síðustu árum eru flestir skuttogararnir með í kringum 4000 togtíma á ári, en tími þeirra verður oft órjúgur þar sem margir landa á vikufresti eða svo. Rækjutogari búinn frystitækjum kæmi til með að hafa miklu lengra úthald í hverri veiðiferð, þannig að tími hans nýttist öðruvísi og betur við veiðarnar. Með hliðsjón af þessu væri líklega ekki ósanngjarnt að reikna þá með upp undir 4500 togtímum á ári, en það svarar til að togað sé í um 187 daga af 365.

Rækjumarkaðurinn, sem helst kemur til greina fyrir okkur, er sá skandinavíski, en á honum er rækjan venjulega seld fyrirfram á föstu verði, sem yfirleitt er nokkuð stöðugt, en fer þó eftir árstíma og ýmsu öðru.

Þar eð djúprækjan er seld fyrirfram á föstu verði er engin sérstök ástæða fyrir veiðiskipin sjálf að sigla með aflann og þannig tapa af dýrmætum tíma frá veiðum, en reikna má með að hátt í hálfur mánuður fari í hverja siglingu. Í fljótu bragði séð er ekkert því til fyrirstöðu að umskipa aflanum í frystiskip, sem síðan kæmi honum á áfangastað.

Fyrir nokkrum vikum seldi rækjutogarinn Dalborg djúprækju sem veiðst hafði á Dohrnbankanum. Uppistaðan í aflanum var mjög góð rækja, sem fór mest í stærðarflokkinn 60—80 stk./kg. Var selt fyrirfram á föstu verði sem var danskar krónur 15 hvert kg, en búist er við að það eigi eftir að hækka upp í d. kr. 18 hvert kg þegar líða tekur á haustið. Á sama tíma var verð á djúprækju í stærðarflokknum 90—120 stk./kg d. kr. 14—15, en þessi flokkur hefur það fram yfir aðra að vera mjög eftirsóttur, og er því verð á honum stöðugt. Í stærðarflokknum 120—150 stk./kg, var verðið d. kr. 11, en yfirleitt er smærri rækja en það ekki boðin til sölu óskelflett.

Skal nú leitast við að setja saman grófa rekstraráætlun fyrir rækjutogara sem kostaði í upphafi 1.5 milljarð ísl. kr. Við uppsetningu slíks rekstraryfirlits sem þessa breytir það litlu hversu stór áhöfnin er á togaranum, þar sem hlutfallstalan úr aflaverðmætinu til skipta verður mjög svipuð, hvort sem þeir eru fleiri eða færri.

Afskriftir	150 000 000	
Vextir og bankakostnaður	180 000 000	
Opinber gjöld	3 000 000	
Tryggingar	20 000 000	
Olíur	50 000 000	
Veiðarfæri	20 000 000	
Viðhald	20 000 000	
Aðrar rekstrarvörur og þjónusta	20 000 000	
Framkvæmdastj.	4 000 000	
Kostnaður alls	467 000 000	
Áætlaður meðalafli 170 kg/togt. × 4500 togtímar á ári (= 765 tonna ársafli) × 15 kr. d. = 840 ísl. kr. pr. kg		
Seldur afli		642 600 000
Aflahluti áhafnar	174 000 000	
Hagnaður	1 600 000	
	642 600 000	642 600 000

Eins og sjá má, þá er reksturinn í járnum, samkvæmt þeim tölum sem þarna eru valdar. Ekki er úr vegi að halda þessum talnaleik áfram, og taka fleiri dæmi þar sem gert verður ráð fyrir betri afla:

Áætlaður meðalafli 200 kg/togt. × 4500 togtímar (= 900 tonna ársafli) × 840 kr. ísl. pr. kg.		
Seldur afli		756 000 000
Aflahluti áhafnar	204 000 000	
Hagnaður	85 000 000	
Kostnaður alls	467 000 000	756 000 000
Áætlaður meðalafli 300 kg/togt. × 4500 togtímar (= 1 350 tonna ársafli) × 840 kr. ísl. pr. kg.		
Seldur afli		1 134 000 000
Aflahluti áhafnar	306 000 000	
Hagnaður	361 000 000	
	1 134 000 000	1 134 000 000

Oft vill það verða svo, að tölur sem settar eru saman við skrifborðið, standast illa, þegar út í raunveruleikann er komið, en hvað um það, niðurstöðutölur þær sem rekstraryfirlitið sýnir hér, eru mjög athyglisverðar.

Djúprækjan er auðlind, sem við eigum, en hefur ekki verið nýtt fram á þennan tíma að kalla. Því mætti ætla, að það væri farsælt þjóðfélagslega séð, ef forráðamenn lánastofnana og forsvarsmenn í sjávarútvegi greiddu götu þeirra, ef einhverjir fyndust, sem vildu taka þá áhættu að kaupa og gera út nýtísku rækjutogara. Það má illa ganga, ef ekki yrði a. m. k. hagnaður af því fyrir þjóðarbúið.

Sþ. 86. Tillaga til þingsályktunar [78. mál]

um smíði brúar yfir Ölfusá við Óseyrarnes.

Flm.: Garðar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstj., að láta nú þegar hefja allan nauðsynlegan undirbúning að smíði brúar yfir Ölfusá við Óseyrarnes, þannig að hönnun brúarinnar liggi fyrir og framkvæmdir við brúargerðina geti hafist strax og aðalframkvæmdum við Borgarfjarðarbrúna er lokið.

Greinargerð.

Þrjú sjávarþorp eru á suðurströndinni, Þorlákshöfn vestan Ölfusár, en Eyrarbakki og Stokkseyri austan ár. Þorlákshöfn var til skamms tíma lítil og opin fyrir haföldunni, en er nú komin í allgott horf og öryggi skipa í höfninni allt annað og betra en var.

Útgerð hefur verið stunduð um mjög langan tíma frá Stokkseyri og Eyrarbakka, þrátt fyrir erfið hafnarskilyrði. Með kröfum um meiri sókn, lengri róðra, meiri og fjölbreyttari veiðarfæri og bættan aðbúnað og vinnuskilyrði stækkuðu bátarnir og þeir minni urðu síður samkeppnisfærir. Þar með dugðu ekki lengur hafnirnar í Eyrarbakka og Stokkseyri, svo fiskibátar þeirra landa nú og hafa gert um langt skeið nær öllum afla sínum í Þorlákshöfn og aflanum og afurðunum ekið á milli — vegalengdin fram og til baka er á annað hundrað km.

Með tilkomu skuttogaranna var unnt að reka fiskiðnaðinn eins og verksmiðjuiðnað — hráefnið berst jafnt til vinnslustöðvanna allt árið um kring, skapar betri og öruggari rekstrarmöguleika og jafnari og tryggari vinnu fiskvinnslufólks. Þessi þróun hefur orðið í nær öllum verstöðvum landsins, en hefur ekki náð til þorpanna austan Ölfusár, þau eru nú orðin hafnlaus í nútímaskilningi.

Brú yfir Ölfusá við Óseyrarnes mundi tengja saman þorpin báðum megin ár og skapa auk þess mikla möguleika fyrir alla byggðina í vesturhluta Árnessýslu neðanverðri.

Brú yfir Ölfusá við Óseyrarnes losaði að mestu leyti þorpin austan ár undan niðurdrepandi oki hafnleysisins — kæmi í stað tveggja hafna, að svo miklu leyti sem það er unnt án hafnargerða.

Þessi brú yrði ekki aðeins samgöngubót í þeim venjulega skilningi, þegar um almennar brúargerðir er rætt, heldur auk þess gegna allt öðru og mikilvægara hlutverki, eins og nokkuð hefur verið drepið á hér að framan, og er þá ekki allt talið.

Tímabundið atvinnuleysi hefur ríkt í þessum þorpum báðum, einkum á Eyrarbakka — og miklir erfiðleikar steðja þar að fiskvinnslunni af fyrrgreindum ástæðum.

Brýna nauðsyn ber til að tryggja aukið og jafnara hráefni til þessara sjávarþorpa — þar bíða vinnufúsar hendur eftir að fá tækifæri til að sækja sjávarafla og vinna hann, eins og þar hefur verið gert um aldir. Mesta nauðsynjamál þessara þorpa og þessa svæðis alls er að fá þessa brú; þess vegna er þessi tillaga flutt og þess vegna verður barist fyrir framgangi þessa máls þar til sigur vinnst.

Að lokum má geta þess, í tengslum við þá umræðu, sem farið hefur fram vegna mikillar hættu á stórum jarðskjálftum á Suðurlandi, að núverandi brú yfir Ölfusá er á einu mesta hættusvæðinu, en ekki eru heimildir um skjálfta þar sem gert er ráð fyrir að hin nýja og mikilvæga brú rísi.

Sþ. **87. Tillaga til þingsályktunar** [79. mál]

um jöfnun á rafmagnsverði.

Flm.: Lúðvík Jósepsson, Kjartan Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nauðsynlegar ráðstafanir til jöfnunar á rafmagnsverði frá almenningsrafveitum. Stefnt verði að því að ná með áfangaleiðréttingum fullum jöfnuði á rafmagnsverði til heimilisnotkunar, iðnrekstrar, húsahitunar og annarrar almennrar notkunar frá öllum almenningsveitum eigi síðar en í árslok 1979.

Greinargerð.

Nýlega var dreift á borð alþingismanna skýrslu frá Skipulagsnefnd orkumála þar sem fjallað er um nauðsyn þess að breyta núverandi skipulagi orkumála. Í skýrslunni er á bls. 20 birt eftirfarandi tafla um raforkuverð á ýmsum stöðum á landinu eins og það var 1. október s. l.:

Nr.	Rafveitur	Heimilisnotkun 3000 kWst, 3 herb. íbúð kr./kWst.	Stórar vélar 2500 st. nýt. tími kr./kWst.
1.	Rafmangsveita Reykjavíkur	19.82	12.54
2.	Rafveita Hafnarfjarðar	19.90	14.29
3.	Rafveita Vatnsleysu	19.73	14.75
4.	Rafveita Njarðvíkur	19.73	14.75
5.	Rafveita Keflavíkur	19.73	15.01
6.	Rafveita Gerðahrepps	19.73	15.01
7.	Rafveita Miðneshrepps	19.73	15.22
8.	Rafveita Grindavíkur	19.73	15.22
9.	Rafveita Eyrarbakka	19.45	13.68
10.	Rafveita Stokkseyrar	19.45	13.68
11.	Rafveita Selfoss	19.45	13.68
12.	Rafveita Hveragerðis	19.45	13.68
13.	Rafveita Vestmannaeyja	19.49	14.51
14.	Rafveita Akraness	17.05	12.02
15.	Rafveita Borgarness	20.99	14.75
16.	Orkubú Vestfjarða	34.20	26.83
17.	Rafveita Reykjafjarðar- og Ögurhrepps[1])	—	—
18.	Rafveita Snæfjalla- og Nauteyrarhrepps[2])	—	—
19.	Rafveita Sauðárkróks	20.70	18.27
20.	Rafveita Siglufjarðar	19.80	14.63
21.	Rafveita Akureyrar	19.75	12.43
22.	Rafveita Húsavíkur	21.22	14.75
23.	Rafveita Reyðarfjarðar	21.99	15.42
24.	Rafmagnsveitur ríkisins	37.25	22.80

Tafla þessi sýnir, að nú er svo komið, að verð á rafmagni til heimilisnotkunar er um 88% hærra hjá Rafmagnsveitum ríkisins en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og um 82% hærra á stórar vélar en t. d. í Reykjavík.

Hér er um gífurlegan verðmun að ræða, verðmun sem ekki verður unað við lengur.

1—2) Þessar rafveitur hafa hvorki sérstakan heimilistaxta né sérstakan vélataxta, en selja megnið af raforku sinni um marktaxta.

Öllum er ljóst, að næg og örugg raforka er skilyrði þess, að hægt sé að lifa við nútímaþægindi og hægt sé að reka iðnað og margvísleg vélknúin tæki. En verð raforkunnar, sem notuð er jafnmikið og raun er á, skiptir líka miklu máli.

Þar sem rafmagnsverð til iðnrekstrar er orðið 82% hærra en á öðrum stöðum er ekki líklegt að iðnaður geti þrifist til lengdar. Og þar sem rafmagnsverð til heimilisnotkunar er orðið 88% hærra en annars staðar hljóta slík aukaútgjöld að hafa áhrif á almennan framfærslukostnað.

Þó að raforka til almenningsþarfa sé framleidd og seld af nokkrum mismunandi fyrirtækjum í landinu, þá má í rauninni segja að öll séu þau fyrirtæki orðin til fyrir bein og óbein áhrif ríkisvaldsins. Landsvirkjun, sem selur raforku í heildsölu til einstakra rafveitna á sínu svæði, er fyrst og fremst til orðin fyrir fjárhagslega fyrirgreiðslu ríkisins, enda ríkisfyrirtæki að hálfu. Rafmagnsveitur ríkisins eru hreint ríkisfyrirtæki.

Í framkvæmd háttar svo til að Rafmagnsveitur ríkisins þjóna vissum landshlutum, en Landsvirkjun öðrum.

Þannig hafa Rafmagnsveitur ríkisins nú nær algjörlega með að gera alla raforkusölu á Austurlandi, á stórum hluta Norðurlands og í sveitum landsins. Orkubú Vestfjarða hefur tekið að sér raforkusöluna á Vestfjörðum, en þar gilda enn sölureglur Rafmagnsveitna ríkisins í aðalatriðum. Ljóst er að Rafmagnsveitur ríkisins hafa orðið að taka að sér ýmsar framkvæmdir í raforkumálum, sem telja verður að verulegu leyti félagslegar framkvæmdir sem ekki geta staðið undir kostnaði í formi raforkuverðs. — Staða Rafmagnsveitna ríkisins er því á margan hátt erfið. Framleiðsla og sala raforku er þess eðlis, að eðlilegt er að rafmagnsverð sé hið sama alls staðar á landinu. Af þeim ástæðum verður að krefjast þess, að ríkisvaldið hlutist til um að jafna rafmagnsverðið þannig að það sé hið sama um allt land fyrir sambærilega notkun.

Jöfnun á rafmagnsverðinu getur orðið með ýmsum hætti. Ein leiðin er sú að hækka núverandi verðjöfnunargjald, önnur er að ríkið leggi Rafmagnsveitum ríkisins nokkurt fjárframlag í því skyni að lækka rafmagnsverðið. Ef til vill má fara báðar þessar leiðir þar til skipulagsmálum raforkumála hefur verið breytt og komið á samfelldu raforkuöflunar- og dreifingarkerfi.

Rétt sýnist að taka nú þegar upp í fjárlög næsta árs nokkra fjárveitingu í þessu skyni.

Ed. 88. Frumvarp til laga [80. mál]

um sölu notaðra lausafjármuna.

Flm.: Helgi F. Seljan.

1. gr.

Hver sá sem reka vill verslun eða umboðssölu með notaða eða gamla lausafjármuni, svo sem bifreiðar, bækur, innanstokksmuni eða annan varning, skal til þess hafa sérstakt leyfi lögreglustjóra viðkomandi lögsagnarumdæmis.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veitt til 5 ára í senn og aðeins þeim sem fullnægja skilyrðum laga nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, til að mega reka verslun á Íslandi, og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum eða sett kunna að vera í lögum eða í reglugerðum til að mega reka starfsemina.

3. gr.

Afturkalla má leyfi samkvæmt 1. gr. ef sannað þykir að leyfishafi hafi brotið lög nr. 41/1968, ákvæði laga þessara eða lög um óréttmæta verslunarhætti.

4. gr.

Verslun samkvæmt lögum þessum má aðeins reka í húsnæði eða starfsstöð sem lögreglustjóri hefur samþykkt, enda fullnægi húsnæði eða starfsstöð ákvæðum reglugerða um öryggismál og húsnæði vinnustaða.

5. gr.

Allur varningur, sem lög þessi taka til, skal geymdur á verslunarstað í a. m. k. 14 daga frá því honum er veitt móttaka, nema um bifreiðar sé að ræða. Á þeim tíma er óheimilt að selja hann eða afhenda öðrum, farga eða breyta á einn eða annan hátt. Þegar varningi er veitt móttaka til sölu skal hann þegar tölusettur og verðmerktur.

6. gr.

Skylt er verslun að halda heimildarskrá um allan varning sem veitt er viðtaka til endursölu, hvort sem hann er keyptur eða tekinn til umboðssölu. Skrá þessi skal færð í þar til gerða bók með tölusettum blaðsíðum, sem viðurkennd er af lögreglustjóra.

Í heimildarskrá þessa skal færa, eftir því sem við verður komið, eftirfarandi upplýsingar:

1. móttökunúmer hlutar,
2. móttökudag,
3. lýsingu hlutar,
4. nafn, stöðu og heimilisfang þess sem hlutinn afhenti,
5. söludag hlutar,
6. nafn, stöðu og heimili kaupanda hlutar,
7. innkaupsverð, viðgerðarkostnað, ef einhver er, og söluverð hlutar. Sé hlutur tekinn í vöruskiptum skal skiptaverðs getið.

7. gr.

Heimildarskrá er skylt að geyma í 10 ár. Sömuleiðis er skylt að geyma jafnlengi allar aðrar skriflegar upplýsingar um varning, svo sem kvittanir, bréf o. fl. Lögreglustjóra skal jafnan opinn aðgangur að heimildarskrá verslunar sem og öðrum gögnum er varða söluhlut. Lögreglustjóri getur krafist þess að fá skráðan sem óskráðan varning til skoðunar, hvenær sem hann telur þess þörf.

8. gr.

Sá, sem verslun rekur samkvæmt lögum þessum, skal jafnan sýna fyllstu aðgát við kaup og sölu gamals eða notaðs varnings. Telji hann ástæðu til skal hann krefja seljanda varnings um persónuskilríki.

Óheimilt er að kaupa eða veita móttöku varningi til endursölu frá þeim sem yngri er en 16 ára.

Seljandi bifreiðar skal sanna með vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins að hann sé skráður eigandi hennar.

9. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að veita undanþágu frá ákvæðum 5. gr. laga þessara.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð að hætti opinberra mála.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrætt. Því fylgdi svo hljóðandi greinargerð og athugasemdir:

Að beiðni flutningsmanns frumvarps þessa, er það samið af Arnmundi Backman lögfræðingi. Við samningu þess var einkum stuðst við gildandi reglur í Noregi og í því sambandi stuðst við gögn og ábendingar frá landssambandi löggiltra bílasala í Noregi, „Autoriserte Bruktbilhandleres landsforbund".

Hinn 1. janúar 1977 gekk í gildi í Noregi reglugerð um sölu notaðra eða gamalla hluta. Reglugerð þessi var sett samkvæmt heimild í lögum um verslunaratvinnu, lov om handelsnæring, frá 8. mars 1935, 10. kafla um „antikvar- og skraphandel". Sambærilegum lagaákvæðum er ekki til að dreifa hér á landi.

Verslun og umboðssala með notaða eða gamla hluti, svo sem sala notaðra bifreiða, bóka, innanstokksmuna eða annars, hefur færst mjög í vöxt hér á landi á undanförnum árum, sér í lagi þó sala notaðra bifreiða. Verslun af þessu tagi er sérstaks eðlis. Hún byggir í aðalatriðum á því að endurselja ýmiss konar lausafjármuni, sem áður hafa verið í einkaeign. Af þeim sökum verður sölumaður að treysta eignarheimild þess sem hlutinn afhendir til sölu. Og sá, sem notaðan hlut kaupir, verður að treysta því að sú heimild hafi verið fyrir hendi, að hann hafi með lögmætum hætti eignast notaðan hlut.

Um eðli fornverslana eða umboðssölu notaðra bifreiða verður ekki farið fleiri orðum í greinargerð þessari. Sérstaða þeirra í verslunarviðskiptum er augljós. Af þeim sökum telur flutningsmaður þessa frumvarps brýnt að lögfest verði ákvæði sem tryggja ættu sæmilegt réttaröryggi í viðskiptum þessum. Með slíkt í huga er frumvarp þetta lagt fram.

Í öllum aðalatriðum er ákvæðum hinnar norsku reglugerðar fylgt.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að sérstakt leyfi lögreglustjóra þurfi til að reka verslunar- eða umboðssölu með notaða eða gamla hluti. Hér getur auðvitað komið til margs konar varningur, en algengust er þó verslun með bifreiðar, bækur og húsgögn.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að sett verði það almenna skilyrði fyrir leyfisveitingu skv. 1. gr., að viðkomandi fullnægi skilyrðum laga um verslunaratvinnu til að mega reka verslun á Íslandi.

Um 3. og 4. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.

Um 5. gr.

Krafan um, að allur varningur, sem lög þessi ná til, skuli geymdur óbreyttur í a. m. k. 14 daga, er fyrst og fremst sett til öryggis, sé um það að ræða að eignarheimild seljanda hlutar sé vafa undirorpin. Í 9. gr. er ákvæði um að lögreglustjóra sé heimilt að veita undanþágu frá þessari grein.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.

Um 8. gr.

Í niðurlagi greinarinnar er lagt til að seljanda notaðrar bifreiðar verði gert skylt að sanna með vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins eignarheimild sína. Í viðskiptum

sem þessum hefur í seinni tíð borið talsvert á svokölluðum „raðsölum“, þ. e. að bifreið fer um hendur nokkurra seljenda sem þó eru ekki skráðir eigendur hennar. Hefur þetta þótt skapa talsverða réttaróvissu. Bifreið er fyrirferðarmikið tæki í nútíma þjóðfélagi. Á eigendum og ökumönnum hvílir veruleg ábyrgð samkvæmt lögum. En meðan „raðsölur“ án skráningar hvers eiganda viðgangast eru opinberar skrár ófullkomnar um skráningarskylda eigendur bifreiða.

Sþ. 89. Tillaga til þingsályktunar [81. mál]

um kornrækt til brauðgerðar.

Flm.: Jón Helgason, Þórarinn Sigurjónsson, Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar kanna, að hvað miklu leyti er hægt að nota íslenskt korn til brauðgerðar hérlendis, og hefja jafnframt undirbúning að skipulegu starfi til að stórauka þegar á komandi vori kornrækt á þeim stöðum, þar sem það er framkvæmanlegt, til að fullnægja þeim markaði, sem hér kann að vera um að ræða.

Greinargerð.

Notkun íslensks korns til manneldis lagðist niður snemma á þessari öld, þegar hætt var að nytja melinn. En um svipað leyti hóf Klemens Kristjánsson á Sámsstöðum tilraunir sínar með ræktun erlendra korntegunda. Og með áratuga brautryðjendastarfi sínu sannaði Klemens, að hægt er að fá þroskaða uppskeru af harðgerðustu tegundunum í þeim hérðuðum, þar sem veðurskilyrði eru best.

Nokkrir bændur fylgdu í fótspor Klemensar og hófu ræktun á byggi í smáum stíl, en gáfust fljótlega upp á því. Ástæðan var fyrst og fremst sú, að þeir höfðu aðeins frumstæð verkfæri við uppskeruna, svo að vinnan varð mjög mikil. En fullkomin uppskerutæki voru allt of dýr fyrir slíka smáræktun.

En fyrir rúmum áratug hóf einn bóndi, Eggert Ólafsson á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum ræktun á byggi. Hefur hann gert það árlega síðan og alltaf fengið þroskaða uppskeru. Kornið hefur Eggert notað til skepnufóðurs á búi sínu. Aðrir bændur hafa ekki lagt í að taka Eggert sér til fyrirmyndar og munu ástæðurnar einkum þrjár. Ótti manna við uppskerubrest, mikill stofnkostnaður uppskeruvéla og loks erlendar niðurgreiðslur á innfluttum fóðurbæti, sem gera samkeppnisaðstöðu íslenskrar fóðurframleiðslu mjög erfiða.

Nú hefur það gerst, að íslenskur bakarameistari, Hermann Bridde, hefur falað af Eggert alla kornuppskeru hans frá þessu hausti og hafið framleiðslu á brauði, sem að stórum hluta er úr þessu íslenska korni. Hermann hefur byrjað á að baka ýmsar brauðtegundir úr grófu mjöli og hefur neysla á brauði breyst þannig á nokkrum síðustu árum, að slík brauð eru nú orðin meiri hluti neyslunnar. Það er því augljóst, að verði hægt að nota íslenskt byggmjöl í öll gróf brauð, sem framleidd eru hér á landi, í jafnríkum mæli og Hermann Bridde hefur gert tilraun með, þá yrði þar um að ræða allmikinn markað fyrir nýja framleiðslugrein í íslenskum landbúnaði. Slíkt hefði ekki aðeins mikið gildi fyrir landbúnaðinn, heldur fyrir þjóðina alla. Það er hverri þjóð keppikefli að framleiða sjálf sem mest af neysluvörum sínum, og þetta tryggði nýja og næringarríka fæðu, lausa við öll eiturefni og aðra mengun, sem er vaxandi vandamál við framleiðslu matvæla víða annars staðar.

Í tillögu þessari er því gert ráð fyrir að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar kanna, að hve miklu leyti er hægt að nota íslenskt korn til brauðgerðar. Jafnframt þarf að gera sér ljóst, hvernig fjárhagsgrundvöllur er fyrir kornrækt með því verði, sem fyrir það gæti fengist. Komi í ljós, að æskilegt sé að hefja kornrækt í þessu

skyni, verður þegar að vinna skipulega að því að hrinda því af stað. Við þetta er hægt að byggja á þeim tilraunum, sem Hermann Bridde hefur þegar hafið, og þeirri farsælu reynslu, sem Eggert á Þorvaldseyri hefur fengið.

Þegar byrja skal á slíkum nýjungum er nauðsynlegt að vanda undirbúninginn eins og frekast er kostur til að reyna að komast hjá áföllum í upphafi.

Fyrst þarf að gera sér grein fyrir því, í hvaða héruðum er líklegt að reyna þetta, síðan að fá samstöðu meðal bænda á þeim svæðum að taka þátt í þessari tilraun, enda þótt það sé ekki í stórum stíl hjá hverjum bónda. Til þess að þetta nái fram að ganga þarf einhvern opinberan stuðning, t. d. við útvegun á sáðkorni og kaup á uppskeruvélum, sem hlytu að verða á félagslegum grundvelli.

Auk þess, sem þegar hefur verið sagt, má benda á, að rætt hefur verið um þilplötugerð hér á landi úr hálmi, og ætti kornræktin að stuðla að því, að sú hugmynd geti komið til framkvæmda. En nánar verður gerð grein fyrir þessu máli í framsögu.

Sþ. 90. Tillaga til þingsályktunar [82. mál]

um samræmingu og eflingu útflutningsstarfsemi.

Flm.: Lárus Jónsson, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á skipulagi og aðstöðu útflutningsverslunar landsmanna og leita leiða til þess að efla og samræma útflutningsstarfsemi fyrir íslenskar framleiðsluvörur og þjónustu. Um úttekt þessa, samræmingu og eflingu útflutningsstarfsemi skal haft samráð við þá aðila sem nú annast útflutning og markaðsstarfsemi.

Í þessu sambandi skal áhersla lögð á eftirfarandi:

1. að kanna hvort rétt sé og hagkvæmt að koma á fót samstarfi allra aðila, sem vinna að útflutningsstarfsemi, m. a. í því skyni að stuðla að á skipulegan hátt almennri kynningu á íslenskum vörum og þjónustu erlendis og þjálfun starfsfólks, sem vinna mun að hvers konar útflutningsstarfsemi;
2. að marka enn frekar þá stefnu í skatta- og tollamálum, svo og annarri opinberri fyrirgreiðslu, sem auðveldar íslenskum útflytjendum samkeppni á erlendum mörkuðum;
3. að kanna hvort rétt sé og hagkvæmt að samræma eða sameina starf utanríkis- og viðskiptaráðuneytis á sviði útflutningsstarfsemi og efla starf utanríkisþjónustunnar í markaðsmálum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en var þá vísað til ríkisstjórnarinnar án formlegs samþykkis Alþingis á efni tillögunnar. Tillögunni fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Við Íslendingar erum sem kunnugt er mjög háðir utanríkisviðskiptum. Bæði af þessari ástæðu og eins vegna mikilla sveiflna í verðlagi útflutningsvara er það meira keppikefli fyrir okkur en aðrar þjóðir að vinna jafnan að því tvíþætta marki að auka samkeppnisiðnað okkar svo innflutningur haldist í hófi og efla útflutningsstarfsemi til þess að utanríkisviðskipti okkar verði sem hagstæðust. Reynsla síðustu ára sýnir áþreifanlega nauðsyn þessa.

Flm. þessarar tillögu fluttu á Alþingi 1974—75 tillögu til þingsályktunar, sem fól í sér ábendingar um leiðir að báðum þessum markmiðum. Hún var samþykkt hinn 14. maí 1975 og er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við samtök iðnaðarmanna, iðnrekenda og iðnverkafólks, að kanna leiðir til þess að hvetja almenning, m. a. í ríkisfjölmiðlum, til aukinna kaupa og neyslu vara sem framleiddar eru í landinu, og jafnframt að leita leiða til þess að auka sölu á íslenskum afurðum með því að endurskipuleggja utanríkisþjónustuna, samræma og efla starfsemi þeirra aðila, sem fást við sölu íslenskra afurða erlendis.“

Fyrri hluti framangreindrar þingsályktunar er nú í framkvæmd. Í fjárlögum ársins 1976 er fjárhæð, 2.5 millj. kr., og í frv. til fjárlaga fyrir árið 1977 4 millj. kr., sem ætlað er til þess að standa straum af kostnaðarhluta ríkisins vegna kynningar á íslenskum iðnaðarvörum hér innanlands. Iðnaðarráðuneyti, fjárveitingavaldið, samtök iðnaðarins, iðnverkafólk, SÍS og Neytendasamtökin hafa lagst á eitt um að hleypa af stokkunum „íslenskri iðnkynningu“, sem kunnugt er að vakið hefur mikla athygli og vafalaust stuðlað að aukinni þekkingu landsmanna á íslenskum iðnaði, getu hans og möguleikum, svo og síðast en ekki síst auknum kaupum þjóðarinnar á eigin framleiðslu.

Síðari hluta þingsályktunarinnar, þ. e. a. s. þess sem fjallar um endurskipulagningu og eflingu útflutningsstarfsemi, hefur verið minni gaumur gefinn, a. m. k. í framkvæmd, enda ef til vill of almennt orðaður.

Þessi tillaga er flutt til þess að ítreka og leggja enn frekari áherslu á þá brýnu nauðsyn, sem ílm. telja að sé á endurskipulagningu og eflingu útflutningsstarfsemi og markaðsöflunar fyrir íslenskar framleiðsluvörur og þjónustu erlendis, og freista þess að Alþingi móti nánari stefnu í þessu máli en með þál. frá 14. maí 1975.

Núverandi skipan útflutningsstarfsemi.

Hér á landi eru fjölmargir aðilar sem annast útflutningsstarfsemi. Ýmsir þessara aðila hafa náð góðum árangri, og er rétt að það komi skýrt fram að með þessari tillögugerð er alls ekki ætlunin að skerða á neinn hátt sjálfstæði þeirra, heldur að auka og efla samstarf þeirra og stjórnvalda á sviði markaðsmála svo sem nánar verður vikið að síðar.

Á stríðsárunum og fyrstu árin eftir stríð var yfirstjórn utanríkisviðskipta einvörðungu í höndum utanríkisráðuneytisins. Síðan hefur meðferð utanríkisviðskipta breyst í stjórnarráðinu á þann veg, að eftir 1953 fluttust þau í æ ríkara mæli til viðskiptaráðuneytisins. Afleiðingin er sú, að sendiráð og starfsmenn utanríkisþjónustunnar erlendis hafa nú tvo yfirboðara, utanríkis- og viðskiptaráðuneytið.

Í síðari heimsstyrjöldinni og á næstu árum eftir styrjöldina voru mikil ríkisafskipti af viðskiptum milli þjóða. Á þessu tímabili vann utanríkisþjónustan mikið starf í útflutnings- og markaðsmálum. Svo er einkum í þeim löndum þar sem ríkisfyrirtæki annast allan innflutning, svo sem í Sovétríkjunum. Einungis einn viðskiptafulltrúi starfar þó erlendis á vegum utanríkisþjónustunnar, þ. e. a. s. aðalræðismaðurinn í New York, sem er jafnframt viðskiptafulltrúi við sendiráðið í Washington. Þótt ekki séu viðskiptafulltrúar við fleiri sendiráð, annast þau þó að sjálfsögðu margvíslega fyrirgreiðslu á sviði viðskiptamála og kynna landið erlendis, sem er mikilvægur þáttur markaðsleitar og útflutningsstarfsemi.

Samkvæmt lögum starfa fjölmargir aðilar að ýmsum sviðum útflutningsstarfsemi. Þar má nefna Fiskimálasjóð, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Sölustofnun lagmetis, Útflutningslánasjóð, Iðnrekstrarsjóð, Ríkisábyrgðasjóð, Tryggingadeild útflutningslána, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og sjálfsagt fleiri. Þá er starfandi á vegum viðskiptaráðuneytisins sérstök vörusýningarnefnd.

Beinan útflutning og markaðsstarfsemi annast svo mörg samtök og einstaklingar. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, SÍS, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, Skreiðarsamlagið og síldarútvegsnefnd eru í hópi þeirra grónustu og öflugustu þessara aðila, eins og kunnugt er.

Framtíðarskipan útflutningsmála.

Engum, sem þekkir til skipulags útflutningsmála í öðrum norrænum löndum, blandast hugur um að framangreint kerfi hér á landi þarfnast endurskoðunar. Í nágrannalöndum okkar annast auðvitað fjölmargir sjálfstæðir aðilar beinan útflutning og margvíslega markaðsstarfsemi. En í þessum löndum er samstarf milli þessara aðila í skipulegu formi á sviði almennrar kynningar á framleiðslu viðkomandi landa og opinber fyrirgreiðsla við útflutningsstarfsemi meiri en hér á landi og umfram allt skipulegri. Þetta sést glöggt á stuttri lýsingu útflutningsmála á Norðurlöndum sem fylgir greinargerðinni sem fylgiskjal.

Íslenskar aðstæður í útflutningsmálum eru um margt sérstæðar, t. d. að því er varðar einhæfni útflutningsvöru og fjárhagslegt svigrúm útflytjenda. Þess vegna er auðvitað ekki skynsamlegt eða kleift að fara nákvæmlega sömu leið í endurskipulagningu og eflingu útflutningsstarfsemi hér á landi og gert er á Norðurlöndunum. Mikið má þó af þessum þjóðum læra innan þeirra takmarka sem hér er á bent, og því er lærdómsríkt að kynna sér fyrirkomulag útflutnings og markaðsstarfs í þessum löndum (Sjá fylgiskjal með greinargerðinni).

Á ráðstefnu, sem haldin var 10. apríl s. l., fjallaði Pétur Thorsteinsson sendiherra og fyrrv. ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu um þátt utanríkisþjónustunnar í utanríkisviðskiptum. Í þessu erindi sínu, sem stuðst er mjög við í tillögugerð þessari og greinargerð, dró hann saman tillögur sínar um framtíðarskipan útflutningsstarfsemi hér á landi. Niðurstaða hans var sem hér segir:

„Þegar þau atriði eru höfð í huga, sem ég hef nefnt, held ég að það helsta, sem taka ætti til athugunar í sambandi við utanríkisþjónustuna og viðskiptamálin, sé þetta:

1. Athuga þarf vandlega hvort ekki væri rétt að sameina utanríkisráðuneytið og viðskiptaráðuneytið á sama stað. Nánari tengsl þessara ráðuneyta mundu m. a. skapa möguleika á meiri kynnum sendiráðsmanna af viðskiptamálum og meiri starfsemi sendiráðanna á viðskiptasviðinu.
2. Þó að ekki sé ástæða til að stofna af viðskiptaástæðum fleiri sendiráð í bili, hvort sem þau yrðu undir stjórn sendiherra eða viðskiptafulltrúa, þá getur verið ástæða til að hafa við núverandi sendiráð okkar sérstaka viðskiptafulltrúa. Og ég held, eins og fyrir 10 árum, að við eigum að hafa slíka fulltrúa vestanhafs og í Evrópu. Við höfum nú viðskiptafulltrúa í Bandaríkjunum, þ. e. aðalræðismaður okkar í New York er jafnframt tilkynntur sem viðskiptafulltrúi við sendiráðið í Washington. En ég held, að áður en langt um líður ættum við að hafa annan viðskiptafulltrúa við sendiráð okkar í Brüssel, í höfuðborg Efnahagsbandalags Evrópu.

   Hlutverk slíkra viðskiptafulltrúa er m. a. að auðvelda stofnun viðskiptasambanda, margvíslegar fyrirgreiðslur í sambandi við viðskipti, vörusýningar og ráðstefnuhöld og markaðsrannsóknir og skýrslugerð. En hafa verður í huga, að kaup og sölur geta fulltrúar þessir ekki annast. Það verða fyrirtækin sjálf að framkvæma.
3. Ég held að athuga ætti vandlega, hvort ekki ætti að setja á stofn á vegum útflutningsyfirvaldanna, hvort sem það yrði viðskiptaráðuneytið eða sameinað utanríkis- og viðskiptaráðuneyti, sérstaka viðskiptaskrifstofu, þ. e. upplýsingaskrifstofu fyrir útflutninginn, eins og ég talaði um áðan.
4. Mjög er athugandi að koma á fót útflutningsráði. Hér á ég ekki við sams konar stofnun og útflutningsráð Noregs, þ. e. sérstaka stofnun með eigin skrifstofum og útsendum viðskiptafulltrúum, heldur nefnd skipaða fulltrúum atvinnuveganna útflutningsyfirvöldum til ráðuneytis, sem kæmi saman reglulega og yrði kölluð til aukafundar þegar sérstaklega stendur á."

Greinilegt er að hér eru settar fram skynsamlegar og hófsamar tillögur reynds manns á framangreindu sviði. Þær hafa þó enn ekki verið framkvæmdar, og er þessi tillaga m. a. flutt til þess að Alþingi láti málið til sín taka.

Við þessar tillögur Péturs Thorsteinssonar mætti bæta að mati flm., að viðskiptasendinefndir væri hægt að nota oftar en gert er í viðræðum við opinbera aðila í löndum með mikil ríkisafskipti, t. d. löndum í Afríku. Útflutningsráð, ef stofnað yrði, gæti gert tillögur um slíka starfsemi til viðskipta- og utanríkisráðuneytisins, en forusta og ríkisstjórnarstimpill á slíkri starfsemi er nauðsynlegur.

Enn fremur er rétt að leggja þunga áherslu á samstarf allra útflutningsaðila í **skipulegu formi**, hvort sem slíkt samstarf yrði nefnt útflutningsráð eða eitthvað annað. Einn mesti ókostur núverandi skipulags útflutningsstarfsemi er einmitt að enginn aðili er til í landinu sem kynnir **almennt allar íslenskar útflutningsvörur** og getur skipulagt **alhliða kynningu** — m. a. á sýningum erlendis — á Íslandi sem útflutningslandi, eins og allar vestrænar þjóðir — aðrar en Íslendingar — gera. Á vegum slíks aðila er augljóslega hægara um vik að koma við starfsþjálfun fólks, sem í framtíðinni mun vinna að útflutningsstarfsemi, en á því er brýn þörf.

Rétt er að taka skýrt fram í þessu sambandi, að stofnun eins og Útflutningsmiðstöð iðnaðarins getur að sjálfsögðu ekki gegnt slíku alhliða hlutverki í útflutningsstarfsemi eins og hér um ræðir, þótt stofnsetning hennar hafi verið mikið framfaraspor á sínum tíma. Þessi stofnun annast ekki kynningu sjávarafurða, svo dæmi sé nefnt, og eykur því koma hennar og fleiri aðila, svo sem Sölustofnunar lagmetis og útflutningssamtaka húsgagnaframleiðenda, á nauðsyn samstarfs allra útflytjenda og aðila sem annast markaðsstarfsemi fremur en hið gagnstæða.

Framvinda málsins.

Að formi til er þessi tillaga fólgin í því að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða og efla útflutningsstarfsemi og áhersla lögð á ákveðna þætti þess máls. Eðlilegt virðist í framkvæmd, að ríkisstjórnin setji á laggirnar nefnd eða starfshóp með þátttöku utanríkis- og viðskiptaráðuneytis svo og aðila, sem nú annast útflutningsstarfsemi. Slík nefnd eða starfshópur ætti síðan að gera ákveðnar tillögur í þessum efnum, sem ríkisstjórnin kæmi síðan í framkvæmd.

Fylgiskjal.

Stutt lýsing á tilhögun útflutningsstarfsemi á Norðurlöndum.

Noregur: Norges Eksportråd

Norges Eksportråd var stofnað árið 1945. Er það skipað fjörutíu og sjö mönnum tilnefndum af aðilum vinnumarkaðarins og opinberum stofnunum. Fimmtán manna stjórn er í ráðinu og þrjár fastanefndir starfa á vegum þess (arbeidsutvalget, finansutvalget og kontrollkomite). Árið 1956 voru samþykkt lög í Noregi um eflingu útflutnings. Í þessum lögum er ákveðið, að starfsemi Norges Eksportråd sé fjármögnuð af Norges Eksportfond með því að útflutningsgjald (¾‰) sé lagt á allan norskan útflutning nema skip, þó ekki á útflutning að verðmæti minna en 13 þús. n. kr. Norges Eksportråd ber ábyrgð á rekstri sjóðsins, en tekjur hans voru 1974 20.4 millj. n. kr. Starfsemi ráðsins fer fram í mörgum deildum og gefa heiti deildanna nokkra hugmynd um þá yfirgripsmiklu og margþættu starfsemi, sem þar fer fram: Stabskontor for spesialoppgaver; Handelspolitisk kontor; Eksportjuridisk kontor; Norges utenrikshandel, sem annast fréttamiðlun innanlands; Avdeling for industriland, sem annast markaðsstarfsemi í Vestur-Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada, þeirri deild er síðan skipt eftir vöruflokkum; Avdeling for stathandelsland,

sem sér um markaðsstarf í Austur-Evrópu og sósíalískum ríkjum Asíu, sú deild skiptist eftir markaðssvæðum; Avdeling for oversjöiske områder, þ. e. viðskipti við ríki í Afríku, Suður-Ameríku, Asíu og Astralíu; Avdeling for markedsdata; Avdeling for toll og statistikk; Presseavdeling, sem sér um fréttamiðlun erlendis, útgáfu tímarita og bæklinga, auglýsingar o. fl.; Eksportörveiledning, sem felur m. a. í sér fræðslustarfsemi ýmiss konar og í tengslum við hana er Norges Eksportskole; Prosjektavdeling, sem m. a. sér um kynningar, þátttöku í vörusýningum og námskeiðum. Auk þess er stjórnunar- og rekstrardeild. Starfslið í Noregi er yfir 100 manns, en þar að auki eru skrifstofur ráðsins í 19 löndum víðs vegar um heiminn með um 60 starfsmenn. Starfsemin erlendis er oft í tengslum við sendiráð Norðmanna á viðkomandi stöðum. Þá hefur ráðið sent menn út af örkinni, sem dvalið hafa 3—4 mánuði á ákveðnum mörkuðum og aflað upplýsinga um tækifæri og komið á viðskiptatengslum við norsk útflutningsfyrirtæki. Þá hefur Norges Eksportråd mikla og góða samvinnu við starfslið norsku utanríkisþjónustunnar heima og erlendis.

Heimildir: Norges Eksportråd (1974). Norges Eksportråd: Årsberetning 1975.

Svíþjóð: Sveriges Exportråd

Sveriges exportråd er rekið sameiginlega af sænska ríkinu og aðilum vinnumarkaðarins. Tók það til starfa 1972 og hefur nú að loknum þriggja ára aðlögunartíma hafið starfsemi af fullum krafti. Ymsar stofnanir, sem fengust við skyld verkefni, hafa sameinast ráðinu og samvinna við sænsku utanríkisþjónustuna verið mikið efld. Skipulag ráðsins er þannig, að stjórn er skipuð fulltrúum atvinnulífsins og opinberra stofnana. Nefnd, kjörin af fulltrúum fyrirtækja í smáiðnaði, er ráðgefandi fyrir stjórn og framkvæmdastjóra um málefni er varða smáiðnaðinn. Skrifstofa ráðsins skiptist í fjórar deildir: Deild, sem sér um framkvæmd einstakra verkefna, markaðsdeild, útflutningsdeild (exportteknisk) og rekstrardeild. Mikið samstarf er við viðskiptafulltrúa í sænskum sendiráðum, verslunarráð og ræðismenn Svía. Árið 1975 voru aðilar að samtökunum 1828. Hlutverk ráðsins er að efla og þróa sænskan útflutningsiðnað með margháttaðri aðstoð. Helstu verkefni eru ráðgjafa- og upplýsingaþjónusta, aðstoð við afmörkuð verkefni, mikið af þeim langtíma markaðsátök. Kostnaður við slík afmörkuð verkefni er greiddur af ríkinu og viðkomandi fyrirtækjum í sameiningu. Þá er fengist við mál eins og söluáætlanir, markaðsspár, tollavandamál o. fl., o. fl. og unnið að lausn þeirra í samvinnu við fyrirtækin. Skipulagðar hafa verið söluferðir með hópa fyrirtækja á valda markaði. Ráðið annast útgáfu kynningarbæklinga og tímarita, skipulag ráðstefna og funda o. s. frv. Fulltrúar ráðsins hafa tekið þátt í undirbúningi samninga, svo sem við EFTA, EBE, GATT o. fl. Samstarf er við ýmsar stofnanir t. d. um lögfræðiaðstoð.

Heimild: Svensk export, nr. 5, 1975.

Danmörk: Eksportfremmerådet

Eksportfremmerådet var stofnað haustið 1975, eftir að viðræður höfðu farið fram milli aðila vinnumarkaðarins og ýmissa opinberra aðila um hvernig best yrðu nýttir þeir fjármunir hjá Danmarks Erhvervsfond (stofnaður 1965), sem ætlaðir eru til eflingar útflutningi. Með stofnun ráðsins var stefnt að því að sameina starfsemi, sem áður hafði verið á margra höndum, og nýta þannig betur þá þekkingu, sem fyrir hendi var. Viðskiptaráðuneytið skipaði tuttugu menn í ráðið, fulltrúa vinnumarkaðarins og ríkisins. Hlutverk ráðsins er að móta stefnu um fjárveitingar úr Erhvervsfonden. Ráðinu til aðstoðar er framkvæmdanefnd (Bevillingsudvalg), sem í eiga sæti sjö manns. Tekur hún til meðferðar og afgreiðir umsóknir um styrki úr sjóðnum. Fulltrúar atvinnulífsins eru í meiri hluta bæði í ráðinu og nefndinni. Fjögur samtök atvinnuveganna stofnuðu í tengslum við þessa starfsemi Erhvervens Eksportfremme Sekretariat, sem er sjálfseignarstofnun, en rekstur hennar styrktur

af viðskiptaráðuneytinu. Annast hún þjónustu við Eksportfremmerådet og Bevillingsudvalget. Helstu verkefnin eru ráðgjafaþjónusta ýmiss konar, skipulagning þátttöku í vörusýningum, kynningum og ráðstefnum, útgáfa kynningarbæklinga, kvikmynda o. s. frv. Einnig er unnið að skipulagningu útflutningsstarfsemi almennt. Við stofnun ráðsins voru lagðar niður ýmsar stofnanir, sem starfað höfðu að svipuðum málaflokkum.

Heimildir: Udenrigsministeriets tidskrift nr. 36. 26. sept. 1975. Industrirådet 1975—1976. Pressemeddelelse: Grosserer-societet, Håndverksrådet, Industrirådet, Landbrugsrådet, okt. 1975.

Finnland: Finlands Utrikeshandelsförbund

Finlands utrikeshandelsförbund er stjórnað af fulltrúum finnska ríkisins og vinnumarkaðarins. Ráðið skipa þrjátíu og átta menn, en níu manna framkvæmdastjórn er í stofnuninni. Hlutverk UF er að stuðla að eflingu utanríkisverslunar Finna, sérstaklega með aukningu útflutnings. Starfsemin er fjármögnuð í sameiningu af finnska ríkinu og aðilum vinnumarkaðarins og er markmiðið með henni:

— að afla, vinna úr og dreifa upplýsingum um erlenda markaði;
— að veita ráðgjafaþjónustu um utanríkisviðskipti;
— að annast framkvæmd verkefna, sem stuðla að auknum útflutningi;
— að kynna framleiðsluvörur finna erlendis.

Upplýsingamiðstöð (informationscentralen), sem hjá starfa um 75 manns, sér um fræðslu- og upplýsingastarfsemi. Reka þeir bókasafn, gefa út skrár yfir vörusýningar, skýrslur um utanríkisviðskipti Finna, halda námskeið og kynningarfundi um margvísleg málefni. Þá sjá þeir um samhæfingarstarfsemi og þjónustu við fastanefndir ráðsins, sem vinna að útflutningsmálum. Upplýsingamiðstöðin starfar í fjórum deildum. Mikið samstarf er milli hennar og viðskiptafulltrúa í sendiráðum Finnlands. Miðstöðin annast framkvæmd ýmissa sérverkefna. Sem dæmi má nefna: að kynna sér möguleika og aðstæður á ákveðnum markaðssvæðum, efla áætlanagerð um útflutning, vera ráðgefandi um ráðstöfun ríkisframlags til eflingar útflutningi og gera tillögur um starfsemi UF. UF gefur út ýmis rit, sem dreift er bæði innanlands og utan. 735 fyrirtæki eiga aðild að samtökunum, sem voru endurskipulögð fyrir fáum árum með þátttöku ríkisins.

Heimild: Finlands utrikeshandelsförbund; Verksamhetsberättelse, 1975.

Sþ. 91. Fyrirspurn [83. mál]

til félagsmálaráðherra um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hversu mikið skerðist að óbreyttu framlag úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna niðurfellingar söluskatts á matvörur á árunum 1978 og 1979?

Hyggst ríkisstjórnin bæta sveitarfélögunum þennan tekjumissi og ef svo er með hvaða hætti?

Nd. 92. Frumvarp til laga [84. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968.

Flm.: Albert Guðmundsson, Ólafur G. Einarsson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

Skilgreining á orðinu bifreið í 2. gr. laganna orðist svo:

Bifreið: Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga, svo og annarra nota, á almennum umferðarleiðum, ef það er gert til hraðari aksturs en 45 km á klst. án verulegra breytinga á því.

Í stað skilgreiningar á dráttarvél í sömu grein laganna komi:

Dráttarvél: Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki og ekki er gert til hraðari aksturs en 45 km á klst. án verulegra breytinga á því.

Vinnuvél: Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til að nota sem vinnutæki og er ekki ætlað til hraðari aksturs en 45 km á klst. án verulegra breytinga á því. Þar með talið: *Jarðýta:* Vélknúið ökutæki á beltum eða hjólum, aðallega gert til losunar og flutnings jarðefna. *Hjólaskófla:* Vélknúið ökutæki á hjólum, aðallega gert til lestunar og flutnings jarðefna. *Námuvagn:* Vélknúið ökutæki á hjólum, sem ekki samrýmist takmörkunum 55. og 56. gr. laga þessara um þunga og breidd ökutækja og er aðallega ætlað til flutninga á jarðefnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur notkun stórvirkra vinnuvéla við mannvirkjagerð aukist verulega og tækin orðið fjölbreyttari og fullkomnari. Við öflun slíkra tækja skiptir öllu máli að ljóst sé í hvaða flokk ökutækja viðkomandi tæki lendi, þar sem á því veltur um gjaldskyldu. Þess eru dæmi, að embættismenn, sem um þessi mál eiga að fjalla, komist að ólíkri niðurstöðu um hliðstæð tæki, en slíkt er með öllu ófært. Notkun námuvagns er torvelduð eða gerð ómöguleg ef skylt er að greiða þungaskatt af slíkum tækjum, enda þótt akstur á þjóðvegum væri óheimill, en dæmi er um að slíkur vagn hafi verið úrskurðaður bifreið, enda þótt akstur á vegum væri ekki heimilaður. Getur það varla verið ætlun löggjafans að koma í veg fyrir notkun stórvirkra vinnuvéla við mannvirkjagerð. Slíkt væri spor aftur á bak.

Hér er því lagt til að nánari skilgreining á ökutækjum verði tekin upp í umferðarlögin til þess að komast hjá þeirri óvissu og ósamræmi, sem hefur átt sér stað og valdið verulegum óþægindum og tjóni.

Þá er einnig lagt til, að hraðaviðmiðun sú, sem notuð er í lögunum í sambandi við bifreiðar, dráttarvélar og vinnuvélar, sé færð úr 30 km í 45 km á klst. Er það í samræmi við breytingar á hraðgengi slíkra vinnuvéla, sem framleiddar eru á síðari árum.

Sþ. 93. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um umboðsmann Alþingis.

Flm.: Ellert B. Schram, Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fram frumvarp til laga um umboðsmann Alþingis.

Greinargerð.

Á þinginu 1970-1971 bar Pétur Sigurðsson alþm. Sjálfstæðisflokksins fram tillögu til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis. Á umliðnum árum hafði þeirri skoðun margoft verið hreyft, að nauðsynlegt væri að setja löggjöf um sérstakan umboðsmann Alþingis. Hafði reyndar áður verið flutt tillaga til þingsályktunar af Kristjáni Thorlacius varaþingmanni Framsóknarflokksins ásamt fleiri þingmönnum sama efnis á þinginu 1966-1967.

Tillaga Péturs var samþykkt sem þingsályktun 19. maí 1972.

Á þinginu 1972-1973 var lagt fram stjórnarfrumvarp um umboðsmann Alþingis. Frumvarpið komst til nefndar í fyrri deild, og skilaði þingnefndin áliti og mælti með samþykkt frumvarpsins. Lengra komst þó málið ekki, og síðan hefur það ekki verið endurflutt. Hins vegar lagði Benedikt Gröndal þingmaður Alþýðuflokksins fram frumvarp til laga um umboðsnefnd Alþingis á þinginu 1976-1977. Það frumvarp var í öllum meginatriðum byggt á fyrrnefndu stjórnarfrumvarpi og nánast eini munurinn sá, að í stað umboðsmanns skyldi kosin umboðsnefnd, sem yrði ein af fastanefndum þingsins.

Megintilgangur beggja þessara frumvarpa var sá sami, þ. e. að koma upp aðila, sem hefði það hlutverk að styðja menn til að ná rétti sínum, hindra stjórnvöld í að beita menn rangindum og stuðla að góðri opinberri stjórnsýslu.

Á yfirstandandi þingi hafa verið fluttar allmargar tillögur um skipun rannsóknarnefnda, sem eiga að hafa það verkefni að taka til athugunar einstök verkefni, fyrirtæki eða stjórnsýslu, sem flutningsmenn telja að rannsaka þurfi, vegna þess að réttur almennings sé fyrir borð borinn. Enginn dómur er lagður á tilgang eða réttmæti þessara tillagna, en vegna þeirra hafa skapast miklar umræður innan þings sem utan um hlutverk slíkra rannsóknarnefnda almennt talað og afstöðu Alþingis í þessu tilliti.

Vitaskuld ber Alþingi að taka til rannsóknar mikilvæg mál, sem almenning varða. Er reyndar beinlínis gert ráð fyrir því í stjórnarskrá lýðveldisins. Athyglisvert er hins vegar hversu sárasjaldan þingið hefur notfært sér rétt þennan. Skýringarnar eru tvímælalaust tvenns konar. Í fyrsta lagi hafa tillögur um skipan rannsóknarnefnda oftast verið af pólitískum toga spunnar og bornar fram af stjórnarandstöðu til að koma höggi á ráðherra eða ríkisstjórn. Þær hefur því oftast dagað uppi eða þær verið felldar. Í öðru lagi stafar tregða þingsins af þeirri yfirgnæfandi skoðun, a. m. k. til skamms tíma, að það væri fremur hlutverk dómstóla að annast slíkar rannsóknir sem sprottnar væru af ásökunum eða grun um saknæmt atferli eða misbeitingu vald. Í reynd hafa menn því mjög virt þá þrískiptingu milli löggjafarvalds, dómsvalds og framkvæmdavalds, sem stjórnarskráin mótast af.

Í seinni tíð hefur mönnum orðið ljóst, að með aukinni stjórnsýslu og víðameira framkvæmdavaldi þyrfti að tryggja betur en áður, að réttur væri ekki brotinn á einstaklingum, að rangindum verði ekki beitt, þótt þau séu ekki beinlínis lögbrot, og að löggjafarvaldið geti haft nánara eftirlit með því, að lögum sé fylgt.

Flestum sem þekkja til starfa Alþingis og þingmanna, er ljóst, að þingið sjálft getur ekki tekið að sér eftirlitshlutverk. Skipun rannsóknarnefnda getur verið háð tilviljunum og pólitískum valdahlutföllum á þingi. Enginn trygging er fyrir því, að réttmætar tillögur um rannsóknir nái fram að ganga, en jafnmiklar líkur til þess, að óraunhæf og tilefnislaus mál verði samþykkt. Erfitt getur verið fyrir alþingismenn að meta hvaða rannsóknarnefndir á að skipa og hverjar ekki, og enginn veit enn hvaða hlutverki slíkar nefndir gegna. Eiga þær að kveða upp dóma í málum, eða eiga þær eingöngu að safna upplýsingum án þess að draga ályktanir? Og hvaða gildi hafa slíkar rannsóknir, ef inn í þær dragast flokkspólitískar deilur og fyrir fram mótaðar skoðanir flutningsmanna á málavöxtum?

Síðast en ekki síst er vart við því að búast, að eins og starfsaðstöðu þingsins er nú háttað og tíma þingmanna, að þeir hafi mikla möguleika til að sökkva sér niður í umfangsmiklar rannsóknir í langan tíma.

Jafnframt því sem fallist er á, að þingið skapi einstaklingum, borgurum, tækifæri til að leita réttar síns með skjótum og áhrifaríkum hætti í málum sem heyra ekki beint undir dómstóla, þá sýnist flutningsmönnum þessarar tillögu heppilegast, að sett verði á stofn embætti umboðsmanns Alþingis. Kemur það tvímælalaust til móts við vaxandi óskir almennings um aukið aðhald að stjórnvöldum, verður farvegur fyrir þau mál, sem nú er talað um að nefndir rannsaki, og auðveldar Alþingi sjálfu að fylgjast með framkvæmd laga.

Hugmyndin um umboðsmann er sótt til Norðurlanda, en þær þjóðir búa við sömu réttarhefð og sams konar stjórnskipan og við Íslendingar. Til frekari útskýringa á hlutverki umboðsmanns, stöðu og starfi vísast til greinargerðar með frumvarpinu frá 1973, sem samin var af Sigurði Gizurarsyni sýslumanni.

Þar eru rakin helstu einkenni umboðsmanns:

Umboðsmaðurinn:

1) starfar í þágu þegna þjóðfélagsins og auðveldar þjóðþingi að veita öðrum stjórnvöldum aðhald;
2) er sjálfstæður bæði gagnvart stjórnvöldum framkvæmdarvalds og þjóðþingi um úrlausn einstakra mála;
3) nýtur virðingar og áhrifa sakir sjálfstæðis, hlutleysis, mikillar þekkingar og sanngirni.
4) tekur við kvörtunum út af rangindum stjórnvalda eða á sjálfur frumkvæði að könnun á atferli stjórnvalda;
5) rannsakar mál á hlutlausan hátt, aflar skjala og vitneskju með skýrslum stjórnvalda og einstaklinga;
6) viðhefur málsmeðferð, sem er skjótvirk, einföld og kostnaðarlítil;
7) hefur ekki vald til að ákveða viðurlög við misgerðum;
8) gefur víðast hvar árlega skýrslu um starfsemi sína;
9) gefur kvartanda skýringu, ef hann vísar kvörtun frá með því að hún er utan verksviðs hans eða ekki á rökum reist;
10) hefur rétt til að skoða skrifstofur, dvalarheimili, fangelsi o. s. frv. til almenns aðhalds eða til rannsóknar einstakra mála;
11) er til aðstoðar hverjum og einum einstaklingi, sem til hans vill leita. Ekkert kostar að bera fram kvörtun við umboðsmann. Kvartandi skal ekki þurfa að útvega sér aðstoð lögfræðings á eigin kostnað. Umboðsmaður fylgir máli hans fram með nægilegum hraða;
12) er almennt athugull um, hvort ekki sé einhvers staðar að finna brotalamir eða ósamræmi í lögum eða reglugerðum, og gerir tillögur til endurbóta.

Nd. 94. Frumvarp til laga [86. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Flm.: Ellert B. Schram.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisútvarpið getur veitt landshlutasamtökum og/eða einstökum sveitarfélögum heimild til að reka sjálfstæðar, en staðbundnar útvarpsstöðvar. Nánar skal kveða á um slíkan útvarpsrekstur í reglugerð, sem háð er samþykki Ríkisútvarpsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er viðurkennd staðreynd, að fjölmiðlar hafa tekið miklum stakkaskiptum á síðustu árum. Krafan um óháðari fréttaþjónustu, opnari umræður og dreifingu valds í þjóðfélaginu hefur stuðlað mjög að þeirri þróun, og dagblöð, útvarp og sjónvarp hafa bæði verið orsök og afleiðing þessara breytinga. Blöð eru smám saman að hrista af sér ok flokkspólitískrar ritskoðunar, útvarp, bæði hljóðvarp og sjónvarp, túlka ekki lengur hlutleysisregluna á þann hátt, að enginn, sem þar kemur fram, megi hafa skoðun, og æ fleiri einstaklingar eru til kvaddir til að tjá sig, bæði í ræðu og riti.

Það tjáningarfrelsi, sem hefur ávallt verið á borði, en er nú raunverulega í orði, hefur gert þjóðfélagið frjálsara og opinskárra. Fjölmiðlar hafa fundið til máttar síns og einstaklingar hafa óspart nýtt sér þessa möguleika. Ábyrgð þeirra er meiri, og áhrifin eru að sama skapi mikil og vaxandi. Augljóst er að áfram mun stefna í frjálsræðisátt og kröfurnar munu vaxa um enn meiri dreifingu þess valds, sem fjölmiðlun felur í sér. Dreifing valds og ábyrgðar á þessum vettvangi leysir úr læðingi viðleitni og áhuga manna til að láta frá sér heyra, miðla öðrum af þekkingu sinni, listagáfum eða umsvifum. Þessi þróun verður ekki stöðvuð og hana má ekki stöðva.

Á síðasta þingi flutti Guðmundur H. Garðarsson alþm. frumvarp til laga um frjálsan útvarpsrekstur. Það frumvarp náði ekki fram að ganga. Það er þó skoðun flutningsmanns, að þess verði ekki langt að bíða, að öllum þorra manna þyki slíkur útvarpsrekstur sjálfsagður. Pólitískir fordómar og þröngsýni koma þó í veg fyrir, að þingið samþykki slíkt frumvarp.

Við umræður um fyrrnefnt frumvarp kom hins vegar í ljós, að almennur skilningur og fylgi virtist vera fyrir því, að settar yrðu á stofn staðbundnar útvarpsstöðvar, sem væru undir stjórn og umsjá heimamanna sjálfra, sveitarstjórna eða samtaka á þeirra vegum. Þessi sjónarmið komu heim og saman við frumvarp til laga, sem flutningsmaður þessa frumvarps lagði fram fyrir nokkrum árum og er nú endurflutt.

Hugmyndin er sú, að slíkar stöðvar verði settar á stofn í hverjum landsfjórðungi, eftir því sem efni standa til. Útvarpað verði tvo til fjóra tíma dag hvern, fluttar fréttir og frásagnir úr heimabyggð, auglýsingar sem fyrst og fremst þjóni viðkomandi héraði, lista- og menningarþættir verði af heimaslóðum, samdir og fluttir af heimamönnum sjálfum. Efni af þeim toga má aftur nota í Ríkisútvarpinu og gagnkvæmt, en almennt séð væru slíkar dagskrár hvati og aðhald fyrir aðrar stöðvar um að gera betur og standast samkeppni. Að slíkum stöðvum yrði ótvíræð þjónusta og kjörinn vettvangur til að koma á framfæri efni, hvort heldur fréttum, skemmti- eða menningarþáttum, sem höfðuðu til viðkomandi byggðarlags öðru fremur.

Rekstur staðbundinna útvarpsstöðva væri undir yfirstjórn Ríkisútvarpsins og í nánu sambandi við höfuðstöðvar þess, en kostnaður yrði að langmestu leyti borinn uppi af hverju byggðarlagi, með auglýsingum, beinum framlögum sveitarstjórna og öðrum styrkjum eftir atvikum.

Samkvæmt núgildandi útvarpslögum hefur Ríkisútvarpið einkarétt á útvarpssendingum. Þetta frumvarp felur í sér, að tekið verði upp heimildarákvæði í gildandi lög um staðbundnar útvarpsstöðvar. Er þá rutt úr vegi fortakslausri löggjöf, sem kemur í veg fyrir að tilraunir hefjist með útsendingar af því tagi, sem hér hefur verið lýst. Í framhaldi af þeirri lagabreytingu verður unnt að útfæra nánar af útvarpsstjóra og útvarpsráði, í samráði við fjórðungsþing eða landshlutasamtök, einstök atriði við framkvæmd þessa ákvæðis.

Sþ. **95. Tillaga til þingsályktunar** [87. mál]

um verklegar framkvæmdir kostaðar af ríkissjóði og á vegum stofnana ríkisins með sjálfstæðan fjárhag.

Flm.: Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að fylgt verði þeirri meginreglu, sem fram kemur í 13. gr. laga nr. 63/1970, að verklegar framkvæmdir kostaðar af ríkissjóði og verklegar framkvæmdir ríkisstofnana með sjálfstæðan fjárhag verði boðnar út á frjálsum verktakamarkaði.

Greinargerð.

Óþarft er að tíunda í greinargerð þessari þá geysilegu fjármuni, sem varið er til hvers konar verklegra framkvæmda hér á landi ár hvert, og er ríkið stærsti aðili hvað það snertir.

Árið 1966 var skipuð nefnd til að fjalla um opinberar framkvæmdir og skilaði hún áliti 1967. Helsta niðurstaða nefndarinnar var sú, að nauðsynlegt væri að undirbúa verklegar framkvæmdir mjög vel, og lagt var til að allar framkvæmdir væru boðnar út.

Lög um opinberar framkvæmdir, nr. 63/1970, voru sett í framhaldi af framangreindu nefndaráliti og öðrum könnunum í því sambandi.

13. gr. þessara laga hljóðar svo:

„Verk skal að jafnaði unnið skv. tilboði á grundvelli útboðs. Ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti, að útboð telst ekki munu gefa góða raun, er heimilt, að fenginni umsögn samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, sbr. 22. gr., að víkja frá útboði, sbr. þó 2. mgr.

Ef tilboð eru óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg, skal verkinu ráðstafað á grundvelli fasts samningsverðs eða eftir reikningi.

Útboðslýsingar, verklýsingar og verksamningar skulu vera í samræmi við áætlun skv. 9. gr.“

Telja verður að víða sé pottur brotinn í þessum efnum. Margar stofnanir ríkisins bjóða svo til ekkert út, og má í því sambandi nefna Vita- og hafnamálastofnunina og Vegagerð ríkisins. Árið 1978 bauð Vita- og hafnamálastofnunin ekkert út og Vegagerð ríkisins smáræði og að því er talið er 3—4% af heildarfjárveitingu til þeirra stofnana.

Í niðurlagi 3. gr. hafnalaga, nr. 45/1975, er kveðið á um að bjóða skuli út, ef hagkvæmt þykir, einstakar hafnarframkvæmdir eða hluta þeirra, en útboð á vegum stofnunarinnar hafa verið mjög fá.

Um allan hinn vestræna heim er meginreglan sú, að verklegar framkvæmdir á vegum ríkja eru boðnar út. Er það gert vegna þess að það er hagstæðara en láta ríkið sjálft framkvæma verk.

Nauðsynlegt er að í lok sérstakra verka sé gerð ítarleg grein fyrir kostnaði, og má í því sambandi benda á eftirfarandi upplýsingar sem ættu að liggja fyrir:

a. Kostnaðaráætlun.
b. Tilboðsverð.
c. Verðbætur.
d. Aukareikningur.
e. Lokaverð.

Hér skal bent á nokkur atriði, sem ótvírætt leiða til þess, að hagkvæmt er að ríkið bjóði út, og atriði, er renna stoðum undir þá fullyrðingu:

A. Alkunna er að hönnun verka, sem boðin eru út, eru betur undirbúin en ella. Hönnuður, sem útbýr verk til útboðs, hefur það hugfast, að aðrir aðilar eiga að fást við framkvæmd og því nauðsynlegt að hafa hönnun sem fullkomnasta.

B. Þegar hönnuðir framkvæma jafnframt verk, má gera ráð fyrir að til undirbúnings sé ekki eins vandað, þar sem þeir vita að þeir eiga sjálfir möguleika á því að breyta án þess að hátt fari og ef til vill oft á tíðum enginn aðili utan stofnunar sem fylgist með.

C. Þegar verk eru boðin út þarf að vera búið að áætla fjárþörf til loka verksins, enda nauðsynlegt til þess að fjárfestingin beri arð sem fyrst. Í þeim tilvikum, sem ríkisstofnanir framkvæma verk sjálfar, er oft á tíðum ekki séð fyrir endann á verkunum, þar sem fjárveitingar eru ekki ákveðnar, og því allt í óvissu um nýtingu fjárfestingarinnar. Reyndar nota stofnanir það sem afsökun fyrir því að bjóða ekki út, að fjárveitingar séu óákveðnar. Í þessu sambandi er spurning um arðsemi fjárfestingar og hvort könnun á þeirri hlið fari yfirleitt fram eða ekki.

Má því gera ráð fyrir að með útboðum sé hægt í auknum mæli að nýta fjármuni ríkisins betur, en það kostar hins vegar það, að fjárveitingavaldið verður að taka af skarið hverju sinni, hvaða verkefni eigi að ráðast í og fullklára og hverjum á að hafna, en ekki byrja á öllu í einu og hafa þar af leiðandi fjármagn í ónýttum mannvirkjum árum saman.

D. Þegar samið hefur verið við tilboðsgjafa liggur fyrir áætlun og tilboðsverð. Við tilboðsverð bætast aðeins hugsanlegar verðbætur og aukareikningar. Aðrir aðilar en verktakar, t. d. stofnun sú, sem lætur framkvæma, eða sjálfstæðir eftirlitsmenn, hafa eftirlit með framkvæmdum verktaka og taka út verk í verklok. Þegar ríkið sjálft framkvæmir verk eða stofnanir þess, er mikið álitamál hvort framkvæmd stenst peningalega. Eru t. d. hækkanir verka á þeirra vegum alltaf vegna verðhækkana eða er illa að verkum staðið? Þessu getur enginn svarað. Hvað um eftirlit og úttekt þessara verka?

E. Það er athyglisvert, að þegar um hefur verið að ræða stórframkvæmdir hér á landi, sem framkvæmdar eru með lánsfé frá alþjóðastofnunum, krefjast þær nær undantekningarlaust að verkin séu boðin út. Þessar stofnanir hafa þrautreyndu starfsfólki á að skipa, sem veit hvað er hagkvæmt. Þessar framkvæmdir, svo sem vegalagning og hafnargerð, hafa gengið mjög vel.

F. Það er almennt álitið, að óhagkvæmt sé að ríkið sjálft eða stofnanir þess framkvæmi verk. Er það bæði gömul speki og ný.

Hætt er við að starfsmenn og tækjakostur verði bundnir um of við hverja stofnun. Mjög erfitt er að draga úr stærð stofnana eftir að þær hafa einu sinni blásið út. Ef dæmi er tekið um t. d. Vegagerð ríkisins, en nú er vilji hjá landsmönnum að gera átak í vegagerð, er ljóst að sú stofnun þyrfti á viðbótartækjakosti að halda. Hætt er við að sá tækjakostur og jafnvel mannafjöldi verði ekki aftur tekinn með góðu móti.

G. Nú á síðari árum hefur risið upp nokkur verktakaiðnaður hér á landi. Hafa íslenskir verktakar sýnt og sannað að þeir hafa reynslu og þekkingu til að ráðast í hin stærri verk, og má í því sambandi benda á vegalagningu umhverfis Reykjavík 1970—1973. Þá eru íslenskir verktakar stórir þátttakendur við gerð Hrauneyjafossvirkjunar enn sem komið er, og hafa Íslendingar stjórnað þeim framkvæmdum.

Það er til hagsbóta fyrir íslensku þjóðina, að hér rísi sterkur verktakaiðnaður, sem er fær um að fást við stærstu verkefni á þessu sviði, í stað erlendra aðila. Verktakar geta flutt mannafla og tækjakost á milli verka og unnið á hinum ýmsu sviðum. Getur t. d. sami verktaki unnið við hafnargerð og vegagerð. Ekkert er því til fyrirstöðu, að þeir aðilar, sem nú vinna hjá ríkinu eða stofnunum þess sem sérfræðingar, hasli sér völl sem starfsmenn verktaka eða sem

sjálfstæðir hönnuðir eða ráðgjafar. Má í þessu sambandi benda á breytingu hjá Hitaveitu Reykjavíkur fyrir um 18 árum í þessa átt.

H. Það hefur komið í ljós á undanförnum árum, að þau tilboð, sem borist hafa í verklegar framkvæmdir, þegar um útboð hefur verið að ræða, eru hagstæð miðað við þær áætlanir, sem hafa verið gerðar.

Ekki skal hér fjölyrt frekar um hagkvæmni þess að bjóða út opinberar framkvæmdir, en fjöldamörg önnur atriði mætti geta um.

Rétt er að taka fram, að þörf er á því að setja reglur um verktöku í þágu ríkisins eða stofnana þess. Verður t. d. að vanda val verktaka þannig að ljóst sé að þeir séu færir um að ráða við þau verkefni, sem þeim eru falin hverju sinni, og er þá athugandi hvort gera eigi lágmarkskröfur eða bjóða verk út eftir forval, þ. e. verktakar, sem bjóða mega, eru valdir hverju sinni.

Telja verður rétt að um þetta verði rætt og samið við aðila verktakaiðnaðarins, þannig að sem bestur árangur fáist.

Ljóst er að þörf er á að skipa þessum málum á farsælan hátt, því mikið er í húfi þar sem stór hluti fjárveitinga ár hvert fer til opinberra framkvæmda.

Nd. 96. Frumvarp til laga [88. mál]

um breyting á lögum nr. 59 frá 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Upphaf 4. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Auk aðaltollhafna eru hafnir í eftirtöldum kaupstöðum og kauptúnum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

1. Borgarnes. 2. Ólafsvík. 3. Grundarfjörður. 4. Stykkishólmur. 5. Patreksfjörður o. s. frv.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1969 voru sett ný lög um tollheimtu og tolleftirlit. Leystu þau af hólmi lög nr. 68 frá 1956 um sama efni. Í 7. gr. laganna eru taldar upp 13 aðaltollhafnir og 20 tollhafnir á landinu öllu. Áður voru aðaltollhafnir ekki taldar upp í lögum. Þær voru ákveðnar og taldar upp í reglugerð, sjá 26. gr. reglugerðar um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 41 frá 13. mars 1957, og hétu þá tollafgreiðsluhafnir. Tollhafnir, aðrar en aðaltollhafnir, höfðu hvorki verið taldar upp í lögum né reglugerð áður.

Aðaltollhöfn er höfn, þar sem för í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hvers konar tollmeðferð vöru má fara fram.

Tollhöfn er höfn, þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur og geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar.

Þéttbýli það, sem nú nefnist Grundarfjörður, hefur ekki enn náð fertugsaldri. Uppbygging kauptúnsins hófst þegar Hraðfrystihús Grundarfjarðar var byggt árið 1941. Síðan hefur byggðin vaxið jafnt og þétt. Nú eru um 700 manns búsettir í kauptúninu. Höfuðatvinnugreinar eru útgerð og fiskvinnsla. Hinn 22. janúar 1977 var ný og glæsileg höfn tekin í notkun í Grundarfirði.

Frumvarp það, sem hér er á ferðinni, breytir gildandi lögum einungis að því leyti, að Grundarfjörður verður tekinn í tölu tollhafna. Verða þær þá alls 21 á öllu landinu. Frumvarpið er flutt að ósk heimamanna.

Sþ. 97. Fyrirspurn [89. mál]

til iðnaðarráðherra um Vesturlínu.

Frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni.

Hvað líður framkvæmdum við háspennlínu frá Hrútatungu í Hrútafirði að Mjólká í Arnarfirði og tengingu Vestfjarða við aðalraforkukerfi landsins fyrir árslok 1979, svo sem ráð var fyrir gert við stofnun Orkubús Vestfjarða?

Ed. 98. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. n. telur að nægilegt sé að fresta gildistöku laganna um 6 mánuði, enda yrði rösklega unnið að þeim skipulagsbreytingum á stjórn verðlagsmála, sem gera þarf. Hann mun þó ekki flytja breytingartillögu, því að ljóst er að málið þarf fram að ganga í dag, þar sem ella taka lögin gildi á morgun.

Minni hl. mun ekki torvelda framgang málsins, enda liggur fyrir skýlaus yfirlýsing hæstv. viðskiptaráðherra þess efnis, að þegar verði tekið til hendinni við undirbúning þess, að lögin geti komið til framkvæmda, en framtíðarskipun verðlagsmálanna er meginatriðið. Í trausti þess, að staðið verði við framangreinda yfirlýsingu, mun minni hl. greiða fyrir því, að málið nái fram að ganga í dag, en sitja hjá við lokaafgreiðslu þess.

Alþingi, 15. nóvember 1978.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Jón G. Sólnes.

Ed. 99. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Meiri hl. nefndarinnar mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Minni hl. nefndarinnar mun gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Ágúst Einarsson.

Alþingi, 15. nóvember 1978.

Jón Helgason, form., frsm. Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr. Karl Steinar Guðnason,

Geir Gunnarsson.

Nd. 100. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Eiður Guðnason, Vilmundur Gylfason, Finnur Torfi Stefánsson.

1. gr.

Við 8. gr. laganna A-lið komi ný málsgrein, er verði 5. málsgrein og hljóði svo:

Húsnæðismálastjórn hefur einnig heimild til að veita lán til byggingar dagvistarheimila í eigu sveitarfélaga, launþegasamtaka og annarra félagslegra aðila, sbr. 3. gr. laga nr. 112/1976. Skal ráðherra með reglugerð setja ákvæði um fjárhæð slíkra lána, lánstíma og tryggingar þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með því frumvarpi, sem hér er lagt fram, er lagt til að húsnæðismálastjórn verði veitt heimild til þess að veita sveitarfélögum, launþegasamtökum og öðrum félagslegum aðilum fé að láni til byggingar dagvistarheimila, jafnt fyrir yngri borgara sem eldri.

Bygging slíkra heimila situr mjög á hakanum í þessu þjóðfélagi, fyrst og fremst vegna fjárskorts ríkissjóðs og sveitarfélaga. Hér er þó um mikið hagsmunamál að ræða, bæði fyrir hið opinbera, atvinnufyrirtækin og síðast en ekki síst fyrir launþegana sjálfa. Mikla nauðsyn ber til að reyna að ráða hér bót á sem allra fyrst.

Mikið vantar enn á þá nauðsynlegu stefnubreytingu sem þarf að verða í dagvistarmálum af hálfu ríkis og sveitarfélaga vegna vaxandi þátttöku kvenna í atvinnulífinu. Litlar sem engar horfur eru á að unnt verði að ráðast í byggingu dagvistarheimila að einhverju marki á næstunni, vegna þess að þröngur fjárhagur ríkis og sveitarfélaga hefur gert það að verkum, að þessu mikilvæga verkefni hefur of oft verið ýtt til hliðar. Þess vegna mun að öllu óbreyttu dragast mjög á langinn að viðunandi lausn fáist þar á, verði ekki til annarra ráða gripið.

Með þessu frumvarpi er lagt til að húsnæðismálastjórn fái heimild til þess að veita framangreindum aðilum lán úr Byggingarsjóði ríkisins til byggingar dagvistarheimila. Til þess verði þó ekki notað það fjármagn, sem Byggingarsjóður hefur undir höndum og notar til lánveitinga vegna íbúðabygginga og kaupa á eldri íbúðum, heldur verði eingöngu miðað við það, að til þess verði notað það fjármagn, sem hann getur aflað sérstaklega í samvinnu við lífeyrissjóðina í landinu með sölu skuldabréfa til þeirra, einkanlega lífeyrissjóða stéttarfélaganna.

Reynslan sýnir að lífeyrissjóðirnir hafa í vaxandi mæli keypt skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins, og hafa nú t. d. á þessu ári keypt skuldabréf af honum langt umfram það, sem lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar frá desember 1977 gerði ráð fyrir. Var þar reiknað með, að sjóðurinn fengi að selja lífeyrissjóðunum skuldabréf fyrir 500 milljónir króna, er hann notaði í almennar lánveitingar, en nú mun hann hafa selt þeim skuldabréf fyrir 800-900 milljónir króna, og er talið að áður en árið er úti hafi hann selt þeim skuldabréf fyrir 1300-1400 milljónir króna.

Vegna þessara auknu skuldabréfakaupa gæti verið um að ræða umframfé, sem ætla mætti að lífeyrissjóðirnir kynnu vel að meta að notað yrði til þess að komið yrði upp þeim félagslegu byggingum, sem dagvistarheimili yngri og eldri borgara eru, og eru mjög í þágu þeirra eigin félagsmanna.

Á þessu yrði síðan að sjálfsögðu framhald eftir því sem þörf krefði á næstu árum og fjárhagur Byggingarsjóðs ríkisins leyfði, þ. e. skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna í þessum sérstaka tilgangi sköpuðu grundvöll fyrir.

Flutningsmenn leggja til, að í reglugerð verði settar nánari reglur um meðferð þessa, og leggja til að m. a. verði Húsnæðismálastofnun ríkisins gert skylt að leggja á það ríka áherslu að fylgjast með og tryggja það, að hönnun og framkvæmd þessara bygginga verði með sem allra hagstæðustum hætti.

Þess skal að lokum getið, að fyrirmynd þessa er sótt til Húsbanka Noregs, en hann hefur um langt skeið veitt fé að láni til byggingar dagvistarheimila, jafnt fyrir yngri sem eldri. Hefur hann frá upphafi verið fyrirmynd sú, sem Íslendingar hafa einna helst leitað til, og í öllu falli virðist liggja beint við að fara nú þá leið á þessu sviði, sem hann hefur farið um langt skeið með ágætum árangri.

Ed. 101. Lög [38. mál]

um breyting á lögum nr. 56, 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

(Afgreidd frá Ed. 15. nóv.)

Samhljóða þskj. 41.

Nd. 102. Frumvarp til laga [91. mál]

um biðlaun alþingismanna.

Flm.: Garðar Sigurðsson, Sverrir Hermannsson, Eiður Guðnason, Ingvar Gíslason, Friðjón Þórðarson, Árni Gunnarsson.

1. gr.

Alþingismaður, sem setið hefur á Alþingi eitt kjörtímabil eða lengur, á rétt á biðlaunum er hann hættir þingmennsku. Biðlaun skal greiða í þrjá mánuði eftir eins kjörtímabils þingsetu, en í sex mánuði eftir þingsetu í 10 ár eða lengur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda þau einnig um þá sem létu af þingmennsku við síðustu alþingiskosningar.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var þingfararkaupsnefnd sammála um að hér væri um réttlætismál að ræða og samþykkti að beita sér fyrir framgangi þess á þessu þingi. Allir opinberir starfsmenn njóta uppsagnarfrests. Síðan 1955 hafa og verið í gildi ákvæði um biðlaun ráðherra. Ætlast er til að þessi ákvæði laganna taki til þeirra þingmanna, sem létu af þingmennsku við síðustu alþingiskosningar.

Nd. 103. Frumvarp til laga [92. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 59/1978.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Einar Ágústsson, Garðar Sigurðsson, Vilmundur Gylfason, Jósef H. Þorgeirsson, Skúli Alexandersson.

1. gr.

Á eftir h-lið 39. gr. laganna komi nýr stafliður, i, er orðist svo:

Að greiða ferðastyrki til psoriasissjúklinga, sem nauðsynlega þurfa, að mati sérfræðinga, að njóta loftlagsmeðferðar, sem komi í stað sjúkrahúsvistar.

Tryggingaráð setur nánari reglur um úthlutun styrkja, fjölda styrkþega og upphæð ferðastyrks. Fjöldi styrkþega skal ákveðinn í samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisstofnun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 39. gr. almannatryggingalaga, nr. 67/1971, er greint frá hlutverki súkratryggingadeildar Tryggingastofnunar í 6 stafliðum, a-f. Með lögum nr. 59/1978 var bætt inn nýjum stafliðum, þannig að stafliðirnir eru nú 8, a-h. Með þessu frv. er lagt til að bæta við nýjum staflið, i.

Í samtökum psoriasis- og exemsjúklinga eru um 600 manns, en talið er, að milli 60 og 70 psoriasissjúklingar séu haldnir þeim sjúkdóm á svo háu stigi, að þeir þurfi að vera reglulega í meðferð á húðsjúkdómadeild Landsspítalans. Þessir sjúklingar þurfa að dvelja þar frá þrem til fimm vikur í einu — og sumir dvelja þar oftar en einu sinni á ári.

Daggjald á sjúkrahúsi fyrir þessa sjúklinga er um 30-35 þúsund kr. á dag. Má því ætla, að hér sé ekki um minni kostnað vegna sjúkrahúsvistar þeirra að ræða en 70-100 millj. kr. á ári.

Fyrir psoriasissjúklinga hefur það reynst ótrúlega mikil lækning að breyta um loftslag, sérstaklega að komast í sól, og telja læknar það eitt af því besta sem hægt er að gera fyrir þessa sjúklinga, en enn þá hefur ekki fundist nein lækning, sem vinnur á þessum sjúkdómi.

Benda má á að þeir, sem eru með þennan sjúkdóm á háu stigi, standa mjög höllum fæti fjárhagslega, því sjúkdómurinn veldur verulega skertri starfsorku. Þess vegna er það oft þetta fólk, sem ekki getur veitt sér þá mikilvægu hjálp sem það er að komast í annað loftslag.

Samtök psoriasis- og exemsjúklinga hafa lengi barist fyrir því, að þessum sjúklingum yrði veittur ferðastyrkur til slíkra ferða, sem þá leiddi til þess, að þeir ekki þyrftu að leggjast inn á sjúkrahús í meðferð.

Gert er ráð fyrir að tryggingaráð setji nánari reglur um úthlutun styrkja, upphæð ferðastyrks og fjölda styrkþega, auk þess sem styrkirnir væru aðeins fyrir þá, sem annars þyrftu að leggjast inn á sjúkrahús, og samráð haft um það við húðsjúkdómalækna.

Hér er aðeins um að ræða 60-70 manns, að sögn Félags íslenskra húðlækna, sem árlega þyrftu að njóta þessarar fyrirgreiðslu, og benda þeir á, að sú meðferð, sem psoriasissjúklingar fá á sjúkrahúsi, komi ekki að sama gagni fyrir þá og dvöl í sólarlöndum. Auk þess benda þeir á, að þetta mundi létta verulega á starfsemi húðlækningadeildarinnar, og yrði þá mögulegt að taka inn sjúklinga með aðra húðsjúkdóma en psoriasis, en þeir hafa hingað til oft setið á hakanum.

Ekki er ráð fyrir gert með þessu frv., að greiddur verði allur kostnaður, sem af slíkri ferð leiddi, heldur aðeins að sú aðstoð yrði veitt sem tryggði að sjúklingum þessum yrði gert kleift að fara slíka ferð, t. d. með því að greitt væri ca. 50% af ferðakostnaði eða um 150 þúsund kr. fyrir hvern sjúkling á ári á núgildandi verðlagi.

Reynslan hefur sýnt, að slík ferð veitir miklu varanlegri bata en meðferð á sjúkrahúsi. Ljóst er af framansögðu að sjúkrahúsvist þessara sjúklinga yrði þjóðfélaginu margfalt dýrari en styrkur til slíkrar ferðar.

Rétt er einnig að geta þess, að lög um slíka styrki til psoriasissjúklinga hafa verið samþykkt í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi.

Sþ. **104. Tillaga til þingsályktunar** [93. mál]

um endurskipulagningu á olíuverslun í landinu.

Flm.: Árni Gunnarsson, Gunnlaugur Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 5 manna nefnd til að gera tillögur um endurskipulagningu á innflutningi á olíuvörum og dreifingu þeirra um landið. Nefndin hafi það verkefni að tryggja fyllstu hagkvæmni í innkaupum, sölu og dreifingu á olíuvörum innanlands, svo þær geti jafnan verið á boðstólum á lægsta verði til notenda. Nefndin hraði störfum sínum eftir mætti og skili tillögum til ríkisstjórnar og Alþingis eigi síðar en 1. ágúst 1979. Æskilegt væri, að nefndin beindi athygli sinni einkum að eftirfarandi atriðum: 1. Hugsanlegri einkasölu ríkisins á olíuvörum. 2. Sameiningu olíufélaganna. 3. Aðhaldi í rekstri félaganna og meira frjálsræði í olíuinnflutningi, er gæti aukið samkeppni í olíukaupum og olíudreifingu.

Greinargerð.

Þrjú stórfyrirtæki annast nú olíuverslun í landinu. Þeim hefur verið skylt að versla nær eingöngu við Sovétríkin á grundvelli samninga, sem ríkið hefur gert. Þeim hefur verið óheimilt að gera olíukaup annars staðar frá, nema sérstaklega hafi staðið á. Í raun hafa þessi fyrirtæki hlotið einokunaraðstöðu og í skjóli hennar haft nána samstöðu um tiltekna þætti þessara viðskipta, svo sem um verðlagningu og sölufyrirkomulag.

Olíufélögin hafa byggt upp þrefalt olíudreifingarkerfi um allt land. Hið margfalda dreifikerfi blasir víða við augum, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli, á stöðum þar sem augljóslega væri fullnægjandi einn birgðageymir og ein dreifingarstöð. Það óhóf og skipulagsleysi, sem ríkt hefur í staðsetningu bensínstöðva, t. d. í Reykjavík og nágrenni, liggur í augum uppi. Sama gildir um landsbyggðina, þar sem olíufélögin eru með marga bensíngeyma hlið við hlið. Þetta sýnir bruðl og óhagkvæmni í bensíndreifingunni. Þarna eru ekki lagðar til grundvallar raunverulegar þarfir viðskiptamanna, heldur viðskiptalegt kapphlaup, sem hlýtur að leiða til hækkunar á bensín- og olíuverði, sem öllum þykir þegar of hátt.

Svipaða sögu má segja um dreifingu á olíu til húshitunar. Hið þrefalda sölukerfi í smáum og stórum byggðarlögum er engum til gagns, nema kannske fyrirtækjunum sem dreifinguna annast.

Ekki verður heldur komið auga á hagræði hins þrefalda dreifikerfis fyrir sjávarútveg, iðnað, landbúnað og annan rekstur, nema síður sé. Þvert á móti bendir margt til þess að það hafi einnig í för með sér aukin útgjöld í hækkuðu söluverði.

Þá má minna á staðsetningu hinna stóru birgðageyma um landið á vegum olíufélaganna og olíuflutningana til Íslands og um landið. Ýmislegt bendir til að einnig í þeim efnum mætti koma á meiri hagkvæmni, sem leiddi til lækkaðs olíuverðs.

Í tillögu þessari er bent á þrjú atriði, sem nauðsynlegt er að kanna og gætu leitt til endurbóta á þessum málum.

Alþýðuflokkurinn hefur á undanförnum árum gagnrýnt fyrirkomulag olíudreifingar í landinu og komið fram með tillögur og ábendingar um, hvernig þessum málum yrði betur fyrir komið. Í ríkisstjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks var gerð rannsókn á vissum þáttum þessa máls.

Á 93. löggjafarþingi var lögð fram tillaga svipaðs eðlis og þessi. Í henni var gert ráð fyrir að Alþingi kysi sjö manna nefnd til að gera tillögur að endurskipulagningu þessara mála. Tillögunni var vísað til atvinnumálanefndar, en þar náðist ekki samkomulag um hana. Meiri hluti nefndarinnar gerði það að tillögu sinni, að

málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Síðan hefur ekkert gerst og málið ugglaust dagað uppi í einhverri glatkistunni.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu vilja benda á samstarfsyfirlýsingu núverandi rkisstjórnar, þar sem m. a. segir orðrétt: „Skipulag olíusölu og vátryggingarmála verði endurskoðuð og leitað hagræðingar."

Það er ákveðin og eindregin skoðun flutningsmanna, að hér á landi mætti lækka talsvert verð á hvers konar olíuvörum með meiri hagræðingu. Það er nánast fráleitt, að hér skuli starfa þrjú olíufélög, sem hafa það eitt hlutverk að dreifa olíu, sem öll er keypt í einu lagi fyrir milligöngu ríkisins. Hinn þrefaldi rekstur eykur allan dreifingarkostnað og sá kostnaður leggst á olíuverð til almennings.

Ed. 105. Frumvarp til laga [94. mál]

um fuglaveiðar og fuglafriðun.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978).

I. KAFLI
Um veiðirétt og stjórn friðunar- og veiðimála.

1. gr.

Með fuglaveiðum er í lögum þessum átt við þann verknað, er felst í því að handsama eða drepa villta fugla. Þar sem rætt er um rétt til fuglaveiða í lögunum, er þó einnig átt við rétt til eggjatöku.

2. gr.

1. Landeiganda einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra í landareign sinni, nema lög mæli öðruvísi fyrir.
2. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá ábúðinni réttur til fuglaveiða, nema öðruvísi semjist og ráðherra samþykki.
3. Eigi má skilja rétt til fuglaveiða að nokkru eða öllu leyti við landareign fyrir fullt og allt. En leyfilegt skal að skilja rétt til fuglaveiða við landareign um tiltekið tímabil, er eigi má vera lengra en 10 ár í senn.

3. gr.

1. Nú er landareign í óskiptri sameign, og eru þá landeigendum öllum fuglaveiðar jafnheimilar í þeirri landareign í réttu hlutfalli við afnotarétt lands, nema samkomulag verði um aðra skipan.
2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá hver sameigandi fuglaveiðar á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmæta skipan.

4. gr.

1. Á landi skulu fuglaveiðum ráða rétt landamerki jarðar hverrar.
2. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hver fuglaveiðar í miðjan farveg.
3. Nú liggur landareign að sjó, og á þá landeigandi fuglaveiðar á haf út, 115 m frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans. Ef firðir, vogar eða sund, sem eigi eru 230 m á breidd, skipta landareignum, þá á hver landeigandi fuglaveiðar út á miðjan fjörðinn, voginn eða sundið.
4. Nú liggur landareign að stöðuvatni, og á þá landeigandi fuglaveiðar 115 m út frá bakka þess (netlög), og skal jafnan miða við lágflæði í vatni. Ef stöðuvatn er merkivatn og er eigi 230 m á breidd, þá skal miðlína þess ráða fuglaveiðum.
5. Nú liggja eyjar, hólmar eða sker í sjó eða stöðuvötnum undir landareign, og fylgja þeim þá netlög sem áður segir.

5. gr.

1. Landeigendum, sem land eiga að stöðuvatni, eru einum heimilar fuglaveiðar í almenningi vatnsins, og eru þær þeim öllum jafnheimilar. Sé forn venja til þess, að réttur til fuglaveiða í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, skal sú venja gilda eftirleiðis.
2. Öllum íslenskum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra.
3. Öllum íslenskum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í íslenskri landhelgi utan netlaga lögbýla. Landhelgi er talin í lögum þessum með sama hætti og í 6. gr. laga nr. 82/1969.

6. gr.

Fastráðnum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands skal heimilt að veiða fugla og safna eggjum handa stofnuninni, hvar sem er, og án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda viðvart fyrirfram og sýni skilríki sín, verði því við komið.

7. gr.

1. Menntamálaráðuneytið hefur yfirumsjón allra mála er varða fuglaveiðar og fuglafriðun.
2. Til aðstoðar ráðuneytinu um stjórn þeirra er fuglafriðunarnefnd. Menntamálaráðuneytið skipar nefndina til fjögurra ára í senn og skal hún skipuð 5 mönnum. Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hins íslenska náttúrufræðifélags, annar samkvæmt tilnefningu Fuglaverndarfélags Íslands, þriðji samkvæmt tilnefningu dýrafræðideildar Náttúrufræðistofnunar Íslands, fjórði samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, en einn skal skipaður án tilnefningar. Menntamálaráðuneytið skipar formann nefndarinnar.
3. Tillagna fuglafriðunarnefndar skal leitað við setningu reglugerða og annarra ákvæða um fuglaveiðar og fuglafriðun. Nefndin gerir tillögur til ráðuneytisins um hvað eina, er hún telur ástæðu til, í sambandi við þau mál.
4. Ísland er aðili að alþjóða-fuglaverndarráðinu (The International Council for Bird Preservation), og skal fuglafriðunarnefnd koma fram fyrir Íslands hönd í þeim samtökum.
Okkur hefur borist bréf þitt frá 7. mars s. l., varðandi endurskoðun á lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Þar sem ekki hefur gefist tækifæri til að fjalla um málið á stjórnarfundum SÍN, verða hér aðeins dregin fram fáein atriði, sem fremur mega kallast almenns eðlis.

1. Yfirleitt er það skoðun manna í náttúruverndarfélögunum, að raunhæf fuglavernd verði best tryggð með því að vernda varpstaði og fæðustaði fuglanna o. s. frv., t. d. með því að vernda votlendi og tjarnir fyrir framræslu og hindra mengun af ýmsu tagi, ekki síst olíumengun í sjó og vötnum.
2. Fuglaveiðar (einkum rjúpnaveiðar) eru víða orðnar vandamál í grennd við þéttbýlisstaði, þar sem segja má að enginn geti gengið um óhultur fyrir skotum. Landeigendur og sveitarstjórnir hafa víða reynt að takmarka veiðarnar, en með misjöfnum árangri. Veiðimenn skálka í skjóli heimildar 5. greinar, 2. málsgr. (bls. 2) um rétt til veiða á afréttum og almenningum. Virðist því koma til greina að þrengja þessi ákvæði, þannig að sveitarstjórnir geti temprað þessa ásókn eða bannað hana.
3. Sama er að segja um veiðar á sjófuglum, sem víða fara fram uppi í landsteinum, svo jafnvel fjöruskoðendur eru ekki óhultir. Virðist ekki óeðlilegt að sveitarstjórnir og sýslunefndir gætu sett takmarkanir við sjófuglaveiðum innfjarða.
4. Samtökin eru mótfallin hvers konar fugladrápi með hjálp eiturefna eða svæfingarefna.
5. Varðandi friðun einstakra tegunda, þá mætti gjarnan stytta veiðitíma rjúpu, með því að færa hann aftur til 1. nóv., a. m. k. á lágmarkstímum stofnsins. Reyndar telja margir æskilegast að rjúpan sé alfriðuð á lágmarksárunum. Þá mætti athuga hvort ekki sé ástæða til að leyfa skot á álftum, a. m. k. á vissum landssvæðum.

Með bestu kveðju.
F. h. SÍN,

Helgi Hallgrímsson.

Fylgiskjal VIII.

STÉTTARSAMBAND BÆNDA Reykjavík, 5. maí 1977.

Stjórn Stéttarsambands bænda hefur á tveim fundum, þann 22. apríl og 4. maí, rætt erindi nefndar sem endurskoðar lög nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun dags. 7. mars 1977.

Stjórn Stéttarsambands bænda vill hér með benda á nokkur atriði þar sem hún telur að breytinga sé þörf.

I. Í fyrsta kafla laganna verði gerð skýrari ákvæði um rétt almennings til veiða á afréttum og almenningum en nú er. Það hlýtur að vera annar réttur á

afréttum sem eru í einkaeign, og ættu eigendur þeirra ekki að þurfa að sanna eignarrétt sinn í hverju einstöku tilfelli, því með lögum nr. 42 frá 12. maí 1969 6. gr., er sýslumönnum gert að halda afréttaskrá, þar sem fram komi mörk afrétta, hverjir séu eigendur afrétta sem eru í einkaeign, og hvaða jarðir eigi upprekstrarrétt og þar með veiðirétt á tilteknum afréttum.

II. Fækkun tiltekinna tegunda vargfugla ætti að heyra undir landbúnaðarráðuneytið, og þar með vera í umsjá veiðistjóra og trúnaðarmanna hans, sbr. núgildandi lög um eyðingu svartbaks.

III. Verði ekki sett skýr ákvæði um að fækkun vargfugla heyri undir landbúnaðarráðuneytið, og embætti veiðistjóra, er lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á öðrum kafla laganna.

11. gr.

III. 1. Nú valda fuglar verulegu tjóni á búfé, ræktuðu landi veiðivötnum og ám, fiskiræktarstöðum, varplöndum eða á öðrum hliðstæðum nytjum, og eru þá friðunarákvæði laga þessara ekki til fyrirstöðu því, að ráðuneytið geti veitt veiðistjóra og trúnaðarmönnum hans, leyfi til að veiða slíka fugla á hvaða tíma árs sem er. Ennfremur getur ráðuneytið, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt einstökum handhöfum fuglaveiðiréttar tímabundið leyfi til að veiða slíka fugla á hvaða tíma árs sem er.

Undanþáguheimildir þessar taka þó eigi til sjaldgæfra tegunda, svo sem arnar, fálka og snæuglu.

22. gr.

Við bætist fjórði liður:

III. 2. Veiðistjóra og trúnaðarmönnum hans er heimilt að nota net til fuglaveiða þegar þeim er veitt heimild samkvæmt 11. gr.

23. gr.

Við bætist þriðji liður:

III. 3. Veiðistjóra og trúnaðarmönnum hans er heimilt að nota gildrur, rakettu og fellinet til fuglaveiða þegar þeim er veitt heimild samkvæmt 11. gr.

Við 25. gr. bætist.

III. 4. Veiðistjóra og trúnaðarmönnum hans er, með samþykki eiturefnanefndar, heimilt að nota svæfandi lyf, í sambandi við fækkun tiltekinna tegunda, svo sem svartbaks, hrafns, kjóa, þegar þeir veiða samkvæmt heimild 11. greinar.

Virðingarfyllst,
f. h. Stéttarsambands bænda,
Gunnar Guðbjartsson.

Til endurskoðunarnefndar laga nr. 33/1966,
c/o Runólfur Þórarinsson,
Menntamálaráðuneytinu,
Hverfisgötu 6,
Reykjavík.

Fylgiskjal IX a.

ÆÐARRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Tillögur til breytingar á fuglafriðunarlögunum.

7. gr.

3. töluliður. Til viðbótar því er þar stendur ætti að koma: Einnig er fuglafriðunarnefnd skylt að veita viðkomandi ráðuneyti upplýsingar um hvað áhrifaríkast mætti verða til fækkunar flugvargi en eflingar æðarvarpi í landinu.

8. gr.

2. tl. c-liður, skúmur. Lagt er til að skúmur sé réttdræpur í eða við æðarvarp þar eð hann hefur gert stórtjón í æðarvarpi með ungadrápi.

9. gr.

1. tl. Lagt er til að setningin: „Á sama tíma má eigi án leyfis varpeiganda leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en ¼ km frá stórstraumsfjöruborði", verði felld niður en í staðinn komi: Óheimilt er að leggja grásleppu- eða rauðmaganet á grynnra vatni en 10 föðmum við grunnenda, miðað við stórstraumsfjöru, á tímabilinu frá 15. apríl til 15. júní ár hvert. Gildir það fyrir allt landið. Sýslumönnum er skylt að láta löggæslumenn sína fylgjast með að þessum ákvæðum sé hlítt.

11. gr.

Til viðbótar 1. tölulið komi: Nú hefur örn eða fálki, nema hvorttveggja sé, komið í æðarvarp, skal þá varpeigandi kveðja nágranna sína á vettvang til að líta á og meta það tjón er umræddir fuglar hafa valdið, getur þá varpeigandi lagt fram skaðabótakröfu á hendur ríkissjóði.

23. gr.

Lagt er til, að veiðistjóra eða trúnaðarmönnum hans sé heimilt að nota fellinet og gildrur til veiða á flugvargi s. s. svartbak, sílamáfi, silfurmáfi og hrafni. Þessum veiðitækjum sé einkum beitt í nánd við sorphauga og fiskiðjuver.

25. gr.

Lagt er til að málsgreinin: „Að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar", verði felld niður, í þess stað komi: Getur ráðuneytið þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, að því er varðar notkun svæfandi lyfja, í sambandi við eyðingu tiltekinna tegunda flugvargs s. s. svartbaks, síla- og silfurmáfs og hrafns. Framkvæmd þessara veiða sé þó aðeins gerð af veiðistjóra eða trúnaðarmönnum hans. Til þessara veiða séu notuð fljótvirk lyf, sett í loðnu, síldarbita, kjöt eða fiskhakk.

Skylt er veiðimönnunum að vaka yfir veiðisvæðinu og fylgjast vel með því er þar fer fram.

37. gr.

Refsiákvæði og réttarfar.

Ný málsgrein komi til viðbótar og verði 4. töluliður þessarar greinar. Skylt er fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, að greiða bætur fyrir sannanlegt tjón er örn og fálkar valda í æðarvarpi, sbr. tillögu til breytingar á 11. gr. fuglafriðunarlaga, og vísast því þar til.

Greinargerð.

7. gr.

Árið 1973 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til að gera tillögur um eyðingu flugvargs, sem árlega veldur stórtjóni í æðarfuglastofninum með stórfelldu æðarungadrápi og spillandi æðarvarpi. Formaður nefndarinnar var dr. Finnur Guðmundsson fuglafræðingur. Lítið raunhæft kom frá nefnd þessari en flugvarginum fjölgar ár frá ári til stórtjóns í varplöndum og veiði í ám og vötnum.

Stjórn Æðarræktarfélags Íslands átti fund með téðri nefnd og þar sem nefndin hafði engar raunhæfar tillögur fram að færa lagði stjórn Æ. Í. til að veiðistjóra væri falið að sjá um fækkun flugvargsins með svefnlyfjum og öðrum tiltækum ráðum. Sér til aðstoðar skyldi veiðistjóri ráða nokkra trúverðuga menn til að framkvæma þau ákvæði er sett yrðu í reglugerð þessu viðkomandi.

Með framkvæmd þessarar tillögu taldi stjórn Æ. Í. þrennt vinnast: a) Með þessu móti yrði hægt að stórfækka flugvargi. b) Mörgum nýjum varpstöðvum yrði komið upp svo dúntekja í landinu mundi stóraukast, og c) Með því að ábyggilegir menn yrðu fengnir til að vinna að framkvæmd þessara mála og á þann hátt er stjórn Æ. Í. leggur til, á að vera tryggt að hvorki aðrir fuglar, s. s. örn eða fálkar eða önnur dýr bíði tjón af þessum veiðum. Dr. Finnur vildi ekki fallast á þessa tillögu svo enn fjölgar varginum stórlega í landinu.

8. gr.

Í tvö sumur hefur skúmur komið í æðarvarpið á Mýrum í Dýrafirði og drepið mikinn fjölda af ungum. Þessi fugl er afar var um sig svo enn hefur ekki tekist að ná honum. Takist að veiða hann er viðkunnanlegra að það sé leyfilegt og lögum samkvæmt.

9. gr.

Þessa grein teljum við gagnslausa, til verndar æðarfugli, eins og hún er nú. Heimkynni æðarfuglsins að vetrinum eru aðallega út til nesja enda æti þar nóg á skerjum og hleinum, sem brimið sverfur af og fuglinn síðan tínir upp. Það er ekki fyrr en um miðjan apríl sem hann fer að halda til varpstöðvanna og þá fer hann meðfram landinu í smáhópum tínandi æti á leiðinni. Séu þá grásleppunet á leið hans á grunnsævi er honum mikil hætta búin. Það er háttur hans á þessum ferðum að þegar einn kafar eftir æti kafar allur hópurinn um leið. Þannig getur heill hópur lent á sömu netatrossunni.

Það er fengin reynsla fyrir því að svona lagað kemur ekki fyrir liggi netin á djúpu vatni, 10—20 föðmum, en grásleppan veiðist engu síður en upp við landsteina en þá er æðarfuglinum borgið. — Venjulega er fuglinn kominn að varplandinu um mánaðamót apríl—maí og flestir komnir á hreiður í byrjun júní, þegar hann svo yfirgefur varplandið er minni hætta á að hann lendi í netunum þó þau séu á grynnra vatni en 10—20 föðmum.

11. gr.

Ég hygg að það hafi verið í september 1975, að blöðin birtu mynd af Íslandi með hreiðrum arnarinnar merktum inn á myndina. Þar sýndi það sig að örnin velur sér búsetu sem næst varpstöðvum æðarfuglsins, þarf ekki skarpskyggni til að sjá af hvaða ástæðum hún gerir það. Þar á hún stutt til góðra fanga enda notfærir hún sér það oft. Þar sem örn sækir í æðarvarp sér þess fljótt merki í fækkun hreiðra og minni dún, þá þarf ekki mörg ár til að fuglinn sópist í burtu og komi aldrei framar í það varpland, munu ýmsir Breiðfirðingar geta borið um það. Með því að kveðja nákunnuga menn á vettvang, eftir að örn eða fálki hafa komið í varpið, er hægt að meta skaðann af töluverðri nákvæmni og bera vitni með þeim sem fyrir skaðanum hefur orðið.

Ríkisvaldið bannar að drepa þennan varg, því er það réttlætiskrafa að ríkið beri ábyrgð á þessum alidýrum sínum og greiði það tjón sem þau valda.

23. gr.

Þessi grein þarf í rauninni ekki greinargerðar við svo augljóst er og sjálfsagt að leyfa og nota þessi tæki — fellinet og gildrur — undir stjórn veiðistjóra og trúnaðarmanna hans.

25. gr.

Hér má vísa til greinargerðar við 7. gr. fuglafriðunarlaga. Þar er sýnt fram á, að eigi að nást árangur í fækkun flugvargs verður löggjafinn að halda fuglafriðunarnefnd utan við ákvæði þessarar greinar.

Í greinargerð við 7. gr. fuglafriðunarlaganna er bent á þá einu raunhæfu leið, sem hægt er að fara til að ná umtalsverðum árangri í fækkun flugvargs án þess að aðrar dýrategundir bíði tjón af, vísast því þar til.

Goðatúni 7, Garðabæ, 18. apríl 1977.

Gísli Vagnsson.

Fylgiskjal IX b.

Til endurskoðunarnefndar fuglafriðunarlaga.

Tillögur um breytingar á fuglafriðunarlögum og viðbót.

II. kafli 8. gr. Við bætist aðrar máfategundir og skúmur.

9. gr. Í stað ¼ km komi: 2 km, og til viðbótar komi: Eigi má leggja grásleppunet á minna en 12 faðma dýpi.

XI. kafli 37. gr. Í stað 500—1 500 kr. komi: 15 000—50 000 kr. sé um æðarfugl eða fáséða fugla að ræða.

Reykjavík, 24. maí 1977.

Frá stjórn Æðarræktarfélags Íslands.

Fylgiskjal X.

Reykjavík, 19. apríl 1977.

Hr. Runólfur Þórarinsson,
menntamálaráðuneytinu,
Hverfisgötu 6,
Reykjavík.

Varðandi endurskoðun laga nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Stjórn Náttúruverndarfélags Suðvesturlands vill bera fram eftirfarandi breytingartillögur á fyrrgreindum lögum.

Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

20. gr. — Viðauki: Að bannað verði að nota, selja og skrá sjálfvirkar haglabyssur til fuglaveiða, nema að þeim væri breytt þannig að einungis sé hægt að skjóta úr þeim tveimur skotum. Einnig að bannað verði að nota hvers konar riffla til fuglaveiða (m. a. vegna þeirrar hættu er mönnum og fénaði stafar þar af).

Að 24. gr. verði felld niður. — Næga undanþágu til fuglaveiða utan lögbundins veiðitíma er að finna í 11. gr.

25. gr. — Viðauki: Eigi skal leyfa notkun eiturs né svæfandi lyfja til útrýmingar fugli án þess að áður hafi farið fram fullnægjandi rannsóknir á hvers konar áhrifum slíkra aðferða.

Einnig hvetjum við til þess að gerðar verði umfangsmiklar og fjölþættar vistfræðirannsóknir á æðarfugli, svartbaki og hrafni og samspili tegundanna sín í milli. Kostnaður slíkra athugana væri greiddur af sveitarfélögum, hinu opinbera og að vissum hundraðshluta tekna af útflutningsverðmæti æðardúns yrði varið til rannsóknanna.

Stjórnun fuglaveiða.

Að menntamálaráðuneytið hlutist til um gerð reglugerðar er varðar stjórnun fuglaveiða, þar sem tekið er tillit til eftirfarandi atriða.

1. Skipting veiðisvæða (t. d. eftir hreppum, sýslum eða fjórðungum) ásamt yfirliti yfir eignarrétt og nýtingar þeirra.
2. Að hverjum veiðimanni verði skylt að gefa upp veiði (tegund, fjölda, kyn o. s. frv.) á þar til gerðum eyðublöðum. Þessum veiðiskýrslum væri síðan skilað til Náttúrufræðistofnunar Íslands.
3. Að menntamálaráðuneytið hlutist til um að félagssamtök eða aðrir aðilar standi fyrir námskeiðum um notkun og meðferð á skotvopnum, fuglafriðun og náttúruvernd. Einnig að hert verði á reglum um byssuleyfi.

F. h. Náttúruverndarfélags Suðvesturlands.

Unnur Skúladóttir.

Fylgiskjal XI. a.

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ

Endurskoðunarnefnd laga nr. 33/1966
b. t. Runólfs Þórarinssonar
Menntamálaráðuneytinu. 13. desember 1977.

Vísað er til erindis nefndarinnar frá 19. október og 3. nóvember varðandi frekari takmarkanir á hrognkelsaveiðum.

Ráðuneytið sendi erindi þetta til umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar og fylgir hér með ljósrit af bréfi stofnunarinnar, dags. 6. desember s. l.

Með tilvísun til þeirra upplýsinga og álits, sem fram kemur í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, er ráðuneytið mótfallið þeim takmörkunum á hrognkelsaveiðum, sem í erindi nefndarinnar greinir.

Hins vegar bendir ráðuneytið á, að mjög hefur verið að undanförnu aukið eftirlit og rannsóknir á hrognkelsaveiðum sbr. reglugerð 66/1977, um grásleppuveiðar, en í þeirri reglugerð eru grásleppuveiðar gerðar leyfisbundnar og skýrsluskyldar. Telur ráðuneytið að nú séu skilyrði til að rannsaka, hversu mikil brögð séu á því, að æðarfugl drepist í hrognkelsanetum. Komi í ljós, að mikið af fugli drepist í netum nærri vörpum, sem nytjuð eru, er möguleiki á því að takmarka veiðarnar á þeim svæðum.

F. h. r.
e. u.

Jón B. Jónasson.

Fylgiskjal XI b.

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN
Skúlagata 4

Reykjavík, 6. des. 1977.

Sjávarútvegsráðuneytið
Lindargötu 9
Reykjavík

Ég vísa í bréfi ráðuneytisins dags. 18. nóv. s. l. varðandi endurskoðun um fuglaveiðar og fuglavernd.

Hjálagt sendi ég athugasemdir Vilhjálms Þorsteinssonar um málið, en hann hefur sem kunnugt er fengist við rannsóknir á hrognkelsum að undanförnu. Vilhjálmur telur að stækkun á friðunarsvæði fyrir æðarfugl upp í 2 km radíus myndi skerða mjög hrognkelsaveiðar annarra en landeigenda og að ógerlegt sé að banna hrognkelsaveiðar ofan við 10 faðma dýpi. Hann bendir einnig á að oft sé hægt að sneiða hjá æðarfugladrápi þótt nálægt æðarvarpi sé og bendir þar á reynslu grásleppubænda á Barðaströnd.

Frá sjónarmiði hrognkelsaveiðanna getur Hafrannsóknastofnunin því ekki fallist á ofangreindar takmarkanir.

Virðingarfyllst,

Jón Jónsson.

Fylgiskjal XI c.

Svar til Sjávarútvegsráðuneytisins vegna tillögu nefndar á vegum Æðarræktarfélagsins um takmörkun á hrognkelsaveiðum

Tillaga nefndarinnar er sú að friðunarsvæði umhverfis æðarvörp gagnvart netaveiðum svo sem hrognkelsaveiðum verði stækkað frá 250 m í 2 km á vissu tímabili (15. apr.—14. júlí). Varpeigandi getur þó sjálfur gefið leyfi til netaveiða innan þessa svæðis samkvæmt lögunum.

Einnig leggur nefndin til að hrognkelsaveiðar verði bannaðar allsstaðar ofan við 10 faðma dýpi.

Að beiðni Sjávarútvegsráðuneytisins mun ég svara fyrirspurn nefndarinnar um á hvaða tíma og hvar við landið veiðarnar eru stundaðar, hve langt frá landi og á hvaða dýpi.

Ennfremur fylgir álitsgerð um afleiðingar þess ef af takmörkunum þessum verður.

Veiðisvæði og veiðitími

Vegna mismunar á stærð og atferli kynjanna eru veiðar fyrir grásleppu og rauðmaga mjög aðskildar. Rauðmaginn gengur nokkru fyrr að ströndinni en grásleppan og er því aðalveiðitími rauðmagans nokkru fyrr en veiðitími grásleppunnar á hverjum stað, einnig eru rauðmaganetin mun smáriðnari en grásleppunetin og eru lögð á minna dýpi. Yfirleitt liggja rauðmaganet ekki lengi fram eftir vori og mun skemur en grásleppunetin.

Fyrir Norðurlandi er oft byrjað á rauðmagaveiðum í febr.-mars og er hápunktur veiðanna oftast í marslok eða í byrjun apríl. Á Vesturlandi er rauðmagatíminn nokkru seinna og nær hámarki oftast eftir miðjan apríl fram til maíbyrjunar. Þetta er þó mjög breytilegt eftir árferði. Mun minni sókn er í rauðmagann en grásleppuna og eru það eingöngu grásleppuveiðar sem aukist hafa að ráði um síðastliðin ár en þar hefur orðið mikil aukning síðustu árin.

Rauðmagaveiðin er ekki bundin neinum veiðileyfum eða tímatakmörkunum, en grásleppuveiðar hafa verið bundnar af veiðileyfum að nokkru leyti 1976 og algerlega 1977. Veiðileyfi þessi eru bundin við ákveðin veiðisvæði og veiðitímabil.

Árið 1977 voru veiðisvæðin og tímabilin fjögur:

A. Suður- og Vesturland að Horni 25. apríl—10. júlí.
B. Húnaflóasvæðið 1. apríl—15. júní.
C. Norðurland austanvert, Skagatá að Langanesi 20. mars—5. júní.
D. Austurland Langanes Hvítingar 25. mars—10. júní.

Nokkrar breytingar gætu orðið á tilhögun veiðisvæðanna og byrjunar og lokadögum þeirra í framtíðinni en þó ætti vertíðarlengdin að vera af ákveðinni lengd.

Mest er sókn í grásleppuveiðar á Norðurlandi og við Faxaflóa og Breiðafjörð, en á síðustu árum hafa þessar veiðar aukist mjög á Austfjörðum og Vestfjörðum.

Þar sem hrognkelsin hrygna aðeins á hörðum botni er engin veiði fyrir sendnum ströndum Suðurlandsins eða annars staðar þar sem þannig háttar til. Víða eru stór svæði sem ekki hafa verið nýtt að ráði þótt hrognkelsi gangi á þau t. d. við Hornstrandir norðarlega, nyrsti hluti Faxaflóa, syðsti hluti Austfjarða og víðar eru smærri svæði sem einhverra hluta vegna eru ekki nýtt af grásleppuveiðimönnum.

Dýpi netalagna

Sú þróun hefur orðið með vaxandi sókn í grásleppuveiðar, en sóknaraukningin felst í fjölgun báta, fjölgun neta, stækkun báta og tilkomu kraftblakka, að grásleppunetin eru lögð dýpra en áður sérstaklega í byrjun vertíðar. Eftir því sem líður á vertíðina eru netin síðan færð á grynnra vatn.

Fyrir Norðurlandi er algengt að stærri bátarnir leggi net sín á 30—40 faðma dýpi í byrjun vertíðar, jafnvel dýpra. Við Faxaflóa og Breiðafjörð er yfirleitt lagt grynnra. Algengt er að í lok vertíðar séu netin á 5—20 faðma dýpi bæði á Norður- og Vesturlandi.

Fjarlægð frá landi

Hér er aðeins hægt að gefa þá reglu að þar sem veiðimennirnir velja sér kjördýpi og botnlag fer það eftir því hvernig háttar til með aðdýpi á hverjum stað hversu langt frá landi netalagnir eru.

Sumsstaðar eru netin uppi í landsteinum þótt grunnendinn sé á 5—10 faðma dýpi, annarsstaðar eru netin á grynningum margar mílur frá landi.

Álitsgerð

Athugun á skrá yfir jarðir sem hafa æðarvörp samkvæmt fasteignamati 1970 leiðir í ljós að friðunarsvæði sem væru með 2 km radíus mundu skerða mjög víða svæði þau sem hrognkelsaveiðimenn hafa umráð yfir og hafa nýtt til þessa.

Auk þeirra staða sem hafa nú æðarvarp samkvæmt fasteignamati er fjöldi staða sem hafa aðstæður til friðlýsingar samkvæmt reglum sem gilda um það mál og þar sem mjög auðvelt er að friðlýsa vegna æðarvarps, er líklegt að slíkt mundi gerast í stórum stíl ef af þessari lagabreytingu verður.

Afleiðingin yrði sú að stór svæði yrðu lokuð fyrir hrognkelsaveiðum annarra en landeigenda.

Landeigendur geta sjálfir lagt net innan friðlýsta svæðisins eða leyft slíkt og er hætt við að þetta ákvæði verði meira misnotað til aukins einkaréttar til hrognkelsaveiða.

Eins og áður er sagt hefur aðalaukning í hrognkelsaveiðunum orðið í grásleppuveiðum. Þrátt fyrir aukningu í grásleppunetafjölda í sjó eru þau lögð yfirleitt í dýpra vatni en áður og því hættuminni fyrir æðarfugl. Samkvæmt reynslu manna er mjög misjafnt hvort net taki æðarfugl eftir því hvar og hvernig netin eru lögð. Þannig er oft hægt að sneiða hjá æðarfugladrápi þótt nálægt æðarvarpi sé (eftir reynslu grásleppubænda á Barðaströnd).

Rauðmaganetin eru mun hættulegri æðarfugli en grásleppunetin. Þar sem ekki hefur orðið teljandi aukning á rauðmagaveiði síðustu árin er vart hægt að tengja umrædda fækkun í stofni æðarfuglsins notkun þeirra. Minna verður á að fleira gæti komið til að hafa áhrif á stofnstærð æðarfuglsins en dauði af völdum neta og verður að sanna betur skaðsemi þeirra áður en veiðarnar eru takmarkaðar vegna þessa.

Niðurskurður grásleppu nálægt æðarvarpi gæti haft slæm áhrif með því að laða að svokallaðan vargfugl og óbein skaðleg áhrif grásleppuveiða á viðkomu æðarfuglsins gæti verið hversu mikið æti vargfuglinn fær á vorin frá hrognkelsaútgerðinni en þar er nær öllu hent eins og allir vita.

Athuga þarf hvort reglur um meðferð úrgangs frá grásleppuveiðunum (svo og meðferð annars fiskúrgangs) hefði ekki áhrif til hins betra.

Athuga þarf einnig hvort núverandi reglur um friðhelgi æðarvarps (250 m) mun ekki nægilegt í flestum tilfellum ef eftir þeim væri gengið.

Ógerlegt mun vera að banna hrognkelsaveiðar ofan við 10 faðma dýpi. Bæði mundi slíkt taka fyrir rauðmagaveiði allsstaðar og svo eru staðhættir víða þannig að erfitt er að leggja netatrossu þannig að hluti hennar fari ekki upp fyrir 10 faðma dýpi, auk þess sem eftirlit með slíku yrði nær ómögulegt.

Reykjavík, 2. des. 1977.

Vilhjálmur Þorsteinsson.

Fylgiskjal XII.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Hverfisgötu 6, Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 1978.

Eins og kunnugt er eru ernir alfriðaðir á Íslandi enda fátt um þá og leggur ráðuneytið áherslu á verndun þeirra. Ernir gera óneitanlega nokkurn usla í æðarvarpi, en ráðuneytinu ber einnig að stuðla að eflingu æðarvarps og friðun æðarfugls. Hér verður í sumum tilvikum um nokkrar andstæður að ræða þar sem sumir æðarvarpseigendur telja sig verða fyrir verulegum búsifjum af völdum arna.

Rætt hefur verið um ýmsar leiðir til þess að ráða bót á þessum vandkvæðum, svo sem að greiða æðarvarpseigendum bætur, en sá hængur er á, að nálega er ógerlegt að meta tjónið. Einnig hefur verið minnst á að greiða einskonar verðlaun til landeigenda fyrir hvern arnarunga, er upp kemst í landareign þeirra.

Þá væri og hugsanlegt að í nýrri löggjöf yrði heimilað að bana erni, sem gerði sér hreiður í æðarvarpi, ef aðgerðir til þess að fæla hann úr varpinu reyndust árangurslausar. Þetta yrði þó að vera háð þeim skilyrðum að um einhverja lágmarksstærð æðarvarps væri að ræða þ. e. dúntekju, en ekki einungis einhvern varphólma með fáeinum hreiðrum, sem litlu máli skipti að því er arðsemi varðar. Eðlilegra væri þó að greiða verðlaun fyrir arnarunga, sem upp kæmust og færi um fjárhæð verðlauna eftir mati dómkvaddra manna. Yrði þá væntanlega höfð hliðsjón af t. d. hvaða tekjur sá, er verðlauna eða bóta krefst, hefur í skattskýrslu sinni talið sér af æðarvarpinu að undanförnu.

Ráðuneytinu er ljóst að hér er um nokkurt vandamál að ræða, en telur rétt að vekja athygli nefndarinnar á framangreindum atriðum.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Endurskoðunarnefnd fuglafriðunarlaga
b/t Runólfs Þórarinssonar, formanns.“

Ed. 106. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á leiklistarlögum nr. 33 12. maí 1977.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Liður IV. í 2. gr. laganna orðist svo: Til leiklistarstarfsemi áhugaleikfélaga. Nýr liður (verður VI. liður) orðist svo: Til annarrar leiklistarstarfsemi.

Greinargerð.

Aðaltilgangur þessarar lagabreytingar er að taka af öll tvímæli um að rétt sé og skylt að fjárveitingar Alþingis nái bæði til tiltekinna atvinnuleikhúsa og til starfsemi áhugaleikfélaga, svo sem verið hefur um langa hríð, og einnig ýmiss konar annarrar leiklistarstarfsemi, svo sem til sjálfstæðra leikhópa, sem ýmist eru skipaðir atvinnuleikurum eða bæði atvinnu- og áhugaleikurum.

Með tilkomu Leiklistarskóla Íslands hefur ungum leikurum fjölgað til nokkurra muna, þannig að þeir geta eigi allir fengið störf í atvinnuleikhúsum eða á öðrum hliðstæðum vettvangi. Ýmsir sjálfstæðir leikhópar hafa því verið stofnaðir og fleiri munu í uppsiglingu, einkum fyrir forgöngu hinna ungu atvinnuleikara. Með samþykkt laga um Leiklistarskóla Íslands tók Alþingi á sig nokkrar skyldur gagnvart því unga fólki, sem útskrifast úr þessum skóla, og með þessu frv. er hugmyndin að reyna að skapa nokkra fjárhagslega möguleika til að fullnægja þeim skyldum, auk þess sem tilvist sjálfstæðra leikhópa ætti að auka fjölbreytni, nýjungar og tilraunir í íslenskri leiklistarstarfsemi.

Það var alltaf ætlun þeirra, er sömdu frv. til leiklistarlaga, að með þeim væri lögbundið að styrkja leikstörf af framangreindu tagi, og virðist það hugsanlegt innan ramma núgildandi laga. En þó hefur það verið vefengt og er frv. þessu ætlað að taka af allan hugsanlegan vafa í þessu efni.

Sþ. 107. Tillaga til þingsályktunar [96. mál]

um endurskoðun laga um þingsköp Alþingis.

Flm.: Gils Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Bragi Sigurjónsson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd átta alþingismanna, tveggja frá hverjum þingflokki, til að endurskoða gildandi lög um þingsköp Alþingis. Skal nefndin leggja niðurstöður sínar fyrir Alþingi svo fljótt sem við verður komið.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum, svo og á þessu þingi, hafa verið flutt frv. um breytingar á þingskapalögum. Þá segir og í samstarfyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, að hún muni beita sér fyrir því að fram fari endurskoðun á þingsköpum Alþingis.

Heildarendurskoðun á þingsköpum var síðast framkvæmd af milliþinganefnd, sem kosin var af sameinuðu Alþingi 1966. Gildandi þingskapalög voru síðan samþykkt 1972.

Samkomulag hefur orðið um það milli forseta Alþingis og formanna þingflokkanna að leggja til að nefnd Alþingismanna, tveggja frá hverjum þingflokki, verði falið að endurskoða gildandi lög um þingsköp. Er þess vænst að sú endurskoðun þurfi ekki að taka langan tíma.

Ed. **108. Frumvarp til laga** [97. mál]

um breyting á lögum nr. 31 28. mars 1974, um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot.

Flm.: Ólafur Ragnar Grímsson.

1. gr.

1. málsgrein 2. gr. laganna orðist svo:

Ábyrgðin tekur til þeirra vinnulauna, sem forgangsréttur fylgir samkvæmt lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., svo og til orlofsgreiðslna. Sama gildir um bætur til launþega eða maka þeirra og barna, sem fyrirtæki hefur verið gert skylt að greiða vegna örorku eða dauðsfalls af völdum vinnuslysa, en fyrirtækið ekki greitt að fullu áður en það var úrskurðað gjaldþrota, svo og um bætur vegna riftunar eða uppsagnar á vinnusamningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1974 voru sett lög um ríkisábyrgð á launakröfum á hendur vinnuveitanda sem úrskurðaður hefur verið gjaldþrota. Lög þessi fólu í sér mikilvægar réttindabætur fyrir launafólk. Þau eru grundvölluð á þeirri hugsun að launafólk eigi ekki að tapa fjármunum sínum þótt vinnuveitandi verði gjaldþrota, hvort heldur um er að ræða vinnulaun, orlofsgreiðslur eða bætur vegna riftunar eða uppsagnar á vinnusamningi.

Með tilliti til þeirrar grundvallarhugsunar, sem í lögunum felst, er eðlilegt að ríkisábyrgðin nái einnig til þeirra bóta sem vinnuveitanda hefur verið gert skylt að greiða vegna örorku eða dauðsfalls af völdum vinnuslysa. Slíkar bætur samsvara í reynd öðrum fjárhagsskuldbindingum vinnuveitanda sem lögin taka nú til. Hins vegar eru gildandi lög orðuð á þann hátt að engin ábyrgð er tekin á kröfum þeirra sem eiga ógreiddar örorkubætur eða kröfum maka og barna sem eiga inni bætur vegna dauðsfalls. Nokkur hörmuleg dæmi eru um að þótt allir starfsmenn fyrirtækis hafi þrátt fyrir gjaldþrot fengið laun sín greidd, hafi makar og börn glatað að fullu og öllu dánarbótum sem voru ógreiddar. Örorkubæturnar og dánarbæturnar glatast nú algerlega við gjaldþrotið samkvæmt þeim úrskurði sem dómstólar byggja á núverandi orðalagi 2. gr. laganna. Með vaxandi tíðni vinnuslysa og þeirri óvissu, sem einkennir rekstrargrundvöll fjölmargra fyrirtækja, eru líkur á því að þessi galli laganna muni í ríkari mæli skerða afkomutryggingu þeirra sem örorku hafa hlotið af völdum vinnuslysa og maka og barna þeirra sem látist hafa á þann hátt.

Það frumvarp, sem hér er flutt, felur það í sér að ríkisábyrgðin taki ekki aðeins til launa heldur einnig örorkubóta og dánarbóta, sem ógreiddar eru þegar fyrirtækið er úrskurðað gjaldþrota. Hér er um að ræða sjálfsagða leiðréttingu á gildandi lögum sem fyllilega samrýmist anda þeirra og þeim samhjálpar- og velferðarhugmyndum sem ríkjandi eru í okkar þjóðfélagi.

Sþ. 109. Fyrirspurnir. [98. mál]

I. Til viðskiptaráðherra um raungildi olíustyrks.

Frá Helga F. Seljan og Kjartani Ólafssyni.

Hver hefur þróun hins svokallaða olíustyrks orðið miðað við raungildi frá árinu 1974 til ársins í ár svo og miðað við fjárlagafrumvarp 1979? Hvaða hlutfall er hér um að ræða sé annars vegar miðað við olíunotkun og hins vegar við hitaveitu á þessum árum?

II. Til félagsmálaráðherra vegna athugunar á atvinnumöguleikum ungs fólks.

Frá Albert Guðmundssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert í könnun þeirri á vinnuaflsþörf íslenskra atvinnuvega í nánustu framtíð, sem samþykkt var að gerð skyldi, skv. þingsályktunartillögu samþykktri á Alþingi 6. maí 1978, um atvinnumöguleika ungs fólks, þar sem kanna átti jafnvægi milli menntunar ungs fólks annars vegar og eðlilegra þarfa atvinnuveganna hins vegar?

III. Til forsætisráðherra um störf byggðanefndar.

Frá Pálma Jónssyni.

Hvað líður störfum byggðanefndar, sem kosin var af Alþingi 18. apríl 1973?

a) Hefur nefndin lokið störfum og ef svo er, hvenær má vænta þess, að nefndarálitið verði birt?
b) Hver voru laun nefndarmanna og hver var annar kostnaður við störf nefndarinnar?

Nd. 110. Frumvarp til laga [99. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum.

Flm.: Matthías Bjarnason.

1. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
16. Rekaviður.

2. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
12. Vinnsla á rekavið unnin af eiganda eða rétthafa rekans.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fjármálaráðherra er heimilt að endurgreiða álagðan söluskatt árin 1975 til 1978 að báðum árum meðtöldum á unninn rekavið til eiganda eða rétthafa rekans ef hann færir sönnur á að kaupandi hafi ekki greitt söluskatt.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er lagt til að rekaviður og vinnsla á rekavið, sem unnin er af eiganda eða rétthafa rekans, sé algerlega undanþegin söluskatti.

Allt frá þeim tíma sem lög um söluskatt tóku gildi hefur, að því er flm. þessa frv. veit best, ekki verið lagður söluskattur á rekavið, hvorki unninn né óunninn, þar til í desember 1975 var a. m. k. í einu skattumdæmi á landinu lagður söluskattur á þá sem nytjað höfðu rekavið og unnið úr honum og selt. Þessi söluskattsálagning náði fimm ár aftur í tímann eða fyrir árin 1970 til 1974. Þeim, sem urðu fyrir þessari skattálagningu og nytjað höfðu reka öll þau ár, frá því söluskattur var lögleiddur, þótti hér ranglega að sér vegið. Síðan hefur verið lagður söluskattur á söluandvirði vöru, sem unnin er úr rekaviði, en það eru að verulegu leyti girðingarstaurar. Þeir aðilar, sem kært hafa álagningu söluskatts á vöru unna úr rekavið, hafa réttilega bent á, að skattyfirvöld hafa ekki lagt söluskatt á þessa starfsemi fyrr en á árinu 1975.

Álagning söluskatts á vöru unna úr rekavið á sér vafalaust stoð í söluskattslögum, og hefur ríkisskattstjóri með bréfi, dags. 3. maí 1978, svarað fyrirspurn varðandi álagningu sölugjalds á söluverð girðingarstaura á þann veg, að sala girðingarstaura sé söluskattskyld skv. almennum ákvæðum laga nr. 10 22. mars 1960 (söluskattslaga) með síðari breytingum, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna og nánar í II. kafla þeirra, og ekki sé að finna undanþágu til að fella niður þann söluskatt.

Þrátt fyrir þennan skilning og túlkun á umræddum lögum um söluskatt er það staðreynd, að skattyfirvöld hafa ekki lagt söluskatt á þessa starfsemi fyrr en í árslok 1975, en þá hafði söluskatur verið í lögum síðan 1947 eða í 28 ár. Frá aldaöðli hefur verið litið á trjáreka til landsnytja og þar af leiðandi sem hluta af búgrein og hefur hann verið veruleg tekjuöflun á mörgum jörðum á liðnum öldum.

Á síðustu árum fer þeim ört fækkandi sem nýta þessi hlunnindi, og er síst ástæða til að skattleggja á þennan hátt vinnu þessa fólks sem er að gera verðmæti úr trjáreka og spara með því gjaldeyri fyrir þjóðina. Nokkrir bændur, sem hættir eru búskap með skepnur, og enn aðrir, sem hey hafa aflögu, selja hey og er sú sala undanþegin söluskatti. Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð svo og vinna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja er undanskilin söluskatti.

Hér fer á eftir lýsing þriggja bræðra sem stundað hafa nýtingu reka og vinnslu úr honum. Vinna á rekavið fer þannig fram:

„Fyrst er að smala honum saman, af 30 til 40 km strandlengju við brimasama strönd fyrir opnu hafi. Velta honum eða bera á sjálfum sér til sjávar, binda hann á kaðla og draga á smávélbátum heim að vinnslustað. Taka hann þar úr sjónum á land upp, búta hann niður í ákveðnar stærðir, velta honum eða rúlla að söginni, sem er í húsi og er 35 ára gömul, heimasmíðuð, að undanskildu sagarhjóli og aflvél. Þar er timbrið rist niður, og er það eina vinnan við framleiðsluna, sem fer fram undir þaki. Síðan þarf að bera það út, fram á sjávarkletta, þar sem það bíður útskipunar. Fer hún oftast fram á smábátum um borð í 10 til 15 tonna vélbáta, sem við höfum fengið síðustu ár til þessara flutninga, til Ingólfsfjarðar eða Bolungarvíkur. Á þessar hafnir verðum við að koma girðingarstaurunum í tengsl við samgöngukerfi landsins. Þetta er engin færibandavinna. Mannshöndin ein vinnur hvert verk, að mestu undir beru lofti.

Finnst okkur, að helst megi líkja þessari vinnu við sjósókn. Það er því alveg út í hött að kalla þessa vinnu „verksmiðjurekstur“. Meira er það af gömlum vana og tryggð við heimahagana, sem við nú á gamalsaldri dveljum þarna fyrir norðan, nokkrar vikur á sumri hverju, og dundum við að hagnýta þessi hlunnindi jarða okkar“.

Hvers vegna á þessi vinna að vera söluskattsskyld fremur en heyskapur og vinna við mannvirkjagerð?

Ed. 111. Frumvarp til laga [100. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og nr. 68/1977.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978).

1. gr.

Fjárhæðir 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og nr. 68/1977 skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1978:

1. Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (reiknaðrar leigu af eigin húsnæði og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar	297 000
Hjón	415 800

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og nr. 68/1977.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn bæri til að setja lög um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og nr. 68/1977. Sé þetta gert í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar til þess að greiða fyrir samkomulagi um lífeyrismál sem heildarlausn í þeim kjarasamningum, sem undirritaðir voru þann 22. júní 1977, þannig að sú hækkun lífeyrisgreiðslna, sem leiðir af því samkomulagi valdi yfirleitt ekki lækkun tekjutryggingargreiðslna frá almannatryggingum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Fjárhæðir 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og nr. 68/1977 skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1978:

1. Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (reiknaðrar leigu af eigin húsnæði og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar	297 000
Hjón	415 800

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1978.

Gjört í Reykjavík 30. júní 1978.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

Sþ. 112. Fyrirspurn [101. mál]

til utanríkisráðherra um aðstoð við þróunarlönd.

Frá Finni Torfa Stefánssyni.

Hver er skýring þess, að í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir framlagi til Alþjóðaframfarastofnunarinnar (International Development Association, IDA) að fjárhæð kr. 134 520 000 en framlag til hinnar íslensku Aðstoðar við þróunarlöndin er einungis ráðlagt kr. 40 000 000?

Sþ. 113. Tillaga til þingsályktunar [102. mál]

um aukna nýtingu í fiskvinnslu.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við aðila veiða og vinnslu sjávarfangs, að hlutast til um að gerð verði hið fyrsta könnun á því, á hvern hátt megi sem best ná hámarksnýtingu þess sjávarafla sem á land kemur.

Greinargerð.

Það er öllum orðið ljóst, að hafið er ekki sá brunnur, sem endalaust verður ausið úr. Því verður að leggja stóraukna áherslu á gæði og fullnýtingu þess hráefnis er þaðan fæst. Hvernig það nýtist, sem úr hafinu er dregið, er ekki einkamál þeirra er að veiðum og vinnslu starfa. Það er hagsmunamál þjóðarinnar allrar að þar sé vel og skynsamlega að staðið.

Með tilkomu minni skuttogaranna má segja að um byltingu hafi verið að ræða í meðferð á fiski. M. a. var þá byrjað að ísa fisk í kassa um borð í veiðiskipum og flytja hann þannig til vinnslustöðva í landi. Hér var stigið skref í þá átt að bæta gæði hráefnisins, sem þegar hefur sýnt ótvíræðan árangur. T. d. er slíkur fiskur verðlagður 12% hærra en fiskur ísaður í stíur.

Á undanförnum árum hefur nokkuð verið unnið að endurbótum í fiskiðnaði, en þó hvergi nærri sem skyldi. Ljóst er að mikið fjármagn þarf að koma til og aukið skipulag veiða og vinnslu.

Í skýrslu frá Þjóðhagsstofnun, sem út kom í október 1977 og fjallar um afkomu frystihúsa, segir m. a.:

„Niðurstaða þessarar athugunar leiddi í ljós geysimikinn mun að því er varðar nýtingu aflans. Þannig nam framleiðslan á frystum þorski á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra um 40% af mótteknum þorski til frystingar, í Reykjavík og á Reykjanesi um þriðjungi og á Vesturlandi röskum þriðjungi eða 36% sem jafnframt var meðaltal fyrir allt landið. Svipuðu máli gegnir um aðrar fisktegundir."

Hér er tafla úr nefndri skýrslu er sýnir nýtingarhlutföll helstu fisktegunda í frystingu 1976.

Tafla 10. Nýtingarhlutföll helstu fisktegunda í frystingu 1976, „stílfært landshlutamynstur", miðað er við slægðan fisk með haus.

	Reykjavík, Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austfirðir	Suðurland	Allt landið
Þorskur	33.6	35.9	39.9	33.3	40.0	38.0	(36.0)	36.0
Ýsa	(34.5)	33.4	40.4	33.8	37.2	33.4	38.6	34.5
Ufsi	39.4	39.1	46.7	40.3	43.3	41.5	42.1	41.8
Karfi	29.1	24.8	25.0	27.7	26.9	22.1	25.0	28.0
Langa	(45.0)	(45.0)	(45.0)	(45.0)	(45.0)	35.5	30.2	38.8
Steinbítur	32.9	24.4	28.9	33.2	29.6	25.3	27.1	29.0
Grálúða	33.8	39.2	49.0	36.1	36.4	34.9	36.2	38.0

Skýringar:

Með stílfærðu landshlutamynstri er átt við það, að nýtingartölur hvers landshluta og fyrir landið allt, eins og þær tölur koma út skv. framleiðslutölum sölusamtaka og hráefnismagni til frystingar skv. Fiskifélaginu, eru leiðréttar hlutfallslega þannig að landsmeðaltal verði í samræmi við S. H. á meðalnýtingu hverrar fisktegundar.

Marningsblokk er ekki meðtalin við ákvörðun nýtingarhlutfalla.

Tímaritið Sjávarfréttir fékk fyrirtækin Hagvang hf. og Rekstrartækni sf. til að gera úttekt á tapi vinnslunnar vegna lélegrar hráefnisnýingar miðað við skýrslu Þjóðhagsstofnunar.

Sé gengið út frá þeirri forsendu, að nýtingin væri alls staðar eins mikil og hún er í besta landshlutanum kemur eftirfarandi í ljós.

Áætlað tap vegna lélegrar hráefnisnýtingar á fjórum fisktegundum.

	Hráefni til frystingar			Hráefnisnýting				Áætlað tap	
	1. Jan.-Ág. tonn	2. Áætlað Sept.-Des. tonn	3. 1+K2 Tonn	4. Besti landshl. %	5. Landsmeðaltal %	6. 4÷5 Mismunur %	7. 3×6 Tonn	8. Meðalverð kr. pr. kg.	9. 7×8 Samtals millj. kr.
Þorskur	170 087	10 000	180 100	40.0	36.0	4.0	7 200	546	3 931
Ýsa	26 831	2 600	29 400	40.4	34.5	5.9	1 740	577	1 004
Ufsi	27 080	2 900	30 000	46.7	41.8	4.9	1 470	368	541
Karfi	25 057	2 400	27 500	29.1	28.0	1.1	300	354	106
Samtals	249 055	17 900	267 000				10 710		5 582

Heimildir: Þjóðhagsstofnun; Athugun á afkomu frystihúsa haustið 1977; Reykjavík 1977. Ægir, 3. tbl. 1978: Fiskaflinn í nóv. og jan.—nóv. 1977 og 1976.

Það, sem hér kemur fram, sýnir að miklum árangri megi ná með bættu skipulagi og aukinni hagræðingu í fiskiðnaðinum. Það virðist ljóst að milljarðar tapast árlega vegna lélagrar nýtingar hráefnis í frystihúsum og er þó hér hvergi vikið að ýmsum möguleikum til fullnýtingar á öðrum fisktegundum og fiskúrgangi, en þar eru gífurleg verðmæti, sem í súginn fara og til þessa að hafa lítið sem ekkert verið nýtt, enda rannsóknir mjög takmarkaðar á því sviði.

Með flutningi þessarar tillögu vilja flutningsmenn vekja athygli stjórnvalda á mikilvægi þess, að hér sé brugðið skjótt við og úrbóta leitað.

Sþ. 114. Tillaga til þingsályktunar [103. mál]

um áætlun um landgræðslu árin 1980—1985.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Þórarinn Sigurjónsson, Páll Pétursson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um framhald landgræðslu þegar landgræðsluáætlun þeirri, sem tengd er þjóðargjöfinni frá 1974, lýkur í lok ársins 1979.

Skal í áætlun þessari gera tillögu um það sem verja á til landgræðslu á tímabilinu. Skipta skal fjámagninu milli einstakra þátta í landgræðslunni, svo sem grasræktar, skógræktar, vísindalegra tilrauna og fleiri þátta er landgræðslu varða.

Enn fremur verði athugað, hvort í áætlun þessari á ekki að tilgreina þau landssvæði, er forgang eiga að fá í landgræðsluáætlun.

Áætlanagerðinni verði lokið í tíma, svo hægt verði að taka tillit til hennar við gerð fjárlaga fyrir árið 1980.

Greinargerð.

Þegar íslenska þjóðin minntist ellefu hundruð ára byggðar í landinu ákvað hún að gera það með því að verja verulegri fjárhæð til að bæta land sitt. Í samræmi við þennan vilja þjóðarinnar ákvað Alþingi á fundi sínum á Þingvöllum að verja 1000 milljónum króna til landgræðslu og landverndar á árunum 1974—1979. Í þeirri ályktun er gert ráð fyrir sama verðgildi árlega og árið 1974. Ekki orkar

það tvímælis, að þessi þjóðargjöf til landsins hefur haft tvíþætt áhrif. Hún hefur vakið áhuga þjóðarinnar á því að vernda og bæta landið, og einnig hefur mikið áunnist í landvernd og landgræðslu. Jafnhliða þessum þáttum hefur og margvísleg löggjöf verið sett til skipulegrar og skynsamlegrar notkunar á landi og er komin til framkvæmda. Þrátt fyrir það að vel hafi verið að verki staðið og mikið hafi áunnist er ljóst, að mestu af því er á glæ kastað ef fjárveiting til landgræðslu yrði nú felld niður, eins og tillagan frá 1974 gerir ráð fyrir, og skipulegum framkvæmdum í landgræðslu yrði hætt. Tillaga þessi er því flutt til að fá fram nýja viljayfirlýsingu Alþingis um fjárveitingu til landgræðslu, er nemi að verðgildi eigi lægri fjárhæð en þeirri er núgildandi tillaga felur í sér, og að áfram verði haldið skipulegu landverndar- og landgræðslustarfi.

Ed. 115. Frumvarp til laga [104. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning frá 29. nóvember 1969 um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda eða geta valdið olíumengun, alþjóðasamning frá 29. nóvember 1969 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og alþjóðasamning frá 18. desember 1971 um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar. Samningarnir eru prentaðir sem fylgiskjöl með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningarnir hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði þeirra hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Ríkisstjórninni er ennfremur heimilt að staðfesta síðar breytingar á samningum þessum. Þegar gildistaka breytinga hefur verið auglýst í Stjórnartíðindum, C-deild, skulu þær hafa lagagildi hér á landi.

4. gr.

Ráðherra siglingamála fer með mál er varða samninga þessa. Siglingamálastjóri skal á vegum ráðherra annast eftirlit með framkvæmd samninganna.

5. gr.

Brot á ákvæðum samninga þessara varða sektum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er leitað heimildar fyrir ríkisstjórnina að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu. Alþjóðasamningur um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda eða geta valdið olíumengun og alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar voru gerðir í Brussel hinn 29. nóvember 1969. Voru þeir árangur af alþjóðlegri ráðstefnu sem var haldin dagana 10. til 29. nóvember 1969.

Alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar var svo í framhaldi af alþjóðasamningnum um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar gerður í Brussel hinn 18. desember 1971, en hann hafði verið undirbúinn á alþjóðlegri ráðstefnu sem þar var haldin dagana 29. nóvember til 18. desember 1971. Báðar þessar ráðstefnur voru haldnar fyrir forgöngu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMCO).

Alþjóðasamningurinn um íhlutun á úthafinu fjallar um aðgerðir strandríkis vegna skipskaða á úthafinu til varnar gegn olíumengun, ef talið er að skipskaðinn geti valdið tjóni á umhverfi og nytjum innan lögsögu strandríkisins sé ekkert að gert. Samningurinn nær til olíumengunar af völdum hráolíu, brennsluolíu, dísilolíu og smurningsolíu. Strandríki sem grípur til aðgerða samkvæmt samningi þessum skal að jafnaði hafa samráð um aðgerðir við önnur viðkomandi ríki, sérstaklega þó það ríki, sem skipið er frá. Strandríkinu er þó heimilt, þegar um brýna nauðsyn er að ræða, að gera nauðsynlegar ráðstafanir þegar í stað án undanfarandi ráðfærslu. Þá eru í samningnum ákvæði um að öll aðildarríki tilnefni sérfræðinga með ákveðna þekkingu og getur strandríki leitað ráða hjá þeim þegar þörf krefur.

Til að tryggja rétt annarra aðila fyrir óþörfum aðgerðum strandríkisins, ber strandríki sem hefur gert ráðstafanir er brjóta í bága við ákvæði samningsins skylda til að greiða skaðabætur. Ef strandríki og viðkomandi aðili koma sér ekki saman um bætur getur annar hvor aðilinn skotið máli sínu til sáttanefndar eða, ef málið er ekki útkljáð hjá sáttanefnd, þá til gerðardóms.

Viðauki við samninginn fjallar um skipun sáttanefndar og gerðardóms svo og starfsaðferðir þeirra.

Samningur þessi hefur þegar öðlast alþjóðlegt gildi og eru aðilar að honum 31 talsins.

Alþjóðasamningurinn um einkaréttarlega ábyrgð fjallar um ábyrgð skipeiganda ef skip hans veldur olíumengun í umhverfi sjávar. Samningurinn gildir fyrir tankskip sem flytja hráolíu, brennsluolíu, þykka dísilolíu, smurningsolíu og hvallýsi. Fjárhagsleg ábyrgð skipeiganda er bundin við 2000 franka fyrir hverja rúmlest rúmlestatals skipsins, en þó á skipeigandi ekki rétt til að notfæra sér þessa takmörkun ef mengunin er honum sjálfum að kenna. Ábyrgð skipeiganda er hinsvegar engin ef olíumengun verður vegna hernaðaraðgerðar, ófriðar, borgarastyrjaldar, uppreisnar eða náttúruhamfara sem eigi verða umflúnar eða ráðið við. Einnig fellur ábyrgð skipeiganda niður, ef um er að ræða áfall sem þriðji aðili orsakar vísvitandi eða ef áfallið má rekja til kæruleysis eða vanrækslu yfirvalda í viðhaldi siglingaljósa og tækja.

Skipum sem flytja meira en 2000 tonn af olíu í farmi skal skylt að hafa vátryggingu eða aðra fjárhagslega tryggingu er svari til þeirrar hámarksábyrgðar er samningurinn kveður á um. Vottorð um að slík trygging sé í gildi skal gefið út fyrir hvert skip og skal vottorðið haft um borð í skipinu. Samningsríki skulu sjá um að slík trygging sé í gildi fyrir skip sem koma eða fara úr þeirra höfnum.

Samningur þessi hefur einnig öðlast alþjóðlegt gildi og eru aðilar að honum 34 talsins.

Alþjóðasamningurinn um stofnun alþjóðasjóðs var gerður í fyrsta lagi með því markmiði að sjóðurinn yrði nokkurs konar baktrygging fyrir tjónþola olíumengunar, þegar þær hámarksbætur sem skipeigendum er gert að greiða samkvæmt samningnum um einkaréttarlega ábyrgð duga ekki til að bæta tjónþola upp það tjón, sem hann hefur orðið fyrir. Í öðru lagi er sjóðnum ætlað að draga að nokkru leyti úr þeirri fjárhagslegu ábyrgð, sem skipeigendum er sett samkvæmt ákvæðum samningsins um einkaréttarlega ábyrgð.

Fjárframlög í sjóðinn greiðast árlega af þeim sem flytja inn meira en 150.000 lestir á ári af gjaldskyldri olíu, eins og hún er skilgreind í samningnum. Svartolía sem flutt er til landsins frá Sovétríkjunum myndi samkvæmt samningnum vera gjaldskyld.

Samningurinn hefur ekki enn öðlast alþjóðlegt gildi samkvæmt 40. gr. hans, en 12 ríki hafa þegar staðfest hann.

telur að slíkt fyrirkomulagsáform um skaðabætur ætti að gera og leggja til grundvallar eftirfarandi meginreglur:

1. Tjónþolar ættu að fá fullnægjandi skaðabætur samkvæmt kerfi sem grundvallast á meginreglu um hlutlæga ábyrgð.
2. Sjóðurinn ætti út frá meginreglu séð að leysa skipseiganda undan þeirri fjárhagslegu viðbótarbyrði sem þessi samningur leggur honum á herðar.

mælist til þess við Alþjóðasiglingamálastofnunina að boða, ekki síðar en árið 1971, til alþjóðlegrar lagaráðstefnu til þess að athuga og taka upp slíkt fyrirkomulag um skaðabætur.

REALIZING, however, that the time available for the Conference has not made it possible to give full consideration to all aspects of such a compensation scheme,

REQUESTS the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization to elaborate as soon as possible, through its Legal Committee and other appropriate legal bodies, a draft for a compensation scheme based upon the existence of an international fund,

CONSIDERS that such a compensation scheme should be elaborated taking into account as a foundation the following principles:

1. Victims should be fully and adequately compensated under a system based upon the principle of strict liability.

2. The fund should in principle relieve the shipowner of the additional financial burden imposed by the present Convention.

REQUESTS IMCO to convene, no later than the year 1971, an International Legal Conference for the consideration and adoption of such a compensation scheme.

Fylgiskjal E.

ÁLYKTUN VARÐANDI SKÝRSLU VINNUNEFNDAR Í „SJÓÐS"-MÁLINU

Ráðstefnan,

hefur veitt athygli skýrslu vinnunefndar í „sjóðs"-málinu, og

mælist til þess við Alþjóðasiglingamálastofnunina að athuga þessa skýrslu í sambandi við frekara starf varðandi „sjóðinn".

RESOLUTION ON REPORT OF THE WORKING GROUP ON THE "FUND"

The Conference,

HAVING TAKEN note of the report of the Working Group on the "Fund",

REQUESTS the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization to consider this report in connexion with further work with regard to the "Fund".

Fylgiskjal F.

ALÞJÓÐASAMNINGUR UM STOFNUN ALÞJÓÐASJÓÐS TIL AÐ BÆTA TJÓN AF VÖLDUM OLÍUMENGUNAR

(Í framhaldi af alþjóðasamningnum um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, 1969).

Aðildarríkin að samningi þessum,

sem eru aðilar að alþjóðasamningnum gerðum í Brussel 29. nóvember 1969 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar,

gera sér grein fyrir mengunarhættunni sem það hefur í för með sér að olía fermd án umbúða er flutt sjóleiðis um allan heim,

eru sannfærð um að þörf er á að tryggja að þeir aðilar sem verða fyrir mengunartjóni vegna leka eða losunar olíu úr skipum eigi kost fullnægjandi skaðabóta,

telja að með alþjóðasamningnum frá 29. nóvember 1969 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, sem setur ákveðnar reglur um skaðabætur vegna mengunartjóns í samningsríkjum og um kostnað vegna ráðstafana, hvar sem gerðar eru, til að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr þess konar tjóni, sé stigið allstórt spor fram á við í þá átt að ná þessu marki,

telja samt að þær reglur, jafnframt því að leggja frekari fjárhagslegar byrðar á skipaeigendur, veiti ekki í öllum tilvikum fullar skaðabætur þeim til handa er verða fyrir tjóni af völdum olíumengunar,

telja enn fremur að útgerðarfyrirtækin ættu ekki að öllu leyti að bera hinar fjárhagslegu afleiðingar af tjóni sem hlýst af völdum olíumengunar, sakir leka eða losunar olíu sem skip ferma og sigla með án umbúða, heldur að þeir sem hlut eiga að olíuförmunum ættu að bera þær að nokkru leyti,

INTERNATIONAL CONVENTION ON THE ESTABLISHMENT OF AN INTERNATIONAL FUND FOR COMPENSATION FOR OIL POLLUTION DAMAGE

(Supplementary to the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, 1969)

The States Parties to the present Convention,

BEING PARTIES to the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, adopted at Brussels on 29 November 1969,

CONSCIOUS of the dangers of pollution posed by the world-wide maritime carriage of oil in bulk,

CONVINCED of the need to ensure that adequate compensation is available to persons who suffer damage caused by pollution resulting from the escape or discharge of oil from ships,

CONSIDERING that the International Convention of 29 November 1969, on Civil Liability for Oil Pollution Damage, by providing a régime for compensation for pollution damage in Contracting States and for the costs of measures, wherever taken, to prevent or minimize such damage, represents a considerable progress towards the achievement of this aim,

CONSIDERING HOWEVER that this régime does not afford full compensation for victims of oil pollution damage in all cases while it imposes an additional financial burden on shipowners,

CONSIDERING FURTHER that the economic consequences of oil pollution damage resulting from the escape or discharge of oil carried in bulk at sea by ships should not exclusively be borne by the shipping industry but should in part be borne by the oil cargo interests,

eru sannfærð um að þess er þörf að byggja upp skaðabóta- og ábyrgðarbótakerfi í framhaldi af alþjóðasamningnum um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, með það fyrir augum að tryggja að þeir sem verða fyrir tjóni þegar olíumengun á sér stað eigi kost fullra bóta og, um leið, að létta skipaeigendum þær fjárhagslegu viðbótarbyrðar sem áðurnefndur samningur leggur þeim á herðar,

taka tillit til ályktunarinnar um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar sem samþykkt var 29. nóvember 1969 af alþjóðlegu lagaráðstefnunni um tjón af völdum olíumengunar sjávar, og

hafa því komið sér saman um eftirfarandi:

CONVINCED of the need to elaborate a compensation and indemnification system supplementary to the International Convention on Civil Liability for oil Pollution Damage with a view to ensuring that full compensation will be available to victims of oil pollution incidents and that the shipowners are at the same time given relief in respect of the additional financial burdens imposed on them by the said Convention,

TAKING NOTE of the Resolution on the Establishment of an International Compensation Fund for Oil Pollution Damage which was adopted on 29 November 1969 by the International Legal Conference on Marine Pollution Damage,

HAVE AGREED as follows:

Almenn ákvæði.

1. gr.

Í þessum samningi

1. merkir „ábyrgðarsamningurinn" alþjóðasamninginn um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar sem gerður var í Brussel 29. nóvember 1969.

2. „Skip", „aðili", „eigandi", „olía", „mengunartjón", „ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón", „atburður" og „Stofnunin" hafa sömu merkingu og í 1. gr. ábyrgðarsamningsins, en þó með því fororði að „olía", í sambandi við þessi hugtök, skal einvörðungu taka til þrávirkrar kolvatnsefna-jarðolíu.

3. „Gjaldskyld olía" merkir hráolíu og brennsluolíu samkvæmt skilgreiningu í stafliðum a) og b) hér á eftir:

a) „Hráolía" merkir hvers konar fljótandi blöndu af kolvatnsefnum sem fyrirfinnst í jörðinni frá náttúrunnar hendi, hvort eð hún hefur verið meðhöndluð til þess að gera hana hentuga til flutnings eða ekki. Það nær einnig til hráolíutegunda sem ákveðin eimi hafa verið fjarlægð úr (stundum kallaðar „topped crudes"), eða sem ákveðnum eimum hefur verið bætt í (stundum kallaðar „spiked" eða „reconstituted" hráolíur).

b) „Brennsluolía" merkir þykk eimi eða soraefni úr hráolíu, eða blöndur úr

General Provisions

Article 1

For the purposes of this Convention:

1. "Liability Convention" means the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, adopted at Brussels on 29 November 1969.

2. "Ship", "Person", "Owner", "Oil", "Pollution Damage", "Preventive Measures", "Incident" and "Organization", have the same meaning as in Article I of the Liability Convention, provided however that, for the purposes of these terms, "oil" shall be confined to persistent hydrocarbon mineral oils.

3. "Contributing Oil" means crude oil and fuel oil as defined in sub-paragraphs (a) and (b) below:

(a) "Crude Oil" means any liquid hydrocarbon mixture occurring naturally in the earth whether or not treated to render it suitable for transportation. It also includes crude oils from which certain distillate fractions have been removed (sometimes referred to as "topped crudes") or to which certain distillate fractions have been added (sometimes referred to as "spiked" or "reconstituted" crudes).

(b) "Fuel Oil" means heavy distillates or residues from crude oil or blends

slíkum efnum, sem ætlað er til notkunar sem eldsneyti til framleiðslu hita eða orku og um eiginleika svarar til staðalkröfu „American Society for Testing Materials" fyrir brennsluolíu nr. 4 (Auðkenni D 396-69) eða þykkri.

4. „Franki" merkir einingunа sem nefnd er í 9. mgr. 5. gr. ábyrgðarsamningsins.

5. „Rúmlestatal skips" hefur sömu merkingu og í 10. mgr. 5. gr. ábyrgðarsamningsins.

6. „Tonn" í sambandi við olíu merkir þúsund kílógrömm.

7. „Ábyrgðarmaður" merkir sérhvern aðila er sér fyrir vátryggingu eða annarri fjárhagslegri tryggingu til að mæta ábyrgð eiganda samkvæmt 1. mgr. 7. gr. ábyrgðarsamningsins.

8. „Birgðastöð" merkir sérhvern stað til geymslu á olíu án umbúða sem getur tekið á móti olíu úr fljótandi flutningatækjum, þar með talinn sérhver búnaður sem staðsettur er undan ströndu og tengdur við þess konar stað.

9. Þegar um það er að ræða að ákvarða dagsetningu atburðar og atburðurinn samanstendur af röð atvika, skal líta svo á að atburðurinn hafi átt sér stað þann dag er fyrsta atvikið kom fyrir.

of such materials intended for use as a fuel for the production of heat or power of a quality equivalent to the "American Society for Testing and Materials' Specification for Number Four Fuel Oil (Designation D 396-69)", or heavier.

4. "Franc" means the unit referred to in Article V, paragraph 9 of the Liability Convention.

5. "Ship's tonnage" has the same meaning as in Article V, paragraph 10, of the Liability Convention.

6. "Ton", in relation to oil, means a metric ton.

7. "Guarantor" means any person providing insurance or other financial security to cover an owner's liability in pursuance of Article VII, paragraph 1, of the Liability Convention.

8. "Terminal Installation" means any site for the storage of oil in bulk which is capable of receiving oil from waterborne transportation, including any facility situated off-shore and linked to such site.

9. Where an incident consists of a series of occurences, it shall be treated as having occurred on the date of the first such occurrence.

2. gr.

1. Alþjóðasjóður til þess að bæta mengunartjón, sem kallist „The International Oil Pollution Compensation Fund" og hér á eftir nefnist „sjóðurinn", er hér með stofnaður með eftirfarandi markmið fyrir augum:

a) að veita skaðabætur vegna mengunartjóns að því marki sem trygging sú er ábyrgðarsamningurinn veitir er ófullnægjandi;

b) að létta skipaeigendum þær fjárhagslegu viðbótarbyrðar sem ábyrgðarsamningurinn leggur þeim á herðar, að því tilskildu að það sé bundið skilmálum sem miða að því að tryggja að breytt verði eftir samþykktum um öryggi á sjó og öðrum samþykktum;

c) að framkvæma skyldar fyrirætlanir sem frá greinir í þessum samningi.

2. Í hverju samningsríki skal sjóðurinn viðurkenndur sem persóna að lögum með

Article 2

1. An International Fund for compensation for pollution damage, to be named "The International Oil Pollution Compensation Fund" and hereinafter referred to as "The Fund", is hereby established with the following aims:

(a) to provide compensation for pollution damage to the extent that the protection afforded by the Liability Convention is inadequate;

(b) to give relief to shipowners in respect of the additional financial burden imposed on them by the Liability Convention, such relief being subject to conditions designed to ensure compliance with safety at sea and other conventions;

(c) to give effect to the related purposes set out in this Convention.

2. The Fund shall in each Contracting State be recognized as a legal person

hæfi að lögum þess ríkis til að takast á hendur réttindi og skyldur og vera aðili að málaferlum fyrir dómstólum ríkisins. Hvert samningsríki skal viðurkenna forstjóra sjóðsins (hér á eftir nefndur „forstjórinn") sem löglegan umboðsmann sjóðsins.

capable under the laws of that State of assuming rights and obligations and of being a party in legal proceedings before the courts of that State. Each Contracting State shall recognize the Director of the Fund (hereinafter referred to as "The Director") as the legal representative of the Fund.

3. gr.

Þessi samningur skal taka:

1. að því er varðar skaðabætur samkvæmt 4. gr., eingöngu til mengunartjóns sem hlýst innan landsvæðis samningsríkis að meðtalinni landhelgi þess, og til ráðstafana sem gerðar eru til að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr slíku tjóni.

2. að því er varðar ábyrgðarbætur til handa skipaeigendum og ábyrgðarmönnum þeirra samkvæmt 5. gr., eingöngu til mengunartjóns sem hlýst innan landsvæðis að meðtalinni landhelgi ríkis sem er aðili að ábyrgðarsamningnum, af völdum skips sem skráð er í samningsríki eða siglir undir fána þess, og til ráðstafana sem gerðar eru til að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr slíku tjóni.

Article 3

This Convention shall apply:

1. With regard to compensation according to Article 4, exclusively to pollution damage caused on the territory including the territorial sea of a Contracting State, and to preventive measures taken to prevent or minimize such damage;

2. With regard to indemnification of shipowners and their guarantors according to Article 5, exclusively in respect of pollution damage caused on the territory, including the territoral sea, of a State Party to the Liability Convention by a ship registered in or flying the flag of a Contracting State and in respect of preventive measures taken to prevent or minimize such damage.

Skaðabætur og ábyrgðarbætur.

4. gr.

1. Til að rækja hlutverk sitt samkvæmt 2. gr., mgr. 1(a), skal sjóðurinn greiða skaðabætur sérhverjum aðila er verður fyrir mengunartjóni, ef slíkur aðili hefur ekki getað fengið fullnægjandi bætur fyrir tjónið eftir ákvæðum ábyrgðarsamningsins,

a) sökum þess að um enga ábyrgð vegna tjónsins er að ræða samkvæmt ábyrgðarsamningnum;

b) sökum þess að eigandinn sem ábyrgð ber vegna tjónsins samkvæmt ábyrgðarsamningnum hefur ekki fjárhagslega getu til þess að standa að fullu við sínar skuldbindingar og sérhver fjárhagsleg trygging sem sett kann að hafa verið samkvæmt 7. gr. þess samnings nær ekki til tjónsins ellegar nægir ekki til þess að mæta að fullu þeim kröfum sem gerðar eru til skaðabóta vegna tjónsins; eigandi er þá talinn ekki hafa fjárhagslega getu til þess

Compensation and indemnification

Article 4

1. For the purpose of fulfilling its function under Article 2, paragraph 1(a), the Fund shall pay compensation to any person suffering pollution damage if such person has been unable to obtain full and adequate compensation for the damage under the terms of the Liability Convention,

(a) because no liability for the damage arises under the Liability Convention;

(b) because the owner liable for the damage under the Liability Convention is financially incapable of meeting his obligations in full and any financial security that may be provided under Article VII of that Convention does not cover or is insufficient to satisfy the claims for compensation for the damage; an owner being treated as financially incapable of meeting his obligations and a financial security being treated

að standa við skuldbindingar sínar, og fjárhagsleg trygging ekki talin vera nægjanleg, ef sá aðili sem fyrir tjóninu verður hefur ekki getað fengið full skil á þeirri upphæð skaðabóta sem honum ber samkvæmt ábyrgðarsamningnum, eftir að hafa gert allar ráðstafanir sem með sanngirni má krefjast til að ná rétti sínum eftir leiðum sem honum eru opnar samkvæmt lögum;

as insufficient if the person suffering the damage has been unable to obtain full satisfaction of the amount of compensation due under the Liability Convention after having taken all reasonable steps to pursue the legal remedies available to him;

c) sökum þess að tjónið er meira en ábyrgð eiganda nemur samkvæmt ábyrgðarsamningnum, eins og hún er takmörkuð eftir ákvæðum 1. mgr. 5. gr. þess samnings, eða samkvæmt ákvæðum einhvers annars alþjóðasamnings sem í gildi er, heimilt að undirrita, fullgilda eða gerast aðili að á dagsetningardegi þessa samnings.

(c) because the damage exceeds the owner's liability under the Liability Convention as limited pursuant to Article V, paragraph 1, of that Convention or under the terms of any other international Convention in force or open for signature, ratification or accession at the date of this Convention.

Sanngjarn kostnaður sem eigandi hefur tekið á sig, eða það sem hann af eigin hvötum hefur lagt í sölurnar til að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr mengunartjóni og sanngirni mælir með, skal skoðast sem mengunartjón hvað þessari grein viðvíkur.

Expenses reasonably incurred or sacrifices reasonably made by the owner voluntarily to prevent or minimize pollution damage shall be treated as pollution damage for the purposes of this Article.

2. Sjóðurinn skal ekki baka sér neina skuldbindingu samkvæmt undanfarandi málsgrein, ef:

2. The Fund shall incur no obligation under the preceding paragraph if:

a) hann sannar að mengunartjónið var afleiðing af hernaðaraðgerð, ófriði, borgarastyrjöld eða uppreisn, eða hlaust af olíu sem lak eða var losuð úr herskipi eða öðru skipi sem ríki á eða rekur og notað var þá er atburðurinn gerðist eingöngu í þjónustu ríkisvalds, við störf sem ekki flokkast undir verslunarviðskipti;
eða

(a) it proves that the pollution damage resulted from an act of war, hostilities, civil war or insurrection or was caused by oil which has escaped or been discharged from a warship or other ship owned or operated by a State and used, at the time of the incident, only on Government non-commercial service; or

b) sá sem kröfu gerir getur ekki sannað að tjónið hafi verið afleiðing atburðar sem eitt eða fleiri skip áttu hlut að.

(b) the claimant cannot prove that the damage resulted from an incident involving one or more ships.

3. Ef sjóðurinn færir sönnur á að mengunartjónið hafi að öllu eða nokkru leyti verið afleiðing annaðhvort af verknaði eða vanrækslu í þeim tilgangi gert að valda tjóni af hálfu þess aðila sem fyrir tjóninu varð ellegar af skeytingarleysi þess aðila, má leysa sjóðinn að öllu eða nokkru leyti undan skyldu hans til að greiða slíkum aðila skaðabætur, en þó svo að eigi skal þannig leyst undan skyldu að því er varðar slíkar ráðstafanir sem

3. If the Fund proves that the pollution damage resulted wholly or partially either from an act or omission done with intent to cause damage by the person who suffered the damage or from the negligence of that person, the Fund may be exonerated wholly or partially from its obligation to pay compensation to such person provided, however, that there shall be no such exoneration with regard to such preventive measures which are com-

gerðar eru til að koma í veg fyrir tjón og bættar eru samkvæmt 1. mgr. Sjóðurinn skal í öllum tilvikum vera leystur úr ábyrgð að því marki sem skipseigandi kann að hafa verið leystur undan ábyrgð samkvæmt 3. mgr. 3. gr. ábyrgðarsamningsins.

4. a) Með undantekningu að því leyti sem öðruvísi er kveðið á í staflið b) þessarar málsgreinar, skal heildarupphæð þeirra skaðabóta sem sjóðnum ber að greiða samkvæmt þessari grein vegna hvers einstaks atburðar vera takmörkunum bundin, þannig að summa þeirrar upphæðar og skaðabótaupphæðar þeirrar sem raunverulega er greidd skv. ábyrgðarsamningnum vegna mengunartjóns er hlotist hefur innan landsvæðis samningsríkjanna, að meðtöldum sérhverjum þeim upphæðum sem hafa í för með sér bótaskyldu af hálfu sjóðsins gagnvart eigandanum samkvæmt 1. mgr. 5. gr. þessa samnings, skal eigi fara fram úr 450 milljónum franka.

b) Heildarupphæð þeirra skaðabóta sem sjóðnum ber að greiða samkvæmt þessari grein vegna mengunartjóns sem hlýst af náttúruhamförum sem eru þess eðlis að þau heyra til undantekninga, eigi verða umflúin og eigi viðnám veitt, skal ekki fara fram úr 450 milljónum franka.

5. Nú fer upphæð lögmætra krafna á hendur sjóðnum fram úr þeirri heildarupphæð skaðabóta sem greiða ber samkvæmt 4. mgr., og skal þá skipta þeirri upphæð sem til útborgunar er þannig að hlutfallið milli hverrar lögmætrar kröfu og skaðabótaupphæðarinnar sem kröfuhafi raunverulega fær samkvæmt ábyrgðarsamningnum og þessum samningi sé hið sama fyrir alla kröfuhafa.

6. Þingi sjóðsins (hér á eftir nefnt „þingið") er heimilt að ákveða, með tilliti til reynslu sem byggist á atburðum sem gerst hafa og sér í lagi því hve mikið tjón hefur af þeim hlotist, og til breytinga á verðgildi peninga, að upphæðinni, 450 milljónum franka sem um getur í 4. mgr., stafliðum a) og b), skuli breytt, þó að

pensated under paragraph 1. The Fund shall in any event be exonerated to the extent that the shipowner may have been exonerated under Article III, paragraph 3, of the Liability Convention.

4. (a) Except as otherwise provided in sub-paragraph (b) of this paragraph, the aggregate amount of compensation payable by the Fund under this Article shall in respect of any one incident be limited, so that the total sum of that amount and the amount of compensation actually paid under the Liability Convention for pollution damage caused in the territory of the Contracting States, including any sums in respect of which the Fund is under an obligation to indemnify the owner pursuant to Article 5, paragraph 1, of this Convention, shall not exceed 450 million francs.

(b) The aggregate amount of compensation payable by the Fund under this Article for pollution damage resulting from a natural phenomenon of an exceptional, inevitable and irresistible character shall not exceed 450 million francs.

5. Where the amount of established claims against the Fund exceeds the aggregate amount of compensation payable under paragraph 4, the amount available shall be distributed in such a manner that the proportion between any established claim and the amount of compensation actually recovered by the claimant under the Liability Convention and this Convention shall be the same for all claimants.

6. The Assembly of the Fund (hereinafter referred to as "the Assembly") may, having regard to the experience of incidents which have occurred and in particular the amount of damage resulting therefrom and to changes in the monetary values, decide that the amount of 450 million francs referred to in paragraph 4,

því áskildu að þessi upphæð skal í engu tilviki fara fram úr 900 milljónum franka né heldur vera lægri en 450 milljónir franka. Upphæðin breytt skal gilda að því er varðar atburði sem eiga sér stað eftir þann dag sem ákvörðunin um breytinguna er tekin.

7. Sjóðurinn skal, að beiðni samningsríkis, hlutast til um það, eftir því sem nauðsyn ber til, að aðstoða það ríki við að útvega án tafar starfslið það, efni og þjónustu sem nauðsynlegt er til þess að gera ríkinu fært að hefjast handa um aðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr mengunartjóni er hlýst af atburði sem getur leitt til þess að skaðabótakrafa verði gerð á hendur sjóðnum samkvæmt þessum samningi.

8. Sjóðnum er heimilt, með skilyrðum sem setja skal í reglugerð hans, að veita lánafyrirgreiðslu í því augnamiði að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir að mengunartjón hljótist af einhverjum sérstökum atburði sem getur leitt til þess að skaðabótakrafa verði gerð á hendur sjóðnum samkvæmt þessum samningi.

5. gr.

1. Í þeim tilgangi að inna af hendi sitt ætlunarverk í samræmi við 2. gr., mgr. 1(b), skal sjóðurinn vera bótaskyldur gagnvart eiganda og ábyrgðarmanni hans fyrir þeim hluta heildarupphæðar ábyrgðar samkvæmt ábyrgðarsamningnum sem:

a) er fram yfir upphæð sem jafngildir 1500 frönkum fyrir hverja rúmlest rúmlestatals skipsins, eða upphæð sem nemur 125 milljónum franka, hvor upphæðin sem lægri er, og

b) er ekki fram yfir upphæð sem jafngildir 2000 frönkum fyrir hverja rúmlest áðurnefnds rúmlestatals, eða upphæð sem nemur 210 milljónum franka, hvor upphæðin sem lægri er,

þó með þeim fyrirvara að sjóðurinn skal ekki baka sér neina skyldu samkvæmt þessari málsgrein í tilviki þar sem mengunartjónið var afleiðing af vísvitandi röngu atferli eigandans sjálfs.

2. Þinginu er heimilt að ákveða að sjóðurinn skuli, með þeim skilyrðum sem setja skal í reglugerð hans, undirgangast skuldbindingar ábyrgðarmanns vegna skipa sem um getur í 2. mgr. 3. gr., hvað

sub-paragraphs (a) and (b), shall be changed; provided, however, that this amount shall in no case exceed 900 million francs or be lower than 450 million francs. The changed amount shall apply to incidents which occur after the date of the decision effecting the change.

7. The Fund shall, at the request of a Contracting State, use its good offices as necessary to assist that State to secure promptly such personnel, material and services as are necessary to enable the State to take measures to prevent or mitigate pollution damage arising from an incident in respect of which the Fund may be called upon to pay compensation under this Convention.

8. The Fund may on conditions to be laid down in the Internal Regulations provide credit facilities with a view to the taking of preventive measures against pollution damage arising from a particular incident in respect of which the Fund may be called upon to pay compensation under this Convention.

Article 5

1. For the purpose of fulfilling its function under Article 2, paragraph 1(b), the Fund shall indemnify the owner and his guarantor for that portion of the aggregate amount of liability under the Liability Convention which:

(a) is in excess of an amount equivalent to 1,500 francs for each ton of the ship's tonnage or of an amount of 125 million francs, whichever is the less, and

(b) is not in excess of an amount equivalent to 2,000 francs for each ton of the said tonnage or an amount of 210 million francs, whichever is the less,

provided, however, that the Fund shall incur no obligation under this paragraph where the pollution damage resulted from the wilful misconduct of the owner himself.

2. The Assembly may decide that the Fund shall, on conditions to be laid down in the Internal Regulations, assume the obligations of a guarantor in respect of ships referred to in Article 3, paragraph

snertir hluta þann af ábyrgð sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Þó skal sjóðurinn ekki taka á sig slíkar skuldbindingar nema því aðeins að eigandinn beiðist þess og að hann haldi í gildi fullnægjandi vátryggingu, eða annarri fjárhagslegri tryggingu á móti ábyrgð eiganda samkvæmt ábyrgðarsamningnum, allt að upphæð sem jafngildir 1500 frönkum fyrir hverja rúmlest rúmlestatals skipsins, eða upphæð sem nemur 125 milljónum franka, hvor upphæðin sem lægri er. Ef sjóðurinn tekur á sig slíkar skuldbindingar, skal í hverju samningsríki litið svo á að eigandi hafi uppfyllt ákvæði 7. gr. ábyrgðarsamningsins hvað snertir þann hluta af ábyrgð hans sem um getur hér að ofan.

3. Sjóðinn má leysa að öllu eða nokkru leyti undan skyldum sínum samkvæmt 1. mgr. gagnvart eiganda og ábyrgðarmanni hans, ef sjóðurinn sannar að það hafi beinlínis verið eiganda að kenna, eða gerst með hans vitorði að:

a) skipið sem olían fór úr sem mengunartjóninu olli hlýtti ekki þeim fyrirmælum sem sett eru í:

   i) Alþjóðasamþykktinni um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, 1954, með breytingum gerðum árið 1962; eða
   ii) Alþjóðasamþykktinni um öryggi mannslífa á hafinu, 1960; eða
   iii) Alþjóðasamþykktinni um hleðslumerki, 1966; eða
   iv) Alþjóðareglunum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1960; eða
   v) sérhverjum breytingum á ofangreindum samningum sem hafa verið úrskurðaðar vera í eðli sínu mikilvægar í samræmi við 16. gr. (5) samþykktarinnar sem tilgreind er í (i), 9. gr. (e) samþykktarinnar sem tilgreind er í (ii), eða 29. gr. (3) (d), eða (4) (d) samþykktarinnar sem tilgreind er í (iii), þó að því áskildu að slíkar breytingar hafi verið í gildi a. m. k. tólf mánuði þann dag er atburðurinn á sér stað;

   og

b) atburðurinn eða tjónið hafi hlotist að

2, with regard to the portion of liability referred to in paragraph 1 of this Article. However, the Fund shall assume such obligations only if the owner so requests and if he maintains adequate insurance or other financial security covering the owner's liability under the Liability Convention up to an amount equivalent to 1,500 francs for each ton of the ship's tonnage or an amount of 125 million francs, whichever is the less. If the Fund assumes such obligations, the owner shall in each Contracting State be considered to have complied with Article VII of the Liability Convention in respect of the portion of his liability mentioned above.

3. The Fund may be exonerated wholly or partially from its obligations under paragraph 1 towards the owner and his guarantor if the Fund proves that as a result of the actual fault or privity of the owner:

(a) the ship from which the oil causing the pollution damage escaped did not comply with the requirements laid down in:
   (i) the International Convention for the Prevention of Pollution of the Sea by Oil, 1954, as amended in 1962; or
   (ii) the International Convention for the Safety of Life at Sea, 1960; or
   (iii) the International Convention on Load Lines, 1966; or
   (iv) the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1960; or
   (v) any amendments to the above mentioned Conventions which have been determined as being of an important nature in accordance with Article XVI(5) of the Convention mentioned under (i), Article IX(e) of the Convention mentioned under (ii) or Article 29(3)(d) or (4)(d) of the Convention mentioned under (iii), provided, however, that such amendments had been in force for at least twelve months at the time of the incident;

and

(b) the incident or damage was caused

öllu eða nokkru leyti sökum þess að ekki var farið eftir slíkum fyrirmælum.

Ákvæði þessarar málsgreinar skulu gilda án tillits til þess hvort samningsríkið þar sem skipið var skráð, eða fáninn tilheyrir sem það sigldi undir, er aðili að viðkomandi samningi.

4. Nú gengur í gildi nýr samningur sem ætlað er að koma í stað einhvers samninganna sem tilgreindir eru í 3. mgr., og er þá þinginu, eigi skemur en sex mánuði fyrir fram, heimilt að ákveða dag er hinn nýi samningur komi í stað slíks samnings eða hluta hans, hvað snertir 3. mgr. Þó er sérhverju ríki sem er aðili að þessum samningi, heimilt að lýsa því yfir, fyrir þann dag, við forstjóra sjóðsins að það samþykki ekki slík skipti; í því tilviki skal ákvörðun þingsins engin áhrif hafa að því er varðar skip sem skráð er í því ríki eða sem siglir undir fána þess þá er atburðurinn á sér stað. Slíka yfirlýsingu má afturkalla hvenær sem er síðar og hún skal í öllum tilvikum falla úr gildi þegar hlutaðeigandi ríki gerist aðili að slíkum nýjum samningi.

5. Skip sem hlítir ákvæðum sem felast í breytingu á samþykkt tilgreindri í 3. mgr., eða ákvæðum í nýjum samningi, og breytingunni eða samningnum er ætlað að koma í stað slíkrar samþykktar að öllu eða nokkru leyti, skal teljast hlíta ákvæðunum í fyrrnefndri samþykkt að því er tekur til 3. mgr.

6. Nú tekur sjóðurinn að sér hlutverk ábyrgðarmanns, í samræmi við ákvæði 2. mgr., og hefur greitt skaðabætur fyrir mengunartjón samkvæmt ábyrgðarsamningnum, og skal hann þá eiga rétt til innheimtu úr hendi eiganda, ef, og að því marki sem sjóðurinn hefði, samkvæmt 3. mgr., verið leystur undan skuldbindingum sínum samkvæmt 1. mgr. um að greiða eigandanum ábyrgðarbætur.

7. Sanngjarn kostnaður sem eigandi hefur tekið á sig, og það sem hann af eigin hvötum hefur lagt í sölurnar til þess að koma í veg fyrir eða draga sem mest úr mengunartjóni og sanngirni mælir með, skal teljast vera innifalið í ábyrgð eiganda að því er tekur til ákvæða þessarar greinar.

wholly or partially by such non-compliance.

The provisions of this paragraph shall apply irrespective of whether the Contracting State in which the ship was registered or whose flag it was flying is a Party to the relevant Instrument.

4. Upon the entry into force of a new Convention designed to replace, in whole or in part, any of the Instruments specified in paragraph 3, the Assembly may decide at least six months in advance a date on which the new Convention will replace such Instrument or part thereof for the purpose of paragraph 3. However, any State Party to this Convention may declare to the Director before that date that it does not accept such replacement; in which case the decision of the Assembly shall have no effect in respect of a ship registered in, or flying the flag of, that State at the time of the incident. Such a declaration may be withdrawn at any later date and shall in any event cease to have effect when the State in question becomes a Party to such new Convention.

5. A ship complying with the requirements in an amendment to an Instrument specified in paragraph 3 or with requirements in a new Convention, where the amendment or Convention is designed to replace in whole or in part such Instrument, shall be considered as complying with the requirements in the said Instrument for the purposes of paragraph 3.

6. Where the Fund, acting as a guarantor by virtue of paragraph 2, has paid compensation for pollution damage in accordance with the Liability Convention, it shall have a right of recovery from the owner if and to the extent that the Fund would have been exonerated pursuant to paragraph 3 from its obligations under paragraph 1 to indemnify the owner.

7. Expenses reasonably incurred and sacrifices reasonably made by the owner voluntarily to prevent or minimize pollution damage shall be treated as included in the owner's liability for the purposes of this Article.

6. gr.

1. Réttur til skaðabóta samkvæmt 4. gr., eða ábyrgðarbóta samkvæmt 5. gr., skal falla niður, nema mál sé höfðað samkvæmt þeim greinum, eða tilkynning hafi verið gefin samkvæmt 6. mgr. 7. gr. innan þriggja ára frá þeim degi er tjónið bar að höndum. Þó skal í engu tilviki höfða mál að liðnum sex árum frá þeim degi er atburðurinn gerðist sem tjóninu olli.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., skal réttur eiganda eða ábyrgðarmanns hans til að krefjast ábyrgðarbóta úr sjóðnum samkvæmt 1. mgr. 5. gr. í engu tilviki niður falla fyrr en sex mánaða tímabil er liðið frá þeim degi að telja er eigandinn, eða ábyrgðarmaður hans, fékk vitneskju um málshöfðun gegn sér samkvæmt ábyrgðarsamningnum.

7. gr.

1. Með fyrirvara að því er varðar þau ákvæði þessarar greinar sem á eftir fara, skal sérhver málsókn gegn sjóðnum til heimtingar skaðabóta samkvæmt 4. gr., eða ábyrgðarbóta samkvæmt 5. gr. þessa samnings höfðuð einungis fyrir dómstól sem bær er samkvæmt 9. gr. ábyrgðarsamningsins hvað varðar málaferli gegn eiganda sem er, ellegar sem hefði verið, ef ekki væri vegna ákvæða 2. mgr. 3. gr. þess samnings, ábyrgur fyrir mengunartjóni sem sá atburður olli sem um er að ræða.

2. Hvert samningsríki skal sjá um að dómstólar þess hafi nauðsynlega lögsögu til að fjalla um slíkar málshöfðanir á hendur sjóðnum sem um ræðir í 1. mgr.

3. Nú hefur skaðabótamál vegna mengunartjóns verið höfðað fyrir dómstól sem bær er samkvæmt 9. gr. ábyrgðarsamningsins gegn eiganda skips eða ábyrgðarmanni hans, og skal þá slíkur dómstóll og enginn annar vera bær um lögsögu í sérhverju máli á hendur sjóðnum til heimtu skaðabóta eða ábyrgðarbóta samkvæmt ákvæðum 4. gr. eða 5. gr. þessa samnings, viðvíkjandi sama tjóni. Þó skal, þegar skaðabótamál vegna mengunartjóns samkvæmt ábyrgðarsamningnum hefur verið höfðað fyrir dómstól í ríki sem er aðili að ábyrgðarsamningnum en

Article 6

1. Rights to compensation under Article 4 or indemnification under Article 5 shall be extinguished unless an action is brought thereunder or a notification has been made pursuant to Article 7, paragraph 6, within three years from the date when the damage occurred. However, in no case shall an action be brought after six years from the date of the incident which caused the damage.

2. Notwithstanding paragraph 1, the right of the owner or his guarantor to seek indemnification from the Fund pursuant to Article 5, paragraph 1, shall in no case be extinguished before the expiry of a period of six months as from the date on which the owner or his guarantor acquired knowledge of the bringing of an action against him under the Liability Convention.

Article 7

1. Subject to the subsequent provisions of this Article, any action against the Fund for compensation under Article 4 or indemnification under Article 5 of this Convention shall be brought only before a court competent under Article IX of the Liability Convention in respect of actions against the owner who is or who would, but for the provisions of Article III, paragraph 2, of that Convention, have been liable for pollution damage caused by the relevant incident.

2. Each Contracting State shall ensure that its courts possess the necessary jurisdiction to entertain such actions against the Fund as are referred to in paragraph 1.

3. Where an action for compensation for pollution damage has been brought before a court competent under Article IX of the Liability Convention against the owner of a ship or his guarantor, such court shall have exclusive jurisdictional competence over any action against the Fund for compensation or indemnification under the provisions of Article 4 or 5 of this Convention in respect of the same damage. However, where an action for compensation for pollution damage under the Liability Convention has been brought before a court in a State Party to

ekki að þessum samningi, sérhver málsókn gegn sjóðnum samkvæmt 4. gr. eða 5. gr., 1. mgr., þessa samnings, eftir vali þess er kröfu gerir, hafin annaðhvort fyrir dómstól þess ríkis þar sem sjóðurinn hefur sínar aðalstöðvar eða fyrir sérhverjum þeim öðrum dómstól aðildarríkis að þessum samningi sem bær er samkvæmt 9. gr. ábyrgðarsamningsins.

4. Hvert samningsríki skal sjá til þess að sjóðurinn hafi rétt til að gerast aðili að sérhverjum málaferlum sem til er stofnað í samræmi við 9. gr. ábyrgðarsamningsins fyrir bærum dómstól þess ríkis gegn eiganda skips eða ábyrgðarmanni hans.

5. Nema að því leyti sem öðruvísi er fyrir mælt í 6. mgr., skal sjóðurinn ekki vera bundinn af neinni dómsniðurstöðu eða úrskurði í málaferlum sem hann hefur ekki átt aðild að, eða af neinu samkomulagi sem hann er ekki aðili að.

6. Nú hefur skaðabótamál vegna mengunartjóns verið höfðað samkvæmt ábyrgðarsamningnum gegn eiganda eða ábyrgðarmanni hans, fyrir bærum dómstól í samningsríki, og skal þá, að áskildum ákvæðum 4. mgr., sérhver aðili að málaferlunum eiga rétt á því samkvæmt landslögum þess ríkis að tilkynna sjóðnum um málaferlin. Nú hefur verið þannig tilkynnt í samræmi við þau formsatriði sem kveðið er á um í lögum þess dómstóls sem málið hefur fengið til meðferðar, og með slíkum fyrirvara og með þeim hætti að sjóðurinn hafi í raun og veru haft aðstöðu til að gerast aðili að málaferlunum þannig að að gagni mætti koma, og skal þá sérhver dómur sem upp er kveðinn af dómstólnum í slíkum málaferlum, eftir að hann er orðinn endanlegur og hægt að fullnægja honum í því ríki þar sem dómurinn var upp kveðinn, verða bindandi fyrir sjóðinn í þeim skilningi að forsendur og niðurstöður þess dóms er sjóðnum óheimilt að vefengja, enda þótt sjóðurinn hafi ekki beinlínis skorist í málaferlin.

8. gr.

Með fyrirvara um sérhverja ákvörðun varðandi skiptingu þá sem um ræðir í 5. mgr. 4. gr., skal hver dómur sem kveðinn

the Liability Convention but not to this Convention, any action against the Fund under Article 4 or under Article 5, paragraph 1, of this Convention shall at the option of the claimant be brought either before a court of the State where the Fund has its headquarters or before any court of a State Party to this Convention competent under Article IX of the Liability Convention.

4. Each Contracting State shall ensure that the Fund shall have the right to intervene as a party to any legal proceedings instituted in accordance with Article IX of the Liability Convention before a competent court of that State against the owner of a ship or his guarantor.

5. Except as otherwise provided in paragraph 6, the Fund shall not be bound by any judgment or decision in proceedings to which it has not been a party or by any settlement to which it is not a party.

6. Without prejudice to the provisions of paragraph 4, where an action under the Liability Convention for compensation for pollution damage has been brought against an owner or his guarantor before a competent court in a Contracting State, each party to the proceedings shall be entitled under the national law of that State to notify the Fund of the proceedings. Where such notification has been made in accordance with the formalities required by the law of the court seized and in such time and in such a manner that the Fund has in fact been in a position effectively to intervene as a party to the proceedings, any judgment rendered by the court in such proceedings shall, after it has become final and enforceable in the State where the judgment was given, become binding upon the Fund in the sense that the facts and findings in that judgment may not be disputed by the Fund even if the Fund has not actually intervened in the proceedings.

Article 8

Subject to any decision concerning the distribution referred to in Article 4, paragraph 5, any judgment given against the

er upp gegn sjóðnum af dómstól sem hefur lögsögurétt samkvæmt 1. og 3. mgr. 7. gr., þegar svo er komið að honum megi fullnægja í því ríki þar sem hann var upp kveðinn og hann er í því ríki ekki lengur háður venjulegum endurskoðunar- eða áfrýjunarreglum, vera viðurkenndur og mega fullnægja honum í sérhverju samningsríki með sömu skilyrðum og þeim sem sett eru í 10. gr. ábyrgðarsamningsins.

Fund by a court having jurisdiction in accordance with Article 7, paragraphs 1 and 3, shall, when it has become enforceable in the State of origin and is in that State no longer subject to ordinary forms of review, be recognized and enforceable in each Contracting State on the same conditions as are prescribed in Article X of the Liability Convention.

9. gr.

1. Að áskildum ákvæðum 5. gr., skal sjóðurinn, að því er varðar sérhverja upphæð skaðabóta vegna mengunartjóns sem sjóðurinn hefur greitt samkvæmt 1. mgr. 4. gr. þessa samnings, ganga inn í þau réttindi sem sá aðili sem þannig hefur hlotið skaðabætur kann að hafa samkvæmt ábyrgðarsamningnum gegn eiganda eða ábyrgðarmanni hans.

2. Ekkert í þessum samningi skal skerða neinn rétt sjóðsins til að ganga að, eða ganga inn í réttindi gegn, öðrum aðilum en þeim sem um ræðir í undanfarandi málsgrein. Réttur sjóðsins til þess að ganga inn í réttindi gegn slíkum aðila skal ekki í neinu tilviki vera lakari en réttur vátryggjanda þess aðila sem skaðabætur eða ábyrgðarbætur hafa verið greiddar.

3. Að áskildum sérhverjum þeim rétti öðrum til inngöngu í réttindi eða aðgangs gagnvart sjóðnum sem um kann að vera að ræða skal samningsríki, eða stofnun í umboði þess, sem hefur greitt skaðabætur vegna mengunartjóns samkvæmt ákvæðum landslaga, ganga inn í þau réttindi sem sá aðili sem þannig hefur hlotið skaðabætur mundi hafa haft samkvæmt þessum samningi.

Article 9

1. Subject to the provisions of Article 5, the Fund shall, in respect of any amount of compensation for pollution damage paid by the Fund in accordance with Article 4, paragraph 1, of this Convention, acquire by subrogation the rights that the person so compensated may enjoy under the Liability Convention against the owner or his guarantor.

2. Nothing in this Convention shall prejudice any right of recourse or subrogation of the Fund against persons other than those referred to in the preceding paragraph. In any event the right of the Fund to subrogation against such person shall not be less favourable than that of an insurer of the person to whom compensation or indemnification has been paid.

3. Without prejudice to any other rights of subrogation or recourse against the Fund which may exist, a Contracting State or agency thereof which has paid compensation for pollution damage in accordance with provisions of national law shall acquire by subrogation the rights which the person so compensated would have enjoyed under this Convention.

Framlög.

10. gr.

1. Framlög til sjóðsins skal inna af hendi, að því er varðar sérhvert samningsríki, af hverjum þeim aðila sem á almanaksárinu sem um ræðir í 11. gr., 1. mgr., varðandi byrjunarframlög, og í 12. gr., mgr. 2(a) eða (b), varðandi ársframlög, hefur samtals tekið á móti magni sem nemur meiru en 150.000 tonnum:

a) í höfnum eða í birgðastöðvar á landsvæði þess ríkis af gjaldskyldri

Contributions

Article 10

1. Contributions to the Fund shall be made in respect of each Contracting State by any person who, in the calendar year referred to in Article 11, paragraph 1, as regards initial contributions and in Article 12, paragraphs 2 (a) or (b), as regards annual contributions, has received in total quantities exceeding 150,000 tons:

(a) in the ports or terminal installations in the territory of that State contribu-

olíu sem flutt hefur verið sjóleiðis til slíkra hafna eða birgðastöðva; og

b) í hvers konar birgðastöðvar sem staðsettar eru á landsvæði þess samningsríkis af gjaldskyldri olíu sem flutt hefur verið sjóleiðis og losuð í höfn eða birgðastöð ríkis sem ekki er samningsríki, að því tilskildu að gjaldskyld olía skal aðeins reiknast samkvæmt þessum staflið við fyrstu móttöku í samningsríki eftir losun hennar í ríkinu sem ekki er samningsríki.

2. a) Nú er, að því er tekur til 1. mgr., það magn gjaldskyldrar olíu sem móttekið hefur verið innan landsvæðis samningsríkis af einhverjum aðila á almanaksári meira en 150.000 tonn þegar það er tekið með magni gjaldskyldrar olíu sem móttekin hefur verið í hinu sama samningsríki á því ári af sérhverjum með-aðila eða -aðilum, og skal þá slíkur aðili greiða framlög á grundvelli hins raunverulega magns sem móttekið hefur verið af honum, enda þótt það magn færi ekki yfir 150.000 tonn.

b) „Með-aðili“ merkir sérhvert dótturfyrirtæki ellegar einingu undir sameiginlegri yfirstjórn. Hvort aðili fellur undir þessa skilgreiningu skal ráðast af landslögum hlutaðeigandi ríkis.

ting oil carried by sea to such ports or terminal installations; and

(b) in any installations situated in the territory of that Contracting State contributing oil which has been carried by sea and discharged in a port or terminal installation of a non-Contracting State, provided that contributing oil shall only be taken into account by virtue of this sub-paragraph on first receipt in a Contracting State after its discharge in that non-Contracting State.

2. (a) For the purposes of paragraph 1, where the quantity of contributing oil received in the territory of a Contracting State by any person in a calendar year when aggregated with the quantity of contributing oil received in the same Contracting State in that year by any associated person or persons exceeds 150,000 tons, such person shall pay contributions in respect of the actual quantity received by him notwithstanding that that quantity did not exceed 150,000 tons.

(b) "Associated person" means any subsidiary or commonly controlled entity. The question whether a person comes within this definition shall be determined by the national law of the State concerned.

11. gr.

1. Að því er hvert samningsríki varðar, skulu greidd byrjunarframlög að upphæð sem fyrir hvern aðila sem um ræðir í 10. gr. skal reiknast á grundvelli ákveðinnar upphæðar fyrir hvert tonn gjaldskyldrar olíu sem hann tók á móti á næsta almanaksári á undan árinu sem þessi samþykkt gekk í gildi fyrir það ríki sem um ræðir.

2. Upphæðin sem um ræðir í 1. mgr. skal ákveðin af þinginu innan tveggja mánaða frá gildistöku þessa samnings. Þegar þingið leysir þetta starf af hendi, skal það, að svo miklu leyti sem unnt er, ákveða upphæðina þannig að heildarupphæð byrjunarframlaga yrði jafngildi 75

Article 11

1. In respect of each Contracting State initial contributions shall be made of an amount which shall for each person referred to in Article 10 be calculated on the basis of a fixed sum for each ton of contributing oil received by him during the calendar year preceding that in which this Convention entered into force for that State.

2. The sum referred to in paragraph 1 shall be determined by the Assembly within two months after the entry into force of this Convention. In performing this function the Assembly shall, to the extent possible, fix the sum in such a way that the total amount of initial contribu-

milljóna franka ef framlög væru greidd af 90 hundraðshlutum þess magns gjaldskyldrar olíu sem flutt er sjóleiðis í heiminum.

3. Byrjunarframlög vegna hvers samningsríkis skulu greiðast innan þriggja mánaða frá þeim degi er samningurinn gekk í gildi fyrir hlutaðeigandi ríki.

tions would, if contributions were to be made in respect of 90 per cent of the quantities of contributing oil carried by sea in the world, equal 75 million francs.

3. The initial contributions shall in respect of each Contracting State be paid within three months following the date at which the Convention entered into force for that State.

12. gr.

1. Með það fyrir augum að ákvarða, fyrir hvern aðila sem um ræðir í 10. gr., upphæð gjaldkræfra ársframlaga, ef einhver eru, og með tilliti til þeirrar nauðsynjar að hafa að staðaldri nægilegt fé handbært, skal þingið gera áætlun fyrir hvert almanaksár í formi fjárhagsáætlunar yfir:

i) Útgjöld

a) kostnaður og útgjaldaliðir í sambandi við starfrækslu sjóðsins á því ári sem um er að ræða og allur halli á starfsemi áranna á undan;

b) greiðslur sem sjóðnum ber að inna af hendi á því ári sem um er að ræða til fullnægingar þeim kröfum gegn sjóðnum sem gjaldkræfar eru samkvæmt 4. eða 5. gr., að meðtöldum afborgunum af lánum sem sjóðurinn hefur áður tekið til að fullnægja slíkum kröfum, að svo miklu leyti sem heildarupphæð slíkra krafna vegna hvers einstaks atburðar fer ekki fram úr 15 milljónum franka;

c) greiðslur sem sjóðnum ber að inna af hendi á því ári sem um er að ræða til fullnægingar þeim kröfum gegn sjóðnum sem gjaldkræfar eru samkvæmt 4. eða 5. gr., að meðtöldum afborgunum af lánum sem sjóðurinn hefur áður tekið til fullnægingar slíkum kröfum, að svo miklu leyti sem heildarupphæð slíkra krafna vegna hvers einstaks atburðar fer fram úr 15 milljónum franka;

ii) Tekjur

a) fé afgangs frá starfsemi áranna á undan, ásamt öllum vöxtum;

Article 12

1. With a view to assessing for each person referred to in Article 10 the amount of annual contributions due, if any, and taking account of the necessity to maintain sufficient liquid funds, the Assembly shall for each calendar year make an estimate in the form of a budget of:

(i) Expenditure

(a) costs and expenses of the administration of the Fund in the relevant year and any deficit from operations in preceding years;

(b) payments to be made by the Fund in the relevant year for the satisfaction of claims against the Fund due under Article 4 or 5, including repayment on loans previously taken by the Fund for the satisfaction of such claims, to the extent that the aggregate amount of such claims in respect of any one incident does not exceed 15 million francs;

(c) payments to be made by the Fund in the relevant year for the satisfaction of claims against the Fund due under Article 4 or 5, including repayments on loans previously taken by the Fund for the satisfaction of such claims, to the extent that the aggregate amount of such claims in respect of any one incident is in excess of 15 million francs;

(ii) Income

(a) surplus funds from operations in preceding years, including any interest;

b) byrjunarframlög sem greiðast eiga á árinu;
c) ársframlög, ef nauðsyn krefur til þess að ná jafnvægi í fjárhagsáætlunina;
d) allar aðrar tekjur.

2. Upphæð ársframlags hvers aðila sem um ræðir í 10. gr. skal ákveðið af þinginu og skal reiknast að því er hvert samningsríki varðar:

a) að svo miklu leyti sem framlagið er til að inna af hendi greiðslur sem um ræðir í mgr. 1(i) (a) og (b) á grundvelli ákveðinnar upphæðar fyrir hvert tonn gjaldskyldrar olíu sem tekið hefur verið á móti í viðkomandi ríki af slíkum aðilum á almanaksárinu næst á undan; og
b) að svo miklu leyti sem framlagið er til að inna af hendi greiðslur sem um ræðir í mgr. 1(i) (c) þessarar greinar, á grundvelli ákveðinnar upphæðar fyrir hvert tonn gjaldskyldrar olíu sem tekið hefur verið á móti af slíkum aðila á almanaksárinu næst á undan árinu sem atburðurinn sem um er að ræða bar að höndum, svo framarlega sem það ríki var aðili að samningi þessum þann dag er atburðurinn átti sér stað.

3. Upphæðirnar sem um ræðir í 2. mgr. hér að ofan skulu fengnar með því að deila viðeigandi heildarupphæð þeirra framlaga sem þörf er á með heildartölu gjaldskyldrar olíu sem tekið hefur verið á móti í öllum samningsríkjum á því ári sem um er að ræða.

4. Þingið skal ákveða þann hluta ársframlaga sem greiðast skal í peningum þegar í stað og taka ákvörðun um greiðsludag. Eftirstöðvar hvers ársframlags skulu greiðast þegar forstjórinn tilkynnir.

5. Forstjóranum er heimilt, í þeim tilvikum og í samræmi við þau skilyrði sem ákveða skal í reglugerð sjóðsins, að skylda framlagsgreiðanda til að setja fjárhagslega tryggingu fyrir þeim upphæðum sem gjaldkræfar eru frá honum.

6. Sérhver krafa um greiðslur sem inna ber af hendi samkvæmt 4. mgr. skal innheimt hlutfallslega frá öllum hinum einstöku framlagsgreiðendum.

(b) initial contributions to be paid in the course of the year;
(c) annual contributions, if required to balance the budget;

(d) any other income.

2. For each person referred to in Article 10 the amount of his annual contribution shall be determined by the Assembly and shall be calculated in respect of each Contracting State:

(a) in so far as the contribution is for the satisfaction of payments referred to in paragraph 1 (i)(a) and (b) on the basis of a fixed sum for each ton of contributing oil received in the relevant State by such persons during the preceding calendar year; and

(b) in so far as the contribution is for the satisfaction of payments referred to in paragraph 1(i)(c) of this Article on the basis of a fixed sum for each ton of contributing oil received by such person during the calendar year preceding that in which the incident in question occurred, provided that State was a Party to this Convention at the date of the incident.

3. The sums referred to in paragraph 2 above shall be arrived at by dividing the relevant total amount of contributions required by the total amount of contributing oil received in all Contracting States in the relevant year.

4. The Assembly shall decide the portion of the annual contribution which shall be immediately paid in cash and decide on the date of payment. The remaining part of each annual contribution shall be paid upon notification by the Director.

5. The Director may, in cases and in accordance with conditions to be laid down in the Internal Regulations of the Fund, require a contributor to provide financial security for the sums due from him.

6. Any demand for payments made under paragraph 4 shall be called rateably from all individual contributors.

13. gr.

1. Af hverri framlagsupphæð sem gjaldkræf er samkvæmt 12. gr. og sem dráttur er orðinn á skal greiða vexti og ber þinginu að ákveða prósentutölu þá sem gilda skal fyrir hvert almanaksár, að því áskildu að heimilt er að ákveða mismunandi prósentutölur við mismunandi kringumstæður.

2. Hvert samningsríki skal sjá um að staðið verði við sérhverja skuldbindingu sem byggist á þessum samningi til að greiða framlag til sjóðsins vegna olíu sem tekið hefur verið á móti innan landsvæðis þess ríkis og skal gera allar viðeigandi ráðstafanir samkvæmt sínum lögum, þar á meðal að beita þeim viðurlögum sem það kann að telja nauðsynleg með tilliti til þess að röggsamlega verði staðið við sérhverja slíka skuldbindingu, enda skulu slíkar ráðstafanir beinast eingöngu gegn þeim aðilum sem sú skylda hvílir á að greiða framlög til sjóðsins.

3. Nú stendur aðili sem skylt er, samkvæmt ákvæðum 10. og 11. gr., að greiða framlög til sjóðsins ekki við sínar skuldbindingar að því er varðar eitthvert slíkt framlag, eða einhvern hluta af því, og greiðslan dregst lengri tíma en þrjá mánuði, og skal þá forstjórinn gera allar viðeigandi ráðstafanir gagnvart slíkum aðila vegna sjóðsins til að innheimta hina gjaldkræfu upphæð. Þó er þinginu heimilt, þegar sá sem er í vanskilum með framlag sitt er bersýnilega gjaldþrota, eða kringumstæður að öðru leyti gefa tilefni til þess, að ákveða, þegar forstjórinn mælir með, að mál skuli ekki eða ekki frekar sótt á hendur framlagsgreiðanda.

14. gr.

1. Þá er það afhendir staðfestingar- ellegar aðildarskjal sitt, eða hvenær sem er eftir þann tíma, er hverju samningsríki heimilt að lýsa því yfir að það taki sjálft á sig skuldbindingar sem samkvæmt þessum samningi hvíla á einhverjum aðila sem skylt er að greiða framlag til sjóðsins samkvæmt 1. mgr. 10. gr. vegna olíu móttekinnar innan landsvæðis þess ríkis. Slíka yfirlýsingu skal gefa skriflega og í henni skal tilgreint hvaða skuldbindingar séu yfirteknar.

2. Þegar yfirlýsing er gefin samkvæmt

Article 13

1. The amount of any contribution due under Article 12 and which is in arrear shall bear interest at a rate which shall be determined by the Assembly for each calendar year provided that different rates may be fixed for different circumstances.

2. Each Contracting State shall ensure that any obligation to contribute to the Fund arising under this Convention in respect of oil received within the territory of that State is fulfilled and shall take any appropriate measures under its law, including the imposing of such sanctions as it may deem necessary, with a view to the effective execution of any such obligation; provided, however, that such measures shall only be directed against those persons who are under an obligation to contribute to the Fund.

3. Where a person who is liable in accordance with the provisions of Articles 10 and 11 to make contributions to the Fund does not fulfil his obligations in respect of any such contribution or any part thereof and is in arrear for a period exceeding three months, the Director shall take all appropriate action against such person on behalf of the Fund with a view to the recovery of the amount due. However, where the defaulting contributor is manifestly insolvent or the circumstances otherwise so warrant, the Assembly may, upon recommendation of the Director, decide that no action shall be taken or continued against the contributor.

Article 14

1. Each Contracting State may at the time when it deposits its instrument of ratification or accession or at any time thereafter declare that it assumes itself obligations that are incumbent under this Convention on any person who is liable to contribute to the Fund in accordance with Article 10, paragraph 1, in respect of oil received within the territory of that State. Such declaration shall be made in writing and shall specify which obligations are assumed.

2. Where a declaration under paragraph

1. mgr. fyrir gildistöku þessa samnings samkvæmt 40. gr., skal hún send aðalritara Stofnunarinnar til varðveislu og honum ber að tilkynna forstjóranum um yfirlýsinguna eftir gildistöku samningsins.

3. Yfirlýsingu samkvæmt 1. mgr., sem gefin er eftir gildistöku þessa samnings, skal senda forstjóranum til varðveislu.

4. Yfirlýsingu sem gefin hefur verið samkvæmt þessari grein má afturkalla af hlutaðeigandi ríki með skriflegri tilkynningu þar um til forstjórans. Slík tilkynning skal taka gildi þrem mánuðum eftir að hún berst forstjóranum í hendur.
5. Sérhvert ríki sem skuldbundið er með yfirlýsingu samkvæmt þessari grein skal, í öllum málaferlum gegn því fyrir bærum dómstól vegna skuldbindingar sem tilgreind er í yfirlýsingunni, afsala sér hvers konar friðhelgi sem það annars gæti gert tilkall til.

15. gr.

1. Sérhvert samningsríki skal sjá um að hvern aðila sem tekur á móti gjaldskyldri olíu inn á landsvæði þess í slíku magni að honum sé skylt að greiða framlög í sjóðinn sé að finna á lista sem forstjóra sjóðsins ber að gera og halda réttum á hverjum tíma í samræmi við eftirfarandi ákvæði þessarar greinar.
2. Í þeim tilgangi sem frá greinir í 1. mgr., skal hvert samningsríki tjá forstjóranum, á þeim tíma og með þeim hætti sem mælt skal fyrir um í reglugerð sjóðsins, nafn og heimilisfang hvers aðila sem, hvað það ríki snertir, er skylt að greiða framlög til sjóðsins samkvæmt 10. gr., og einnig upplýsingar um tilheyrandi magn gjaldskyldrar olíu sem sérhver slíkur aðili hefur tekið á móti á almanaksárinu næst á undan.
3. Hvað því viðvíkur að ganga úr skugga um, á hvaða tilteknum tíma sem er, hverjir þeir aðilar eru sem skylt er að greiða framlög til sjóðsins samkvæmt 1. mgr. 10. gr. og, eftir atvikum, að fá vissu um magnið af olíu sem reikna ber með að því er hvern slíkan aðila varðar þegar ákvörðun er tekin um upphæð framlags hans, skal listinn vera *prima facie* sönnunargagn um þau atriði er þar greinir.

1 is made prior to the entry into force of this Convention in accordance with Article 40, it shall be deposited with the Secretary-General of the Organization who shall after the entry into force of the Convention communicate the declaration to the Director.
3. A declaration under paragraph 1 which is made after the entry into force of this Convention shall be deposited with the Director.
4. A declaration made in accordance with this Article may be withdrawn by the relevant State giving notice thereof in writing to the Director. Such notification shall take effect three months after the Director's receipt thereof.
5. Any State which is bound by a declaration made under this Article shall, in any proceedings brought against it before a competent court in respect of any obligation specified in the declaration, waive any immunity that it would otherwise be entitled to invoke.

Article 15

1. Each Contracting State shall ensure that any person who receives contributing oil within its territory in such quantities that he is liable to contribute to the Fund appears on a list to be established and kept up to date by the Director in accordance with the subsequent provisions of this Article.
2. For the purposes set out in paragraph 1, each Contracting State shall communicate, at a time and in the manner to be prescribed in the Internal Regulations, to the Director the name and address of any person who in respect of that State is liable to contribute to the Fund pursuant to Article 10, as well as data on the relevant quantities of contributing oil received by any such person during the preceding calendar year.
3. For the purposes of ascertaining who are, at any given time, the persons liable to contribute to the Fund in accordance with Article 10, paragraph 1, and of establishing, where applicable, the quantities of oil to be taken into account for any such person when determining the amount of his contribution, the list shall be *prima facie* evidence of the facts stated therein.

Skipulag og stjórn.

16. gr.

Sjóðurinn skal hafa þing, skrifstofu undir stjórn forstjóra og, í samræmi við ákvæði 21. gr., framkvæmdanefnd.

Organization and Administration

Article 16

The Fund shall have an Assembly, a Secretariat headed by a Director and, in accordance with the provisions of Article 21, an Executive Committee.

Þingið.

17. gr.

Þingið skal samanstanda af öllum samningsríkjum sem aðilar eru að þessum samningi.

Assembly

Article 17

The Assembly shall consist of all Contracting States to this Convention.

18. gr.

Að áskildum ákvæðum 26. gr., skulu verkefni þingsins vera:

1. að kjósa sér, á hverjum reglulegum fundi, forseta og tvo varaforseta sem skulu gegna starfi til næsta reglulegs fundar;
2. að setja sér eigin reglur um starfshætti að áskildum ákvæðum þessa samnings;
3. að samþykkkja reglugerð fyrir sjóðinn sem nauðsynleg er til þess að starfsemi hans verði með þeim hætti sem vera ber;
4. að skipa forstjórann og setja ákvæði um skipun slíkra starfsmanna annarra sem nauðsynlegir kunna að vera, og ákveða ráðningarkjör forstjórans og annarra starfsmanna;

5. að samþykkja árlega fjárhagsáætlun og ákveða hin árlegu framlög;
6. að skipa endurskoðendur og samþykkja reikninga sjóðsins;
7. að samþykkja greiðslur krafna á hendur sjóðnum, taka ákvarðanir varðandi skiptingu meðal kröfuhafa á útborgunarupphæð skaðabóta samkvæmt 5. mgr. 4. gr. og ákveða þá skilmála sem fara skal eftir um bráðabirgðagreiðslur vegna krafna með það fyrir augum að tryggja að þeim sem verða fyrir tjóni af völdum mengunar séu greiddar skaðabætur eins fljótt og auðið er;

8. að kjósa þá meðlimi þingsins sem fulltrúa eiga að hafa í framkvæmdanefndinni, sbr. ákvæði 21., 22., og 23. gr.;

Article 18

The functions of the Assembly shall, subject to the provisions of Article 26, be:

1. to elect at each regular session its Chairman and two Vice-Chairmen who shall hold office until the next regular session;
2. to determine its own rules of procedure, subject to the provisions of this Convention;
3. to adopt Internal Regulations necessary for the proper functioning of the Fund;

4. to appoint the Director and make provisions for the appointment of such other personnel as may be necessary and determine the terms and conditions of service of the Director and other personnel;
5. to adopt the annual budget and fix the annual contributions;
6. to appoint auditors and approve the accounts of the Fund;
7. to approve settlements of claims against the Fund, to take decisions in respect of the distribution among claimants of the available amount of compensation in accordance with Article 4, paragraph 5, and to determine the terms and conditions according to which provisional payments in respect of claims shall be made with a view to ensuring that victims of pollution damage are compensated as promptly as possible;
8. to elect the members of the Assembly to be represented on the Executive Committee, as provided in Articles 21, 22 and 23;

9. að koma á fót sérhverri undirstofnun sem það kann að telja nauðsynlega og ætlað er að starfa um tíma, eða vera til frambúðar;
10. að ákveða hvaða ríkjum sem ekki eru aðilar að samningnum, og hvaða milliríkjastofnunum, og alþjóðlegum stofnunum sem ekki eru milliríkjastofnanir, skuli leyft að taka þátt, án atkvæðisréttar, í fundum þingsins, framkvæmdanefndar, og undirstofnana;
11. að gefa forstjóra, framkvæmdanefnd, og undirstofnunum fyrirmæli varðandi stjórnun sjóðsins;

12. að ræða og samþykkja skýrslur og athafnir framkvæmdanefndar;

13. að hafa yfirumsjón með tilhlýðilegri framkvæmd samningsins og sinna eigin ákvarðana;
14. að sinna slíkum verkefnum öðrum sem því eru falin samkvæmt samningnum, eða sem eru að öðru leyti nauðsynleg til þess að sjóðurinn starfi með þeim hætti sem honum ber.

9. to establish any temporary or permanent subsidiary body it may consider to be necessary;

10. to determine which non-Contracting States and which inter-governmental and international non-governmental organizations shall be admitted to take part, without voting rights, in meetings of the Assembly, the Executive Committee, and subsidiary bodies;
11. to give instructions concerning the administration of the Fund to the Director, the Executive Committee and subsidiary bodies;
12. to review and approve the reports and activities of the Executive Committee;
13. to supervise the proper execution of the Convention and of its own decisions;
14. to perform such other functions as are allocated to it under the Convention or are otherwise necessary for the proper operation of the Fund.

19. gr.

1. Reglulegir fundir þingsins skulu haldnir einu sinni á hverju almanaksári samkvæmt boðun forstjórans, en ef þingið felur framkvæmdanefnd þau verkefni sem tilgreind eru í 5. mgr. 18. gr., skulu reglulegir fundir þingsins haldnir einu sinni á hverjum tveim árum.

2. Aukafundir þingsins skulu boðaðir af forstjóra að beiðni framkvæmdanefndar, eða hið minnsta eins þriðjungs meðlima þingsins, og þá má boða að eigin frumkvæði forstjórans eftir ráðfærslu við forseta þingsins. Forstjóranum ber að tilkynna meðlimum um slíka fundi með eigi minna en þrjátíu daga fyrirvara.

Article 19

1. Regular sessions of the Assembly shall take place once every calendar year upon convocation by the Director; provided, however, that if the Assembly allocates to the Executive Committee the functions specified in Article 18, paragraph 5, regular sessions of the Assembly shall be held once every two years.
2. Extraordinary sessions of the Assembly shall be convened by the Director at the request of the Executive Committee or of at least one-third of the members of the Assembly and may be convened on the Director's own initiative after consultation with the Chairman of the Assembly. The Director shall give members at least thirty days' notice of such sessions.

20. gr.

Til þess að fundir séu ályktunarfærir þarf meiri hluta meðlima þingsins.

Article 20

A majority of the members of the Assembly shall constitute a quorum for its meetings.

Framkvæmdanefnd.

21. gr.

Framkvæmdanefnd skal komið á fót á fyrsta reglulega fundi þingsins eftir þann dag er tala samningsríkja nær fimmtán.

22. gr.

1. Framkvæmdanefndin skal skipuð einum þriðja hluta meðlima þingsins, en þó ekki færri en sjö og ekki fleiri en fimmtán. Nú er tala meðlima þingsins ekki deilanleg með þrem, og skal þá umræddur þriðjungur reiknast af næstu tölu fyrir ofan sem deilanleg er með þrem.

2. Við kosningu í framkvæmdanefnd skal þingið:

a) tryggja sanngjarna landfræðilega dreifingu sæta í nefndinni á þeim grundvelli að um fullnægjandi fyrirsvar sé að ræða af hálfu samningsríkja sem eru sérstaklega illa sett að því er varðar hættu á olíumengun, og af hálfu samningsríkja sem hafa stóran flota olíuskipa; og

b) kjósa helming meðlima nefndarinnar, eða, ef heildartala meðlima sem kjósa skal er ekki jöfn, þá tölu meðlima sem jafngildir helmingi heildartölunnar að einum frádregnum, úr hópi þeirra samningsríkja sem það landsvæði tilheyrir sem almanaksárið á undan tók mest magn olíu sem reikna ber samkvæmt 10. gr., að því tilskildu að tala ríkja sem kjörgeng eru samkvæmt þessum staflið skal vera takmörkunum bundin svo sem sýnt er á töflunni hér á eftir:

Heildartala meðlima í nefndinni	Tala ríkja sem kjörgeng eru samkv. staflið b)	Tala ríkja sem kjósa ber samkv. staflið b)
7	5	3
8	6	4
9	6	4
10	8	5
11	8	5
12	9	6
13	9	6
14	11	7
15	11	7

Executive Committee

Article 21

The Executive Committee shall be established at the first regular session of the Assembly after the date on which the number of Contracting States reaches fifteen.

Article 22

1. The Executive Committee shall consist of one-third of the members of the Assembly but of not less than seven or more than fifteen members. Where the number of members of the Assembly is not divisible by three, the one-third referred to shall be calculated on the next higher number which is divisible by three.

2. When electing the members of the Executive Committee the Assembly shall:

(a) secure an equitable geographical distribution of the seats on the Committee on the basis of an adequate representation of Contracting States particularly exposed to the risks of oil pollution and of Contracting States having large tanker fleets; and

(b) elect one half of the members of the Committee, or in case the total number of members to be elected is uneven, such number of the members as is equivalent to one half of the total number less one, among those Contracting States in the territory of which the largest quantities of oil to be taken into account under Article 10 were received during the preceding calendar year, provided that the number of States eligible under this sub-paragraph shall be limited as shown in the table below:

Total number of Members on the Committee	Number of States eligible under sub-paragraph (b)	Number of States to be elected under sub-paragraph (b)
7	5	3
8	6	4
9	6	4
10	8	5
11	8	5
12	9	6
13	9	6
14	11	7
15	11	7

3. Hvern þann meðlim þingsins sem kjörgengur var en ekki hlaut kosningu samkvæmt staflið b) skal óheimilt að kjósa í nokkurt annað sæti sem eftir er í framkvæmdanefndinni.

23. gr.

1. Meðlimir framkvæmdanefndar skulu gegna starfi til loka næsta reglulegs fundar þingsins.
2. Ekkert ríki þingsins má starfa í framkvæmdanefndinni lengur en tvö kjörtímabil í röð, nema að því leyti sem nauðsynlegt kann að vera til þess að uppfylla ákvæði 22. gr.

24. gr.

Framkvæmdanefndin skal koma saman eigi sjaldnar en einu sinni á hverju almanaksári, með þrjátíu daga fyrirvara, samkvæmt boðun forstjóra, annaðhvort að hans eigin frumkvæði eða að beiðni forseta nefndarinnar, eða að minnsta kosti eins þriðjungs meðlima hennar. Nefndin skal koma saman á þeim stöðum sem hentugir kunna að vera.

25. gr.

Til þess að fundir framkvæmdanefndar séu ályktunarfærir skal þurfa fundarsetu að minnsta kosti tveggja þriðju hluta nefndarmanna.

26. gr.

1. Verkefni framkvæmdanefndar skulu vera:
a) að kjósa sér forseta og setja sér eigin reglur um starfshætti, nema að því leyti sem öðruvísi er mælt í þessum samningi;
b) að taka að sér og leysa af höndum í stað þingsins eftirfarandi störf:

i) að setja reglur um skipun þess starfsfólks, að undanteknum forstjóranum, sem nauðsynlegt kann að reynast, og ákveða ráðningarkjör þess;
ii) að samþykkja greiðslur krafna á hendur sjóðnum og gera allar aðrar ráðstafanir sem ráð er fyrir gert í sambandi við slíkar kröfur í 7. mgr. 18. gr.;

3. A member of the Assembly which was eligible but was not elected under sub-paragraph (b) shall not be eligible to be elected for any remaining seat on the Executive Committee.

Article 23

1. Members of the Executive Committee shall hold office until the end of the next regular session of the Assembly.
2. Except to the extent that may be necessary for complying with the requirements of Article 22, no State Member of the Assembly may serve on the Executive Committee for more than two consecutive terms.

Article 24

The Executive Committee shall meet at least once every calendar year at thirty days' notice upon convocation by the Director, either on his own intiative or at the request of its Chairman or of at least one-third of its members. It shall meet at such places as may be convenient.

Article 25

At least two-thirds of the members of the Executive Committee shall constitute a quorum for its meetings.

Article 26

1. The functions of the Executive Committee shall be:
(a) to elect its Chairman and adopt its own rules of procedure, except as otherwise provided in this Convention;
(b) to assume and exercise in place of the Assembly the following functions:

(i) making provision for the appointment of such personnel, other than the Director, as may be necessary and determining the terms and conditions of service of such personnel;
(ii) approving settlements of claims against the Fund and taking all other steps envisaged in relation to such claims in Article 18, paragraph 7;

iii) að gefa forstjóranum fyrirmæli varðandi stjórnun sjóðsins og hafa umsjón með því að af hans hálfu sé framkvæmd samningsins, ákvarðana þingsins og eigin ákvarðana nefndarinnar með þeim hætti sem hún á að vera; og

c) að leysa af hendi þau verkefni önnur sem henni eru falin af þinginu.

2. Framkvæmdanefndin skal ár hvert semja og birta skýrslu um starfsemi sjóðsins á almanaksárinu næst á undan.

(iii) giving instructions to the Director concerning the administration of the Fund and supervising the proper execution by him of the Convention, of the decisions of the Assembly and of the Committee's own decisions; and

(c) to perform such other functions as are allocated to it by the Assembly.

2. The Executive Committee shall each year prepare and publish a report of the activities of the Fund during the previous calendar year.

27. gr.

Þeir meðlimir þingsins sem ekki eru meðlimir framkvæmdanefndarinnar skulu hafa rétt til að sitja fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

Article 27

Members of the Assembly who are not members of the Executive Committee shall have the right to attend its meetings as observers.

Skrifstofan.

28. gr.

1. Starfslið skrifstofunnar skal vera forstjórinn og starfsfólk það sem stjórnun sjóðsins kann að útheimta.

2. Forstjórinn skal vera löglegur umboðsmaður sjóðsins.

Secretariat

Article 28

1. The Secretariat shall comprise the Director and such staff as the administration of the Fund may require.

2. The Director shall be the legal representative of the Fund.

29. gr.

1. Forstjórinn er aðalforráðamaður sjóðsins og honum ber, að áskildum fyrirmælum sem honum eru gefin af þinginu og framkvæmdanefndinni, að vinna þau störf sem honum eru falin í þessum samningi, í reglugerð sjóðsins, af þinginu og af framkvæmdanefndinni.

2. Einkum ber forstjóranum:

a) að skipa það starfsfólk sem stjórnun sjóðsins útheimtir;

b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að meðferð eigna sjóðsins sé með þeim hætti sem hún á að vera;

c) að innheimta þau framlög sem greiða ber samkvæmt þessum samningi, með sérstöku tilliti til ákvæða 3. mgr. 13. gr.;

d) að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að fjalla um kröfur á hendur sjóðnum og leysa af hendi önnur verkefni sjóðsins, að ráða til aðstoðar sérfróða menn á sviði lögfræði og fjármála og öðrum sviðum;

Article 29

1. The Director shall be the chief administrative officer of the Fund and shall, subject to the instructions given to him by the Assembly and by the Executive Committee, perform those functions which are assigned to him by this Convention, the Internal Regulations, the Assembly and the Executive Committee.

2. The Director shall in particular:

(a) appoint the personnel required for the administration of the Fund;

(b) take all appropriate measures with a view to the proper adminstration of the Fund's assets;

(c) collect the contributions due under this Convention while observing in particular the provisions of Article 13, paragraph 3;

(d) to the extent necessary to deal with claims against the Fund and carry out the other functions of the Fund, employ the services of legal, financial and other experts;

e) að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að fjalla um kröfur á hendur sjóðnum innan þeirra marka og með þeim skilyrðum sem kveðið skal á um í reglugerð sjóðsins, þar á meðal endanlegt uppgjör krafna án undanfarandi samþykkis þingsins eða framkvæmdanefndar í þeim tilvikum sem reglugerðin mælir svo fyrir;
f) að undirbúa og leggja fyrir þingið eða fyrir framkvæmdanefndina, eftir því sem við á, reikninga og fjárhagsáætlun fyrir hvert almanaksár;
g) að aðstoða framkvæmdanefndina við gerð skýrslu þeirra sem um ræðir í 2. mgr. 26. gr.;
h) að annast undirbúning, samsöfnun og dreifingu plagga, skjala, dagskrár, fundarskýrslna og upplýsinga sem þörf kann að vera á vegna starfa þingsins, framkvæmdanefndar og undirstofnana.

(e) take all appropriate measures for dealing with claims against the Fund within the limits and on conditions to be laid down in the Internal Regulations, including the final settlement of claims without the prior approval of the Assembly or the Executive Committee where these Regulations so provide;
(f) prepare and submit to the Assembly or to the Executive Committee, as the case may be, the financial statements and budget estimates for each calendar year;
(g) assist the Executive Committee in the preparation of the report referred to in Article 26, paragraph 2;
(h) prepare, collect and circulate the papers, documents, agenda, minutes and information that may be required for the work of the Assembly, the Executive Committee and subsidiary bodies.

30. gr.

Er þeir vinna sín skyldustörf skulu forstjórinn, starfslið og sérfræðingar sem hann skipar ekki æskja eftir eða taka við fyrirmælum frá neinni ríkisstjórn, eða frá neinu yfirvaldi sjóðnum óviðkomandi. Þeim ber að forðast hvern þann verknað sem gæti varpað skugga á stöðu þeirra sem alþjóðlegra embættismanna. Hvert samningsríki skuldbindur sig fyrir sitt leyti til að virða það að þær skyldur sem forstjórinn, starfsmenn og sérfræðingar sem hann skipar, hafa að gegna eru einvörðungu alþjóðlegs eðlis, og að leitast ekki við að hafa áhrif á þá er þeir inna af hendi sín skyldustörf.

Article 30

In the performance of their duties the Director and the staff and experts appointed by him shall not seek or receive instructions from any Government or from any authority external to the Fund. They shall refrain from any action which might reflect on their position as international officials. Each Contracting State on its part undertakes to respect the exclusively international character of the responsibilities of the Director and the staff and experts appointed by him, and not to seek to influence them in the discharge of their duties.

Fjármál.

31. gr.

1. Hvert samningsríki skal greiða laun, ferðakostnað og annan kostnað sinnar eigin sendinefndar á þingið og fulltrúa sinna í framkvæmdanefnd og undirstofnunum.
2. Allan annan kostnað sem starfræksla sjóðsins hefur í för með sér skal sjóðurinn bera.

Finances

Article 31

1. Each Contracting State shall bear the salary, travel and other expenses of its own delegation to the Assembly and of its representatives on the Executive Committee and on subsidiary bodies.
2. Any other expenses incurred in the operation of the Fund shall be borne by the Fund.

Atkvæðagreiðsla.

32. gr.

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um atkvæðagreiðslu á þinginu og í framkvæmdanefnd:

a) hver meðlimur skal hafa eitt atkvæði;
b) nema að því leyti sem öðruvísi er kveðið á í 33. gr., skulu ákvarðanir á þinginu og í framkvæmdanefnd hafa stuðning meiri hluta þeirra meðlima sem viðstaddir eru og atkvæði greiða;
c) ákvarðanir sem þurfa þriggja fjórðunga eða tveggja þriðjunga meirihluta skulu teknar með, eftir atvikum, þriggja fjórðunga eða tveggja þriðjunga meiri hluta greiddra atkvæða þeirra meðlima sem viðstaddir eru;
d) að því er þessa grein varðar, merkir orðasambandið „meðlimir sem viðstaddir eru" „meðlimir sem eru á fundinum á þeim tíma sem atkvæðagreiðslan fer fram", og orðasambandið „meðlimir sem viðstaddir eru og atkvæði greiða" merkir „meðlimir sem viðstaddir eru og atkvæði greiða með eða móti". Meðlimir sem sitja hjá við atkvæðagreiðslu skulu ekki teljast greiða atkvæði.

33. gr.

1. Eftirfarandi ákvarðanir þingsins þarfnast þriggja fjórðunga meirihluta:

a) hækkun, í samræmi við 6. mgr. 4. gr., hámarksupphæðar skaðabóta sem sjóðnum ber að greiða;

b) ákvörðun samkvæmt 4. mgr. 5. gr., varðandi skipti á þeim samningum sem um ræðir í þeirri málsgrein;

c) að fela framkvæmdanefndinni verkefni þau sem tilgreind eru í 5. mgr. 18. gr.

2. Eftirfarandi ákvarðanir þingsins þarfnast tveggja þriðjunga meirihluta:

a) ákvörðun, samkvæmt 3. mgr. 13. gr., um að ekki, eða ekki frekar skuli sækja mál á hendur framlagsgreiðanda;
b) skipun forstjóra samkvæmt 4. mgr. 18. gr.;
c) að koma á fót undirstofnunum samkvæmt 9. mgr. 18. gr.

Voting

Article 32

The following provisions shall apply to voting in the Assembly and the Executive Committee:

(a) each member shall have one vote;
(b) except as otherwise provided in Article 33, decisions of the Assembly and the Executive Committee shall be by a majority vote of the members present and voting;
(c) decisions where a three-fourths or a two-thirds majority is required shall be by a three-fourths or two-thirds majority vote, as the case may be, of those present;

(d) for the purpose of this Article the phrase "members present" means "members present at the meeting at the time of the vote", and the phrase "members present and voting" means "members present and casting an affimative or negative vote". Members who abstain from voting shall be considered as not voting.

Article 33

1. The following decisions of the Assembly shall require a three-fourths majority:
   (a) an increase in accordance with Article 4, paragraph 6, in the maximum amount of compensation payable by the Fund;
   (b) a determination, under Article 5, paragraph 4, relating to the replacement of the Instruments referred to in that paragraph;
   (c) the allocation to the Executive Committee of the functions specified in Article 18, paragraph 5.
2. The following decisions of the Assembly shall require a two-thirds majority:
   (a) a decision under Article 13, paragraph 3, not to take or continue action against a contributor;
   (b) the appointment of the Director under Article 18, paragraph 4;
   (c) the establishment of subsidiary bodies, under Article 18, paragraph 9.

34. gr.

1. Sjóðurinn, eignir hans, tekjur, þar á meðal framlög, og annað sem hann á, skal í öllum samningsríkjum vera undanþegið allri beinni skattlagningu.

2. Þegar um allmikil kaup á lausafé eða fastafé er að ræða af hálfu sjóðsins, eða þegar hann lætur vinna mikilvæg verk sem eru nauðsynleg vegna opinberrar starfsemi sinnar, og í verðinu eru innifaldir óbeinir skattar eða söluskattar, skulu ríkisstjórnir aðildarríkja, ávallt þegar mögulegt er, gera viðeigandi ráðstafanir varðandi eftirgjöf eða endurgreiðslu þeirrar upphæðar sem slíkir tollar eða skattar nema.

3. Engin undanþága skal veitt þegar um er að ræða tolla, skatta eða gjöld sem einvörðungu eru greiðsla fyrir þjónustu hins opinbera í þágu almennings.

4. Sjóðurinn skal vera undanþeginn öllum aðflutningsgjöldum, sköttum og öðrum skyldum álögum sem þeir hlutir falla undir sem fluttir eru inn eða úr landi af honum, eða vegna hans, til opinberra afnota hans. Hlutir sem þannig eru fluttir inn skulu ekki látnir af hendi, hvorki gegn endurgjaldi eða ókeypis á umráðasvæði þess lands sem þeir hafa verið fluttir til, nema með þeim skilmálum sem ríkisstjórn viðkomandi lands samþykkir.

5. Aðilar sem framlög greiða til sjóðsins og tjónþolar og eigendur skipa sem skaðabætur fá úr sjóðnum skulu vera háðir skattalöggjöf þess ríkis þar sem þeir eru skattskyldir, enda er þeim engin sérstök undanþága veitt eða önnur hlunnindi að því er þetta varðar.

6. Frá upplýsingum varðandi einstaka framlagsgreiðendur sem gefnar eru með tilliti til þessa samnings, skal ekki skýrt utan sjóðsins, nema að svo miklu leyti sem það kann að vera beinlínis nauðsynlegt til þess að sjóðurinn geti leyst af hendi sín verkefni, þar á meðal það, að koma fram sem sækjandi eða varnaraðili í málarekstri fyrir dómstólum.

7. Án tillits til reglna um gjaldeyri eða yfirfærslur sem nú gilda eða í framtíðinni, skulu samningsríki heimila yfirfærslu og greiðslu allra framlaga til sjóðsins og allra skaðabóta sem sjóðurinn greiðir, án nokkurra hafta.

Article 34

1. The Fund, its assets, income, including contributions, and other property shall enjoy in all Contracting States exemption from all direct taxation.

2. When the Fund makes substantial purchases of movable or immovable property, or has important work carried out which is necessary for the exercise of its official activities and the cost of which includes indirect taxes or sales taxes, the Governments of Member States shall take, whenever possible, appropriate measures for the remission or refund of the amount of such duties and taxes.

3. No exemption shall be accorded in the case of duties, taxes or dues which merely constitute payment for public utility services.

4. The Fund shall enjoy exemption from all customs duties, taxes and other related taxes on articles imported or exported by it or on its behalf for its official use. Articles thus imported shall not be transferred either for consideration or gratis on the territory of the country into which they have been imported except on conditions agreed by the Government of that country.

5. Persons contributing to the Fund and victims and owners of ships receiving compensation from the Fund shall be subject to the fiscal legislation of the State where they are taxable, no special exemption or other benefit being conferred on them in this respect.

6. Information relating to individual contributors supplied for the purpose of this Convention shall not be divulged outside the Fund except in so far as it may be strictly necessary to enable the Fund to carry out its functions including the bringing and defending of legal proceedings.

7. Independently of existing or future regulations concerning currency or transfers, Contracting States shall authorize the transfer and payment of any contribution to the Fund and of any compensation paid by the Fund without any restriction.

Millibilsákvæði.

35. gr.

1. Sjóðurinn skal ekki baka sér neina skuldbindingu samkvæmt 4. eða 5. gr. í sambandi við atburði sem eiga sér stað innan tímabils sem nemur eitt hundrað og tuttugu dögum frá gildistöku þessa samnings.

2. Skaðabótakröfur samkvæmt 4. gr. og kröfur um ábyrgðarbætur samkvæmt 5. gr., vegna atburða sem eiga sér stað meir en eitt hundrað og tuttugu dögum, en ekki meir en tvö hundruð og fjörutíu dögum eftir að þessi samningur tekur gildi, má ekki gera á hendur sjóðnum fyrr en að liðnum tvö hundraðasta og fertugasta deginum frá gildistöku þessa samnings.

36. gr.

Aðalritari Stofnunarinnar skal kalla saman fyrsta fund þingsins. Sá fundur skal haldinn eins fljótt og unnt er eftir gildistöku þessa samnings, og a. m. k. eigi síðar en þrjátíu dögum eftir gildistökuna.

Niðurlagsgreinar.

37. gr.

1. Þennan samning skal þeim ríkjum frjálst að undirrita sem hafa undirritað ábyrgðarsamninginn, eða gerast aðilar að honum, og hverju því ríki sem fulltrúa hafði á ráðstefnunni 1971 um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar. Samninginn skal vera heimilt að undirrita fram til 31. desember 1972.

2. Að áskildum ákvæðum 4. mgr., skal þessi samningur fullgiltur, staðfestur, eða samþykktur af hálfu þeirra ríkja sem hafa undirritað hann.

3. Að áskildum ákvæðum 4. mgr., er ríkjum sem ekki undirrituðu þennan samning heimilt að gerast aðilar að honum.

4. Eingöngu þeim ríkjum sem hafa fullgilt, staðfest, samþykkt, eða gerst aðilar að ábyrgðarsamningnum er heimilt að fullgilda, staðfesta, samþykkja, eða gerast aðilar að þessum samningi.

Transitional Provisions

Article 35

1. The Fund shall incur no obligation whatsoever under Article 4 or 5 in respect of incidents occurring within a period of one hundred and twenty days after the entry into force of this Convention.

2. Claims for compensation under Article 4 and claims for indemnification under Article 5, arising from incidents occurring later than one hundred and twenty days but not later than two hundred and forty days after the entry into force of this Convention may not be brought against the Fund prior to the elapse of the two hundred and fortieth day after the entry into force of this Convention.

Article 36

The Secretary-General of the Organization shall convene the first session of the Assembly. This session shall take place as soon as possible after entry into force of this Convention and, in any case, not more than thirty days after such entry into force.

Final Clauses

Article 37

1. This Convention shall be open for signature by the States which have signed or which accede to the Liability Convention, and by any State represented at the Conference on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage, 1971. The Convention shall remain open for signature until 31 December 1972.

2. Subject to paragraph 4, this Convention shall be ratified, accepted or approved by the States which have signed it.

3. Subject to paragraph 4, this Convention is open for accession by States which did not sign it.

4. This Convention may be ratified, accepted, approved or acceded to, only by States which have ratified, accepted, approved or acceded to the Liability Convention.

38. gr.

1. Þegar um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er að ræða, skal afhenda formlegt skjal þar um í vörslu aðalritara Stofnunarinnar.

2. Sérhvert skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild sem afhent er eftir að breyting á þessum samningi tekur gildi að því er varðar öll þau ríki sem þegar eru samningsríki, ellegar eftir að lokið er öllum ráðstöfunum sem gera þarf vegna gildistöku breytingarinnar að því er þau aðildarríki varðar, skal teljast taka til samningsins eins og hann er með áorðinni breytingu.

39. gr.

Áður en þessi samningur gengur í gildi, skal hvert ríki tjá aðalritara Stofnunarinnar, þegar það afhendir skjal sem um ræðir í 1. mgr. 38. gr., og árlega upp frá því, á þeim tíma sem aðalritari Stofnunarinnar tiltekur, nafn og heimilisfang sérhvers aðila sem, að því er það ríki á í hlut, yrði skylt að greiða framlag til sjóðsins samkv. 10. gr., og enn fremur upplýsingar um tilheyrandi magn gjaldskyldrar olíu sem sérhver slíkur aðili tók á móti á umráðasvæði þess ríkis á almanaksárinu næst á undan.

40. gr.

1. Þessi samningur skal ganga í gildi á nítugasta degi eftir þann dag sem eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) eigi færri en átta ríki hafa afhent aðalritara Stofnunarinnar til vörslu skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, og

b) aðalritari Stofnunarinnar hefur fengið í hendur upplýsingar í samræmi við 39. gr. um að þeir aðilar í þessum ríkjum sem skylt yrði að greiða framlög samkvæmt 10. gr. hafi á almanaksárinu næst á undan tekið á móti heildarmagni sem nemur að minnsta kosti 750 milljónum tonna af gjaldskyldri olíu.

2. Þessi samningur skal þó ekki ganga í gildi fyrr en ábyrgðarsamningurinn hefur gengið í gildi.

Article 38

1. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of a formal instrument to that effect with the Secretary-General of the Organization.

2. Any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited after the entry into force of an amendment to this Convention with respect to all existing Contracting States or after the completion of all measures required for the entry into force of the amendment with respect to those Parties shall be deemed to apply to the Convention as modified by the amendment.

Article 39

Before this Convention comes into force a State shall, when depositing an instrument referred to in Article 38, paragraph 1, and annually thereafter at a date to be determined by the Secretary-General of the Organization, communicate to him the name and address of any person who in respect of that State would be liable to contribute to the Fund pursuant to Article 10 as well as data on the relevant quantities of contributing oil received by any such person in the territory of that State during the preceding calendar year.

Article 40

1. This Convention shall enter into force on the ninetieth day following the date on which the following requirements are fulfilled:

(a) at least eight States have deposited instruments of ratification, acceptance, approval or accession with the Secretary-General of the Organization, and

(b) the Secretary-General of the Organization has received information in accordance with Article 39 that those persons in such States who would be liable to contribute pursuant to Article 10 have received during the preceding calendar year a total quantity of at least 750 million tons of contributing oil.

2. However, this Convention shall not enter into force before the Liability Convention has entered into force.

3. Að því er varðar hvert það ríki sem síðar fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að þessum samningi, skal hann ganga í gildi á nítugasta degi eftir að það ríki afhendir viðeigandi skjal til vörslu.

41. gr.

1. Þessum samningi getur sérhvert samningsríki sagt upp hvenær sem er eftir þann dag er samningurinn gengur í gildi fyrir viðkomandi ríki.
2. Uppsögn skal tilkynna með því að leggja inn skjal þar um til aðalritara Stofnunarinnar.
3. Uppsögn skal taka gildi einu ári, eða eftir slíkan tíma lengri sem tiltekinn kann að vera í uppsagnarskjalinu, eftir að hún er lögð inn til aðalritara Stofnunarinnar.

4. Uppsögn ábyrgðarsamningsins skal teljast vera uppsögn á þessum samningi. Slík uppsögn skal taka gildi sama dag og uppsögn ábyrgðarsamningsins tekur gildi samkvæmt 3. mgr. 16. gr. þess samnings.

5. Þrátt fyrir uppsögn af hálfu samningsríkis í samræmi við þessa grein, skulu öll ákvæði þessa samnings er varða skuldbindingar til að greiða framlög samkvæmt 10. gr., vegna atburðar sem um ræðir í 12. gr., mgr. 2(b), sem á sér stað áður en uppsögnin tekur gildi, vera áfram í gildi.

42. gr.

1. Sérhverju samningsríki er heimilt innan níutíu daga frá afhendingu uppsagnarskjals sem það telur að hafa muni í för með sér verulega aukningu greiðsluhlutfalls framlaga þeirra samningsríkja sem eftir verða, að fara þess á leit við forstjórann að hann kalli saman þingið til aukafundar. Forstjórinn skal kalla saman þingið til fundar eftir ekki lengri tíma en sextíu daga frá móttöku beiðninnar.
2. Forstjóranum er, að eigin frumkvæði, heimilt að boða þingið til aukafundar innan sextíu daga frá afhendingu sérhvers uppsagnarskjals, ef hann telur að sú uppsögn sem um er að ræða muni leiða til verulegrar aukningar greiðsluhlutfalls þeirra sem eftir verða.

3. For each State which subsequently ratifies, accepts, approves or accedes to it, this Convention shall enter into force on the ninetieth day after deposit by such State of the appropriate instrument.

Article 41

1. This Convention may be denounced by any Contracting State at any time after the date on which the Convention comes into force for that State.
2. Denunciation shall be effected by the deposit of an instrument with the Secretary-General of the Organization.
3. A denunciation shall take effect one year, or such longer period as may be specified in the instrument of denunciation, after its deposit with the Secretary-General of the Organization.
4. Denunciation of the Liability Convention shall be deemed to be a denunciation of this Convention. Such denunciation shall take effect on the same date as the denunciation of the Liability Convention takes effect according to paragraph 3 of Article XVI of that Convention.
5. Notwithstanding a denunciation by a Contracting State pursuant to this Article, any provisions of this Convention relating to the obligations to make contributions under Article 10 with respect to an incident referred to in Article 12, paragraph 2(b), and occuring before the denunciation takes effect shall continue to apply.

Article 42

1. Any Contracting State may, within ninety days after the deposit of an instrument of denunciation the result of which it considers will significantly increase the level of contributions for remaining Contracting States, request the Director to convene an extraordinary session of the Assembly. The Director shall convene the Assembly to meet not later than sixty days after receipt of the request.
2. The Director may convene, on his own initiative, an extraordinary session of the Assembly to meet within sixty days after the deposit of any instrument of denunciation, if he considers that such denunciation will result in a significant increase in the level of contributions for the remaining Contracting States.

3. Nú kemst þingið að þeirri niðurstöðu á aukafundi sem til hefur verið boðað í samræmi við 1. og 2. mgr. að uppsögnin muni hafa í för með sér verulega aukningu greiðsluhlutfalls þeirra samningsríkja sem eftir verða, og er þá hverju slíku ríki heimilt, eigi síðar en eitt hundrað og tuttugu dögum fyrir þann dag er sú uppsögn tekur gildi, að segja upp þessum samningi með gildi uppsagnar frá hinum sama degi.

3. If the Assembly at an extraordinary session convened in accordance with paragraph 1 or 2 decides that the denunciation will result in a significant increase in the level of contributions for the remaining Contracting States, any such State may, not later than one hundred and twenty days before the date on which that denunciation takes effect, denounce this Convention with effect from the same date.

43. gr.

1. Þessi sanmingur skal falla úr gildi þann dag er samningsríkin verða færri en þrjú talsins.
2. Þau samningsríki sem eru bundin af þessum samningi daginn áður en hann fellur úr gildi skulu gera sjóðnum fært að leysa af hendi verkefni sín samkvæmt því sem greinir í 44. gr., og þau skulu einvörðungu í þeim tilgangi vera áfram bundin af þessum samningi.

Article 43

1. This Convention shall cease to be in force on the date when the number of Contracting States falls below three.
2. Contracting States which are bound by this Convention on the date before the day it ceases to be in force shall enable the Fund to exercise its functions as described under Article 44 and shall, for that purpose only, remain bound by this Convention.

44. gr.

1. Ef þessi samningur fellur úr gildi, skal sjóðurinn eigi að síður
a) standa við sínar skuldbindingar vegna sérhvers atburðar sem átti sér stað áður en samningurinn féll úr gildi;
b) hafa heimild til að reka réttar síns til framlaga að svo miklu leyti sem þau framlög eru nauðsynleg til þess að standa við skuldbindingar samkvæmt staflið a), að meðtöldum nauðsynlegum stjórnunarkostnaði sjóðsins vegna þessa.
2. Þingið skal gera allar tilheyrandi ráðstafanir til að gera sjóðinn endanlega upp, að meðtalinni sanngjarnri skiptingu allra eigna sem eftir verða á milli þeirra aðila sem framlög hafa greitt til sjóðsins.

3. Að því er varðar ákvæði þessarar greinar, skal sjóðurinn vera áfram persóna að lögum.

Article 44

1. If this Convention ceases to be in force, the Fund shall nevertheless
(a) meet its obligations in respect of any incident occurring before the Convention ceased to be in force;
(b) be entitled to exercise its rights to contributions to the extent that these contributions are necessary to meet the obligations under sub-paragraph (a), including expenses for the administration of the Fund necessary for this purpose.
2. The Assembly shall take all appropriate measures to complete the winding up of the Fund, including the distribution in an equitable manner of any remaining assets among those persons who have contributed to the Fund.
3. For the purposes of this Article the Fund shall remain a legal person.

45. gr.

1. Stofnuninni er heimilt að boða til ráðstefnu í þeim tilgangi að endurskoða eða breyta þessum samningi.
2. Stofnunin skal boða til ráðstefnu samningsríkjanna í þeim tilgangi að end-

Article 45

1. A Conference for the purpose of revising or amending this Convention may be convened by the Organization.
2. The Organization shall convene a Conference of the Contracting States for

urskoða eða breyta þessum samningi að tilmælum eigi minna en eins þriðja hluta allra samningsríkjanna.

46. gr.

1. Þennan samning skal leggja inn til varðveislu hjá aðalritara Stofnunarinnar.

2. Aðalritari Stofnunarinnar skal:

a) tilkynna öllum ríkjum sem hafa undirritað eða gerst aðilar að þessum samningi:
   i) hverja nýja undirritun, eða afhendingu skjals, og dagsetningardag hennar;
   ii) daginn sem samningurinn gengur í gildi;
   iii) hverja uppsögn samningsins og daginn sem hún tekur gildi;
b) senda staðfest rétt endurrit af þessum samningi til allra þeirra ríkja sem undirritað hafa samninginn og allra ríkja sem gerast aðilar að honum.

47. gr.

Jafnskjótt og þessi samningur tekur gildi skal aðalritari Stofnunarinnar senda staðfest rétt endurrit af honum til skrifstofu Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og birtingar í samræmi við 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

48. gr.

Þessi samningur er gerður í einu frumriti á ensku og frönsku, og eru báðir textar jafngildir. Lögmætar þýðingar á rússnesku og spænsku skulu gerðar af skrifstofu Stofnunarinnar og varðveittar ásamt með hinu undirritaða frumriti.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar sem þar til hafa fullt umboð undirritað þennan samning.

Gert í Brussel hinn átjánda dag desembermánaðar nítján hundruð sjötíu og eitt.

the purpose of revising or amending this Convention at the request of not less than one-third of all Contracting States.

Article 46

1. This Convention shall be deposited with the Secretary-General of the Organization.

2. The Secretary-General of the Organization shall:

(a) inform all States which have signed or acceded to this Convention of:
   (i) each new signature or deposit of instrument and the date thereof;
   (ii) the date of entry into force of the Convention;
   (iii) any denunciation of the Convention and the date on which it takes effect;
(b) transmit certified true copies of this Convention to all Signatory States and to all States which accede to the Convention.

Article 47

As soon as this Convention enters into force, a certified true copy thereof shall be transmitted by the Secretary-General of the Organization to the Secretariat of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

Article 48

This Convention is established in a single original in the English and French languages, both texts being equally authentic. Official translations in the Russian and Spanish languages shall be prepared by the Secretariat of the Organization and deposited with the signed original.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned plenipotentiaries being duly authorized for that purpose have signed the present Convention.

DONE at Brussels this eighteenth day of December one thousand nine hundred and seventy-one.

Fylgiskjal G.

ÁLYKTUN RÁÐSTEFNUNNAR

Þau ríki sem áttu fulltrúa á ráðstefnunni um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar,

hafa samþykkt alþjóðasamninginn um stofnun nefnds sjóðs,

gera sér grein fyrir því að nauðsyn ber til þess, fyrir gildistöku samningsins og um nokkurt skeið þar á eftir, að gera vissar undirbúningsráðstafanir um stjórn og skipulag til að tryggja að sjóðurinn geti starfað svo sem til er ætlast frá þeim degi er samningurinn gengur í gildi, að áskildum öllum rétti varðandi staðsetningu aðalstöðva sjóðsins,

mælast til þess við Alþjóðasiglingamálastofnunina, á þeim grundvelli að allur kostnaður sem þessu fylgdi yrði endurgreiddur af sjóðnum:

1. að biðja aðalritara Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar að boða, í samræmi við 36. gr. nefnds samnings, til fyrsta fundar þings sjóðsins og annast nauðsynlegan undirbúning fundarins;
2. að veita alla nauðsynlega aðstoð við stofnsetningu sjóðsins;
3. að sjá fyrir húsnæði og tilheyrandi aðstöðu;
4. að ráða nauðsynlegt starfslið til óákveðins tíma.

RESOLUTION OF THE CONFERENCE

The States represented at the Conference on the Establishment of an International Fund for Compensation for Oil Pollution Damage,

HAVING adopted the International Convention on the establishment of the said Fund,

CONSCIOUS of the necessity that, before the Convention enters into force, and for some time thereafter, some administrative and organizational measures have to be prepared in order to ensure that the Fund, as from the dates of entry into force of the Convention, can operate properly, without prejudice as to the location of the headquarters of the Fund,

REQUEST the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization, on the basis that all expenses incurred would be repaid by the Fund:

1. To ask the Secretary-General of IMCO to convene, in accordance with Article 36 of the said Convention, and make the necessary preparations for, the first session of the Assembly of the Fund;
2. To give all necessary assistance for the setting-up of the Fund;
3. To provide accommodation and supporting services as appropriate;
4. To provide the necessary staff on a temporary basis.

Sþ. 116. Tillaga til þingsályktunar [105. mál]

um verksmiðjuframleidd hús.

Flm.: Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara á árinu 1979 ýtarlega könnun á hagkvæmni verksmiðjuframleiddra húsa. Hafin verði skipuleg áætlunargerð um verulegt átak í þessu efni í ljósi niðurstaðna könnunarinnar. Stuðst verði við reynslu annarra þjóða svo og þá reynslu og þekkingu, sem hér er þegar fengin.

Kannað skal sérstaklega, hvernig framleiðsla og í hvaða formi hentar best til lækkunar byggingarkostnaðar, svo og skulu landshlutasjónarmið höfð rækilega til hliðsjónar við áætlunargerð og aðgerðir allar.

Greinargerð.

Húsnæðismál eru sá þáttur almennra félagsmála, sem alla snertir meira og minna. Það varðar því miklu, hvernig á þeim er haldið, hver stefna er þar í öndvegi sett af stjórnvöldum, hvernig lánamálum er háttað og hver kjör þar gilda, hvaða form hafa forgang, hvernig halda má byggingarkostnaði í svo miklu lágmarki sem kostur er, án þess að það komi niður á gæðum byggginganna.

Í samningum launþegasamtakanna við ríkisvaldið hafa húsnæðismál ærið oft skipað veglegan sess, þó ekki hafi ætíð farið saman loforð og efndir. Óþarft er að rekja hér þá þætti, sem merkasta má telja í löggjöf um húsnæðismál og runnir eru beint og óbeint frá launþegasamtökum og talsmönnum þeirra á Alþingi og í ríkisstjórn. Þar er komið inn á hvort tveggja: ákveðna lánaflokka, sem njóta eiga forgangs, og lánakjörin sjálf, svo og ákveðin skipuleg átök í byggingum, svo sem Breiðholtsframkvæmdirnar og leiguíbúðir sveitarfélaganna eru gleggst dæmi um.

Ein af frumskyldum hinnar opinberu stofnunar, sem um þessi mál fjallar og mestu ræður um þróun mála, Húsnæðismálastofnunar ríkisins, er samkvæmt löggjöf þar um að kanna allar tiltækar leiðir til lækkunar byggingarkostnaðar og auka hagkvæmni í byggingum sem allra mest. Hér er á þessa frumskyldu minnst og að þeirri leið vikið, sem vænlegasta má telja, ef þar er að staðið sem best gerist með öðrum þjóðum. Verksmiðjuframleiðsla húsa er vart til í þeirri merkingu hér á landi, þó ýmsar tilraunir séu í gangi og sú þó merkust sem felst í Húseiningum hf. á Siglufirði, þó fleiri mætti þar til nefna sem eru að feta sig áfram á þessari braut, af miklum vanefnum þó, og tæpast með nægum stuðningi og skilningi á mikilvægi þessa verkefnis ef af fullri reisn væri að því staðið.

Menn greinir nokkuð á um gildi þessa byggingarforms, og vantrúin hefur á vissan hátt verið ríkjandi um of. Einnig kann að vera um að ræða vissa andstöðu hagsmunaaðila í byggingariðnaði, svo sem stundum hefur heyrst, en hér skal ekki lagður á dómur.

Flm. þessarar tillögu lagði á síðasta þingi fram tillögu ásamt Vilborgu Harðardóttur um breytingu á lánakerfi Húsnæðismálastofnunar, sem að meginhluta byggðist á hugmyndum fulltrúa A. S. Í. í endurskoðunarnefnd um húsnæðismál. Fyllra álit þeirra fulltrúa mun nú liggja fyrir hjá félagsmálaráðherra og hlýtur flm. að trúa því, að það muni fá jákvæða afstöðu og afgreiðslu hjá núverandi ríkisstjórn.

En flm. er einnig ljóst, að að fleiru þarf að hyggja, og allnáin kynni af einstöku máli þessu tengdu, þ. e. verksmiðju fyrir einingahús á Reyðarfirði, sem ekki hlaut atfylgi lánasjóða eða annarra opinberra aðila, þau kynni urðu hvati að þessari tillögu um nána athugun þessa máls í heild, þýðingu þess fyrir byggingariðnað okkar og nauðsyn átaks til þess að sanna gildi þessa byggingarforms til lækkunar á byggingarkostnaði hérlendis. Meginmálið hlýtur að liggja í ýtarlegri könnun, skipulegri áætlunargerð og í kjölfar þessa ákveðnu átaki á þann veg, sem gæti skilað okkur myndarlega á veg í þessu mikla hagsmunamáli fólks almennt.

Flm. þessarar tillögu vill tilfæra hér nokkurn frekari rökstuðning fyrir þeirri trú, er hann hefur verksmiðjuframleiðslu húsa í þeim beina tilgangi að auka hagkvæmni og lækka byggingarkostnað. Þar er vitnað til mikils áhugamanns um þessi mál, sem var frumkvöðull að Húseiningum hf. á Siglufirði og stjórnaði fyrirtækinu á erfiðasta skeiði þess, þ. e. fyrstu árin. Hann segir orðrétt:

„Af eðlilegum ástæðum hafa skrif og umræður um þessi mál borið einkenni þess, að hér er um nýja og til þess lítt þróaða iðngrein að ræða í landinu. Því hefur umfjöllun um þessi mál enn þá mótast af hinni fátæklegu reynslu, sem menn hafa enn fyrir sér, og án vitundar um það sem verið hefur að gerast í málunum hin síðustu ár, enda algerlega utan við stuðning eða afskipti byggingaryfirvalda í landinu.

Hér á eftir er ætlunin að skýra í stuttu máli niðurstöðurnar af nokkurra ára endurskoðun á þeim möguleikum, sem slíkur framleiðslumáti kann að búa yfir, **sé vissum forsendum fylgt.** Um það er ekki deilt, að um eða innan við helming

nútíma byggingarverðs teljist til efnisliða. Þá er það gefinn hlutur, að verðlækkun getur ekki að marki orðið með niðurskurði á þeim liðum án þess að eiga á hættu að rýra gildi mannvirkjanna. Séu menn hins vegar sammála um nauðsyn á lækkun byggingarkostnaðar yfir höfuð verður möguleikanna að leita í öðrum kostnaðarliðum. Þessir liðir eru þá fyrst og fremst laun, launatengd gjöld, vaxtabyrðar og síðast en ekki síst hinar opinberu skattálögur ofan á allt saman, sem felast verður í framleiðsluverðinu. Þó háar vaxtagreiðslur séu óvinsælar og oft hafi verið deilt á sinnuleysi þess opinbera á þróun byggingarhátta, tekur steininn fyrst úr, þegar söluskattinum er veifað sem refsivendi yfir allri framfararviðleitni á þessum sviðum."

(Flm. þessarar tillögu hefur ásamt tveim öðrum þingmönnum flutt um það frumvarp, að þessari refsikvöð verði aflétt.)

„Í höfuðdráttum er þetta inntak þeirrar endurskoðunar og endurhönnunar, sem ég hef unnið að og fyrr er getið. Niðurstöður virðast benda til að með markvissri tækniværðingu, sem ákveðst í heinu samhengi við endurhönnun framleiðsluaðferðarinnar, og að gefnum forsendum ætti að vera hægt að ná þessum kostnaðarliðum niður um allt að 50%. En til að ná slíkum árangri er gert ráð fyrir um 80—100 húsa ársframleiðslu og stofnkostnaður reiknaður um 230 millj. kr., sem þó er raunar talsvert lægri upphæð en sú tala, sem árlegum sparnaði næmi.

Þetta byggist á eftirfarandi forsendum:

1. Fyrrnefndri endurhönnun á verkefnum og útfærslu til að ná sem mestum framleiðsluhraða.
2. Auknum tæknibúnaði í heinu samhengi við hönnun verksmiðjuhússins — stærð og staðsetningu vinnusvæða — reiknað út frá fenginni reynslu.
3. Að framleiðslan verði viðurkennd enn frekar sem ákveðinn byggingaráfangi á þann hátt, að húsnæðislánin verði veitt í réttu hlutfalli til framkvæmdanna við hverja framleiðsluönn, sem áætlast 4 á ári og 20—25 hús í hverri.
4. Að hverjum kaupanda verði gert að greiða ákveðinn hundraðshluta af hráefninu, sem til framleiðslunnar þarf, á a. m. k. 6 mánuðum fyrir hverja viðkomandi framleiðsluönn. Þá upphæð yrði þó að ákvarða í samhengi við niðurstöður samkv. lið 3.
5. Að eftirstöðvar greiðist ekki síðar en 3 mánuðum eftir að viðkomandi hús yrðu komin á grunn. M. ö. o. að lögð yrði af sú regla að knýja menn til að byggja fyrst og greiða síðar. Án þess yrði vaxtabyrðum ekki haldið innan skaplegra marka.
6. Að á framangreindum forsendum verði markaðurinn kannaður með beinni innköllun á eftirspurninni, sem um leið yrði stíluð sem upphaf af fyrstu sölusamningum.
7. Að með því að framanskráð fái staðist, er slíkur rekstrarmáti ekki undir rekstrarfjárskort seldur. Fyrirtækið lægi aldrei með fé í eigin hráefnislager, aldrei með eigin afurðir, og auk þess yrðu vikulega greidd laun mjög lág prósentutala af afurðaverðinu. Um það hefur svo ekki verið deilt, að náist verðið verulega niður væri markaðurinn tryggður. Slíkur er markaðurinn nú begar, að allir, sem fást við einhvers konar framleiðslu í þessa átt, hafa brátt fyrir verðið selt alla framleiðslugetu sína árið fyrir fram og án þess að auglýsinga yrði vart.

Þó verksmiðjuframleiðsla húsa sé talin allþróaður iðnaður í nágrannalöndum okkar, skyldu menn varast að halda að þar væri allt sem sýndist. Naumast yrði það talið alrangt, að á sama tíma og þessi þróun hefur átt sér stað erlendis hafi nær öll þróunarviðleitni okkar gengið út á það að auðvelda uppstevpun hússkrokka, svo lág hundraðstala sem það er af heildarkostnaði bygginga. Árangurinn er svo flestum kunnur, bæði hvað verðlag og gæði snertir. Hér verður ekki farið út í langar skýringar á þessum fyrirbærum, þó vert væri. Þess er þó vert að geta, að staðan í þessum málum var einmitt kveikjan að hinni Samnorrænu byggingaráðstefnu, sem haldin var í Stokkhólmi 1972 og síðar fram haldið í Osló 1974. Þessir aðilar viður-

kenna þannig að þeim hafi ekki tekist að lækka byggingarverðið eins og þörf var talin á, og eigum við það sammerkt með þeim. Það helsta, sem um þetta er hægt að segja hér, er það sem upp kom í skoðunarferðum í helstu verksmiðjur í Noregi fyrir nokkrum árum. Fyrirtækið Block-Vatne hafði þá nýverið haft 3—4 verkfræðinga á fullum launum í heilt ár í þeim eina tilgangi að gera úttekt á því, hvað að væri, og freista þess að finna leið út úr vandanum. Því miður reyndist ekki unnt að fá neitt handbært um niðurstöður þeirra, en þær voru einfaldlega þær, að helstu líkurnar væru í gerð smáeininga, sem ekki krefðust svona mikilla húsakynna, risavaxinna færibanda og lyftikrana, bæði í verksmiðjunni og síðan á byggingarstað. Þá voru flutningavandamál á svona stórum einingum þrátt fyrir þeirra járnbrautarnet (húsin eru framleidd að mestu í tvennu eða þrennu lagi), og má nærri geta hvernig slíkt reyndist hér á landi.

Frammi fyrir þessu stóðu þeir og sýndist allt annað en fýsilegt að breyta verksmiðjunni. Þetta skyldu menn e. t. v. betur ef menn ættu kost á að sjá verksmiðjuna Moelven-Brug, stærstu verksmiðju landsins, sem nærtækast væri að líkja við Álverið hér fremur en eitthvað annað.

Þessi mál virðast þannig ekki auðleyst með því að feta troðnar slóðir. Hitt er svo sem ekki síður vandasamt, að sannfæra landann almennt um þá möguleika að við gætum leyst þann vanda sem þessir aðilar hafa ekki gert. Að því verður ekki eytt frekari orðum."

Lengra verður ekki í greinargerð vitnað til þessa aðila, Hafsteins Ólafssonar byggingarmeistara, en til frekari fróðleiks um hugmyndir hans verður í framsögu flm. að þeim vikið. Ljóst er, að úr þessu þarf að fást skorið. Getum við t. d. á grundvelli þeirra hugmynda, sem fram eru settar af þessum aðila, og með endurskoðun þeirra og frekari útfærslu komist að hagkvæmri niðurstöðu, eða þarf annarra leiða að leita og þá hverra? Með þessari tillögu er málinu hreyft, enginn dómur er á það lagður, en aðeins farið fram á það, að mál séu skoðuð sem allra best, svo hefjast megi handa á þann veg, sem niðurstöður benda til að drýgst muni skila okkur á veg til aukinnar hagkvæmni, ódýrari bygginga. Hér getur auk þess verið um að ræða afgerandi þátt í atvinnulífi ákveðinna byggðarlaga, ef vel er að staðið, og því er hér rætt um landshlutasjónarmið. Reynslan frá Siglufirði er ólygnust hvað þennan þátt snertir og þarf þar ekki frekar vitna við. Hins vegar skiptir mestu máli að hér verði markvisst og skipulega að unnið með fullum skilningi og velvilja og góðum stuðningi hins opinbera. Forsenda þess er hins vegar rækileg úttekt á málinu í heild. Fyrir því er tillagan flutt, en fyrir henni verður gerð nánari grein í framsögu.

Nd. 117. Frumvarp til laga [106. mál]

um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

I. KAFLI

Um niðurgreiðslu vöruverðs, lækkun skatta lágtekjufólks, félagslegar umbætur og verðbótavísitölu.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka niðurgreiðslu vöruverðs frá því, sem hún er í nóvember 1978, sem svarar 3% af verðbótavísitölu þeirri, sem gildir fram að 1. desember 1978.

Ríkisstjórnin tilkynnir Kauplagsnefnd ákvarðanir sínar um aukna niðurgreiðslu samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar. Kauplagsnefnd skal reikna jafngildi niðurgreiðsluaukningar þessarar í verðbótastigum og gera opinbera grein fyrir niðurstöðum sínum svo skjótt sem kostur er.

2. gr.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir lagasetningu til lækkunar skatta og gjalda á lágtekjufólki, sem metnar eru sem 2% af verðbótavísitölu þeirri, sem gildir fram að 1. desember 1978.

3. gr.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir aðgerðum og lagasetningu til ýmissa félagslegra umbóta, sem metnar eru til kjarabóta sem 3% af verðbótavísitölu þeirri, sem gildir fram að 1. desember 1978.

4. gr.

Á tímabilinu 1. desember 1978 til 28. febrúar 1979 skal greiða verðbætur á laun samkvæmt verðbótavísitölu 151 stig, sbr. þó ákvæði 2. gr. laga nr. 96/1978 um kjaramál.

Frá 1. mars 1979 skal greiða verðbætur á laun samkvæmt verðbótavísitölu 151 stig, að viðbættri þeirri stigatölu, er verðbótavísitala reiknuð samkvæmt ákvæðum kjarasamninga hækkar frá 1. desember 1978 til 1. mars 1979, sbr. þó ákvæði I. kafla laga nr. 96/1978 um kjaramál.

II. KAFLI

Um bætur almannatrygginga skv. lögum nr. 67 1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 96 1971, nr. 112 1972, nr. 62 1974, nr. 13 1975, nr. 36 1976, nr. 68 1977, nr. 69 1977, nr. 3 1978, nr. 31 1978 og nr. 96 1978.

5. gr.

Bætur almannatrygginga, aðrar en fæðingarstyrkur, skulu 1. desember 1978 og 1. mars 1979 taka sömu hlutfallshækkun og laun verkamanna þessa daga. Hækkun þessi skal einnig taka til greiðslna skv. 73. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum.

Fjárbæð uppbótar á lífeyri, tekjutryggingar, skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, svo og heimilisuppbótar, skv. 2. mgr. 19. gr. greindra laga, skal þó hækka um 9% 1. desember 1978.

III. KAFLI

Gildistökuákvæði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Aðgerðir þær, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, miða fyrst og fremst að lausn þess efnahagsvanda, sem fyrirsjáanlegur er 1. desember næstkomandi. Þó ber að líta á þetta frumvarp sem lið í þeirri viðleitni ríkisstjórnarinnar að ná fram varanlegum breytingum í efnahagsmálum, sem komi til framkvæmda þegar á árinu 1979. Að þessu er unnið í samráði við aðila vinnumarkaðarins, enda er árangur óhjákvæmilega mjög undir því kominn, að gagnkvæmur skilningur ríki á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um nauðsyn slíkra aðgerða.

Ríkisstjórnin er sammála um, að mótun samræmdrar stefnu um aðgerðir á öllum sviðum efnahagsmála, sem ráðið geti úrslitum um verðbólguþróun á næstu missirum, skuli vera algjört forgangsverkefni. Fyrir utan langtímastefnu í verðlags- og launamálum, verður að marka samsvarandi stefnu í ríkisfjármálum, peningamálum, fjárfestingarmálum og skattamálum.

Ríkisstjórnin mun meðal annars beita sér fyrir eftirgreindum aðgerðum:

1. Stefnt verði að því í samráði við aðila vinnumarkaðarins að verðlags- og peningalaunahækkanir 1. mars 1979 verði ekki meiri en 5%.
2. Leitast verði við að ná svipuðum markmiðum fyrir önnur kaupgjaldsbreytingatímabil á árinu 1979, þannig að verðbólgan náist niður fyrir 30% í lok ársins.
3. Vísitöluviðmiðun launa verði breytt fyrir 1. mars 1979 að höfðu samráði við fjölmennustu heildarsamtök launafólks. Gert er ráð fyrir því, að vísitölunefnd skili tillögum fyrir 15. febrúar, sem unnt verði að byggja á í þessu sambandi. Meðal annars verður athuguð viðmiðun við viðskiptakjör og fleira.
4. Vegna þeirra aðgerða, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, verði lögð fram fyrir áramót frumvörp til laga um tekjuöflun. Meðal annars komi til athugunar hátekjuskattur og veltuskattur á ýmiskonar rekstur. Einnig komi til athugunar í þessu skyni fjárfestingarskattur og eignarskattur.

   Áhersla verður lögð á að tryggja jafnvægi í ríkisfjármálum á sama grundvelli og gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1979. Jafnframt verður auknum tilkostnaði vegna bráðabirgðaaðgerða mætt að hluta með niðurskurði rekstrarútgjalda ríkisins. Er stefnt að því að endurskoða allan ríkisrekstur með aukið aðhald og sparnað í huga. Skattalög verða jafnframt endurskoðuð til þess að tryggja aukið réttlæti í skattlagningu. Beinir skattar af almennum launatekjum og þá sérstaklega tekjuskattur og sjúkratryggingagjald verði lækkaðir á næsta ári.
5. Á þessu þingi verði ákveðin breytt stefna í framleiðslumálum landbúnaðarins. Verða fyrstu frumvörp um þetta efni lögð fram fyrir næstkomandi áramót. Stefnt verður að því að draga í áföngum úr framleiðslu umfram þarfir, þannig að jafnframt dragi úr þörf fyrir útflutningsbætur.
6. Heildarfjárfesting á árinu 1979 verði ekki umfram 24—25% af vergri þjóðarframleiðslu. Breytingar í fjárfestingarmálum eru í undirbúningi og er gert ráð fyrir lagafrumvörpum um þau mál innan tíðar. Gert er ráð fyrir því að fjárfestingu verði beint frá verslunar- og skrifstofubyggingum í tækni- og skipulagsumbætur, meðal annars í fiskvinnslu og iðnaði. Í landbúnaði verði dregið úr fjárfestingu, sem leiðir til aukinnar framleiðslu, en áhersla lögð á hagræðingu og á uppbyggingu vinnslustöðva landbúnaðarins. Útlánareglum fjárfestingarlánasjóða og útlánum banka verði breytt í samræmi við þessa stefnu.
7. Í samráði við aðila vinnumarkaðarins verði hraðað aðgerðum og undirbúningi löggjafar meðal annars um eftirtaldar félagslegar umbætur:

   Öryggismál og hollustuhætti á vinnustöðum.
   Húsnæðismál.
   Leigjendavernd.
   Málefni lífeyrissjóða og eftirlaun aldraðra.
   Fæðingarorlof.
   Fræðslumál samtaka launafólks.
   Dagvistunarheimili.
   Veikinda- og slysabætur og uppsagnarákvæði launafólks.
   Forfallaþjónusta í landbúnaði.
   Ávöxtun orlofsfjár.
   Sérstök réttindamál opinberra starfsmanna.
8. Fylgt verður mjög aðhaldssamri stefnu í peningamálum, þar á meðal verði útlánaþök bankanna og bindiskylda Seðlabankans ákveðin þannig, að peningamagn í umferð verði í samræmi við launastefnuna.
9. Beitt verður áfram strangri verðlagsaðhaldi. Reglur verðlagseftirlitsins um hámarksálagningu verði endurskoðaðar og fleiri vörutegundir settar undir hámarksverðsákvæði. Heimiluðar verðhækkanir eftir 1. desember 1978 miðist við 4—4½% kauphækkun hið mesta.

Ed. 118. Frumvarp til laga [107. mál]

um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972 um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978).

1. gr.

c-liður 10. gr. orðist svo:

Síldarverksmiðjur ríkisins, Landssmiðjan, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg og Ferðaskrifstofa ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagabreyting þessi er gerð vegna þess ákvæðis í 13. gr. laga nr. 60 31. mars 1976 um skipulag ferðamála, að Ferðaskrifstofa ríkisins skuli greiða landsútsvar.

Ed. 119. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um aukin gæði fiskafla.

Flm.: Ágúst Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir í samstarfi við hagsmunaaðila sjávarútvegsins að gæði fiskafla verði bætt til muna og þá sérstaklega með ísun í kassa eða með samsvarandi geymsluaðferðum.

Greinargerð.

Umræður um vandamál fiskveiða beinast einkum að aflatakmörkunum og er það vel. Hins vegar ber einnig að hafa ofarlega í huga, að ekki er síður mikilvægt að sá afli, sem berst á land, sé nýttur eins vel og kostur er. Mjög skortir á að svo sé, og í þingsályktunartillögu þessari er einungis vikið að nokkrum atriðum, sem bæta mætti úr.

Ekki ætti að dyljast, að skreiðarmarkaður Íslendinga í Nígeríu er mjög óviss, en einkum fer fiskur úr lægri gæðaflokkum upp á hjalla. Varðandi saltfiskmarkað okkar í Portúgal, sem einkum byggist á lægri gæðaflokkum saltfisks, er næsta ólíklegt að mati flutningsmanns, að sá markaður reynist traustur á næstu árum. Þess vegna ber að leggja mikla áherslu á að sá fiskur, er berst að landi, fullnægi þeim gæðakröfum sem gerðar eru til hráefnis fyrir frystingu svo og til saltfisks og skreiðar í hærri gæðaflokkum.

Vekja má athygli á því, að ýmsar endurbætur við netaveiðar á vertíð eru orðnar aðkallandi, og verður vikið að því nánar í framsögu.

Fiskur, sem ísaður er í kassa í veiðiskipum, ber yfirleitt af að gæðum miðað við lausan fisk. Að mati flutningsmanns er ekki nægjanlega greitt fyrir frekari kassavæðingu í íslenskum sjávarútvegi. Í því sambandi má benda á erfið lánakjör við kassakaup svo og of lága kassauppbót í fiskverði.

Fjárfesting í fiskkössum eða í samsvarandi geymsluaðferðum skilar sér mjög fljótt fyrir þjóðarbúið í auknum gjaldeyristekjum.

Benda má á nýjar geymsluaðferðir fyrir fisk sem auka gæði hans verulega, svo sem geymslutankar í frystihúsum, sem dæmi er til um hérlendis, þ. e. á Húsa-

vík. Einnig má benda á reynslu nágrannaþjóða okkar af kælitönkum í fiskiskipum. Ljóst er, að Íslendingar verða að fylgjast vel með þessari þróun, og verkefni hins opinbera er að skapa viðunandi skilyrði til að hægt sé að nýta sér þessar tækninýjungar.

Ed. 120. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]

um takmörkun loðnuveiða á sumar- og haustvertíð vegna öryggissjónarmiða.

Flm.: Ágúst Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að loðnuveiðar verði takmarkaðar á sumar- og haustvertíð vegna aukinnar slysahættu. Einkum verði afla- og hleðslutakmörkun beitt á loðnuveiðiskip.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er hafa loðnuveiðar Íslendinga stóraukist undanfarin ár. Einkum hafa sumar- og haustvertíð orðið æ mikilvægari þáttur í loðnuveiðum.

Nú er svo komið, að loðna veiðist nær allt árið. Fiskifræðingar, sjómenn og útgerðarmenn hvetja til aðgæslu við veiðar, bæði hvað varðar nýtingu loðnustofnsins svo og í öryggismálum sjómanna við loðnuveiðar.

Eigi verður lengur dregið að setja reglugerð um loðnuveiðar á hafinu fyrir norðan Ísland. Veiðisvæði loðnuflotans á sumar- og haustvertíð nær yfir mjög víðáttumikið svæði í Norðurhöfum. Að haustlagi er þar allra veðra von, og oft eru tiltölulega litlir bátar að veiðum við erfiðustu skilyrði við ísrönd í köldum sjó og í vonskuveðrum.

Mesta mildi er að stórslys hafi ekki orðið við veiðar þessar. Virðist eðlilegt að afla- og hleðslutakmörkunum verði beitt á loðnuveiðiskip á sumar- og haustvertíð.

Sþ. 121. Fyrirspurn [110. mál]

til sjávarútvegsráðherra um vandamál frystihúsa á Suðurnesjum.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

Hvað líður úttekt þeirri á vandamálum frystihúsanna á Suðurnesjum, sem sérstakur starfshópur vinnur að á vegum sjávarútvegsráðherra?

Sþ. 122. Fyrirspurn [111. mál]

til sjávarútvegsráðherra um ráðstöfun gengismunar o. fl.

Frá Eiríki Alexanderssyni.

1. a) Hver er áætlaður heildargengismunur sjávarafurða vegna gengislækkunarinnar í september?
   b) Hver er áætlaður gengismunur vegna freðfisks?
   c) Hver er áætlaður gengismunur vegna saltfisks?
   d) Hver er áætlaður gengismunur skreiðar?

2. Ætlar ríkisstjórnin að hlutast til um að framleiðendum skreiðar verði afreiknuð á gildandi gengi sú skreið, sem framleidd var fyrir gengisbreytinguna í september, eins og gert var af fyrrverandi stjórn við gengisbreytinguna í febrúar s. l., eða á að bæta þeim tjón þeirra vegna sölustöðvunar úr gengismunarsjóði?
3. Verður eftirstöðvum gengismunar af skreið og saltfiski, ef bætt verður beint tjón framleiðenda vegna söluerfiðleika, varið til hagræðingarlána í viðkomandi vinnslugreinum eða verður hann notaður til hagræðingar í öðrum vinnslugreinum?
4. a) Hvað líður störfum starfshóps sem sjávarútvegsráðuneytið kvaddi saman til þess að gera athugun á stöðu fiskvinnslufyrirtækja sem búa við svæðisbundin vandamál?
   b) Er byrjað að veita fyrirgreiðslu af gengismun í formi hagræðingarlána svo sem boðað hefur verið?
   c) Ef svo er, hvað háar upphæðir hafa verið veittar og hvaða fyrirtækjum?
   d) Ef þessi fyrirgreiðsla er hafin, hvaða reglur gilda þá um val þeirra fyrirtækja sem hennar njóta?

Skrifleg svör óskast.

Sþ. 123. Tillaga til þingsályktunar [112. mál]

um herferð stjórnvalda gegn skattsvikum.

Flm.: Ólafur Ragnar Grímsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Garðar Sigurðsson, Helgi F. Seljan, Kjartan Ólafsson.

Alþingi samþykkir að ríkisstjórnin hefjist nú þegar handa um framkvæmd samræmdrar baráttuherferðar gegn skattsvikum. Meðal aðgerða í slíkri baráttuherferð verði breytingar á starfsháttum skattyfirvalda, banka og dómstóla. Til að tryggja árangur hafi ríkisstjórnin frumkvæði um nauðsynlegar breytingar á gildandi lögum um starfsemi þessara aðila.

Í þessu skyni bendir Alþingi á eftirfarandi meginþætti í slíkri baráttuherferð gegn skattsvikum:

1. Í stað þess að elta smáatriði í framtölum venjulegs launafólks verði skattstofum gert skylt að hefja nú þegar samræmdar rannsóknir á bókhaldi einstaklinga og fyrirtækja í atvinnurekstri. Þar eð formlegar bréfaskriftir og vangaveltur inni á skattstofunum yfir þeim takmörkuðu upplýsingum, sem fyrirtækin senda nú frá sér, duga skammt í þessum efnum, verði skattstofunum sköpuð aðstaða til þess að fara í skyndiheimsóknir í fyrirtækin sjálf og gera ítarlegar athuganir á öllum fylgiskjölum þar á staðnum.
2. Skattyfirvöldum verði veittar heimildir til að krefja sagna þá sem greinilega lifa langt umfram þau efni, sem þeir gefa upp á skattskýrslum. Slíkum aðilum verði gert skylt að gera grein fyrir munaði í húsakosti og margvíslegri eyðslu, sem greinilega er umfram framtaldar tekjur. Kröfur um slík reikningsskil verði sérstaklega gerðar til þeirra, sem eru í aðstöðu til að skammta sjálfum sér tekjur á skattskýrslum.
3. Jafnhliða stóreflingu rannsóknardeilda skattstofanna verði ríkisskattstjóra veittar ótvíræðar heimildir til að koma á miðstýringu athugana á einstökum tegundum skattsvika og skapa þannig grundvöll fyrir samræmt átak allra skattstofanna hverju sinni. Samræming og miðstýring skattaeftirlits og skattrannsókna um allt land er brýn nauðsyn, því að nú sinna skattstofurnar oft og tíðum svo gerólíkum verkum, að aldrei fæst neinn botn í allsherjaruppprætingu tiltekinna afbrota.

4. Fyrirtæki og einstaklingar í atvinnurekstri verði skyldug til að láta yfirvöldum reglulega í té mun ítarlegri rekstrarskýrslur en nú er, og stranglega verði eftir því gengið, að bókhaldslögin séu í hvívetna haldin. Refsingar við brotum á bókhaldslögum verði þyngdar til muna og þeir, sem verða uppvísir að bókhaldsóreiðu sem skálkaskjóli fyrir skattsvikum, verði algerlega sviptir leyfi til áframhaldandi rekstrar.

5. Upplýsingaúrvinnsla og rannsóknir á rekstrarskýrslum fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri verði tölvuvæddar í stórauknum mæli, svo að unnt verði að fá nákvæmar skrár um þá, sem stinga í stúf hvað snertir rekstur og skattleysi. Á grundvelli tölvuvæðingar skattrannsókna er unnt að gera eftirlitsnetið mun þéttara og fá heildarsýn yfir aðferðir og umsvif hinna ýmsu tegunda skattsvika og hagnýtingu skattlausra aðila á frádráttarheimildum og öðrum götum í gildandi skattalögum.

6. Til að tryggja skil á söluskatti verði teknir í notkun innsiglaðir stimpilkassar með tvöföldu færslukerfi og gangi annar hluti allra færslna ávallt til skattyfirvalda.

7. Bankar, lánasjóðir og aðrir aðilar, t. d. lögfræðingar, sem annast margvíslega fjármálafyrirgreiðslu, verði skyldaðir til að senda skattyfirvöldum nákvæmar og tæmandi skrár yfir allar innistæður, vaxtagreiðslur og lánveitingar. Þessar skrár verði síðar bornar saman við skattaskýrslur og þannig leitað að duldum fjármálatilfærslum.

8. Afnám bankaleyndar verði ekki aðeins látið ná til innistæðna, vaxtagreiðslna og lánveitinga, heldur verði nafnlausar bankabækur bannaðar í eitt skipti fyrir öll, en þær hafa á undanförnum árum verið notaðar í stórfelldum mæli til að fela skattsvikið fé.

9. Samræmdri verkaskiptingu verði komið á milli eftirlitsdeilda skattstofanna, embætti skattrannsóknastjóra og Rannsóknarlögreglu ríkisins, svo að óljós umdæmis- og starfsmörk þessara aðila hindri ekki fljótvirkar athuganir á afbrotum.

10. Meðferð skattsvikamála verði gerð miklu skjótari og áhrifaríkari, þar eð núverandi skipan skapar skattsvikurum margvísleg tækifæri til undanbragða, gerir vitnisburði óáreiðanlega, veitir hinum grunuðu aðgang að gögnum rannsóknardeildar áður en málið kemur fyrir sakadóm og skapar þeim tækifæri til að hafa áhrif á væntanleg vitni. Starfsháttum dómstóla verði breytt á þann veg, að skattsvikaafbrot komist fyrr til meðferðar sakadóms og saksóknara. Meðan skattsvik eru jafnviðtækt þjóðfélagsmein og raun ber vitni verði settur á fót sérstakur dómstóll í skattsvikamálum til að flýta afgreiðslu þeirra og auðvelda sérhæfingu dómara á þessu sviði.

11. Refsingar við skattsvikum verði þyngdar til muna og fangelsisvist beitt í meiri háttar afbrotum. Árlega verði birt skrá yfir þá, sem uppvísir hafa orðið að hreinum skattsvikum. Slík skattsvikaraskrá er nauðsynlegt tæki til að afhjúpa þá, sem skjóta sér undan sameiginlegum byrðum landsmanna.

12. Sérstakur skattur verði lagður á þann gróða, sem myndaður hefur verið í skjóli hins götótta og eftirlitslitla skattkerfis, sem þróast hefur í óðaverðbólgu síðustu ára. Slíkum skatti verði einkum beint að verðbólgufjárfestingu á ýmsum sviðum og annarri eignamyndun þeirra, sem reynst hafa skattlausir eða skattlitlir í skjóli misnotkunar á heimildum skattalaga eða vegna beinna skattsvika.

Greinargerð.

Í óðaverðbólgu síðustu ára hafa viðtæk og margslungin skattsvik orðið sífellt útbreiddara þjóðfélagsmein og stórgallað skattakerfi hefur gert þúsundum fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri kleift að sleppa algerlega við að greiða tekjuskatt og skorið verulega niður önnur framlög þeirra til sameiginlegra þarfa þjóðarinnar. Skattsvikin og götin í skattakerfinu hafa skapað auðmönnum og öðrum þeim aðilum, sem margvíslega aðstöðu hafa haft, möguleika á að skjóta sér undan eðlilegum

greiðslum til sameiginlegs sjóðs landsmanna. Ef dæma má af rannsóknum á skattsvikum erlendis er líklegt, að hliðstæður þeirra hér nemi tugum milljarða króna, sem þannig renna fram hjá sameinginlegum sjóði þjóðarinnar.

Sú tillaga til þingsályktunar, sem hér er flutt, felur í sér hugmyndir um róttækar og afgerandi breytingar á starfsháttum skattyfirvalda, banka og dómstóla og á gildandi lögum um starfsemi þessara aðila. Skattsvikin eru orðin svo víðtækt mein í okkar þjóðfélagi, að víðtæk herferð af þessu tagi skapar ein möguleika á að stemma stigu við áframhaldandi óheillaþróun á þessu sviði. Í tillögunni er vikið að fjölmörgum samtengdum aðgerðum, sem ætlu að skapa mun sterkari aðstöðu en nú er möguleg til þess að elta skattsvikara uppi og láta þá standa reikningsskil gerða sinna. Í þeirri miklu óðaverðbólgu, sem nú ríkir í þjóðfélaginu, og vegna margvíslegs misréttis, sem hún hefur í för með sér, er nauðsynlegt, að stjórnvöld, sem ætla sér að ráða bót á efnahagsvandamálum þjóðarinnar, láti ekki síður til sín taka í baráttu gegn skattsvikurum. Hér duga ekki afmarkaðar aðgerðir, heldur þarf stórátak, samræmda baráttuherferð, til að árangur náist. Þeir 12 þættir, sem bent er á í tillögunni, fela allir í sér umfangsmiklar breytingar í baráttunni gegn skattsvikurum. Allar þessar breytingar ætti þó að vera hægt að framkvæma með tiltölulega litlum fyrirvara og sumar án mikillar fyrirhafnar af hálfu stjórnvalda. Það er skoðun flutningsmanna að ríka nauðsyn beri til að hefjast nú þegar handa.

Nánari grein verður gerð í framsöguræðu fyrir því, á hvern hátt tillögumenn hugsa sér framkvæmd þeirra 12 liða, sem bent er á í tillögunni.

Nd. 124. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að gera nánari grein fyrir afstöðu sinni í umræðum.

Alþingi, 28. nóv. 1978.

Lúðvík Jósepsson, form., frsm. Halldór E. Sigurðsson, fundaskr. Kjartan Ólafsson.

Vilmundur Gylfason. Finnur Torfi Stefánsson.

Nd. 125. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Samkvæmt ákvæðum þessa frv. er lagt til að lögfest sé, að verðbótavísitala skuli vera 151 stig á tímabilinu 1. desember 1978 til 28. febrúar 1979. Með því er verið að skerða verðbótavísitöluna um 8% frá því sem gildandi kjarasamningar mæla fyrir um.

Eins og í athugasemdum með frv. segir, eru þær ráðstafanir, sem í því felast, eingöngu miðaðar við lausn þess efnahagsvanda, sem fyrirsjáanlegur er 1. des. n. k. og í því sambandi tekið fram: „Þó ber að líta á þetta frumvarp sem lið í

þeirri viðleitni ríkisstjórnarinnar að ná fram varanlegum breytingum í efnahagsmálum sem komi til framkvæmda þegar á árinu 1979. Að þessu er unnið í samráði við aðila vinnumarkaðarins, enda er árangur óhjákvæmilega mjög undir því kominn, að gagnkvæmur skilningur ríki á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um nauðsyn slíkra aðgerða."

Minni hl. tekur undir þýðingu slíks samráðs og harmar og átelur, að það var ekki haft við gerð þessa frv. Þannig kom fram á fundi nefndarinnar, að aðilar vinnumarkaðarins, sem þar mættu, fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveitendasambandi Íslands og Verslunarráði, höfðu lítið eða ekkert af þessum efnahagsráðstöfunum að segja, fyrr en þær lágu fyrir í frumvarpinu, eins og það var lagt fyrir á Alþingi. Þá kom fram, að fulltrúar Vinnuveitendasambandsins hafa einungis verið kallaðir á einn samráðsfund fyrir u. þ. b. sex vikum og fulltrúar Alþýðusambandsins á tvo til viðbótar.

Eins og af þessu má sjá, hefur það fyrirheit, sem forsætisráðherra gaf í stefnuræðu sinni um samstarf við aðila vinnumarkaðarins og hann kallaði „sjálfa forsendu stjórnarsamstarfsins", reynst næsta fánýtt hjal, en hann sagði um þetta atriði: „Ríkisstjórnin leggur áherslu á, að komið verði á traustu samstarfi fulltrúa launþega, atvinnurekenda og ríkisvalds, sem miði m. a. að því að treysta kaupmátt launatekna, jafna lífskjör og tryggja vinnufrið."

Ef horft er til þeirrar reynslu, sem orðin er af starfsaðferðum ríkisstjórnarinnar að þessu leyti, er naumast unnt að taka það alvarlega, þótt í greinargerð með frumvarpinu séu áfram gefin fyrirheit um samráð við aðila vinnumarkaðarins. Það er jafnvíst að þau leysist upp í reyk, sem líði yfir dal og hól.

Kjarni frumvarpsins eru þau efnisatriði, sem felast í 4. gr., en þar er því slegið föstu, að verðbætur á laun skuli ákveðnar samkvæmt verðbótavísitölu 151 stig frá 1. desember til 28. febrúar. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir minni hl. nefndarinnar til að fá fram skilning meiri hl. á því, hvort í greininni fælist bann við greiðslu hærri verðbóta, fékkst ekki niðurstaða af því, en formaður hennar kvaðst líta á það sem túlkunaratriði. Þó kom fram hjá embættismanni fjármálaráðuneytisins, að svo bæri að skilja frv. að frekari verðbætur væru bannaðar á þessu tímabili. Sumir nefndarmenn meiri hl. tóku undir þá túlkun, en aðrir töldu ekkert því til fyrirstöðu, að gildandi samningar og samþykktir héldu gildi sínu. Viðhorf meiri hl. í þessum efnum var svo óljóst og sundurþykkt, að ekki verður nein niðurstaða af því dregin.

Á hinn bóginn kom fram, að fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands töldu frv. bindandi að þessu leyti, en fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusambands Íslands ekki.

Í frumvarpsgreininni er ákveðið, að á verðbætur nú komi sama þak og ákveðið var í bráðabirgðalögum um kjaramál frá því í september.

Það kom fram hjá formanni BSRB, að stjórn þess teldi ekki rétt farið að í efnahagsaðgerðum þessum, þar sem enn einu sinni væri farið inn á þá braut að skerða gerða samninga með löggjöf, og kvaðst hann hafa lýst því yfir við ríkisstjórnina, að BSRB mundi mótmæla þessari aðferð.

Forseti ASÍ upplýsti, að miðstjórn þess hefði ekki tekið ákveðna, bindandi afstöðu til þessara efnahagsaðgerða.

Það kom fram hjá fulltrúum vinnuveitenda, að atvinnuvegirnir eru ekki við því búnir að taka á sig þær nýju álögur, sem í frv. felast.

Um 2. gr. og 3. gr. frv. er það fyrst að segja, að í þeim felast ekki lagafyrirmæli, heldur er um almennar viljayfirlýsingar ríkisstjórnarinnar að ræða, að hún muni einhvern tíma síðar meir beita sér fyrir lagasetningu og aðgerðum, sem eru óljós að efni til. Ekki verður séð, með hvaða rökum slíkar almennar viljayfirlýsingar eru lagðar fyrir Alþingi í frumvarpsformi. Á hinn bóginn getur komið til kasta Alþingis síðar meir að knýja á um efndir þessara fyrirheita.

Meiri hl. nefndarinnar vildi ekki, að kauplagsnefnd yrði falið að meta áhrif 2. og 3. gr. á verðbótavísitöluna, svo sem tekið er fram um niðurgreiðslur í 1. gr., þótt það mat í sjálfu sér hafi ekki áhrif á verðbótavísitöluna skv. 4. gr.

2. gr. frv. er yfirlýsing um, að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir lækkun skatta og gjalda á lágtekjufólki, sem metin skyldi sem 2% af verðbótavísitölu. Ekki fengust nánari skýringar á, hvað hér væri átt við með „lágtekjufólki“, né heldur, í hverju þessar skattalækkanir yrðu fólgnar, og ekki heldur um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um hækkun beinna skatta að öðru leyti en því, að það hefur verið orðað að fella skyldusparnaðinn inn í tekjuskattinn. Þá eru fyrirhugaðar hvers konar álögur á atvinnuvegina. En það er sömu sögu að segja af þeim, að engar skýringar fást, hvorki um það, hvernig þeim verður hagað í einstökum atriðum né hversu hárri fjárhæð þær muni nema í heild.

Ekki fengust heldur skýringar á 3. gr. umfram það sem í frumvarpinu stendur, ekki einu sinni um það, hversu miklu fé ríkisstjórnin hygðist verja á næsta ári til þeirra félagslegu umbóta, sem þar er greint frá. Slík vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnar, þegar fjallað er um frv., sem hefur mikil útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð, eru virðingu Alþingis ósamboðin.

1. gr. frumvarpsins er óþörf, þar sem ríkisstjórnin hefur út af fyrir sig heimildir til að auka niðurgreiðslur, en verðbótavísitölunni er slegið fastri í 4. gr. Niðurgreiðsla vöruverðs er þegar komin á það stig, að það skekkir alla verðmyndun í þjóðfélaginu. Minni hl. telur, að þegar sé of langt gengið á þeirri braut, auk þess sem niðurgreiðsla vöruverðs er gerð á þeirri forsendu, að hún vegur minna í útgjöldum fjölskyldunnar en í kaupgjalds- eða framfærsluvísitölunni.

Athygli vekur, að þessar efnahagsráðstafanir eru að því leyti harðari en í febrúarlögunum, að ekki er gert ráð fyrir láglaunauppbót eins og þá, auk þess sem jafnvel er talið að óheimilt verði að greiða hærri verðbætur en 151 stig, en engin slík fortakslaus bönn var í þeim lögum að finna.

Í 5. gr. er hækkun bóta almannatrygginga ekki í samræmi við verðbólguaukninguna, því þessir aðilar munu ekki nema að mjög takmörkuðu leyti njóta þeirra félagslegu umbóta, sem látið er í veðri vaka að verði gerðar.

Bráðabirgðalögin í september voru hornsteinn stjórnarsamvinnunnar og um leið var endurtekið stefið frá því í vor um samningana í gildi. Þá var ákveðið, að hinir hæst launuðu skyldu fá 10—12% kauphækkun; þeir, sem t. d. unnu við fiskvinnslu venjubundinn yfirvinnutíma eða ákvæðisvinnu, fengu 3.5—4%, en engin hækkun varð á dagvinnutekjum lág- og millitekjufólks. Þetta varð árangurinn af yfirlýsingunni um „samningana í gildi“, en meðalhækkun launakostnaðar var um 6%. Í raun voru samningarnir þó ekki settir í gildi, þar sem vísitöluþaki var haldið eftir sem áður þótt því væri lyft eilítið. Þetta var annars vegar framkvæmt með auknum niðurgreiðslum, sem á hinn bóginn voru fjármagnaðar með nýrri skattlagningu og hallarekstri ríkissjóðs. Landsmenn urðu því að greiða laun sín niður sjálfir.

Með setningu þessara bráðabirgðalaga afhjúpaðist einhver mesti blekkingavefur okkar daga í stjórnmálabaráttu landsins. Þess vegna er nú ráðist í nýjar efnahagsaðgerðir til bráðabirgða og með það að markmiði að unnt verði að koma verðbólgunni niður í 30% á næsta ári. En hefðu febrúarlögin náð yfirlýstum tilgangi sínum, hefðu skemmdarverk ekki ráðið ferðinni og hefði sýndarmennska ríkisstjórnarinnar með bráðabirgðalögunum í september ekki séð dagsins ljós, hefði verðbólgan allt árið 1978 orðið 30%. Í athugasemdum með frumvarpinu setur ríkisstjórnin sér það mark, að launa- og verðlagshækkanir nemi 5% 1. mars n. k. Þó liggur fyrir samkvæmt spám Þjóðhagsstofnunar, að framfærsluvísitalan muni að vísu ekki hækka nema 5½%, en á hinn bóginn mun hækkun kaupgjaldsvísitölunnar nema 8—9%, sem er sú almenna verðhækkun í landinu, þegar auknum niðurgreiðslum er sleppt. Og í sumum spám er jafnvel gert ráð fyrir allt að 11%

verðlagshækkunum. Er því ljóst, að í þessu frumvarpi felst ekki nein frambúðarlausn á verðbólguvandanum og allt á huldu um hvað gerast muni 1. mars.

Eins og að framan er rakið er 1. gr. frv. þarflaus. 2. og 3. gr. eiga ekki heima í lögum. Stjórnarflokkarnir koma sér ekki saman um skilning á 4. gr. Upplýsingar fást ekki um fyrirhugaðar skattaálögur. Engu að síður ætla stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar að knýja málið fram óbreytt.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið rakið, og alls málatilbúnaðar þessa frumvarps telur minni hl. eðlilegt að greiða atkvæði gegn 1. gr. frv., en láta stjórnarsinnum eftir að bera ábyrgð á lagasetningunni að öðru leyti.

Alþingi, 28. nóv. 1978.

Steinþór Gestsson.

Sþ. 126. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]

um umbætur í málefnum barna.

Flm.: Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Bragi Níelsson, Bragi Sigurjónsson, Finnur Torfi Stefánsson, Eiður Guðnason, Gunnlaugur Stefánsson, Karl Steinar Guðnason, Jón Baldvin Hannibalsson, Ágúst Einarsson, Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar að fara þess á leit við ríkisstjórnina, að hún skipi samstarfsnefnd stjórnmálaflokka og félagasamtaka, er fjalli sérstaklega um málefni barna í tilefni af ári barnsins 1979. Samstarfsnefnd þessi geri tillögur um nýja lagasetningu og umbætur í málefnum barna og liggi þær fyrir 101. löggjafarþingi haustið 1979. Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar þessarar er bent á allmarga málaflokka, sem nefndin gæti hugað að.

Greinargerð.

Ár barnsins er á næsta ári, 1979. Til þess er ætlast, að á því ári verði börnum og málefnum þeirra sérstakur gaumur gefinn, enda ekki vanþörf á. Á þessu ári hafa átt sér stað talsverðar umræður um barnið og samfélag þess. Þetta er ekki síður mikilvægt á Íslandi en í öðrum löndum. Það er ekki fátækt né hungur er steðjar að íslenskum börnum. Það er miklu frekar umhyggjuleysi, sem stafar af hinni gífurlegu vinnu, er foreldrar og umráðamenn barna leggja af mörkum. Fyrir þetta líða börn stórlega, og má segja, að nokkurt málmhljóð hafi mátt heyra í umræðu um lausn á uppeldismálum barna undanfarin ár.

Í **Svíþjóð** samþykkti Ríkisþingið 1967, að stjórnsýsluleg endurskoðun í ríkiskerfinu skyldi efld undir yfirumsjón ríkisendurskoðunarinnar. Sem ein af yfirstjórnarstofnunum ríkisins heyrir hún beint undir ríkisstjórnina, og almennt hlutverk hennar er að kanna stjórnsýsluframkvæmd sænska ríkisins, bæði frá skilvirkni- og bókhaldssjónarmiði. Stofnunin á einnig að kanna gjaldskrárgreiðslur og önnur gjöld sem stjórnsýsluaðilar taka fyrir þá þjónustu sem þeir láta í té. Endurskoðunarábyrgð hennar tekur til allra greina ríkisstjórnsýslunnar. Þetta hlutverk rækir stofnunin sumpart með beinum stjórnsýslulegum endurskoðunaraðgerðum, sumpart óbeint með því að hafa eftirlit með innri endurskoðun í hinum einstöku stjórnvaldsstofnunum.

Innra skipulag. Yfir stofnuninni er leikmannastjórn, skipuð níu mönnum, undir formennsku forstjóra stofnunarinnar. Varaformaður er forstjóri ríkisfjárhirslunnar (statskontoret). Starfsemin er skipulögð í fjórum deildum og tveimur skrifstofum. Þrjár deildir sinna stjórnsýslulegri endurskoðun, ein áætlanagerð og þróunarstarfi, ein fjárlagamálum og skýrslugerð um ríkisfjármál og ein bókhaldsendurskoðun. Þar að auki er rekstrarskrifstofa ásamt skrifstofu forstjóra.

Að því er varðar skipulag innan hinna einstöku starfsdeilda er hér aðeins ástæða til að víkja að endurskoðunardeildunum. Hver deild lýtur forstöðu deildarstjóra, sem hefur undir sinni stjórn sveigjanlegt vinnuskipulag, reist á verkefnum. Störfin eru unnin í verkefnahópum, sem hver hefur sinn verkefnisstjóra, að jafnaði yfirendurskoðanda (revisionsdirektör). Þegar þörf krefur er leitað aðstoðar sérfræðinga utan stofnunarinnar.

Viðfangsefni stofnunarinnar. Við gerð fjárhagsáætlana fyrir starfsemi sína hefur stofnunin komið á því kerfi, er styðst við viðfangsefnaáætlanir. Starfsemin miðast við þrjú meginviðfangsefni: Eitt tekur til endurskoðunar, annað lýtur að fjárhagsspám, ársreikningum og skýrslugerð og hið þriðja að þróunarstarfi, upplýsingamiðlun og starfsmenntun.

Viðfangsefnið **endurskoðun** skiptist í undirviðfangsefnin almenna stjórnsýsluendurskoðun, sérgreinda stjórnsýsluendurskoðun og bókhaldsendurskoðun.

Viðfangsefnið **fjárhagsspár, ársreikningar, skýrslugerð** tekur til ýmissa verkefna sem tilgreind eru sérstaklega í starfsreglum stofnunarinnar, t. d. að annast ríkisbókhaldið og gera spár um tekjur ríkisins.

Þróunarstarfi því, sem stofnunin annast í sambandi við upptöku hins svonefnda SEA-kerfis — þ. e. vinnureglna þeirra sem mótaðar hafa verið um samræmda fjármálastjórn í ríkisstjórnsýslunni — hefur verið helgað sérstakt viðfangsefni, **þróun, upplýsingamiðlun, starfsmenntun.**

Sambandið milli viðfangsefna og innra vinnuskipulags. Viðfangsefnaskipting stofnunarinnar svarar í stórum dráttum til skipulagslegrar skiptingar hennar, þ. e. tiltekin deild annast hvert viðfangsefni.

Að því er **endurskoðunarviðfangsefnið** varðar, annast endurskoðunardeildirnar þrjár hina stjórnsýslulegu endurskoðun, bæði almenna og sérgreinda, en hin þriðja annast meginhluta þeirrar bókhaldsendurskoðunar sem fram fer í stofnuninni. Eftir að þriðju deildinni fyrir stjórnsýsluendurskoðun var komið á fót er hlutur ríkisendurskoðunarinnar að bókhaldslegri endurskoðun fyrst og fremst fólginn í eftirliti með þeim aðilum sem annast innri endurskoðun í stjórnsýslustofnununum.

Gerð framkvæmda- og fjárhagsáætlana stofnunarinnar. Við gerð fjárhagsáætlana sinna notar stofnunin það kerfi, er styðst við viðfangsefnaáætlanir (programbudgetering). Í því felst, að framkvæmdastjórn stofnunarinnar tiltekur þau meginsjónarmið og þær áætlunarforsendur, sem starfsliðinu ber að leggja til grundvallar við undirbúning fjárhagsáætlunar. Tillögur eru unnar „neðan frá" í skipulagskerfinu og að lokum lagðar fyrir framkvæmdastjórn og stjórn stofnunarinnar til samþykktar. Sjálft áætlunarplaggið er **starfsáætlun** til langs tíma með ítarlegum verkefnalýsingum fyrir næsta fjárhagsár. Við áætlunargerðina er gert ráð fyrir sameiginlegri ráðstöfunarfjárveitingu, sem síðan er skipt á ný verkefni sem til falla á árinu. Einnig er að jafnaði gert ráð fyrir að verja sem svarar 15 daglaunum á hvern starfsmann til starfsmenntunar á vegum stofnunarinnar. Starfsáætlunin er einnig grundvöllur árlegra tillagna um framlög til stofnunarinnar í fjárlögum.

Á árinu eru gerð reglubundin yfirlit bæði um útgjöld og árangur. Heildargreinargerð er lögð fram að árinu loknu í **starfsskýrslu** stofnunarinnar.

Tæki þau, sem beitt er við innri stýringu og eftirlit með starfseminni og framvindu verkefna, eru annars vegar kostnaðarupplýsingar um viðkomandi verkefni, reistar á tímaskýrslum frá hverjum starfsmanni, hins vegar viðræður, þar sem ráðgast er um þann árangur sem náðst hefur.

Skipulag endurskoðunar í ríkisstofnunum. Hið nýja endurskoðunarskipulag felur í sér, að stjórnsýslustofnanirnar njóta aðstoðar sérstakrar bókhaldsmiðstöðvar við fjárhirslustörf, bókhald og reikningsskil. Hver slík miðstöð þjónar nokkrum stjórnsýslustofnunum, sem mynda bókhaldssamstæðu. Ráðgert var að koma á fót um þrjátíu bókhaldsmiðstöðvum. Skipulagslega er bókhaldsmiðstöðinni komið fyrir við einhverja þeirra stofnana sem í samstæðunni eru.

Innri endurskoðun í stjórnsýslustofnunum. Við rekstrarstofnanir ríkisins og nokkrar aðrar stjórnsýslustofnanir eru frá fornu fari starfandi sérstakar deildir til að annast innri endurskoðun.

Þær meginreglur um nýskipan endurskoðunarinnar, sem Ríkisþingið samþykkti 1967, höfðu m. a. í för með sér að ríkisendurskoðuninni var formlega falið að leggja fram ítarlegar tillögur um hvernig haga skyldi svokallaðri bókhaldsendurskoðun í ríkisrekstrinum, þ. e. eftirliti með fjárreiðum. Tillögur stofnunarinnar, sem lagðar voru fram í ársbyrjun 1969, fólu í sér í stuttu máli, að staðbundinni endurskoðunarskrifstofu skyldi komið á fót í tengslum við hverja bókhaldsmiðstöð. Ríkisstjórnin ákvað að setja á laggirnar um tíu slíkar endurskoðunarskrifstofur, skipulagslega tengdar stjórnsýslustofnunum, þar sem einnig eru bókhaldsmiðstöðvar. Þegar uppbyggingu kerfisins verður lokið, má gera ráð fyrir alls um 25 endurskoðunarskrifstofum.

Endurskoðunarskrifstofurnar ber ekki að skoða sem svæðisútibú frá ríkisendurskoðuninni. Sem æðstu stjórnvaldsstofnun á sviði endurskoðunar er henni hins

vegar skylt að hafa almennt eftirlit með störfum endurskoðunarskrifstofanna. Í því felst einkum að ganga úr skugga um hæfni skrifstofanna til að framkvæma skilvirka endurskoðun. Eftirlitshlutverkið tekur einnig til útgáfu á almennum leiðbeiningum um framkvæmd endurskoðunarinnar.

Hlutverk endurskoðunarskrifstofanna er að annast bæði bókhaldslega og stjórnsýslulega endurskoðun. Fyrst um sinn mun starf þeirra einkum beinast að bókhaldsendurskoðun. Í því felst í meginatriðum, að kanna skal þau kerfi sem stjórnsýslustofnanirnar nota til að gera grein fyrir útgjöldum og afköstum, en einnig hið innra eftirlit. Auk þess er þeim ætlað tiltekið hlutverk í sambandi við meðferð athugasemda.

Í **Danmörku** eru fleiri en einn endurskoðunaraðili, m. a. yfirskoðunarmenn ríkisreikninga og ríkisendurskoðandi sem heyrir undir efnahagsmálaráðherra. Hann og stofnun hans annast meginhluta þeirrar endurskoðunar, er fram fer á vegum ríkisins, og skila skýrslum sínum til yfirskoðunarmanna ríkisreikninga, sem síðan senda þinginu athugasemdir og greinargerð. Meðal verkefna ríkisendurskoðanda er endurskoðun hjá nokkrum fyrirtækjum með einokunaraðstöðu þar sem ríkið á fjárhagsaðild. Endurskoðun skal m. a. taka til: 1) tölulegrar og bókhaldslegrar endurskoðunar, 2) lögfræðilegrar könnunar, 3) könnunar á fjárveitingaheimildum og 4) krítiskrar fjárhagslegrar endurskoðunar. Endurskoðunin er einnig fólgin í sjóðs- og birgðaeftirliti. Varðandi hina krítísku fjárhagslegu könnun eru í gildi sérstök ákvæði um, að gengið skuli úr skugga um að gætt hafi verið eðlilegrar hagsýni í meðferð ríkisfjár og umsjá þeirrar starfsemi sem reikningarnir taka til. Í póstmálakerfinu og hjá fáeinum öðrum ríkisstofnunum eru starfræktar endurskoðunardeildir innan stofnunar. Lög um reikningsskil ríkisins voru sett 26. júní 1975. Ekki var um veigamiklar breytingar að ræða. Nokkuð er stuðst við þau lög við samningu þessa frumvarps. Nefnd, er samdi danska frumvarpið, varð ekki sammála um það, hvort ríkisendurskoðandi ætti að heyra undir þingið eða ráðherra. Niðurstaðan varð sú, að hlutleysi hans var styrkt, en hann er tilnefndur af efnahagsmálaráðherra.

Í Noregi heyrir Ríkisendurskoðun undir Stórþingið. Fimm yfirskoðunarmenn ríkisreikninga eru kjörnir af Stórþinginu til fjögurra ára í senn, og Ríkisendurskoðun lýtur yfirstjórn þeirra, stofnunin er skipulögð í 5 deildum og 23 endurskoðunarskrifstofur eru starfandi. Endurskoðunarskrifstofurnar eru sumpart bundnar við landshluta, sumpart tengdar tilteknum stjórnsýslustofnunum. Innri endurskoðunardeildum — t. d. í swnskri og bandarískri merkingu — er ekki til að dreifa.

Endurskoðunin tekur samkvæmt reglugerð bæði til reikningslegrar og krítiskrar fjárhagslegrar könnunar. Varðandi þann þátt endurskoðunarinnar, sem lýtur að stjórnsýsluframkvæmd, er svo fyrir mælt, að Ríkisendurskoðunin skuli sjá til þess, að þær stjórnsýsluaðgerðir, sem ákvörðun er tekin um, séu framkvæmdar án óþarfrar tafar og að eðlilegrar hagsýni sé gætt í ráðstöfun fjármuna. Nefnd hefur unnið í nokkur ár og endurskoðun laga um ríkisendurskoðun frá 1918 og er niðurstöðu að vænta.

Í **Finnlandi** eru tveir endurskoðunaraðilar á vegum ríkisins, þ. e. endurskoðendur ríkisreikninga og ríkisendurskoðunin. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga, fimm að tölu og kjörnir af Ríkisþinginu, eiga að kanna sjálfan ríkisreikninginn fyrir hönd þingsins og hafa eftirlit með stöðu og rekstri ríkiskerfisins. „Innri endurskoðun“ stjórnsýslunnar er í höndum ríkisendurskoðunarinnar, sem heyrir undir fjármálaráðuneytið. Meðal verkefna ríkisendurskoðunarinnar er, auk könnunar reikninga allra ríkisstofnana, að sjá til þess að framfylgt sé lögum, reglugerðum og fyrirmælum um rekstur og reikningshald ríkisins, að gætt sé markvísi í rekstrarumsýslu ríkisins og að fyrirtæki ríkisins séu rekin í samræmi við almennar viðskiptalegar meginreglur. Ríkisendurskoðuninni ber einnig að kanna og fylgjast með starfsemi hlutafélaga sem ríkið á meirihlutaaðild að, og skal þess þá sérstaklega gætt, að notkun og ávöxtun fjármuna félaganna sé markviss.

Í bókhaldsskrifstofum ríkisins skal vera endurskoðunardeild, og fer umfang hennar eftir því, hve viðkomandi stofnun hefur mikið umleikis. Þessar eftirlits-

deildir skulu starfa undir umsjón ríkisendurskoðunarinnar og ber þeim að skila skýrslu um störf sín með ákveðnu millibili, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Í **Vestur-Þýskalandi** er endurskoðun á vegum ríkisins í höndum stofnunar, sem að formi til er dómstóll (**Bundesrechnungshof**). Dómstóll þessi er óháður bæði sambandsþingi og framkvæmdastjórn ríkisins og lýtur forustu forseta og varaforseta, sem skipaðir eru af forseta landsins eftir tillögu ríkisstjórnarinnar. Dómstólnum ber að endurskoða og kanna alla reikninga, þar sem fjármunir ríkisins koma við sögu. Auk þess framkvæmir hann kerfisbundna rannsókn á ákveðnum málum, sérstaklega í sambandi við hagræðingarkannanir, en þær ber dómsforseta að gera sem „eftirlitsmaður sambandslýðveldisins varðandi sparnað og skilvirkni í stjórnsýslunni".

Auk **Bundesrechnungshof** eru innri endurskoðunardeildir í öllum ráðuneytum og stjórnsýslustofnunum. Enda þótt þessum deildum sé skipulagslega komið fyrir innan viðkomandi ráðuneytis eða stofnunar, er þeim skylt að skila ríkisendurskoðuninni skýrslu um allar meiri háttar niðurstöður af könnunum sínum. Ríkisendurskoðunin á hlut að því að koma slíkum innri endurskoðunardeildum á fót svo og að skipun forstöðumanna deildanna og ákvörðunum um hversu víðtæka endurskoðunarstarfsemi þær skuli hafa með höndum.

Í **Sviss** er endurskoðunarstofnun ríkisins einnig **Bundesrechnungshof**. Um starfsemi stofnunarinnar er mælt í sérstökum endurskoðunarlögum. Í lögunum eru m. a. ákvæði um tengsl milli ríkisendurskoðunarinnar og þeirra sérstöku endurskoðunaraðila sem starfa á vegum einstakra stjórnsýslustofnana ríksins. Þessar sérstöku endurskoðunardeildir lúta yfirstjórn aðalendurskoðunarinnar og skila henni reglulega skýrslum um könnun þá sem fram fer. Ríkisendurskoðunin ákveður umfang endurskoðunarstarfseminnar og sér til þess, að endurskoðendur séu eins óháðir í störfum sínum og framast er kostur.

Í **Frakklandi** nefnist ríkisendurskoðunin **Cour des Comptes** og er í meginatriðum skipulögð sem dómstóll. Auk könnunar reikninga hefur franska ríkisendurskoðunin það hlutverk að aðstoða þjóðþingið við eftirlit með fjárhagslegri stjórnsýslu. Í þessu skyni hefur verið sett á laggirnar sérstök stofnun til styrktar sjálfri ríkisendurskoðuninni og í tengslum við hana: **Comité central d'enquete sur le cout et le rendement des services publics**.

Í frönskum ráðuneytum og stjórnsýslustofnunum fer fram eins konar innri endurskoðun, framkvæmd af **Controleurs des dépenses engagées** og **Inspection géneral des finances**. Í hverju ráðuneyti er einn eftirlitsmaður úr hópi hinna fyrrnefndu, og ber hann persónulega ábyrgð á því gagnvart fjármálaráðherra, að ekki sé tekin ákvörðun um neinar fjárhagslegar skuldbindingar án þess að fjárveiting sé fyrir hendi í því skyni. **Inspection géneral des finances** er sjálfstæð stofnun, sem heyrir beint undir fjármálaráðherra. Eftirlitsmenn hennar gera sjóðskannanir í ráðuneytum og stjórnsýslustofnunum.

Í **Belgíu** er endurskoðunin skipulögð með nokkurn veginn sama hætti og í Frakklandi.

Í **Bretlandi** er **Comptroller and Auditor General** sem veitir forstöðu the **Exchequer and Audit Department**, en það er æðsta endurskoðunarstofnun ríkisins. Endurskoðunin er í meginatriðum fólgin í eftirliti með tekjum og gjöldum ríkisins. Jafnframt leggur stofnunin þó að nokkru marki krítískt fjárhagslegt mat á útgjöldin. Við tekjuendurskoðun í hinum stóru innheimtustofnunum á endurskoðunin einkum að ganga úr skugga um að fyrir hendi séu reglur, sem tryggja virkt innra eftirlit með útreikningi, innheimtu og skiptingu teknanna og að reglunum sé fylgt.

Nokkrar meiri háttar stjórnsýslustofnanir með sjálfstæðum fjármáladeildum hafa eigin endurskoðunarskrifstofur sem annast eftirkönnun. Endurskoðunarskrifstofan heyrir þá undir bókhaldsdeild (**accounting office**) stofnunarinnar.

Í **Kanada** gengu 1. ágúst 1977 í gildi ný lög um ríkisendurskoðun (**Auditor General Act**), en að þeim hefur verið unnið síðan 1973. Lögin kveða á um ábyrgð og skyldu OAG (**Office of the Auditor General**). Aðalhlutverk OAG er að þjóna þjóðþinginu. Stofnunin á m. a. að gæta þess, að fjármunir hins opinbera séu notaðir markvisst og ýtrustu hagsýni sé gætt — og það sé gert í samræmi við vilja þjóðþingsins.

Í **Bandaríkjunum** er alríkisendurskoðun í höndum **General Accounting Office**, en yfirmaður þeirrar stofnunar er **the Comptroller General**. Hann er skipaður af forsetanum, en annast í umboði þingsins eftirlit með opinberri stjórnsýslu. **General Accounting Office** hefur aðsetur í Washington, en endurskoðunin fer að hluta fram í nokkrum svæðisbundnum skrifstofum. Enn fremur hafa endurskoðendur frá GAO fasta bækistöð í u. þ. b. fimmtíu ráðuneytum og stjórnsýslustofnunum í Washington og grennd.

Auk þeirrar endurskoðunar, sem fram fer á vegum GAO, eru í flestum stjórnvaldsstofnunum alríkisins innri endurskoðunardeildir sem annast eftirlit með starfsemi viðkomandi stofnunar.

Almennt hlutverk GAO er að endurskoða og staðfesta reikninga alríkisins og að vera þinginu til ráðuneytis og aðstoðar í málum sem varða ráðstöfun fjárveitinga. Á seinni árum hafa GAO hins vegar verið falin víðtækari verkefni. Í stórum dráttum má segja, að þessi verkefni felist í stöðugri leit að úrræðum til að tryggja meiri hagkvæmni og skilvirkni í stjórnsýslu alríkisins. GAO kannar stjórnkerfið í sérhverri alríkisstofnun, stórri sem smárri. Skýrslu um niðurstöður könnunarinnar er skilað til þingsins í þeim tilvikum, er ætla má að málið sé áhugavert fyrir þingmenn, og skýrslurnar verða opinber plögg. GAO sendir þessar skýrslur, sem aðrar niðurstöður sínar, einnig til þeirrar stjórnsýslustofnunar, sem könnun hefur beinst að, í því skyni að viðeigandi ráðstafanir verði gerðar. Í mörgum tilvikum grípa stofnanirnar til aðgerða án þess að bíða eftir því, að þingið taki afstöðu til málsins.

GAO hefur einnig um nokkurt árabil haft yfirumsjón með þeim reikningsskilakerfum, sem notuð eru í stjórnsýslustofnunum alríkisins, og verður að leggja samþykki sitt á allar tillögur um ný kerfi áður en þau eru tekin í notkun.

Hoover-nefndin svokallaða lagði áherslu á þörfina á bættri tilhögun fjárhagsáætlana, reikningsskila og skýrslugerðar. Árangur af starfi nefndarinnar varð m. a., að árið 1948 var lögð fram sameiginleg starfsáætlun fyrir stjórnsýslukerfi alríkisins í heild, **Joint Financial Management Improvement Program**, undir stjórn ríkisendurskoðanda (the Comptroller General), fjármálaráðherra (the Secretary of the Treasury) og forstjóra fjárlagastofnunarinnar (the Director of the Bureau of the Budget). Eitt af markmiðum þessarar áætlunar var að koma á áætlanabundinni fjárlagagerð og að reyna að skapa sterkari kostnaðarvitund í stjórnsýslu alríkisins með því að koma á ítarlegri kostnaðarskilagreiningum. Starfið laut að stöðugri þróun á gjörvöllu kerfi fjármálastjórnar og eftirlits með starfsemi ríkisins, þ. e. málum varðandi stefnumörkun stjórnsýslustofnana, gerð fjárhagsáætlana, reikningsskil og skýrslugerð.

GAO fer ýmsar mismunandi leiðir í endurskoðunarstarfi sínu. Stofnunin lítur svo á, að það sé grundvallarskylda hvers ráðuneytis og stjórnsýslustofnunar að halda uppi hagkvæmu og skilvirku stýrikerfi. Það er liður í hlutverki GAO að hafa eftirlit með því, að þessa sé gætt, og endurskoðunarstarfið er fólgið í því að gera kannanir á kerfi hverrar stjórnsýslustofnunar að því er varðar skipulag, stjórnun og eftirlit, finna veika hlekki, greina frá niðurstöðum athugana og setja fram tillögur um endurbætur.

Stjórnunarkerfin hafa á seinni árum verið endurbætt með ýmsum hætti og endurskoðuninni þar með óbeint gert hægara um vik að stuðla að aukinni skilvirkni.

Mikilsvert skref var stigið 1965, þegar ákveðið var að koma á samtímis í allri ríkisstjórnsýslunni almennu fjárhagsáætlunarkerfi, sem reist er á aðferðum þeim við starfsáætlana- og fjárlagagerð er mótaðar hafa verið í varnarmálaráðuneytinu.

Þetta fjárhagsáætlunarkerfi (Planning Programming and Budgeting System, PPBS) leggur megináherslu á, að starfsáætlanagerð og ákvarðanataka styðjist við mat á kostnaði og afköstum þar sem tekið sé tillit til mismunandi úrkosta.

Frá sjónarmiði endurskoðunarinnar hefur fjárhagsáætlanakerfið skapað mun betri upplýsingagrundvöll, m. a. vegna hinna ítarlegu gagna sem safnað er um kostnað og tekjur. GAO hefur í endurskoðunarstarfi sínu átt hægara um vik að fylgjast með starfsemi stjórnsýslustofnananna. Annars vegar hefur athugun beinst að starfsáætlunum þeim, sem við er miðað hverju sinni, og hafa þá verið kannaðar heilar áætlanir eða tilteknir áætlunarhlutar. Hins vegar hafa verið athugaðir rekstrarþættir, svo sem stýrikerfi yfirstjórnar, birgðameðferð, innkaup, starfsmannastjórn, þjónustustarfsemi, rannsókna- og þróunarstörf og umsýsla bygginga og tækjabúnaðar.

Önnur ráðstöfun, sem reynst hefur mikilvæg, er **the Government's Cost Reduction Program** frá 1966, sem mælir fyrir um sérstakar aðgerðir til að mæla framleiðni og skilvirkni. Samkvæmt þessari starfsáætlun ber yfirmönnum stjórnsýslustofnana að sjá til þess, að komið verði á reikningsskilakerfi, er veitt geti upplýsingar annars vegar um kostnað og hins vegar um þau afköst og þann árangur sem útgjöldunum tengjast.

Enn eitt atriði, sem miklu skiptir, er þróun og notkun tölva til gagnavinnslu. Sú tækni er skilyrði þess, a. m. k. í hinum umfangsmeiri stjórnsýslustofnunum, að afla megi upplýsinga að því marki og það fljótt, að unnt sé að nýta þær við áætlanagerð, stjórnun og árangursmat.

Meðal verkefna GAO er einnig að hafa eftirlit með innri endurskoðunardeildum í ráðuneytum og stjórnsýslustofnunum. Innra eftirlit felur samkvæmt bandarískri málvenju í sér innri endurskoðun. Því er það, að þegar GAO kannar innra eftirlit í tiltekinni stjórnvaldsstofnun tekur könnunin einnig til þeirrar starfsemi, sem fram fer á vegum endurskoðunardeildar stofnunarinnar. Er jafnvel lagt mat á afköst endurskoðunardeildarinnar og gefin ráð varðandi umfang hennar með tilliti til þess árangurs sem vænta má af starfinu.

Að því er varðar val, grunnmenntun og starfsmenntun endurskoðunarstarfsliðs er vert að veita því athygli, hversu miklar kröfur GAO gerir til starfsmanna sinna. Flestir þeirra háskólamanna, sem ráðnir eru til starfa, hafa haft endurskoðun sem aðalsvið í námi sínu, en í vaxandi mæli eru ráðnir starfsmenn með aðra háskólamenntun, svo sem tölfræðingar, stærðfræðingar, viðskipta- og hagfræðingar, verk- og tæknifræðingar, rekstrarfræðingar og stjórnmálafræðingar. Skipulagt er endurmenntunar- og þjálfunarnám fyrir starfsfólkið með nokkru millibili, m. a. til þess að því gefist kostur á að fylgjast með þróuninni á sviði tækni, efnahagsmála og félagsmála. Í þessari menntunarstarfsemi er mjög stuðst við kennara frá einhverjum þeirra háskóla sem fremstir standa.

Ef dregnar eru saman helstu niðurstöður af því, sem að framan greinir, má segja, að um alllangt skeið hafi orðið vart áhuga víða um lönd á að víkka verksvið endurskoðunarinnar. Þannig eru í starfsreglum margra ríkisendurskoðunarstofnana ákvæði sem lúta að því, að endurskoðunarstarfið skuli ekki miðað við það eitt að leita uppi skekkjur og misferli, heldur beri einnig að kanna skilvirkni og hagkvæmni í stjórnsýslukerfinu. Fyrirmælum í þessa átt hefur hins vegar almennt reynst erfitt að framfylgja, og var kvartað yfir því í skýrslum frá um fimmtíu ríkisendurskoðunarstofnunum á alþjóðlegri ráðstefnu endurskoðunarstjórnvalda í Tókíó 1968. Í Bandaríkjunum, Svíþjóð og víðar má þó sjá markvissa þróun endurskoðunarstarfseminnar í þessa nýju átt.

Einnig er þróunin sú, að ríkisendurskoðunarstofnanir þjóni þjóðþingum í ríkari mæli og stuðli þannig að opnari umræðu um starfsemi á vegum ríkisins.

Ed. 132. Lög [106. mál]

um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

(Afgreidd frá Ed. 30. nóv.)

Samhljóða þskj. 117.

Sþ. 133. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]

um endurskoðun meiðyrðalöggjafar.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Páll Pétursson, Gunnlaugur Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða löggjöf um ærumeiðingar.

Greinargerð.

Lög þau, sem hér um ræðir, eru nr. 19/1940 — almenn hegningarlög, XII. kafli gr. 108 og XXV. kafli gr. 234-237 og 241. Er þar m. a. kveðið svo á, að sektum varði bregði maður manni brigslum án tilefnis, **þótt hann segi satt,** og varðandi opinbera starfsmenn, að aðdróttun, **þótt sönn sé,** varði sektum sé hún borin fram á ótilhlýðilegan hátt.

Af framanskráðum tilvitnunum má ljóst vera, að gildandi lög um ærumeiðingar þrengja mjög prentfrelsi og málfrelsi manna, enda var á það bent hér á Alþingi, þegar frumvarp að þessum lögum var hér til umræðu.

Auk þess sem lögin banna fólki þannig að segja sannleikann, er það greinilegt, að það hlýtur oft að vera umdeilt túlkunaratriði, hvenær gefið sé tilefni og hvað sé ótilhlýðilegt, enda hafa lögin um ærumeiðingar þótt orka tvímælis allt frá því þau voru sett. Svokölluð VL-málaferli síðustu ára hafa þó í enn ríkari mæli en áður beint athygli manna að ágöllum þessara laga og leitt í ljós mögulega misnotkun þeirra í stjórnmálabaráttu og jafnvel beinlínis í auðgunarskyni. Umdeild túlkun þessara laga hefur einnig kristalast í nefndum málaferlum, því að hún hefur gjarnan orðið á annan veg í Hæstarétti en í héraði.

Er því sýnt að endurskoðun löggjafar um ærumeiðingar er tímabær.

Tillaga, nær samhljóða þessari, var flutt á síðasta þingi, og var Vilborg Harðardóttir fyrsti flm.

Nd. 134. Frumvarp til laga [117. mál]

um breyting á lögum nr. 80/1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Flm.: Matthías Bjarnason, Jón Baldvin Hannibalsson, Kjartan Ólafsson, Páll Pétursson, Lárus Jónsson.

1. gr.

Síðasta mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða bætur til eigenda fiskibáta, sem hafa þurft að hætta veiðum eða hafa ekki getað hafið veiðar á tilteknu veiðisvæði, sem hefur

verið lokað fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið vegna hrygningar nytjafiska eða hættu á seiðadrápi, með þeim afleiðingum, að eigendur viðkomandi báta hafi ekki getað gert ráðstafanir til veiða með sömu eða öðrum veiðarfærum á öðrum veiðisvæðum með svipuðum árangri og vænta hefði mátt á hinu friðaða veiðisvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimild skv. lögum þessum skal taka til veiða rækjubáta, sem ekki gátu hafið veiðar s. l. haust vegna mikils seiðafjölda, og gilda frá 1. okt. s. l.

Greinargerð.

Fyrir allmörgum árum, er dragnótaveiðar voru heimilar í Faxaflóa, gerðist það að meginveiðisvæðinu var lokað til að afstýra skemmdum á síldarhrognum, en talið var vitað að síld hefði hrygnt á svæðinu. Eigi var með öllu ljóst, hversu lengi lokunin þyrfti að standa, og vegna þeirrar óvissu og einnig af öðrum ástæðum var talið torvelt fyrir eigendur þeirra fiskibáta, sem veiðar stunduðu á umræddu svæði, að snúa sér að öðrum veiðum, meðan lokun kynni að standa, eða að stunda dragnótaveiðar á öðrum, fjarlægum veiðisvæðum.

Þar sem ljóst þótti, að umrædd lokun mundi valda eigendum bátanna verulegu tjóni, var núverandi síðustu mgr. 10. gr. sett í lög um aflatryggingasjóð. Ekki hefur komið til bóta samkvæmt henni nema í þetta eina skipti, enda verður að skýra svona undantekningarákvæði mjög þröngt.

Nú í haust hefur rækjuveiðisvæðum vestan- og norðanlands verið lokað vegna hættu á seiðadrápi. Sá floti, sem stundar rækjuveiðar, er ekki heppilegur til annarra veiða á þessum árstíma, og þótt reynt yrði að stunda aðrar veiðar er eiginlega alveg víst, að það yrði ekki gert með neitt svipuðum árangri og rækjuveiðarnar. Við þetta bætist svo það, að stöðugt hefur ríkt óvissa um það, hversu langvarandi lokunin yrði, og er óhætt að fullyrða, að menn áttu ekki von á því, að hún yrði eins langvarandi og raun hefur á orðið.

Það er því ljóst, að allt bendir til þess, að útgerðarmenn rækjubáta verði fyrir verulegu tjóni vegna þessarar langvarandi lokunar, og sýnist því réttmætt, að þeim séu veittar bætur vegna þessara aðgerða. Með tilliti til þess fordæmis, sem um getur í upphafi þessarar greinargerðar, þykir eðlilegt að aflatryggingasjóður greiði þessar bætur.

Á s. l. hausti gaf sjávarútvegsráðuneytið út rækjuveiðileyfi til 93 báta og skiptast þau þannig: Arnarfjörður 9, Ísafjörður 27, Bolungavík 9, Súðavík 4, Djúpavík 1, Hólmavík og Drangsnes 12, Hvammstangi 4, Blönduós 3, Skagaströnd 5, Húsavík 10, Kópasker 6 og Berufjörður 3.

Rækjuveiðar hafa verið hafnar: á Húnaflóa á takmörkuðum svæðum frá 14. nóvember s. l., á Öxarfirði frá 5. október og verið stöðvaðar vegna seiðamagns. En í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði hafa veiðar ekki verið leyfðar enn sem komið er.

Nd. 135. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á lögum nr. 79. 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 23. des. 1975 og lög nr. 78 31. des. 1977, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Albert Guðmundsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Einar Ágústsson, Gils Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Gunnlaugur Stefánsson.

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Almenningsvagnar, sem sannanlega eru eingöngu notaðir á götum í þéttbýli, skulu undanþegnir gjaldi skv. þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í þessu frv. er lagt til að þungaskattur af strætisvögnum verði felldur niður. Strætisvagnar fara aldrei út fyrir gatnakerfi þéttbýlis og aka svo til einvörðungu eftir götum sem viðkomandi borgar- eða bæjarsjóður kostar að öllu leyti, bæði lagningu og viðhald. Strætisvögnum er ætlað að veita almenningi sjálfsagða þjónustu og reynt er að láta þá þjónustu í té á sanngjörnu verði til þess að allir geti notfært sér hana. En reksturinn er dýr, enda eru strætisvagnar viða reknir með miklum halla.

Svo er t. d. um Strætisvagna Reykjavíkur, en áætlað er að S.V.R. greiði 25 millj. kr. á þessu ári í þungaskatt sem teljast má verulegur baggi á fyrirtæki sem rekið er með stórfelldu tapi. Flm. telja að hér sé um að ræða óeðlilega kvöð á rekstraraðila strætisvagna og virðist sanngjarnt að vagnarnir séu undanþegnir þessum skatti.

Nd. 136. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um biðlaun alþingismanna.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Tveir nefndarmanna, Kjartan Ólafsson og Vilmundur Gylfason, munu gera grein fyrir afstöðu sinni.

Meiri hl. nefndarmanna mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. des. 1978.

Lúðvík Jósepsson, form., frsm.
Halldór E. Sigurðsson, fundarskr.
Ólafur G. Einarsson.
Matthías Á. Mathiesen.

Sþ. **137. Tillaga til þingsályktunar** [119. mál]

um aðild Íslands að alþjóðasamningum um mannréttindi.

(Lögð fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi ásamt bókun og alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem samþykktir voru á 21. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York hinn 16. desember 1966.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Þegar samtök Sameinuðu þjóðanna voru stofnuð sumarið 1945 að lokinni síðari heimstyrjöldinni hétu aðildarríkin því „að staðfesta að nýju trú á grundvallarréttindi manna, virðingu þeirra og gildi“ og gerðu það eitt af markmiðum sínum „að styrkja og stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsisréttindum allra.“

Í framhaldi af þessu var hinn 10. desember 1948 birt sérstök yfirlýsing, Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, þar sem kveðið var nánar á um þessi réttindi og vernd þeirra. Yfirlýsingin var samþykkt á 3. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna af 48 ríkjum, þ. á m. var Ísland, en 8 sátu hjá og tvö voru fjarstödd. Yfirlýsingin fól í sér fyrirheit ríkjanna um vernd tiltekinna mannréttinda en var ekki lagalega bindandi að hætti milliríkjasamninga. Engu að síður hefur hún haft verulegt gildi sem mælikvarði til styrktar mannréttindum og eflingar siðgæðis víða um heim. Ýmis ríki hafa stuðst við hana þegar sett hafa verið ákvæði í stjórnarskrár eða almenn lög um mannréttindi.

Mannréttindanefndin, sem stofnuð var árið 1946 og starfar á vegum Efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC), hafði þegar í upphafi ákveðið að hinn alþjóðlegi grundvöllur mannréttindaverndar skyldi felast í þrennu: yfirlýsingu, einum eða fleiri alþjóðasamningum og ákveðinni skipan til að fylgjast með og stuðla að efndum mannréttindaákvæðanna. Árið 1954 lagði nefndin fyrir 9. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna drög að tveimur alþjóðasamningum, annars vegar um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og hins vegar um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Samningsdrögin voru síðan til meðferðar í félags- og mannréttindamálanefnd þingsins um tólf ára skeið og sættu þar verulegum breytingum. En hinn 16. desember 1966 samþykkti 21. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samhljóða báða samningana ásamt valfrjálsri bókun við þann fyrrnefnda.

Samningarnir tveir ásamt bókuninni eru birtir sem fylgiskjöl með þingsályktunartillögu þessari og skal vísað til þeirra um nánari efnisatriði. Í stuttu máli er efni þeirra það, að talin eru upp réttindi sem verndar skulu njóta og kveðið á um skyldu samningsríkja til skýrslugjafar, þ. á m. eru í samningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi ákvæði um stofnun sérstakrar mannréttindanefndar til þess að fjalla um skýrslur og kærumál. Í valfrjálsu bókuninni er nefndinni heimilað að taka við kærum frá einstaklingum.

Alþjóðasamningurinn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi tók gildi hinn 23. mars 1976 og eru aðildarríki 52 talsins, þ. e.: Austurríki, Barbados, Bretland, Búlgaría, Chile, Costa Rica, Danmörk, Dóminíka, Ekvador, Finnland, Gínea, Guyana, Hvíta-Rússland, Írak, Íran, Ítalía, Jamaíka, Jórdanía, Júgóslavía, Kanada, Kenya, Kólumbía, Kýpur, Líbanon, Líbýa, Madagaskar, Malí, Máritíus, Mongólía, Noregur, Panama, Perú, Portúgal, Pólland, Rúmenía, Rúanda, Senegal, Sovétríkin, Spánn, Surínam, Svíþjóð, Sýrland, Tansanía, Tékkóslóvakía, Túnis, Ungverjaland, Úrúguay, Úkraína, Venesúela, Zaire, Sambandslýðveldið Þýskaland og Þýska alþýðulýðveldið.

Bókunin tók einnig gildi hinn 23. mars 1976 og hafa 20 af ofangreindum ríkjum gerst fullgildir aðilar hennar eða: Barbados, Costa Ríca, Danmörk, Dóminíka, Ekvador, Finnland, Ítalía, Jamaíka, Kanada, Kólumbía, Madagaskar, Máritíus, Noregur, Panama, Senegal, Surínam, Svíþjóð, Úruguay, Venesúela og Zaíre.

Alþjóðasamningurinn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi tók gildi hinn 3. janúar 1976 og eru þessi 54 ríki aðilar hans: Austurríki, Ástralía, Barbados, Bretland, Búlgaría, Chíle, Costa Rica, Danmörk, Dóminíka, Ekvador, Filippseyjar, Finnland, Gínea, Guyana, Hvíta-Rússland, Írak, Íran, Italía, Jamaíka, Jórdanía, Júgóslavía, Kanada, Kenya, Kólumbía, Kýpur, Líbanon, Líbýa, Madagaskar, Malí, Máritíus, Mongólía, Noregur, Panama, Perú, Portúgal, Pólland, Rúmenía, Rúanda, Senegal, Sovétríkin, Spánn, Surínam, Svíþjóð, Sýrland, Tansanía, Tékkóslóvakía, Túnis, Ungverjaland, Úkraína, Úruguay, Venesúela, Zaíre, Sambandslýðveldið Þýskaland og Þýska alþýðulýðveldið.

Af Íslands hálfu voru alþjóðasamningarnir tveir undirritaðir hinn 30. desember 1968 með fyrirvara um fullgildingu, en valfrjálsa bókunin hefur ekki verið undirrituð. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að undirbúningi fullgildingar samninganna, enda efni þeirra mjög í anda þeirrar mannréttindaverndar sem er hornsteinn íslensks þjóðfélags. Var Jónatan Þórmundssyni prófessor falið að bera ákvæði samninganna og bókunarinnar saman við gildandi íslenskar réttarreglur og eftir atvikum framkvæmd þeirra. Skilaði hann ítarlegum álitsgerðum hinn 12. janúar og 2. febrúar sl. Í ljósi ábendinga hans hafa samningarnir verið til nánari meðferðar í utanríkisráðuneytinu og öðrum hlutaðeigandi ráðuneytum, þ. e. dómsmálaráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu.

Niðurstaða þessara athugana er sú, að unnt sé að fullgilda alþjóðasamninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi án fyrirvara eða undanfarandi aðgerða á löggjafarsviði. Samningurinn mótast að verulegu leyti af skuldbindingum um tiltekna löggjafarstefnu.

Um alþjóðasamninginn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og valfrjálsu bókunina, er honum fylgir, gegnir nokkuð öðru máli. Er þörf á því að gerðir verði nokkrir fyrirvarar í sambandi við fullgildingu þess samnings, sem nánar verða skilgreindir hér á eftir, en slíkir fyrirvarar eru heimilir samkvæmt ákvæðum samningsins. Eru þeir að mestu hliðstæðir fyrirvörum sem eitthvert eða einhver hinna Norðurlandanna hafa gert. Með sama hætti er talið rétt að gerður verði einn fyrirvari við valfrjálsu bókunina. Ef farin yrði sú leið, að gera fyrirvara um þau atriði sem á er bent, er ekki talið að gera þurfi fyrir fullgildingu samningsins breytingar á lögum. Þykir eftir atvikum eðlilegast að fara þessa leið, en nokkur atriði sem fram hafa komið við athugun málsins munu verða til leiðbeiningar við undirbúning löggjafar á umræddum sviðum á næstu árum.

Rétt þykir að gefin yrði yfirlýsing samkvæmt 41. gr. samningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, varðandi kærurétt ríkja vegna meintra brota á ákvæðum samningsins. Danir gáfu slíka yfirlýsingu til afmarkaðs tíma, en Noregur og Svíþjóð án fyrirvara.

Fyrirvarar þeir, sem álitið er að gera þyrfti við fullgildingu samningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, eru þessir:

1. Fyrirvari við 8. grein 3. mgr. (a)-lið að því er tekur til ákvæða íslenskra laga sem heimila að maður, sem ekki á fyrir fjölskyldu að sjá, verði úrskurðaður til vistar á vinnuhæli, til afplánunar á meðlagsgreiðslum með barni hans eða börnum.

   Úrræði þessu mun sáralítið hafa verið beitt hin síðustu ár. Eftir tilkomu innheimtustofnunar sveitarfélaga hafa önnur úrræði verið bætt, sem kunna að gera mögulegt að afnema þetta er rétt þykir.

   Þessi fyrirvari á sér ekki hliðstæðu í fyrirvörum annarra Norðurlanda.

2. Fyrirvari við 10. grein 2. mgr. (b)-lið og 3. mgr. síðari málslið, að því er tekur til aðgreiningar ungra fanga frá öðrum. Það er regla íslenskra laga að höfuðstefnu til að beita skuli slíkri aðgreiningu en ekki þykir rétt að binda það með svo fyrirvaralausum hætti sem í samningsgreininni segir.
   Samsvarandi fyrirvara gera önnur Norðurlönd um þetta efni.
3. Fyrirvari um gildi 13. greinar að því leyti að hún samsvarar ekki gildandi íslenskum lagaákvæðum um rétt útlendings til að koma að andmælum vegna ákvörðunar um brottvísun hans.
   Samsvarandi fyrirvara gerir Finnland.
4. Fyrirvari að því er varðar 14. grein 7. mgr. um endurupptöku á máli sem áður hefur verið dæmt. Íslensk réttarfarslög hafa ítarleg ákvæði um þetta efni sem ekki þykir við hæfi að breyta.
   Öll hin Norðurlöndin gera fyrirvara um þetta efni.
5. Fyrirvari við 20. gr. 1. mgr. með skírskotun til þess að lögbann við stríðsáróðri gæti skert tjáningarfrelsi. Þessi fyrirvari er í samræmi við afstöðu Íslands á 16. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1961.
   Öll hin Norðurlöndin gerðu þennan fyrirvara.

Um valfrjálsu bókunina þykir rétt að gerður verði fyrirvari af Íslands hálfu í samræmi við afstöðu hinna Norðurlandanna, sem gert hafa fyrirvara um 5. grein 2, efalaust með hliðsjón af aðild að Mannréttindasáttmála Evrópuráðs. Fyrirvarinn gæti verið með þessum hætti:

Að því er varðar 5. grein 2. mgr. gerir ríkisstjórn Íslands fyrirvara um heimild nefndarinnar til að taka fyrir erindi frá einstaklingi, ef um er að ræða málefni sem er eða hefur þegar verið til annarrar alþjóðlegrar rannsóknar eða sáttameðferðar.

Fylgiskjal I.

ALÞJÓÐASAMNINGUR UM EFNAHAGSLEG, FÉLAGSLEG OG MENNINGARLEG RÉTTINDI

INNGANGSORÐ

Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum

hafa í huga, í samræmi við grundvallaratriði þau sem sett eru fram í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, að viðurkenning á meðfæddri göfgi mannsins og jöfnum óaðskiljanlegum réttindum allra manna, sé grundvöllur frelsis, réttlætis og friðar í heiminum,

viðurkenna að þessi réttindi leiða af meðfæddri göfgi mannsins,

viðurkenna, í samræmi við Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, að sú hugsjón að menn séu frjálsir, óttalausir og þurfi ekki að líða skort, rætist því aðeins að sköpuð verði skilyrði til þess að allir geti notið efnahagslegra, félagslegra

INTERNATIONAL CONVENTION ON ECONOMIC, SOCIAL AND CULTURAL RIGHTS

PREAMBLE

The States Parties to the present Covenant,

Considering that, in accordance with the principles proclaimed in the Charter of the United Nations, recognition of the inherent dignity and of the equal and inalienable rights of all members of the human family is the foundation of freedom, justice and peace in the world,

Recognizing that these rights derive from the inherent dignity of the human person,

Recognizing that, in accordance with the Universal Declaration of Human Rights, the ideal of free human beings enjoying freedom from fear and want can only be achieved if conditions are created whereby everyone may enjoy his

og menningarlegra réttinda, jafnt sem borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda.

hafa í huga skyldur ríkja samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna til þess að stuðla að almennri virðingu fyrir og varðveislu mannréttinda og frelsis.

gera sér grein fyrir að einstaklingurinn sem hefur skyldur gagnvart öðrum einstaklingum og samfélagi því sem hann tilheyrir hefur þá ábyrgð að leitast við að stuðla að og halda í heiðri réttindi þau sem viðurkennd eru í samningi þessum,

samþykkja eftirfarandi greinar:

I. HLUTI

1. gr.

1. Allar þjóðir hafa sjálfsákvörðunarrétt. Vegna þess réttar ákveða þær frjálst stjórnmálalegar aðstæður sínar og framfylgja frjálst efnahagslegri, félagslegri og menningarlegri þróun sinni.

2. Allar þjóðir mega, í sínu eigin markmiði, ráðstafa óhindrað náttúruauðæfum og auðlindum sínum brjóti það ekki í bága við neinar skuldbindingar sem leiða af alþjóðlegri efnahagssamvinnu, byggðri á grundvallarreglunni um gagnkvæman ábata, og þjóðarétti. Aldrei má svipta þjóð ráðum sínum til lífsviðurværis.

3. Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum, þar með talin þau sem bera ábyrgð á stjórnun lendna sem ekki ráða sér sjálfar og gæsluverndarlendna, skulu stuðla að viðurkenningu á sjálfsákvörðunarrétti og skulu virða þann rétt í samræmi við ákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

II. HLUTI

2. gr.

1. Sérhvert ríki sem aðili er að samningi þessum tekst á hendur að gera þær ráðstafanir, eitt sér eða fyrir alþjóðaaðstoð og -samvinnu, sérstaklega á sviði efnahags og tækni, sem það frekast megnar með þeim ráðum sem því eru tiltæk, í þeim tilgangi að réttindi þau sem viðurkennd eru í samningi þessum komist í framkvæmd í áföngum með öllum tilhlýðilegum ráðum, þar á meðal sérstaklega með lagasetningu.

economic, social and cultural rights, as well as his civil and political rights,

Considering the obligation of States under the Charter of the United Nations to promote universal respect for, and observance of, human rights and freedom,

Realizing that the individual, having duties to other individuals and to the community to which he belongs, is under a responsibility, to strive for the promotion and observance of the rights recognized in the present Covenant,

Agree upon the following articles:

PART I

Article 1

1. All peoples have the right of self-determination. By virtue of that right they freely determine their political status and freely pursue their economic, social and cultural development.

2. All peoples may, for their own ends, freely dispose of their natural wealth and resources without prejudice to any obligations arising out of international economic co-operation, based upon the principle of mutual benefit, and international law. In no case may a people be deprived of its own means of subsistence.

3. The States Parties of the present Covenant, including those having responsibility for the administration of Non-Self-Governing and Trust Territories, shall promote the realization of the right of self-determination, and shall respect that right, in conformity with the provisions of the Charter of the United Nations.

PART II

Article 2

1. Each State Party to the present Covenant undertakes to take steps, individually and through international assistance and co-operation, especially economic and technical, to the maximum of its available resources, with a view to achieving progressively the full realization of the rights recognized in the present Covenant by all appropriate means, including particularly the adoption of legislative measures.

2. Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum takast á hendur að ábyrgjast að réttindum þeim sem greind eru í samningi þessum muni verða framfylgt án nokkurrar mismununar vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.

3. Þróunarlönd mega ákveða, með tilhlýðilegu tilliti til mannréttinda og efnahags þjóða þeirra, að hvaða marki þau mundu ábyrgjast þau efnahagslegu réttindi sem viðurkennd eru í samningi þessum til handa þeim sem ekki eru þegnar þeirra.

3. gr.

Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum takast á hendur að ábyrgjast jöfn réttindi til handa körlum og konum til þess að njóta allra þeirra efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu réttinda sem sett eru fram í samningi þessum.

4. gr.

Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna að ríki megi, til þess að réttinda þeirra verði notið sem ríki ákveður í samræmi við þennan samning, einungis binda slík réttindi þeim takmörkunum sem ákveðið er í lögum og einungis að svo miklu leyti sem það getur samrýmst eðli þessara réttinda og einungis í þeim tilgangi að stuðla að velferð almennings í lýðfrjálsu þjóðfélagi.

5. gr.

1. Ekkert í samningi þessum má túlka þannig að það feli í sér að ríki, hópur eða einstaklingur hafi rétt til þess að takast á hendur neinar athafnir né aðhafast neitt sem miðar að eyðileggingu neins þess réttar eða frelsis sem hér eru viðurkennd eða takmörkun á þeim að frekara marki en gert er ráð fyrir í þessum samningi.

2. Engar takmarkanir á eða frávik frá neinum þeim grundvallarmannréttindum sem viðurkennd eru eða fyrir hendi eru í einhverju ríki vegna laga, samninga, reglugerða eða venju skulu leyfðar undir því yfirskini að samningur þessi viður-

2. The States Parties to the present Covenant undertake to guarantee that the rights enunciated in the present Covenant will be exercised without discrimination of any kind as to race, colour, sex, language, religion, political or other opinion, national er social orgin, property, birth or other status.

3. Developing countries, with due regard to human rights and their national economy, may determine to what extent they would guarantee the economic rights recognized in the present Covenant to non-nationals.

Article 3

The States Parties to the present Covenant undertake to ensure the equal right of men and women to the enjoyment of all economic, social and cultural rights set forth in the present Covenant.

Article 4

The States Parties to the present Covenant recognize that, in the enjoyment of those rights provided by the State in conformity with the present Covenant, the State may subject such rights only to such limitations as are determined by law only in so far as this may be compatible with the nature of these rights and solely for the purpose of promoting the general welfare in a democratic society.

Article 5

1. Nothing in the present Covenant may be interpreted as implying for any State, group or person any right to engage in any activity or to perform any act aimed at the destruction of any of the rights or freedoms recognized herein, or at their limitation to a greater extent than is provided for in the present Covenant.

2. No restriction upon or derogation from any of the fundamental human rights recognized or existing in any country in virtue of law, conventions, regulations or custom shall be admitted on the pretext that the present Covenant

kenni ekki slík réttindi eða viðurkenni þau að minna marki.

III. HLUTI

6. gr.

1. Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna rétt manna til vinnu, sem felur í sér rétt sérhvers manns til þess að hafa tækifæri til þess að afla sér lífsviðurværis með vinnu sem hann velur sér eða tekur að sér af frjálsum vilja, og munu ríkin gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja þennan rétt.

2. Ráðstafanir þær sem ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum gera til þess að framfylgja að öllu leyti þessum réttindum skulu meðal annars vera fólgnar í tækni- og starfsfræðslu og þjálfunaráætlunum, stefnumörkun og aðferðum til þess að ná stöðugri efnahagslegri, félagslegri og menningarlegri framþróun og fullri og skapandi atvinnu við aðstæður sem tryggja grundvallarfrelsi, stjórnmálalega og efnahagslega, til handa einstaklingum.

7. gr.

Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna rétt sérhvers manns til þess að njóta sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða sem tryggja sérstaklega:

(a) endurgjald sem veitir öllum vinnandi mönnum sem lágmark:

(i) sanngjarnt kaup og jafnt endurgjald fyrir jafnverðmæta vinnu án nokkurrar aðgreiningar, og sé konum sérstaklega tryggð vinnuskilyrði sem eigi séu lakari en þau sem karlmenn njóta, og jafnt kaup fyrir jafna vinnu;

(ii) sómasamlega lífsafkomu fyrir þá sjálfa og fjölskyldur þeirra í samræmi við ákvæði samnings þessa;

(b) öryggi við störf og heilsusamleg vinnuskilyrði;

(c) jafna möguleika allra til þess að hækka í stöðu á viðhlítandi hærra stig, enda sé ekki tekið tillit til annarra atriða en starfsaldurs og hæfni;

does not racognize such rights or that it recognizes them to a lesser extent.

PART III

Article 6

1. The States Parties to the present Covenant recognize the right to work, which includes the right of everyone to the opportunity to gain his living by work which he freely chooses or accepts, and will take appropriate steps to safeguard this right.

2. The steps to be taken by a State Party to the present Covenant to achieve the full realization of this right shall include technical and vocational guidance and training programmes, policies and techniques to achieve steady economic, social and cultural development and full and productive employment under conditions safeguarding fundamental political and economic freedoms to the individual.

Article 7

The States Parties to the present Covenant recognize the right of everyone to the enjoyment of just and favourable conditions of work which ensure, in particular:

(a) Remuneration which provides all workers, as a minimum, with:

(i) Fair wages and equal remuneration for work of equal value without distinction of any kind, in particular women being guaranteed conditions of work not inferior to those enjoyed by men, with equal pay for equal work;

(ii) A decent living for themselves and their families in accordance with the provisions of the present Covenant;

(b) Safe and healthy working conditions;

(c) Equal opportunity for everyone to be promoted in his employment to an appropriate higher level, subject to no considerations other than those of seniority and competence;

(d) hvíld, frítíma og sanngjarna takmörkun á vinnustundum og frídaga á launum með vissu millibili svo og endurgjald fyrir opinbera frídaga.

8. gr.

1. Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum takast á hendur að ábyrgjast:

(a) rétt allra til þess að stofna stéttarfélög og að gerast félagar í því stéttarfélagi sem þeir velja sér, einungis að áskildum reglum hlutaðeigandi félags, í því skyni að efla og vernda efnahags- og félagslega hagsmuni sína. Eigi má binda rétt þennan neinum takmörkunum öðrum en þeim sem mælt er í lögum og nauðsynlegar eru í lýðfrjálsu þjóðfélagi í þágu þjóðaröryggis eða allsherjarreglu eða til þess að vernda réttindi og frelsi annarra;

5. Skrifstofa sú sem gert er ráð fyrir í 36. gr. skal einnig starfa fyrir sáttanefndir þær sem skipaðar eru samkvæmt þessari grein.

6. Upplýsingar sem mannréttindanefndin hefur móttekið og safnað saman skulu

Article 42

1. (a) If a matter referred to the Committee in accordance with article 41 is not resolved to the satisfaction of the States Parties concerned, the Committee may, with the prior consent of the States Parties concerned, appoint an ad hoc Conciliation Commission (hereinafter referred to as the Commission). The good offices of the Commission shall be made available to the States Parties concerned with a view to an amicable solution of the matter on the basis of respect for the present Covenant;

(b) The Commission shall consist of five persons acceptable to the States Parties concerned. If the States Parties concerned fail to reach agreement within three months on all or part of the composition of the Commission, the members of the Commission concerning whom no agreement has been reached shall be elected by secret ballot by a two-thirds majority vote of the Committee from among its members.

2. The members fo the Commission shall serve in their personal capacity. They shall not be nationals of the States Parties concerned, or of a State not party to the present Covenant, or of a State Party which has not made a declaration under article 41.

3. The Commission shall elect its own Chairman and adopt its own rules of procedure.

4. The meetings of the Commission shall normally be held at the Headquarters of the United Nations or at the United Nations Office at Geneva. Hawever, they may be held at such other convenient places as the Commission may determine in consultation with the Secretary—General of the United Nations and the States Parties concerned.

5. The secretariat provided in accordance with article 36 shall also service the commissions appointed under this article.

6. The information received and collated by the Committee shall be made available

vera sáttanefndinni til reiðu og má sáttanefndin skora á ríkin sem í hlut eiga að láta í té allar aðrar upplýsingar sem máli skipta.

7. Þegar sáttanefndin hefur athugað málið til hlítar, þó alls ekki síðar en tólf mánuðum eftir að hafa fengið málið til meðferðar, skal hún leggja fyrir formann nefndarinnar skýrslu sem koma skal á framfæri við hlutaðeigandi aðildarríki:

(a) Geti sáttanefndin ekki lokið athugun sinni á málinu innan tólf mánaða skal hún einskorða skýrslu sína við stutta greinargerð um hve langt athugunin hefur náð;

(b) Hafi vinsamleg lausn málsins náðst á grundvelli virðingar fyrir mannréttindum eins og þau eru viðurkennd í samningi þessum skal sáttanefndin einskorða skýrslu sína við stutta greinargerð um staðreyndirnar og þá lausn sem náðst hefur.

(c) Náist ekki lausn samkvæmt ákvæðum málsliðar (b) skal í skýrslu sáttanefndarinnar greint frá því sem nefndin hefur orðið áskynja varðandi hvers kyns staðreyndir er snerta ágreiningsmál hlutaðeigandi aðildarríkja og áliti hennar á möguleikum til vinsamlegrar lausnar málsins. Skýrsla þessi skal enn fremur hafa að geyma þau skriflegu gögn sem lögð voru fram af hlutaðeigandi aðildarríkjum svo og bókanir um það sem munnlega kom fram af þeirra hálfu.

(d) Sé skýrsla sáttanefndarinnar lögð fyrir eins og greinir í málslið (c) skulu aðildarríki þau sem í hlut eiga tilkynna formanni nefndarinnar innan þriggja mánaða frá móttöku skýrslunnar hvort þau fallist á efni skýrslu sáttanefndarinnar eða ekki.

8. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á ábyrgð mannréttindanefndarinnar samkvæmt 41. gr.

9. Aðildarríki þau sem í hlut eiga skulu bera að jöfnu allan kostnað sáttanefndarmannanna í samræmi við útreikning sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna lætur í té.

10. Aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna skal heimilt að greiða kostnað sáttanefndarmannanna, ef nauðsyn krefur, áður en endurgreiðsla af hálfu hlutaðeigandi aðildarríkja kemur til.

to the Commission and the Commission may call upon the States Parties concerned to supply any other relevant information.

7. When the Commission has fully considered the matter, but in any event not later than twelve months after having been seized of the matter, it shall submit to the Chairman of the Committee a report for communication to the States Parties concerned:

(a) If the Commission is unable to complete its consideration of the matter within twelve months, it shall confine its report to a brief statement of the status of its consideration of the matter;

(b) If an amicable solution to the matter on the basis of respect for human rights as recognized in the present Covenant is reached, the Commission shall confine its report to a brief statement of the fact and of the solution reached;

(c) If a solution within the terms of sub-paragraph (b) is not reached, the Commission's report shall embody its findings on all questions of fact relevant to the issues between the States Parties concerned, and its views on the possibilities of an amicable solution of the matter. This report shall also contain the written submissions and a record of the oral submissions made by the States Parties concerned;

(d) If the Commission's report is submitted under sub-paragraph (c), the States Parties concerned shall, within three months of the receipt of the report, notify the Chairman of the Committee whether or not they accept the contents of the report of the Commission.

8. The provisions of this article are without prejudice to the responsibilities of the Committee under article 41.

9. The States Parties concerned shall share equally all the expenses of the members of the Commission in accordance with estimates to be provided by the Secretary-General of the United Nations.

10. The Secretary-General of the United Nations shall be empowered to pay the expenses of the members of the Commission, if necessary, before reimbursement by

eigandi aðildarríkja er innt af hendi í samræmi við 9. mgr. þessarar greinar.

43. gr.

Þeir sem sæti eiga í mannréttindanefndinni og sérstökum sáttanefndum sem skipaðar kunna að vera samkvæmt 42. gr. skulu eiga rétt á aðstöðu, sérréttindum og griðhelgi sérfræðinga í erindagerðum fyrir Sameinuðu þjóðirnar svo sem ákveðið er í þeim köflum samnings um réttindi og griðhelgi Sameinuðu þjóðanna sem við eiga.

44. gr.

Ákvæði um framkvæmd samnings þessa skulu eigi hafa áhrif á neina þá meðferð sem mælt er fyrir um á sviði mannréttinda samkvæmt stofnskrá og samningum Sameinuðu þjóðanna og sérstofnananna og skulu ekki vera því til fyrirstöðu að ríki sem eru aðilar að samningi þessum leiti annarra úrræða til lausnar deilumáls í samræmi við almenna eða sérstaka alþjóðasamninga sem í gildi eru milli þeirra.

45. gr.

Nefndin skal leggja ársskýrslu um starfsemi sína fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna fyrir milligöngu fjárhags- og félagsmálaráðsins.

V. HLUTI

46. gr.

Ekkert ákvæði samnings þessa skal túlkað svo að það skerði ákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna né ákvæði stofnskráa sérstofnananna sem skilgreina skyldur hinna ýmsu stofnana Sameinuðu þjóðanna og sérstofnananna með tilliti til málefna sem fjallað er um í samningi þessum.

47. gr.

Ekkert ákvæði samning þessa skal túlkað svo að það skerði þann rétt sem öllum þjóðum ber til þess að njóta og hagnýta til fullnustu og óhindrað náttúruauðæfi sín og auðlindir.

VI. HLUTI

48. gr.

1. Þessi samningur skal liggja frammi til undirskriftar fyrir öll þau ríki sem

the States Parties concerned, in accordance with paragraph 9 of this article.

Article 43

The members of the Committee, and of the ad hoc conciliation commissions which may be appointed under article 42, shall be entitled to the facilities, privileges and immunities of experts on mission for the United Nations as laid down in the relevant sections of the Convention on the Privileges and Immunities of the United Nations.

Article 44

The provisions for the implementation of the present Covenant shall apply without prejudice to the procedures prescribed in the field of human rights by or under the constituent instruments and the conventions of the United Nations and of the specialized agencies and shall not prevent the States Parties to the present Covenant from having recourse to other procedures for settling a dispute in accordance with general or special international agreements in force between them.

Article 45

The Committee shall submit to the General Assembly of the United Nations, through the Economic and Social Council, an annual report on its activities.

PART V

Article 46

Nothing in the present Covenant shall be interpreted as impairing the provisions of the Charter of the United Nations and of the constitutions of the specialized agencies which define the respective responsibilities of the various organs of the United Nations and of the specialized agencies in regard to the matters dealt with in the present Covenant.

Article 47

Nothing in the present Covenant shall be interpreted as impairing the inherent right of all peoples to enjoy and utilize fully and freely their natural wealth and resources.

PART VI

Article 48

1. The present Covenant is open for signature by any State Member of the

aðilar eru að Sameinuðu þjóðunum eða sérstofnunum þeirra, fyrir aðildarríki að samþykktum Alþjóðadómstólsins og fyrir sérhvert það ríki sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur boðið að gerast aðili að samningi þessum.

2. Fullgilda skal samning þennan. Fullgildingarskjöl skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

3. Samningur þessi skal liggja frammi til aðildar fyrir hvert það ríki sem vikið er að í 1. mgr. þessarar greinar.

4. Aðild skal öðlast gildi með því að aðildarskjal er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

5. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum þeim ríkjum sem undirritað hafa þennan samning eða gerst aðilar að honum um afhendingu sérhvers fullgildingar- eða aðildarskjals.

49. gr.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi þremur mánuðum eftir þann dag sem þrítugasta og fimmta fullgildingar- eða aðildarskjalið er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

2. Nú fullgildir ríki samning þennan eða gerist aðili að honum eftir afhendingu þrítugasta og fimmta fullgildingar- eða aðildarskjalsins til varðveislu og skal þá þessi samningur öðlast gildi gagnvart því ríki þremur mánuðum eftir þann dag sem það afhendir sitt eigið fullgildingar- eða aðildarskjal til varðveislu.

50. gr.

Ákvæði samnings þessa skulu ná til allra hluta sambandsríkja án nokkurra takmarkana eða undantekninga.

51. gr.

1. Hvert það ríki sem aðili er að samningi þessum má bera fram breytingartillögu og fá hana skráða hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal þá koma frambornum breytingartillögum til ríkja sem aðilar eru að

United Nations or member of any of its specialized agencies, by any State Party to the Statute of the International Court of Justice, and by any other State which has been invited by the General Assembly of the United Nations to become a party to the present Covenant.

2. The present Covenant is subject to ratification. Instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

3. The present Covenant shall be open to accession by any State referred to in paragraph 1 of this article.

4. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Secretary-General of the United Nations.

5. The Secretary-General of the United Nations shall inform all States which have signed this Covenant or acceded to it of the deposit of each instrument of ratification or accession.

Article 49

1. The present Covenant shall enter into force three months after the date of the deposit with the Secretary-General of the United Nations of the thirty-fifth instrument of ratification or instrument of accession.

2. For each State ratifying the present Covenant or acceding to it after the deposit of the thirty-fifth instrument of ratification or instrument of accession, the present Covenant shall enter into force three months after the date of the deposit of its own instrument of ratification or instrument of accession.

Article 50

The provisions of the present Covenant shall extend to all parts of federal States without any limitations or exceptions.

Article 51

1. Any State Party to the present Covenant may propose an amendment and file it with the Secretary-General of the United Nations. The Secretary-General of the United Nations shall thereupon communicate any proposed amendments to the States Parties to the present Covenant

samningi þessum ásamt tilmælum um að þau tilkynni honum hvort þau séu því hlynnt að haldin verði ráðstefna aðildarríkjanna til þess að athuga og greiða atkvæði um tillögurnar. Ef að minnsta kosti einn þriðji aðildarríkjanna er hlynntur slíkri ráðstefnu skal aðalframkvæmdastjórinn kalla saman ráðstefnuna undir umsjá Sameinuðu þjóðanna. Sérhver breytingartillaga sem samþykkt er af meirihluta þeirra aðildarríkja sem viðstödd eru og greiða atkvæði á ráðstefnunni skal lögð fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna til samþykktar.

2. Breytingartillögur skulu öðlast gildi þegar þær hafa verið samþykktar af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og af tveimur þriðju hluta ríkja þeirra sem aðilar eru að samningi þessum í samræmi við stjórnskipunarhætti þeirra hvers um sig.

3. Þegar breytingartillögur öðlast gildi skulu þær vera bindandi fyrir þau aðildarríki sem hafa samþykkt þær, en önnur aðildarríki skulu áfram bundin af ákvæðum þessa samnings og sérhverri fyrri breytingartillögu sem þau hafa samþykkt.

52. gr.

Án tillits til tilkynninga samkvæmt 5. mgr. 48. gr. skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna tilkynna öllum þeim ríkjum sem vikið er að í 1. mgr. þeirrar greinar um eftirfarandi atriði:

(a) undirskriftir, fullgildingar og aðildir samkvæmt 48. gr.;

(b) gildistökudag þessa samnings samkvæmt 49. gr. og gildistökudag sérhverra breytingartillagna samkvæmt 51. gr.

53. gr.

1. Samningi þessum skal komið til varðveislu í skjalasafni Sameinuðu þjóðanna og eru textarnir á kínversku, ensku, frönsku, rússnesku og spönsku jafngildir.

2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda öllum þeim ríkjum sem vikið er að í 48. gr. staðfest afrit samnings þessa.

with a request that they notify him whether they favour a conference of States Parties for the purpose of considering and voting upon the proposals. In the event that at least one third of the States Parties favours such a conference, the Secretary-General shall convene the conference under the auspices of the United Nations. Any amendment adopted by a majority of the States Parties present and voting at the conference shall be submitted to the General Assembly of the United Nations for approval.

2. Amendments shall come into force when they have been approved by the General Assembly of the United Nations and accepted by a two-thirds majority of the States Parties to the present Covenant in accordance with their respective constitutional processes.

3. When amendments come into force, they shall be binding on those States Parties which have accepted them, other States Parties still being bound by the provisions of the present Covenant and any earlier amendment which they have accepted.

Article 52

Irrespective of the notifications made under article 48, paragraph 5, the Secretary-General of the United Nations shall inform all States referred to in paragraph 1 of the same article of the following particulars:

(a) Signatures, ratifications and accessions under article 48;

(b) The date of the entry into force of the present Covenant under article 49 and the date of the entry into force of any amendments under article 51.

Article 53

1. The present Covenant, of which the Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited in the archives of the United Nations.

2. The Secretary-General of the United Nations shall transmit certified copies of the present Covenant to all States referred to in article 48.

Fylgiskjal II. b

VALFRJÁLS BÓKUN VIÐ ALÞJÓÐASAMNING UM BORGARALEG OG STJÓRNMÁLALEG RÉTTINDI

Ríki þau sem aðilar eru að bókun þessari,

hafa í huga að, til þess að ná frekar markmiðum samningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (hér á eftir kallaður samningurinn) og koma frekar í framkvæmd ákvæðum hans, væri við hæfi að gera mannréttindanefndinni sem stofnuð er í IV. hluta samningsins (hér á eftir kölluð nefndin) kleift að taka við og athuga, eins og gert er ráð fyrir í bókun þessari, erindi frá einstaklingum sem halda því fram að þeir hafi orðið fyrir skerðingu á einhverjum þeirra réttinda sem lýst er í samningi þessum,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Aðildarríki að samningnum sem gerist aðili að þessari bókun viðurkennir lögbæri nefndarinnar til þess að veita móttöku og athuga erindi frá einstaklingum, sem falla undir lögsögu þess, er halda því fram að þeir hafi orðið fyrir skerðingu af hálfu þess aðildarríkis á einhverjum þeirra réttinda sem lýst er í samningnum. Nefndin skal ekki veita erindi móttöku ef það varðar ríki sem aðili er að samningnum en er ekki aðili að þessari bókun.

2. gr.

Að áskildum ákvæðum 1. gr. mega einstaklingar, sem halda því fram að einhver þeirra réttinda sem upp eru talin í samningnum hafi verið brotin á þeim, og hafa leitað allra tiltækra leiða til úrbóta innanlands, leggja skriflegt erindi fyrir nefndina til athugunar.

3. gr.

Nefndin skal telja óleyfilegt hvert það erindi sem lagt er fram samkvæmt þessari bókun sem er nafnlaust eða sem hún telur vera misnotkun á réttinum til fram-

OPTIONAL PROTOCOL TO THE INTERNATIONAL COVENANT ON CIVIL AND POLITICAL RIGHTS

The States Parties to the present Protocol,

Considering that in order further to achieve the purposes of the Covenant on Civil and Political Rights (hereinafter referred to as the Covenant) and the implementation of its provisions it would be appropriate to enable the Human Rigths Committee set up in part IV of the Covenant (hereinafter referred to as the Committee) to receive and consider, as provided in the present Protocol, communications from individuals claiming to be victims of violations of any of the rights set forth in the Covenant.

Have agreed as follows:

Article 1

A State Party to the Covenant that becomes a party to the present Protocol recognizes the competence of the Committee to receive and consider communications from individuals subject to its jurisdiction who claim to be victims of a violation by that State Party of any of the rights set forth in the Covenant. No communication shall be received by the Committee if it concerns a State Party to the Covenant which is not a party to the present Protocol.

Article 2

Subject to the provisions of article 1, individuals who claim that any of their rights enumerated in the Covenant have been violated and who have exhausted all available domestic remedies may submit a written communication to the Committee for consideration.

Article 3

The Committee shall consider inadmissible any communication under the present Protocol which is anonymous, or which it considers to be an abuse of the

lagningar slíks erindis eða ósamrýmanlegt ákvæðum samningsins.

4. gr.

1. Að áskildum ákvæðum 3. gr., skal nefndin vekja athygli þess ríkis, sem aðili er að bókun þessari, og ætlað er að hafi skert eitthvert ákvæði samningsins, á sérhverju erindi sem lagt hefur verið fyrir nefndina samkvæmt bókun þessari.

2. Móttökuríkið skal leggja fyrir nefndina innan sex mánaða skriflegar útskýringar eða greinargerðir sem skýra málið og úrbót þá, ef einhver er, sem það ríki kann að hafa gert.

5. gr.

1. Nefndin skal athuga erindi þau sem hún hefur tekið við samkvæmt þessari bókun í ljósi allra þeirra skriflegu upplýsinga sem einstaklingurinn og aðildarríkið sem í hlut á hafa látið henni í té.

2. Nefndin skal ekki athuga neitt erindi frá einstaklingi nema hún hafi fullvissað sig um:

(a) að ekki sé verið að rannsaka sama mál eftir öðrum aðferðum alþjóðlegrar rannsóknar eða sáttar;

(b) að einstaklingurinn hafi leitað allra tiltækra leiða til úrbóta innanlands;

Þetta skal ekki gilda ef ráðstafanir til úrbóta eru dregnar óhæfilega á langinn.

3. Nefndin skal halda lokaða fundi þegar hún athugar erindi samkvæmt þessari bókun.

4. Nefndin skal koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ríkið sem í hlut á og einstaklinginn.

6. gr.

Nefndin skal í ársskýrslu sinni samkvæmt 45. gr. samningsins birta stutt yfirlit um störf sín samkvæmt þessari bókun.

7. gr.

Meðan markmiðum ályktunar 1514 (XV), sem samþykkt var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 14. desember 1960 varðandi yfirlýsingu um veitingu sjálfstæðis nýlendum og nýlendubúum, er náð, skulu ákvæði þessa samnings ekki takmarka á neinn hátt þann rétt sem íbúum nýlendna og annarra svæða, sem ekki hafa hlotið sjálfstæði, er tryggður í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, ályktunum og samningum sem gerðir hafa verið á vegum stofnana Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana.

8. gr.

1. Þessi bókun er opin til undirritunar fyrir þau ríki sem undirritað hafa samninginn.

2. Bókun þessi er háð fullgildingu þeirra ríkja sem fullgilt hafa samninginn. Fullgildingarskjöl skulu afhent vörslumanni samningsins.

3. Bókun þessi er opin til aðildar fyrir þau ríki sem fullgilt hafa samninginn.

4. Aðild skal öðlast gildi með afhendingu skjals um aðild að vörslumanni samningsins.

9. gr.

1. Með fyrirvara um gildistöku samningsins skal bókun þessi öðlast gildi þremur mánuðum eftir afhendingu tíunda fullgildingarskjalsins eða skjals um aðild að vörslumanni samningsins.

2. Fyrir hvert ríki sem fullgildir bókun þessa eða gerist aðili að henni eftir afhendingu tíunda fullgildingarskjalsins eða skjals um aðild skal bókunin öðlast gildi þremur mánuðum eftir afhendingu skjals síns um fullgildingu eða aðild.

10. gr.

1. Hvert aðildarríki getur sagt upp bókun þessari hvenær sem er með skriflegri tilkynningu til vörslumanns samningsins. Uppsögn öðlast gildi sex mánuðum eftir dagsetningu tilkynningarinnar.

2. Uppsögn hefur ekki áhrif á áframhaldandi beitingu ákvæða bókunar þessarar um erindi sem lögð hafa verið fyrir nefndina samkvæmt 1. gr. fyrir gildistöku uppsagnarinnar.

11. gr.

Vörslumaður samningsins skal tilkynna öllum ríkjum sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum um:

(a) undirritanir, fullgildingar og aðild að bókun þessari;

(b) dagsetningu gildistöku bókunar þessarar og dagsetningu gildistöku hverrar breytingar sem gerð er á henni samkvæmt 12. gr.;

(c) uppsagnir samkvæmt 10. gr.

12. gr.

1. Sérhvert aðildarríki getur lagt fram tillögu um breytingu á bókun þessari og lagt hana fyrir vörslumann samningsins. Vörslumaður skal síðan tilkynna aðildarríkjum um tillögu um breytingu og óska eftir því að þau tilkynni sér hvort þau óski eftir ráðstefnu aðildarríkja til að fjalla um tillöguna og greiða atkvæði um hana. Ef að minnsta kosti einn þriðji aðildarríkjanna mælir með slíkri ráðstefnu skal vörslumaður kalla hana saman á vegum Sameinuðu þjóðanna. Sérhver breyting sem samþykkt er af meiri hluta aðildarríkja sem viðstödd eru og greiða atkvæði skal lögð fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna til samþykktar.

2. Breytingar sem gerðar eru samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar skulu öðlast gildi þegar þær hafa verið samþykktar af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og samþykktar af tveimur þriðju hlutum aðildarríkja.

3. Þegar breytingar öðlast gildi eru þær bindandi fyrir þau aðildarríki sem samþykkt hafa þær, en önnur aðildarríki eru bundin af ákvæðum bókunar þessarar og fyrri breytingum sem þau hafa samþykkt.

13. gr.

Frumrit bókunar þessarar, sem arabíski, enski, franski, kínverski, rússneski og spænski textinn eru jafngildir, skal afhent vörslumanni samningsins sem skal senda staðfest afrit af henni til allra ríkja sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum.

right of submission of such communications or to be incompatible with the provisions of the Covenant.

Article 4

1. Subject to the provisions of article 3, the Committee shall bring any communications submitted to it under the present Protocol to the attention of the State Party to the present Protocol alleged to be violating any provision of the Covenant.

2. Within six months, the receiving State shall submit to the Committee written explanations or statements clarifying the matter and the remedy, if any, that may have been taken by that State.

Article 5

1. The Committee shall consider communications received under the present Protocol in the light of all written information made available to it by the individual and by the State Party concerned.

2. The Committee shall not consider any communication from an individual unless it has ascertained that:

(a) The same matter is not being examined under another procedure of international investigation or settlement;

(b) The individual has exhausted all available domestic remedies.

This shall not be the rule where the application of the remedies is unreasonably prolonged.

3. The Committee shall hold closed meetings when examining communications under the present Protocol.

4. The Committee shall forward its wiews to the State Party concerned and to the individual.

Article 6

The Committee shall include in its annual report under article 45 of the Covenant a summary of its activities under the present Protocol.

Article 7

Pending the achievement of the objectives of resolution 1514 (XV) adopted by the General Assembly of the United Nations on 14 December 1960 concerning

ingu sjálfstæðis til handa nýlendum og nýlenduþjóðum, hefur ekki verið náð, skulu ákvæði þessarar bókunar ekki á neinn hátt takmarka þann rétt sem sáttmáli Sameinuðu þjóðanna og aðrir samningar og skjöl Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra veita þessum þjóðum til að bera fram óskir sínar.

8. gr.

1. Þessi viðbótarbókun skal liggja frammi til undirskriftar fyrir hvert það ríki sem undirritað hefur samninginn.

2. Sérhverju ríki sem hefur fullgilt eða gerst aðili að samningnum er heimilt að fullgilda þessa bókun. Fullgildingarskjöl skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

3. Þessi bókun skal liggja frammi til aðildar fyrir hvert það ríki sem fullgilt hefur eða gerst aðili að samningnum.

4. Aðild skal öðlast gildi með því að aðildarskjal er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

5. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum þeim ríkjum sem undirritað hafa þessa bókun eða gerst aðilar að henni um afhendingu sérhvers fullgildingar- eða aðildarskjals.

9. gr.

1. Að áskildri gildistöku samningsins skal þessi bókun öðlast gildi þremur mánuðum eftir þann dag sem tíunda fullgildingar- eða aðildarskjalið er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

2. Nú fullgildir ríki þessa bókun eða gerist aðili að henni eftir afhendingu tíunda fullgildingar- eða aðildarskjalsins til varðveislu og skal þá þessi bókun öðlast gildi gagnvart því ríki þremur mánuðum eftir þann dag sem það afhendir sitt eigið fullgildingar- eða aðildarskjal til varðveislu.

10. gr.

Ákvæði þessarar bókunar skulu ná til allra hluta sambandsríkja án nokkurra takmarkana eða undantekninga.

the Declaration on the Granting of Independence to Colonial Countries and Peoples, the provisions of the present Protocol shall in no way limit the right of petition granted to these peoples by the Charter of the United Nations and other international conventions and instruments under the United Nations and its specialized agencies.

Article 8

1. The present Protocol is open for signature by any State which has signed the Covenant.

2. The present Protocol is subject to ratification by any State which has ratified or acceded to the Covenant. Instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

3. The present Protocol shall be open to accession by any State which has ratified or acceded to the Covenant.

4. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Secretary-General of the United Nations.

5. The Secretary-General of the United Nations shall inform all States which have signed the present Protocol or acceded to it of the deposit of each instrument of ratification or accession.

Article 9

1. Subject to the entry into force of the Covenant, the present Protocol shall enter into force three months after the date of the deposit with the Secretary-General of the United Nations of the tenth instrument of ratifiction or instrument of accession.

2. For each State ratifying the present Protocol or acceding to it after the deposit of the tenth instrument of ratification or instrument of accession, the present Protocol shall enter into force three months after the date of the deposit of its own instrument of ratification or instrument of accession.

Article 10

The provisions of the present Protocol shall extend to all parts of federal States without any limitations or exceptions.

11. gr.

1. Hvert það ríki sem aðili er að þessari bókun má bera fram breytingartillögu og fá hana skráða hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Aðalframkvæmdastjórinn skal þá koma frambornum breytingartillögum til ríkja sem aðilar eru að þessari bókun ásamt tilmælum um að þau tilkynni honum hvort þau séu því hlynnt að haldin verði ráðstefna aðildarríkjanna til þess að athuga og greiða atkvæði um tillöguna. Ef að minnsta kosti einn þriðji aðildarríkjanna er hlynntur slíkri ráðstefnu skal aðalframkvæmdastjórinn kalla saman ráðstefnuna undir umsjá Sameinuðu þjóðanna. Sérhver breytingartillaga sem samþykkt er af meirihluta þeirra aðildarríkja sem viðstödd eru og greiða atkvæði á ráðstefnunni skal lögð fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna til samþykktar.

2. Breytingartillögur skulu öðlast gildi þegar þær hafa verið samþykktar af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og af tveimur þriðju hluta ríkja þeirra sem aðilar eru að þessari bókun í samræmi við stjórnskipunarhætti þeirra hvers um sig.

3. Þegar breytingartillögur öðlast gildi skulu þær vera bindandi fyrir þau aðildarríki sem hafa samþykkt þær, en önnur aðildarríki skulu áfram bundin af ákvæðum þessarar bókunar og sérhverri fyrri breytingartillögu sem þau hafa samþykkt.

12. gr.

1. Sérhvert aðildarríki má segja upp þessari bókun hvenær sem er með skriflegri tilkynningu sem send skal aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Uppsögn skal öðlast gildi þremur mánuðum eftir þann dag sem aðalframkvæmdastjórinn tekur við tilkynningunni.

2. Uppsögn skal ekki hafa nein áhrif á að ákvæðum þessarar bókunar sé beitt áfram við erindi sem lögð hafa verið fram samkvæmt 2. gr. fyrir gildan uppsagnardag.

13. gr.

Án tillits til tilkynninga samkvæmt 5. mgr. 8. gr. þessarar bókunar skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna

Article 11

1. Any State Party on the present Protocol may propose an amendment and file it with the Secretary-General of the United Nations. The Secretary-General shall thereupon communicate any proposed amendments to the States Parties to the present Protocol with a request that they notify him whether they favour a conference of States Parties for the purpose of considering and voting upon the proposal. In the event that at least one third of the States Parties favours such a conference, the Secretary-General shall convene the conference under the auspices of the United Nations. Any amendment adopted by a majority of the States Parties present and voting at the conference shall be submitted to the General Assembly of the United Nations for approval.

2. Amendments shall come into force when they have been approved by the General Assembly of the United Nations and accepted by a two-thirds majority of the States Parties to the present Protocol in accordance with their respective constitutional processes.

3. When amendments come into force, they shall be binding on those States Parties which have accepted them, other States Parties still being bound by the provisions of the present Protocol and any earlier amendment which they have accepted.

Article 12

1. Any State Party may denounce the present Protocol at any time by written notification addressed to the Secretary-General of the United Nations. Denunciation shall take effect three months after the date of receipt of the notification by the Secretary-General.

2. Denunciation shall be without prejudice to the continued application fo the provisions of the present Protocol to any communication submitted under article 2 before the effective date of denunciation.

Article 13

Irrespective of the notifications made under article 8, paragraph 5, of the present Protocol, the Secretary-General of the

tilkynna öllum þeim ríkjum sem vikið er að í 1. mgr. 48. gr. samningsins um eftirfarandi atriði:

(a) undirskriftir, fullgildingar og aðildir samkvæmt 8. gr.;

(b) gildistökudag þessarar bókunar samkvæmt 9. gr. og gildistökudag sérhverra breytingartillagna samkvæmt 11. gr.;

(c) uppsagnir samkvæmt 12. gr.

14. gr.

1. Bókun þessari skal komið til varðveislu í skjalasafni Sameinuðu þjóðanna og eru textarnir á kínversku, ensku, frönsku, rússnesku og spönsku jafngildir.

2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda öllum þeim ríkjum sem vikið er að í 48. gr. samningsins staðfest afrit þessarar bókunar.

United Nations shall inform all States referred to in article 48, paragraph 1, of the Covenant of the following particulars:

(a) Signatures, ratifications and accessions under article 8;

(b) The date of the entry into force of the present Protocol under article 9 and the date of the entry into force of any amendments under article 11;

(c) Denunciations under article 12.

Article 14

1. The present Protocol, of which the Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited in the archives of the United Nations.

2. The Secretary-General of the United Nations shall transmit certified copies of the present Protocol to all States referred to in article 48 of the Covenant.

Nd. 138. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til laga um biðlaun alþingismanna.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta fjallar um biðlaun alþingismanna, og er í frumvarpinu kveðið á um að alþingismönnum skuli greidd biðlaun í ýmist þrjá eða sex mánuði frá því þeir hætta störfum á Alþingi.

Þá er í frumvarpinu einnig við það miðað, að ákvæði þess um biðlaun skuli verka aftur fyrir sig og ná til þeirra fyrrverandi alþingismanna, sem hættu störfum á Alþingi við alþingiskosningarnar fyrr á þessu ári — bæði þeirra, sem féllu, og hinna, sem ekki voru í kjöri.

Að undanförnu hefur allmikið verið rætt um launakjör og fríðindi alþingismanna og ýmsar skoðanir uppi í þeim efnum. Við teljum að í heild séu þessi kjör það góð, að ekki sé ástæða til að bæta þau nú með þeim hætti, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Rétt er að vekja athygli á því, að hver alþingismaður, sem setið hefur á Alþingi í 10 ár eða lengur, á samkvæmt frumvarpinu að fá greitt nokkuð á þriðju milljón króna við brotthvarf af þingi, en þeir, sem skemur hafa setið, hálfa þá upphæð. Sýnist þetta nýmæli vera ástæðulaus rausn, ekki síst þegar haft er í huga, að hér er í mörgum tilvikum um að ræða einstaklinga með góðar tekjur af öðrum störfum, m. a. hjá ríkinu. Síst er ástæða til að samþykkja þessa breytingu á kjörum alþingismanna nú á sama ári og kjarasamningar almenns launafólks hafa ekki fengið að standa óhaggaðir vegna lagasetninga frá Alþingi. Verði frumvarpið samþykkt felur það í sér viðbótarútgjöld hjá ríkinu strax á þessu ári, sem nema nokkrum tugum milljóna króna. Þeim fjármunum má verja betur með öðrum hætti.

Þau rök hafa verið færð fram til stuðnings frumvarpinu, að eðlilegt sé að alþingismenn njóti í þessum efnum svipaðra réttinda og ýmsir opinberir embættismenn. Þessi rök teljum við ekki gild, en hitt þvert á móti eðlilegt, að lítilfjörleg fjárhagsleg áhætta fylgi stjórnmálastarfi, ekki síst hjá alþingismönnum, sem búa við þau launakjör og fríðindi, er störfum þeirra fylgja nú.

Ef kjósendur segja alþingismanni upp í kosningum, eða hann kýs að hætta störfum á Alþingi, er það eitt eðlilegt, að hann sjái sér sjálfur farborða þaðan í frá, nema um elli eða örorku sé að ræða, en þá koma að sjálfsögðu til eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum og reglum, sem um þau efni gilda.

Við leggjum því til að frumvarp þetta verði fellt.

Alþingi, 6. des. 1978.

Kjartan Ólafsson, frsm. Vilmundur Gylfason.

Nd. 139. Breytingartillögur [91. mál]

við frv. til laga um biðlaun alþingismanna.

Frá Árna Gunnarssyni.

1. 1. gr. orðist svo:
   Alþingismaður, sem setið hefur á Alþingi eitt kjörtímabil eða lengur, á rétt á biðlaunum er hann hættir þingmennsku. Biðlaun skal greiða í þrjá mánuði eftir eins kjörtímabils þingsetu eða lengri.
2. 2. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 140. Breytingartillaga [91. mál]

við frv. til laga um biðlaun alþingismanna.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. gr. orðist svo:
Alþingismaður, sem setið hefur á Alþingi eitt kjörtímabil eða lengur, á rétt á biðlaunum. Biðlaun skal greiða í þrjá mánuði.

Nd. 141. Breytingartillögur [91. mál]

við frv. til laga um biðlaun alþingismanna.

Frá Gunnlaugi Stefánssyni.

1. 1. gr. orðist svo:
   Alþingismaður, sem setið hefur á Alþingi eitt kjörtímabil eða lengur, á rétt á biðlaunum í þrjá mánuði er hann hættir þingmennsku ef síðasta kjörtímabil hans hefur staðið skemur en fjögur ár.
2. 2. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **142. Frumvarp til laga** [120. mál]

um breyting á lögum nr. 73 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Flm.: Bragi Jósepsson.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 6. gr. laganna komi ný mgr., sem orðist svo:

Fræðslumálaskrifstofan er sjálfstæð stjórnardeild er lýtur menntamálaráðherra.

Á eftir 2. mgr. 6. gr. laganna komi málsgreinin:

Hið sama gildir um fræðslumálaskrifstofuna.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 10. gr. laganna komi ný mgr., sem orðist svo:

Fræðslumálastjóri stýrir fræðslumálaskrifstofunni undir yfirstjórn menntamálaráðherra.

Á eftir 3. mgr. 10. gr. laganna komi málsgreinin:

Hið sama gildir um fræðslumálastjóra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda frá 10. apríl 1968 og nánar í auglýsingu um skipulagsbreytingu frá 7. maí 1971 var fræðslumálaskrifstofan gerð að deild í menntamálaráðuneytinu.

Með samþykkt þessara laga voru felld úr gildi lög um fræðslumálastjórn frá 1930. Í 2. gr. þeirra laga segir svo: „Fræðslumálastjóri stýrir framkvæmdum í kennslu- og skólamálum. Hann sér um að gildandi lögum og fyrirmælum um fræðslumál sé hlýtt og heimtar allar nauðsynlegar skýrslur um skólahald í landinu.“ Þá segir einnig að álits fræðslumálastjóra skuli leitað um öll skólamál er undir ráðuneytið heyra og að ráðuneytið geti falið fræðslumálastjóra fullnaðarafgreiðslu einstakra mála.

Lögin um fræðslumálastjórn voru samin í anda þeirrar skólastefnu, sem mörkuð var hér á landi með lögum um embætti fræðslumálastjóra frá 1907, og í anda þess starfs sem fræðslumálastjórarnir, hver eftir annan, höfðu forystu um innan fræðslumálaskrifstofunnar.

Eftir 1930 og næstu fjóra áratugina var íslensku skólastarfi stjórnað í anda þessarar stefnu, sem að vísu var ekki alltaf nútímaleg, en þó alltaf áhrifamikil og heilsteypt.

Með sparnaðarlögunum 1968, sem svo voru nefnd, var klippt á afar viðkvæman streng í sögulegu tilliti að því er varðar uppbyggingu og þróun skólamála á Íslandi. Með þessari lagasetningu var bundinn endi á það forystuhlutverk sem fræðslumálastjóri hafði gegnt í rúma sex áratugi. Þetta forystuhlutverk er síðan fært yfir í Stjórnarráðið í hendur ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins.

Skipulagsbreyting 1968 og 1971 var hugsuð sem liður í ráðstöfun til lækkunar ríkisútgjalda. Flestir, sem til þekkja, munu þó sammála um að breytingin hafi verið afdrifaríkari á öðrum sviðum en þeim að lækka útgjöld og auka hagræðingu. Auk þess hefði mátt ætla að meiri háttar skipulagsbreyting sem þessi hefði verið kynnt og flutt á Alþingi sem sjálfstætt frumvarp, en ekki laumað inn í sparnaðarfrumvarp eins og raun varð á.

Síðasti áratugur hefur verið tímabil mikillar útþenslu, ekki síst hér á Íslandi. Þessa þróun má greinilega merkja í útþenslu hinna ýmsu stofnana þjóðfélagsins,

bankakerfinu, heilbrigðisþjónustunni og samgöngukerfinu svo nokkuð sé nefnt. Innan menntakerfisins er sömu sögu að segja. Deildir menntamálaráðuneytisins eru nú orðnar níu talsins og öll starfsemi ráðuneytisins hefur þanist út jafnt og þétt. Þessi þróun er því að vissu leyti eðlileg ef litið er á þjóðfélagið í heild.

Flutningsmaður er þó þeirrar skoðunar að uppbygging menntamálaráðuneytisins síðasta áratuginn og rúmlega það hafi markast af stjórnunarlegri óreiðu. Fjölgun starfsdeilda hefur verið handahófskennd og vinnutilhögun og starfshættir innan ráðuneytisins hafa verið með þeim hætti að furðu gegnir að ekki skuli búið að taka í taumana fyrir löngu.

Með þessu frumvarpi er lagt til að skólamál og uppeldismál verði tekin út úr menntamálaráðuneytinu og færð til fræðslumálaskrifstofunnar, sem þá yrði sjálfstæð stjórnardeild undir yfirstjórn menntamálaráðherra. Yfirmaður ráðuneytisins yrði áfram ráðuneytisstjóri og yfirmaður fræðslumálaskrifstofunnar yrði fræðslumálastjóri.

Samkvæmt þessu frumvarpi færi menntamálaráðuneytið með stjórn hinna ýmsu menningarmála, lista, vísinda og alþjóðlegra samskipta á sviði menningarmála. Fræðslumálaskrifstofan færi með uppeldismál og skólamál almennt.

Það er skoðun flutningsmanns að með þessari skipulagsbreytingu megi koma á margvíslegri hagræðingu og mjög tímabærum lagfæringum. Deildum mætti fækka og verkaskipting gerð hagkvæmari en nú er. Þannig mætti gera ráð fyrir tveim deildum í menntamálaráðuneytinu og fjórum í fræðslumálaskrifstofunni. Jafnhliða þessu væri æskilegt að láta framkvæma ýmsar breytingar á umfangi og verkefnum deildanna og gera þær sjálfstæðari starfseiningar. Það er t. d. orðið tímabært að gera fjölmiðlakennslu hærra undir höfði en nú er og víkka út starfsemi þeirrar deildar, sem nefnd er skólarannsóknadeild, og færa þar inn bæði fræðslumyndasafn ríkisins og ríkisútgáfu námsbóka.

Það er skoðun flutningsmanns að með því að aðskilja menningarmálin og skólamálin innan stjórnkerfisins sé lagður grundvöllur að áhrifameiri og virkari stjórnun og um leið skapaður möguleiki til þess að endurskipuleggja starfshætti þessara stofnana og laga þjónustuna að nýjum og breyttum þörfum þjóðfélagsins.

Ed. 143. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 11 6. apríl 1973, um framkvæmd eignarnáms.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Ágúst Einarsson, Bragi Níelsson, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein, 12. grein, sem hljóði svo:

Þegar fasteign er tekin eignarnámi skal miða fjárhæð eignarnámsbóta við þá notkun, sem fasteign er í, þegar beiðni um eignarnámsmat hefur borist matsnefnd, sbr. 4. gr.

Til grundvallar eignarnámsbótum skal leggja söluverðmæti fasteignar og við mat á því skal hafa söluverðmæti hliðstæðra fasteigna í viðkomandi landsfjórðungi eða landshluta. Verði því ekki við komið eða notagildi fasteignar fyrir eignarnámsþola nemur meiru, skal miða eignarnámsbætur við það.

Að öðru leyti skal gæta eftirfarandi meginsjónarmiða við mat á bótum vegna eignarnáms fasteigna:

1. Við bótaákvörðun skal taka tillit til breytinga á notkun eignar sem eðlilegt er að reikna með eftir aðstæðum á staðnum, en með hliðsjón af þeirri starfsemi eða þeim tilgangi, sem notkun eignarinnar hefur verið tengd.
2. Ekki skal taka tillit til möguleika á verðhækkun eignar í framtíðinni.

3. Ekki skal heldur taka tillit til þess, hversu mikið eignarnemi hefði vegna hinna sérstöku þarfa sinna verið reiðubúinn til að greiða fyrir eignina, ef eignarnámsheimild hefði ekki verið fyrir hendi.
4. Ekki skal meta verðbreytingar, sem leiðir af tilgangi eða markmiði eignarnámstökunnar, né heldur af framkvæmdum eða starfsemi, hvorki þegar gerðum né fyrirhuguðum, sem eru í tengslum við eignarnámstökuna.

2. gr.

12. til 19. gr. laganna verði 13. til 20. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í áliti nefndar þeirrar, sem undirbjó lög nr. 11 6. apríl 1973, er að því vikið að nefndin hygðist semja sérstakt frumvarp til laga um fjárhæð bóta vegna eignarnáms fasteigna eða sameina slíkt frumvarp því frumvarpi til laga sem nefndin samdi. Af því hefur ekki orðið og er ætlunin að bæta úr því með þessu frumvarpi.

Í áðurgreindu nefndaráliti voru talin ýmis vandkvæði á því að taka í lög ákvæði um fjárhæð eignarnámsbóta. Stafi það m. a. af því, að ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um „fullt verð“ setji slíkri löggjöf vissar óhagganlegar skorður. Þá sé ákvörðun eignarnámsbóta margþætt og flókið viðfangsefni, sem naumast verði settar tæmandi reglur um, eða a. m. k. ekki reglur, sem leiði sjálfkrafa til afdráttarlausrar niðurstöðu. Því virðist varla annað og meira koma til greina en að lögfesta vissar meginreglur um fjárhæð eignarnámsbóta. Með því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er lagt til að svo verði gert varðandi ákvörðun eignarnámsbóta þegar fasteign er tekin eignarnámi.

Við framkvæmd eignarnáms hér á landi hefur lengi gætt misræmis varðandi túlkun ákvæðis 67. gr. stjórnarskrárinnar um „fullt verð“. Í lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms, voru ákvæði þess efnis, að verð eignar skyldi miðast við gangverð, sem eignin hefði í kaupum og sölum. Í núgildandi lögum, nr. 11/1973, er hins vegar enga slíka viðmiðunarreglu að finna.

Gamla reglan þótti orka tvímælis og var túlkun ákvæða um eignarnámsbætur á ýmsan veg í úrskurðum dómkvaddra matsmanna og er svo enn.

Eitt umdeildasta atriðið í sambandi við eignarnámsbætur er það, hvort taka skuli tillit til fyrirhugaðra nota lands, eftir að eignarnám hefur farið fram og eftir að eignarnemi hefur með skipulagi og síðari framkvæmdum breytt möguleikum til nýtingar þess. Margir eru þeirrar skoðunar, að eðlilegast sé að miða eignarnámsbætur við þá raunverulegu eða eðlilegu nýtingu, sem eigandi hefur af landinu þegar til eignarnáms kemur.

Á móti þessu eru borin fram þau rök, að eigandi fasteignar, sem verður að þola eignarnám, verði lakar settur en nágranni hans, sem eigi land utan þess svæðis, en njóti hagræðis, t. d. af lagningu hraðbrautar, í hækkun verðs á landi sínu. Skattfrelsi ávinnings af slíkri verðhækkun lands, sem ekki stafar af aðgerðum eiganda, hefur styrkt þessa skoðun, en það er skoðun flutningsmanna frumvarps þessa, að lögfesta beri verðaukaskatt, sem skattleggi ávinninginn í þessu tilviki til ríkissjóðs. Flutningsmenn telja ekki rétt, að eigandi lands njóti ávinnings vegna framkvæmda, sem ætlunin er að ráðast í, eftir að land hans hefur verið tekið eignarnámi, eða ávinnings vegna framkvæmda opinberra aðila í nágrenni við hann, án þess að hann hafi átt þar nokkurn hlut að máli.

Bent hefur verið á dæmi um óeðlilega niðurstöðu matsmanna við mat á verðmæti lands, t. d. í sambandi við þarfir sveitarfélaga, vegna nauðsynlegrar vegagerðar, orkuvinnslu o. s. frv.

Sveitarfélögin hafa m. a. talið á sig hallað í ýmsum tilvikum með úrskurðum matsmanna á eignarnámsbótum. Má um það atriði vísa til niðurlags greinargerðar, sem núverandi formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Jón G. Tómasson, samdi að tilhlutan sambandsins og send var með tillögum þess til stjórnarskrárnefndar Alþingis hinn 29. janúar 1975.

Um 1. gr.

Hér er að finna meginreglur um ákvörðun eignarnámsbóta þegar fasteign er tekin eignarnámi og meginsjónarmið varðandi mat á eignarnámsbótunum, en almennt er viðurkennt að lögfesting slíkra viðmiðunarreglna með almennum lögum brjóti ekki í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Ákvæði greinarinnar eru sniðin eftir sams konar ákvæðum norskra laga frá 26. janúar 1973 um bætur vegna eignarnáms fasteigna. Ákvæði 105. gr. norsku stjórnarskrárinnar eru hliðstæð ákvæðum 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar.

Þess skal getið, að Hæstiréttur Noregs hefur skorið úr því, að áðurnefnd lagaákvæði fari ekki í bága við ákvæði norsku stjórnarskrárinnar.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki athugasemda.

Um 3. gr.

Vel kemur til álita að hafa ákveðinn gildistökufrest á lögunum.

Sþ. 144. Fyrirspurnir. [122. mál]

I. Til samgönguráðherra um snjómokstursreglur.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Eru ekki fyrirhugaðar breytingar á gildandi reglum um snjómokstur á þjóðvegum til að minnka þann aðstöðumun, sem menn búa við í þessum efnum:

a. Um skiptingu snjómoksturskostnaðar milli Vegagerðar ríkisins og sveitarfélaga á snjóþungum svæðum?
b. Á leiðinni frá Akureyri til Dalvíkur og þaðan til Ólafsfjarðar?
c. Á leiðinni frá Húsavík um Kópasker, Raufarhöfn, Þórshöfn og þaðan til Vopnafjarðar?

II. Til landbúnaðarráðherra um framkvæmd laga um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatns.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Hvernig hefur verið háttað framkvæmd laga um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatns frá 14. maí 1975, og hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til þess að lög þessi nái tilgangi sínum?

Nd. 145. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [123. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Geir Hallgrímsson.

1. gr.

77. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Skattamálum skal skipa með lögum.

Hvorki má setja íþyngjandi reglur um skatta á tekjur eða eignir liðins árs né afturvirkar og íþyngjandi reglur um breytta eða nýja skattstofna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að nýrri málsgrein verði bætt við 77. gr. stjórnarskrárinnar, en greinin er nú aðeins ein mgr., samhljóða fyrri mgr. 1. gr. þessa frumvarps. Með nýrri mgr., síðari mgr. fyrstu greinar frv., er stefnt að því að auka réttaröryggi á sviði skattamála og setja sem gleggstar skorður við því, að afturvirk og íþyngjandi ákvæði séu sett um skatta á tekjur og eignir. Slík ákvæði geta valdið skattþegnum — bæði mönnum og ópersónulegum skattgreiðendum — verulegum erfiðleikum, ekki síst þegar gerðar hafa verið ráðstafanir um fjármál í réttmætu trausti þess, að skattlagning á tekjur og eignir verði í samræmi við þágildandi löggjöf.

Frá fjárlögum ríkisins og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga er eigi unnt að ganga fyrr en um það leyti sem þeim er ætlað að taka gildi, oftast skömmu fyrir eða um áramót. Þá fyrst liggja fyrir upplýsingar um tekjuþörf ríkis og sveitarfélaga. Af þessum sökum hefur það lengi tíðkast, að skattvísitala hefur verið ákvörðuð í fjárlögum seint á skattárinu, þ. e. árinu sem tekna eða eigna hefur verið aflað. Ekki þykir að svo komnu máli fært að gera tillögu um að banna með stjórnarskrárákvæði að hafa þennan hátt á. Hitt verður að teljast réttmætt, að bannað verði með stjórnarskrárákvæði, að settar séu reglur um íþyngjandi skatta á tekjur og eignir árs, sem liðið er, þegar ákvæðið tekur gildi. Slík skattlagning hefur að vísu átt sér stað, einkum þegar verulegir erfiðleikar hafa verið í efnahagsmálum og ríkisfjármálum, en með því sýnist of langt gengið í skattheimtu. Af ýmsum hefur þessi skattlagning verið vefengd og talin andstæð stjórnarskránni, og dregur flutningur þessa frv. ekki úr þeirri skoðun. Frá því hefur verið skýrt, að þetta álitaefni verði borið undir dómstóla vegna bráðabirgðalaga um kjaramál, nr. 96/1978. Nauðsynlegt er að gera þá stjórnarskrárbreytingu, sem lagt er til í þessu frv., hvernig svo sem slíku dómsmáli lyktar.

Verulegum erfiðleikum er bundið að orða stjórnarskrárákvæði til að setja skorður við setningu afturvirkra og íþyngjandi reglna um skatta. Því þótti gleggst að lýsa óheimilt að breyta skatthlutföllum á tekjur og eignir árs, sem liðið er, ef þær reglur eru skattþegni óhagkvæmar. Hins vegar er ekki lagt til að banna að setja slíkar reglur á skattárinu og ákveða þar með skatt á tekjur og eignir, sem aflað hefur verið fyrr á því sama ári.

Það verður að teljast sérstaklega bagalegt, ef afturvirk og íþyngjandi ákvæði breyta skattstofni eða ákveða nýjan, t. d. lýsa óheimilt að draga viðhaldskostnað íbúðar skattþegns frá tekjum, þó að slíkt hafi verið heimilt, þegar ráðist var í dýra viðgerð. Af þeim sökum er skv. síðari hluta 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins lagt til að óheimilt verði að breyta skattstofni eða lögfesta nýjan með afturvirkri og íþyngjandi breytingu frá gildandi lögum.

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er einungis vikið að tekju- og eignarsköttum, enda er mest þörf á reglum, sem koma í veg fyrir afturvirkni ákvæða um þá.

Vissulega geta þó fleiri ákvarðanir valdið erfiðleikum, t. d. tollabreytingar, sem gerðar eru eftir að greiðandi hefur gert tilteknar ráðstafanir, en áður en tollur er greiddur. Torvelt sýnist þó að móta stjórnarskrárákvæði, sem bæði eru sanngjörn og framkvæmanleg, um þetta og hliðstæð atriði. Meðan nothæf tillaga um slík stjórnarskrárákvæði kemur ekki fram, verður því að treysta því, að hóflega verði með lagasetningu að því staðið.

Í 2. mgr. 1. gr. er talað um „reglur", og er með því stefnt að því, að ákvæðið gildi bæði um lagareglur, sem Alþingi setur, og um hvers konar reglur, sem stjórnvöld kunna að setja á grundvelli laga, hvort sem þau stjórnvöld eru ráðuneyti, skattayfirvöld eða sveitarstjórnir.

Ed. 146. Frumvarp til laga [124. mál]

um breytingu á lögum nr. 30 25. maí 1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. sbr. lög nr. 69/1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

10. gr. laganna, sbr. 6. gr. l. nr. 69/1967, orðist svo:

Innheimta má af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum allt að 2% leyfisgjald af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Af gjaldi þessu má allt að þriðjungur, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, ganga til bankanna til að standa straum af kostnaði við úthlutun leyfa, en að öðru leyti renni gjaldið í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að framlengja ákvæði 6. gr. l. nr. 77/1977 ótímabundið.

Leyfisgjöld af innflutnings og/eða gjaldeyrisleyfum voru fram til 1. janúar 1978 almennt ½%, af ferðagjaldeyri 1% og af brennsluolíum 0.1%. Allur innflutningur á svo nefndum frílista hefur hins vegar, eðli málsins samkvæmt, verið undanþeginn leyfisgjaldi. Fram til síðustu áramóta rann helmingur gjaldsins til að standa undir kostnaði við gjaldeyrisdeild bankanna en afgangurinn rann í ríkissjóð til þess að standa undir verðlagseftirliti.

Með 6. gr. l. nr. 77/1977 var ríkisstjórninni heimilað að innheimta allt að 2% leyfisgjald á árinu 1978. Þessa heimild notaði ríkisstjórnin þannig, sbr. reglugerð nr. 459/1977, að á árinu 1978 hefur verið innheimt 1% almennt leyfisgjald, 1.75% gjald af ferðagjaldeyri og 0.1% af brennsluolíum. Þessi heimild til hækkunar gjaldsins rennur út um áramótin.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir að þessi heimild verði notuð á sama hátt og á yfirstandandi ári og að heildartekjur ríkissjóðs af gjaldinu verði kr. 350 milljónir á árinu. Gert er ráð fyrir því, að gjaldeyrisdeild bankanna fái framvegis að hámarki þriðjung gjaldsins í stað helmings áður, en þar sem gert er ráð fyrir nærfellt tvöföldun gjaldsins frá því sem var fyrir síðustu áramót ætti fjárhæð til bankanna ekki að skerðast af þessum sökum.

Innheimt leyfisgjald 1/1—30/11 1978 hefur numið eftirtöldum fjárhæðum:

Af ferðagjaldeyrisleyfum 1.75%	kr.	154.0 millj.
— olíum og bensíni 0.1%	—	13.6 —
— öðrum leyfum 1%	—	222.4 —
Alls	kr.	390.0 millj.

Nd. **147. Frumvarp til laga** [125. mál]

um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Aðalverkefni Framleiðsluráðs (auk þess sem um ræðir í 1. gr.) eru:

1. Að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarvara.
2. Að stuðla, í samvinnu við landbúnaðarráðuneytið og Búnaðarfélag Íslands, að að framförum, aukinni hagkvæmni og þróun landbúnaðarframleiðslunnar í samræmi við þarfir þjóðarinnar og þá stefnu um málefni landbúnaðarins, sem Alþingi ákveður hverju sinni, í samráði við Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands.
3. Að stuðla að umbótum í vinnslu og meðferð búvara.
4. Að vinna að aukinni markaðsleit og hagkvæmari verslun með búvörur innanlands og utan.
5. Að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum sem landbúnaðinum eru hagkvæmastar og samrýmast best þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma. Framleiðsluráð skal því í samráði við landbúnaðarráðuneytið og Búnaðarfélag Íslands, búnaðarsamböndin og þær stofnanir sem vinna að áætlanagerð í þjóðfélaginu, gera áætlanir um þróun landbúnaðarins til lengri tíma, í samræmi við þá stefnu sem ákveðin er í málefnum landbúnaðarins. Áætlanir þessar skulu endurskoðaðar árlega með hliðsjón af áhrifum árferðis á þróunina svo og breytingum á markaðsskilyrðum.
6. Að ákveða verðmiðlun á búvörum, samkvæmt fyrirmælum þessara laga.
7. Að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð mjólkur til framleiðenda, eftir árstímum.
8. Að ákveða mjólkursölusvæði, samkvæmt lögum þessum.
9. Að verðskrá landbúnaðarvörur í einstökum atriðum á grundvelli ákvarðana Sexmannanefndar samkvæmt 6., 7., 8. og 9. gr. laganna.
10. Að efna árlega til fundar með fulltrúum þeirra aðila sem aðstöðu hafa til áhrifa á framleiðslu og neyslu landbúnaðarvara, og mestra hagsmuna hafa að gæta í þessu sambandi, s. s. ríkisstjórnarinnar, Búnaðarfélags Íslands, Stofnlánadeildar landbúnaðarins o. fl. Á þessum fundum skal ræða samræmdar aðgerðir til þess að það markmið náist, sem um ræðir í ákvæðum 5. töluliðar þessarar greinar.
11. Að setja vinnslustöðvum landbúnaðarins reglur um útborgun verðs til bænda, þ. á m. er Framleiðsluráði heimilt að setja reglur um jöfnun kostnaðar við flutning afurðanna til vinnslustöðva.

2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein 3. gr. er orðist svo:

Verði búvöruframleiðslan meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði, og ekki fást erlendir markaðir sem viðunandi teljast að dómi Framleiðsluráðs og landbúnaðarráðherra fyrir allt það vörumagn sem umfram er, er Framleiðsluráði með samþykki landbúnaðarráðherra heimilar eftirfarandi tímabundnar ráðstafanir:

a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Á sama hátt er Framleiðsluráði heimilt að ákveða framleiðendum sérstakar verðbætur ef þeir draga úr framleiðslu sinni um ákveðinn hundraðshluta.

Söluaðilum landbúnaðarafurða er skylt að veita upplýsingar eins og nauðsynlegt kann að vera og um er beðið í þessu sambandi. Einnig er söluaðilum skylt

að halda eftir af andvirði búvöru þeirri fjárhæð sem Framleiðsluráð ákveður til að standa skil á greiðslum til framleiðenda. Framleiðsluráð ákveður gjalddaga vegna þessara heimilda.

b) Að leggja sérstakt gjald á allt innflutt kjarnfóður. Ákvörðun um upphæð gjaldsins skal tekin á fulltrúafundi Stéttarsambands bænda, og er háð samþykki landbúnaðarráðherra. Gjaldið verði innheimt við innflutning, af sýslumönnum, bæjarfógetum og í Reykjavík af tollstjóra.

c) Gæsla og ráðstöfun þess fjármagns, sem innheimtist samkvæmt a) og b) lið þessarar greinar, skal vera í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Því skal m. a. varið til að greiða bændum bætur fyrir að draga úr óhagkvæmri útflutningsframleiðslu og til að jafna tekjur bænda m. a. með því að greiða ýmsa kostnaðarliði og jafna halla af útflutningi þegar útflutningsbætur þrýtur. Einnig er heimilt að ráðstafa hluta af þessu fjármagni til þess að jafna flutningskostnað á framleiðslu innlendra grænfóðurverksmiðja og öðrum fóðurbæti. Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á verði búvöru, sem Sexmananefnd ákveður, enda sé fjármagninu ráðstafað að öllu leyti til framleiðenda búvöru.

Sé framangreind heimild um gjald á innfluttu kjarnfóðri notuð, en síðan tekin ákvörðun um að fella gjaldið niður, skal endurgreiða það sem kann að hafa verið innheimt af birgðum sem til eru þegar niðurfelling gjaldsins er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

d) Þyki Framleiðsluráði nauðsyn bera til að grípa skyndilega til róttækra aðgerða, til takmörkunar á búvöruframleiðslu, skal efna til fundar með þeim aðilum sem hagsmuna hafa að gæta, og áhrif geta haft á framleiðsluna, samanber 10. töluliður 2. gr., og skýra fyrir þeim tillögur sínar, og leita stuðnings þeirra við þær.

e) Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd heimilda, sem felast í þessari grein, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins og fulltrúafundar Stéttarsambands bænda.

Rísi ágreiningur um atriði sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir nefnd þriggja manna til úrskurðar. Nefndina skipa aðili, tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar frá Stéttarsambandi bænda og formaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Á eftir 3. grein komi ný grein, 4. gr., er orðist svo:

Nú verður búvöruframleiðslan of lítil í landinu, eða einstökum hlutum þess, eða framleiðsluáætlanir samkvæmt 5. tölulið 2. gr. raskast verulega og skal þá Framleiðsluráð landbúnaðarins gera tillögur til Sexmannanefndar og landbúnaðarráðherra um aðgerðir til úrbóta.

Skulu slíkar ráðstafanir ná til einstakra búgreina, og/eða einstakra landshluta, eða allrar búvöruframleiðslu í landinu, eftir því sem við á.

Greinargerð.

Í apríl s. l. skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til þess að gera tillögur um skipulag framleiðslu búvöru, stjórn á framleiðslumagni og fjalla um vandamál sem sveiflur í afurðasölu skapa. Nefnd þessi var skipuð að tillögu búnaðarþings. Í nefndinni áttu sæti:

Gunnar Guðbjartsson, form. Stéttarsambands bænda, Jón Ólafsson, Eystra-Geldingaholti, Sigurður Jónsson, Kastalabrekku, Sveinbjörn Dagfinnsson, ráðuneytisstj., Sveinn Guðmundsson, Sellandi, Sveinn Jónsson, Kálfsskinni og Þórarinn Þorvaldsson, Þóroddsstöðum.

Nefndin skilaði áliti 28. september s. l. Fylgir álit nefndarinnar hér með.

Drög að tillögum nefndarinnar voru lögð fyrir aðalfund Stéttarsambands bænda, s. l. haust, og hlutu þær yfirgnæfandi stuðning fulltrúa. Jafnframt voru 4 af 5 ábendingum sem fram komu á fundinum, teknar til greina. Stjórn Stéttarsambands bænda hefur ritað landbúnaðarráðherra, og einróma lagt til að tillögur nefndarinnar verði lögfestar. Stjórn Búnaðarfélags Íslands hefur einnig fjallað um tillögurnar, og mælir með lögfestingu þeirra. Loks hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins fjallað um frumvarpið á fundi sínum 4. desember s. l. og mælir með lögfestingu þess fyrir áramót. Einnig hafa landbúnaðarráðherra og form. Stéttarsambands bænda kynnt málið á bændafundum.

Frumvarp það sem hér er flutt er í öllum efnisatriðum samhljóða tillögum ofangreindrar nefndar.

Mikill vandi steðjar að íslenskum landbúnaði vegna framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða umfram það, sem selst á innanlandsmarkaði.

Ársneysla smjörs hér á landi er um 1 400 tonn og osta um 1 200 tonn. Ætla má að á næsta ári verði birgðir smjörs allt að 2 000 tonn, birgðir osta um 1 500 tonn og annarra mjólkurafurða um 50 tonn.

Síðastliðið haust var slátrað 1 022 000 fjár samtals 15 400 tonn kindakjöts. Neysla kindakjöts er áætluð um 10 000 tonn á innanlandsmarkaði á ári, þannig að um 5 400 tonn eru framleidd umfram innanlandsþarfir næsta ár.

Miklar athuganir hafa farið fram á sölumöguleikum á framangreindum afurðum erlendis og samkvæmt þeim er ekki von til að unnt sé að selja mjólkurafurðir eða kindakjöt nema á hluta framleiðslukostnaðarverðs.

Mjög er því brýnt að grípa til aðgerða, sem eru til þess fallnar að draga úr framleiðslu, en haga þeim aðgerðum þannig að sem minnstri röskun valdi til hins verra um hag bænda. Jafnframt þarf að haga aðgerðum á þann veg að dreifing setinna býla um landið haldist sem mest í því horfi sem er. Athuganir Búreikningastofu landbúnaðarins sýna, að bú af þeirri stærð, sem ein fjölskylda hefur tök á að annast gefa að jafnaði mestan arð.

Virðist frá því sjónarmiði réttast að beita framleiðsluhömlum fyrst og fremst gegn framleiðslu umfram það sem hæfir fjölskyldurekstri.

Aðgerðir þær, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að heimila eru ætlaðar sem skammtímaaðgerðir, þar til fastara skipulag fæst á framleiðslumagn landbúnaðarins, í samræmi við þarfir innlends markaðar.

Með heimildarákvæði um mismunandi hátt verð á búvöru er gert ráð fyrir að leggja stighækkandi gjald á framleiðslu umfram það sem hæfir fjölskyldubúrekstri eða greiða mishátt verð til framleiðenda eftir framleiðslumagni.

Margvísleg rök hníga að því að heimila skattlagningu á innflutt kjarnfóður.

Athuganir sýna að ótvíræð fylgni er milli afurðamagns og kjarnfóðurverðs.

Verulegt magn þess kjarnfóðurs, sem til landsins hefur verið flutt að undanförnu er niðurgreitt erlendis.

Árið 1971 voru flutt inn 59 093 tonn en 1977 71 193.9 tonn af kjarnfóðri. Árið 1961 fékkst 1.03 kg af kjarnfóðri fyrir andvirði eins lítra af mjólk, árið 1971 1.38 kg kjarnfóðurs fyrir andvirði lítra en árið 1978 2.11 kg kjarnfóðurs fyrir andvirði eins lítra.

Hin auknu kjarnfóðurkaup sem hafa átt sér stað, verka óumdeilanlega til framleiðsluaukningar, og aukinna vandamála við sölu og fjárútvegun í uppbætur á umfram framleiðslu.

Hið lága kjarnfóðurverð hefur einnig orðið til þess að raska stöðu innlendrar fóðurframleiðslu. Af þeirri ástæðu voru íslenzkar grænfóðurverksmiðjur reknar með tapi á s. l. ári.

Kjarnfóðurskatti er víða um lönd beitt í því skyni að hafa stjórnunaráhrif í framleiðslu landbúnaðarafurða og til þess að vernda innlenda fóðurframleiðslu.

Þannig hafa t. d. Svisslendignar nýverið lagt innflutningsgjald á fiskimjöl, á þeirri forsendu að verðlag á innfluttu kraftfóðri hafi fallið svo, að það sé notað í óhófi og orsaki offramleiðslu landbúnaðarvara.

Ætla verður að innflutningsgjald á fóðurbæti hafi veruleg jákvæð áhrif miðað við þau markmið sem að er stefnt.

Kjarnfóðurkaup bænda myndu minnka, þar með offramleiðsla, einkum mjólkurafurða, gjaldeyrir myndi sparast og hagur innlendrar fóðurframleiðslu styrkjast.

Um 1. gr.

Verkefni Framleiðsluráðs eru aukin að mun í greininni.

Nýmæli felast í 2., 5., 10. og 11. tölulið, sem öll hníga að því að koma betra skipulagi á framleiðslu landbúnaðarafurða og auka hagkvæmni hennar.

Um 2. gr.

Greinin er nýmæli og ætlast til að heimildum, sem hún veitir, verði beitt í því skyni að samræma meir en verið hefur landbúnaðarframleiðslu við innlendar þarfir.

Gert er m. a. ráð fyrir að heimilt verði að greiða mismunandi hátt verð á búvöru til framleiðenda eða að taka stighækkandi framleiðslugjald.

Þá er í greininni heimild til að greiða framleiðendum bætur fyrir að draga úr framleiðslu sinni.

Um 3. gr.

Grundvallar sjónarmið í frumvarpi þessu er að Íslendingar verði jafnan sjálfum sér nógir um framleiðslu landbúnaðarafurða.

Þess þarf að gæta að samdráttur, sem að er stefnt, verði ekki of mikill og rétt að Framleiðsluráð eigi frumkvæði um þetta atriði, jafnt og önnur, sem lúta að áætlunum og eftirliti með framleiðslumagni landbúnaðarafurða.

Álit sjömannanefndar.

Með bréfi dagsettu 24. apríl 1978, skipaði landbúnaðarráðherra nefnd 7 manna, samkvæmt ályktun Búnaðarþings 1978, og skyldi verkefni nefndarinnar vera að fjalla um skipulag á framleiðslu búvara, stjórn á framleiðslumagni og vandamál sem sveiflur í afurðasölu skapa. Nefndinni var ætlað að gera tillögur sem til bóta horfi varðandi framangreint atriði og skila þeim svo fljótt sem aðstæður leyfðu. Jafnframt bar nefndinni, samkvæmt skipunarbréfinu, að hafa í starfi sínu hliðsjón af ályktun Búnaðarþings, varðandi það hvernig staða landbúnaðarins og afkoma þeirra sem við hana vinna, yrði sem best tryggð og lausn þess vanda sem í markaðsmálum hefur blasað við.

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn: Gunnar Guðbjartsson, formaður Stéttarsambands bænda, Jón Ólafsson, Eystra-Geldingarholti, Sigurður Jónsson, Kastalabrekku, Sveinbjörn Dagfinnsson, ráðuneytisstjóri, Sveinn Guðmundsson, Sellandi, Sveinn Jónsson, Kálfsskinni og Þórarinn Þorvaldsson, Þóroddsstöðum.

Nefndarmenn héldu sinn fyrsta fund 8. maí s. l. og var þegar á þeim fundi ákveðið að efna til víðtækrar gagnaöflunar vegna verkefnis nefndarinnar, og jafnframt boðaðir ýmsir þeir menn á fundi nefndarinnar, sem fjalla um þau málefni sem varða verkefni og verksvið hennar. Nefndin hefur auk fundarins 8. og 9. maí, haldið fundi dagana 6.—8. júní, og 27. og 28. júní, 26. júlí, 14. ágúst, 6. september og 28. september.

Allar samþykktir bændafunda og búnaðarsambanda frá síðastliðnum vetri hafa verið lagðar fram hjá nefndinni.

Skýrslna hefur verið aflað um bústofnseign landsmanna og skiftingu hans, um tekjuskiftingu bænda eftir héruðum um fóðurbætiskaup og fylgni milli verðlags afurða og fóðurbætisverðs.

Nefndin aflaði skýrslna um byggingarframkvæmdir í sveitum, sem Búnaðarbanki Íslands hefur lánað til árin 1973—1977, skýrslna um skuldastöðu bænda, og

um ríkisframlög til framkvæmda á bújörðum árin 1975—1977, auk margra annarra gagna, sem fram hafa verið lögð.

Árið 1976 teljast 4419 bændur í landinu með sauðfjárrækt eða nautgriparækt sem aðalbúgrein og hefur félagsbúum þá verið skipt, og tala ærgilda er samtals 1 719 490.

Auk þessara ærgilda eru:

15 513 ærgildi í eigu tilraunabúa, eða 0.87% af ærgildatölu í landinu.

33 995 ærgildi í eigu þéttbýlisbúa eða 1.91% af ærgildatölu í landinu.

19 414 ærgildi í eigu manna, sem hafa aðrar búgreinar en sauðfjárrækt að aðalatvinnu.

Ærgildaeign í landinu er því samtals 1 779 412.

2716 bændur eiga innan við 400 ærgildi, samtals	651 190
1352 bændur eiga 400—700 ærgildi, samtals	703 600
405 bændur eiga 700 ærgildi eða meir, samtals	355 700

Ærgildaeign skiptist þannig milli nautgripa og sauðfjár:

Ærgildi í nautgripum	883 220 eða	49.64%
Ærgildi í sauðfé	896 192 eða	50.36%
Sauðfé í eigu tilraunabúa er	4 045 eða	0.45%
Sauðfé í eigu þéttbýlisbúa er	33 995 eða	3.79%

Fram hafa verið lögð gögn sem sýna, að hækkun afurðaverðs umfram hækkun fóðurbætisverðs fylgja aukin fóðurbætiskaup.

Fóðurbætiskaup 1971—1977.

Ár	Tonn:	Millj. kr. cif:	Meðalgengi US. $ 1.00:
1971	59 903.0	494.6	88.10
1972	58 134.5	480.9	87.42
1973	65 309.4	801.6	90.02
1974	58 133.9	1 133.2	100.24
1975	55 367.2	1 677.2	182.17
1976	67 045.9	2 342.0	182.31
1977	71 193.9	2 495.4	199.29

Fyrir lítra af mjólk fékkst:

Árið 1951	1.11 kg mjöl
Árið 1961	1.03 kg mjöl
Árið 1971	1.38 kg mjöl
Árið 1978	2.11 kg mjöl

Augljóst er, að tekjur bænda eru á sumum svæðum landsins mun rýrari en á öðrum, auk þess tekjumismunar sem er innan svæða af ýmsum ástæðum.

Nefndin hefur kynnt sér nýjustu búreikninga frá Búnaðarfélagi Íslands og rætt þá við Ketil Hannesson.

Eftir athugun gagna og viðræður við flesta þá menn, sem veita forstöðu stofnunum, sem tengdar eru landbúnaði, er það samdóma álit nefndarmanna að til þess að unnt verði í framtíðinni að gera raunhæfar áætlanir og hafa sem öruggust stjórnunarleg áhrif á framleiðslumagn og markaðsmál landbúnaðarins, sé brýnt að gera framkvæmda- og búrekstraráætlun um hverja bújörð í landinu, þar sem afstaða er m. a. tekin til þess, hvaða búrekstrarform hæfir hverri jörð best, og að þörf sé á að hraða því verki svo sem aðstæður leyfa.

Nefndin leggur einnig mikla áherslu á að unnið verði að því með leiðbeiningaþjónustu og annarri fyrirgreiðslu, sem þörf er á, að bæta hag bænda á þeim svæðum þar sem afkoma er almennt lakari en skv. landsmeðaltali, samtímis því

að einstakir bændur með slakan rekstur á svæðum þar sem afkoma nær almennt landsmeðaltali, njóti einnig slíkrar fyrirgreiðslu. Markvisst verði unnið að því að efla og bæta fóðurverkun hjá bændum.

Nefndin telur, að unnt sé að auka tekjur margra bænda með aukinni fiskrækt, fiskeldi og meiri stuðningi við nýtingu vatna í byggð og óbyggðum, umfram það sem verið hefur.

Ástæða er til að ætla að aukin loðdýrarækt, einkum refa, geti orðið góð tekjulind fyrir einstaklinga í bændastétt.

Ljóst er að áhrifa af framangreindum tillögum, þó strax kæmu til framkvæmda, gætir ekki fyrr en að nokkrum tíma liðnum, en þörf er á aðgerðum þegar í stað til að hafa stjórnunarleg áhrif á framleiðslumagn landbúnaðarafurða og skiptingu þess eftir búgreinum.

Nefndin hefur orðið sammála um tillögur, sem væru til þess fallnar að hafa áhrif í framangreinda átt, meðan ekki er betri kosta völ. Ljóst er, að þó fallist yrði á þær tillögur og þeim beitt, tekur nokkurn tíma að áhrifa þeirra gæti.

Meðan það ástand varir telur nefndin rétt að ríkissjóður greiði útflutningsbætur, sem tryggi bændum fullt afurðaverð.

Tillögurnar byggjast á, að í ákvæði laga nr. 101/1966 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. verði sett ákvæði sem heimili að greiða mishátt verð fyrir búvöru, þurfi að beita framleiðsluhömlum og að leggja á fóðurbætisskatt í sama skyni.

Í reglugerð sem samin yrði samtímis þyrftu að koma ákvæði um eftirfarandi atriði:

1. Kvótinn (magnákvörðun) verði bundinn við lögbýli og þá ábúendur sem þar áttu lögheimili árið 1977.
2. Miðað verði við framleiðslumagn frá hverjum skráðum ábúanda lögbýlis að meðaltali á árunum 1975, 1976 og 1977 og búfjárfjölda sömu ár. Hafi einhver aðila orðið fyrir rekstraráföllum eitthvert framangreindra ára, skal það ekki hafa áhrif á meðaltal.
3. Hver bóndi sanni afurðamagn sitt með afriti af innleggsnótum frá söluaðilum og skal söluaðilum skylt að láta slíkar upplýsingar í té. Leiki vafi á, hvort innleggjandi telst bóndi sker aðild að lífeyrissjóði bænda úr um það atriði.
4. Ákvörðun um framleiðslumagn hvers bónda er hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins, en áður en ákvörðun er endanlega tekin skulu viðkomandi búnaðarsamböndum send til umsagnar gögn þau, sem ákvörðun Framleiðsluráðs byggist á.
5. Búvöruframleiðendur með búsetu utan lögbýla skulu senda beiðni um framleiðsluleyfi ár hvert til landbúnaðarráðuneytisins, sem afgreiðir erindin, að fenginni umsögn viðkomandi sveitarstjórnar og Framleiðsluráðs. Gjald sem renni í verðjöfnunarsjóð, skal innheimt fyrir framleiðsluleyfi, að fengnum tillögum framleiðsluráðs. Landbúnaðarráðuneytið hafi samráð við Framleiðsluráð landbúnaðarins um framleiðslumagn á ríkisbúum, þegar offramleiðsla er í viðkomandi búgreinum.
6. Skerðingarmörk kvótakerfis (magnkerfis) verði á 1. ári eftirfarandi:
   a) Fyrir afurðir af 400 ærgilda bústærð verði skerðing 2% af grundvallarverði.
   b) Fyrir 401—600 ærgildi, 4% af grundvallarverði.
   c) Fyrir 601—800 ærgildi, 6% af grundvallarverði.
   d) Fyrir 801 og yfir, 8% af grundvallarverði.
   e) Hjá framleiðendum utan lögbýla verði skerðingin 10%.

Heimilt er að fella niður tímabundið, að hluta eða öllu leyti, framanskráða skerðingu hjá bændum, sem hafa byrjað búskap á árunum 1976—1978 og hjá þeim bændum, sem bera mikinn þunga af nýlegum fjárfestingum, enda séu þær innan þeirra stærðarmarka sem lánareglur stofnlánadeildar landbúnaðarins settu framangreind ár.

Framleiðsluráði verði veitt heimild til að leggja aukagjald umfram framanskráð skerðingarmörk á þá framleiðendur, sem auka framleiðslu sína frá því framleiðslumagni sem meðaltal 3ja síðustu ára fyrir gildistöku reglugerðar sýnir, sbr. 2. tölulið.

Á framleiðsluaukningu búa 400—600 ærgilda verði aukagjald 50% hækkun skerðingargjalds. Á búum 600 ærgilda og stærri verði aukagjald 100% hækkun skerðingargjalds.

Á sama hátt er heimilt að greiða framleiðendum fyrir að minnka framleiðslu allt að hálfu andvirði 10% samdráttar kvóta viðkomandi aðila.

Tímabundin aukning afurða vegna bústofnsskerðingar skal ekki hafa áhrif á rétt til slíkrar greiðslu.

Skerðingargjald skal ekki innheimt af framleiðsluaukningu 400 ærgilda hús eða minna, allt að landsmeðaltali framleiðslumagns miðað við bústofnseiningu.

Á þeim býlum sem framleiðslumagn á bústofnseiningu er umfram landsmeðaltal á viðmiðunarárunum, skal það ekki verka til hækkunar á hundraðstölu skerðingargjalds, sé ekki um magnaukningu að ræða skv. meðaltali áranna 1975—1977.

Um mat á afurðum blandaðs bús, skulu settar reglur hvernig saman verði bornar afurðir sauðfjár og nautgripa, þannig að rétt hlutfall haldist.

Fyrir því gerir nefndin að tillögu sinni að lögð verði fyrir Alþingi svofelld breytingartillaga á lögum nr. 101/1966:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo.

Aðalverkefni framleiðsluráðs (auk þess sem um ræðir í 1. gr.) eru:

1. að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarvara.
2. að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni landbúnaðarframleiðslunnar í samstarfi við landbúnaðarráðuneytið og Búnaðarfélag Íslands, svo að hún henti sem best þörfum þjóðarinnar.
3. að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð búvara.
4. að vinna að aukinni markaðsleit og hagkvæmari verslun með þessar vörur innanlands og utan.
5. að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum, sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast best þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma. Framleiðsluráð skal því, í samráði við landbúnaðarráðuneytið og Búnaðarfélag Íslands, búnaðarsamböndin og þær stofnanir, sem vinna að áætlanagerð í þjóðfélaginu, gera áætlanir um æskilega þróun landbúnaðarins til lengri tíma, t. d. allt að 10 ára.
   Áætlanir þessar skulu endurskoðaðar árlega með hliðsjón af áhrifum árferðis á þróunina, svo og breytingum á markaðsskilyrðum,
6. að ákveða verðmiðlun á búvörum, samkvæmt fyrirmælum þessara laga,
7. að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð mjólkur til framleiðenda eftir árstímum,
8. að ákveða mjólkursölusvæði samkvæmt lögum þessum,
9. að verðskrá landbúnaðarvörur í einstökum atriðum á grundvelli verðákvarðana sexmannanefndar samkvæmt 6., 7., 8. og 9. gr., laganna.
10. að hafa árlega fund með fulltrúum þeirra aðila, sem aðstöðu hafa til áhrifa á framleiðslu og neyslu landbúnaðarvara, svo sem ríkisstjórnarinnar, Búnaðarfélags Íslands, Stofnlánadeildar landbúnaðarins o. fl. Á þessum fundum skal ræða samræmdar aðgerðir til þess að þau markmið náist, sem um ræðir í ákvæðum 5. töluliðar þessarar greinar,
11. að setja vinnslustöðvum landbúnaðarins reglur um útborgun verðs til bænda, þar á meðal er framleiðsluráði heimilt að setja reglur um jöfnun kostnaðar við flutning afurðanna til vinnslustöðvanna.

2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, 3. grein, er orðist svo:

Nú skapast þær aðstæður að búvöruframleiðsla verður meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fást erlendir markaðir, sem viðunandi teljast að dómi Framleiðsluráðs og landbúnaðarráðherra, fyrir allt það vörumagn, sem umfram er, og eru þá Framleiðsluráði heimilar eftirfarandi tímabundnar ráðstafanir:

a) Að ákveða mismunandi hátt verð á búvöru til framleiðanda (kvótakerfi, magnkerfi), ef markaðsaðstæður eru slíkar að framleiðsluhömlur séu nauðsynlegar. Á sama hátt er Framleiðsluráði heimilt að ákveða framleiðendum sérstakar verðbætur ef þeir minnka framleiðslu sína um ákveðinn hundraðshluta. Framleiðsluráð setur reglur um framkvæmd kvótakerfis (magnkerfis), sem skulu samþykktar af landbúnaðarráðherra, og fulltrúafundi Stéttarsambands bænda. Reglurnar gildi til eins árs í senn. Söluaðilum landbúnaðarafurða er skylt að gefa upplýsingar varðandi innlagt afurðamagn búvöruframleiðenda, sem leitað kann að verða eftir varðandi gerð kvótakerfis (magnkerfis).
Einnig er söluaðilum skylt að halda eftir þeirri fjárhæð og á þeim tíma sem Framleiðsluráð ákveður hverju sinni af andvirði innlagðrar búvöru til að standa skil á greiðslum til framleiðenda, sem leiðir af framkvæmd kvótakerfis (magnkerfis).
Búvöruframleiðsla annarra en bænda búsettra á lögbýlum er óheimil án leyfis landbúnaðarráðuneytisins.

b) Að leggja sérstakt gjald á allt innflutt kjarnfóður. Ákvörðun um upphæð gjaldsins skal tekin á fulltrúafundi Stéttarsambands bænda og er háð samþykkt landbúnaðarráðherra, enda liggi fyrir að útflutningsbætur samkvæmt 2. mgr. 12. gr. nægi ekki. Gjaldið verði innheimt við innflutning af sýslumönnum, bæjarfógetum og í Reykjavík af tollstjóra.
Gæsla og ráðstöfun þess fjár sem innheimtist samkvæmt a) og b) lið gr. þessarar skal vera í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins og notast þegar útflutningsbætur nægja ekki, eða til að greiða verðbætur til þeirra, sem draga úr búvöruframleiðslu sinni í því skyni að draga úr óhagkvæmum útflutningi. Framleiðsluráði er heimilt að endurgreiða af innheimtu fóðurbætisgjaldi til framleiðenda nautgripa- og sauðfjárafurða á lögbýlum. Skal þá miðað við ákveðið magn á búfjáreiningu.
Nú verður búvöruframleiðslan of lítil í landinu, eða einstökum hlutum þess, eða framleiðsluáætlanir samkvæmt 5. tölulið 2. gr. raskast verulega og skal þá Framleiðsluráð gera tillögur til Sexmannanefndar og landbúnaðarráðherra um aðgerðir til úrbóta.
Skulu slíkar ráðstafanir ná til einstakra búgreina, og/eða einstakra landshluta, eða allrar búvöruframleiðslu í landinu, eftir því sem við á.

c) Þyki Framleiðsluráði nauðsyn bera til að grípa skyndilega til róttækra aðgerða í þessu efni, skal það efna til fundar með þeim aðilum sem um getur í 10. tölulið 2. gr. og skýra fyrir þeim tillögur sínar og leita stuðnings þeirra við þær.
Sé framangreind heimild um gjald á innfluttu kjarnfóðri notuð, en síðan tekin ákvörðun um að fella gjaldið niður, skal endurgreiða það sem kann að hafa verið innheimt af birgðum sem til eru, þegar niðurfelling gjaldsins er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd a) og b) liða 3. gr. að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir a) eða b) lið 3. greinar, eða reglugerðar, sem sett verður skv. framanskráðu, skal hann lagður fyrir nefnd þriggja manna til úrskurðar.

Nefndina skipa aðili tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar frá Stéttarsambandi bænda og formaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

Aðrar tillögur nefndarinnar eru:

1. Búnaðarsamböndum verði, í samráði við áætlananefnd landbúnaðarráðuneytisins, falið að gera framkvæmda- og búrekstraráætlanir fyrir allar jarðir innan viðkomandi sambandssvæðis og stefnt að því að ljúka því verki svo fljótt sem kostur er.
   Fyrsti þáttur í slíku starfi verði athuganir á hvernig fóðuröflun verður best tryggð á hverju býli og tillögur þar að lútandi lagðar fram.
   Meðan unnið er skipulega að bættri fóðuröflun samkvæmt framanskráðu verði greiddir auknir stofnstyrkir til kostnaðar mannvirkja til votheysgerðar og súgþurrkunar.
2. Unnið verði að úrbótum hjá tekjulægstu bændum, án þess að rýra kjör annarra bænda, m. a. með því að auka hagfræðilega leiðbeiningaþjónustu og veita fjárhagslegan stuðning þeim, sem illa eru settir, í því skyni að auka hagkvæmni búreksturs þeirra.
3. Fjármagn verði útvegað til að efla nýjar tekjuöflunarleiðir bænda, t. d. í loðdýrarækt, fiskeldi, fiskrækt og í nýtingu fjallavatna. Garðrækt verði efld að hæfi innlends markaðar. Stuðlað verði að sem bestri nýtingu hverskonar hlunninda og fyrirgreiðslu við ferðamenn í sveitum.
4. Lánareglur Stofnlánadeildar landbúnaðarins og styrkir skv. jarðræktarlögum verði samræmd búvöruframleiðslustefnu á hverjum tíma.
5. Rafmagnsverð til innlends fóðuriðnaðar, bæði til einstakra býla og verksmiðja, verði lækkað. Felldir verði niður tollar og söluskattur af vélum til búvöruframleiðslu.
6. Starfsemi Byggingarstofnunar landbúnaðarins verði tengd búnaðarsamböndum nánar en nú er.
7. Efldar verði hagkvæmis rannsóknir á húsakosti á bændabýlum.
8. Unnið verði markvisst, að vörukynningu og markaðsöflun innanlands og utan.

Eitt þeirra atriða, sem gætu bætt afkomu bænda, og nefndin telur nauðsynlegt að bæta úr, er að afurðalán verði aukin svo að unnt sé að hækka útborgun allt að 90% við afhendingu framleiðsluvaranna.

Reykjavík, 28. september 1978.

Sveinbjörn Dagfinnsson, formaður,
Gunnar Guðbjartsson, Jón Ólafsson,
Sigurður Jónsson, Sveinn Guðmundsson,
Sveinn Jónsson, Þórarinn Þorvaldsson.

Nd. 148. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta og nefndarmenn orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Fjarstaddir voru Matthías Á. Mathiesen og Finnur Torfi Stefánsson.

Alþingi, 7. des. 1978.

Lúðvík Jósepsson, form. Halldór E. Sigurðsson, fundaskr. Kjartan Ólafsson, frsm.
Ólafur G. Einarsson. Vilmundur Gylfason.

Ed. **149. Frumvarp til laga** [126. mál]

um breyting á lögum nr. 10 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands, sbr. 3. gr. laga nr. 10. 13. maí 1964.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Við 15. gr. laga nr. 10/1961 bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Seðlabankanum er heimilt að endurkaupa af innlánsstofnunum lán vegna útflutningsframleiðslu, sem framleiðendur og útflytjendur stofna til við þær, með þeim kjörum, að endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta sé háð breytingum á gengi ákveðins erlends gjaldeyris, breytingu á meðalgengi íslenskrar krónu eða höfuðstóll greindur í ákveðnum erlendum gjaldeyri. Sé höfuðstóll greindur í ákveðnum erlendum gjaldeyri, skal innlánsstofnun greiða lántaka lánsfé í íslenskum krónum miðað við kaupgengi hins erlenda gjaldeyris á lántökudegi. Seðlabankinn ákveður vexti af lánum þessum svo og öll önnur lánskjör og skal tekið mið af lánskjörum erlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Af hálfu ríkisstjórnar og framleiðenda hefur verið lögð áhersla á það, að lán til útflutningsframleiðslu verði með hagstæðari vaxtakjörum, þannig að framleiðendur búi við líkan hlut í lánskjörum og erlendir samkeppnisaðilar. Ein leið til þess að gera þetta kleift er, að lán til framleiðslunnar verði á gjaldeyrisgrundvelli og vextir sambærilegir við það, sem er á erlendum lánamarkaði.

Birgðalán til útflutningsgreina eru veitt í viðskiptabönkum og er verulegur hluti slíkra lána endurseldur Seðlabanka. Heimildir bankans til lánveitinga í erlendum gjaldeyri eru bundnar almennum takmörkunum, sem einkum greinir frá í 1. og 2. gr. laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Bankinn getur endurlánað óráðstafaðan hluta erlendra skuldbindinga, sem hann stendur í hverju sinni. Slíkt mótvægi til endurlána er mjög breytilegt frá einum tíma til annars og fer m. a. mjög eftir gjaldeyrisstöðu og því að hvaða marki hann endurlánar erlent fé til annarra aðila. Gera má ráð fyrir, að óráðstafað erlent mótvægi verði ekki ætíð nægilegt hjá bankanum til þess að standa á móti ráðgerðum lánum. Að auki er gert ráð fyrir því að taka upp útflutningslán í erlendum gjaldeyri, þegar sölusamningar liggja fyrir eða útskipun fer fram, sem ýmist verða veitt af Seðlabanka fyrir milligöngu viðskiptabanka hérlendis eða að þau verða veitt beint af erlendum bönkum á líkan hátt og gert hefur verið um árabil vegna vinnslu og dreifingar á freðfiski á markaði vestanhafs.

Heimild lagasetningar þessarar til Seðlabankans varðar birgðalán og útflutningslán vegna útflutningsframleiðslu. Lántakar, framleiðendur og útflutningsaðilar skipta í þessu tilliti við innlánsstofnun (í reynd fyrst og fremst viðskiptabanka), en lánin eru síðan endurseld Seðlabanka skv. afurðalánareglum hans á ábyrgð viðskiptabankans. Útgáfa skuldaskjala getur verið á þrjá vegu, svo sem greint er frá í 1. gr. Lánin verða væntanlega bókfærð í erlendum gjaldeyri í bönkunum, en þó að skuldbinding framleiðenda eða útflytjanda sé í erlendum gjaldeyri, verður útborgun lánsins samt að vera í krónum.

Eðlilegt er, að heimildin sé í lögum Seðlabankans. Það skal þó áréttað, að í heimildinni er gert ráð fyrir því, að lántakar fái greind lán við innlánsstofnun (banka eða sparisjóð) til eftirfarandi endursölu til Seðlabankans.

Er umrædd lagabreyting nauðsynleg forsenda þess, að bankarnir geti veitt umrædd lán.

Nd. 150. Frumvarp til laga [127. mál]

um vitamál.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

I. KAFLI
Yfirstjórn.

1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn vitamála.

2. gr.

Vitamálastjórn ríkisins hefur með höndum framkvæmd vitamála, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Vitamálastjóri veitir Vitamálastjórn ríkisins forstöðu. Hann er skipaður af forseta Íslands, en gegnir jafnframt starfi hafnamálastjóra. Ráðherra ræður annað starfslið Vitamálastjórnar.

II. KAFLI
Verkefni Vitamálastjórnar.

3. gr.

Verkefni Vitamálastjórnar er að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis siglinga við Íslandsstrendur og á fiskimiðunum í kringum landið, með þeim undantekningum, er síðar getur.

Til slíkra leiðbeininga teljast m. a. vitar og önnur föst merki á landi, fljótandi leiðarmerki og radíómerki til staðarákvörðunar.

Vitamálastjórn skal einnig hlutast til um útgáfu upplýsinga um þau leiðbeiningarkerfi, sem fyrir hendi eru á áðurgreindu svæði, og stuðla að útgáfu korta, er innihalda nauðsynlegar upplýsingar til að sjófarendur geti notað áðurnefnd hjálpartæki. Vitamálastjórn skal hafa eftirlit af hálfu ríkisins með uppsetningu og rekstri leiðarmerkja, sem einstök sveitarfélög eða einstaklingar setja upp. Vitamálastjórnin skal annast, að beiðni Veðurstofu Íslands, veðurathuganir á vitastöðum. Þá fer Vitamálastjórnin með leiðsögumál, svo sem nánar er tilgreint í lögum.

III. KAFLI
Vitanefnd.

4. gr.

Vitanefnd, skipuð fulltrúum farmanna, útgerðarmanna og fiskimanna, skal hafa lagt fram álit sitt í öllum stefnumarkandi málum varðandi starfsemi Vitamálastjórnar ríkisins, áður en endanleg ákvörðun ráðuneytisins er tekin.

5. gr.

Í vitanefnd skulu skipaðir einn fulltrúi og varamaður til fjögurra ára í senn frá hverju eftirtalinna samtaka: Frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda, og

samtökum íslenskra farmflytjenda. Vitamálastjóri á sæti í nefndinni, og er hann jafnframt formaður hennar.

Heimilt skal ráðherra, ef ástæða þykir til, að fjölga fulltrúum í nefndinni, enda miði fjölgunin að því, að sjónarmið notenda og þeirra, er bera kostnað af starfi Vitamálastjórnar skv. V. kafla þessara laga, komi sem best fram. Þá skal Flugmálastjórn, Siglingamálastofnun ríkisins og Sjóslysanefnd gefinn kostur á að eiga áheyrnarfulltrúa í nefndinni, þegar rætt er um mál, sem snerta starfsemi viðkomandi stofnunar.

6. gr.

Vitamálastjóri skal undirbúa erindi og kveðja vitanefnd saman, svo sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Vitanefnd skal fjalla um breytingar á álögðu vitagjaldi, nýbyggingar vita, meiriháttar endurbætur og breytingar, svo og verulegar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi.

Þá skal nefndin segja álit sitt á uppsetningu nýrra leiðarmerkja á vegum annarra aðila en ríkisins. Einnig skal nefndin fjalla um niðurfellingu þeirra eða annarra hjálpargagna fyrir sjófarendur.

IV. KAFLI
Landsvitar og hafnarvitar.

7. gr.

Vitakerfi Íslands greinist í tvo meginþætti, landsvita og hafnarvita.

Til landsvitakerfisins heyra í meginatriðum allir þeir vitar og önnur leiðarmerki, er telja má að þjóni almennum siglingum við ströndina ásamt fiskveiðum.

Hafnarvitar teljast þeir vitar og önnur leiðarmerki, er eingöngu eru reist til að leiðbeina skipum inn á hafnarsvæði eða um ákveðnar hafnir. Með hafnarsvæði er hér átt við það svæði, er lögsaga hafnarinnar nær yfir.

Við ákvörðun um, hvaða leiðarmerki skulu tilheyra landsvitakerfinu, skal leita álits vitanefndar.

Ef hafnarstjórn eða einstaklingur vill setja upp leiðarmerki fyrir sjófarendur, skal gerð þess og staðsetning ákveðin í samráði við Vitamálastjórn, sem leitar umsagnar vitanefndar um málið. Leiðarmerki má ekki taka í notkun, fyrr en úttekt hefur farið fram af hálfu Vitamálastjórnar, sem þá sér um, að merkið verði auglýst, svo sem nánar er greint í lögum þessum.

Vitamálastjórn ríkisins skal sjá um, að landsvitakerfið starfi, svo sem til er ætlast og því er lýst í vitaskrá. Vitamálastjórnin skal jafnframt hafa eftirlit með hafnarvitum.

Hafnarstjórn eða einstaklingur, sem fengið hefur leyfi til og sett upp leiðarmerki, er skuldbundinn til að viðhalda merkinu og tilkynna Vitamálastjórn tafarlaust um allar breytingar, er á því verða. Ef merki er ekki nægilega viðhaldið, að dómi Vitamálastjórnar, er henni heimilt að annast nauðsynlegar lagfæringar á kostnað eiganda. Óski hafnarstjórn eða einstaklingur að leggja niður eða breyta leiðarmerki, skal um það sótt til Vitamálastjórnar.

Vitamálastjórn ríkisins getur, að fenginni umsögn vitanefndar, krafist þess, að hafnarstjórn láti gera á eigin kostnað þá vita og önnur leiðarmerki, sem Vitamálastjórn telur nauðsynleg til öryggis siglinga um viðkomandi hafnarsvæði.

8. gr.

Óheimilt er að byggja hús eða mannvirki, er skyggi á leiðarmerki frá sjónum yfir þann boga sjóndeildarhringsins, sem því er ætlað að þjóna sjófarendum, og hæfilega langt til beggja handa, og getur Vitamálastjórn látið rífa húsið eða mannvirkið á kostnað eiganda þess, ef brotið er á móti þessu.

Óheimilt er að setja upp ljós, sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum.

9. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til vitabygginga samkvæmt lögum þessum, svo og til íveruhúsa og búskapar handa vitagæslumönnum. Ennfremur til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa, að tekin verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vitabyggingin hefur í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir.

Um ákvörðun bóta skal farið eftir lögum nr. 11 6. apríl 1973 um framkvæmd eignarnáms.

V. KAFLI
Vitagjald.

10. gr.

Til að standa straum af kostnaði við rekstur stofnunarinnar skal greitt vitagjald af skipum þeim, er sigla við Íslandsstrendur og hafa hér viðkomu. Gjald þetta skal aðeins heimilt að nota í áðurnefndum tilgangi. Heimilt er að færa fjármagn á milli fjárlagaára.

11. gr.

Vitagjald skal greitt af brúttórúmlestatölu skips, eins og hún er mest.

Af öllum íslenskum skipum, stærri en 10 rúmlestir, skal greitt vitagjald einu sinni á ári. Af öllum erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greitt vitagjald við hverja komu til landsins, sem svarar til ⅕ hluta af almenna vitagjaldinu, en þó aldrei oftar en 5 sinnum á hverju almanaksári. Heimilt er þó í reglugerð að ákveða lægra vitagjald en hér greinir fyrir erlend skemmtiferðaskip.

12. gr.

Vitagjald skal ákveðið í reglugerð að fengnum tillögum vitanefndar, svo og annað það, er snertir innheimtu gjaldsins.

VI. KAFLI
Upplýsingaskylda.

13. gr.

Vitamálastjórn ríkisins skal sjá um, að allar breytingar á leiðbeiningum til öryggis siglinga verði tilkynntar sjófarendum. Auglýsingar skulu birtar minnst mánaðarlega í Tilkynningum til sjófarenda, er Sjómælingar Íslands gefa út.

Breytingar er verða frá útgáfu síðasta tölublaðs Tilkynninganna, þar til hið næsta kemur út, skulu birtar í útvarpi eða um strandstöðvar landssímans, þar til hinum prentuðu tilkynningum hefur verið dreift.

Sérhverjum, sem annast rekstur leiðarmerkis, er skylt að koma tilkynningum um breytingar og bilanir til Vitamálastjórnar, svo fljótt sem verða má, en Vitamálastjórnin sér síðan um birtingu þeirra. Á sama hátt ber öllum, er verða varir við bilanir í vitakerfi landsins, að senda tilkynningar þar um til Vitamálastjórnarinnar, svo fljótt sem verða má. Ennfremur skal Vitamálastjórn tilkynnt um alla farartálma, er verða á almennri siglingaleið og ekki er getið í sjókortum eða tilkynningum til sjófarenda.

VII. KAFLI
Farartálmar.

14. gr.

Ef skip eða annað fljótandi far ferst eða strandar á siglingaleið, ber eiganda þess að tilkynna um atburðinn tafarlaust til Vitamálastjórnar, sem síðan merkir staðinn, ef ástæða er talin til.

Eiganda farsins skal skylt að fyrirmælum Vitamálastjórnar að gera þær ráðstafanir, sem taldar eru nauðsynlegar til öryggis fyrir almennar siglingar og fiskveiðar.

Að liðnum gefnum fresti getur Vitamálastjórn á kostnað eiganda fjarlægt hverja þá farartálma eða flök, sem hér um ræðir.

Kostnaður við merkingu farartálma skal greiddur af eiganda hans.

VIII. KAFLI
Vitavarsla.

15. gr.

Sérhver viti eða annað leiðarmerki skal vera í vörslu ábyrgs umsjónarmanns. Leiðarmerki, sem eru í eign hafnarsjóða, skulu talin í ábyrgð hafnarstjóra eða hafnarvarðar, og er hafnarstjórn skylt að senda Vitamálastjórn tilkynningu um, hver sé ábyrgðarmaður merkisins.

16. gr.

Teljist starf vitavarðar vera meira en hálft starf, sbr. kjarasamninga opinberra starfsmanna, skal ráðið í starfið gegn greiðslu fastra mánaðarlauna. Skulu öll störf vitavarðarins í þjónustu ríkisins metin saman til stundafjölda og þá tekið fullt tillit til þess, hvenær sólarhrings störfin eru unnin, þannig að störf utan venjulegs dagvinnutíma verði metin sem því fleiri tímar, er nemur hærri greiðslum fyrir yfirvinnu en fyrir dagvinnu.

Aðrir vitaverðir skulu ráðnir af vitamálastjóra gegn árlegri þóknun, er miðuð sé við störf þau, er vitavörðurinn innir af hendi, ásamt þeirri bindingu, er vitavarðarstarfið leggur á hann varðandi viðveru og ábyrgð.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Ráðuneytið skal setja reglugerð til nánari skýringar á lögum þessum. Í reglugerðinni skulu jafnframt vera ákvæði um skipulag og starfshætti Vitamálastjórnar ríkisins, þar sem stefnt skal að sem mestri hagræðingu og samvinnu hennar og Hafnamálastofnunar ríkisins.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 20 22. september 1899; 23, 11. júlí 1911; 16, 14. júní 1929; 43, 14. júní 1929; 43, 19. júní 1933; 31, 13. júní 1937; 63, 7. maí 1940; 50, 11. júní 1960 og 61, 29. maí 1972.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endurskoða skal vitakerfið með tilliti til skiptingar í landsvita og hafnarvita. Skal ríkisstjórninni heimilað að afhenda hafnarstjórnum leiðarmerki til eignar og reksturs, án þess að sérstök greiðsla komi fyrir. Á sama hátt er vitamálastjóra heimilt fyrir hönd ríkisins að taka við leiðarmerki frá viðkomandi hafnarstjórn til eignar og reksturs, án þess að sérstök greiðsla komi fyrir.

Skal þessari endurskoðun lokið innan eins árs frá gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Elstu lög um vitamál, sem nú eru í gildi, eru frá árinu 1899, lög um afhending lóðar til vitabyggingar o. fl. Síðan hafa verið sett mörg lög og reglugerðir um vitamálefni og eru flest þeirra orðin úrelt og samsvara ekki breyttum tímum og viðhorfum.

Samgönguráðherra skipaði hinn 4. okt. 1974 þá Kristinn Gunnarsson, deildarstjóra; Aðalstein Júlíusson, vita- og hafnamálastjóra og Guðmund Kjærnested, skipherra til að endurskoða lög nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og vitabyggingar og semja nýtt lagafrumvarp um þessi efni. Af óviðráðanlegum ástæðum, m. a. langvarandi fjarvista eins nefndarmannanna gat nefndin ekki lokið störfum fyrr en í árslok 1976. Síðar hafa verið gerðar í samgönguráðuneytinu nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Í áðurgreindum lögum frá 1933 fjallar fyrsti kafli um stjórn vitamála. Kafli þessi er að verulegu leyti úreltur. Meginuppistaða laganna var upptalning á þeim vitum, er byggja skyldi. Á þeim tíma, sem liðinn er síðan, hafa flestir þeir vitar verið byggðir, eða aðrir á nálægum stöðum, er taldir voru heppilegri. Ýmsar breytingar á útgerðarháttum og tækni hafa auk þess komið til á tímabilinu, og er því þessi meginkafli laganna orðinn úreltur.

Í gildandi lögum og reglum eru ýmis ákvæði óljós um hlutverkaskiptingu og ábyrgð við gerð og rekstur vita- og sjómerkja. Í frumvarpinu er reynt að gera þeim málum slík skil, að ljóst sé, hver skuli annast og bera ábyrgð á hinum ýmsu tegundum sjómerkja.

Um vitagjald hafa gilt sérstök lög, nú lög nr. 61 29. maí 1972. Er gjald þetta var sett á, var það verulegur tekjustofn og má fullyrða, að mikill hluti vitakerfisins hafi verið byggður upp fyrir fjármuni, sem þannig var aflað. Á seinni árum, með vaxandi verðbólgu, hefur ekki tekist að halda í horfinu, þannig að vitagjald gæfi eðlilegar tekjur og hafa vitabyggingar m. a. af þeim orsökum dregist mjög saman. Því er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að vitagjald verði að nokkru breytt, þannig að það komi jafnar niður á alla notendur vitakerfisins, og auk þess sé það ákveðið með reglugerð í stað laga, sem ætti að gera auðveldara að halda gjaldinu eðlilegu. Gert er ráð fyrir, að vitagjaldinu sé einvörðungu varið til rekstrar og endurbóta á vitakerfinu og með tilliti til þess sé komið á fót nefnd Vitamálastjórninni og ráðuneytinu til ráðleggingar um það, hvernig vitagjaldinu skuli varið. Aðilar að nefnd þessari, vitanefnd, skulu vera notendur vitanna og þá jafnframt greiðendur vitagjaldsins. Með því að veita þannig greiðendum þess aðgang að ákvörðunartöku varðandi notkun þeirra fjármuna, er þeir leggja til vitakerfisins, ætti að vera tryggt, að fénu verði varið á sem hagkvæmastan hátt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI
Yfirstjórn.

Um 1.—2. gr.

Gert er ráð fyrir, að yfirstjórn vitamála verði í höndum samgönguráðherra, en framkvæmd laganna verði í höndum vitamálastjóra, sem eins og nú, gegni jafnframt embætti hafnamálastjóra. Þótt það sé ekki beint tekið fram í frumvarpinu, er gert ráð fyrir svipaðri skipan og nú er, þ. e. að skrifstofuhald beggja stofnananna sé sameiginlegt, auk markháttaðrar samvinnu við framkvæmdir.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að annað starfslið en vitamálastjóri verði ráðið með ráðningarsamningi og takmörkuðum uppsagnarfresti í stað skipunar ævilangt, svo sem nú er um fasta starfsmenn. Er þetta í samræmi við þá stefnu ríkisvaldsins, að kjör opinberra starfsmanna skuli verða sem sambærilegust við kjör á hinum almenna vinnumarkaði.

II. KAFLI
Verkefni Vitamálastjórnar.

Um 3. gr.

Þessi kafli fjallar um verkefni Vitamálastjórnar, þ. e. að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til siglinga við strendur landsins. Þær leiðbeiningar, sem um er að ræða, eru fyrst og fremst vitar ásamt föstum merkjum á landi, fljótandi dufl og radíómerki ýmiss konar, sem nota má til hjálpar við siglingar. Þá er ákvæði um, að Vitamálastjórnin skuli stuðla að útgáfu upplýsinga, sem nauðsynlegar eru til að nýta áðurgreind hjálpartæki. Svo sem kunnugt er, starfa Sjómælingar Íslands að útgáfu sjókorta og gefa jafnframt út Tilkynningar til sjófarenda, sem fyrst og fremst eru leiðréttingar við áður útgefin sjókort og tilkynningar um annað það, er sjófarendum má að gagni verða og til öryggis. Engin sérstök lög eru til um Sjómælingar Íslands, en þær starfa undir yfirstjórn dómsmálaráðuneytisins. Þykir nauðsynlegt, að ríkisvaldið sé lögbundið til að gefa út tilkynningar um vita og önnur sjómerki og breytingar á þeim, svo sem tíðkast hefur. Í frumvarpinu er lagt til að lögfesta, að Sjómælingar Íslands haldi áfram útgáfu á Tilkynningum til sjófarenda, eins og verið hefur, en Vitamálastjórnin komi sínum tilkynningum á framfæri við þá stofnun.

Þá er Vitamálastjórninni í 3. gr. frumvarpsins, svo sem nú er, falið að hafa eftirlit með gerð og rekstri leiðarmerkja, sem aðrir aðilar en ríkið koma upp. Þar er og sett ákvæði um, að Vitamálastjórn annist veðurtöku fyrir Veðurstofu Íslands á vitastöðvum. Er þetta til staðfestingar á ríkjandi fyrirkomulagi, þar sem vitaverðir eru jafnframt ráðnir sem veðurtökumenn. Þeir taka laun hjá Vitamálastjórn, sem síðan fær þóknun fyrir veðurtöku frá Veðurstofunni.

Er hér um hagkvæmt fyrirkomulag að ræða, þar sem bæði eru vitastöðvar á þeim stöðum, þar sem æskilegt er, að veðurathuganir fari fram og auk þess skapa veðurathuganir vitaverði hæfilegt verkefni.

Í lok 3. gr. frumvarpsins er ákveðið, að Vitamálastjórn skuli annast framkvæmd laga um leiðsögumál, sbr. lög nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögn skipa. Er þetta ákvæði í samræmi við þá hefð, er komist hefur á, að vitamálastjóri sé umsagnaraðili um skipan leiðsögumanna og hafi á hendi eftirlit með störfum þeirra.

III. KAFLI
Vitanefnd.

Um 4. — 6. gr.

Í þessum kafla er fjallað um vitanefnd. Samkvæmt gildandi lögum er starfandi ráðgjafarnefnd, sem í eiga sæti skólastjóri Stýrimannaskólans, forseti Fiskifélags Íslands og forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands ásamt vitamálastjóra.. Nefnd þessi á að gera tillögur um framkvæmdir í vitamálum og áætlun um fjárveitingar í því sambandi.

Það nýmæli hefur verið tekið upp í frumvarpið, að í stað áðurgreindrar nefndar skuli komið á fót nýrri nefnd með fulltrúum flestra þeirra aðila, er verulegra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við rekstur vita og annarra sjómerkja. Nefnd þessi skal vera ráðgefandi í öllum meginmálum, er snerta vitamál, svo sem um vitagjald, nýbyggingar og rekstursfyrirkomulag stofnunarinnar. Nefndin skal vera ráðgefandi, og er með því gert ráð fyrir að nánara og eðlilegra samband verði á milli stjórnenda vitamála og notenda.

Með þessu ætti að vera tryggt, að sjónarmið allra þeirra, sem telja sig hafa hagsmuna að gæta, ættu að koma fram við meiri háttar ákvarðanir.

IV. KAFLI
Landsvitar og hafnarvitar.

Telja má, að tveir eigendur séu að vitakerfi landsins, eins og það er rekið nú. Annars vegar eru landsvitarnir, sem eru reknir af Vitamálastjórninni, byggðir af fé, sem veitt er af fjárlögum til vitabygginga, og hins vegar hafnarvitar, sem reknir eru af hinum einstöku hafnarstjórnum fyrir þeirra fé.

Um 7. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er gerð nánari grein fyrir því, á hvern hátt þessum tveim kerfum er ætlað að vinna saman og ákvarðað nánar, hvar mörk eru þeirra í milli. Er hér byggt á hefð, en þar sem á allmörgum stöðum eru óljós mörk á milli og nokkurt ósamræmi er gert ráð fyrir, að kerfið verði endurskoðað, og þá fari ef til vill nokkur eigendaskipti fram milli hafna og ríkis. Telja má það útlátalítið eða útlátalaust fyrir báða aðila að láta af hendi þessar eignir. En hins vegar getur yfirtaka landsvita af hafnarsjóði valdið sjóðnum nokkrum útgjöldum, en með skilgreiningu þeirri, sem í lögunum er gerð á hafnarvitum má telja til eðlilegs reksturskostnaðar hafnarinnar að reka þau ljós, sem nauðsynleg eru talin til öruggrar siglingar um hafnarsvæðið.

Um 8. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru ákvæði um, að óheimilt sé að byggja í veg fyrir leiðbeiningarmerki og að óheimilt sé að setja upp ljós, sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum. Er þetta í samræmi við gildandi lög, enda auðsætt að öryggi sjófarenda getur mjög verið undir því komið.

Um 9. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skyldu til að láta af hendi nauðsynlegt land til vitabygginga, enda verði farið eftir ákvæðum eignarnámslaganna frá 1973, um ákvörðun bóta til þess, sem lætur landið af hendi. Þessi grein leysir af hólmi lög nr. 20 22. sept. 1899 um afhending lóðar til vitabyggingar o. fl.

V. KAFLI
Vitagjald.

Um 10. gr.

Stefnt er að því með breyttum ákvæðum um vitagjald, að Vitamálastjórnin standi straum af rekstri sínum að eins miklu leyti og talið er hagkvæmt á hverjum tíma, með álögðu vitagjaldi, sem greitt er af notendum vitakerfisins.

Um 11. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru meginákvæðin um vitagjaldið.

Aðalbreytingin er sú, að nú skulu öll íslensk skip 10 rúmlestir og stærri, greiða vitagjald einu sinni á ári. Erlend skip skulu hins vegar greiða í hvert skipti, sem þau koma til landsins, gjald, sem svarar til ⅕ hluta af almenna vitagjaldinu. Þó er ekki gert ráð fyrir, að gjaldskylda þeirra miðað við almanaksár verði meiri en íslenskra skipa, þótt þau komi oftar en 5 sinnum til landsins á árinu. Gjaldskylda erlendu skipanna er bundin við, að þau setji farþega eða vörur á land, og eru því t. d. herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, undanþegin gjaldinu, eins og nú er. Auk þess er í lagagreininni heimild til að ákveða lægra gjald fyrir skemmtiferðaskip, og er það einnig í samræmi við gildandi reglur.

Núgildandi lög um vitagjald eru frá árinu 1972, og er gjaldið samkvæmt þeim 10 krónur á brúttórúmlest. Greiðist það einu sinni á ári af skipum, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið úti til fiskjar. Sé hins vegar um að ræða skip í millilandasiglingum, skal ofangreint vitagjald greitt í hvert skipti, sem skipið kemur til landsins. Hér er um augljóst og óeðlilegt misræmi að ræða, sem leiðir til þess, að meginþungi vitagjalds lendir á farmskipum.

Um 12. gr.

Eðlilegt er að ákveða vitagjaldið í reglugerð, eins og gert er með svo fjölmörg önnur gjöld, t. d. hafnargjöld, enda miklu þyngra í vöfum að framkvæma breytingu á gjaldinu með lagabreytingu en reglugerðarbreytingu.

VI. KAFLI
Upplýsingaskylda.

Um 13. gr.

Hér er fjallað um tilkynningaskyldu Vitamálastjórnar varðandi allar breytingar á leiðbeiningum til sjófarenda. Er hér að sjálfsögðu átt við þær sömu leiðbeiningar, sem taldar eru í II. kafla frumvarpsins. Sá háttur, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að á verði hafður um birtingu tilkynninga, er nánast sá sami og viðhafður er nú, það er að tilkynningar eru birtar í útvarpi, ef um skyndibreytingar er að ræða, en aðrar og langvarandi breytingar eru prentaðar í Tilkynningum til sjófarenda, er Sjómælingar Íslands gefa út. Ákvæði þessi víkja nokkuð frá ákvæðum núgildandi laga, sem gera ráð fyrir, að tilkynningar um nýja vita og breytingar á sjómerkjum séu birtar í Lögbirtingablaðinu. Að öðru leyti eru tekin upp tilsvarandi ákvæði og nú gilda um skyldu eigenda sjómerkja og annarra, er verða varir við breytingar á þeim, að gera aðvart til Vitamálastjórnarinnar.

VII. KAFLI
Farartálmar.

Um 14. gr.

Í þessum kafla eru ákvæði um, hvað gera skuli, ef skip eða annað fljótandi far verður farartálmi á siglingaleið. Ákvæði þessa kafla víkja nokkuð frá þeim, sem gilda samkvæmt lögum nr. 23 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl. Á þau lög hefur mjög sjaldan reynt, en talið er eðlilegt, að gera alla málsmeðferð sem einfaldasta, en þó þannig, að full lagaheimild væri fyrir Vitamálastjórnina að gera nauðsynlegar ráðstafanir og það á ábyrgð og kostnað þess, er farartálmanum veldur.

VIII. KAFLI
Vitavarsla.

Um 15. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um, að sérhver viti eða siglingamerki skuli vera í vörslu ábyrgs umsjónarmanns, sem Vitamálastjórn getur snúið sér til um allt það, er merkið varðar, og jafnframt sé ábyrgur um allar breytingar, er á því verða.

Um 16. gr.

Í þessari grein eru ákvæði, sem lögbinda núverandi hátt, sem hafður er á við greiðslur þóknunar fyrir vitavarðarstörf. Er gert ráð fyrir, að ef öll störf viðkomandi aðila í þágu ríkisins metist meira en hálft starf, skuli vitavörðurinn ráðinn samkvæmt kjarsamningi opinberra starfsmanna, en að öðrum kosti fá greidda þóknun í hlutfalli við vinnuframlag sitt, og þá lausráðinn af vitamálastjóra.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Um 17. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru ákvæði um, að nánari skýringar á lögunum skuli settar með reglugerð, sem jafnframt kveði nánar á um starfshætti og skipulag

Vitamálastjórnarinnar, en því jafnframt slegið föstu, að náin samvinna skuli vera milli hennar og Hafnamálastofnunar ríkisins. Er hér aðeins um lagalega staðfestingu á því samstarfi að ræða, sem nú þegar er fyrir hendi, og á starfsháttum, eins og þeir eru nú.

Um 18. — 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Sbr. 7. gr. þessa frumvarps. Hæfilegt þykir að ætla eitt ár til þeirrar endurskoðunar, sem hér um ræðir.

Ed. 151. Frumvarp til laga [128. mál]

um landmælingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

I. KAFLI
Markmið.

1. gr.

Markmið þessara laga er að kveða á um stjórn landmælinga á Íslandi til þess:

a) að samræma störf þeirra, sem vinna að landmælingum, í þeim tilgangi, að fé, sem til þeirra er varið, nýtist sem best, og að sem víðtækust not verði af mælingunum,
b) að koma á samræmdum mælingum á eignum og skráningu þeirra í samræmi við mælingar,
c) að hafa skipulag á gerð korta og uppdrátta af Íslandi og útgáfu á þeim,
d) að tryggja söfnun og varðveislu hvers konar mælingafræðilegra gagna, er til eru og til falla og varða Ísland og lögsögu þess.

2. gr.

Samgönguráðherra fer með framkvæmd þessara laga.

II. KAFLI
Landmælingar Íslands og landmælingastjórn.

3. gr.

Landmælingastjórn hefur með höndum samræmingu á störfum þeirra, sem vinna að landmælingum. Landmælingastjórn gerir tillögur til ráðherra um reglur og staðla á sviði landmælinga, svo sem um mælikvarða uppdrátta, samræmt hnitakerfi, hæfisskilyrði landmælingamanna og annað, er að þessu lýtur.

Landmælingastjórn fylgist með að réttum reglum sé framfylgt og leysir úr ágreiningi, sem kann að koma upp varðandi samræmingu í landmælingastörfum. Að öðru leyti skal landmælingastjórn vera samgönguráðuneytinu og Landmælingum Íslands til ráðuneytis varðandi landmælingamálefni.

4. gr.

Samgönguráðherra skipar landmælingastjórn til fjögurra ára í senn 9 mönnum samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

Búnaðarfélags Íslands, Dómarafélags Íslands, Fasteignamats ríkisins, Orkustofnunar, Rannsóknarráðs ríkisins, Sambands ísl. sveitarfélaga, Vegagerðar ríkisins, Verkfræðingafélags Íslands.

Formann skipar ráðherra án tilnefningar. Forstöðumaður Landmælinga Íslands situr fundi landmælingastjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

5. gr.

Landmælingar Íslands eru sjálfstæð stofnun, sem heyrir undir samgönguráðherra.

Landmælingar Íslands annast framkvæmd ályktana landmælingastjórnar.

Dagleg stjórn Landmælinga Íslands skal vera í höndum forstöðumanns, sem samgönguráðherra skipar.

Forstöðumaður skal hafa lokið prófi í mælingaverkfræði eða hafa aðra hliðstæða háskólamenntun. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk að fengnu samþykki ráðherra.

6. gr.

Ríkisstofnanir og stofnanir, sem vinna fyrir almannafé, skulu tilkynna Landmælingum Íslands um fyrirhuguð meiriháttar mælinga- og kortagerðarverkefni og skila um þau áætlunum, sem lagðar eru fyrir landmælingastjórn.

7. gr.

Landmælingar Íslands skulu hafa einkarétt á að gefa út uppdrætti og kort af landinu öllu eða hlutum þess, sem ætluð eru til sölu eða almennra nota. Á þetta við kort (uppdrætti), sem sýna eiga landið af nákvæmni miðað við mælikvarða og byggð eru á mælingum, sem eru í eigu Landmælinga Íslands.

Sömuleiðis skulu Landmælingar Íslands hafa einkarétt á töku loftljósmynda í þágu mælinga og kortagerðar.

Stofnuninni er heimilt að framselja þennan rétt sinn í einstökum tilvikum.

8. gr.

Hverjum þeim aðila, sem lætur mæla land, mynda eða gera uppdrætti, þannig að gögn fáist, sem hafa gildi fyrir landmælingar, er skylt að skila frumgögnum eða fullkomnum afritum ásamt kortum og uppdráttum til Landmælinga Íslands í því formi, sem ákveðið verður með reglugerð.

Landmælingar Íslands veiti þeim aðilum, sem þess þurfa, upplýsingar og aðgang að gögnum í vörslu stofnunarinnar eftir reglum, sem um það verða settar.

III. KAFLI

Eignamælingar.

9. gr.

Landmælingar Íslands hafa með höndum skipulegar eignamælingar í samvinnu við þá aðila, sem þær ákveða, í samráði við landmælingastjórn og Fasteignamat ríkisins.

Landmælingar Íslands geta falið öðrum framkvæmd eignamælinga í samráði við landmælingastjórn og að fengnu samþykki ráðherra.

Nú óskar sveitarstjórn eða annar stjórnsýsluaðili að láta fara fram eignamælingar á tilteknu svæði fyrir eigin reikning, og er það þá heimilt, enda sé fullnægt skilmálum, sem landmælingastjórn kann að setja, og verkið falið löggiltum landmælingamanni, samanber 11. gr., og fer þá um mælingarnar eftir ákvæðum þessa kafla.

Ákvæði þessa kafla gilda um eignamælingar utan lögsagnarumdæma kaupstaða og skipulagðra svæða utan kaupstaða.

10. gr.

Mælingar skulu gerðar í skilgreinanlegu hnitakerfi. Setja skal niður varanleg og örugg merki, þar sem þau eru ekki fyrir, og halda þeim við, gera merkjaskrá með þeim hætti, að ekki verði um villst, og færa merkin inn á uppdrætti, sem varðveittir skulu með tryggilegum hætti.

11. gr.

Þeir einir mega framkvæma eignamælingar samkvæmt lögum þessum, sem fengið hafa til þess löggildingu.

Samgönguráðherra löggildir landmælingamenn, að fenginni umsögn landmælingastjórnar. Þeim er frjáls umferð um lönd manna, meðan á mælingu stendur.

Landmælingamenn skulu afla sér landamerkjalýsinga og annarra gagna, sem veita upplýsingar um merkin. Landeigendur og fyrirsvarsmenn þeirra eru skyldir að láta landmælingamönnum í té gögn og upplýsingar eftir þörfum.

Landmælingamenn skulu halda gjörðabók.

12. gr.

Landmælingamenn kveðja eigendur landareigna til merkjagöngu. Nægilegt er, að einn stefnuvottur birti kvaðningu eða að kvaðning sé send í símskeyti eða útbornu ábyrgðarbréfi.

Frestur fer eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði um stefnufrest.

Nú sækir ábúandi jarðar merkjastefnu fyrir eiganda, og skal hann þá talinn hafa umboð, nema annað sannist.

13. gr.

Nú verða aðilar sammála um merkin, og skulu þá sett niður merki, þau dregin á uppdrátt og merkjaskrá gerð í samræmi við samkomulag aðila. Aðilar skulu undirrita merkjaskrá ásamt landmælingamanni.

14. gr.

Nú sækja aðilar ekki merkjastefnu, og ákveður landmælingamaður þá merkin eftir þeim gögnum, sem fyrir hendi eru, og eftir skýrslum aðila, sem mæta.

Nú greinir aðila á um merki, og skal þá landmælingamaður leitast við að jafna ágreininginn. Takist það ekki, getur landmælingamaður ákveðið merkin eftir fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum.

Nú telur landmælingamaður landamerki svo óviss, að ekki sé fært að ákvarða þau eftir tiltækum gögnum og upplýsingum og ekki verður samkomulag með landeigendum um, hvar þau skuli talin liggja, og skal þá gerð grein fyrir óvissu um merki í merkjaskrá og landamerki dregin sem óviss mörk á uppdrátt. Nú er ágreiningur um mörk, sem ekki tekst að jafna og landmælingamaður treystir sér ekki til að skera úr, og skal þá lýsa ágreiningi í merkjaskrá og færa deilulínu á uppdrátt.

Landmælingamaður skal gera sýslumanni viðvart um ágreining.

Nú eru landamerki mörk lögsagnarumdæma, og má þá gera sýslumanni viðvart í hvoru lögsagnarumdæmi sem er.

15. gr.

Nú hefur aðili ekki sótt merkjastefnu, og skal honum þá tilkynnt um merkjasetningu með þeim hætti, sem hafa má á við kvaðningu til merkjagöngu.

16. gr.

Nú vill aðili ekki una merkjasetningu, og skal hann þá tilkynna það sýslumanni innan tveggja mánaða, frá því að honum var birt tilkynning um merkjasetningu eða afhent ábyrgðarbréf eða frá því að símskeyti var sent, og fer þá um ágreining eftir 8. gr. laga nr. 41/1919.

Nú hefur frestur skv. 1. mgr. runnið út, án þess að tilkynnt hafi verið um ágreining, og teljast þá merkin samþykkt. Dómsmálaráðherra getur þó heimilað aðila, sem telur á sig hallað, að bera ágreining undir dómstóla, ef beiðni þar um kemur fram innan eins árs, frá því að aðila var birt tilkynning um merkjasetningu, frá afhendingu ábyrgðarbréfs eða frá því að símskeyti var sent.

17. gr.

Nú hafa merki verið ákveðin skv. ákvæðum 13. og 14. gr., og skal þá landmælingamaður sjá um, að aðilar setji niður merki, og segja fyrir um verkið eða láta gera það á þeirra kostnað.

18. gr.

Landmælingar Íslands annast varðveislu merkjaskráa og uppdrátta samkvæmt lögum þessum og samkvæmt ákvæðum laga um landskipti og landamerki og um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmum kaupstaða og á skipulögðum svæðum utan kaupstaða.

Löggiltir landmælingamenn skulu afhenda Landmælingum Íslands merkjaskrár og uppdrætti, sem þeir gera.

Landmælingar Íslands skulu annast um að Fasteignamat ríkisins fái samrit uppdrátta og merkjaskráa og að skrárnar, ásamt samriti uppdrátta, séu sendar viðkomandi þinglýsingardómurum til þinglýsingar.

Merki, sem ákveðin eru samkvæmt ákvæðum laga þessara, teljast rétt landamerki.

Landeigendum ber að greiða þinglýsingargjöld samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs af skjölum, sem Landmælingar Íslands senda til þinglýsingar samkvæmt lögum þessum.

19. gr.

Þegar eignamælingar fara fram samkvæmt 9.—17. gr. laga þessara, skal heimilt að taka gjald af hverri jörð eða öðru landi, sem sérgreindur eignarréttur fylgir, auk tiltekins hundraðshluta af fasteignamati. Nánari ákvæði um fjárhæð gjaldsins skulu sett í reglugerð. Gjald þetta renni til Landmælinga Íslands, ef mælingar fara fram á þeirra vegum, en ella til þess stjórnvalds, sem lætur mæla.

Að frátöldu fastagjaldi má gjald þetta ekki nema hærri fjárhæð en 2.5% af fasteignamati lands.

Gjald þetta fellur í gjalddaga við þinglýsingu merkjaskrár og innheimtist með þinglýsingargjaldi. Gjald þetta hefur lögtaksrétt og fylgir því lögveð í viðkomandi fasteign.

20. gr.

Eigendum jarða og annarra landareigna og ábúendum jarða, svo og sveitarstjórnum, sem afréttarlönd heyra undir, er skylt að halda við merkjum, sem sett eru samkvæmt lögum þessum.

Sýslumenn skulu sjá um, að eftirlit sé haft með viðhaldi landamerkja.

21. gr.

Nú hefur eignamæling á landareign farið fram samkvæmt ákvæðum þessara laga, en landi er síðan skipt eða landamerkjum breytt eða lóðir eru seldar eða leigðar úr landi, og skal þá fela löggiltum landmælingamanni að annast mælingar, gera uppdrætti og setja niður merki samkvæmt ákvæðum þessara laga, eftir því sem við á. Gæta ber ákvæða 18. gr., eftir því sem við á.

22. gr.

Nú er merkjaskrá gerð fyrir landareign, sem ekki hefur verið mæld samkvæmt ákvæðum laga þessara eða landi er skipt, sem ekki hefur áður verið mælt, eða lóðir eru seldar eða leigðar úr slíku landi og ákveðið er að gera uppdrátt af landi, og ber þá að fela löggiltum landmælingamanni að annast mælingu og gerð uppdráttar og merkjaskrár í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerðar samkvæmt þeim. Gæta ber ákvæða 18. gr., eftir því sem við á.

23. gr.

Samgönguráðuneytið setur í reglugerð nánari reglur um aðferð við mælingar, gerð merkjaskráa og táknmál þeirra, gerð uppdrátta, vörslu gagna, kröfur, sem gera skal til merkja, nákvæmniskröfur til mælinga, mælikvarða uppdrátta og kröfur um hæfi landmælingamanna. Reglur þessar skulu settar að fengnum tillögum landmælingastjórnar.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dagsettu 16. október 1975 skipaði samgönguráðuneytið 5 manna nefnd til að semja frumvarp til laga um landmælingastjórn. Skyldi með frumvarpinu stefnt að því, að undir landmælingastjórn heyrði stjórnun þríhyrningamælinga á Íslandi og hæðamerkjakerfisins, kortamælingar og kortaútgáfa ríkisstofnana, lóða-, landa- og jarðamarkamælingar. Með skipunarbréfi nefndarinnar fylgdi ályktun Alþingis frá 7. maí 1975 um landmælingastjórn. Í nefndina voru skipaðir: Haukur Pétursson, mælingaverkfræðingur; Ólafur G. Einarsson, alþingismaður; Sigfús Örn Sigfússon, verkfræðingur; Steingrímur Gautur Kristjánsson, héraðsdómari; og Jónas Jónsson, ritstjóri, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Hinn 28. apríl 1976 var Bragi Guðmundsson, forstjóri, skipaður í nefndina í stað Sigfúsar Arnar Sigfússonar, er fór til starfa erlendis. Ritari nefndarinnar var Birgir Guðjónsson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu.

Frumvarpið er flutt óbreytt frá tillögum nefndarinnar og fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

Nefndin hefur unnið að gerð þriggja frumvarpa um þessi mál: frumvarps til laga um landmælingar, frumvarps til laga um mælingu lóða og landa í lögsagnarumdæmum kaupstaða og á skipulögðum svæðum utan kaupstaða og frumvarps til laga um breyting á landskiptalögum nr. 46/1941. Tvö hin síðar nefndu frumvörp fylgja hér með ásamt athugasemdum.

Nefndin kynnti sér fyrirkomulag landmælinga á Íslandi með því að ræða við þáverandi forstjóra Landmælinga Íslands, Ágúst Böðvarsson, en frá honum bárust einnig tvær skriflegar greinargerðir. Þá skrifaði nefndin bréf til stofnana og aðila, sem hér eru taldir á eftir, og bað um álit þeirra á viðfangsefninu og sendi með því spurningalista varðandi þörf stofnunarinnar fyrir landmælingar, kortagerð og annað það, er varðar viðfangsefni nefndarinnar. Stofnanir þær, sem leitað var til um álit á fyrirhugaðri lagasetningu og þörf fyrir landmælingar, voru þessar:

Rannsóknaráð ríkisins, Vegagerð ríkisins, Rafmagnsveitur ríkisins, Búnaðarfélag Íslands, Hafnarmálastofnun ríkisins, Póst- og símamálastjórnin, Náttúruverndarráð, Landsvirkjun, Skipulagsstjóri ríkisins, Sjómælingar Íslands, Landnám ríkisins, Flugmálastjórn, Fasteignamat ríkisins, Verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband íslenskra rafveitna, Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík, Dómarafélags Íslands, Lagadeild Háskóla Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Náttúrufræðistofnun Íslands.

Tólf hinir fyrst nefndu aðilar sendu svör, og má af þeim ráða, að margir aðilar, ríkisstofnanir og sveitarfélög verja miklum fjármunum til landmælinga og kortagerðar og að þríhyrningamælingar og kerfisbundnar hæðarmælingar fara fram á vegum margra aðila, án þess að mælt sé í samræmdum hnita- eða hæðakerfum. Aðilar töldu, að mikil þörf væri á skipulögðum og samræmdum eignamælingum bæði í þéttbýli og utan þess. Það kom einnig fram af svörum, að þörf var talin á skipulagðri söfnun og dreifingu upplýsinga á milli aðila, sem þurfa á landmælingum og kortagerð að halda, bæði um fyrirhuguð verkefni og um það, hvaða mælingar hefðu verið gerðar og hvað lægi fyrir af gagnlegum mælingum og kortum. Aðilar

töldu því, að hægt væri að koma í veg fyrir tvíverknað með betri skipulagningu þessara hluta og samræmingu á störfum þeirra aðila, sem fást við mælingar og kortagerð.

Landmælingar Íslands urðu ekki til sem sjálfstæð stofnun fyrr en 1956, eða 15 árum eftir fullnaðarskilnað við Dani. Fram til þess tíma höfðu Danir séð um allar kortlagningar af landinu, en þær hófust upp úr aldamótunum 1800, en aðalmælingastörfum Dana og kortagerð var lokið árið 1939. Eftir stríð var haldið áfram við kortagerðina á vegum Geodætisk Institut í Kaupmannahöfn, en Íslendingar kostuðu aðeins hluta af því starfi, það er endurskoðun kortanna. Landmælingar Íslands fengu með sérstökum samningi öll gögn varðandi mælingar á Íslandi frá Geodætisk Institut og einkarétt á notkun þeirra.

Nú starfa hjá Landmælingum Íslands um 20 manns, og er mestur hluti starfsliðsins sérhæft fólk á sviði mælinga, loftmyndatöku, ortomyndakortagerðar og kortateikninga.

Landmælingar Íslands hafa stöðugt haldið áfram því verki, sem Danir unnu að, haldið áfram grundvallarmælingum á landinu, unnið að endurskoðun kortanna og kortaútgáfu, unnið að loftmyndatöku af landinu vegna mælinga og kortagerðar og eru eini aðilinn, sem hefur á hendi slíka myndatöku. Landmælingar hafa um nokkurt árabil veitt aðstoð og tæknilega þjónustu við gerð gróður- og jarðakorta, sem unnið er að af Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Á síðari árum hafa Landmælingar Íslands í vaxandi mæli veitt öðrum stofnunum þjónustu í sambandi við mælingar og kortagerð fyrir rannsóknir og undirbúning framkvæmda. Á sama hátt er um landmælingar margháttuð samvinna á milli stofnunarinnar og starfandi verkfræðifyrirtækja. Landmælingar Íslands hafa nú tæki til allra venjulegra mælinga og kortagerðar og fengu fyrir fáum árum sérstaka tækjasamstæðu til að gera nákvæm kort með svonefndri ortomyndaaðferð. Stofnunin hefur til þessa ekki starfað eftir sérstökum lögum, en heyrir undir samgönguráðuneytið.

Auk þess, sem að framan er talið, hafa um alllangt skeið starfað hér verkfræðistofur, sem tekið hafa að sér mælinga- og kortagerðarverkefni, einkum til undirbúnings framkvæmda og vegna skipulagsstarfa. Sumar þessar verkfræðistofur hafa yfir að ráða fullkomnum tækjum til úrvinnslu mælinga og kortagerðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Markmið.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um markmið laganna og kemur þar fram, að nauðsynlegt þykir að samræma aðgerðir aðila, sem fást við mælingar á Íslandi, svo að fjármunum verði ekki kastað á glæ, heldur fáist full nýting á þeim. Lagt er til, að eignamælingar verði samræmdar, færðar í hnitakerfi, sem eru samræmanleg um allt landið og orðið grundvöllur að eignaskráningu, sem byggðist á óumdeilanlegum hnitum, er færa má á kort. Slík skráning tæki smám saman við af landamerkjaskrám, sem byggja á örnefnum eða er lýst á annan hátt.

Tryggja á skipulag á kortagerð og kortaútgáfu og að öllum gögnum, er lúta að landmælingum og kortagerð, verði safnað saman á einn stað, þar sem varsla þeirra yrði trygg og þau aðgengileg fyrir alla, sem á þurfa að halda hverju sinni.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

II. KAFLI
Landmælingar Íslands og landmælingastjórn.

Um 3. gr.

Með ákvæðum um landmælingastjórn á að tryggja það samstarf á milli aðila, er vinna að landmælinga- og kortagerð, og þá samræmingu á landmælingastörfum, sem lýst er að framan. Ætla má, að með slíkri stjórn kæmu saman fulltrúar þeirra aðila, sem mest þurfa á landmælingum og kortagerð að halda, og næðist þannig að samræma sjónarmið þeirra og fá yfirlit yfir þarfir þeirra fyrir landmælingar og kortagerð. Sömu aðilar ættu best með að gera tillögur um staðla á sviði landmælinga og samræmingu á öðrum tæknilegum hlutum, er þessi mál varða, svo og hvaða kröfur eigi að gera til landmælingamanna, til þess að þeir hljóti löggildingu. Að öðru leyti starfaði landmælingastjórn sem ráðgefandi nefnd, bæði fyrir samgönguráðuneytið og Landmælingar Íslands.

Hér er því ekki lagt til, að komið sé á fót nýrri ríkisstofnun, heldur sjái Landmælingar Íslands um framkvæmd á samþykktum landmælingastjórnar og veiti henni nauðsynlega starfsaðstöðu.

Með frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir verulegri breytingu á stöðu eða hlutverki Landmælinga Íslands sem stofnunar, frá því sem nú er í reynd, fyrir utan það, sem leiðir af samræmdum störfum þeirra, er að landmælingum vinna, en mikilvægt má telja fyrir stofnunina að fá tilveru sína og hlutverk staðfest með lögum.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um daglega stjórn stofnunar og skipun forstöðumanns, en ætlað er að forstöðumaður ráði annað starfsfólk að fengnu samþykki ráðherra, innan þess ramma sem fjárveitingar heimila.

Eðlilegt þykir að gera þær kröfur til forstöðumanns, að hann sé mælingaverkfræðingur eða hafi hliðstæða háskólamenntun. Við mat á því, hvað teldist hliðstæð háskólamenntun væri eðlilegt að leita álits verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands og/eða Verkfræðingafélags Íslands.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um skipun landmælingastjórnar. Með þeirri tilnefningu, sem þar er lögð til, er ætlað, að aðilar, sem hagsmuna hafa að gæta og/eða geta lagt til faglega þekkingu á þeim atriðum, sem undir stjórnina heyra, eigi þar setu. Erfitt er að gera tillögu um fámennari nefnd, sem fullnægði þessum skilyrðum. Eðlilegt er, að forstöðumaður Landmælinga Íslands sitji fundi landmælingastjórnar, þar sem í hans hlut kæmi að fylgja fram ýmsum af ákvörðunum hennar og leggja henni til ýmsar upplýsingar, auk þess sem stjórninni er ætlað að vera til ráðgjafar um störf Landmælinga Íslands.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við þann tilgang laganna að samræma sem best störf þeirra, sem vinna að landmælingum, er kostaðar eru af almannafé. Með því að þessir aðilar gerðu áætlanir um landmælinga- og kortagerðarverkefni og legðu þær fyrir landmælingastjórn fengist nauðsynleg yfirsýn yfir það, að hverju þarf að vinna, og sköpuðust möguleikar til að hagræða störfunum og samræma þau. Eðlilegt þykir, að Landmælingar Íslands taki á móti þessum áætlunum, en landmælingastjórn fjalli um þær. Með þessu er engan veginn verið að hafa áhrif á það, hvaða aðilar vinna að framkvæmd landmælingaverkefna.

Um 7. gr.

Landmælingar hafa undir höndum öll gögn frá Geodætisk Institut og útgáfurétt á þeim og þar með einkarétt á útgáfu korta, sem á þeim byggjast. Eðlilegt er, að þær hafi áfram einkarétt á kortaútgáfu af landinu, eins og kveðið er á um í greininni, en að þeim sé heimilt að framselja þennan rétt. Það hafa þær og gert í vissum tilfellum t. d. til Ferðafélags Íslands í sambandi við ferðakort.

Landmælingar Íslands eru eini aðilinn, sem hefur annast töku loftljósmynda í þágu landmælinga- og kortagerðar og þykir eðlilegt, að þær hafi á því einkarétt.

Um 8. gr.

Mikilvægt er, að öllum þeim gögnum, sem til falla og hafa mælingalegt gildi, sé safnað saman til tryggrar varðveislu á einum stað. Slík skilaskylda mundi ná til allra aðila erlendra sem innlendra, sem fást við mælingar, er gefa niðurstöður, er hafa slíkt gildi. Nokkuð mun vera af því, að erlendir aðilar, sem fá rannsóknarheimildir hjá íslenskum stjórnarvöldum, fáist við mælingar á landi, sem hefðu slíkt gildi, og ber að tryggja, að þeir sinni slíkri skilaskyldu.

Þá er eðlilegt, að Landmælingar veiti öðrum aðilum upplýsingar og gögn úr safni sínu eftir reglum, sem um það verða settar. Kveða þarf nánar á um tvö framangreind atriði skila- og upplýsingaskyldu í reglugerð, sem eðlilegt væri, að landmælingastjórn gerði tillögur að.

III. KAFLI

Eignamælingar.

Um nokkur undanfarin ár hafa Landmælingar Íslands haft með höndum skipulegar eignamælingar í samvinnu við Landnám ríkisins og Rannsóknastofn. landb.

Æskilegt er, að smám saman verði gerðar mælingar á landamerkjum um allt land og þau kortlögð. Ekki er þó gert ráð fyrir, að Landmælingar Íslands geti að öllu leyti annast þessar mælingar sjálfar með eigin mannafla. Er því gert ráð fyrir, að gera megi verksamninga við sjálfstæða landmælingamenn. Einnig er gert ráð fyrir, að sveitarstjórnir, sýslunefndir eða landshlutasamtök sveitarfélaga kunni að óska eftir að láta fara fram eignamælingar á umráðasvæðum sínum.

Ákvæði þessa kafla miða einkum að því að tryggja, að eignamælingar séu unnar af fyllstu faglegri þekkingu, að þessar mælingar og kort, sem gerð verða samkvæmt þeim, séu sem áreiðanlegust, að landeigendur eigi sem bestan kost á að gæta hagsmuna sinna við ákvörðun merkjanna, að þeim sé gefinn kostur á að fá leyst úr ágreiningi og óvissu á einfaldan og óbrotinn hátt, að ákveðin landamerki verði ekki véfengd og að sem tryggilegast sé gengið frá vörslu merkjaskráa og uppdrátta og að þau séu öllum sem aðgengilegust, þannig að menn geti ekki borið fyrir sig ókunnugleika á þeim.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir, að jafnframt lögtöku þessa frumvarps verði lögtekið frumvarp um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmum kaupstaða og á skipulögðum svæðum utan kaupstaða.

Um mælingar, sem fram fara að frumkvæði landeigenda áður og eftir að skipulegar eignamælingar fara fram, sjá 21. og 22. gr.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir, að merkjaskrár séu þannig orðaðar og uppdrættir þannig gerðir, að hægt sé að setja niður merki eftir þeim, þótt merki, sem sett hafa verið í landið, glatist. Eigi að síður er talið áríðandi, að glögg merki séu sett niður á landamerkjum, t. d. járnstautar á steinsteyptum stöpli þannig umbúnir, að þeir haggist ekki, t. d. í frostum.

Um 11. gr.

Það er eitt af meginatriðum frumvarpsins að tryggja, að ekki sé öðrum falið að annast landmælingar en þeim, sem hafa til þess nægilega kunnáttu, sbr. 3. gr. og 23. gr.

Um 12. gr.

Ákvæði um stefnufresti eru í 99. gr. l. um 85/1936. Að öðru leyti má hafa til hliðsjónar 94.—98. gr. og 101.—102. gr. sömu laga.

Gert er ráð fyrir, að ábúandi geti samþykkt ákvörðun landamerkja í umboði landeiganda, án þess að færa sönnun á umboð sitt.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir, að landmælingamaður geti ákveðið merki, þótt aðilar mæti ekki eða þótt aðilar séu ekki á einu máli um merki eða í óvissu um þau. Landmælingamaður mundi væntanlega ekki neyta þessara heimilda, nema hann þættist geta ákvarðað merkin með sæmilegri vissu af tiltækum gögnum. Þar sem um verulegan vafa væri að ræða og réttarágreining, mundi landmælingamaður síður taka ákvörðun, nema aðilar óskuðu úrlausnar hans.

Takist ekki að ákvarða merki vegna réttaróvissu er gert ráð fyrir, að héraðsdómara sé gert viðvart, þannig að merki verði ákveðin eftir landamerkjalögum (l. 41/1919).

Um 15. og 16. gr.

Talið er áríðandi að aðili, sem telur á sig hallað með ákvörðun merkja, eigi þann kost að neyta réttarúrræða til að fá ákvörðun hnekkt.

Um 17. gr.

Gert er ráð fyrir, að landmælingamaður fylgist með því í upphafi, að landamerki séu greinilega merkt. Um viðhald merkja sjá 2. mgr. 20. gr.

Um 18. gr.

Hér vísast til laga um skráningu og mat fasteigna, þinglýsingarlaga og laga um aukatekjur ríkissjóðs.

Gert er ráð fyrir þeirri nýbreytni, að Landmælingar Íslands annist um þinglýsingu merkjaskráa, en hingað til hefur það verið á valdi landeigenda. Er þetta gert til að tryggja, að sem öruggastar upplýsingar sé að fá um landamerki í veðmálabókum.

Gert er ráð fyrir, að ákvörðun landamerkja samkvæmt lögum þessum hafi svipuð áhrif og landamerkjadómur.

Um endurskoðun dómstóla eftir að frestir þeir eru liðnir, sem greindir eru í 16. gr., fer þó eftir reglum um endurskoðun á úrlausnum stjórnvalda.

Um 19. gr.

Til að fjármagns verði aflað til skipulegra eignamælinga er talið nauðsynlegt að leggja nokkurt gjald á landeigendur, enda koma mælingar þeim almennt að notum öðrum fremur.

Um 20. gr.

Gert er ráð fyrir, að sýslumenn feli hreppstjórum að jafnaði eftirlit með merkjum.

Um 21. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að breyting verði á landamerkjum eftir að þau hafa verið ákveðin skv. ákvæðum þessa kafla, og er þá miðað við, að alls hins sama sé gætt og við upphaflega mælingu, eftir því sem við á, en að mæling fari fram á kostnað eigenda.

Um 22. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að fram fari eignamælingar, þar sem skipulegar eignamælingar skv. 12.—17. gr. hafa ekki farið fram, og er þá talið æskilegt, að slíkar mælingar fari fram á þann hátt, að þær geti komið að notum, ef síðar verður ráðist í mælingar samkvæmt ákvæðum 12.—17. gr.

Um 23.—24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 152. Frumvarp til laga [129. mál]

um breyting á landskiptalögum nr. 46/1941.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Ef land það, er skipta á, er tún, góðar engjar eða annað sérstaklega verðmætt land, geta eigendur hver um sig krafist þess, að skipt sé eftir uppdrætti. Enn fremur ef landið er mjög óreglulegt eða aðstaða þannig, að torvelt sé að skipta, getur sérhver eigandi eða matsnefnd krafist uppdráttar.

Skal þá sýslumaður kveðja löggiltan landmælingamann til að gera uppdrátt.

Landmælingamaður skal færa allar landamerkjalínur inn á uppdrátt og senda Landmælingum Íslands frumrit uppdráttar ásamt landamerkjaskrá.

Uppdráttur skal gerður samkvæmt ákvæðum III. kafla laga um landmælingar og reglugerðar samkvæmt þeim lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem samgönguráðherra skipaði 1975 til að semja frumvarp til laga um landmælingastjórn skv. þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi 7. maí 1975.

Þær breytingar í landskiptalögum, sem felast í frumvarpinu, eru gerðar til samræmis við frumvarp til laga um landmælingar, og er þetta frumvarp fylgifrumvarp þess.

Gert er ráð fyrir, að við landaskipti sé ekki öðrum falið að gera uppdrætti en þeim, sem til þess hafa fengið löggildingu, sbr. 2. mgr. 11. gr. frumvarps til landmælingalaga.

Ennfremur er gert ráð fyrir skilum til Landmælinga Íslands á uppdráttum og landamerkjaskrám, en að um frekari meðferð gagnanna fari síðan eftir 18. gr. nefnds frumvarps.

Ed. **153. Frumvarp til laga** [130. mál]

um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmum kaupstaða og á skipulögðum svæðum utan kaupstaða.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Sveitarstjórnir láta mæla allar lóðir og lönd innan lögsagnarumdæma kaupstaða og innan skipulagðra svæða utan kaupstaða.

Það, sem ákveðið er í eftirfarandi greinum um lóðir, gildir einnig um önnur lönd á nefndum svæðum.

2. gr.

Landmælingastjórn ákveður mælikvarða uppdrátta og setur nánari reglur um mælingar, þannig að sem mest samræmi sé milli uppdrátta þessara og uppdrátta, sem gerðir eru samkvæmt III. kafla laga um landmælingar.

Skal uppdráttur sýna greinileg takmörk hverrar lóðar og afstöðu til nágrannalóða og grunnflöt húsa þeirra og mannvirkja, sem á lóðinni eru.

3. gr.

Sveitarstjórn felur löggiltum landmælingamanni að mæla lóðir og gera uppdrátt af þeim, sbr. 11. gr. laga um landmælingar.

Landmælingamanni og aðstoðarmönnum hans er frjáls umferð um lóðir manna, meðan á mælingunni stendur, og skulu eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra skyldir að láta þeim í té þær upplýsingar, er þeir æskja og þurfa til þess að geta framkvæmt starf sitt.

Áður en landmælingamaður ákveður merki lóðar, skal hann gera eiganda hennar eða umboðsmanni hans, svo og eigendum nágrannalóða eða umboðsmönnum, ef kunnugt er um þá, enda séu þeir heimilisfastir í sveitarfélaginu eða þar staddir, viðvart með 3 sólarhringa fyrirvara um það, hvenær merki verði ákveðin. Er þeim rétt að sækja merkjastefnu, er halda skal á lóðinni, og segja landmælingamanni til um lóðamörk. Ef menn verða ásáttir um lóðamörk, getur landmælingamaður þess í dagbók sinni, enda er hún þá ásamt lóðamerkjabók, ef þeim ber saman, lögsönnun fyrir stærð og legu lóðar.

Nú sækja eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra eigi merkjastefnu, hvort sem því veldur, að eigi er kunnugt um þá, þeir eru fjarverandi eða neyta eigi réttar síns til að vera þar við, og ákveður landmælingamaður þá merki eftir skýrslum þeirra lóðareigenda, sem stefnuna hafa sótt, eða umboðsmanna þeirra, og öðrum gögnum.

Nú vill lóðareigandi ekki hlíta merkjasetningu, og skal hann þá tilkynna það landmælingamanni innan 4 vikna eftir merkjastefnu.

Hafi mál ekki verið höfðað út af ágreiningi um lóðamörk innan 6 mánaða frá merkjasetningu, skal litið svo á að aðilar uni við þau lóðamörk, sem ákveðin hafa verið.

4. gr.

Sveitarstjórn löggildir bók, sem nefnist lóðarmerkjabók. Skal landmælingamaður rita í hana lýsingu á merkjum hverrar lóðar og setja hjá eftirrit að aðaluppdrættinum yfir lóðina og mörk hennar, ef honum þykir þurfa til skýringar eða ef ágreiningur er um merki. Í hana skal rita stærð lóða, byggðra og óbyggðra. Landmælingamaður, lóðareigandi eða umboðsmaður hans og eigendur nágrannalóða eða umboðsmenn þeirra, skulu undirskrifa lýsinguna, en rétt er lóðareigendum að gera fyrir-

vara um ágreining, ef samkomulag fæst eigi um merkin, og skal þá sýna á eftirritinu af uppdrættinum, svo greinilega sem unnt er, hvað milli ber um merkin. Landmælingamaður getur þess þó jafnframt, hvora merkjalínuna hann telur réttari, eða geti hann á hvoruga fallist, hvar hann telur merki réttast eftir öllum atvikum.

5. gr.

Um ágreining út af lóðarmerkjum fer eftir III. kafla laga um landamerki o. fl.

6. gr.

Sveitarstjórn skal láta skrásetja allar lóðir og lönd, sem mæld eru samkvæmt lögum þessum.

Breytingar, sem verða á lóðum og húsum, skal jafnóðum rita í lóðaskrá og færa á uppdrátt.

Þegar mælingu lóðar er lokið, skal sveitarstjórn senda þinglýsingadómara tilkynningu um mælingu ásamt uppdrætti.

Tilkynning skal fullnægja skilyrðum 5. gr. laga, um þinglýsing skjala og aflýsing, og reglna skv. þeim.

Gerð og efni tilkynningar skal ákveða í reglugerð, er samgönguráðherra setur, að fengnum tillögum landmælingastjórnar.

Fyrir þinglýsingu tilkynningar skal ekkert gjald greiða.

Samrit tilkynningar og uppdráttar skal sent Fasteignamati ríkisins.

7. gr.

Þá er merkjastefnu er lokið, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um eigendaskipti á lóð eða parti úr lóð, nema landmælingamaður eða lóðarskrárritari hafi ritað vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að eigendaskiptanna sé getið í lóðamerkjabók eða lóðaskrá.

Ef skrásettri lóð er skipt í hluta, tvo eða fleiri, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um skiptinguna, nema því eða þeim fylgi vottorð sveitarstjórnar um samþykki hennar á skiptingunni.

8. gr.

Sveitarstjórn lætur þeim, er þess óska, í té staðfest eftirrit úr skránni og einnig af uppdrætti lóðarinnar.

Gjöld fyrir eftirrit, vottorð og aðra þjónustu, sem einstökum mönnum er veitt, skulu ákveðin í gjaldskrá, er ráðherra setur að fengnum tillögum sveitarstjórnar.

Allur kostnaður við mælingu og skrásetningu lóða greiðist úr sveitarsjóði.

Ráðherra setur að fengnum tillögum landmælingastjórnar, reglur um skil tilkynninga og uppdrátta vegna lóða, sem mældar hafa verið í gildistíð eldri laga.

Sveitarstjórn getur skipað lóðarskrárritara til að framkvæma það, sem henni er falið í lögum þessum.

9. gr.

Lög þessi taka þegar gildi um lögsagnarumdæmi kaupstaða.

Um skipulögð svæði utan kaupstaða taka lögin gildi, þegar ákvörðun sveitarstjórnar þar um, staðfest af ráðherra hefur verið birt í Stjórnartíðindum.

10. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 35/1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, og nr. 16/1951, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem samgönguráðherra skipaði 1975 til að semja frumvarp til laga um landmælingastjórn skv. þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi 7. maí 1975.

Nefndin hefur samið frumvarp til laga um landmælingar, og er þetta frumvarp fylgifrumvarp þess.

Í III. kafla frumvarps til landmælingalaga er mælt fyrir um eignamælingar utan lögsagnarumdæma kaupstaða og skipulagðra svæða, en ekki þótti fært að hafa að öllu leyti sömu reglur um eignamælingar og gerð uppdrátta innan og utan þessara landsvæða.

Þetta frumvarp er samið með hliðsjón af lögum nr. 35/1914 og 16/1951 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmum Reykjavíkur og Akureyrar og gert ráð fyrir, að þau lög falli úr gildi við gildistöku þessara laga, en að öðru leyti er frumvarp þetta samið með hliðsjón af ákvæðum frumvarps til laga um landmælingar.

Ed. 154. Frumvarp til laga [131. mál]

um breytingu á lögum nr. 8 frá 27. febrúar 1976 um flugvallagjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði, sem verður ákvæði til bráðabirgða, og hljóði svo:
Á árinu 1979 skal innheimta gjöld skv. 1. mgr. 2. gr. með 100% álagi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Flugvallagjald vegna ferða með loftförum innanlands og frá Íslandi til annarra landa hefur verið innheimt frá því í maí 1975, sbr. ákvæði VI. kafla l. nr. 11/1975. Ákvæði þessi voru tímabundin og giltu til loka febrúar 1976. Gjald vegna utanfarar nam skv. þeim kr. 2 500.00 fyrir hvern mann. Með lögum nr. 8/1976 um flugvallargjald var gjald vegna utanfarar lækkað í kr. 1 500.00 fyrir fullorðna og kr. 750.00 fyrir börn en um leið gert ótímabundið. Þá var með sömu lögum ákveðið að flugvallagjald vegna flugferða innanlands yrði kr. 200.00 fyrir fullorðna farþega en það hafði ýmist verið kr. 350.00 eða kr. 175.00 fyrir fullorðna farþega eftir því hvort um var að ræða ferðir að eða frá Reykjavík eða Keflavíkurflugvelli.

Með 5. gr. l. nr. 77/1977 um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum var flugvallagjald af utanlandsflugi hækkað um 100% eða í kr. 3 000.00 fyrir fullorðna og kr. 1 500.00 fyrir börn. Hækkun þessi er tímabundin og gildir til ársloka 1978.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir 1979 er gert ráð fyrir óbreyttri innheimtu flugvallagjalds frá því sem verið hefur árið 1978. Tekjur af gjaldinu á árinu 1978 eru taldar verða um 450 m.kr. en skv. fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1979 er áætlað að tekjur ríkissjóðs af flugvallagjaldi verði 470 mkr. Þar sem forsendur fjárlagafrumvarpsins gera ráð fyrir svipuðum tekjum af flugvallagjaldi á árinu 1979 og þær verða á þessu ári er einsýnt að halda verður áfram að innheimta flugvallagjald á sama hátt og verið hefur. Eins og áður sagði þá gildir 5. gr. l. nr. 77/1977 aðeins til næstu áramóta. Af þessum sökum er þetta frumvarp lagt fram, en í því er gert ráð fyrir að áfram verði innheimt sama fjárhæð á árinu 1979 og gert er skv. 5. gr. laga nr. 77/1977 á árinu 1978.

Nd. 155. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Hér er um að ræða frumvarp til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem út voru gefin 1. júní 1978. Efni frumvarpsins er samræming á upptalningu tollskrárnúmera vegna breytinga sem gerðar voru á lögum um tollskrá.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 7. desember 1978.

Lúðvík Jósepsson, form., frsm.	Halldór E. Sigurðsson, fundaskr.	Vilmundur Gylfason.
Ólafur G. Einarsson.	Kjartan Ólafsson.	Matthías Á. Mathiesen.
	Finnur Torfi Stefánsson.	

Sþ. 156. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]

um varanlega vegagerð.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Ólafur G. Einarsson, Matthías Bjarnason, Lárus Jónsson, Eggert Haukdal, Friðjón Þórðarson, Eyjólfur K. Jónsson, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fella að nýrri vegáætlun sérstaka 15 ára áætlun um lagningu hringvegar og vega til allra þéttbýlisstaða í landinu með bundnu slitlagi.

Framkvæmdum skal hagað þannig:

1. 1979—1984:
   a) Þjórsá—Vík í Mýrdal.
   b) Kjalarnes—Akureyri—Húsavík.
   c) Egilsstaðir—Eskifjörður—Fáskrúðsfjörður.
   d) Höfn í Hornafirði—Flugvöllur.
   e) Ísafjörður—Bolungarvík og Ísafjörður—Súðavík.
   f) Tenging við Akranes, Hvammstanga Sauðárkrók, Dalvík, Þorlákshöfn, Eyrarbakka, Stokkseyri.
   g) Ólafsvík—Hellissandur.
2. 1984—1989:
   a) Borgarnes—Stykkishólmur—Búðardalur að Þorskafjarðarheiði.
   b) Patreksfjörður—Tálknafjörður—Bíldudalur.
   c) Ísafjörður—Flateyri—Þingeyri.
   d) Blönduós—Skagaströnd.
   e) Sauðárkrókur—Siglufjörður.
   f) Aðaldalur—Reynihlíð.
   g) Egilsstaðir—Jökulsá á Dal.
   h) Fáskrúðsfjörður—Höfn í Hornafirði.
   i) Biskupstungnavegur að Laugarvatni.
   j) Skeiðavegur að Þjórsárdalsvegi.
3. 1989—1994:

Lokið hringvegi og allir þéttbýlisstaðir tengdir og auk þess byggðir upp fjölförnustu dreifbýlisvegir eftir því sem fjármagn hrekkur til.

Framkvæmdir verði fjármagnaðar þannig:
1. Með happdrættisláni 2 000 millj. kr. á ári.
2. Með framlagi Byggðasjóðs 1 000 millj. kr. á ári.
3. Með umframtekjum af sérsköttum umferðarinnar frá og með næstu áramótum, þó eigi lægri fjárhæð en 2 000 millj. kr. á ári.

Allar framangreindar fjárhæðir haldi raungildi sínu ár frá ári.

Sérstaklega verði athugað að stytta framkvæmdatímabil úr 15 árum í 10 ef þess er kostur.

Tekin verði erlend lán til framkvæmdanna þegar og ef þess er þörf í samræmi við lánsfjáráætlun hverju sinni, og einnig til eftirtalinna verkefna:
1. Garður og brú yfir Botnsvog.
2. Lúkning Borgarfjarðarbrúar.
3. Göng í gegnum Breiðadalsheiði.
4. Vegsvalir á hættustöðum Óshlíðar og Ólafsfjarðarmúla.
5. Garður og brýr yfir Leirur í Eyjafirði.
6. Reykjanesbraut (Reykjavík—Kópavogur—Garðabær—Hafnarfjörður).
7. Brú á Ölfusárós.

Með fjármagni á vegáætlun hverju sinni skal leggja sérstaka áherslu á byggingu vega upp úr snjó, og enn fremur hið fyrsta byggingu eftirtalinna snjóþungra og lélegra vegakafla, þótt síðar á framkvæmdatímabili yrðu lagðir bundnu slitlagi:
a) Stykkishólmur—Grundarfjörður—Ólafsvík.
b) Djúpvegur og tenging Inn-Djúps við A.-Barð.
c) Vesturlandsvegur (efri hluti Norðurárdals).
d) Holtavörðuheiði.
e) Hrútafjarðarháls.
f) Víkurskarð.
g) Melrakkaslétta.
h) Hvalnesskriður.

Greinargerð.

Brýnasta hagsmunamál þjóðarinnar nú er gerð vega með bundnu slitlagi til allra þéttbýliskjarna í landinu og lagning vega upp úr snjó. Samhliða beislun orku fallvatna og í iðrum jarðar er þetta einnig arðgæfasta framkvæmdin. Því ber nauðsyn til að Alþingi taki þegar í stað ákvörðun í máli þessu.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

Ed. 157. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt, en Eyjólfur K. Jónsson og Jón G. Sólnes munu skila séráliti. Ólafur Ragnar Grímsson skrifar undir nál. meiri hlutans með fyrirvara. Geir Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. des. 1978.

Jón Helgason, form.	Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr., með fyrirvara.	Karl Steinar Guðnason, frsm.
	Ágúst Einarsson.	

Ed. 158. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um niðurfærslu vöruverðs og verðbótavísitölu í september 1978.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið og varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt, en Eyjólfur K. Jónsson og Jón G. Sólnes munu skila séráliti. Geir Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. des. 1978.

Jón Helgason, form., frsm. Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr. Karl Steinar Guðnason.
Ágúst Einarsson.

Ed. 159. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., sbr. lög nr. 69/1967.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að frv. verði samþ. óbreytt, en Eyjólfur K. Jónsson og Jón G. Sólnes skrifa undir nál. með fyrirvara. Geir Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. des. 1978.

Jón Helgason, form., frsm. Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr. Jón G. Sólnes, með fyrirvara.
Ágúst Einarsson. Karl Steinar Guðnason. Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.

Ed. 160. Frumvarp til laga [133. mál]

um breyting á lögum nr. 97 28. desember 1971 um vörugjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

2. og 3. mgr. 1. gr. laganna verði svohljóðandi:

Leyfisbréf er veitir heimild til framleiðslu gjaldskyldrar vöru samkvæmt lögum þessum skal koma í stað iðnaðarleyfis samkvæmt iðnaðarlögum nr. 42/1978. Leyfisbréf skal gilda í 5 ár talið frá útgáfudegi þess.

Fyrir útgáfu leyfisbréfs skal greiða í ríkissjóð sérstakt leyfisgjald svo og fyrir endurnýjun þess. Leyfisgjald skal ákveðið samkvæmt 20. gr. laga nr. 79/1975 um aukatekjur ríkissjóðs með áorðnum breytingum.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Af vörum, sem inn eru fluttar eða framleiddar eru innanlands og flokkast undir tollskrárnúmer í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða vörugjald til ríkissjóðs sem hér segir:

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Gjaldeining	Vörugjald í kr.
17.04	**Sykurvörur sem kakaó er ekki í:**		
01	— Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur	1 kg	45,60
03	— Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót. a.	1 kg	45,60
04	— Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	1 kg	45,60
05	— Karamellur	1 kg	45,60
06	— Vörur úr gúmmí arabikum	1 kg	45,60
09	— Aðrar	1 kg	45,60
18.06	**Súkkulaði og aðrar neysluvörur sem í er kakaó:**		
úr 04	— Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ. e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri, í smásöluumbúðum 100 g og stærri	1 kg	20,80
úr 04	— Annað	1 kg	45,60
05	— Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt	1 kg	45,60
06	— Fyllt súkkulaði, súkkulaðihúðað sælgæti, þar með talið konfekt	1 kg	45,60
úr 09	— Súkkulaðiís og ís húðaður með súkkulaði		0,00
úr 09	— Annars	1 kg	45,60
22.01	**Vatn, ölkelduvatn og vatn með kolsýru; ís og snjór:**		
01	— Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	1 l	17,00
22.02	**Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi er telst til nr. 20.07:**		
01	— Gosdrykkir	1 l	16,00
09	— Annað	1 l	16,00
22.03	**Öl gert úr malti:**		
01	— Maltöl og annað yfirgerjað öl, sem inniheldur minnst 8% af maltextrakti og minna en 2% af alkóhóli miðað við rúmmál	1 l	14,00
09	— Annað	1 l	17,00

3. gr.

2. málsliður 5. gr. laganna verði svohljóðandi:

Að þessu og öðru leyti skulu ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum gilda eftir því sem við á um vörugjald af innfluttum vörum.

4. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna verði svohljóðandi:

Heimilt skal að endurgreiða vörugjald af gjaldskyldum vörum sem settar hafa verið í tollvörugeymslu, fluttar hafa verið til útlanda til sölu þar eða endursendar, enda hafi verið gætt ákvæða laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settum samkvæmt þeim.

5. gr.

11.—13. gr. laganna falli brott. Jafnframt verði 14. og 15. grein laganna 11. og 12. gr. þeirra.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða falli brott

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 118 28. desember 1976 og lög nr. 83 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 97 28. desember 1971 og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með samþykkt laga nr. 97/1971 um vörugjald var mörkuð sú stefna að Styrktarsjóður fatlaðra, sbr. lög nr. 25/1962, og Styrktarsjóður vangefinna, sbr. lög nr. 78/1966, skyldu halda tekjum sínum óskertum um nánar tiltekinn tíma. Samkvæmt lögum þessum var ráð fyrir því gert að Styrktarsjóður fatlaðra héldi tekjum sínum óskertum til aprílloka 1972 og skyldu þær vera 4 kr. af hverju kílógrammi innlendrar framleiðslu nánar tilgreindra vara. Frá þeim tíma skyldi hins vegar horfið frá skipan þessari og fjárþörfum sjóðsins síðan mætt með fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni og þá tekið sérstakt tillit til þeirra framkvæmda sem ákvarðanir yrðu teknar um í framtíðinni. Í samræmi við ákvörðun þessa var sérstök fjárveiting til sjóðsins tekin upp í fjárlög, í fyrsta sinn árið 1972 og á hverju ári síðan.

Að því er varðar Styrktarsjóð vangefinna var hins vegar upphaflega gert ráð fyrir samkvæmt vörugjaldslögum að ríkissjóður greiddi framlag til sjóðsins til júníloka 1976. Skyldi það nema 1,95 kr. af hverjum lítra af innlendri framleiðslu á öli og gosdrykkjum. Frá sama tíma var fyrirhugað að fjárþörfum sjóðsins yrði mætt með fjárframlögum úr ríkissjóði á fjárlögum hverju sinni á sama hátt og gilti um Styrktarsjóð fatlaðra. Með lögum nr. 118/1976 var framlagið hins vegar hækkað um 7 kr. af hverjum lítra og skyldi það haldast til ársloka 1977. Með lögum nr. 83/1977 var framlagið síðan enn á ný framlengt til ársloka 1978 jafnframt því sem það var hækkað í 10 kr.

Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir að vörugjald verði á lagt á árinu 1979 samkvæmt óbreyttri gjaldskrá en ákvæði um framlag til Styrktarsjóðs vangefinna verði fellt niður. Eftirleiðis er hins vegar gert ráð fyrir að framlagið verði ákveðið með fjárveitingu á sama hátt og gildir um flest önnur framlög til félags- og líknarmála. Í samræmi við stefnumörkun þessa hefur því í nefndu fjárlagafrumvarpi verið lagt til að fjárveiting til þessa sjóðs verði 150 milljónir kr. fyrir árið 1979.

Í samræmi við þá stefnu sem fram kemur í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1979 er með frumvarpi þessu því lagt til að gjaldskrá vörugjaldslaga haldist óbreytt frá því sem nú er auk þess sem gildistími hennar verði ótímabundinn og ákvæði um ráðstöfun tekna samkvæmt vörugjaldslögum verði felld niður. Þá er lagt til samkvæmt 1. gr. frumvarpsins að leyfisgjald vegna tollvörugerðar verði ákveðið af ráðherra samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1975 um aukatekjur ríkissjóðs.

Vegna breytinga sem gerðar hafa verið á stofnlögum nr. 97/1971 um vörugjald svo og breytinga þeirra sem leiða munu af frumvarpi þessu, verði það að lögum, þykir rétt að lögin verði gefin út að nýju í heild með áorðnum breytingum og réttum lagatilvitnunum.

Nd. 161. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til laga um kjaramál.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Hér er um að ræða frumvarp til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem gefin voru út 8. sept. 1978. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Tveir nefndarmanna, þeir Ólafur G. Einarsson og Matthías Á. Mathiesen, gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti. Aðrir nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingartillögum, sem fluttar verða á sérstöku þingskjali.

Efni frumvarpsins varðar fyrstu aðgerðir núverandi ríkisstjórnar í efnahagsmálum.

Fyrstu þrír kaflar frumvarpsins eru um kjarasamninga, greiðslur verðbóta á laun, bætur almannatrygginga og um niðurfærslu verðlags og verðlagseftirlit. Við þá kafla gerir meiri hl. n. ekki breytingartillögur.

Fjórði kafli frumvarpsins fjallar um nýja skattheimtu. Þar er um að ræða eignarskattsviðauka, sérstakan tekjuskatt og sérstakan tekjuskatt á atvinnurekstur. Við þennan kafla flytur meiri hl. nefndarinnar fjórar breytingartillögur. Tvær þeirra miða að því að gera ákvæði laganna skýrari og ótvíræðari en áður var, en hinar tvær fela í sér nokkra lækkun á eignarskattsviðauka þeirra, sem orðnir eru 67 ára eða áttu rétt til örorkulífeyris árið 1977, og nokkra lækkun á skatti af atvinnurekstri einstaklinga með því að fella niður skatt sem ekki nær 15 000 krónum.

Við aðra kafla frumv. gerir meiri hl. nefndarinnar ekki breytingartillögur.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 7. des. 1978.

Lúðvík Jósepsson, form., frsm. Halldór E. Sigurðsson, fundaskr. Vilmundur Gylfason.

Finnur Torfi Stefánsson. Kjartan Ólafsson.

Nd. 162. Breytingartillögur [39. mál]

við frv. til l. um kjaramál.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 8. gr. frumvarpsins bætist ný mgr. er verði 2. mgr. og orðist svo:
   Hjá þeim mönnum, sem náð höfðu 67 ára aldri fyrir 1. janúar 1978 eða áttu rétt til örorkulífeyris á árinu 1977, skal álagður eignarskattsauki skv. a-lið 1. mgr. lækkaður um 16 000 kr. hjá einstaklingi og um 24 000 kr. hjá hjónum.
2. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Á árinu 1978 skal lagður sérstakur tekjuskattur á alla menn, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, sem hér segir:
   a. Einstaklinga: 6% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 2 800 000 kr., auk 220 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.
   b. Samsköttuð hjón og karl og kona sem búa saman í óvígðri sambúð, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 6% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 3 700 000 kr., auk 220 000 kr.

fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.

c. Hjón, sem telja fram hvort í sínu lagi: 6% af skattgjaldstekjum hvors um sig á skattárinu 1977 að frádregnum 2 220 000 kr. hjá hvoru, auk 110 000 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.

Áður en skattur er ákvarðaður samkvæmt þessari grein skulu skattgjaldstekjur manna skv. 1. mgr., sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, lækkaðar um hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi þegar frá þeim hreinu tekjum hefur verið dregin sú upphæð sem ætla má að reiknuð laun þessara manna hefðu numið, miðað við vinnuframlag þeirra, ef þeir hefðu unnið starfið í þágu óskylds aðila, eða hækkaðar um rekstrartöp af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi á skattárinu 1977 að viðbættri upphæð reiknaðra launa þessara manna svo og um yfirfærð rekstrartöp frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

Við ákvörðun á reiknuðum launum skv. 2. mgr. fyrir framlagða vinnu við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal farið eftir viðmiðunarreglum þeim sem settar hafa verið vegna gjaldársins 1978 á grundvelli ákvæða 2. gr. reglugerðar nr. 336/1976.

Nemi munur vergra tekna til skatts og skattgjaldstekna hærri fjárhæð en 532 500 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi, en 798 700 kr. hjá samsköttuðum hjónum, skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt stafliðum a., b. og c. um þá fjárhæð sem munurinn er umfram þessar fjárhæðir, eftir því sem við á, og reiknast þá sérstaki tekjuskatturinn af þessum upphækkuðu skattgjaldstekjum, sbr. stafliði a., b. og c.

Hjá skattþegum, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal, áður en ákvæðum 4. mgr. er beitt, hækka vergar tekjur til skatts um upphæð reiknaðra launa skv. 2. og 3. mgr. að frádregnum hreinum tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Þessi sérstaki tekjuskattur er ekki frádráttarbær frá tekjum.

3. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Á árinu 1978 skal leggja sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skattþegna, ákveðnar samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Tekjur manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, ákveðast sem hér greinir: Hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skattárið 1977, að viðbættum öllum fyrningum sem gjaldfærðar hafa verið samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum við ákvörðun þessara hreinu tekna, en að frádregnum reiknuðum launum, sbr. 9. gr., svo og yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

Sé um að ræða rekstrartap á skattárinu 1977 telst stofninn vera gjaldfærðar fyrningar á skattárinu 1977 samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, að frádregnum reiknuðum launum, sbr. 9. gr., svo og að frádregnu rekstrartapi skattársins 1977 og að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

Fella skal niður skatt samkvæmt þessum tölulið nái hann ekki 15 000 kr.

2. Tekjur þeirra sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum ákveðst sem hér greinir:

Hreinar tekjur þessara aðila skattárið 1977, að viðbættum öllum fyrningum sem gjaldfærðar hafa verið samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum við ákvörðun þessara hreinu tekna, en að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. greinar greindra laga. Við ákvörðun hreinna tekna þessara aðila skal þó

eigi telja með skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 9. gr. greindra laga og til frádráttar frá hreinum tekjum skal einungis tekið tillit til ákvæða 6. mgr. 17. gr. greindra laga.

Sé um að ræða rekstrartap á skattárinu 1977 telst stofninn vera gjaldfærðar fyrningar á skattárinu 1977 samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, að frádregnu rekstrartapi skattársins 1977, sem ákvarðast án tillits til ákvæða 9. gr. og 17. gr. greindra laga, að undantekinni 6. mgr. 17. gr., svo og að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

3. Hafi skattþegn, sem hefur með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eigi talið fram til tekjuskatts á gjaldárinu 1978 ber skattstjóra að áætla tekjur hans til þessa sérstaka skatts, að viðbættum viðurlögum sem ákvarðast í samræmi við ákvæði VII kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

Þessi sérstaki skattur skal nema 6% af tekjum eins og þær eru ákvarðaðar skv. 1.—3. tl. 1. mgr. þessarar greinar.

Þessi sérstaki skattur er ekki frádráttarbær frá tekjum.

Ed. 163. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til laga um greiðslu verðjöfnunargjalds af sauðfjárafurðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Bragi Níelsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. des. 1978.

Helgi F. Seljan, form.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.	Stefán Jónsson, frsm.
Ey. Kon. Jónsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Bragi Sigurjónsson.

Ed. 164. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. er samþykkur ráðstöfun 50% gengismunar til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, úr því að sú leið er enn einu sinni farin að láta ekki gengismun ganga óskertan beint til útflytjenda, eins og gert er að því er útflutningsaðila iðnaðarins varðar.

Hins vegar er allt hæpnara um ráðstöfun fjár samkv. b-lið 3. gr. frv., enda hefur gengið erfiðlega að fá fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd þessara ákvæða. En þess ber að gæta, að það getur valdið fyrirtækjum og einstaklingum miklum erfiðleikum, ef ákvörðun um ráðstöfun þessa fjár dregst, og vill minni hluti nefndarinnar ekki verða valdur að slíkum drætti og mun því ekki torvelda framgang málsins, þrátt fyrir ýmsa annmarka sem á málinu eru.

Minni hl. leggur áherslu á, að það fjármagn, sem ætlað er til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði, verði afgreitt af stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands, og telur eðlilegt, að það fari í gegnum þá deild, sem stofnuð var með reglugerð frá 8. júní s. l. og ætluð er til hagræðingar í fiskvinnslu.

Eðlilegt er, eins og oft hefur verið gert áður, að létta stofnkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra

fjárskuldbindinga, en við teljum þó að teflt sé á tæpasta vað með hlutdeild útgerðarinnar sjálfrar í gengishagnaði.

Við teljum eðlilegt, að það fjármagn, sem ætlað er í því augnamiði að hætta rekstri úreltra og gamalla skipa, verði afgreitt í gegnum Aldurslagasjóð fiskiskipa, sbr. lög um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og eðlilegt að stjórn þess sjóðs fjalli endanlega um úthlutun þessa fjármagns.

Með tilvísun til 2. gr. frv., þar sem segir að ríkisstjórnin kveði nánar á um til hvaða afurða fjármunir úr gengismunarsjóði skuli nema, viljum við benda á, að skreiðarframleiðendur og í sumum tilfellum saltfisksframleiðendur stóðu fyrir gengisbreytinguna höllum fótum og kæmi því að okkar dómi mjög til álita, að hluti framleiðslu þeirra verði greiddur útflytjendum á hinu nýja gengi.

Alþingi, 12. des. 1978.

Jón G. Sólnes, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 165. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um niðurfærslu vöruverðs og verðbótavísitölu í september 1978.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Lög þessi, sem sett voru 1. sept. s. l., hafa verið framkvæmd á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

Minni hluti nefndarinnar telur eðlilegt að láta stjórnarflokkana eina um staðfestingu þeirra.

Alþingi, 12. des. 1978.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Jón G. Sólnes.

Ed. 166. Tillaga til þingsályktunar [134. mál]

um sparnað í fjármálakerfinu.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Jón Helgason, Geir Gunnarsson, Ágúst Einarsson, Jón G. Sólnes, Karl Steinar Guðnason, Ólafur Ragnar Grímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir sparnaði í fjármálakerfinu. Stjórninni til aðstoðar við framkvæmdina tilnefna þingflokkarnir fimm menn í nefnd, stjórnarflokkarnir hver um sig einn mann, en stjórnarandstaðan tvo. Nefndin skiptir með sér verkum.

Markmiðið er veruleg fækkun starfsmanna ríkisbanka, Framkvæmdastofnunar ríkisins og opinberra sjóða og samræmdar aðgerðir til sparnaðar og hagkvæmari rekstrar, þ. á m. sameining fjármálastofnana og skorður við óhóflegum byggingum.

Greinargerð.

Naumast verður um það deilt, að ofvöxtur hefur hlaupið í fjármálakerfið. Samhliða hefur það orðið sífellt vanmáttugra að leysa þau verkefni, sem peningastofnunum eru ætluð í nútímaþjóðfélagi. Tilraunir, sem gerðar hafa verið til endurbóta, hafa einna helst orðið til að flækja mál sífellt meir og torvelda úrlausnir. Stóraukið starfslið hefur síst orðið til bóta. Ljóst ætti að vera, að sjálft mun kerfið ekki snúast gegn þessari framvindu. Óhjákvæmilegt er því, að Alþingi taki í taumana. Því er tillaga þessi nú flutt.

Sþ. 167. Fyrirspurn [135. mál]

til fjármálaráðherra um endurskoðun á launakjörum hreppstjóra.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

Hvað líður athugun á framkvæmd þingsályktunar frá 3. maí 1977 um endurskoðun á launakjörum hreppstjóra?

Sþ. 168. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1979.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 01 101 0113 Gjöf Jóns Sigurðssonar.	
Fyrir „3 789“ kemur	5 072
2. Við 4. gr. 02 203 Raunvísindastofnun háskólans.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „208 603“ kemur	212 856
b. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „16 774“ kemur	32 374
3. Við 4. gr. 02 206 Orðabók háskólans 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „825“ kemur	2 825
4. Við 4. gr. 02 331 Íþróttakennaraskóli Íslands. Nýr liður:	
6 Gjaldfærður stofnkostnaður	10 000
5. Við 4. gr. 02 352 Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „13 000‘ kemur	15 000
6. Við 4. gr. 02 353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „247 507“ kemur	255 507
b. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „40 000“ kemur	63 000
7. Við 4. gr. 02 354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „15 000“ kemur	30 000
8. Við 4. gr. 02 506 Vélskóli Íslands 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „15 000“ kemur	20 000
9. Við 4. gr. 02 516 Iðnskólar 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
a. Fyrir „63 000“ kemur	103 000
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Iðnskólar (02 516).

1. Reykjavík	50 000	
2. Hafnarfjörður	4 000	
3. Patreksfjörður	3 000	
4. Ísafjörður	4 000	
5. Sauðárkrókur	20 000	
6. Akureyri	13 000	
7. Neskaupstaður	4 000	
8. Vestmannaeyjar	5 000	
		103 000

Þús. kr.

10. Við 4. gr. 02 610 Héraðsskólar 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
a. Fyrir „169 000“ kemur 182 000
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Héraðsskólar (02 610).

1.	Reykholt	16 000
2.	Núpur	18 000
3.	Reykjanes	10 000
4.	Reykir	44 000
5.	Laugar	30 000
6.	Eiðar	50 000
7.	Skógar	6 000
8.	Laugarvatn	8 000
		182 000

11. Við 4. gr. 02 621 Skálholtsskóli. Nýr liður:
6 Gjaldfærður stofnkostnaður 3 000

12. Við 4. gr. 02 792 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.
a. Fyrir „1 626 000“ kemur 1 979 500
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra (02 762).

1.	Öskjuhlíðarskóli	2 000
2.	Hólabrekkuskóli, 1. og 2. áf.	65 000
3.	Ölduselsskóli	50 000
4.	Seljaskóli	112 000
5.	Hvassaleitisskóli	35 000
6.	Hlíðaskóli, íþróttahús	25 000
7.	Langholtsskóli 3. áf.	4 000
8.	Kvennaskólinn	35 000
9.	Kópavogur, íþróttahús	60 000
10.	Kópavogur, Snælandsskóli	40 000
11.	Hafnarfjörður, Víðistaðaskóli	5 500
12.	Hafnarfjörður, Engidalsskóli	44 000
13.	Hafnarfjörður, Lækjarskóli	20 000
14.	Seltjarnarnes, sundlaug	4 000
15.	Mosfellshreppur, íþróttahús	18 000
16.	Mosfellshreppur, barnaskóli	10 000
17.	Mosfellshreppur, færanl. kennslust.	7 000
18.	Garðabær, gagnfræðaskóli, 1. og 2. áf.	55 000
19.	Garðabær, barnask. og safnaðarh.	2 500
20.	Keflavík, gagnfræðaskóli	10 000
21.	Keflavík, íþróttahús	60 000
22.	Keflavík, barnaskóli	4 000
23.	Grindavík, skóli	20 000
24.	Njarðvík, íþróttahús	14 000
25.	Njarðvík, skóli	1 000
26.	Sandgerði, íþróttahús o. fl.	23 000
27.	Vatnsleysustrandarhreppur, skóli, 1. áf.	12 000
28.	Bessastaðahreppur, skóli	7 000
29.	Kjalarneshreppur, lausar stofur	4 000
30.	Akranes, barnaskóli, lóð og kyndist.	6 000
31.	Akranes, barnaskóli, nýr	29 000

		Þús. kr.
32.	Akranes, íþróttahús	10 000
33.	Kleppjárnsreykir, mötuneyti og nýbygg.	25 000
34.	Varmalandsskóli, íbúðir	2 000
35.	Varmalandsskóli, íþróttahús	15 000
36.	Borgarnes, íþróttahús, 1. áf.	30 000
37.	Borgarnes, grunnskóli	4 300
38.	Hellissandur, íbúð	300
39.	Hellissandur, íþróttahús	5 000
40.	Hellissandur, skóli	29 000
41.	Ólafsvík, skóli	27 000
42.	Grundarfjörður, skóli	2 000
43.	Stykkishólmur, skóli	37 000
44.	Búðardalur, skóli, 1. áf.	1 000
45.	Laugar í Dalasýslu, 3. áf. og lóðir	4 000
46.	Bolungarvík, íþróttahús, 2. áfangi	11 000
47.	Bolungarvík, bókasafn	1 200
48.	Bolungarvík, innrétting skólahúsnæðis	6 000
49.	Reykhólar, 2. áf.	23 000
50.	Flateyjarhreppur	2 000
51.	Barðastrandarhr., skóli og jarðborun	2 000
52.	Patreksfjörður, skóli	12 000
53.	Patreksfjörður, skólastjórabústaður, v/viðgerða	3 000
54.	Þingeyri, skóli	20 000
55.	Mýrahreppur, skóli	5 000
56.	Flateyri, íþróttahús og sundlaug	20 000
57.	Suðureyri, skóli	14 000
58.	Hólmavík, skóli	10 000
59.	Fells- og Óspakseyrarhr., skóli	12 000
60.	Bæjarhreppur, skóli	3 000
61.	Sauðárkrókur, dag- og heimavist	20 000
62.	Sauðárkrókur, gagnfræðaskóli	15 000
63.	Sauðárkrókur, grunnskóli, nýr áfangi	5 000
64.	Staðarhreppur, skóli og íbúð, 1. og 2. áf.	8 000
65.	Laugarbakki, uppgjör skóla, 1. og 2. áf., og 3. áf.	10 000
66.	Hvammstangi, sundl.	10 000
67.	Þverárhreppur, skóli	2 000
68.	Húnavellir, skóli, 2. áfangi	25 000
69.	Húnavellir, vegna kaupa á Reykjum	2 000
70.	Skagaströnd, skóli	15 000
71.	Varmahlíð, skóli, 1. og 2. áf.	5 000
72.	Varmahlíð, skóli, 3. áfangi	5 000
73.	Lýtingsstaðahreppur	1 000
74.	Hólahreppur, skóli	4 000
75.	Hofsós, skóli, uppgjör 1., 2. og 3. áf.	3 000
76.	Haganeshreppur, skóli	9 000
77.	Akureyri, Lundarskóli, 2. áfangi	20 000
78.	Akureyri, Oddeyrarskóli	2 000
79.	Akureyri, íþróttahús	50 000
80.	Húsavík, gagnfræðaskóli	6 000
81.	Ólafsfjörður, skólalóðir o. fl.	4 000
82.	Dalvík, skóli	5 000
83.	Dalvík, heimavist	2 000
84.	Svarfaðardalur	3 000

		Þús. kr.	
85.	Árskógshr., íb., sundlaug	2 000	
86.	Hrísey, sundlaug	5 000	
87.	Laugaland á Þelamörk, skóli og íbúð	14 000	
88.	Hrafnagil, skóli, 3. áf.	20 000	
89.	Grenivík, skóli	18 000	
90.	Stórutjarnarskóli, lóð og jarðborun	10 000	
91.	Skútustaðahr., sundlaug	5 000	
92.	Reykdælahreppur, viðb. skóla	2 000	
93.	Hafralækur, skóli	6 000	
94.	Hafralækur, íþróttaaðstaða	2 000	
95.	Lundur, skóli	15 000	
96.	Kópasker	10 000	
97.	Raufarhöfn	20 000	
98.	Þórshöfn, skóli	10 000	
99.	Seyðisfjörður, sundlaug	2 000	
100.	Seyðisfjörður, bókasafn	1 000	
101.	Neskaupstaður, barnask.	3 000	
102.	Neskaupstaður, gagnfræðaskóli	36 000	
103.	Eskifjörður, skóli	30 000	
104.	Vopnafjörður, Torfastaðaskóli	4 000	
105.	Hlíðarhreppur, skóli	20 000	
106.	Jökuldalshreppur, íþróttaaðstaða	5 000	
107.	Egilsstaðir, skóli	7 000	
108.	Egilsstaðir, íþróttahús	25 000	
109.	Mjóifjörður, skóli, endurbygging	4 000	
110.	Reyðarfjörður, íþróttahús	18 000	
111.	Búðahreppur, skóli	32 000	
112.	Stöðvarhreppur	5 000	
113.	Breiðdalshreppur, skóli	14 000	
114.	Djúpivogur, skóli, 1. áf.	6 000	
115.	Geithellnahreppur	9 000	
116.	Bæjarhreppur	3 000	
117.	Nesjaskóli, 3. áf.	7 000	
118.	Höfn í Hornafirði, 2. áf.	32 000	
119.	Vestmannaeyjar, íþróttahús	47 000	
120.	Vík, skóli	4 000	
121.	A.-Eyjafjallahr., íbúð	1 000	
122.	A.-Landeyjahreppur, skólaaðstaða	5 000	
123.	V.-Landeyjahreppur, skólaaðstaða og íbúð	5 000	
124.	Fljótshlíðarhreppur	7 000	
125.	Hvolhreppur, skóli	25 000	
126.	Rangárvallahreppur sundlaug	13 000	
127.	Laugaland í Holtum, íbúð	2 000	
128.	Eyrarbakkahreppur	8 000	
129.	Selfoss, gagnfræðaskóli	46 000	
130.	Selfoss, verknámshús	25 000	
131.	Hraungerðishreppur, stofa og íbúð	2 000	
132.	Villingaholtshreppur	1 000	
133.	Skeiðahreppur, handavinnustofa	1 000	
134.	Hrunamannahreppur, íbúðir	1 000	
135.	Laugardalshr., lóð og íbúð	3 000	
136.	Hveragerði, íþróttahús	4 000	
137.	Þorlákshöfn, skóli	12 000	
			1 964 800

		Þús. kr.
Til undirbúnings framkvæmdum við skólabyggingar:		
1. Seljaskóli, 2. áf.	300	
2. Ölduselsskóli, 2. áf.	300	
3. Grindavík, íþróttahús	300	
4. Gerðahreppur	300	
5. Vatnsleysuströnd, sundlaug	300	
6. Hvanneyri, skóli	300	
7. Varmaland, skóli	300	
8. Laugagerðisskóli	300	
9. Staðarsveit, sundlaug	300	
10. Grundarfjörður, íþróttahús	300	
11. Búðardalur, skóli	300	
12. Ísafjörður, íþróttahús	300	
13. Geiradalshreppur, heimav.	300	
14. Patreksfjörður, íbúð endurb.	300	
15. Tálknafjörður, skóli	300	
16. Bíldudalur, íþróttahús	300	
17. Súðavík, skóli	300	
18. Drangsnes, endurb. skóla	300	
19. Sauðárkrókur, skóli, 3. áf.	300	
20. Laugabakkaskóli, íþróttaaðstaða	300	
21. Blönduós, íþróttahús	300	
22. Hofsós, 4. áf.	300	
23. Lundarskóli, Akureyri, 3. áf.	300	
24. Glerárskóli, Akureyri, 3. áf.	300	
25. Húsavík, barnaskóli	300	
26. Húsavík, íþróttahús	300	
27. Ólafsfjörður, íþróttahús	300	
28. Þelamörk, íþróttahús	300	
29. Bárðdælahreppur, íbúð	300	
30. Hafralækur, íbúðir	300	
31. Lundur, 2. áf.	300	
32. Svalbarðshr., íbúð	300	
33. Skeggjastaðahreppur, skóli	300	
34. Vopnafjörður, íþróttahús	300	
35. Hlíðarhreppur, 2. áf.	300	
36. Hallormsstaður, íþróttaaðstaða	300	
37. Eiðahreppur, skóli	300	
38. Reyðarfjörður, stækkun skóla	300	
39. Nesjahreppur, sundlaug	300	
40. Mýrarhreppur, íbúð	300	
41. Vestmannaeyjar, skóli	300	
42. Selfoss, nýr skóli	300	
43. Hvammshreppur	300	
44. Laugaland	300	
45. Stokkseyri, íþróttaaðstaða	300	
46. Hraungerðishreppur, skóli	300	
47. Gnúpverjahreppur, skóli	300	
48. Biskupstungnahreppur	300	
49. Hveragerði, skóli	300	
		14 700
		1 979 500

		Þús. kr.
13.	Við 4. gr. 02 793 Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn.	
	a. Fyrir „60 000“ kemur	90 000
	b. Við liðinn bætist:	
	Viðfangsefni:	
	0101 Hlíðaskóli 5 000	
	0102 Öskjuhlíðarskóli 40 000	
	0103 Lyngás 45 000	
	90 000	
14.	Við 4. gr. 02 797 Stofnanir afbrigðilegra barna 20 Laun.	
	Fyrir „364 416“ kemur	366 916
15.	Við 4. gr. 02 799 Heyrnleysingjaskólinn 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „1 000“ kemur	6 000
16.	Við 4. gr. 02 803 Dagvistarheimili.	
	a. Fyrir „230 000“ kemur	360 000
	b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	
	Dagvistarheimili (02 803).	
	1. Borgarnes L 3 900	
	2. Hafnarfjörður D 6 000	
	3. Húsavík D 19 000	
	4. Kópavogur L v/Fögrubrekku 1 600	
	5. Kópavogur D v/Snæland 16 000	
	6. Garðabær L 5 000	
	7. Borgarsjúkrahús D 5 000	
	8. Tálknafjörður L 2 000	
	9. Egilsstaðir D-L 8 950	
	10. Akranes L 10 200	
	11. Akureyri Skd. 2 500	
	12. Akureyri L v/Hlíðarlund 14 000	
	13. Bolungarvík L 12 000	
	14. Patreksfjörður 2 500	
	15. Suðureyri 7 000	
	16. Höfn í Hornafirði 14 000	
	17. Ísafjörður 9 000	
	18. Grundarfjörður 7 000	
	19. Blönduós 14 000	
	20. Ólafsfjörður 14 000	
	21. Gerðahr. Kvenfélag D-L 4 200	
	22. Vatnsleysuströnd — Vogar 800	
	Reykjavíkurborg:	
	23. Rjúpnafell (Völvufell) 10 350	
	24. Suðurhólar D Breiðh. III 32 000	
	25. Suðurhólar L Breiðh. III 13 950	
	26. Völvufell Skd. Breiðh. III 5 000	
	27. Hálsasel D og L Breiðh. II 15 000	
	28. Tungusel L Breiðh. II 20 600	
	29. Auðarstræti 3 Skd. 4 000	
	30. Hagamelur D 18 000	
	31. Iðufell D-L Breiðh. III 15 000	
	32. Ólafsvík L 9 600	
	33. Hönnunarkostnaður 10 000	
		332 150

		Þús. kr.
Ný verk:		
1. Þorlákshöfn L	1 000	
2. Njarðvík L	3 000	
3. Kópavogur v/Hábraut	1 000	
4. Sumargjöf, Reykjavík	10 000	
5. Skútustaðahreppur	500	
6. Kvenfélagið Hvöt, Hnífsdal	2 600	
7. Reyðarfjörður	1 000	
8. Norðfjörður	1 000	
Reykjavíkurborg:		
9. Arnarbakki Breiðh. I	1 000	
10. Ægissíða	1 000	
11. Blöndubakki, Breiðh. I	1 000	
12. Tungusel Breiðh. II	1 000	
13. Kvenfélagið Brynja, Flateyri	350	
14. Kirkjubæjarhreppur	400	
15. Sauðárkrókur	1 000	
16. Hellissandur	1 000	
17. Akureyri	1 000	
		27 850
		360 000
17. Við 4. gr. 02 881 0112 Félagsstofnun stúdenta. Fyrir „19 000“ kemur		29 000
18. Við 4. gr. 02 902 Þjóðminjasafn 92 Til sveitarfélaga. Fyrir „17 000“ kemur		20 450
19. Við 4. gr. 02 982 0101 Leikfélag Reykjavíkur. Fyrir „14 000“ kemur		21 000
20. Við 4. gr. 02 982 0102 Leikfélag Akureyrar. Fyrir „11 000“ kemur		16 500
21. Við 4. gr. 02 982 0103 Leiklistarstarfsemi. Fyrir „11 000“ kemur		22 000
22. Við 4. gr. 02 982 0104 Bandalag ísl. leikfélaga. Fyrir „1 500“ kemur		2 500
23. Við 4. gr. 02 982 0215 Til Höfundamiðstöðvar. Fyrir „200“ kemur		800
24. Við 4. gr. 02 982 0307 Til lúðrasveita. Fyrir „1 250“ kemur		1 500
25. Við 4. gr. 02 982 0310 Til annarrar tónlistarstarfsemi. Fyrir „3 000“ kemur		4 000
26. Við 4. gr. 02 982 0404 Styrkir til myndlistarskóla. Fyrir „2 300“ kemur		3 500
27. Við 4. gr. 02 982 0412 Til listasafna. Fyrir „3 500“ kemur		4 000
28. Við 4. gr. 02 982 0416 Til myndlistarsýninga. Fyrir „500“ kemur		600
29. Við 4. gr. 02 9082 0435 Til listiðnaðarmála. Fyrir „400“ kemur		450
30. Við 4. gr. 02 982 0601 Heiðurslaun listamanna. Fyrir „9 000“ kemur		12 000
31. Við 4. gr. 02 982 0719 Listamannalaun. Fyrir „27 000“ kemur		34 000
32. Við 4. gr. 02 982 0810 Til listkynningar. Fyrir „1 000“ kemur		1 200

			Þús. kr.
33.	Við 4. gr. 02 982 0820 Til Bandalags ísl. listamanna.		
	Fyrir „250“ kemur		300
34.	Við 4. gr. 02 982 0836 Til lista og menningarmála almennt.		
	Fyrir „6 300“ kemur		8 000
35.	Við 4. gr. 02 983 0106 Jöklarannsóknir og mælingar.		
	Fyrir „200“ kemur		400
36.	Við 4. gr. 02 986 Íþróttasjóður.		
	a. Við 0103 Rekstrarstyrkir o. fl.		
	Fyrir „19 000“ kemur		25 000
	b. Við 0104 Til byggingar íþróttamannvirkja.		
	Fyrir „247 640“ kemur		317 640
	c. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
	Til byggingar íþróttamannvirkja (02 986 0104).		
	a. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1973:		
	1. Reykjavík, II. áf. sundl. Vesturbæjar	10 000	
	2. Glímufél. Ármann, Rvík, íþróttahús	11 500	
	3. Knattspyrnufélag Reykjavíkur, íþróttahús	2 476	
	4. Ísafjörður, gras- og malarvöllur	7 000	
	5. Ólafsfjörður, malarvöllur	91	
	6. Knattspyrnufélagið Þór, Akureyri, malarvöllur	601	
	7. Húsavík, grasvöllur	5 712	
	8. Vestmannaeyjar, stækkun grasvallar	100	
	9. Umf. Þróttur, Vatnsleysuströnd, malarvöllur	2 048	
	10. Borgarnes, malarvöllur	371	
	11. Ums. Borgarfjarðar, Varmalandi, íþróttasvæði	1 160	
	12. Eyrarsveit, Snæf., malarvöllur	2 000	
	13. Stykkishólmur, Snæf., malarvöllur	691	
	14. Patreksfjörður, V-Barð., malarvöllur	3 000	
	15. Þingeyri, V-Ís., malarvöllur	925	
	16. Höfðahr. (Skagaströnd), A-Hún., malarvöllur	518	
	17. Egilsstaðir, S-Múl., malarvöllur	20	
	18. Hvammshr. (Vík í Mýrdal), malarvöllur	1 202	
	19. Selfoss, íþróttasvæði	1 589	
			51 004
	b. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1974:		
	1. Knattspyrnufél. Haukar, Hafnarfirði, íþróttah.	8 035	
	2. Golfkl. Keilir, Hafnarf., völlur og hús	408	
	3. Tennis- og badmintonfél. Rvíkur, íþróttahús	11 500	
	4. Knattspyrnufélag Rvíkur, grasv. og þaklag	878	
	5. Ungtemplarafél. Hrönn, Rvík, skíðaskáli	438	
	6. Knattspyrnufél. Víkingur, Rvík, grasvöllur	458	
	7. Knattspyrnufél. Fram, Rvík, grasvöllur	4 000	
	8. Reykjavík, vallarhús við Árbæjarvöll	8 766	
	9. Reykjavík, vélfryst skautasvell	50	
	10. Akranes, hlaupabraut	370	
	11. Golfkl. Leynir, Akranesi, völlur	600	
	12. Sauðárkrókur, framkv. við íþróttavöll	500	
	13. Golfkl. Siglufjarðar, golfvöllur og hús	525	
	14. Skíðafél. Siglufj., Skíðaborg, stökkbraut	1 200	
	15. Íþróttabandalag Siglufj., íþróttamannv. að Hóli	520	
	16. Ólafsfjörður, golfvöllur	977	
	17. Akureyri, troðari	173	

		Þús. kr.	
18.	Akureyri, skíðastökkbraut	800	
19.	Knattspyrnufélag Akureyrar, malarvöllur	1 413	
20.	Húsavík, skíðatogbraut	950	
21.	Neskaupstaður, malarvöllur	2 000	
22.	Miðneshreppur (Sandgerði), malarvöllur	1 231	
23.	Njarðvíkurkaupstaður, malarvöllur	747	
24.	Umf. Íslendingur, Andakílshr., Borgarf.	401	
25.	Hvammstangahr., V-Hún., malarvöllur	586	
26.	Umf. Geislinn, Aðaldalshr., malarvöllur	100	
27.	Reykjahreppur, S-Þing., grasvöllur	12	
28.	Skútustaðahr., S-Þing., malarvöllur	500	
29.	Umf. Bjarmi, Hálshr., S-Þing., völlur	350	
30.	Umf. Borgarfjarðar, N-Múl., grasvöllur	2 000	
31.	Eskifjörður, malarvöllur	400	
32.	Umf. Máni, Nesjahr., A-Skaft., malarvöllur	100	
33.	Hafnarhr., A-Skaft., malarvöllur	500	
34.	Hveragerði, böð við sundlaug	1 658	
			53 146
c.	Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1975:		
1.	Golfkl. Suðurnesja, Keflavík, golfvöllur	783	
2.	Seltjarnarnes, íþróttavöllur	100	
3.	Fimleikafél. Hafnarfjarðar, grasvöllur	1 870	
4.	Garðabær, tæki, íþrv., flutn. sundl.	4 500	
5.	Reykjavík, íþróttavöllur í Fossvogi	100	
6.	Reykjavík, Breiðholt, II. áf., grasvöllur, hlaupabraut og malarvöllur	100	
7.	Knattspyrnufélag Rvíkur, skíðad., skíðalyfta	2 000	
8.	Íþróttafélag Rvíkur, skáli í Bláfjöllum	587	
9.	Knattspyrnufél. Þróttur, Rvík, vallarhús og grasvöllur	10 000	
10.	Ólafsvíkurhreppur, grasvöllur	4 000	
11.	Stykkishólmur, sundlaug, II. áfangi	700	
12.	Golfkl. Borgarness, golfvöllur	2 000	
13.	Héraðsheimili og íþróttahús að Varmalandi, Mýrasýslu, baðstofa	1 247	
14.	Íþróttafél. Grettir, Flateyri, skíðalyfta	1 250	
15.	Siglufjörður, malarvöllur og vallarhús	3 400	
16.	Skíðafél. Siglufj., Skíðaborg, skíðalyfta(3)	3 000	
17.	Skíðafél. Fljótamanna, Holts- og Haganeshr., skíðamannvirki	100	
18.	Raufarhafnarhreppur, íþróttavöllur	100	
19.	Umf. Mývetningur, Skútustaðahr., vallarhús	1 077	
20.	Héraðssamb. S-Þing., stækkun héraðsvallar að Laugum	850	
21.	Golfkl. Húsavíkur, golfvöllur	720	
22.	Skútustaðahr., vallarhús og sundlaug	3 500	
23.	Þórshöfn, N-Þing., íþróttavöllur	2 000	
24.	Golfkl. Hafnarhr., A-Skaft., golfv. og tæki	850	
25.	Búðakauptún, S-Múl., völlur	3 000	
26.	Umf. Skeiðamanna, búningskl. við völl	1 500	
27.	Ölfushr., íþróttavöllur í Þorlákshöfn	282	
28.	Selfoss, stækkun vallarhúss	100	
			49 716

		Þús. kr.
d.	Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1976:	
1.	Grindavík, grasvöllur	50
2.	Mosfellshr., Kjósars., setlaug	435
3.	Fimleikafélag Hafnarfj., áhorfendasvæði, handknattleiks- og körfuknattleiksv.	4 575
4.	Kópavogur, endurbætur á sundlaug v/hitaveitu og setlaug	970
5.	Kópav., II. áf., áhorfendasv. ásamt búningsklefum, böðum og girðingu	6 300
6.	Breiðablik, Kópavogi, skíðalyfta	300
7.	Garðabær, tæki	309
8.	Hafnarfjörður, setlaugar	1 000
9.	Rvík, laugarhús við Sundl. Rvíkur	37 000
10.	Rvík, Laugardalsv., III. áf., gerviefni á hlaupabr., gras á eystri völl og búningsherbergi	17 000
11.	Reykjavík, Árbæjarv., II. áf., grasvöllur	50
12.	Rvík, Bláfjöll, II. áf., lýsing í brekkur, skíðal., snjótroðari og þjónustuhús	8 400
13.	Knattspyrnufélag Rvíkur, lyftuskáli og lýsing í brekkur	600
14.	Glímufél. Ármann (skíðad.), skíðalyfta	5 500
15.	Knattspyrnufél. Víkingur, Rvík, skíðalyfta, lyftuhús, lýsing í brekkur og snjógr.	2 000
16.	Golfkl. Rvíkur, lokaframkv. við golfvöll og golfskála	2 000
17.	Knattspyrnufél. Valur, Rvík, II. áf. grasvallar	1 350
18.	Knattspyrnufélag Rvíkur, stækkun vallarsvæðis	3 400
19.	Íþróttafélag Rvíkur, endurbætur skíðaskála í Hamragili	900
20.	Akranes, tæki á völl og í íþróttahús	249
21.	Akranes, endurb. á Bjarnalaug	2 200
22.	Staðarsveit, Snæf., íþróttavöllur	10
23.	Laxárdalshr., Dalas., sundlaug	560
24.	Umf. Dagrenning, Lundarreykjadal, framhaldsframkvæmdir við sundlaug	150
25.	Súðavíkurhr., N-Ís., malarvöllur	180
26.	Suðureyrarhr., V-Ís., skíðalyfta	900
27.	Íþróttabandalag Ísafj., skíðamannvirki	1 600
28.	Ísafj., endurb. á sundh. og íþróttahúsi	362
29.	Bolungarvík, skíðalyfta	1 200
30.	Bolungarvík, hlutd. í sundlaug	3 300
31.	Höfðahr. (Skagaströnd), A-Hún., skíðalyfta	525
32.	Höfðahr. (Skagaströnd), A-Hún., hreinsitæki í sundlaug	179
33.	Umf. Tindastóll, Sauðárkr., skíðalyfta	300
34.	Seyluhr., Skagafirði, íþróttavöllur	375
35.	Hofsóshr., Skag., íþróttavöllur	50
36.	Íþróttabandalag Siglufj., skíðalyfta (III)	1 000
37.	Reykjahreppur, S-Þing., sundlaug	50
38.	Ólafsfjörður, skíðastökkpallur	50
39.	Húsavík, framh. framkv. við sundlaug	55
40.	Akureyri, lýsing í skíðabrekkur	2 400
41.	Akureyri, áhaldahús í Hlíðarfjalli	3 000

		Þús. kr.
42. Golfkl. Akureyrar, golfvöllur	1 800	
43. Golfkl. Akureyrar, golfskáli	2 250	
44. Knattspyrnufél. Ak., vallarhús og girðing	100	
45. Íþróttafél. Þór, Akureyri, grasvöllur	900	
46. Dalvík, stækkun búningsh. við íþróttahús	100	
47. Dalvík, skíðalyfta	1 500	
48. Seyðisfjörður, baðstofa	1 300	
49. Seyðisfj., endurb. á sundh. og tækjum	2 900	
50. Reyðarfj., S-Múl., malarvöllur	600	
51. Íþróttafél. Þróttur, Neskaupstað, skíðalyfta	500	
52. Búlandshr., S-Múl., sundlaug	560	
53. Golfkl. Selfoss, golfvöllur	50	
54. Selfoss, útilaug við sundhöll	2 300	
		125 694
e. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1977:		
1. Umf. Breiðablik, Kóp., skíðaskáli	100	
2. Íþróttafél. Gerpla, Kóp., fimleikatæki	250	
3. Umf. Keflavíkur, Keflav., æfingahús	900	
4. Hafnarfj., hitakerfi í sundhöll	1 000	
5. Njarðvíkurbær, þrekþjálfunartæki	312	
6. Rvík, skíðalyfta í Bláfjöllum	10 000	
7. Rvík, ýmis stór íþróttatæki	611	
8. Knattspyrnufél. Fram, Reykjavík, skíðaskáli	158	
9. Glímufél. Ármann, Rvík, fimleikatæki	267	
10. Íþróttafél. Fylkir, Rvík, fimleikatæki	211	
11. Knattspyrnufél. Rvíkur, snjótroðari	500	
12. Ungtemplarafél. Hrönn, Rvík, lýsing í skíðabr.	500	
13. Héraðssamb. V-Ís., héraðsíþróttavöllur að Núpi, Dýrafirði	500	
14. Íþróttabandal. Ísafj., skíðatroðari	470	
15. Sauðárkrókur, hlutdeild í laugarhúsi	430	
16. Umf. Saurbæjarhr., Eyjaf., og bindindisfél. Dalbúinn, s. st., vallarhús	300	
17. Húsavík, þrekþjálfunartæki	228	
18. Akureyri, skíðalyfta í Hlíðarfjalli	1 200	
19. Umf. Vísir, Hlíðarhr., N-Múl., íþróttavöllur	50	
20. Umf. Hróar, Tunguhreppi, N-Múl., íþróttav.	10	
21. Biskupstungnahreppur, hlutdeild í sundl.	1 000	
22. Skeiðahr., Árn., hlutdeild í sundlaug	1 000	
		19 997
f. Íþróttamannvirki samþ. í fjárlögum 1978:		
1. Siglingakl. Vogur, Garðabæ, bátanaust	600	
2. Siglingafél. Ýmir, Kóp., bátanaust	100	
3. Gerðahr., Gull., I. áf. íþr.húss og sundlaugar	600	
4. Íþróttafél. Rvíkur, fimleikatæki	50	
5. Knattspyrnufél. Fram, Rvík, skíðalyfta	950	
6. Siglingakl. Brokey, bátabryggja	50	
7. Knattspyrnufélag Reykjavíkur, skíðad., skíðalyfta	1 200	
8. Íþróttafélag Rvíkur, skíðad., skíðalyfta	950	
9. Júdófélag Rvíkur, júdódýna	67	
10. Reykjavík, stór íþróttatæki	400	
11. Íþróttatæki fatlaðra, íþróttavöllur	1 000	

		Þús. kr.	
12.	Knattspyrnufél. Valur, lokaframkv. við skíðask.	150	
13.	Umf. Haukar, Leirár- og Melasv., íþróttav.	250	
14.	Akranes, íþróttahús	850	
15.	Tálknafjarðarhr., íþróttavöllur	650	
16.	Umf. Djúpverji, N-Ís., íþróttavöllur	100	
17.	Umf. Önundur, Mosvallahr., V-Ís., völlur	100	
18.	Lýtingsstaðahr., Skag., sundlaug	1 000	
19.	Akureyri, skautasvell, girðing, skáli	200	
20.	Akureyri, skíðastökkbraut í Hlíðarfjalli	1 300	
21.	Knattspyrnufélag Akureyrar, grasvöllur	1 400	
22.	Íþróttafél. Ólafsfjarðar, skíðalyfta	1 366	
23.	Íþróttafél. Þór, Akureyri, vallarhús	750	
24.	Umf. Bjarmi, Hálshr., S-Þing., vallarhús	150	
25.	Neskaupstaður, hreinsi- og hitunartæki í sundlaug og girðing	230	
26.	Íþróttafél. Huginn, Seyðisfirði, skíðalyfta	400	
27.	Búðahreppur, S-Múl., skíðalyfta	400	
28.	Búðahreppur, S-Múl., baðst. og endurbætur á sundlaug	170	
29.	Neskaupstaður, Eskifjörður og Reyðarfjörður, skíðamiðstöð í Oddsskarði	1 400	
30.	Umf. Sindri, Hafnarhr., A-Skaft., skíðalyfta	100	
31.	Golfklúbbur Vestmannaeyja	400	
32.	Umf. Gnúpverja, Árn., íþróttavöllur	750	
			18 083
g.	Ný íþróttamannvirki:		
1.	Knattspyrnufélag Reykjavíkur, lyftingartæki ..	70	
2.	Íþróttafélag Reykjavíkur, 1. áf., íþróttasvæði Breiðholti II	360	
3.	Reykjavík, stór íþróttatæki	70	
4.	Hafnarfjörður, íþróttavöllur Hvaleyrarholti ..	360	
5.	Garðabær, hlutd. í kostnaði við laugarhús umfr. skólahl.	350	
6.	Keflavík, setlaugar við sundlaug	200	
7.	Akranes, lúkning grasvallar	210	
8.	Staðarsv., Snæf., sundlaug og setlaug	320	
9.	Patrekshreppur, V-Barð., endurbætur á sundlaug	350	
10.	Ísafjörður, vallarhús	360	
11.	Kaldrananeshr., Strand, sundl., búningsklefar, hlutd. umfr. skólahl.	210	
12.	Íþróttafél. Reynir, Hnífsdal, íþróttatæki	70	
13.	Golfkl. Sauðárkróks, golfvöllur	280	
14.	Siglufjörður, setlaug við sundhöll	200	
15.	Akureyri, troðari (2) í Hlíðarfjalli	280	
16.	Grímsey, sundlaug	320	
17.	Seyðisfjörður, snjótroðari	210	
18.	Breiðdalshreppur, sundlaug	320	
19.	Neskaupstaður, íþróttahúsgólf	140	
20.	Ölfushreppur, Árn., v/Þorlákshöfn, sundlaug ..	320	
			5 000
			317 640

		Þús. kr.
37.	Við 4. gr. 02 988 0102 Æskulýðsráð ríkisins.	
	a. Fyrir „5 500“ kemur	7 500
	b. Nýr liður:	
	0103 Æskulýðssamband Íslands	1 500
38.	Við 4. gr. 02 988 0104 Ungmennafélag Íslands.	
	Fyrir „18 000“ kemur	27 000
39.	Við 4. gr. 02 988 0105 Bandalag ísl. skáta.	
	Fyrir „5 000“ kemur	6 000
40.	Við 4. gr. 02 988 0106 Bandalag ísl. skáta vegna Úlfljótsvatns.	
	Fyrir „1 000“ kemur	1 500
41.	Við 4. gr. 02 988 0115 Íslenskir ungtemplarar.	
	Fyrir „1 350“ kemur	2 200
42.	Við 4. gr. 02 988 0117 KFUM og KFUK, starfsstyrkir.	
	Fyrir „1 000“ kemur	1 500
43.	Við 4. gr. 02 988 0118 Starfsemi KFUM í Vatnaskógi.	
	Fyrir „600“ kemur	900
44.	Við 4. gr. 02 988 0119 Starfsemi KFUK í Vindáshlíð.	
	Fyrir „500“ kemur	750
45.	Við 4. gr. 02 989 0102 Íþróttasamband Íslands.	
	Fyrir „60 000“ kemur	90 000
46.	Við 4. gr. 02 989 0109 Til íþróttamála fatlaðra.	
	Fyrir „3 000“ kemur	4 500
47.	Við 4. gr. 02 999 0101 Matthíasarsafnið á Akureyri.	
	Fyrir „150“ kemur	250
48.	Við 4. gr. 02 999 0103 Náttúrugripasafn Akureyrar.	
	Fyrir „600“ kemur	700
49.	Við 4. gr. 02 999 0104 Náttúrugripasafn Neskaupstaðar.	
	Fyrir „450“ kemur	550
50.	Við 4. gr. 02 999 0105 Náttúrugripasafn Vestmannaeyja.	
	Fyrir „450“ kemur	550
51.	Við 4. gr. 02 999 0109 Náttúrugripasafnið í Borgarnesi.	
	Fyrir „450“ kemur	550
52.	Við 4. gr. 02 999 0110 Til Zontaklúbbs Akureyrar vegna Nonnahúss.	
	Fyrir „150“ kemur	200
53.	Við 4. gr. 02 999 0111 Til viðhalds gamla rjómabúsins á Baugsstöðum.	
	Fyrir „50“ kemur	75
54.	Við 4. gr. 02 999 0112 Hús Guðmundar Böðvarssonar.	
	Fyrir „250“ kemur	400
55.	Við 4. gr. 02 999 0114. Liðurinn orðast svo:	
	0114 Til minnisvarða um Jón Eiríksson konferensráð (lokagreiðsla)	300
56.	Við 4. gr. 02 999 0115. Liðurinn orðast svo:	
	0115 Til dýrasafnsins á Selfossi	200
57.	Við 4. gr. 02 999 0116 Til safnahúss á Blönduósi.	
	Fyrir „400“ kemur	500
58.	Við 4. gr. 02 999 0117 Til safnahúss á Sauðárkróki.	
	Fyrir „400“ kemur	500
59.	Við 4. gr. 02 999 0118 Til safnahúss á Húsavík.	
	Fyrir „400“ kemur	500
60.	Við 4. gr. 02 999 0119 Héraðsskjalasafn á Egilsstöðum.	
	a. Fyrir „400“ kemur	500
	b. Nýr liður:	
	0120 Til safnahúss í Borgarnesi	200

Þús. kr.

61. Við 4. gr. 02 999 0121 Til sögusafns verkalýðshreyfingar.
Fyrir „250“ kemur 300
62. Við 4. gr. 02 999 0122 Til varðveislu gamals verslunarhúss á Flateyri.
Liðurinn fellur niður.
63. Við 4. gr. 02 999 0207 Bandalag ísl. skáta, hjálparsveitir.
Fyrir „2 000“ kemur 3 000
64. Við 4. gr. 02 999 0213 Til Kvenfélagasambands Íslands.
Fyrir „4 000“ kemur 5 000
65. Við 4. gr. 02 999 0214 Kvenréttindafélag Íslands.
Fyrir „300“ kemur 400
66. Við 4. gr. 02 999 0217 Til Þjóðdansafélagsins.
Fyrir „100“ kemur 150
67. Við 4. gr. 02 999 0218 Hagsmunasamtök einstæðra foreldra.
Fyrir „200“ kemur 300
68. Við 4. gr. 02 999 0222 Landakotsskóli.
Fyrir „2 500“ kemur 3 750
69. Við 4. gr. 02 999 0223 Hlíðardalsskóli.
Fyrir „3 200“ kemur 4 800
70. Við 4. gr. 02 999 0226 Samband ísl. karlakóra.
Fyrir „250“ kemur 300
71. Við 4. gr. 02 999 0303 Styrkur til náms í talkennslu fyrir vangefin börn.
Fyrir „500“ kemur **650**
72. Við 4. gr. 02 999 0304 Styrkur til hjúkrunarkennaranáms á Norðurlöndum.
Fyrir „500“ kemur 600
73. Við 4. gr. 02 999 0305 Til fyrrverandi barnakennara.
Fyrir „160“ kemur **200**
74. Við 4. gr. 02 999 0306 Hreindýraeftirlit.
Fyrir „1 000“ kemur 1 400
75. Við 4. gr. 02 999 0307 Til eyðingar vargfugli.
Fyrir „700“ kemur 1 000
76. Við 4. gr. 02 999 0308 Ýmis framlög.
Fyrir „14 000“ kemur 16 000
77. Við 2. gr. 02 999 0312. Liðurinn orðast svo:
Brúðuleikhús 600
78. Við 4. gr. 03 401 0134 Tillag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar.
Fyrir „134 520“ kemur 114 000
79. Við 4. gr. 03 401. Nýr liður:
0146 Framlag til Háskóla Sameinuðu þjóðanna 33 200
80. Við 4. gr. 04 241 Landnám ríkisins. Nýr liður:
0112 Til grænfóðurverksmiðja 25 000
81. Við 4. gr. 04 286 0103 Fyrirhleðslur.
a. Fyrir „40 700“ kemur 53 000
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:
Fyrirhleðslur 04 286 0103.
a. Til fyrirhleðslna:

1. Klifandi og Hafursá	1 500	
2. Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará	3 000	
3. Þverá og Markarfljót	6 000	
4. Markarfljót í Landeyjum	500	
5. Jökulsá í Lóni	2 000	
6. Hólmsá á Mýrum	2 300	
		15 300

		Þús. kr.	
b.	Til fyrirhleðslna gegn 1/8 kostnaðar annars staðar að:		
1.	Laxá hjá Kálfafelli	500	
2.	Skaftá hjá Kirkjubæjarklaustri	200	
3.	Kúðafljót	3 000	
4.	Skálm hjá Skálmarbæ	200	
5.	Hafursá og Klifandi (vatnafél.)	1 500	
6.	Ár undir Eyjafjöllum	500	
7.	Markarfljót hjá Fljótsdal	2 000	
8.	Þjórsá í Skeiðahreppi	1 000	
9.	Þjórsá hjá Mjósyndi	1 000	
10.	Stóra-Laxá hjá Ósabakka	200	
11.	Litla-Laxá hjá Grafarbakka	200	
12.	Hvítá við Fjall	300	
13.	Ölfusá við Kaldaðarnes	300	
14.	Norðurá í Norðurárdal	1 000	
15.	Þverá við Örnólfsdal	600	
16.	Stekkjargil hjá Slítandastöðum	100	
17.	Stórafura	200	
18.	Hörðudalsá	1 700	
19.	Gufudalsá	700	
20.	Múlaá	600	
21.	Austurá	400	
22.	Víðidalsá	300	
23.	Vatnsdalsá	300	
24.	Blanda	600	
25.	Héraðsvötn	1 100	
26.	Mælifellsá hjá Nautabúi	700	
27.	Svarfaðardalsá	400	
28.	Hörgá	1 300	
29.	Eyjafjarðará	600	
30.	Nípá	200	
31.	Skálá	300	
32.	Hofsá í Vopnafirði	1 000	
33.	Jökulsá í Fljótsdal	2 500	
34.	Eyvindará á Völlum	3 500	
35.	Húsá á Jökuldal	200	
36.	Tungná í Fáskrúðsfirði	300	
37.	Norðurdalsá í Breiðdal	2 900	
38.	Krossgerðislækur í Berufirði	500	
			32 900
c.	Til fyrirhleðslna gegn 1/8 kostnaðar annars staðar frá, viðhald skiptist af matsnefndum:		
1.	Suðurlandskjördæmi	500	
2.	Reykjaneskjördæmi	1 000	
3.	Vesturlandskjördæmi	500	
4.	Norðurlandskjördæmi vestra	1 100	
5.	Norðurlandskjördæmi eystra	700	
6.	Austurlandskjördæmi	1 000	
			4 800
			53 000

			Þús. kr.
82.	Við 4. gr. 04 286 0104 Landþurrkun.		
	a. Fyrir „1 100“ kemur		3 800
	b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
	1. Araós, Öxarfirði	600	
	2. Út-Hjaltastaðaþinghá	400	
	3. Leiðvallahreppur	300	
	4. Dyrhólaós	1 200	
	5. Holtsós	400	
	6. Austur-Landeyjahreppur	250	
	7. Vestur-Landeyjahreppur	250	
	8. Djúpárhreppur	400	
			3 800
83.	Við 4. gr. 04 299 0117 Félagssamtökin Landvernd.		
	Fyrir „850“ kemur	1 200	
84.	Við 4. gr. 04 502 Bændaskólinn á Hólum 4 Viðhald.		
	Fyrir „5 300“ kemur	12 800	
85.	Við 4. gr. 04 504 Bændaskóli í Odda.		
	Liðurinn fellur niður.		
86.	Við 4. gr. 05 101 Sjávarútvegsráðuneytið.		
	a. Við 2 Önnur rekstrargjöld.		
	Fyrir „30 037“ kemur		33 037
	b. Nýr liður:		
	6 Gjaldfærður stofnkostnaður		3 000
87.	Við 4. gr. 05 299 0101 Sjóvinnunámskeið.		
	Fyrir „3 200“ kemur		4 500
88.	Við 4. gr. 05 299 0102 Til skólabáta.		
	Fyrir „1 000“ kemur		2 500
89.	Við 4. gr. 05 299 Nýr liður:		
	0117 Fiskvinnsluvélanámskeið		2 500
90.	Við 4. gr. 06 213 Sýslumaðurinn, Borgarnes 20 Laun.		
	Fyrir „54 643“ kemur		58 896
91.	Við 4. gr. 06 301 0141 Til dómprófastsembættisins í Reykjavík.		
	Fyrir „700“ kemur		1 200
92.	Við 4. gr. 07 271. Nýr liður:		
	0106 Til Byggingaþjónustu Arkitektafélags Íslands		3 000
93.	4. gr. 07 302 Embætti ríkissáttasemjara.		
	a. Við 20 Laun.		
	Fyrir „21 032“ kemur		10 160
	b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.		
	Fyrir „3 894“ kemur		1 947
94.	Við 4. gr. 07 999 0104 Félagið Heyrnarhjálp.		
	Fyrir „1 000“ kemur		1 500
95.	Við 4. gr. 07 999 0107 Mæðrastyrksnefndir.		
	Fyrir „230“ kemur		500
96.	Við 4. gr. 07 999 0113 Slysavarnafélag Íslands.		
	Fyrir „25 000“ kemur		35 000
97.	Við 4. gr. 07 999 0114 Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.		
	Fyrir „3 000“ kemur		10 500
98.	Við 4. gr. 07 999 0121 Neytendasamtökin.		
	Fyrir „1 000“ kemur		1 500
99.	Við 4. gr. 07 999. Nýr liður:		
	0122 Leigjendasamtökin		200

Þús. kr.

100. Við 4. gr. 07 999 0123 Til sjómannastofa.
Fyrir „2 500“ kemur 4 000
101. Við 4. gr. 07 999 0125 Öryrkjabandalag Íslands.
Fyrir „1 500“ kemur 2 200
102. Við 4. gr. 07 999 0126. Liðurinn orðast svo:
0126 Ferlinefnd fatlaðra 500
103. Við 4. gr. 07 999 0127 Blindrafélagið.
Fyrir „2 500“ kemur 4 000
104. Við 4. gr. 07 999 0133 Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, eldspýtnagjald.
Liðurinn fellur niður.
105. Við 4. gr. 07 999 0135 Landssamtökin Þroskahjálp.
a. Fyrir „1 000“ kemur 1 500
b. Nýr liður:
0136 Styrktarfélag vangefinna vegna norræns móts á Íslandi 1979 600
106. Við 4. gr. 07 999 0137 Foreldrasamtök barna með sérþarfir.
Fyrir „300“ kemur 500
107. Við 4. gr. 07 999. Nýr liður:
0142 Íslensk réttarvernd 500
108. Við 4. gr. 08 371 Landspítalinn 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „461 200“ kemur 629 200
109. Við 4. gr. 08 381 0301 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknabústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa.
a. Fyrir „1 458 000“ kemur 1 845 000
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknabústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa (08 381 0301).

a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:

1.	Reykjavík, Borgarspítali	159 400
2.	Reykjavík, Grensásdeild, endurhæfingarsundlaug	30 000
3.	Reykjavík, Arnarholt	35 000
4.	Reykjavík, heilsugæslustöðvar	20 000
5.	Akranes, sjúkrahús	64 000
6.	Ólafsvík, H 2	15 000
7.	Stykkishólmur, H 2	10 000
8.	Búðardalur, H 2	14 000
9.	Patreksfjörður, H 2	132 000
10.	Bolungarvík, H 1	15 000
11.	Ísafjörður, sjúkrahús	190 000
12.	Hólmavík, endurbætur	3 000
13.	Hvammstangi, H 2 og breyting	29 000
14.	Blönduós, sjúkrahús	10 000
15.	Skagaströnd, læknismóttaka	4 000
16.	Sauðárkrókur, sjúkrahús	75 000
17.	Ólafsfjörður, H 1	57 000
18.	Dalvík, H 2	40 000
19.	Akureyri, sjúkrahús	260 000
20.	Húsavík, skuldagreiðsla	1 200
21.	Raufarhöfn, v/tækjakaupa	2 000
22.	Vopnafjörður, H 1	38 000
23.	Seyðisfjörður, H 1	55 000

		Þús. kr.
24. Neskaupstaður, sjúkrahús	100 000	
25. Fáskrúðsfjörður, H 1	12 000	
26. Höfn, H 2	15 000	
27. Kirkjubæjarklaustur, H 1	15 000	
28. Vík, H 1	15 000	
29. Hvolsvöllur, H 1	38 000	
30. Hella, H 1, skuldagreiðsla	18 000	
31. Vestmannaeyjar, sjúkrahús, skuldagr.	26 800	
32. Laugarás, H 2, skuldagr. og tækjakaup	12 000	
33. Selfoss, sjúkrahús	130 000	
34. Keflavík, sjúkrahús	60 000	
35. Hafnarfjörður, Sólvangur	10 000	
36. Seltjarnarnes, H 2	50 000	
		1 760 400
b. Heilsugæslustöðvar og læknamóttökur í leiguhúsnæði. Styrkur vegna breytinga á húsnæði eða tækjakaupa.		
1. Akureyri	2 000	
2. Þorlákshöfn	2 000	
3. Grindavík	1 400	
4. Gerðar	2 000	
5. Keflavík	1 200	
6. Hafnarfjörður	5 000	
7. Álafoss	5 000	
		18 600
c. Læknabústaðir:		
1. Borgarnes	10 000	
2. Reykhólar	3 000	
3. Siglufjörður	29 000	
4. Húsavík, v/ H 2	2 000	
5. Húsavík, v/sjúkrahúss	13 000	
6. Egilsstaðir, skuldagreiðsla	4 000	
7. Vík í Mýrdal	3 000	
8. Selfoss, skuldagreiðsla	2 000	
		66 000
		1 845 000
110. Við 4. gr. 08 381 0310 Grensásdeild Borgarspítala, til byggingar endurhæfingarsundlaugar. Liðurinn fellur niður.		
111. Við 4. gr. 08 399 0108 Hjartavernd. Fyrir „20 000“ kemur		30 000
112. Við 4. gr. 08 399 0109 Krabbameinsfélag Íslands. Fyrir „25 000“ kemur		37 500
113. Við 4. gr. 08 399 0110 Kostnaður skv. farsóttar- og sóttvarnarlögum og lögum um ónæmisaðgerðir. Fyrir „4 730“ kemur		24 730
114. Við 4. gr. 08 399 0127 Sjúkraflug. Fyrir „7 500“ kemur		12 000
115. Við 4. gr. 08 399. Nýr liður: 0142 Starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar		2 500
116. Við 4. gr. 08 481 0102 Áfengisvarnir. Fyrir „21 010“ kemur		23 510
117. Við 4. gr. 08 481 0104 Templarahöllin, byggingarstyrkur. Liðurinn fellur niður.		

Þús. kr.

118. Við 4. gr. 08 481 0105 Stórstúka Íslands.
Fyrir „3 000“ kemur 4 500

119. Við 4. gr. 09 999 0121 Lífeyrissjóður bænda.
Fyrir „122 500“ kemur 192 500

120. Við 4. gr. 09 999 0122. Liðurinn orðast svo:
0122 Til eftirlauna aldraðra félaga í stéttarfélögum samkv. lögum nr. 63/1971 ..... 163 000

121. Við 4. gr. 10 211 Vegagerð 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „5 225 000“ kemur 5 552 000

122. Við 4. gr. 10 333 0103 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.
a. Fyrir „1 156 000“ kemur 1 528 400
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 0103).

1.	Akranes	109 000
2.	Ólafsvík	101 500
3.	Grundarfjörður	12 500
4.	Patreksfjörður	38 000
5.	Tálknafjörður	300
6.	Bíldudalur	2 500
7.	Flateyri	11 000
8.	Bolungarvík	57 800
9.	Ísafjörður	30 500
10.	Súðavík	58 900
11.	Hólmavík	6 000
12.	Drangsnes	1 200
13.	Hvammstangi	16 500
14.	Blönduós	10 000
15.	Skagaströnd	67 000
16.	Sauðárkrókur	47 300
17.	Siglufjörður	45 800
18.	Ólafsfjörður	31 300
19.	Dalvík	34 500
20.	Árskógssandur	30 800
21.	Hauganes	45 000
22.	Akureyri	54 000
23.	Grenivík	30 500
24.	Húsavík	50 000
25.	Grímsey	8 000
26.	Raufarhöfn	22 500
27.	Vopnafjörður	38 300
28.	Borgarfjörður eystri	4 500
29.	Seyðisfjörður	30 000
30.	Neskaupstaður	30 700
31.	Eskifjörður	45 000
32.	Reyðarfjörður	6 500
33.	Fáskrúðsfjörður	5 600
34.	Breiðdalsvík	700
35.	Djúpivogur	30 000
36.	Höfn, Hornafirði	70 000
37.	Vestmannaeyjar	94 500
38.	Stokkseyri	6 400
39.	Eyrarbakki	27 500

		Þús. kr.
40. Dyrhólaey	4 500	
41. Grindavík	40 000	
42. Sandgerði	78 000	
43. Vogar	3 800	
44. Hafnarfjörður	90 000	
		1 528 400

123. Við 4. gr. 10 333 0104 Ferjubryggjur.
a. Fyrir „28 000“ kemur ..... 36 900.
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Ferjubryggjur (10 333 0104).

1. Árskógssandur	10 000	
2. Gemlufall	2 200	
3. Hnjúkanes	3 000	
4. Hvítanes	10 000	
5. Æðey	6 700	
6. Viðhald	5 000	
		36 900

124. Við 4. gr. 10 333 0108 Sjóvarnargarðar.
a. Fyrir „70 300“ kemur 89 000
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Sjóvarnargarðar (10 333 0108).

1. Akranes	3 000	
2. Álftanes	2 000	
3. Bolungarvík	5 000	
4. Eyrarbakki og Stokkseyri	45 000	
5. Flateyri	3 000	
6. Gerðar	4 000	
7. Grindavík	4 000	
8. Húsavík	5 000	
9. Hvaleyri, Hafnarfirði	3 000	
10. Reykjanesskagi, ranns. og aðgerðir	3 000	
11. Saurbær á Kjalarnesi	3 000	
12. Selvogur	6 000	
13. Vogar	3 000	
		89 000

125. Við 4. gr. 10 333 0107 Hafnabótasjóður.
Fyrir „138 700“ kemur 183 400

126. Við 4. gr. 10 481 Flugbjörgunarsveitir.
Fyrir „700“ kemur 1 100

127. Við 4. gr. 11 201 Iðntæknistofnun Íslands 20 Laun.
Fyrir „206 390“ kemur 222 171

128. Við 4. gr. 11 203 Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins. Nýr liður:
94 Til einstaklinga og samtaka 3 000

129. Við 4. gr. 12 201 Niðurgreiðslur á vöruverði.
Fyrir „18 037 000“ kemur 18 902 900

130. Við 4. gr. 13 101 Hagstofa Íslands.
20 Laun.
Fyrir „89 428“ kemur 109 428

131. Við 5. gr. 30 471 Flugmálastjórn 983 Fjárfestingar.

Þús. kr.

Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

1.	Reykjavík		132 000
2.	Akureyri		82 000
3.	Vestmannaeyjar		143 300
4.	Egilsstaðir		43 700
5.	Ísafjörður		25 000
6.	Húsavík		12 400
7.	Sauðárkrókur		30 000
8.	Hornafjörður		36 000
9.	Patreksfjörður		11 000
10.	Siglufjörður		16 000
11.	Þingeyri		8 000
12.	Norðfjörður		4 300
13.	Blönduós		14 800
14.	Rif		25 600
15.	Þórshöfn		1 500
16.	Raufarhöfn		14 400
17.	Stykkishólmur		11 000
18.	Flateyri		12 000
19.	Suðureyri		8 000
20.	Bíldudalur		13 000
21.	Hólmavík		10 000
22.	Grímsey		3 000
23.	Mývatn		1 200
24.	Kópasker		3 300
25.	Gjögur		11 100
26.	Reykhólar		800
27.	Borgarfjörður eystri		11 600
28.	Búðardalur		8 000
29.	Bakkafjörður		3 000
30.	Breiðdalsvík		9 200
31.	Sjúkraflugvellir:		
	a. Bæir	1 500	
	b. Strandasel	1 500	
	c. Melanes	4 000	
	d. Grímsstaðir	2 000	
	e. Húsafell	3 000	
	f. Bakkafjörður	6 000	
	g. Valtarar fyrir sjúkraflugvelli	1 800	
			19 800
32.	Hönnun flugstöðva		2 000
33.	Ólafsfjörður — flugbraut		3 000
34.	Leiðarflugþjónusta		24 000
35.	Flugstjórnarmiðstöð		30 000
36.	Óráðstafað		16 000
			800 000

132. Við 6. gr. IX. (Gjald af seldum eldspýtustokkum).
Liðurinn fellur niður.

Nd. 169. Frumvarp til laga [136. mál]

um breytingu á lögum nr. 41, 18. maí 1978 um Iðntæknistofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Í stað „1978“ í ákvæði til bráðabirgða kemur „1979“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 45. gr. laga nr. 64, 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, eru ákvæði um að greiða skuli gjald til Rannsóknastofnunar iðnaðarins er nemi 2‰ af kaupi verkafólks og fagmanna hjá iðnfyrirtækjum, verksmiðjum og verkstæðum. Í bráðabirgðaákvæðinu var ákvæði um að gjaldið skuli innheimt til loka ársins 1978 og renna til Iðntæknistofnunar Íslands.

Með þessum lögum er ákvæðið framlengt um 1 ár.

Í 3. gr. laga um jöfnunargjald nr. 83/1978 segir að tekjum af jöfnunargjaldi skuli ráðstafa í fjárlögum ár hvert, að hluta, til eflingar iðnþróunar og tekjum af gjaldinu er til falla árið 1978 skuli ráðstafað samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Í 9. gr. laganna um Iðntæknistofnun Íslands segir í b) málslið, að hluti af jöfnunargjaldi skuli frá og með 1979 vera einn af tekjustofnum.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir, að 91 m.kr. af jöfnunargjaldi skuli varið til Iðntæknistofnunar Íslands án þess þó að nokkur aukning komi til á starfsemi stofnunarinnar. Þessi fjárhæð af jöfnunargjaldi er því fyrst og fremst vegna launahækkana og verðhækkana milli ára, og til þess að bæta upp tekjumissi af iðnaðargjaldi. Þetta veldur því hins vegar, að ófullnægjandi fjárhæð af jöfnunargjaldi getur runnið til brýnna iðnþróunarverkefna, svo sem til starfsemi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins o. fl.

Til þess að koma í veg fyrir, að áhrif jöfnunargjaldsins til eflingar iðnþróunar verði stórkostlega skert, er talið eðlilegt, að ákvæðið um iðnaðargjaldið verði framlengt um 1 ár.

Áætluð fjárhæð iðnaðargjaldsins árið 1979 er 70 m.kr.

Telja verður eðlilegt, að iðnaðarráðuneytið ráðstafi áðurnefndum 91 m.kr. samkvæmt sérstökum viðfangsefnalið til iðnþróunar.

Ed. 170. Nefndarálit [101. mál]

um frv til l. um breyt. á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og nr. 68/1977.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um þetta frumvarp og eru menn sammála um að mæla með samþykkt þess.

Fjarstaddir voru Bragi Sigurjónsson og Geir Gunnarsson.

Alþingi, 13. des. 1978.

Bragi Níelsson, form., frsm.
Helgi F. Seljan, fundaskr.
Vilhjálmur Hjálmarsson.
Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. 171. Frumvarp til laga [137. mál]

um verðjöfnunargjald af raforku.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 83/1974 orðist þannig:

„Greiða skal 19% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforkuna.

Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldi en Orkubú Vestfjarða 20%".

2. gr.

Í stað „1975" í 16. gr. l. nr. 83/1974 kemur „1979".

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér framlengingu um 1 ár á gildistíma laga um verðjöfnunargjald af raforku.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna segir m. a.:

„Mörkuð verði ný stefna í orkumálum með það að markmiði að tryggja öllum landsmönnum næga og örugga raforku á sambærilegu verði".

Að þessu markmiði er nú unnið m. a. með undirbúningi skipulagsbreytinga á meginorkuöflunarkerfi landsins. Sá undirbúningur tekur óhjákvæmilega nokkurn tíma, en með fyrirhuguðum breytingum gæti náðst nokkur jöfnun á heildsöluverði raforku.

Ekki verður hins vegar hjá því komist að hamla nú þegar gegn þeim gífurlega mun sem er á raforkuverði í landinu, en hann bitnar fyrst og fremst á viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, eins og glöggt kemur fram í meðfylgjandi töflu (fylgiskjal). Þannig munar nú 88% á raforkuverði skv. almennum heimilistaxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa um árabil átt í vaxandi fjárhagsörðugleikum, sem að hluta hefur verið mætt með jöfnunargjaldi, en að öðru leyti hefur fyrirtækinu verið fleytt áfram með óhagstæðum lánum. Hefur lánabyrði Rafmagnsveitna ríkisins þannig vaxið ár frá ári og viðskiptaaðilar verið látnir axla hana með gjaldskrárhækkunum umfram eðlilegar kostnaðarhækkanir og þannig skapast sá mikli ójöfnuður í raforkuverði, sem nú ríkir.

Samkvæmt áætlunum Rafmagnsveitna ríkisins er fyrirsjáanlegur rekstrarhalli á næsta ári sem nemur 800 m.kr. Við þetta bætist stofnkostnaður af óarðbærum eða félagslegum framkvæmdum, sem áætlaður er um 700 m.kr. á árinu 1979.

Við þessum vanda er áformað að bregðast með tvennum hætti. Annars vegar með beinu framlagi ríkisins til Rafmagnsveitna ríkisins, sem gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun og með hækkun verðjöfnunargjalds, sem lögð er til í þessu frumvarpi. Er áætlað að sú 6% hækkun verðjöfnunargjaldsins, sem hér er gert ráð fyrir, gefi um 700 m.kr. í tekjur til viðbótar þeirri upphæð, sem ella fengist.

Með þessu móti er stefnt að því að draga úr fyrirsjáanlegum gjaldskrárhækkunum vegna aukins tilkostnaðar á árinu 1979.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að tekjum af verðjöfnunargjaldinu verði skipt milli Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða í sama hlutfalli og áður, þ. e. 80% renni til Rafmagnsveitna ríkisins og 20% til Orkubús Vestfjarða, en Orkubúið hefur við hliðstæða örðugleika að etja.

Með lögum nr. 85/1975 var gildistími l. nr. 83/1974 framlengdur til 31. desember 1976; með l. nr. 114/1976 til 31. desember 1977; með l. nr. 71/1977 til 31. desember 1978 og með þessu frumvarpi til 31. desember 1979.

Fylgiskjal.

Dæmi um raforkuverð 1. október 1978.

	Heimilisnotkun 3000 kWh, 3 herb. íbúð kr/kWh	Stórar vélar 2500 st. nýt. tími kr/kWh
1. Rafmagnsveita Reykjavíkur	19.82	12.54
2. Rafveita Hafnarfjarðar	19.90	14.29
3. Rafveita Vatnsleysu	19.73	14.75
4. Rafveita Njarðvíkur	19.73	14.75
5. Rafveita Keflavíkur	19.73	15.01
6. Rafveita Gerðahrepps	19.73	15.01
7. Rafveita Miðneshrepps	19.73	15.22
8. Rafveita Grindavíkur	19.73	15.22
9. Rafveita Eyrarbakka	19.45	13.68
10. Rafveita Stokkseyrar	19.45	13.68
11. Rafveita Selfoss	19.45	13.68
12. Rafveita Hveragerðis	19.45	13.68
13. Rafveita Vestmannaeyja	19.49	14.51
14. Rafveita Akraness	17.05	12.02
15. Rafveita Borgarness	20.99	26.83
16. Orkubú Vestfjarða	34.20	26.83
17. Rafveita Reykjarfjarðar- og Ögurhrepps[1])	....	....
18. Rafveita Snæfjalla- og Nauteyrarhrepps[2])	....	....
19. Rafveita Sauðárkróks	20.70	18.27
20. Rafveita Siglufjarðar	19.80	14.63
21. Rafveita Akureyrar	19.75	12.43
22. Rafveita Húsavíkur	21.22	14.75
23. Rafveita Reyðarfjarðar	21.99	15.42
24. Rafmagnsveitur ríkisins	37.25	22.80

Nd. 172. Nefndarálit [39. mál]

um frv. til laga um kjaramál.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er flutt til staðfestingar á samhljóða bráðabirgðalögum frá 8. september s. l. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hlutinn, fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til að það verði samþykkt með smávægilegum breytingum. Minni hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, leggur til að frumvarpið verð fellt.

1-2) Þessar rafveitur hafa hvorki sérstakan heimilistaxta né sérstakan vélataxta, en selja megnið af raforku sinni um marktaxta.

Aðaleinkenni bráðabirgðalaganna og þessa frumvarps er að það, sem rétt er með annarri hendinni, er tekið aftur með hinni. Með því telur ríkisstjórnin að stuðlað sé að tekjujöfnun í þjóðfélaginu og efnahagsvandinn leystur í bráð. Að vissu marki má á þetta fallast. Tekjujöfnunin er þó mest sjónhverfing, leikur með vísitölu, þar sem beitt er vafasömum aðferðum í stað þess að takast á við það vandamál. Sá árangur, sem kann að nást í baráttunni við verðbólguna til áramóta, veldur auknum vanda þegar til lengri tíma er litið.

Neysla er örvuð á kostnað sparnaðar, dregið er úr vinnuvilja með hækkun tekjuskatts, síðferði látið fyrir róða með afturvirkum álögum. Niðurgreiðslur eru auknar á nokkrum landbúnaðarafurðum, það brenglar enn framleiðslutilhögun milli búgreina og gagnvart öðrum atvinnuvegum og hvetur til enn meiri umframframleiðslu í landbúnaði. Vísir er kominn að margföldu gengi, haftakerfi og samningsbrot eru boðuð í viðskiptamálum.

Með ákvæðum fyrsta kafla frumvarpsins telur ríkisstjórnin að kjarasamningar frá 1977 hafi tekið gildi. Ýmsir fylgjendur stjórnarinnar í verkalýðshreyfingunni virðast trúa þessu líka, og þeir reyna að telja umbjóðendum sínum trú um hið sama. Verðbætur á laun eru þó beinlínis skertar með ákvæðum 2. greinar, skerðingin verður meiri en samkvæmt fyrri lögum. Ekki er heldur unnt að segja að kjarasamningar séu látnir gilda til fulls nema kauphækkunin hefði náð til 1. mars s. l.

Hópur launþega lendir bæði í skertum verðbótum og tekjuskattsauka. Aðgerðir sem þessar fela að sjálfsögðu í sér afskipti af launasamningum þar sem um kaup og kjör er samið með hliðsjón af gildandi skattareglum.

Afnám sölugjalds á ýmsum matvörum er áhrifarík leið til lækkunar verðs á vísitöluvörum, en hún er kostnaðarsöm fyrir ríkissjóð. Með þessu móti má hamla gegn verðhækkunum um skeið, einkum þegar svo er staðið að verki sem hér er gert, að þær vörur sumar, sem í vísitölunni eru, fást ekki við því verði, sem þar er skráð. Þetta á ekki einungis við hið fræga „kjarabótakjöt“. Í þessu sambandi verður að leggja áherslu á, að allir sérfræðingar í skattamálum hafa varað við auknum undanþágum í söluskatti vegna erfiðleika á framkvæmd og innheimtu og vaxandi hættu á undanskoti frá greiðslu.

Í greinargerð um virðisaukaskatt, sem unninn var á vegum fyrrverandi ríkisstjórnar, er rækilega tekið fram, að nauðsyn beri til að fækka undanþágum ef virðisaukaskattur yrði tekinn upp. Aukning undanþága verður því að túlka á þann veg, að virðisaukaskattur sé enn fjarlægari en áður og núverandi ríkisstjórn hafi ekki í hyggju að taka hann upp.

Hækkun eignarskatts lendir fyrst og fremst á þeim sem eiga skuldlausar eða skuldlitlar fasteignir, því að eignarmyndun hér á landi er mest í mynd fasteigna. Af því leiðir jafnframt, að eignarskattsaukinn lendir þungt á eldra fólki, sem á skuldlausar fasteignir. Við teljum því breytingartillögu á þskj. 52 sjálfsagða. Einnig lendir þessi eignarskattsauki með miklum þunga á þeim, sem þurfa að eiga miklar fasteignir og vélar við framleiðsluna.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er lagður helmingi hærri eignarskattsauki á félög en einstaklinga, en það hefur í för með sér stórfellda mismunun eftir rekstrarformi fyrirtækja. Fráleitt er að fyrirtæki greiði mismunandi skatt eftir því, hvort þau eru skráð sem hlutafélög eða eru á nafni einstaklinga.

Á síðasta þingi voru samþykkt ný skattalög. Þar var haft að leiðarljósi, að ekki yrði um afturvirkni í skattlagningu að ræða. Með athöfnum núverandi ríkisstjórnar er hins vegar snúið við blaði. Úr því verður skorið, hvort lagasetning sem þessi fær staðist fyrir ákvæðum stjórnarskár. Fróðlegt verður að fylgjast með hversu ljúflega einstakir þingmenn stjórnarflokkanna rétta upp hendur með þessum ákvæðum frumvarpsins. Dómur þjóðarinnar hefur hins vegar verið felldur: Um er að ræða ósiðlegt athæfi og fyrir það verður kvittað í næstu kosningum.

Sérstakur 6% skattur er lagður á atvinnurekstur með því að skerða afskriftir. Þessi skattur er ekki frádráttarbær frá tekjum. Hann kemur því eins út fyrir fyrir-

tæki og lagður væri sérstakur skattur á vörunotkun og vinnuaflsnotkun. Frá afkomusjónarmiði fyrirtækisins skiptir ekki máli, hver af þessum leiðum er farin. Skattur ræðst af því, hvernig fyrirtækin hafa talið fram, þar sem nýting afskriftaheimilda ræðst iðulega af afkomu þeirra.

Með því að tvískipta vörugjaldi er í reynd gerð tilraun til að flokka vöru eftir því, hvort um munaðarvöru er að ræða eða nauðsynjavarning. Þetta er eitt af því varhugaverðasta í afskiptum stjórnmálamanna af frjálsu neysluvali einstaklinga, þ. e. að segja þeim, hvað sé nauðsynjavara og hvað munaðarvara. Ríkisstjórnin tekur sér vald til að segja, hvað sé gott og hvað sé slæmt. Árangurinn lýsir sér meðal annars í því að skriffæri, hreinlætisvörur og vörur til tónlistariðkana eru talin munaður. Á sama tíma er ríkisvaldið að efla tónmennt og greiða tannviðgerðir barna af almannafé. En þetta bætir lífskjörin. Ríkisstjórnin segir: Hættið að spila og skrifa, borðið meira kjöt og smjör og þá mun yður vel farnast.

Tekið er upp tvöfalt gengi með 10% gjaldi á andvirði yfirfærslu fyrir dvalarkostnaði erlendis. Þetta er gert í blóra við yfirlýsingar gagnvart alþjóðastofnunum. Ákvæðið um hið tvöfalda gengi á að gilda til ársloka 1979.

Þegar afgreiðsla frumvarps fer fram hefur sönnun fengist fyrir því, að bráðabirgðalögin, sem nú er leitað staðfestingar á bættu enn á efnahagsvandann. Þetta sýnir þróunin fram til 1. des. s. l. og þær ráðstafanir, sem gripið hefur verið til. Undrun ríkisstjórnarinnar varð meiri en annarra, hve verðbólgan varð miklu meiri í nóvember en reiknað var með. Það segir einnig sína sögu um úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar, að um leið og rætt er þetta frumvarp, og frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1979, hafa verið samþykkt lög um ráðstafanir 1. des. s. l., þar sem eitt rekur sig á annars horn í forsendum um þróun kaupgjalds og verðlags.

Með frumvarpi þessu er hluta af verðbólguvandanum breytt í fjármálavanda fyrir ríkissjóð, eins og hæstv. forsætisráðherra sagði við 1. umr. þessa máls.

Hvorugur vandinn hefur verið leystur. Þvert á móti eykst vandinn til mikilla muna með aðgerðum sem þessum. Breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar hafa hér engin áhrif.

Ef meiri hluti er fyrir því að afla þeirra tekna, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, teljum við heppilegra að gera það í formi skyldusparnaðar og mælum því með, að brtt. á þskj. 53 verði samþykkt.

Alþingi, 14. des. 1978.

Ólafur G. Einarsson, frsm. Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 173. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við fulltrúar Alþýðuflokksins í fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar leggjum til að frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands verði samþykkt.

Alþingi, 14. des. 1978.

Vilmundur Gylfason, frsm. Finnur Torfi Stefánsson.

Nd. 174. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80/1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á þingskjali 134 og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 14. des. 1978.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm.
Páll Pétursson, fundaskr.
Matthías Bjarnason.
Lúðvík Jósepsson.
Garðar Sigurðsson.
Eiður Guðnason.
Sverrir Hermannsson.

Ed. 175. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á leiklistarlögum, nr. 33 12. maí 1977.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir meiri hlutinn með samþykkt þess. Ragnhildur Helgadóttir mun skila séráliti.

Alþingi, 14. des. 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form.
Bragi Nielsson, fundaskr.
Helgi F. Seljan, frsm.
Alexander Stefánsson.
Ólafur Ragnar Grímsson.

Nd. 176. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins og koma fram þrjú álit. Alþýðuflokksmenn í nefndinni vilja samþykkja frv., Alþýðubandalag og Framsókn fella það, en undirritaðir nefndarmenn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, flytja breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Meginefni þessara breytingartillagna er eftirfarandi:

Lagt er til að Seðlabankinn ákveði einungis vexti af útlánum sínum og innlánum svo og önnur kjör þeirra, auk hæstu leyfilegu dráttarvaxta af vanskilaskuldum. Með því að jafnframt eru felld úr gildi lög um (bann við) verðtryggingu fjárskuldbindinga frá 1966 og okurlögin frá 1960, verður bönkum og sparisjóðum frjálst að ákveða kjör innlána sinna og útlána. Enn fremur geta einstaklingar samið um verðtryggingu fjárskuldbindinga án afskipta Seðlabankans. Eðlilegt er að Seðlabankinn miði dráttarvexti við þau kjör sem innlánsstofnanir ákveða.

Með þessu móti er stórlega dregið úr opinberum afskiptum af verðmyndun á peningamarkaði og frjáls sparifjármyndun mun aukast.

Eðli málsins samkvæmt hlýtur sú gagngera breyting, sem hér er lögð til, að krefjast margvíslegra umbóta á öðrum sviðum, einkum að því er varðar verðlagsmál, gjaldeyris- og skattamál.

Frjáls verðmyndun og virk samkeppni á peningamarkaði þurfa að fylgjast að. Gjaldeyrisviðskipti ættu einnig að verða greiðari og allir bankar og sparisjóðir að geta fengið leyfi til að versla með erlenda mynt. Gengisuppfærsla birgða ætti að vega á móti gengistryggingu afurðalána.

Þótt hér sé lagt til að fella niður lög nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., er æskilegt, að hluti laganna, a. m. k. 7. gr., haldist áfram í lögum. Um það verður að flytja sérstakt frumvarp svo og um aðrar ofangreindar breytingar á lögum, sem æskilegt er að framkvæma samhliða þessari lagabreytingu, en ráðgert er að lögin taki gildi 1. mars 1979. Æskilegt er, að framkvæmd þeirrar nýskipunar, sem hér um ræðir, gerist í nokkrum áföngum. Um þetta hafa ekki verið sett ákvæði í brtt., enda eðlilegt að viðskiptabankar, sparisjóðir og Seðlabanki hafi samráð um, hvernig þessu skuli háttað.

Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um, að Seðlabankinn tilkynni hverjir séu vextir af fjárskuldbindingum, þar sem fyrir gildistöku laganna eru ákvæði um hreyfanlega vexti, svo sem hæstu lögleyfðu fasteignalánavexti.

Verðbólga hefur verið mun meiri hér á landi en í nálægum löndum undanfarna áratugi. Á allra síðustu árum hefur verðbólgan verið hér fimmföld á við það sem gerist í helstu viðskiptalönlum okkar. Rætur verðbólgunnar eru margslungnar, en ekki fer á milli mála, að snar þáttur verðhækkana, beint og óbeint, er misvægi á peningamarkaði. Vextir eða ígildi þeirra eru eins og hvert annað vöruverð. Því betri sem ávöxtunarkjör eru, þeim mun meiri er frjáls sparifjármyndun. Því ódýrara sem lánsfé er í raunverulegum verðmætum, þeim mun meiri ásókn er í lán. Við bætist í óðaverðbólgu spákaupmennska og enn meiri ásókn í lánsfé en ella og flótti sparifjár yfir í eignir, sem síður rýrna að verðgildi í verðbólgunni.

Við þessar aðstæður verða vextir afstætt hugtak og orð eins og okurvextir missa merkingu sína. Bann við verðtryggingu höfuðstóls eða tengsl hans við skráð gengi jafngildir eignaskerðingu hjá lánveitanda og samsvarandi eignaauka hjá lántaka. Handahófskenndar og óréttlátar tilfærslur verða milli manna. Margir halda að þeir séu að græða, þegar þeir eru í reynd að tapa, og þjóðin sem heild getur ekki hagnast á slíkum eignabreytingum.

Afleiðingar þess kerfis, sem við búum við í peningamálum, lýsa sér skýrt og með afdrifaríkum hætti.

Frjáls sparifjármyndun hefur á fáum árum dregist saman um meira en þriðjung miðað við þjóðarframleiðslu, þótt hægt hafi á hruninu við upptöku vaxtaaukareikninga. Er talið að sparifjármyndun í bönkum og sparisjóðum væri 70 milljörðum króna hærri nú, ef allt væri með felldu. Sala spariskírteina ríkissjóðs vegur þar nokkuð á móti.

Frjáls verðmyndun á peningamarkaði tryggir hagkvæmasta ráðstöfun fjár. Þótt fjárfesting hafi aukist verulega á síðustu tveimur áratugum, er hagvöxtur hægari en áður. Verðbólgan hefur þannig læðst inn um bakdyrnar og ýtt undir óhagkvæma fjárfestingu og valdið lakari lífskjörum en ella.

Eigið fé fjárfestingarlánasjóða hefur rýrnað þrátt fyrir 13—15 milljarða króna bein framlög á fáum árum. Afurðalán eru komin 9—10 milljarða króna fram úr bundnu fé í Seðlabankanum, og er þá hætt að tala um þann tilgang bindiskyldunnar að standa að baki gjaldeyrisvarasjóði.

Erlend lán hafa verið tekin í stórum stíl, þar sem fjárfesting hefur verið meiri en innlendur sparnaður. Peningastofnanir eru skömmtunarskrifstofur og hafa ekki tækifæri til að keppa á jafnréttisgrundvelli. Reynslan bæði hér og annars staðar sýnir, að lánastofnunum fjölgar við þessar aðstæður, þar sem ýmsir hagsmunaaðilar reyna að tryggja sér ákveðinn hluta fjármagnsins. Ríkissjóður hefur skapað sér forgang á markaðnum með útgáfu verðtryggðra spariskírteina, sem innlánsstofnanir

hafa ekki fengið að keppa við. Einnig hefur þvingaður sparnaður gegnum skattakerfið aukist. Séu þær aðstæður, sem ríkt hafa hér á landi á sviði peningamála, bornar saman við skipan mála í öðrum ríkjum Norðurlanda og víðar, kemur í ljós, að innlánsstofnanir njóta hér, andstætt því sem þar gerist, einskis frelsis í ákvörðun lánskjara, en Seðlabankinn ákveður alla vexti lögum samkvæmt. Yfirleitt ákveður seðlabanki viðkomandi lands einungis sína eigin vexti, svo sem forvexti og vexti á yfirdrætti, og hefur áhrif á vexti að öðru leyti með kaupum og sölu skuldabréfa o. fl. Í sjálfu sér hefur Seðlabanki Íslands heimildir í lögum til að beina peningamarkaði hérlendis í þennan farveg. Hefur komið fram í ársskýrslu hans, að hann telur það beinlínis æskilegt.

Sú lýsing, sem gefin hefur verið af íslenska peningamarkaðnum, sýnir, að í óefni er komið og finna verður leiðir til að rata út úr ógöngunum.

Þegar bann við verðtryggingu fjárskuldbindinga eða viðmiðun þeirra við skráð gengi erlends gjaldmiðils er fellt úr gildi, hljóta verðtryggðar fjárskuldbindingar að ryðja sér til rúms. Innlánsstofnanir laga sig að breyttum aðstæðum, t. d. að því er varðar verðtryggingu eða gengisbindingu lána til ákveðins tíma og vexti af skammtímalánum. Sparisjóðir geta sérhæft sig í innlánum og útlánum til langs tíma. Sú innlánsstofnun, sem best er rekin, getur boðið best innlánskjör.

Rétt er að taka fram, að frv. tekur ekki til innlána og útlána fjárfestingarlánasjóða, sem um gilda sérstök lög. Þegar fram í sækir hlýtur þó að verða samræmi á hinum ýmsu sviðum fjármagns- og peningamarkaðarins, nema þar sem um beina félagslega þjónustu er að ræða. Í reynd er tenging við verðvísitölu eða gengi komin til framkvæmda í mörgum fjárfestingarlánasjóðum.

Með nýbreytni þessari getur lánstími lengst og árleg greiðslubyrði orðið minni í upphafi og jafnari en nú er, en lánsfjárskorturinn hefur einmitt lýst sér í stuttum lánstíma og þungum afborgunum í upphafi. Þetta gildir einnig um vaxtaaukalán, eins og framkvæmd er nú háttað. Telja má víst, að fasteignir lækki í verði, þar sem verðtryggð skuldbinding er meira virði í verðbólgunni en krafa með föstu nafnverði. Hyrfi þar með úr sögunni hin fráleita regla sem bannar að semja um kjör fjárskuldbindinga, er miðist við verðbólgustig á hverjum tíma, en síðan má kaupa og selja kröfurnar með afföllum, jafngildum vöxtum, sem óheimilir eru samkvæmt okurlögum.

Lán til íbúðabygginga hækka með meira framboði lánsfjár. Eðlilegt er að veita sérstök lánakjör þeim, sem eru að eignast húsnæði í fyrsta sinn.

Atvinnuvegirnir fá aðgang að meira lánsfé en áður og greiðslubyrði verður léttari í upphafi og jafnari.

Eðlilegt er, að afurðalán útflutningsatvinnuvega miðist við gengisskráningu á hverjum tíma, en fyrirtækin haldi jafnframt gengisuppfærslu birgða. Með beirri eflingu frjáls sparnaðar, sem verður, er unnt að veita afurðalán og önnur birgðalán af innlendu sparifé, sem væri gengistryggt, í stað þess að taka erlend lán í því skyni.

Með tímanum yrði hægt að tengja gengistryggðu reikninga að hluta eða öllu leyti innlausn í gjaldeyri og skipan gjaldeyrismála kæmist þannig í eðlilegt horf.

Þessi grundvallarbreyting á skipan peningamála er forsenda þess, að takast megi að vinna bug á verðbólgu, örva atvinnulíf, auka arðsemi og bæta þar með þjóðarhag. Þetta er leiðin til að treysta gjaldmiðilinn og nauðsynlegur undanfari myntbreytingar.

Alþingi, 14. des. 1978.

Ólafur G. Einarsson, frsm. Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 177. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 20. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar. (ÓE og MÁM).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   13. gr. laganna orðist svo:
   Seðlabankinn ákveður vexti af útlánum sínum og innlánum svo og önnur kjör. Seðlabankinn ákveður einnig hæstu leyfilegu dráttarvexti af vanskilaskuldum og setur leiðbeinandi reglur um framkvæmd verðtryggingar, svo sem tengingu við skráð gengi erlends gjaldmiðils eða viðurkennda vísitölu.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1979. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 58 1960, með síðari breytingum, og lög nr. 71 1966, með síðari breytingum.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið orðist svo:
   Seðlabankinn tilkynnir hverjir séu vextir af fjárskuldbindingum þar sem fyrir gildistöku laganna eru ákvæði um breytilega vexti, t. d. hæstu lögleyfðu fasteignalánavexti.

Ed. 178. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyting á leiklistarlögum, nr. 33 12. maí 1977.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Leiklistarlög voru sett í miklum flýti vorkvöld nokkurt árið 1977. Er því skiljanlegt að gera þurfi breytingar á þeim lögum.

Stjórnarfrumvarp, sem nú er til meðferðar um breytingu á leiklistarlögum, felur í raun aðeins í sér eitt efnisatriði: að tryggja að fjárveitingar Alþingis nái til tiltekinna atvinnuleikhúsa, auk þeirra, sem nú eru talin upp í 2. gr. leiklistarlaga. Við 1. umræðu málsins kom fram, að hér er fyrst og fremst átt við Alþýðuleikhúsið. Minni hlutinn telur þó rétt að breyta fleiru og flytur brtt. á sérstöku þskj. Skal nú gerð grein fyrir þeim.

Meðal sígildrar listar, sem flutt er á leiksviði, er söngleikur eða ópera. Leiklist í þrengstu merkingu, tónlist og danslist sameinast allt í flutningi óperu. Íslendingar eiga á þessu sviði hóp mjög góðra og vel menntaðra listamanna. Þessi listgrein, íslensk óperustarfsemi, hefur þó orðið útundan. Ákvæði í þjóðleikhúslögum um ráðningar söngvara eru ekki framkvæmd og starfsemi söngvara er að engu getið í leiklistarlögum. Nýlega hefur hópur okkar bestu söngvara stofnað félag í þeim tilgangi að setja upp og flytja óperur. Félagið hefur nú þegar unnið mikið og fórnfúst starf í listgrein sinni. Mikill áhugi er nú á söngnámi. Um 90 nemendur eru t. d. í Söngskólanum. Má því búast við, að senn verði tilbúinn til starfa nokkur hópur nýrra, vel menntaðra söngvara.

Fyrri breytingartillaga mín gerir ráð fyrir að stuðningur við óperustarfsemi rúmist innan ramma leiklistarlaga. Að vísu er vandséð, hvernig skilja má á milli leiklistar og óperulistar, en með breytingu í þessa átt væru tekin af tvímæli.

Einnig er lagt til, að leiklistarráð verði lagt niður. Ekki er ástæða til að starfsemi þess sé lögbundin og ríkisstyrkt. Réttara væri að nota peningana til þess í raun að miðla almenningi í landinu þeirri list, sem lögunum er ætlað að efla.

Til vara er lagt til, að fellt verði út úr lögunum, að leiklistarráð eigi „að stuðla að stefnumótun í leiklist á hverjum tíma". Þetta ákvæði var mörgum þingmönnum þyrnir í augum, þegar lögin voru sett, enda samrýmist það engan veginn hugmyndum um sjálfsagt frelsi í menningarmálum.

Alþingi, 14. des. 1978.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ed. 179. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til laga um breyting á leiklistarlögum, nr. 33 12. maí 1977.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist:
   a. Liður V í 2. gr. laganna falli niður.
   b. Við 2. gr. laganna bætist nýr liður: Til óperustarfsemi.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem orðist svo:
   4. og 5. gr. laganna falli niður.

Til vara:

Orðin „og stuðla að stefnumótun á því sviði á hverjum tíma" falli niður úr 4. gr. laganna.

Sþ. 180. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1979 og við brtt. á þskj. 168.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við brtt. 168, 30, b-lið. — Við 4. gr. 02 986 0104 Til byggingar íþróttamannvirkja.	
Fyrir „317 640" kemur (leiðrétting)	322 640
2. Við 4. gr. 07 999 0132 Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, byggingarstyrkur.	
Fyrir „7 000" kemur	10 500

Ed. **181. Breytingartillögur** [23. mál]

við frv. til laga um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 16% til og með 8. september 1978 en tímabilið 9. september 1978 til 31. desember 1979 skal greiða það í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 16% gjald til og með 31. desember 1978 en tímabilið frá og með 1. janúar 1979 til og með 31. desember 1979 greiðist 18% gjald:

03.01.11	11.02.10	19.04.09	21.07.06
04.06.00	11.02.29	19.05.00	21.07.07
04.07.00	11.02.31	19.07.01	21.07.08
05.13.00	11.02.32	19.07.02	21.07.11
06.02.01	11.04.00	19.07.09	21.07.12
06.02.09	11.05.01	19.08.01	21.07.19
06.04.01	11.05.09	19.08.02	22.01.01
06.04.09	11.08.01	19.08.03	22.02.01
07.02.00	11.08.02	19.08.04	22.02.09
07.03.00	11.08.03	19.08.09	22.03.01
07.04.00	11.08.09	20.01.00	22.03.09
07.06.00	11.09.00	20.02.02	22.10.00
08.01.50	13.03.03	20.02.03	25.01.01
08.01.60	17.01.10	20.02.04	27.08.20
08.01.79	17.01.21	20.02.05	29.04.50
08.03.00	17.01.22	20.02.06	30.03.44
08.04.21	17.01.25	20.02.07	30.05.00
08.04.22	17.01.26	20.02.08	34.07.00
08.10.00	17.02.01	20.02.09	36.02.00
08.11.00	17.02.02	20.03.00	36.04.00
08.12.01	17.02.03	20.04.00	38.14.00
08.12.02	17.02.09	20.05.01	38.17.00
08.12.03	17.03.02	20.05.02	38.19.31
08.12.09	17.03.09	20.05.03	38.19.32
08.13.00	17.04.01	20.05.09	38.19.35
09.03.00	17.04.03	20.06.10	39.01.25
09.04.00	17.04.04	20.06.20	39.01.35
09.05.00	17.04.05	20.07.11	39.01.44
09.06.00	17.04.06	20.07.19	39.01.45
09.07.00	17.04.09	20.07.20	39.01.54
09.08.00	18.06.04	20.07.30	39.01.69
09.09.00	18.06.05	20.07.40	39.01.79
09.10.10	18.06.06	20.07.50	39.01.89
09.10.20	18.06.09	20.07.60	39.01.96
11.01.23	19.02.09	20.07.70	39.02.16
11.01.24	19.03.00	21.07.04	39.02.24
11.01.25	19.04.01	21.07.05	

39.02.37	44.25.09	68.10.01	73.36.20
39.02.45	45.02.00	68.12.01	73.36.30
39.02.46	45.03.09	68.12.02	73.38.11
39.02.48	45.04.02	68.14.00	73.38.12
39.02.52	48.05.10	68.16.01	73.38.19
39.02.62	48.05.49	69.04.00	73.38.23
39.02.63	48.07.31	69.05.00	73.38.29
39.02.65	48.07.45	69.07.00	73.40.47
39.02.67	48.07.46	69.08.00	73.40.56
39.02.73	48.10.00	69.09.00	74.07.09
39.02.94	48.11.00	69.10.00	74.08.00
39.03.14	48.12.00	69.11.00	74.10.00
39.03.35	48.13.00	69.12.00	74.15.00
39.03.55	48.15.31	70.11.00	74.16.00
39.03.83	48.15.32	70.12.00	74.17.00
39.04.09	48.21.10	70.14.02	74.18.10
39.05.09	48.21.52	70.15.00	74.18.20
39.06.29	58.01.10	70.16.00	74.19.06
39.07.12	58.01.20	70.17.09	75.04.00
39.07.36	58.02.10	70.18.00	75.06.02
39.07.39	58.02.20	70.20.20	75.06.03
39.07.49	58.02.30	70.20.32	76.03.01
39.07.64	58.02.40	73.10.12	76.06.09
39.07.65	58.02.50	73.10.13	76.07.00
39.07.73	58.02.60	73.10.21	76.10.01
39.07.74	58.02.70	73.13.51	76.11.00
39.07.78	58.02.80	73.17.00	76.12.00
40.08.02	58.02.90	73.18.19	76.15.10
40.09.09	58.03.00	73.18.22	76.15.20
40.11.10	59.02.10	73.18.29	76.16.04
40.11.20	59.06.02	73.20.02	76.16.13
40.11.40	59.08.01	73.20.03	76.16.15
40.11.50	59.10.00	73.20.09	77.02.00
40.11.61	59.11.02	73.23.02	77.04.20
40.11.69	59.11.09	73.24.00	78.05.00
40.12.00	59.12.09	73.25.01	78.06.09
40.13.01	59.15.00	73.25.09	79.04.00
40.14.06	62.05.01	73.26.00	79.06.01
40.14.08	62.05.04	73.27.01	79.06.02
41.06.00	62.05.05	73.27.02	79.06.03
42.03.03	62.05.07	73.27.09	79.06.05
42.05.03	65.01.00	73.29.02	79.06.09
42.06.00	65.02.00	73.29.09	80.05.00
44.03.42	65.07.00	73.32.00	80.06.02
44.03.49	66.01.00	73.33.00	82.01.09
44.04.10	66.02.00	73.34.01	82.02.00
44.04.20	66.03.00	73.34.09	82.03.10
44.09.23	68.03.00	73.35.09	82.03.20
44.09.29	68.04.00	73.36.11	82.03.30
44.13.11	68.06.00	73.36.12	82.04.00
44.13.19	68.07.00	73.36.13	82.05.00
44.22.09	68.08.09	73.36.14	82.08.00

82.09.01	84.22.21	84.59.82	85.12.54
82.09.02	84.22.29	84.59.89	85.12.55
82.12.01	84.22.39	84.59.91	85.12.56
82.12.09	84.22.41	84.61.03	85.12.57
82.13.01	84.22.49	84.61.04	85.12.59
82.13.09	84.22.50	84.61.09	85.12.61
82.14.00	84.22.69	84.61.12	85.12.69
82.15.00	84.22.79	84.61.13	85.12.70
83.01.01	84.23.10	84.61.14	85.15.20
83.04.00	84.23.21	84.61.15	85.15.25
83.06.09	84.23.22	84.61.19	85.15.30
83.08.00	84.23.29	84.62.00	85.15.35
83.11.00	84.23.30	84.63.03	85.15.40
83.13.04	84.23.40	84.63.04	85.15.59
84.06.39	84.23.50	84.63.05	85.16.00
84.06.70	84.23.61	84.63.06	85.17.01
84.08.31	84.23.69	84.63.07	85.17.09
84.08.39	84.23.70	84.63.09	85.19.12
84.08.41	84.40.10	84.64.00	85.19.14
84.08.49	84.40.21	84.65.09	85.19.15
84.08.60	84.40.50	85.01.10	85.19.18
84.09.00	84.40.61	85.01.29	85.19.21
84.10.10	84.40.69	85.01.31	85.19.29
84.10.20	84.40.71	85.01.39	85.20.10
84.10.39	84.40.72	85.01.40	85.20.20
84.10.49	84.51.10	85.01.59	85.20.40
84.10.50	84.51.21	85.01.60	85.20.50
84.10.69	84.51.29	85.01.74	85.21.10
84.11.19	84.51.31	85.01.80	85.21.20
84.11.29	84.51.39	85.01.89	85.21.39
84.11.30	84.52.10	85.01.90	85.21.60
84.11.49	84.52.20	85.02.00	85.22.20
84.12.00	84.52.30	85.03.09	85.23.01
84.13.09	84.52.40	85.05.00	85.23.09
84.15.10	84.53.10	85.06.11	85.25.10
84.15.20	84.53.20	85.06.19	85.25.20
84.15.31	84.53.30	85.06.20	85.25.30
84.15.32	84.53.40	85.06.31	85.26.10
84.15.41	84.53.50	85.06.39	85.26.20
84.15.42	84.53.60	85.06.40	85.26.30
84.17.10	84.54.10	85.06.50	85.27.00
84.18.12	84.54.20	85.07.03	85.28.00
84.18.13	84.55.10	85.07.04	87.01.10
84.18.21	84.55.21	85.08.00	87.01.39
84.18.22	84.55.29	85.09.00	87.04.09
84.18.29	84.55.30	85.10.09	87.06.09
84.18.31	84.56.10	85.12.10	87.07.11
84.18.39	84.56.20	85.12.21	87.07.19
84.19.10	84.56.40	85.12.29	87.07.20
84.19.21	84.58.00	85.12.41	87.13.01
84.19.31	84.59.20	85.12.49	87.13.09
84.22.19	84.59.50	85.12.53	87.14.29

87.14.31	90.10.39	90.24.09	93.03.00
87.14.39	90.11.00	90.25.00	93.04.03
90.01.01	90.12.00	90.26.01	94.02.00
90.01.09	90.13.00	90.26.02	96.01.04
90.03.00	90.14.20	90.26.09	96.05.00
90.04.09	90.16.10	90.27.09	96.06.00
90.05.00	90.16.20	90.28.10	97.04.01
90.06.00	90.17.10	90.28.20	97.04.02
90.08.11	90.17.20	90.28.39	97.04.04
90.08.19	90.17.30	90.28.40	97.04.09
90.08.21	90.18.01	90.28.50	97.05.00
90.08.29	90.18.09	90.29.09	97.06.01
90.08.31	90.20.00	91.05.00	97.06.02
90.08.39	90.23.01	91.06.00	97.06.09
90.09.01	90.23.02	92.11.31	97.08.00
90.09.09	90.23.03	92.12.11	98.01.01
90.10.10	90.23.09	92.12.23	98.06.01
90.10.20	90.24.01	92.13.01	

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald:

27.10.82	38.11.10	65.06.09	83.01.09
27.11.11	38.11.20	67.01.00	83.02.03
27.11.19	38.11.30	67.02.00	83.02.09
27.11.20	38.11.40	67.03.00	83.03.09
27.11.30	38.11.50	67.04.00	83.05.09
32.10.00	38.19.49	68.10.09	84.06.31
32.13.20	39.07.30	68.12.09	84.06.32
33.06.01	39.07.99	68.13.09	84.06.33
33.06.02	40.14.19	68.16.09	84.06.40
33.06.03	40.16.09	69.14.00	84.06.51
33.06.04	42.05.09	70.13.00	84.06.52
33.06.05	44.02.00	70.14.03	84.06.53
33.06.06	44.28.95	70.14.09	84.06.61
33.06.07	44.28.99	70.19.00	84.06.62
33.06.08	45.04.09	70.20.39	84.06.69
33.06.11	46.02.03	70.21.09	84.25.11
33.06.12	46.02.09	71.13.01	84.25.19
33.06.19	46.03.09	71.13.09	84.25.51
34.05.03	48.07.59	71.14.09	85.07.02
34.05.09	48.14.01	71.15.00	85.07.09
35.03.09	48.14.02	71.16.00	85.12.30
36.01.00	48.14.03	73.40.59	85.13.10
36.05.00	48.14.09	74.19.09	85.13.20
36.08.00	48.15.20	75.06.09	85.14.10
37.01.09	48.15.39	76.16.19	85.14.20
37.02.02	48.21.29	80.06.09	85.15.19
37.02.09	48.21.39	82.09.09	85.15.60
37.03.09	48.21.69	82.11.01	85.15.79
37.04.00	55.03.01	82.11.09	85.15.81
37.05.09	59.06.09	83.01.02	85.15.82
37.07.01	65.04.00	83.01.05	85.15.89

87.10.00	92.02.00	92.12.19	95.05.00
87.12.09	92.03.09	92.12.21	95.08.09
87.14.10	92.04.01	92.12.29	98.03.00
87.14.49	92.04.09	92.13.09	98.04.00
90.07.29	92.05.00	93.01.00	98.05.00
90.07.39	92.06.00	93.02.00	98.06.09
91.02.00	92.07.01	93.04.04	98.08.00
91.03.00	92.07.09	93.04.05	98.09.00
91.04.00	92.08.00	93.04.09	98.10.00
91.07.00	92.10.00	93.05.00	98.11.00
91.08.00	92.11.10	93.06.00	98.14.00
91.09.00	92.11.20	93.07.10	98.15.00
91.10.00	92.11.39	93.07.22	98.16.00
91.11.00	92.11.40	93.07.29	99.06.00
92.01.00			

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Hið hærra vörugjald sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 9. september 1978 skv. 1. gr. laga þessara skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 9. september 1978 og af innfluttum vörum sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 9. september 1978.

Hafi innflytjandi fyrir 9. september 1978 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu þess sérstaka vörugjalds sem skv. 1. gr. gildir til og með 7. september en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 20. september 1978.

Af vörum sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 9. september 1978 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga skal greiða hið hærra vörugjald sem skv. 1. gr. laga þessara skal gilda frá og með 9. september 1978, nema tollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir lok októbermánaðar.

Hið hækkaða vörugjald sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 1. janúar 1979 samkvæmt A-lið 1. gr. laga þessara skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 1. janúar 1979 og af innfluttum vörum sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 1. janúar 1979 eða ótollafgreiddar eru á þeim tíma, sbr. þó 5. málsgrein þessarar greinar.

Af vörum sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 1. janúar 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., skal greiða hið hækkaða vörugjald sem gilda skal skv. A-lið 1. gr. frá og með 1. janúar 1979 nema tollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir lok febrúarmánaðar.

Við tollafgreiðslu á vöru sem undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Þó skal við samræmingu tolls skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga eigi veita slíka undanþágu hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri sem tollur er færður til samræmis við. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal því í stað hins hærra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild ber hið hærra vörugjald.

3. Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo:
Óheimilt er að hækka vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds verð á birgðum vöru sem sérstakt vörugjald hefur ekki verið greitt af. Á sama hátt er óheimil hækkun verðs vörubirgða vegna hækkunar sérstaks vörugjalds.

4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilkynningarskyldu, gjaldstofn, gjaldskyldu, gjalddaga og aðra framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu, einnig að færa þær milli gjaldflokka skv. 1. gr. ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Ed. 182. Lög [53. mál]

um greiðslu verðjöfnunargjalds af sauðfjárafurðum.

(Afgreidd frá Ed. 14. des.)

Samhljóða þskj. 59.

Ed. 183. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþ. með breytingu, sem tillögur eru fluttar um á sérstöku þingskjali. Minni hlutinn skilar séráliti. Geir Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. des. 1978.

Jón Helgason, form., frsm. | Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr. | Ágúst Einarsson.
Karl Steinar Guðnason.

Ed. 184. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið, og mælir nefndin með samþykkt þess, en Ágúst Einarsson og Karl Steinar Guðnason skrifa undir nál. með fyrirvara. Geir Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. des. 1978.

Jón Helgason, form. | Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr. | Ey. Kon. Jónsson, frsm.
Ágúst Einarsson, með fyrirvara. | Karl Steinar Guðnason, með fyrirvara.

Ed. 185. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með breytingartillögu, sem hún flytur á sérstöku þingskjali. Geir Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. des. 1978.

Jón Helgason, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Jón G. Sólnes.	Ágúst Einarsson.	Karl Steinar Guðnason.

Ed. 186. Breytingartillaga [133. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við lögin bætist nýtt ákvæði, bráðabirgðaákvæði, er orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1979 skal ríkissjóður greiða framlag til Styrktarsjóðs vangefinna er nemur 10 kr. af hverjum lítra innlendrar framleiðslu sem fellur undir tollskrárnúmer 22.01.01, 22.02.01, 22.02.09, 22.03.01 og 22.03.09. Sjóðurinn er í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Framlagi ríkissjóðs skal varið til að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

Ed. 187. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Geir Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. des. 1978.

Jón Helgason, form., frsm.	Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr.	Ágúst Einarsson.
Jón G. Sólnes, með fyrirvara.	Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.	Karl Steinar Guðnason.

Nd. 188. Frumvarp til laga [138. mál]

um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Eigendur skrifstofuhúsnæðis og verslunarhúsnæðis skulu á árinu 1979 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs og reiknast hann af fasteignamatsverði þessara eigna eins og það var í árslok 1978.

2. gr.

Skattskyldan hvílir á þeim aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I kafla laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum og auk þess á bönkum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1978 á því húsnæði sem nýtt er til skrifstofu- eða verslunarrekstrar ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1978.

Sé sama eignin notuð undir skrifstofu eða verslun en einnig aðra starfsemi skal við ákvörðun á skattstofni skipta eigninni í hlutfalli við rúmmál, þó þannig að sé 75% rúmmáls hennar eða meira notað til annarrar starfsemi en verslunar- og skrifstofurekstrar skal verðmæti hennar undanþegið sérstökum eignarskatti.

5. gr.

Með skattframtali fyrir gjaldárið 1979 skal fylgja skrá yfir eignir þær sem falla undir lög þessi ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð eða eftir atvikum kostnaðarverð þeirra í árslok 1978. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál þeirra eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Þeir aðilar sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara en undanþegnir eru tekju- og eignarskatti skulu skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra viðkomandi umdæmis fyrir 1. mars 1979.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,4% af skattstofni skv. 3. grein. Skattinn skal leggja á í heilum þúsundum króna þannig að lægri fjárhæð en 1 000 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt sem ekki nær 10 000 kr. skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði V-VIII kafla laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á.

8. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að á árinu 1979 verði lagður sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði er nemi 1,4% af fasteignamatsverði þessa húsnæðis. Er áætlað að tekjur ríkissjóðs af þessum sérstaka eignarskatti nemi 550 milljónum kr.

Í athugasemdum við frumvarp um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu var frá því greint að breytingar í fjárfestingarmálum væru í undirbúningi og gert væri ráð fyrir því að fjárfestingu yrði beint frá verslunar- og skrifstofubyggingum. Frumvarp það sem hér er flutt er einn liður í framkvæmd þessarar stefnu.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í skattarétti liggur fyrir allskýr skilgreining á því hvað teljist verslunarhúsnæði og skrifstofuhúsnæði. Í þessu sambandi skal þó bent á að skv. 2. tl. A-liðar og 3. tl. 1. mgr. C-liðar 1. mgr. 15. gr. laga nr. 68/1971 er skylt að fyrna byggingar og önnur mannvirki sem notaðar eru í atvinnurekstri. Fyrningin er þáttur í rekstrarútgjöldum skattaðila, sbr. A-lið 11. gr. laga nr. 68/1971. Í A-lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1974 er skrifstofu- og verslunarhúsnæði fært til sama fyrningarflokks og er skattaðilum skylt samkvæmt skattalögum að sérgreina slíkar eignir í skattframtali, ársreikningum eða öðrum skattgögnum.

Um 2. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér kemur fram í 1. mgr. sú meginregla að raunveruleg notkun eigna skeri úr um það hvort þær teljist til skattstofns eða ekki.

Lög nr. 96/1976 um skráningu og mat fasteigna áskilja að haldnar séu ítarlegar skrár um flestar fasteignir í landinu. Í skránum er m. a. tilgreind notkun eða ætluð notkun húsbygginga og annarra mannvirkja. Við ákvörðun á stofni sérstaks eignarskatts verður því unnt að styðjast við notkunarskráningu í fasteignamati. Jafnframt verður við ákvörðun á stofni að hafa hliðsjón af því eftir hvaða reglum eignir hafa verið fyrndar, sbr. um 1. gr. hér að framan.

Um 4. gr.

Í 2. mgr. eru settar fram reglur um ákvörðun skattstofns þegar eign, sem skráð er sem ein óskipt heild í fasteignarskrám, er notuð við mismunandi starfsemi. E. t. v. er eðlilegra að miða við einhver ákveðin stærðarmörk á verslunar- eða skrifstofuhúsnæðinu sjálfu, fremur en hundraðshluta þess í óskiptri eign, sem að sjálfsögðu geta verið mjög misstórir. Sú aðferð sem hér er valin svipar þó til ákvæða um skiptingu eigna milli fyrningarflokka samkvæmt skattalögum.

Um 5. gr.

Meginforsenda þess að unnt sé að framkvæma álagningu sem þá er frumvarp þetta gerir ráð fyrir er sú að greinargóðar upplýsingar, sundurliðanir, gögn og skýringar liggi fyrir frá skattaðilum sjálfum. Gera má ráð fyrir að sérstakt eyðublað verði í þessu skyni útbúið fyrir þá sem skattskyldir eru samkvæmt frumvarpi þessu. Útfyllt eyðublað yrði síðan fylgiskjal með skattframtali viðkomandi skattaðila.

Um 6. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa. Þó skal þess getið að lágmark það sem 2. mgr. gerir ráð fyrir er sett í því skyni að ekki komi til skattgreiðslu ef um er að ræða minni háttar verslanir eða skrifstofur.

Um 7.—9. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 189. Frumvarp til laga [139. mál]

um nýbyggingagjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Leggja skal sérstakt gjald, nýbyggingagjald, á öll mannvirki sem meta skal fasteignamati samkvæmt lögum nr. 94 20. maí 1976 um skráningu og mat fasteigna og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim lögum.

2. gr.

Íbúðarhúsnæði er undanþegið gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum. Heimilt er ráðherra að undanþiggja ákveðnar tegundir mannvirkja gjaldskyldu.

3. gr.

Gjaldstofn nýbyggingagjalds skal vera áætlaður byggingarkostnaður mannvirkis og skal gjaldið vera 2% af gjaldstofni.

Skal byggingarkostnaður í þessu sambandi miðast við rúmmetratölu mannvirkis og áætlaðan byggingarkostnað á þeim tíma, er sú áætlun fer fram. Skal Hagstofa Íslands gefa út skrá um áætlaðan byggingarkostnað á rúmmetra í hinum ýmsu tegundum mannvirkja og skal gjaldstofn miðaður við þá áætlun. Skrár þessar skulu gefnar út í desembermánuði og júnímánuði ár hvert og skal gjaldtaka miðuð við þær næstu sex mánuði miðað við 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

Heimilt er að ákveða með reglugerð að skrár Hagstofu Íslands skv. 2. mgr. skuli ekki taka til ákveðinna tegunda mannvirkja, heldur skuli byggingarkostnaður þeirra áætlaður af Fasteignamati ríkisins samkvæmt ákvæðum 2. mgr.

Sé einstakt mannvirki svo sérstætt að mati innheimtumanns að byggingarkostnaður verði ekki miðaður við meðaltalsreglur, er greinir í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skal Fasteignamat ríkisins áætla byggingarkostnað þess og skal þá gjaldið miðað við þá áætlun.

4. gr.

Eindagi nýbyggingagjalds miðast við útgáfu byggingarleyfis eða upphaf byggingarframkvæmda sé mannvirki ekki háð byggingarleyfi.

5. gr.

Gjald samkvæmt lögum þessum skal lagt á og innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Skal þeim er hyggjast stofna til framkvæmda við gjaldskyld mannvirki skylt að láta innheimtumanni í té upplýsingar um rúmmetratölu fyrirhugaðs mannvirkis, teikningar af því og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera til ákvörðunar gjaldsins.

6. gr.

Taka má gjald samkvæmt lögum þessum lögtaki hjá byggingarleyfishafa eða eiganda mannvirkis. Nýbyggingagjaldinu fylgir lögveð í mannvirki því sem gjaldið er á lagt og skal ásamt dráttarvöxtum og innheimtukostnaði ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla. Ef mannvirkið eyðileggst eftir að gjaldið er fallið í eindaga er sami lögveðréttur fyrir því í tryggingafjárhæðum þess.

Sveitarstjórn er óheimilt að gefa út byggingarleyfi fyrir mannvirkjum, sem gjaldskyld eru samkvæmt lögum þessum, nema fyrir liggi sönnun þess að gjaldið hafi verið greitt að fullu. Sé þessa ekki gætt er sveitarstjórn ábyrg fyrir greiðslu gjalds af viðkomandi eign og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið beint að sveitarstjórn við innheimtu þess.

Sé gjald samkvæmt lögum þessum eigi greitt innan mánaðar frá eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með eindaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum skulu varða sektum allt að 7 000 000 kr., sem renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum. Um meðferð slíkra mála skal fara að hætti opinberra mála.

8. gr.

Ráðherra skal með reglugerð kveða á um nánari framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. janúar 1979.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1979 skal Hagstofa Íslands birta skrá skv. 2. mgr. 3. gr. fyrir 15. janúar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur lagafrumvarps þessa er tvíþættur Í fyrsta lagi er tilgangur frumvarpsins að afla ríkissjóði tekna og er áætlað að gjaldið gefi 300 m.kr. tekjur í ríkissjóð á árinu 1979. Í annan stað er að því stefnt að takmarka fjárfestingu í nýbyggingum og draga úr þeim verðþensluáhrifum sem óheft fjárfesting á þessum vettvangi hefur óneitanlega leitt af sér.

Meginstefna frumvarpsins er sú að nýbyggingagjald skuli lagt á öll mannvirki önnur en íbúðarhúsnæði. Við ákvörðun þess hvaða tekjuöflunarleiðir skyldu farnar til að tryggja hallalausa afgreiðslu fjárlaga var ljóst að skattheimta þessi hefði ýmsa kosti fram yfir aðra valkosti, svo sem þann að sérstakt nýbyggingagjald mun hamla gegn verðbólgufjárfestingum.

Um 1. gr.

Gjaldskylda samkvæmt lögum þessum miðast alfarið við skilgreiningu laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna á þeim mannvirkjum sem meta skal fasteignamati, sbr. einnig reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim lögum.

Um 2. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra með reglugerð að undanþiggja ákveðnar tegundir fasteigna gjaldskyldu, sbr. einnig heimild í 10. tl. 16. gr. laga nr. 94/1976, Undanþáguákvæði í 1. málslið greinarinnar ná til sumarbústaða og bifreiðageymslna.

Um 3. gr.

Samkvæmt 3. og 4. málsgrein er Fasteignamati ríkisins ætlað það verkefni að áætla byggingarkostnað þeirra mannvirkja sem eru svo sérstæð að ekki verði miðað við þær meðaltalsreglur er greinir í 2. mgr. Á þetta m. a. við um öll mannvirki sem eru þess eðlis að rúmmetramáli verður ekki við komið, auk ýmiss konar annarra mannvirkja.

Um 4. gr.

Eindagi gjaldsins miðast við útgáfu byggingarleyfis eða upphaf framkvæmda. Á þetta fyrst og fremst við í þeim sveitarfélögum sem ekki eru skipulagsskyld.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að teikningar af mannvirkjum verði lagðar fyrir innheimtumann ríkissjóðs vegna ákvörðunar gjaldsins, auk annarra upplýsinga sem hann kann að telja nauðsynlegar í þessu skyni.

Um 6.—9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 190. Frumvarp til laga [140. mál]

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976, lög nr. 32 12. maí 1977, lög nr. 63 28. desember 1977 og III. kafla laga nr. 3 17. febrúar 1978, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

6. mgr. C-liðar 15. gr. (sbr. 4. tl. 7. gr. laga nr. 7/1972) falli niður og breytist málsgreinatalan samkvæmt því.

2. gr.

1. mgr. D-liðar 15. gr. (sbr. 5. tl. 7. gr. laga nr. 7/1972) orðist svo:

Til viðbótar þeirri föstu fyrningu, sem um ræðir í C-lið, er heimilt að fyrna eignir þær, er um getur í 1. og 2. tl. C-liðs með sérstakri fyrningu, er nemi að hámarki 10% af heildarfyrningarverði þeirra, að frádreginni hækkun vegna endurmats samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða I. Eigandi ræður, hvenær hann notar heimild þessa, en aldrei má hann nota meira en fimmta hluta þessara sérstöku fyrninga á einu ári.

3. gr.

A-liður 25. gr. (sbr. 1. gr. laga nr. 63/1977) orðist svo:

A. Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, reiknast svo:

1. Hjá einstaklingi og hjónum, telji þau fram hvort í sínu lagi:
   Af fyrstu 615 350 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af næstu 246 150 kr. skattgjaldstekjum greiðist 30%, af þar næstu 341 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 40% og af skattgjaldstekjum yfir 1 202 500 kr. greiðist 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 1. eða 3. tl. B-liðar þessarar greinar eftir því sem við á.
2. Hjá hjónum, sem samsköttuð eru, sbr. 3. gr. laga þessara:
   Af fyrstu 861 500 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af næstu 369 230 kr. skattgjaldstekjum greiðist 30%, af þar næstu 351 500 kr. skattgjaldstekjum greiðist 40% og af skattgjaldstekjum yfir 1 582 230 kr. greiðist 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 2. tl. B-liðar þessarar greinar.

4. gr.

2. mgr. B-liðar 25. gr. (sbr. 9. gr. laga nr. 20/1976 og 9. gr. laga nr. 11/1975) orðist svo:

Nemi persónuafsláttur skv. 1., 2. eða 3. tl. þessa stafliðar hærri fjárhæð en reiknaður skattur af skattgjaldstekjum skv. 1. eða 2. tl. A-liðar þessarar greinar, skal ríkissjóður leggja fram fé, sem nemur allt að þessum mun, og skal því ráð-

stafað fyrir hvern mann til að greiða álagt sjúkratryggingagjald hans á gjaldárinu og því, sem þá kann að vera óráðstafað, til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Þó skal greiðsla útsvars gjaldársins fyrir hvern gjaldanda aldrei nema hærri fjárhæð en útsvar hefði numið, ef útsvarsstofn hefði verið lækkaður um a) bætur skv. II. og IV. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971 með síðari breytingum, b) námsfrádrátt, er skattstjóri ákvarðar vegna þeirra, er stunda nám í a. m. k. sex mánuði á árinu og c) lækkun skattgjaldstekna, er skattstjóri ákvarðar skv. 52. gr. laga þessara. Sá persónuafsláttur, sem enn er óráðstafað, fellur niður.

5. gr.

D-liður 25. gr. (sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975) orðist svo:

D. Tekjuskattur þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í 5. gr., skal vera 65% af skattgjaldstekjum.

6. gr.

26. gr. (sbr. 2. gr. laga nr. 63/1977) orðist svo:

1. Eignarskattur þeirra manna, sem eignarskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, reiknast þannig:

   Af fyrstu 11 400 000 kr. skattgjaldseign einstaklinga og fyrstu 17 100 000 kr. skattgjaldseign hjóna greiðist enginn skattur. Af þeirri skattgjaldseign, sem þar er umfram, greiðist 1,2%.

   Hjá þeim mönnum, sem náð höfðu 67 ára aldri fyrir 1. janúar 1979 eða áttu rétt til örorkulífeyris á árinu 1978, skal álagður eignarskattur skv. 1. mgr. þessa töluliðar lækkaður um 68 400 kr. hjá einstaklingi og um 102 600 kr. hjá hjónum.
2. Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., skal vera 1,6% af skattgjaldseign.
3. Eignarskatt, sem ekki nær 1 000 kr., skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og koma til framkvæmda við álagningu skatta fyrir skattárið 1978.

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði V—VIII kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum skulu gilda til 31. desember 1979 þrátt fyrir gildistöku laga nr. 40/1978. Koma ákvæði VIII—XIII kafla laga nr. 40/1978 því til framkvæmda frá og með 1. janúar 1980. Þá skulu ákvæði laga nr. 22/1956 um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga, gjaldenda sem eru á förum úr landi o. fl. gilda til 31. desember 1979 þrátt fyrir ákvæði 118. gr. laga nr. 40/1978. Að öðru leyti fer um gildistöku laga nr. 40/1978 eftir ákvæðum 118. gr. þeirra laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að allverulegar breytingar verði gerðar á tekju- og eignarskattlagningu á næsta ári. Miða þessar breytingar að því að afla ríkissjóði ígildis þeirra skatttekna er fólust á árinu 1978 í ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 96/1978. Auk þess er lagt til að bætt verði við nýju 50% skattþrepi í tekjuskatti einstaklinga og tekjuskattshlutfall félaga er hækkað nokkuð. Er þessum síðast töldu breytingum ætlað að koma í stað þess 10% skyldusparnaðar sem lagður var á einstaklinga og félög á árinu 1978.

Með 10. gr. bráðabirgðalaga nr. 96/1978 um kjaramál var lagður sérstakur skattur á hreinar tekjur og fyrningar af atvinnurekstri. Samkvæmt 8. gr. sömu laga

var lagður á svokallaður eignarskattsauki. Eins og kunnugt er hefur tekjum af skattlagningu þessari verið ætlað að standa undir kostnaði af niðurfærslu vöruverðs, sbr. III kafla ofannefndra laga. Þessar aðgerðir voru bráðabirgðaráðstafanir og var m. a. ætlað að skapa svigrúm til frekari aðhaldsgerða. Vegna niðurfærsluráðstafananna er óhjákvæmilegt að nokkur halli verði á ríkisbúskapnum á árinu 1978. Þann halla verður að fullu að bæta upp á árinu 1979, og reyndar nokkru betur ef hamla á gegn verðbólgu og jafnvægi á að nást í ríkisbúskapnum fyrir árslok 1979 eins og að er stefnt. Þar sem verulega var liðið á árið þegar gripið var til aðgerða með bráðabirgðalögum nr. 96/1978 verða aukin útgjöld og tekjumissir ríkissjóðs á árinu 1978 ekki að öllu leyti bættur með skattheimtu á því ári. Til þess að mæta þessum útgjöldum, þeim tekjumissi ríkissjóðs sem hlýst af lækkun skatta á lágtekjufólk, sbr. 2. gr. laga nr. 103/1978, svo og til þess að ná þeim markmiðum sem að er stefnt í ríkisfjármálum fyrir árslok 1979 verður óhjákvæmilega að koma til aukin tekjuöflun ríkissjóðs.

Þá felast í frumvarpi þessu nokkrar hagsbætur til handa þeim er minnsta greiðslugetu hafa í þjóðfélaginu. Eru þær í formi hækkunar á skattfrelsismörkum eignarskatts hjá elli- og örorkulífeyrisþegum og nýtingar á persónuafslætti til greiðslu sjúkratryggingagjalds.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Með þessari grein er lagt til að heimild til verðstuðulsfyrningar verði felld niður. Heimild til verðstuðulsfyrningar var lögfest með lögum nr. 7/1972. Var henni ætlað að stuðla að því að afskriftir héldust nær raungildi hins upphaflega kostnaðarverðs fyrnanlegra eigna í verðbólgunni. Að margra mati náði þessi heimild ekki tilgangi sínum þar sem verðstuðulsfyrningin reiknast sem hlutfall af öðrum fyrningum og er því hæst á þeim árum sem reglulegar fyrningar eru næst því að vera af raungildi kostnaðarverðs en fer lækkandi að raungildi eftir því sem eignir eldast og reglulegar afskriftir verða fjær raungildi. Þá er það verulegur galli á þessari fyrningu að hún hefur engin áhrif á fyrningarstofn eigna og skerðir því ekki heimildir til fyrninga í framtíðinni eða hefur nein áhrif á útreikning söluhagnaðar.

Niðurfellingu verðstuðulsfyrningarheimildar ásamt þeirri skerðingu flýtifyrningar sem gert er ráð fyrir í 2. gr. frumvarps þessa er ætlað að vera ígildi skattlagningar á atvinnurekstur samkvæmt 10. gr. bráðabirgðalaga nr. 96/1978. Að auki munu tillögur þessar afla ríkissjóði nokkurra umframtekna til mótvægis við tekjutap er leiðir af lækkun skatta á lágtekjufólk.

Á árinu 1978 námu verðstuðulsfyrningar félaga samtals 3 883 m.kr. en þar af voru verðstuðulsfyrningar félaga er sýndu hreinar tekjur af atvinnurekstri aðeins 1 489 m.kr. Einstaklingar í atvinnurekstri notuðu samtals 885 m.kr. til verðstuðulsfyrninga og gera má ráð fyrir að hærra hlutfall þeirra hafi gengið á móti hreinum tekjum hjá einstaklingum en félögum. Miðað við þessar forsendur má áætla lauslega að niðurfelling verðstuðulsfyrningarheimildar gefi ríkissjóði 1 300 m.kr. í auknar tekjur í formi hækkaðs tekjuskatts af atvinnurekstri á árinu 1979. Þessi áætlun er þó háð allnokkurri óvissu þar sem ekki liggja fyrir nákvæmar áætlanir um afkomu atvinnurekstrar í einstökum greinum á árinu 1978.

Um 2. gr.

Með þessari grein er lagt til að heimild til flýtifyrningar verði með öllu felld niður að því er mannvirki varðar en flýtifyrningarheimildin varðandi aðrar eignir, sem fyrna hefur mátt flýtifyrningu, lækki úr 30% í 10%, þannig að aldrei megi þó nota meira en 2% flýtifyrningu á einu ári. Heildarupphæð flýtifyrninga félaga nam á árinu 1968 tæpum 2 078 m.kr. en hjá einstaklingum í atvinnurekstri nam

hún rúmlega 810 m.kr. Þar sem ekki má mynda rekstrarhalla með flýtifyrningu eða nota hana til frestunar yfirfærslu tapa frá fyrri árum nýtist öll lækkun þessarar heimildar ríkissjóði til tekjuauka. Miðað við áætlanir um skiptingu flýtifyrningar á liðnum árum milli fasteigna og lausafjár má ætla að tekjuauki ríkissjóðs af skerðingu flýtifyrningarheimilda verði u. þ. b. 1 060 m.kr. á árinu 1979 en þessi áætlun er þó háð sömu óvissunni og áætlun um tekjuauka af niðurfellingu verðstuðulsfyrningar í 1. gr. frumvarpsins.

Miðað við þessar áætlanir ætti tekjuauki ríkissjóðs af 1. og 2. gr. lagafrumvarps þessa að vera nærfellt 400 m.kr. umfram þá tekjuöflun sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi sem ígildi 10. gr. brbl. nr. 96/1978, og kemur sú fjárhæð á móti tekjutapi ríkissjóðs vegna lækkunar skatta á lágtekjufólk.

Um 3. gr.

Með þessari grein er lagt til að nýju skattþrepi verði bætt við tekjuskattsstigann. Verði þetta nýja skattþrep 50% og leggist á skattgjaldstekjur einhleypinga yfir 3 848 þús. kr. en á skattgjaldstekjur hjóna yfir 5 063 þús. kr. Miðað við meðalnýtingu frádráttarheimilda felst í þessu að hið nýja skattþrep leggst að meðaltali á einhleypinga sem hafa yfir 4 527 þús. kr. í brúttótekjur og á hjón sem hafa yfir 6 751 þús. kr. í brúttótekjur. Er þá miðað við að skattgjaldstekjur einhleypinga séu að meðaltali 85% af brúttótekjum en skattgjaldstekjur hjóna 75% af brúttótekjum. Í hinu nýja skattþrepi verða því einungis þeir sem betur mega sín í þjóðfélaginu og er því ætlað að koma í stað skyldusparnaðar þess sem álagður var á árinu 1978. Er áætlað að tekjuauki ríkissjóðs af þessari breytingu verði u. þ. b. 1 850 m.kr. á árinu 1979.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að ónýttur persónuafsláttur verði nýttur til greiðslu sjúkratryggingagjalds áður en hann gengur til greiðslu útsvars. Mun þessi breyting kosta ríkissjóð 200 milljónir kr. miðað við forsendur fjárlagafrumvarps.

Um 5. gr.

Með þessari grein er lagt til að tekjuhlutfall félaga hækki úr 53% í 65% og er þessari hækkun ætlað að koma í stað þess 10% skyldusparnaðar er lagður var á skattgjaldstekjur félaga að viðbættum varasjóðstillögum á árinu 1978 með lögum nr. 3/1978. Ef tekið er tillit til heimildar félaga til að leggja 25% af hreinum tekjum í varasjóð felst í þessari breytingu að virkt skatthlutfall félaga hækkar úr 39,75% í 48,75%. Er áætlað að tekjuauki ríkissjóðs af þessari breytingu verði 1 200 m.kr. á árinu 1979.

Um 6. gr.

Í grein þessari er lagt til að eignarskattsauki 8. gr. brbl. nr. 96/1978, sem fólst í 50% álagi á álagðan eignarskatt einstaklinga og 100% álagi á álagðan eignarskatt félaga, verði á árinu 1979 álagður í formi 50% hækkunar á skatthlutfalli einhleypinga, og það færi því úr 0,8% af skattgjaldseign í 1,2%, og í formi tvöföldunar á eignarskattshlutfalli félaga þannig að það hækki úr 0,8% í 1,6%. Þá er lagt til að skattfrelsismörk einstaklinga hækki til samræmis við hækkað fasteignamat en slík breyting er nauðsynleg þar sem skattfrelsismörk eignarskatts breytast ekki með skattvísitölu. Loks er lagt til að skattfrelsismörk elli- og örorkulífeyrisþega verði 50% hærri en annarra gjaldenda eignarskatts þannig að hjá einhleypingum verði þau 17 100 þús. kr. en hjá hjónum verði þau 25 650 þús. kr. Ætti með þessu að vera tryggt að tekjulágt gamalt fólk lendi ekki í eignarskatti ef það býr ekki í óhóflega stóru eða íburðarmiklu húsnæði.

Um 7. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða

Samhliða frumvarpi til tekju- og eignarskattslaga, sem síðar varð að lögum nr. 40/1978, var flutt frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda er öðlast skyldu gildi 1. janúar 1979. Staðgreiðslufrumvarpið dagaði uppi á Alþingi. Engu að síður var gildistökuákvæðið í 118. gr. laga nr. 40/1978 við það miðað að staðgreiðsla opinberra gjalda yrði upp tekin á árinu 1979. Þar eð ekki varð af lagasetningu um staðgreiðslukerfi opinberra gjalda er ljóst að kveða verður skýrar á um skilin milli laga nr. 68/1971 og laga nr. 40/1978 þannig að skattframkvæmd verði eins samræmd og heilsteypt á árinu 1979 og verða má. Til þess m. a. að koma í veg fyrir misræmi í skattframkvæmd, þar sem lög nr. 68/1971 og lög nr. 40/1978 eru ósamrýmanleg á margan hátt, einkum þó er varðar innheimtu gjalda og framkvæmd hennar, er lagt til að auk ákvæða laga nr. 68/1971 um álagningu tekju- og eignarskatta verði ákvæði V—VIII kafla þeirra látin gilda til ársloka 1979.

V kafli laga nr. 68/1971 fjallar um skattumdæmi, skattstjóra, ríkisskattanefnd o. fl., VI kafli fjallar um fresti, úrskurði, innheimtu o. fl., VII kafli fjallar um refsiákvæði og í VIII kafla eru ýmis ákvæði. Með því að framlengja gildistíð ákvæða V—VIII kafla laga nr. 68/1971 um eitt ár er því tryggt að skattframkvæmd á árinu 1979 fari öll eftir ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum og þannig komið í veg fyrir að unnið verði eftir tveimur lagabálkum sem taka ekki að öllu leyti mið hvor af öðrum.

Þá er gildistíð ákvæða laga nr. 22/1956 um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga, gjaldenda sem eru á förum úr landi o. fl. framlengd til ársloka 1979. Þessi ráðstöfun er nauðsynleg þar sem í frumvarpinu um staðgreiðslu opinberra gjalda voru ákvæði um skattgreiðslur þessara aðila. Samkvæmt þessu fer því um skattskyldu og skattgreiðslu þessara aðila á árinu 1979 eftir þeim reglum sem hingað til hafa gilt.

Það er samdóma álit þeirra aðila er að skattframkvæmd vinna og leitað hefur verið til að ekki sé ráðlegt að flýta gildistöku framkvæmdakafla laga nr. 40/1978 til 1. janúar n. k. þar sem slík breyting krefst meiri undirbúnings en unnt er að koma við á svo skömmum tíma. Hins vegar er æskilegt að afmarka stöðu skattrannsóknastjóra skýrar en nú er gert og fá honum svipaða stöðu við rannsókn skattabrota og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hefur við rannsókn almennra brota. Er að því stefnt að frumvarp um þetta atriði ásamt nokkrum öðrum nauðsynlegum breytingum á framkvæmdakafla tekjuskattslaga verði flutt eftir áramót.

Ed. 191. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 frá 27. febr. 1976, um flugvallagjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til að það verði samþ. með breytingu, sem tillaga er flutt um á sérstöku þingskjali. Minni hlutinn skilar séráliti. Geir Gunnarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. des. 1978.

Jón Helgason, form., frsm.
Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr.
Ágúst Einarsson,
Karl Steinar Guðnason.

Ed. 192. Breytingartillaga [131. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 frá 27. febr. 1976, um flugvallagjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:
   Greiða skal sérstakt gjald, flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa. Frá og með 1. janúar 1980 skal tekjum af gjaldi þessu varið til eflingar flugmála.
2. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar er verði 2. og 3. gr. og orðist svo:
   a. (2 gr.) 1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:
   Flugvallagjald skal vera 5 500 kr. fyrir hvern farþega, sem ferðast frá Íslandi til annarra landa, þó 2 750 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Um ferðir til Færeyja og Grænlands gilda þó ákvæði 3. gr.
   b. (3. gr.) 3. gr. laganna orðist svo:
   Flugfélög þau, er annast flutning farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, skulu greiða í ríkissjóð gjald, er nemi 400 kr. á hvern farþega, er ferðast á þeim leiðum og eldri er en 12 ára. Fyrir farþega á aldrinum 2—12 ára skal greiða hálft gjald. Fyrir farþega yngri en tveggja ára skal ekkert gjald greiða. Einungis skal greitt eitt gjald þó millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar, ef viðdvöl þar er nauðsynleg vegna flugáætlunar og hún varir ekki lengur en sex klukkustundir. Heimilt er að hækka verð farmiða sem gjaldinu nemur. Sé sú heimild notuð skal sú hækkun ósérgreind í verði miðans.

Ed. 193. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 frá 27. febrúar 1976, um flugvallagjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Hér er á ferðinni einn liður í því skattheimtuæði, sem ríkisstjórnin hefur boðað. Engan rökstuðning ætti að þurfa að hafa fyrir þeirri tillögu minni hl., að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 15. des. 1978.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Jón G. Sólnes.

Ed. 194. Nefndarálit [23. mál]

um frv. til l. um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Hér er á ferðinni einn liður í því skattheimtuæði, sem ríkisstjórnin hefur boðað. Engan rökstuðning ætti að þurfa að hafa fyrir þeirri tillögu minni hl. að breytingartillaga meiri hl. um hækkun vörugjalds verði felld.

Alþingi, 15. des. 1978.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Jón G. Sólnes.

Sþ. 195. Nefndarálit [96. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna á fundum sínum og mælir með samþykkt hennar.

Alþingi, 15. des. 1978.

Páll Pétursson, form., frsm.
Vilmundur Gylfason, fundaskr.
Ólafur Ragnar Grímsson.
Skúli Alexandersson.
Ellert B. Schram.
Lárus Jónsson.
Gunnlaugur Stefánsson.

Nd. 196. Frumvarp til laga [141. mál]

um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja reglur um framkvæmd samnings frá 24. október 1978 um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Brot á reglum sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara skulu varða sektum 2000—40 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Brot skulu einnig varða upptöku á veiðarfærum, þar með töldum dragstrengjum, og öllum afla innanborðs.

Auk þess má láta brot varða skipstjóra fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

Lagt skal löghald á skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákæruvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður greiddur að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 1. janúar 1980 falla úr gildi lög nr. 56 12. maí 1970, um framkvæmd alþjóðasamnings um fiskveiðar í Norðvestur-Atlantshafi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er leitað heimildar til að setja reglur um framkvæmd samnings frá 24. október 1978 um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi. Samhliða frumvarpi þessu er lögð fyrir Alþingi þingsályktunartillaga um heimild til þess að fullgilda samninginn. Eins og greint er í athugasemdum við þá tillögu er samningi þessum ætlað að koma í stað samnings frá

8. febrúar 1949 um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, sem fullgiltur var fyrir Íslands hönd 13. febrúar 1950 og gekk í gildi 3. júlí 1950, sbr. einnig lög nr. 56 12. maí 1970.

Við útfærslu fiskveiðilögsögu strandríkja við Norðvestur-Atlantshaf gjörbreyttist skipan fiskveiðimála á svæðinu. Hafist var handa um gerð nýs samnings, sem tæki mið af hinu breytta ástandi. Endanlega var gengið frá samningnum á ráðstefnu sem haldin var í Ottawa 11. til 21. október 1977 og á fundi sérfræðinga 1. og 2. maí 1978. Var samningurinn síðan lagður fram til undirritunar í Ottawa 24. október 1978 og var hann undirritaður af fulltrúum Danmerkur (vegna Færeyja), Íslands, Kanada, Noregs, Portúgals, Rúmeníu, Sovétríkjanna, Þýska alþýðulýðveldisins og Efnahagsbandalags Evrópu. Samningurinn mun öðlast gildi hinn 1. janúar næstan eftir að sex ríki hafa fullgilt hann þ. á m. að minnsta kosti eitt strandríkjanna, sem fiskveiðilögsögu hafa á samningssvæðinu. Til þessa hefur aðeins Kanada fullgilt samninginn.

Samningurinn gerir ráð fyrir að komið verði á fót nýrri stofnun, Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnuninni, er taki við af fiskveiðinefnd þeirri, sem starfandi er samkvæmt samningnum frá 1949. Í tengslum við stofnunina munu starfa vísindaráð og fiskveiðinefnd. Vísindaráðinu er ætlað það hlutverk m. a. að verða vettvangur samvinnu um rannsóknir varðandi fiskveiðar á samningssvæðinu og að safna tölfræðilegum upplýsingum um þær. Fiskveiðinefndin skal vera ábyrg fyrir stjórnun og verndun fiskstofna sem liggja utan fiskveiðilögsögu strandríkja á samningssvæðinu. Er hlutverk og valdssvið nefndarinnar í fullu samræmi við löggjöf strandríkja við Norðvestur-Atlantshaf.

Ekki þykir þörf skýringa við einstakar greinar frumvarpsins. Þess skal þó getið að viðurlagaákvæði í 2. gr. eru sniðin eftir ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Að lokum skal athygli vakin á því, að íslensk stjórnvöld hyggjast segja upp samningnum frá 1949 og mun uppsögn væntanlega miðast við 1. janúar 1980. Þykir því rétt að lög nr. 56 12. maí 1970 um framkvæmd þess samnings falli úr gildi þann dag og er gert ráð fyrir því í 3. gr. frumvarpsins.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM FRAMTÍÐARSAMVINNU RÍKJA VARÐANDI FISKVEIÐAR Á NORÐVESTUR-ATLANTSHAFI

Samningsaðilar

GERA SÉR LJÓST að strandríki við Norðvestur-Atlantshaf hafa í samræmi við viðeigandi grundvallarreglur í þjóðarétti fært út lögsögu sína yfir hinum lifandi auðæfum aðliggjandi hafsvæða í allt að tvöhundruð sjómílur frá grunnlínum þeim er landhelgi miðast við, og beita innan þessara svæða fullveldisrétti í því skyni að rannsaka og hagnýta, vernda og hafa stjórnun á auðæfum þessum;

TAKA TILLIT TIL starfa þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna að því er varðar fiskveiðar;

CONVENTION ON FUTURE MULTILATERAL COOPERATION IN THE NORTHWEST ATLANTIC FISHERIES

The Contracting Parties,

NOTING that the coastal States of the Northwest Atlantic have, in accordance with relevant principles of international law, extended their jurisdiction over the living resources of their adjacent waters to limits of up to two hundred nautical miles from the baselines from which the breadth of the territorial sea is measured, and exercise within these areas sovereign rights for the purpose of exploring and exploiting, conserving and managing these resources;

TAKING into account the work of the Third United Nations Conference on the Law of the Sea in the field of fisheries;

ÓSKA þess að stuðla að verndun og bestu nýtingu á fiskveiðiauðlindum í Norðvestur-Atlantshafi á þann hátt er samrýmist útfærslu fiskveiðilögsögu strandríkja, og samkvæmt því, hvetja til alþjóðlegrar samvinnu og samráðs að því er auðlindir þessar varðar;

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR um eftirfarandi:

1. gr.

1. Svæði það, sem samningur þessi nær til, hér á eftir nefnt „samningssvæðið“, er hafsvæði Norðvestur-Atlantshafs norðan 35°00′ norður breiddar og vestan línu er liggur í norður frá 35°00′ norður breidd og 42°00′ vestur lengd til 59°00′ norður breiddar, þaðan í vestur til 44°00′ vestur lengdar, og þaðan í norður til Grænlandsstrandar, og auk þess hafsvæðin í St. Lawrence-flóa, Davissundi og Baffins-flóa, sunnan 78°10′ norður breiddar.

2. Svæði það sem nefnt er í samningi þessum „umráðasvæðið“, er sá hluti samningssvæðisins sem liggur utan þeirra svæða er strandríki hafa fiskveiðilögsögu.

3. Í samningi þessum skal „strandríki“ hér eftir merkja samningsaðila er hefur fiskveiðilögsögu á hafsvæði sem er hluti af samningssvæðinu.

4. Samningur þessi tekur til fiskveiðiauðlinda á samningssvæðinu, einungis með eftirfarandi undantekningum: lax, túnfiskur, oddnefur, hvalastofnar er lúta stjórn Alþjóðahvalveiðiráðsins eða stofnun sem tekur við af því, og botntegundir landgrunnsins, þ. e. lífverur sem á þeim tíma er þær má nýta, eru annað hvort óhreyfanlegar á hafsbotninum eða undir honum eða geta ekki hreyft sig nema í stöðugri snertingu við hafsbotninn eða botnlögin.

5. Ekkert í samningi þessum skal talið hafa áhrif á eða skerða afstöðu eða kröfur nokkurs samningsaðila er varða innsævi, landhelgi eða mörk eða víðáttu fiskveiðilögsögu nokkurs aðila né hafa

DESIRING to promote the conservation and optimum utilization of the fishery resources of the Northwest Atlantic area within a framework appropriate to the regime of extended coastal State jurisdiction over fisheries, and accordingly to encourage international cooperation and consultation with respect to these resources;

HAVE AGREED as follows:

ARTICLE I

1. The area to which this Convention applies, hereinafter referred to as "the Convention Area", shall be the waters of the Northwest Atlantic Ocean north of 35°00′ north latitude and west of a line extending due north from 35°00′ north latitude and 42°00′ west longitude to 59°00′ north latitude, thence due west to 44°00′ west longitude, and thence due north to the coast of Greenland, and the waters of the Gulf of St. Lawrence, Davis Strait and Baffin Bay south of 78°00′ north latitude.

2. The area referred to in this Convention as "the Regulatory Area" is that part of the Convention Area which lies beyond the areas in which coastal States exercise fisheries jurisdiction.

3. For the purposes of this Convention, "coastal State" shall hereinafter mean a Contracting Party exercising fisheries jurisdiction in waters forming part of the Convention Area.

4. This Convention applies to all fishery resources of the Convention Area, with the following exceptions: salmon, tunas and marlins, cetacean stocks managed by the International Whaling Commission or any successor organization, and sedentary species of the Continental Shelf, i. e., organisms which, at the harvestable stage, either are immobile on or under the seabed or are unable to move except in constant physical contact with the seabed or the subsoil.

5. Nothing in this Convention shall be deemed to affect or prejudice the positions or claims of any Contracting Party in regard to internal waters, the territorial sea, or the limits or extent of the

áhrif á eða skerða skoðanir eða afstöðu nokkurs samningsaðila varðandi hafrétt.

2. gr.

1. Samningsaðilar samþykkja að setja á stofn og starfrækja alþjóðlega stofnun til að vinna með samráði og samvinnu að bestu nýtingu, skynsamlegri stjórnun og verndun fiskveiðiauðlinda á samningssvæðinu. Stofnun þessi skal bera heitið „Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunin“, hér eftir nefnd „stofnunin“, og skal hún framkvæma verkefni þau er talin eru í samningi þessum.

2. Stofnunin skal vera skipuð:

(a) allsherjarráði,
(b) vísindaráði,
(c) fiskveiðinefnd og
(d) skrifstofu.

3. Stofnunin skal vera lögaðili og njóta í samskiptum sínum við aðrar alþjóðastofnanir og landssvæði samningsaðila þeirrar réttarstöðu er nauðsynleg kann að vera til að rækja störf sín og ná tilgangi sínum. Friðhelgi og forréttindi sem stofnunin og starfsmenn hennar eiga að njóta á landssvæði samningsaðila skulu komin undir samkomulagi stofnunarinnar og hlutaðeigandi samningsaðila.

4. Aðalstöðvar stofnunarinnar skulu vera í Dartmouth í Nova Scotia í Kanada, eða þeim stað öðrum er allsherjarráðið kann að samþykkja.

3. gr.

Hlutverk allsherjarráðsins skal vera:

(a) að hafa yfirumsjón með og samræma skipulagningu, framkvæmdastjórn, fjárhag og önnur innri mál stofnunarinnar, þ. á m. tengslin milli stjórnardeilda hennar.

(b) að samræma samskipti stofnunarinnar við aðra aðila.

(c) að endurskoða og ákveða skipan fiskveiðinefndarinnar samkvæmt 13. gr. og

jurisdiction of any Party over fisheries; or to affect or prejudice the views or positions of any Contracting Party with respect to the law of the sea.

ARTICLE II

1. The Contracting Parties agree to establish and maintain an international organization whose object shall be to contribute through consultation and co-operation to the optimum utilization, rational management and conservation of the fishery resources of the Convention Area. This organization shall be known as the Northwest Atlantic Fisheries Organization, hereinafter referred to as "the Organization", and shall carry out the functions set forth in this Convention.

2. The Organization shall consist of:

(a) a General Council;
(b) a Scientific Council;
(c) a Fisheries Commission; and
(d) a Secretariat.

3. The Organization shall have legal personality and shall enjoy in its relations with other international organizations and the territories of the Contracting Parties such legal capacity as may be necessary to perform its functions and achieve its ends. The immunities and privileges which the Organization and its officers shall enjoy in the territory of a Contracting Party shall be subject to agreement between the Organization and the Contracting Party concerned.

4. The headquarters of the Organization shall be at Dartmouth, Nova Scotia, Canada, or at such other place as may be decided by the General Council.

ARTICLE III

The functions of the General Council shall be:

(a) to supervise and coordinate the organizational, administrative, financial and other internal affairs of the Organization, including the relations among its constituent bodies;

(b) to coordinate the external relations of the Organization;

(c) to review and determine the membership of the Fisheries Commission pursuant to Article XIII; and

(d) að hafa á hendi hvert það vald annað sem því er veitt samkvæmt samningi þessum.

4. gr.

1. Sérhver samningsaðili skal eiga sæti í allsherjarráðinu og tilnefna í ráðið allt að þremur fulltrúum sem mega hafa með sér á fundum þess varamenn, sérfræðinga og ráðunauta.

2. Allsherjarráðið kýs sér formann og varaformann, og skulu þeir hvor um sig gegna því embætti í tvö ár. Heimilt er að endurkjósa þá, en þeir skulu ekki gegna embættinu lengur en fjögur ár í senn. Formaður skal vera fulltrúi samningsaðila sem aðild á að fiskveiðinefndinni og skulu formaður og varaformaður vera fulltrúar einhverra tveggja samningsaðila.

3. Formaður er forseti stofnunarinnar og helsti fulltrúi hennar.

4. Formaður allsherjarráðsins skal kveðja til reglulegs ársfundar stofnunarinnar á þeim stað, er allsherjarráðið ákveður, og skal fundarstaður að jafnaði vera í Norður-Ameríku.

5. Formaður getur jafnan kvatt allsherjarráðið til funda, annarra en ársfunda, á þeim stað og tíma sem hann ákveður, óski samningsaðili eftir því og sé sú ósk studd af öðrum samningsaðila.

6. Allsherjarráðinu er heimilt að stofna nefndir og undirnefndir eftir því sem það telur æskilegt til að framkvæma skyldur sínar og störf.

5. gr.

1. Sérhver samningsaðili skal fara með eitt atkvæði við afgreiðslu mála í allsherjarráðinu.

2. Sé ekki öðruvísi tekið fram, skulu ákvarðanir allsherjarráðsins hljóta meirihluta atkvæða samningsaðila er viðstaddir eru og atkvæði greiða með eða á móti, að því tilskildu, að engin atkvæðagreiðsla skal fram fara nema a. m. k. tveir þriðju samningsaðila séu viðstaddir.

(d) to exercise such other authority as is conferred upon it by this Convention.

ARTICLE IV

1. Each Contracting Party shall be a member of the General Council and shall appoint to the Council not more than three representatives who may be accompanied at any of its meetings by alternates, experts and advisers.

2. The General Council shall elect a Chairman and a Vice-Chairman, each of whom shall serve for a term of two years and shall be eligible for re-election but shall not serve for more than four years in succession. The Chairman shall be a representative of a Contracting Party that is a member of the Fisheries Commission and the Chairman and Vice-Chairman shall be representatives of different Contracting Parties.

3. The Chairman shall be the President of the Organization and shall be its principal representative.

4. The Chairman of the General Council shall convene a regular annual meeting of the Organization at a place decided upon by the General Council and which shall normally be in North America.

5. Any meeting of the General Council, other than the annual meeting, may be called by the Chairman at such time and place as the Chairman may determine, upon the request of a Contracting Party with the concurrence of another Contracting Party.

6. The General Council may establish such Committees and Subcommittees as it considers desirable for the exercise of its duties and functions.

ARTICLE V

1. Each Contracting Party shall have one vote in proceedings of the General Council.

2. Except where otherwise provided, decisions of the General Council shall be taken by a majority of the votes of all Contracting Parties present and casting affirmative or negative votes, provided that no vote shall be taken unless there is a quorum of at least two-thirds of the Contracting Parties.

3. Allsherjarráðið skal samþykkja og breyta eftir þörfum reglum um fundarsköp sín og framkvæmd starfa sinna.

4. Allsherjarráðið skal senda samningsaðilum árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

6. gr.

1. Hlutverk vísindaráðsins skal vera:

(a) að verða vettvangur samráðs og samvinnu meðal samningsaðila hvað snertir athuganir, mat og skipti á vísindalegum upplýsingum og skoðunum er varða fiskveiðar á samningssvæðinu, þ. á m. um umhverfis- og vistfræðiþætti sem áhrif hafa á þessar veiðar, og hvetja til og efla samvinnu meðal samningsaðila á sviði vísindarannsókna er bætt geta þekkingarskort á þessum sviðum.

(b) að safna og halda tölfræðilegar upplýsingar og skýrslur og gefa út eða dreifa greinargerðum, upplýsingum og gögnum er varða fiskveiðar á samningssvæðinu þ. á m. um umhverfis- og vistfræðiþætti sem áhrif hafa á þessar veiðar.

(c) að láta strandríkjum í té vísindalegar ráðleggingar þegar um þær er beðið samkvæmt 7. gr. og

(d) að láta fiskveiðinefndinni í té vísindalegar ráðleggingar samkvæmt 8. gr. eða að eigin frumkvæði eftir því sem þörf er á vegna hlutverks nefndarinnar.

2. Störf vísindaráðsins má þar sem það á við rækja í samvinnu við aðrar opinberar stofnanir eða einkastofnanir er hafa skyld markmið.

3. Samningsaðilar skulu láta vísindaráðinu í té allar þær tölfræðilegu og vísindalegu upplýsingar er fyrir hendi eru og ráðið óskar eftir til að ná tilgangi greinar þessarar.

7. gr.

1. Vísindaráðið skal að beiðni strandríkis athuga og gefa skýrslu um hvert það atriði er varðar vísindalegan grundvöll stjórnunar og verndunar fiskveiði-

3. The General Council shall adopt, and amend as occasion may require, rules for the conduct of its meetings and for the exercise of its functions.

4. The General Council shall submit to the Contracting Parties an annual report of the activities of the Organization.

ARTICLE VI

1. The functions of the Scientific Council shall be:

(a) to provide a forum for consultation and cooperation among the Contracting Parties with respect to the study, appraisal and exchange of scientific information and views relating to the fisheries of the Convention Area, including environmental and ecological factors affecting these fisheries, and to encourage and promote cooperation among the Contracting Parties in scientific research designed to fill gaps in knowledge pertaining to these matters;

(b) to compile and maintain statistics and records and to publish or disseminate reports, information and materials pertaining to the fisheries of the Convention Area, including environmental and ecological factors affecting these fisheries;

(c) to provide scientific advice to coastal States, where requested to do so pursuant to Article VII; and

(d) to provide scientific advice to the Fisheries Commission, pursuant to Article VIII or on its own initiative as required for the purposes of the Commission.

2. The functions of the Scientific Council may, where appropriate, be carried out in cooperation with other public or private organizations having related objectives.

3. The Contracting Parties shall furnish to the Scientific Council any available statistical and scientific information requested by the Council for the purpose of this Article.

ARTICLE VII

1. The Scientific Council shall, at the request of a coastal State, consider and report on any question pertaining to the scientific basis for the management and

auðlinda á hafsvæði, sem lýtur fiskveiðilögsögu þess strandríkis innan samningssvæðisins.

2. Strandríkið skal í samráði við vísindaráðið afmarka hvert það verkefni sem vísað er til ráðsins til athugunar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Auk annarra atriða sem málið kunna að snerta, skal verklýsing þessi hafa að geyma það sem hér segir eftir því sem við á hverju sinni:

(a) greinargerð um málið, þ. á m. lýsingu á því hvaða fiskveiðar og svæði athuga skal.

(b) sé beðið um vísindalegar álitsgerðir eða spár, lýsingu á hverjum þeim þætti eða tilgátum er málinu er viðkomandi og taka ber tillit til. og

(c) þar sem það á við, lýsingu á þeim markmiðum er strandríki keppir að og ábendingu um, hvort óskað sé sérstakrar ráðleggingar eða margra valkosta.

8. gr.

Vísindaráðið skal athuga og gefa skýrslu um hvert það málefni sem fyrir það er lagt af fiskveiðinefndinni, og varðar vísindalegan grundvöll stjórnunar og verndunar fiskveiðiauðlinda innan umráðasvæðisins. Taka skal mið af skilmálum þeim er fiskveiðinefndin tilgreinir varðandi það málefni.

9. gr.

1. Sérhver samningsaðili skal eiga sæti í vísindaráðinu og tilnefna í það fulltrúa sína sem mega hafa með sér á fundum þess varamenn, sérfræðinga og ráðunauta.

2. Vísindaráðið kýs sér formann og varaformann og skulu þeir hvor um sig gegna því embætti í tvö ár. Heimilt er að endurkjósa þá, en ekki mega þeir gegna embættinu lengur en fjögur ár í senn. Formaður og varaformaður skulu vera fulltrúar einhverra tveggja samningsaðila.

3. Formaður getur jafnan kvatt vísindaráðið til funda, annarra en ársfunda

Sá hluti undirsvæðisins sem er fyrir norðan 57°40′ norður breidd (Cape Mugford);
Deilisvæði 2H
Sá hluti undirsvæðisins sem er milli 55°20′ norður breiddar (Hopedale) og 57°40′ norður breiddar (Cape Mugford);

Division 1A
That portion of the Sub-area lying north of the parallel of 68°50′ north latitude (Christianshaab);
Division 1B
That portion of the Sub-area lying between the parallel of 66°15′ north latitude (5 nautical miles north of Umanarsugssuak) and the parallel of 68°50′ north latitude (Christianshaab);
Division 1C
That portion of the Sub-area lying between the parallel of 64°15′ north latitude (4 nautical miles north of Godthaab) and the parallel of 66°15′ north latitude (5 nautical miles north of Umanarsugssuak);
Division 1D
That portion of the Sub-area lying between the parallel of 62°30′ north latitude (Frederikshaab Glacier) and the parallel of 64°15′ north latitude (4 nautical miles north of Godthaab);
Division 1E
That portion of the Sub-area lying between the parallel of 60°45′ north latitude (Cape Desolation) and the parallel of 62°30′ north latitude (Frederikshaab Glacier);
Division 1F
That portion of the Sub-area lying south of the parallel of 60°45′ north latitude (Cape Desolation).
3(a) Sub-area 2
That portion of the Convention Area lying to the east of the meridian of 64°30′ west longitude in the area of Hudson Strait, to the south of Sub-area 0, to the south and west of Sub-area 1 and to the north of the parallel of 52°15′ north latitude.
3(b) Sub-area 2 is composed of three Divisions:
Division 2G
That portion of the Sub-area lying north of the parallel of 57°40′ north latitude (Cape Mugford);
Division 2H
That portion of the Sub-area lying between the parallel of 55°20′ north latitude (Hopedale) and the parallel of 57°40′ north latitude (Cape Mugford);

Deilisvæði 2J
Sá hluti undirsvæðisins sem er fyrir sunnan 55°20′ norður breidd (Hopedale).

4(a) Undirsvæði 3
Sá hluti samningssvæðisins sem er fyrir sunnan 52°15′ norður breidd og austan línu sem liggur í norður frá Cape Bauld á norðurströnd Nýfundnalands að 52°15′ norður breidd, norðan við 39°00′ norður breidd og fyrir austan og norðan kompáslínu sem byrjar á 39°00′ norður breidd, 50°00′ vestur lengd og liggur í norðvestlæga stefnu í gegnum punkt á 43°30′ norður breidd, 55°00′ vestur lengd í átt að punkti á 47°50′ norður breidd, 60°00′ vestur lengd þar til hún sker beina línu er tengir Cape Ray á strönd Nýfundnalands við Cape North á Cape Breton-eyju, og þaðan í norðaustlæga stefnu eftir þeirri línu til Cape Ray.

4(b) Undirsvæði 3 skiptist í sex deilisvæði:
Deilisvæði 3K
Sá hluti undirsvæðisins sem er fyrir norðan 49°15′ norður breidd (Cape Freels, Nýfundnalandi);
Deilisvæði 3L
Sá hluti deilisvæðisins sem er milli strandar Nýfundnalands frá Cape Freels að Cape St. Mary og línu sem hér segir: Upphaf hennar er við Cape Freels, þaðan í austur að 46°30′ vestur lengd, þaðan í suður að 46°00′ norður breidd, þaðan í vestur að 54°30′ vestur lengd, þaðan eftir kompáslínu að Cape St. Mary á Nýfundnalandi;

Deilisvæði 3M
Sá hluti undirsvæðisins sem er fyrir sunnan 49°15′ norður breidd og austan við 46°30′ vestur lengd;

Deilisvæði 3N
Sá hluti undirsvæðisins sem er fyrir sunnan 46°00′ norður breidd og milli 46°30′ vestur lengdar og 51°00′ vestur lengdar;

Deilisvæði 3-O
Sá hluti undirsvæðisins sem er fyrir sunnan 46°00′ norður breidd og milli

Division 2J
That portion of the Sub-area lying south of the parallel of 55°20′ north latitude (Hopedale).

4(a) Sub-area 3
That portion of the Convention Area lying south of the parallel of 52°15′ north latitude; and to the east of a line extending due north from Cape Bauld on the north coast of Newfoundland to 52°15′ north latitude; to the north of the parallel of 39°00′ north latitude; and to the east and north of a rhumb line commencing at 39°00′ north latitude, 50°00′ west longitude and extending in a northwesterly direction to pass through a point at 43°30′ north latitude, 55°00′ west longitude in the direction of a point at 47°50′ north latitude, 60°00′ west longitude until it intersects a straight line connecting Cape Ray, on the coast of Newfoundland, with Cape North on Cape Breton Island; thence in a northeasterly direction along said line to Cape Ray.

4(b) Sub-area 3 is composed of six Divisions:
Division 3K
That portion of the Sub-area lying north of the parallel of 49°15′ north latitude (Cape Freels, Newfoundland);
Division 3L
That portion of the Sub-area lying between the Newfoundland coast from Cape Freels to Cape St. Mary and a line described as follows: beginning at Cape Freels, thence due east to the meridian of 46°30′ west longitude, thence due south to the parallel of 46°00′ north latitude, thence due west to the meridian of 54°30′ west longitude, thence along a rhumb line to Cape St. Mary, Newfoundland;
Division 3M
That portion of the Sub-area lying south of the parallel of 49°15′ north latitude and east of the meridian of 46°30′ west longitude;

Division 3N
That portion of the Sub-area lying south of the parallel of 46°00′ north latitude and between the meridian of 46°30′ west longitude and the meridian of 51°00′ west longitude;

Division 3-O
That portion of the Sub-area lying south of the parallel of 46°00′ north latitude

51°00′ vestur lengdar og 54°30′ vestur lengdar;

Deilisvæði 3P
Sá hluti undirsvæðisins sem er fyrir sunnan strönd Nýfundnalands og vestan línu frá Cape St. Mary á Nýfundnalandi að punkti á 46°00′ norður breidd og 54°30′ vestur lengd, þaðan í suður að mörkum undirsvæðisins;
Deilisvæði 3P er skipt í tvö undirdeilisvæði:
3Pn — Norðvestur-undirdeilisvæði — Sá hluti deilisvæðis 3P sem er norðvestan við línu er nær frá Burgeo-eyju, Nýfundnalandi í suðvestlæga stefnu að punkti á 46°50′ norður breidd og 58°50′ vestur lengd;
3Ps — Suðaustur-undirdeilisvæði — Sá hluti deilisvæðis 3P sem er fyrir suðaustan línu þá sem skilgreind er fyrir undirdeilisvæði 3Pn.

5(a) Undirsvæði 4
Sá hluti samningssvæðisins sem er fyrir norðan 39°00′ norður breidd, vestan við undirsvæði 3, og austan við línu sem hér segir: Upphaf hennar er við endamörk landamæra Bandaríkjanna og Kanada á Grand Manan sundi, á punkti sem ákvarðast af 44°46′ 35,346″ norður breidd; 66°54′ 11,253″ vestur lengd, þaðan í suður að 43°50′ norður breidd, þaðan í vesturátt að 67°40′ vestur lengd, þaðan í suður að 42°20′ norður breidd, þaðan í austur að punkti á 66°00′ vestur lengd, þaðan eftir kompáslínu í suðaustlæga stefnu að punkti á 42°00′ norður breidd og 65°40′ vestur lengd, og þaðan í suður að 39°00′ norður breidd.

5(b) Undirsvæði 4 skiptist í sex deilisvæði:
Deilisvæði 4R
Sá hluti undirsvæðisins sem er milli strandar Nýfundnalands frá Cape Bauld og Cape Ray og línu sem hér segir: Upphaf hennar er við Cape Bauld, þaðan í norður að 52°15′ norður breidd, þaðan í vestur að strönd Labrador, þaðan eftir strönd Labrador að endamörkum landamæra Labrador og Quebec, þaðan eftir kompáslínu í suðvestlæga stefnu til

and between the meridian of 51°00′ west longitude and the meridian of 54°30′ west longitude;
Division 3P
That portion of the Sub-area lying south of the Newfoundland coast and west of a line from Cape St. Mary, Newfoundland to a point at 46°00′ north latitude, 54°30′ west longitude, thence due south to the limit of the Sub-area;
Division 3P is divided into two Subdivisions:
3Pn — Northwestern Subdivision — That portion of Division 3P lying northwest of a line extending from Burgeo Island, Newfoundland, approximately southwest to a point at 46°50′ north latitude and 58°50′ west longitude;
3Ps — Southeastern Subdivision — That portion of Division 3P lying southeast of the line defined for Subdivision 3Pn.

5(a) Sub-area 4
That portion of the Convention Area lying north of the parallel of 39°00′ north latitude, to the west of Sub-area 3, and to the east of a line descibed as follows: beginning at the terminus of the international boundary between the United States of America and Canada in Grand Manan Channel, at a point at 44°46′ 35.346″ north latitude; 66°54′ 11.253″ west longitude; thence due south to the parallel of 43°50′ north latitude; thence due west to the meridian of 67°40′ west longitude; thence due south to the parallel of 42°20′ north latitude; thence due east to a point in 66°00′ west longitude; thence along a rhumb line in a southeasterly direction to a point at 42°00′ north latitude and 65°40′ west longitude; and thence due south to the parallel of 39°00′ north latitude.

5(b) Sub-area 4 is divided into six Divisions:
Division 4R
That portion of the Sub-area lying between the coast of Newfoundland from Cape Bauld to Cape Ray and a line described as follows: beginning at Cape Bauld, thence due north of the parallel of 52°15′ north latitude, thence due west to the Labrador coast, thence along the Labrador coast to the terminus of the Labrador-Quebec boundary, thence along a rhumb

punkts á 49°25′ norður breidd og 60°00′ vestur lengd, þaðan í suður til punkts á 47°50′ norður breidd og 60°00′ vestur lengd, þaðan eftir kompáslínu í suðaustlæga stefnu að punkti þeim, þar sem mörk undirsvæðis 3 skera hina beinu línu er tengir Cape North á Nova Scotia við Cape Ray á Nýfundnalandi, þaðan að Cape Ray á Nýfundnalandi;

Deilisvæði 4S

Sá hluti undirsvæðisins sem er milli suðurstrandar Quebec frá endamörkum landamæra Labrador og Quebec að Pte. des Monts og línu sem hér segir: Upphaf hennar við Pte. des Monts, þaðan í austur að punkti á 49°25′ norður breidd og 64°40′ vestur lengd, þaðan eftir kompáslínu í austsuðaustlæga stefnu að punkti á 47°50′ norður breidd og 60°00′ vestur lengd, þaðan í norður að punkti á 49°25′ norður breidd og 60°00′ vestur lengd, þaðan eftir kompáslínu í norðaustlæga stefnu að endamörkum landamæra Labrador og Quebec;

Deilisvæði 4T

Sá hluti undirsvæðisins sem liggur milli stranda Nova Scotia, New Brunswick og Quebec frá Cape North að Pte. des Monts og línu sem hér segir: Upphaf hennar er við Pte. des Monts, þaðan í austur til punkts á 49°25′ norður breidd og 64°40′ vestur lengd, þaðan eftir kompáslínu í suðaustlæga átt að punkti á 47°50′ norður breidd og 60°00′ vestur lengd, þaðan eftir kompáslínu í suðlæga stefnu að Cape North á Nova Scotia;

Deilisvæði 4V

Sá hluti undirsvæðisins sem er milli strandar Nova Scotia frá Cape North að Fourchu og línu sem hér segir: Upphaf hennar er við Fourchu, þaðan eftir kompáslínu í austlæga stefnu að punkti á 45°40′ norður breidd og 60°00′ vestur lengd, þaðan í suður eftir lengdarbaugnum 60°00′ vestur, að 44°10′ norður breidd, þaðan í austur að 59°00′ vestur lengd, þaðan í suður að 39°00′ norður breidd, þaðan í austur að punkti þar sem markalína undirsvæða 3 og 4 sker breiddarbauginn 39°00′ norður, þaðan eftir þeirri markalínu og línu sem heldur

line in a southwesterly direction to a point at 49°25′ north latitude, 60°00′ west longitude, thence due south to a point at 47°50′ north latitude, 60°00′ west longitude, thence along a rhumb line in a southeasterly direction to the point at which the boundary of Sub-area 3 intersects the straight line joining Cape North, Nova Scotia with Cape Ray, Newfoundland, thence to Cape Ray, Newfoundland;

Division 4S

That portion of the Sub-area lying between the south coast of Quebec from the terminus of the Labrador-Quebec boundary to Pte. des Monts and a line described as follows: beginning at Pte. des Monts, thence due east to a point at 49°25′ north latitude, 64°40′ west longitude, thence along a rhumb line in an east-southeasterly direction to a point at 47°50′ north latitude, 60°00′ west longitude, thence due north to a point at 49°25′ north latitude, 60°00′ west longitude, thence along a rhumb line in a northeasterly direction to the terminus of the Labrador-Quebec boundary;

Division 4T

That portion of the Sub-area lying between the coasts of Nova Scotia, New Brunswick and Quebec from Cape North to Pte. des Monts and a line described as follows: beginning at Pte. des Monts, thence due east to a point at 49°25′ north latitude, 64°40′ west longitude, thence along a rhumb line in a southeasterly direction to a point at 47°50′ north latitude, 60°00′ west longitude, thence along a rhumb line in a southerly direction to Cape North, Nova Scotia;

Division 4V

That portion of the Sub-area lying between the coast of Nova Scotia between Cape North and Fourchu and a line described as follows: beginning at Fourchu, thence along a rhumb line in an easterly direction to a point at 45°40′ north latitude, 60°00′ west longitude, thence due south along the meridian of 60°00′ west longitude to the parallel of 44°10′ north latitude, thence due east to the meridian of 59°00′ west longitude, thence due south to the parallel of 39°00′ north latitude, thence due east to a point where the boundary between Sub-areas 3 and 4 meets

áfram í norðvestlæga stefnu að punkti á 47°50′ norður breidd og 60°00′ vestur lengd og þaðan eftir kompáslínu í suðlæga stefnu að Cape North á Nova Scotia;

Deilisvæði 4V skiptist í tvö undirdeilisvæði:
4Vn — Norður-undirdeilisvæði — Sá hluti deilisvæðis 4V sem er norðan 45°40′ norður breiddar;
4Vs — Suður-undirdeilisvæði — Sá hluti deilisvæðis 4V sem er sunnan 45°40′ norður breiddar;
Deilisvæði 4W
Sá hluti undirsvæðisins sem er milli strandar Nova Scotia frá Halifax að Fourchu og línu sem hér segir: Upphaf hennar er við Fourchu, þaðan eftir kompáslínu í austlæga stefnu til punkts á 45°40′ norður breidd og 60°00′ vestur lengd, þaðan í suður eftir lengdarbaugnum 60°00′ vestur að 44°10′ norður breidd, þaðan í austur að 59°00′ vestur lengd, þaðan í suður að 39°00′ norður breidd, þaðan í vestur að 63°20′ vestur lengd, þaðan í norður að punkti á þeim lengdarbaug og 44°20′ norður breidd, þaðan eftir kompáslínu í norðvestlæga stefnu til Halifax á Nova Scotia;

Deilisvæði 4X
Sá hluti undirsvæðisins sem liggur milli vesturmarka undirsvæðis 4 og stranda New Brunswick og Nova Scotia frá endapunkti landamæra New Brunswick og Maine til Halifax og línu sem hér segir: Upphaf hennar er við Halifax, þaðan eftir kompáslínu í suðaustlæga stefnu að punkti á 44°20′ norður breidd og 63°20′ vestur lengd, þaðan í suður að 39°00′ norður breidd og þaðan í vestur að 65°40′ vestur lengd.

6(a) Undirsvæði 5
Sá hluti samningssvæðisins sem er fyrir vestan vesturmörk undirsvæðis 4, norðan 39°00′ norður breiddar og austan 71°40′ vestur lengdar.

the parallel of 39°00′ north latitude, thence along the boundary between Sub-areas 3 and 4 and a line continuing in a northwesterly direction to a point at 47°50′ north latitude, 60°00′ west longitude, and thence along a rhumb line in a southerly direction to Cape North, Nova Scotia;
Division 4V is divided into two Subdivisions:
4Vn — Northern Subdivision — That portion of Division 4V lying north of the parallel of 45°40′ north latitude;
4Vs — Southern Subdivision — That portion of Division 4V lying south of the parallel of 45°40′ north latitude;
Division 4W
That portion of the Sub-area lying between the coast of Nova Scotia from Halifax to Fourchu and a line described as follows: beginning at Fourchu, thence along a rhumb line in an easterly direction to a point at 45°40′ north latitude, 60°00′ west longitude, thence due south along the meridian of 60°00′ west longitude to the parallel of 44°10′ north latitude, thence due east to the meridian of 59°00′ west longitude, thence due south to the parallel of 39°00′ north latitude, thence due west to the meridian of 63°20′ west longitude, thence due north to a point on that meridian at 44°20′ north latitude, thence along a rhumb line in a northwesterly direction to Halifax, Nova Scotia;
Division 4X
That portion of the Sub-area lying between the western boundary of Sub-area 4 and the coasts of New Brunswick and Nova Scotia from the terminus of the boundary between New Brunswick and Maine to Halifax, and a line described as follows: beginning at Halifax, thence along a rhumb line in a southeasterly direction to a point at 44°20′ north latitude, 63°20′ west longitude, thence due south to the parallel of 39°00′ north latitude, and thence due west to the meridian of 65°40′ west longitude.
6(a) Sub-area 5
That portion of the Convention Area lying to the west of the western boundary of Sub-area 4, to the north of the parallel of 39°00′ north latitude, and to the east of the meridian of 71°40′ west longitude.

6(b) Undirsvæði 5 skiptist í tvö deilisvæði:
Deilisvæði 5Y
Sá hluti undirsvæðisins sem er milli stranda Maine, New Hampshire og Massachusetts frá landamærum Maine og New Brunswick að 70°00′ vestur lengd á Cape Cod (á um það bil 42°00′ norður breidd), og línu sem hér segir: Upphaf hennar er punktur á Cape Cod á 70°00′ vestur lengd (á um það bil 42°00′ norður breidd), þaðan í norður að 42°20′ norður breidd, þaðan í austur að 67°40′ vestur lengd á markalínu undirsvæða 4 og 5 og þaðan eftir þeirri markalínu að landamærum Kanada og Bandaríkjanna;

Deilisvæði 5Z
Sá hluti undirsvæðisins sem er fyrir sunnan og austan deilisvæði 5Y.
Deilisvæðið 5Z skiptist í tvö undirdeilisvæði: Austur-undirdeilisvæði og Vestur-undirdeilisvæði, sem eru skilgreind sem hér segir:
5Ze — Austur-undirdeilisvæði — Sá hluti deilisvæðis 5Z sem er fyrir austan 70°00′ vestur lengd;
5Zw — Vestur-undirdeilisvæði — Sá hluti 5Z sem er fyrir vestan 70°00′ vestur lengd.
7(a) Undirsvæði 6
Sá hluti samningssvæðisins sem markast af línu sem dregin er frá punkti á strönd Rhode Island á 71°40′ vestur lengd, þaðan í suður að 39°00′ norður breidd, þaðan í austur að 42°00′ vestur lengd, þaðan í suður að 35°00′ norður breidd, þaðan í vestur að strönd Norður-Ameríku að punkti á Rhode Island 71°40′ vestur lengd.

7(b) Undirsvæði 6 skiptist í átta deilisvæði:
Deilisvæði 6A
Sá hluti undirsvæðisins sem er fyrir norðan 39°00′ norður breidd og vestan undirsvæðis 5;
Deilisvæði 6B
Sá hluti undirsvæðisins sem er fyrir vestan 70°00′ vestur lengdar, sunnan 39°00′ norður breiddar og norður og vestur af línu sem dregin er í vestur eftir breiddarbaugnum 37°00′ norður að

6(b) Sub-area 5 is composed of two Divisions:
Division 5Y
That portion of the Sub-area lying between the coasts of Maine, New Hampshire and Massachusetts from the border between Maine and New Brunswick to 70°00′ west longitude on Cape Cod (at approximately 42° north latitude) and a line described as follows: beginning at a point on Cape Cod at 70° west longitude (at approximately 42° north latitude), thence due north to 42°20′ north latitude, thence due east to 67°40′ west longitude at the boundary of Sub-areas 4 and 5, and thence along that boundary to the boundary of Canada and the United States;
Division 5Z
That portion of the Sub-area lying to the south and east of Division 5Y.
Division 5Z is divided into two Subdivisions: an eastern Subdivision and a western Subdivision defined as follows:

5Ze — Eastern Subdivision — That portion of Division 5Z lying east of the meridian of 70°00′ west longitude;
5Zw — Western Subdivision — That portion of Division 5Z lying west of the meridian of 70°00′ west longitude.
7(a) Sub-area 6
That part of the Convention Area bounded by a line beginning at a point on the coast of Rhode Island at 71°40′ west longitude, thence due south to 39°00′ north latitude, thence due east to 42°00′ west longitude, thence due south to 35°00′ north latitude, thence due west to the coast of North America, thence northwards along the coast of North America to the point on Rhode Island at 71°40′ west longitude.
7(b) Sub-area 6 is composed of eight Divisions:
Division 6A
That portion of the Sub-area lying to the north of the parallel of 39°00′ north latitude and to the west of Sub-area 5;
Division 6B
That portion of the Sub-area lying to the west of 70°00′ west longitude, to the south of the parallel of 39°00′ north latitude, and to the north and west of a line running westward along the parallel of 37°00′

76°00′ vestur lengd og þaðan í suður að Cape Henry í Virginíu;

Deilisvæði 6C
Sá hluti undirsvæðisins sem er vestan 70°00′ vestur lengdar og sunnan deilisvæðis 6B;
Deilisvæði 6D
Sá hluti undirsvæðisins sem er fyrir austan deilisvæði 6B og 6C og vestan 65°00′ vestur lengdar;
Deilisvæði 6E
Sá hluti undirsvæðisins sem er fyrir austan deilisvæði 6D og vestan 60°00′ vestur lengdar;
Deilisvæði 6F
Sá hluti undirsvæðisins sem er fyrir austan deilisvæði 6E og vestan 55°00′ vestur lengdar;
Deilisvæði 6G
Sá hluti undirsvæðisins sem er fyrir austan deilisvæði 6F og vestan 50°00′ vestur lengdar;
Deilisvæði 6H
Sá hluti undirsvæðisins sem er fyrir austan deilisvæði 6G og vestan 42°00′ vestur lengdar.

north latitude to 76°00′ west longitude and thence due south to Cape Henry, Virginia;
Division 6C
That portion of the Sub-area lying to the west of 70°00′ west longitude and to the south of Subdivision 6B;
Division 6D
That portion of the Sub-area lying to the east of Divisions 6B and 6C and to the west of 65°00′ west longitude;
Division 6E
That portion of the Sub-area lying to the east of Division 6D and to the west of 60°00′ west longitude;
Division 6F
That portion of the Sub-area lying to the east of Division 6E and to the west of 55°00′ west longitude;
Division 6G
That portion of the Sub-area lying to the east of Division 6F and to the west of 50°00′ west longitude;
Division 6H
That portion of the Sub-area lying to the east of Division 6G and to the west of 42°00′ west longitude.

Sþ. 197. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]

um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning frá 24. október 1978 um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning frá 24. október 1978 um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi. Samningi þessum er ætlað að koma í stað samnings frá 8. febrúar 1949 um fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, sem fullgiltur var fyrir Íslands hönd 13. febrúar 1950 og gekk í gildi 3. júlí 1950, sbr. einnig lög nr. 56 12. maí 1970. Samhliða tillögu þessari er lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um framkvæmd samningsins og er samningurinn prentaður sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Við útfærslu fiskveiðilögsögu strandríkja við Norðvestur-Atlantshaf gjörbreyttist skipan fiskveiðimála á svæðinu. Hafist var handa um gerð nýs samnings, sem tæki mið af hinu breytta ástandi. Endanlega var gengið frá samningnum á ráðstefnu sem haldin var í Ottawa 11. til 21. október 1977 og á fundi sérfræðinga 1. og 2. maí

1978. Var samningurinn síðan lagður fram til undirritunar í Ottawa 24. október 1978 og var hann undirritaður af fulltrúum Danmerkur (vegna Færeyja), Íslands, Kanada, Noregs, Portúgals, Rúmeníu, Sovétríkjanna, Þýska alþýðulýðveldisins og Efnahagsbandalags Evrópu. Samningurinn mun öðlast gildi hinn 1. janúar næstan eftir að sex ríki hafa fullgilt hann þ. á m. að minnsta kosti eitt strandríkjanna, sem fiskveiðilögsögu hafa á samningssvæðinu. Til þessa hefur aðeins Kanada fullgilt samninginn.

Samningurinn gerir ráð fyrir að komið verði á fót nýrri stofnun, Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnuninni, er taki við af fiskveiðinefnd þeirri, sem starfandi er samkvæmt samningnum frá 1949. Í tengslum við stofnunina munu starfa vísindaráð og fiskveiðinefnd. Vísindaráðinu er ætlað það hlutverk m. a. að verða veltvangur samvinnu um rannsóknir varðandi fiskveiðar á samningssvæðinu og að safna tölfræðilegum upplýsingum um þær. Fiskveiðinefndin skal vera ábyrg fyrir stjórnun og verndun fiskstofna sem liggja utan fiskveiðilögsögu strandríkja á samningssvæðinu. Er hlutverk og valdssvið nefndarinnar í fullu samræmi við löggjöf strandríkja við Norðvestur-Atlantshaf.

Íslensk stjórnvöld hyggjast segja upp samningnum frá 1949 og mun uppsögn væntanlega miðast við 1. janúar 1980.

Nd. 198. Frumvarp til laga [39. mál]

um kjaramál.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. des.)

Samhljóða þskj. 42 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Eignarskattsauki skal lagður á álagðan eignarskatt gjaldársins 1978 (skattársins 1977) skv. 26. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 63/1977 um breyting á þeim lögum, og ákvarðast hann þannig:

a. 50% af álögðum eignarskatti á menn, sbr. 1. tl. 26. gr. greindra laga.
b. 100% af álögðum eignarskatti á innlend og erlend félög og aðra skattskylda aðila, sbr. 2. tl. 26. gr. greindra laga.

Hjá þeim mönnum, sem náð höfðu 67 ára aldri fyrir 1. janúar 1978 eða áttu rétt til örorkulífeyris á árinu 1977, skal álagður eignarskattsauki skv. a-lið 1. mgr. lækkaður um 16 000 kr. hjá einstaklingi og um 24 000 kr. hjá hjónum.

Eignarskattsauki skal vera frádráttarbær frá tekjum á sama hátt og eignarskattur.

9. gr. hljóðar svo:

Á árinu 1978 skal lagður sérstakur tekjuskattur á alla menn, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, sem hér segir:

a. Einstaklinga: 6% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 2 800 000 kr., auk 220 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.
b. Samsköttuð hjón og karl og kona sem búa saman í óvígðri sambúð, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 6% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 3 700 000 kr., auk 220 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.
c. Hjón, sem telja fram hvort í sínu lagi: 6% af skattgjaldstekjum hvors um sig á skattárinu 1977 að frádregnum 2 220 000 kr. hjá hvoru, auk 110 000 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.

Áður en skattur er ákvarðaður samkvæmt þessari grein skulu skattgjaldstekjur manna skv. 1. mgr., sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, lækkaðar um hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi þegar frá þeim hreinu tekjum hefur verið dregin sú upphæð sem ætla má að reiknuð laun þessara manna hefðu numið, miðað við vinnuframlag þeirra, ef þeir hefðu unnið starfið í þágu óskilds aðila, eða hækkaðar um rekstrartöp af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi á skattárinu 1977 að viðbættri upphæð reiknaðra launa þessara manna svo og um yfirfærð rekstrartöp frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

Við ákvörðun á reiknuðum launum skv. 2. mgr. fyrir framlagða vinnu við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal farið eftir viðmiðunarreglum þeim sem settar hafa verið vegna gjaldársins 1978 á grundvelli ákvæða 2. gr. reglugerðar nr. 336/1976.

Nemi munur vergra tekna til skatts og skattgjaldstekna hærri fjárhæð en 532 500 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi, en 798 700 kr. hjá samsköttuðum hjónum, skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt stafliðum a., b. og c. um þá fjárhæð sem munurinn er umfram þessar fjárhæðir, eftir því sem við á, og reiknast þá sérstaki tekjuskatturinn af þessum upphækkuðu skattgjaldstekjum, sbr. staflið a., b. og c.

Hjá skattþegum, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal, áður en ákvæðum 4. mgr. er beitt, hækka vergar tekjur til skatts um upphæð reiknaðra launa skv. 2. og 3. mgr. að frádregnum hreinum tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Þessi sérstaki tekjuskattur er ekki frádráttarbær frá tekjum.

10. gr. hljóðar svo:

Á árinu 1978 skal leggja sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skattþegna, ákveðnar samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Tekjur manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum ákveðast sem hér greinir: Hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skattárið 1977, að viðbættum öllum fyrningum sem gjaldfærðar hafa verið samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum við ákvörðun þessara hreinu tekna, en að frádregnum reiknuðum launum, sbr. 9. gr., svo og yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

   Sé um að ræða rekstrartap á skattárinu 1977 telst stofninn vera gjaldfærðar fyrningar á skattárinu 1977 samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, að frádregnum reiknuðum launum, sbr. 9. gr., svo og að frádregnu rekstrartapi skattársins 1977 og að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

   Fella skal niður skatt samkvæmt þessum tölulið nái hann ekki 15 000 kr.

2. Tekjur þeirra sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum ákveðast sem hér greinir:

   Hreinar tekjur þessara aðila skattárið 1977, að viðbættum öllum fyrningum sem gjaldfærðar hafa verið samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum við ákvörðun þessara hreinu tekna, en að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. greinar greindra laga. Við ákvörðun hreinna tekna þessara aðila skal þó eigi telja með skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 9. gr. greindra laga og til frádráttar frá hreinum tekjum skal einungis tekið tillit til ákvæða 6. mgr. 17. gr. greindra laga.

   Sé um að ræða rekstrartap á skattárinu 1977 telst stofninn vera gjaldfærðar fyrningar á skattárinu 1977 samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með

síðari breytingum, að frádregnu rekstrartapi skattársins 1977, sem ákvarðast án tillits til ákvæða 9. gr. og 17. gr. greindra laga, að undantekinni 6. mgr. 17. gr., svo og að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

3. Hafi skattþegn, sem hefur með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eigi talið fram til tekjuskatts á gjaldárinu 1978 ber skattstjóra að áætla tekjur hans til þessa sérstaka skatts, að viðbættum viðurlögum er ákvarðast í samræmi við ákvæði VII kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

Þessi sérstaki skattur skal nema 6% af tekjum eins og þær eru ákvarðaðar skv. 1.—3. tl. 1. mgr. þessarar greinar.

Þessi sérstaki skattur er ekki frádráttarbær frá tekjum.

Ed. 199. Frumvarp til laga [143. mál]

um breyting á lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, sbr. lög 75/1967, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Lög um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, 3. gr. sbr. 1. gr. laga nr. 75 19. desember 1967, breytist þannig, að í stað „20 ára“ kemur „18 ára“.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 75 19. desember 1967 var lögræðisaldur lækkaður úr 21 ári í 20 ár. Sú breyting var gerð í tengslum við lækkun kosningaaldurs, sem ráðgerður var í stjórnarskrárbreytingu sem hlotið hafði samþykki í fyrra sinni fyrir alþingiskosningar það ár, og ljóst var að mundi fá endanlegt samþykki á Alþingi 1967—68. Um lögræðisaldurinn hafði, út af fyrir sig, ekki staðið umræða þá og hefur raunar ekki heldur verið veruleg síðan. Hitt þykir öllum augljóst, að með öllu væri óeðlilegt, að kosningaaldur væri lækkaður, án þess að lögræðisaldur yrði lækkaður að sama skapi. Segja má raunar, að ekki sé með sama hætti sjálfgefið að lækkun kosningaaldurs fylgi lækkun lögræðisaldurs. Slík umræða, sem áður greindi, hefur ekki verið veruleg um lækkun kosningaaldurs í 18 ár fyrr en nú á síðasta tíma. Ærnar ástæður hafa hinsvegar verið um nokkurt skeið til þess, að lækkun lögræðisaldurs væri meira til umræðu en verið hefur. Árið 1970 hafði lögræðisaldur á öllum Norðurlöndum lækkað úr 21 í 20 ár. Á árinu 1972 gerði Evrópuráðið ályktun um að mæla með því, að Evrópuráðslöndin lækkuðu lögræðisaldurinn í 18 ár. Ýmis lönd í Vestur-Evrópu hafa þegar gert það, svo sem England, Vestur-Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Luxembourg. — Árið 1974 lækkuðu Svíar lögræðisaldurinn í 18 ár, en á árinu 1976 var lögræðisaldur lækkaður í 18 ár í Danmörku og Finnlandi. Á ríkisstjórnarfundi í októbermánuði sl. gerði dómsmálaráðherra tillögu um að lagt yrði fyrir Alþingi lagafrumvarp um lækkun lögræðisaldurs í 18 ár. Var á það fallist. Á fundi dómsmálaráðherra Norðurlanda í Helsingfors í nóvember sl. var spurst fyrir um, hvað Norðmenn og Íslendingar hyggðust fyrir í þessu efni. Skýrði dómsmálaráðherra frá því að þess mætti vænta að lagafrumvarp um lækkun lögræðisaldurs í 18 ár yrði lagt fyrir Alþingi fyrir lok ársins. Norðmenn kváðust búast við að lagafrumvarp um það efni yrði lagt fyrir Stórþingið á þessum vetri.

Núgildandi lög um lögræði, nr. 95 1947 voru sett er fyrstu almennu lögin um lögræði höfðu verið í gildi í 30 ár. Þau lög voru, er þau voru sett 1917, á ýmsan

hátt mikilsverð réttarbót. Þá var fjárræðisaldur lækkaður úr 25 árum í 21 ár, og ákvarðanir um lögræðissviptingu voru fluttar úr hendi stjórnvalda til dómstóla. — Mikilsverðar úrbætur voru gerðar með lögum 95 1947, þótt engum aldurstakmörkum væri þá breytt. Aðaltilefni endurskoðunar er dr. Þórði Eyjólfssyni var falin 1946 voru úrbætur á reglum um frelsisskerðingu í sambandi við lögræðissviptingar, en einnig voru settar skýrari reglur um áhrif ólögræðis á gildi löggerninga. — Í einu efni sker Ísland sig úr hópi Norðurlandanna, en það er um sjálfræðisaldur, sem hefur á Íslandi frá ómunatíð verið 16 ár. Fjárræðisaldur hafði eftir Grágás verið 16 ár en varð með Jónsbók 20 ár, en sjálfræðisaldur 16 ár sem hann hefur verið æ síðan, en fjárræðisaldur hækkaði í 25 ár 1831, er dönsku lög Kristjáns V. voru lögtekin um þetta efni. — Ekki er ástæða til að rekja nánar hverjar ástæður voru fyrir því, að sjálfræðisaldur hafi haldist lægri hér á landi en í öllum löndum er við höfum átt mest samskipti við. Einangrun landsins hefur eflaust valdið miklu um það, ásamt hinum sérstæðu atvinnuháttum um aldir, er orsakað hafa önnur viðhorf og aðstæður í þjóðlífi okkar. Hitt er ótvírætt almenn skoðun á síðari árum og sérstaklega síðustu áratugum, að aukinni skólagöngu og menntun ásamt aukinni hagsæld hafi fylgt skjótari þroski æskulýðs, þannig að eðlilegt sé, að skjótari forráð eigin mála fylgi. Þetta hefur meðal annars komið fram í því að fjölskyldustofnun verður á síðustu árum oft fyrr en almennt tíðkaðist til skamms tíma. Einnig hefur sjálfstæð tekjuöflun og eignaumsvif ungmenna aukist að mun. Er þess því að vænta, að vart muni um það deilt, að breytingar á þessu löggjafarsviði séu tímabærar. Með lögum frá 1972 var heimill aldur til hjúskaparstofnunar alfarið lækkaður í 18 ár. Þótt hjúskaparstofnun fylgi að lögum sjálfkrafa lögræði, er sú ákvörðun aldursmarka enn ein staðfesting umræddrar þróunar.

Ráðgert er að lagafrumvarpi þessu muni fylgja önnur, þar sem breytt verður ákvæðum þar sem miðað er við tiltekin aldursmörk, svo sem t. d. í hjúskaparlögum og ættleiðingarlögum. Sjálfkrafa orsakar lagasetning, sem breytir lögræðisaldri, breytingu í fjölmörgum tilfellum, þar sem löghæfi er miðað við lögræði, en þar sem þess er krafist í lögum, merkir það fullræði, þ. e. að gildandi lögum 20 ára aldur.

Um 1. gr.

Lagt er til að lækka aldursmörkin úr 20 í 18 ár. Verður þá að íslenskum lögum tveggja ára bil frá öflun sjálfræðis til fulls lögræðis. Á hinum Norðurlöndunum hefur þetta tveggja ára bil horfið við lækkun lögræðisaldurs í 18 ár vegna hærra aldursmarks sjálfræðisaldurs.

Um 2. gr.

Rétt þykir að lögin taki ekki gildi fyrr en að nokkrum mánuðum liðnum, svo að lögráða- eða fjárhaldsmönnum gefist tími til að ljúka fjárhaldi með nokkrum umþóttunartíma er aldursmörk breytast.

Nd. 200. Frumvarp til laga [144. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anderson, Ellen, húsmóðir í Kópavogi, f. 30. mars 1947 í Reykjavík.
2. Brynjar Ágúst Hilmarsson, barn í Garðakaupstað, f. 25. júní 1970 í V-Þýskalandi.
3. Burns, Ólöf Irene, barn í Keflavík, f. 28. febrúar 1973 í Keflavík.
4. Burns, Helga María, barn í Keflavík, f. 7. maí 1975 í Keflavík.

5. Clarke, Jonathan Christopher, flugmaður í Reykjavík, f. 18. maí 1953 í Englandi.
6. Chow, Chan Soon, nemi í Reykjavík, f. 3. september 1946 í Malaysíu.
7. Goyette, John Edward, verkamaður í Reykjavík, f. 17. júlí 1961 í Bandaríkjunum.
8. Harpa Björgvinsdóttir, barn í Njarðvík, f. 21. júlí 1975 í V-Þýskalandi.
9. Hördal, Lára Björk, barn í Reykjavík, f. 5. janúar 1976 í Reykjavík.
10. Jones, Sveinn Arthur, barn í Vestmannaeyjum, f. 24. október 1971 í Vestmannaeyjum.
11. Kjartansson, Kata f. Lucic, afgreiðslustúlka í Reykjavík, f. 12. maí 1954 í Júgóslavíu.
12. Kristmundsson, Margarete Helene f. Billhardt, ritari í Garðakaupstað, f. 3. júní 1935 í V-Þýskalandi.
13. Mäntylä, Einar Olavi, nemi í Reykjavík, f. 24. ágúst 1963 í Finnlandi.
14. Messiaen, Lucien Roger Cornil, iðnverkamaður á Akureyri, f. 29. nóvember 1920 í Frakklandi.
15. Moubarak, Adnan, verslunarmaður á Seltjarnarnesi, f. 15. nóvember 1933 í Sýrlandi.
16. Orri Hafsteinn Hilmarsson, barn í Garðakaupstað, f. 27. júlí 1971 í V-Þýskalandi.
17. Oudrhiri, Abdeljalil, verkamaður í Kópavogi, f. 17. desember 1953 í Marokkó.
18. Philips, Roy Percy, filmtæknifræðingur í Hafnarfirði, f. 12. nóvember 1937 í Englandi.
19. Sewell, John William, kennari í Reykjavík, f. 4. ágúst 1929 í Englandi.
20. Þorsteinn Arnar Þorsteinsson, barn í Reykjavík, f. 5. apríl 1977 í Suður-Kóreu.
21. Þórunn Ýr Elíasdóttir, barn í Reykjavík, f. 9. júlí 1976 í Suður-Kóreu.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefnd beggja þingdeilda, sbr. nefndarálit á þskj. 830 á 99. löggjafarþingi 2. maí 1978.

Sþ. 201. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1979.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Eins og fram kemur í grg. fjárlagafrv. er eitt meginmarkmið ríkisstjórnarflokkanna við afgreiðslu fjárlaga að tryggja hallalausan rekstur ríkissjóðs á tímabilinu frá því að núv. ríkisstjórn tók við völdum og til loka næsta árs, jafnframt því að hafin verði greiðsla þeirrar stórfelldu skuldar, sem ríkissjóður hefur safnað hjá Seðlabankanum á síðustu árum.

Meiri hl. fjvn. hefur miðað tillögur sínar um afgreiðslu frv. við að þessi markmið náist. Staðan í ríkisfjármálum, þar á meðal 25 milljarða kr. skuld við Seðlabankann, veldur því að draga verður úr fjárveitingum til verklegra fram-

kvæmda frá núgildandi fjárlögum svo sem nemur 12% að raungildi. Eru tillögur meiri hl. fjvn. við þetta fjárfestingarmark miðaðar og fela í sér 2 000 millj. kr. hækkun á framlögum til verklegra framkvæmda frá fjárlagafrv., þar sem gert var ráð fyrir 16% lækkun á raungildi framkvæmdafjár. Samhliða hefur verið staðið gegn útfærslu í rekstri eftir því sem frekast er unnt.

Á þeim tíma, sem fjvn. hefur haft til að afgreiða fjárlagafrv., hefur ekki verið ráðrúm til að kanna sem þyrfti ýmsa þætti í rekstri ríkisins í því skyni að draga úr kostnaði, en nefndarmenn eru sammála um að þegar um hægist þurfi nefndin í heild eða undirnefnd að sinna því verkefni sérstaklega.

Þrátt fyrir að hækkun verðbótavísitölu 1. des. nemur 6.12%, en miðað er við 7.5% hækkun í fjárlagafrv., gerir meiri hl. fjvn. ekki tillögur um að gerð verði breyting á verðlagsforsendum við afgreiðslu frumvarpsins. Eru launaliðir af þessum orsökum 700 millj. kr. hærri og útgjöld vegna almannatrygginga 100 millj. kr. hærri en verðlagsgrundvöllur í desember gefur tilefni til.

Samkvæmt upplýsingum forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar, sem kom á fund fjvn. hinn 11. des., bendir endurskoðun áætlunar um óbreytta tekjustofna fjárlagafrv. til þess, að þeir skili ríkissjóði í heild um 1 500 millj. kr. lægri tekjum en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Í sambandi við setningu laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, sem samþykkt voru í nóvemberlok s. l., var af hálfu ríkisstjórnarinnar gert ráð fyrir lækkun á beinni skattheimtu í ríkissjóð til að koma til móts við niðurfellingu 2% verðbóta á laun. Jafnframt var gert ráð fyrir að niðurfellingu 3% af verðbótavísitölu yrði mætt með félagslegum ráðstöfunum, sem að nokkru leyti kæmu til útgjalda hjá ríkissjóði á næsta ári. Þá var enn fremur ákveðið að auka niðurgreiðslur um sem nemur ½% af verðbótavísitölu umfram áætlun í fjárlagafrumvarpi.

Til að ná þeim markmiðum að lækka beina skatta frá því, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., með breytingu á skattvísitölu og lækkun sjúkratryggingargjalds og að auka niðurgreiðslur, jafnframt því að tryggja stefnu fjárlagafrv. um hallalausan ríkisrekstur og niðurgreiðslur skulda, hafa nú verið flutt á Alþingi frumvörp sem varða tekjuhlið fjárlaga. Verða við 3. umræðu fluttar af hálfu meiri hl. fjvn. breytingartillögur við tekjuhlið fjárlagafrv. byggðar á þessum frumvörpum.

Vegna stjórnarskipta var frumvarp til fjárlaga ekki lagt fram á Alþingi fyrr en um mánaðamótin október—nóvember. Þar sem tíminn til afgreiðslu fjárlaga reynist jafnan knappur, þótt það sé lagt fram í upphafi þings, hóf fjvn. viðtöl við forstöðumenn ríkisstofnana þegar er nefndin hafði verið kosin. Nefndin hefur haldið 38 fundi auk fjölmargra funda í undirnefndum, sem hafa fjallað um einstaka þætti fjárlagafrv. Nefndinni hafa borist um 600 erindi og margir tugir aðila, forstöðumenn ríkisstofnana, sveitarstjórnarmenn og aðrir, hafa komið á fund nefndarinnar vegna umsókna um fjárveitingar.

Sú meginstefna ríkisstjórnarflokkanna að snúa við af braut hallarekstrar og skuldasöfnun ríkissjóðs hjá Seðlabankanum veldur því, að flestum óskum um viðbótarútgjöld hefur orðið að hafna og mikilvægar framkvæmdir eru skertar að raungildi. Helst hefur verið reynt að mæta brýnustu þörfum á að framlög til félagslegra málefna rýrni ekki. Áður en unnt er að sinna óskum um auknar framkvæmdir í mikilvægustu málaflokkum er óhjákvæmilegt að tryggja eðlilegra ástand í efnahagsmálum en ríkt hefur að undanförnu, draga úr óðaverðbólgu og bæta stöðu ríkissjóðs, en skuldasöfnun ríkissjóðs hin síðustu ár er ríkur þáttur í ófarnaðinum.

Fyrir 2. umræðu gerir nefndin tillögur um skiptingu svo til allra þátta verklegra framkvæmda. Málefni Orkusjóðs og Rafmagnsveitna ríkisins og annarra B-hlutafyrirtækja bíða 3. umræðu og lánsfjáráætlunar. Enn fremur bíða 3. umræðu ýmsar útgjaldaákvarðanir varðandi félagslegar aðgerðir í sambandi við efnahagsráðstafanirnar 1. des. svo og málefni lánasjóðs námsmanna, styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar, styrktarfé og ýmis eftirlaun o. fl.

Nefndin stendur sameiginlega að flutningi breytingartillagna á þskj. 168, en minni hl. nefndarinnar hefur óbundnar hendur um einstakar brtt. og áskilur sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Tillögur nefndarinnar um breytingar á gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins eru þessar:

Forsætisráðuneytið 01.

101 Gjöf Jóns Sigurðssonar: Liðurinn hækki um 1 283 þús. kr. og verði 5 072 þús. kr. eða sem nemur árslaunum prófessors.

Menntamálaráðuneytið 02.

203 Raunvísindastofnun háskólans, Eðlisfræðistofa: Laun hækki um 4 253 þús. kr. vegna launa lausráðins sérfræðings og gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 15 600 þús. kr., hvort tveggja vegna rannsókna og þróunar á örtölvutækjum til nota við helstu atvinnuvegi þjóðarinnar.

206 Orðabók háskólans: Önnur rekstrargjöld hækki um 2 000 þús. kr. til að koma seðlasafni á „microfilmur".

331 Íþróttakennaraskóli Íslands: Nýr liður, gjaldfærður stofnkostnaður 10 000 þús. kr.

352 Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 2 000 þús. kr. og verði 15 000 þús. kr.

353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja: Launaliðir hækki um 8 000 þús. kr. vegna öldungadeildar skólans. Gjaldfærður stofnkostnaður hækki og um 23 000 þús. kr. og verði 63 000 þús. kr.

354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 15 000 þús. kr. og verði 30 000 þús. kr.

506 Vélskóli Íslands: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 5 000 þús. kr. vegna tækjakaupa.

516 Iðnskólar almennt: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 40 000 þús. kr. og verði 103 000 þús. kr. Skipting á einstaka skóla er birt í sérstöku yfirliti í breytingartillögum nefndarinnar.

610 Héraðsskólar, almennt: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 13 000 þús. kr. og verði 182 000 þús. kr. Skipting á einstaka skóla er birt í sérstöku yfirliti í breytingartillögum nefndarinnar.

621 Skálholtsskóli: Gjaldfærður stofnkostnaður verði tekinn inn sem nýr liður, 3 000 þús. kr.

792 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra: Liðurinn hækki um 353 500 þús. kr. og verði 1 979 500 þús. kr. og skiptist eins og sýnt er í sundurliðun í breytingartillögum nefndarinnar.

793 Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn: Liðurinn hækki um 30 000 þús. kr. og skiptist eins og sýnt er í breytingartillögum nefndarinnar.

797 Stofnanir afbrigðilegra barna: Launaliður hækki um 2 500 þús. kr. vegna ráðningar tveggja sérkennara við Geðdeild Barnaspítala Hringsins við Dalbraut, Reykjavík.

799 Heyrnleysingjaskólinn: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 5 000 þús. kr. vegna tækjakaupa og verði 6 000 þús. kr.

803 Dagvistarheimili: Liðurinn hækki um 130 000 þús. kr. og verði 360 000 þús. kr. Skipting á einstakar framkvæmdir er sýnd í breytingartillögum nefndarinnar.

881 Náms- og fræðimenn, framlög: Liðurinn Félagsstofnun stúdenta hækki um 10 000 þús. kr. og verði 29 000 þús. kr. — Liðnum Styrkir til útgáfustarfa mun skipt af fjárveitinganefnd.

902 Þjóðminjasafn Íslands: Liðurinn Til sveitarfélaga hækkar um 3 450 þús. kr. og verður 20 450 þús. kr. Lið þessum hefur verið skipt af nefndinni í samráði við þjóðminjavörð. Liður 02 999 0122 Til varðveislu gamals verslunarhúss á Flateyri hefur verið fluttur á þennan fjárlagalið.

982 Listir, framlög: Liðurinn hækki samtals um 40 150 þús. kr. sem skiptist sem hér segir: Leikfélag Reykjavíkur 7 000 þús kr. Leikfélag Akureyrar 5 500 þús. kr. Leiklistarstarfsemi 11 000 þús. kr. Bandalag ísl. leikfélaga 1 000 þús. kr. Til höfundamiðstöðvar 600 þús. kr. Til lúðrasveita 250 þús. kr. Til annarrar tónlistarstarfsemi 1 000 þús. kr. Styrkir til myndlistarskóla 1 200 þús. kr. Til listasafna 500 þús. kr. Til myndlistarsýninga 100 þús. kr. Til listiðnaðarmála 50 þús. kr. Heiðurslaun listamanna 3 000 þús. kr. Listamannalaun 7 000 þús. kr. Til listkynningar 200 þús. kr. Til Bandalags ísl. listamanna 50 þús. kr. Til lista og menningarmála almennt 1 700 þús. kr. Síðastnefndu liðunum mun skipt af fjárveitinganefnd í samvinnu við menntamálaráðuneytið.

983 Ýmis vísindaleg starfsemi: Liðurinn Jöklarannsóknir og mælingar hækki um 200 þús. kr.

986 Íþróttasjóður: Rekstrarstyrkir o. fl. hækki um 6 000 þús. kr. — Til byggingar íþróttamannvirkja hækki um 75 000 þús. kr. og verði 322 640 þús. kr. Sundurliðun er í sérstöku yfirliti í breytingartillögum nefndarinnar.

988 Æskulýðsmál: Liðurinn hækki alls um 15 900 þús. kr. sem skiptist sem hér segir: Æskulýðsráð ríkisins hækki um 2 000 þús. kr. Æskulýðssamband Íslands sem til þessa hefur hlotið styrk frá Æskulýðsráði fái 1 500 þús. kr. fjárveitingu. Ungmennafélag Íslands hækki um 9 000 þús. kr. Bandalag ísl. skáta hækki um 1 000 þús. kr. Bandalag ísl. skáta vegna Úlfljótsvatns hækki um 500 þús. kr. Íslenskir ungtemplarar hækki um 850 þús. kr. K.F.U.M. og K.F.U.K., starfsstyrkir hækki um 500 þús kr. Starfsemi K.F.U.M. í Vatnaskógi hækki um 300 þús. kr. Starfsemi K.F.U.K. í Vindáshlíð hækki um 250 þús kr.

989 Ýmis íþróttamál: Liðurinn Íþróttasamband Íslands hækki um 30 000 þús. kr. Til íþróttamála fatlaðra hækki um 1 500 þús. kr. sem skiptist á hin ýmsu félög á landinu í samráði við fjárveitinganefnd.

999 Ýmislegt: Yfirfærslur hækki alls um 9 415 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna um einstaka aðila hvað varðar hækkanir á framlögum, flutning á aðra liði og orðalagsbreytingar. Viðfangsefnið Ýmis framlög eru styrkir sem fjárveitinganefnd og menntamálaráðuneytið veita til einstaklinga og samtaka.

Utanríkisráðuneytið 03.

401 Liðurinn tillag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, IDA, lækki um 20 520 þús. kr., enda er það reiknað í íslenskum gjaldmiðli, en var ofreiknað í fjárlagafrumvarpi með ólögðum gengismun. — Nýr liður verði tekinn upp Framlag til Háskóla Sameinuðu þjóðanna 33 200 þús. kr.

Landbúnaðarráðuneytið 04.

241 Landnám ríkisins: Framlag til fyrirtækja í B-hluta 25 000 þús. kr., viðfangsefni: Til grænfóðurverksmiðja, verði tekið upp.

286 Landbúnaður, framlög: Liðurinn Fyrirhleðslur hækki um 12 300 þús. kr. Liðurinn landþurrkun hækki um 2 700 þús. kr. og skiptast liðirnir eins og sýnt er í sérstöku yfirliti í breytingartillögum.

299 Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála: Styrkir til Félagasamtakanna Landverndar hækki um 350 þús. kr.

502 Bændaskólinn á Hólum. Liðurinn viðhald hækki um 7 500.

504 Bændaskólinn í Odda. Liðurinn falli niður.

Sjávarútvegsráðuneytið 05.

101 Aðalskrifstofa: Liðurinn Önnur rekstrargjöld hækki um 3 000 þús. kr., en um vanáætlun var að ræða í tillögum ráðuneytisins til fjárlaga. Tekinn verði upp Gjaldfærður stofnkostnaður er nemi 3 000 þús. kr.

299 Ýmislegt á sviði sjávarútvegs: Viðfangsefnið Sjóvinnunámskeið hækki um 1 300 þús. kr., Til skólabáta um 1 500 þús. kr. og nýtt viðfangsefni: Fiskvinnsluvélanámskeið 2 500 þús. kr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 06.

213 Sýslumaðurinn, Borgarnesi: Launaliður hækki um 4 253 þús. kr. vegna launa fulltrúa við yfirstjórn embættisins.

301 Þjóðkirkjan: Viðfangsefnið Til dómprófastsembættisins í Reykjavík hækki um 500 þús. kr. vegna launa aðstoðarmanns.

Félagsmálaráðuneytið 07.

271 Húsnæðismálastofnun ríkisins: Tekin verði upp nýr liður: Til einstaklinga og samtaka vegna viðfangsefnisins Byggingarþjónusta Ariktektafélags Íslands 3 000 þús. kr.

302 Embætti ríkissáttasemjara: Liðurinn lækki um alls 12 819 þús. kr., þ. e. laun um 10 872 þús. kr. vegna fulltrúa og skrifstofumanns allt árið og launa ríkissáttasemjara hálft árið og önnur rekstrargjöld um 1 947 þús. kr.

999 Ýmis framlög: Liðurinn hækki alls um 25 870 þús. kr. og einstakir liðir sem hér segir í þús. kr.: Félagið Heyrnarhjálp 500. Mæðrastyrksnefndir 270. Slysavarnarfélag Íslands 10 000. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra verði 10 500, en niður falli Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, eldspýtnagjald og liður IX. í 6. gr. frumvarpsins sem á við þennan lið. Neytendasamtökin hækki um 500. Upp verði tekið viðfangsefnið Leigjendasamtökin 200. Til sjómannastofa hækki um 1 500. Öryrkjabandalag Íslands hækki um 700, Ferlinefnd fatlaðra um 300, Blindrafélagið um 1 500, Sjálfsbjörg, landssamband lamaðra og fatlaðra, byggingarstyrkur, hækki um 3 500. Landssamtökin þroskahjálp hækki um 500. Nýr liður: Styrktarfélag vangefinna vegna norræns móts á Íslandi 1979 600. Foreldrasamtök barna með sérþarfir hækki um 200. Nýr liður: Íslensk réttarvernd 500.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 08.

371 Landspítalinn: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 168 000 þús. kr. vegna Geðdeildar spítalans.

381 Til sjúkrahúsa og læknisbústaða: Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, liðurinn hækki alls um 387 000 þús. kr. skv. sérstöku yfirliti í breytingartillögum nefndarinnar. Liðurinn 0310 Grensásdeild Borgarspítala, til byggingar endurhæfingarsundlaugar, sem er í fjárlagafrumvarpi sem sérstakt viðfangsefni, er felldur undir þennan lið.

339 Ýmis heilbrigðismál: Liðurinn hækki alls um 49 500 þús. kr. vegna eftirtalinna viðfangsefna: Hjartavernd um 10 000 þús. kr., Krabbameinsfélag Íslands um 12 500 þús. kr. Kostnaður skv. farsóttar- og sóttvarnarlögum hækki um 20 000 þús. kr., Sjúkraflug um 4 500 þús. kr. Nýr liður: Starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar læknis 2 500 þús. kr., þessi liður var í fjárlögum 1978.

481 Bindindisstarfsemi: Liðurinn hækki um 3 100 þús. kr. Áfengisvarnir hækki um 2 500 þús. kr. Templarahöllin, byggingarstyrkur, falli niður. Stórstúka Íslands hækki um 1 500 þús. kr.

Fjármálaráðuneytið 09.

999 Ýmislegt: Liðurinn Lífeyrissjóður bænda hækki um 70 000 þús. kr. Viðfangsefni 0122 breyti um heiti og verði Til eftirlauna aldraðra félaga í stéttarfélögum skv. lögum nr. 63/1971 og hækki um 51 500 þús. kr. — Taka ber fram að prentvilla er í fjárlagafrumvarpi í viðfangsefni 0141 Óviss útgjöld. Skal þar standa 160 000 þús. kr., en það breytir ekki heildartölu liðarins.

Samgönguráðuneytið 10.

211 Vegagerð: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 327 000 þús. kr. vegna nýbyggingar vega og brúa.

333 Hafnamál. Hafnarmannvirki og lendingabætur: Framlög hækki um 372 400 þús. kr. Ferjubryggjur: Framlög hækki um 8 900 þús. kr. Sjóvarnargarðar: Framlög hækki um 18 700 þús. kr. Sérstök yfirlit í breytingartillögum nefndarinnar sýna skiptingu á þessum liðum. Hafnarbótasjóður hækki um 44 700 þús. kr.

481 Flugbjörgunarsveitir, framlög: Liðurinn hækki um 400 þús. kr.

Iðnaðarráðuneytið 11.

201 Iðntæknistofnun Íslands: Gert er ráð fyrir að þessi stofnun, sem varð til við samruna Iðnþróunarstofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar iðnaðarins, fái fjölgun starfsmanna um þrjá sem munu annast færslur og almenna tækni- og rekstrarráðgjöf. Er lagt til að laun hækki vegna þessa um 15 781 þús. kr.

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: Lagt er til að nýr liður: 94 Til einstaklinga og samtaka 3 000 þús. kr., verði tekinn upp vegna viðfangsefnisins Byggingaþjónusta Arkitektafélags Íslands.

Viðskiptaráðuneytið 12.

201 Niðurgreiðslur á vöruverði: Liðurinn hækki um 865 900 þús. kr. þar af eru 115 900 þús. kr. ætlaðar sem mótframlag til Lífeyrissjóðs bænda.

Hagstofa Íslands 13.

101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa: Lagt er til að launaliður hækki um 20 000 þús. kr. vegna sérstakrar endurskoðunar á vísitölugrunninum.

6. gr.

Liður IX. Að heimila Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að greiða allt að 20 aurum af hverjum seldum eldspýtustokk til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, fellur niður. Sjá athugasemdir við lið 07 999.

Alþingi, 15. des. 1978.

Geir Gunnarsson, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson.	Alexander Stefánsson.
Helgi F. Seljan.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr., með fyrirvara.	Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.

Fyrirvari fulltrúa Alþýðuflokksins.

Fulltrúar Alþýðuflokksins í fjárveitinganefnd hafa tekið fullan þátt í störfum nefndarinnar og undirbúningi tillögugerðar til annarrar umræðu og eru aðilar að þeim ákvörðunum, sem nefndin hefur tekið í því sambandi. Fulltrúar Alþýðuflokksins eru að sjálfsögðu aðilar að því meirihlutasamstarfi, sem er í fjárveitinganefnd, og bera því jafna ábyrgð öðrum meirihlutamönnum í fjárveitinganefnd á þeim ákvörðunum, sem meiri hlutinn hefur lagt til að teknar yrðu.

Eins og fram hefur komið á Alþingi hefur Alþýðuflokkurinn nú kynnt ríkisstjórninni tillögur sínar í frumvarpi til laga um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum og samræmdar aðgerðir gegn verðbólgu. Segir í samþykkt flokksstjórnar Alþýðuflokksins um frumvarpið, að flokksstjórnin leggi áherslu á, að núverandi stjórnarflokkar afgreiði þær tillögur áður en fjárlagafrumvarp og lánsfjáráætlun verða afgreidd. Eru þessi mál nú til umfjöllunar í ríkisstjórninni, en tillögur Alþýðuflokksins í umræddu frumvarpi eru byggðar á greinargerð með frumvarpi til laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, sem ríkisstjórnin bar fram á Alþingi nú í haust, en þá greinargerð ber að skoða sem almenna stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á næsta ári.

Við, fulltrúar Alþýðuflokksins í fjárveitinganefnd, hefðum kosið, að unnt hefði verið að geyma 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið um skeið á meðan ríkisstjórnin og flokkar hennar fjalla um tillögu Alþýðuflokksins í efnahagsmálum, þannig að afgreiðsla ríkisstjórnarinnar hefði getað mótað fjárlagagerðina þegar við 2. umræðu. Á því er hins vegar ekki kostur sökum tímaskorts, enda ber á það að líta, að afgreiðsla fjárlaga og endanleg afstaða til þeirrar stefnumörkunar, sem í þeim felst, fer ekki fram fyrr en við atkvæðagreiðslu í lok 3. umræðu um fjárlagafrumvarpið. Fulltrúar Alþýðuflokksins í fjárveitinganefnd vilja ekki standa í vegi fyrir því, að 2. umræða geti farið fram, og koma þannig í veg fyrir, að þær tillögur fjárveitinganefndar, sem þegar hafa verið samþykktar til 2. umræðu, geti fengið þinglega meðferð. Hins vegar er ljóst, að sumar þær afgreiðslur, sem tillaga hefur verið gerð um, þarfnast endurskoðunar varðandi meðferð tillagna Alþýðuflokksins um ríkisfjármál o. fl., sem eru til meðferðar í ríkisstjórninni.

Alþingi, 15. des. 1978.

Sighvatur Björgvinsson, Bragi Sigurjónsson.

Ed. 202. Frumvarp til laga [133. mál]

um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. des.)

Samhljóða þskj. 160 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1979 skal ríkissjóður greiða framlag til Styrktarsjóðs vangefinna er nemur 10 kr. af hverjum lítra innlendrar framleiðslu sem fellur undir tollskrárnúmer 22.01.01, 22.02.01, 22.02.09, 22.03.01 og 22.03.09. Sjóðurinn er í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Framlagi ríkissjóðs skal varið til að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

Ed. **203. Frumvarp til laga** [23. mál]

um sérstakt tímabundið vörugjald.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. des.)

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 16% til og með 8. september 1978 en tímabilið 9. september 1978 til 31. desember 1979 skal greiða það í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 16% gjald til og með 31. desember 1978 es tímabilið frá og með 1. janúar 1979 til og með 31. desember 1979 greiðist 18% gjald:

03.01.11	11.02.32	19.08.02	22.03.01
04.06.00	11.04.00	19.08.03	22.03.09
04.07.00	11.05.01	19.08.04	22.10.00
05.13.00	11.05.09	19.08.09	25.01.01
06.02.01	11.08.01	20.01.00	27.08.20
06.02.09	11.08.02	20.02.02	29.04.50
06.04.01	11.08.03	20.02.03	30.03.44
06.04.09	11.08.09	20.02.04	30.05.00
07.02.00	11.09.00	20.02.05	34.07.00
07.03.00	13.03.03	20.02.06	36.02.00
07.04.00	17.01.10	20.02.07	36.04.00
07.06.00	17.01.21	20.02.08	38.14.00
08.01.50	17.01.22	20.02.09	38.17.00
08.01.60	17.01.25	20.03.00	38.19.31
08.01.79	17.01.26	20.04.00	38.19.32
08.03.00	17.02.01	20.05.01	38.19.35
08.04.21	17.02.02	20.05.02	39.01.25
08.04.22	17.02.03	20.05.03	39.01.35
08.10.00	17.02.09	20.05.09	39.01.44
08.11.00	17.03.02	20.06.10	39.01.45
08.12.01	17.03.09	20.06.20	39.01.54
08.12.02	17.04.01	20.07.11	39.01.69
08.12.03	17.04.03	20.07.19	39.01.79
08.12.09	17.04.04	20.07.20	39.01.89
08.13.00	17.04.05	20.07.30	39.01.96
09.03.00	17.04.06	20.07.40	39.02.16
09.04.00	17.04.09	20.07.50	39.02.24
09.05.00	18.06.04	20.07.60	39.02.37
09.06.00	18.06.05	20.07.70	39.02.45
09.07.00	18.06.06	21.07.04	39.02.46
09.08.00	18.06.09	21.07.05	39.02.48
09.09.00	19.02.09	21.07.06	39.02.52
09.10.10	19.03.00	21.07.07	39.02.62
09.10.20	19.04.01	21.07.08	39.02.63
11.01.23	19.04.09	21.07.11	39.02.65
11.01.24	19.05.00	21.07.12	39.02.67
11.01.25	19.07.01	21.07.19	39.02.73
11.02.10	19.07.02	22.01.01	39.02.94
11.02.29	19.07.09	22.02.01	39.03.14
11.02.31	19.08.01	22.02.09	39.03.35

39.03.55	48.21.52	70.18.00	76.06.09
39.03.83	58.01.10	70.20.20	76.07.00
39.04.09	58.01.20	70.20.32	76.10.01
39.05.09	58.02.10	73.10.12	76.11.00
39.06.29	58.02.20	73.10.13	76.12.00
39.07.12	58.02.30	73.10.21	76.15.10
39.07.36	58.02.40	73.13.51	76.15.20
39.07.39	58.02.50	73.17.00	76.16.04
39.07.49	58.02.60	73.18.19	76.16.13
39.07.64	58.02.70	73.18.22	76.16.15
39.07.65	58.02.80	73.18.29	77.02.00
39.07.73	58.02.90	73.20.02	77.04.20
39.07.74	58.03.00	73.20.03	78.05.00
39.07.78	59.02.10	73.20.09	78.06.09
40.08.02	59.06.02	73.23.02	79.04.00
40.09.09	59.08.01	73.24.00	79.06.01
40.11.10	59.10.00	73.25.01	79.06.02
40.11.20	59.11.02	73.25.09	79.06.03
40.11.40	59.11.09	73.26.00	79.06.05
40.11.50	59.12.09	73.27.01	79.06.09
40.11.61	59.15.00	73.27.02	80.05.00
40.11.69	62.05.01	73.27.09	80.06.02
40.12.00	62.05.04	73.29.02	82.01.09
40.13.01	62.05.05	73.29.09	82.02.00
40.14.06	62.05.07	73.32.00	82.03.10
40.14.08	65.01.00	73.33.00	82.03.20
41.06.00	65.02.00	73.34.01	82.03.30
42.03.03	65.07.00	73.34.09	82.04.00
42.05.03	66.01.00	73 35.09	82.05.00
42.06.00	66.02.00	73.36.11	82.08.00
44.03.42	66.03.00	73.36.12	82.09.01
44.03.49	68.03.00	73.36.13	82.09.02
44.04.10	68.04.00	73.36.14	82.12.01
44.04.20	68.06.00	73.36.20	82.12.09
44.09.23	68.07.00	73.36.30	82.13.01
44.09.29	68.08.09	73.38.11	82.13.09
44.13.11	68.10.01	73.38.12	82.14.00
44.13.19	68.12.01	73.38.19	82.15.00
44.22.09	68.12.02	73.38.23	83.01.01
44.25.09	68.14.00	73.38.29	83.04.00
45.02.00	68.16.01	73.40.47	83.06.09
45.03.09	69.04.00	73.40.56	83.08.00
45.04.02	69.05.00	74.07.09	83.11.00
48.05.10	69.07.00	74.08.00	83.13.04
48.05.49	69.08.00	74.10.00	84.06.39
48.07.31	69.09.00	74.15.00	84.06.70
48.07.45	69.10.00	74.16.00	84.08.31
48.07.46	69.11.00	74.17.00	84.08.39
48.10.00	69.12.00	74.18.10	84.08.41
48.11.00	70.11.00	74.18.20	84.08.49
48.12.00	70.12.00	74.19.06	84.08.60
48.13.00	70.14.02	75.04.00	84.09.00
48.15.31	70.15.00	75.06.02	84.10.10
48.15.32	70.16.00	75.06.03	84.10.20
48.21.10	70.17.09	76.03.01	84.10.39

84.10.49	84.51.31	85.02.00	85.25.10
84.10.50	84.51.39	85.03.09	85.25.20
84.10.69	84.52.10	85.05.00	85.25.30
84.11.19	84.52.20	85.06.11	85.26.10
84.11.29	84.52.30	85.06.19	85.26.20
84.11.30	84.52.40	85.06.20	85.26.30
84.11.49	84.53.10	85.06.31	85.27.00
84.12.00	84.53.20	85.06.39	85.28.00
84.13.09	84.53.30	85.06.40	87.01.10
84.15.10	84.53.40	85.06.50	87.01.39
84.15.20	84.53.50	85.07.03	87.04.09
84.15.31	84.53.60	85.07.04	87.06.09
84.15.32	84.54.10	85.08.00	87.07.11
84.15.41	84.54.20	85.09.00	87.07.19
84.15.42	84.55.10	85.10.09	87.07.20
84.17.10	84.55.21	85.12.10	87.13.01
84.18.12	84.55.29	85.12.21	87.13.09
84.18.13	84.55.30	85.12.29	87.14.29
84.18.21	84.56.10	85.12.41	87.14.31
84.18.22	84.56.20	85.12.49	87.14.39
84.18.29	84.56.40	85.12.53	90.01.01
84.18.31	84.58.00	85.12.54	90.01.09
84.18.39	84.59.20	85.12.55	90.03.00
84.19.10	84.59.50	85.12.56	90.04.09
84.19.21	84.59.82	85.12.57	90.05.00
84.19.31	84.59.89	85.12.59	90.06.00
84.22.19	84.59.91	85.12.61	90.08.11
84.22.21	84.61.03	85.12.69	90.08.19
84.22.29	84.61.04	85.12.70	90.08.21
84.22.39	84.61.09	85.15.20	90.08.29
84.22.41	84.61.12	85.15.25	90.08.31
84.22.49	84.61.13	85.15.30	90.08.39
84.22.50	84.61.14	85.15.35	90.09.01
84.22.69	84.61.15	85.15.40	90.09.09
84.22.79	84.61.19	85.15.59	90.10.10
84.23.10	84.62.00	85.16.00	90.10.20
84.23.21	84.63.03	85.17.01	90.10.39
84.23.22	84.63.04	85.17.09	90.11.00
84.23.29	84.63.05	85.19.12	90.12.00
84.23.30	84.63.06	85.19.14	90.13.00
84.23.40	84.63.07	85.19.15.	90.14.20
84.23.50	84.63.09	85.19.18	90.16.10
84.23.61	84.64.00	85.19.21	90.16.20
84.23.69	84.65.09	85.19.29	90.17.10
84.23.70	85.01.10	85.20.10	90.17.20
84.40.10	85.01.29	85.20.20	90.17.30
84.40.21	85.01.31	85.20.40	90.18.01
84.40.50	85.01.39	85.20.50	90.18.09
84.40.61	85.01.40	85.21.10	90.20.00
84.40.69	85.01.59	85.21.20	90.23.01
84.40.71	85.01.60	85.21.39	90.23.02
84.40.72	85.01.74	85.21.60	90.23.03
84.51.10	85.01.80	85.22.20	90.23.09
84.51.21	85.01.89	85.23.01	90.24.01
84.51.29	85.01.90	85.23.09	90.24.09

90.25.00	90.28.50	93.04.03	97.04.09
90.26.01	90.29.09	94.02.00	97.05.00
90.26.02	91.05.00	96.01.04	97.06.01
90.26.09	91.06.00	96.05.00	97.06.02
90.27.09	92.11.31	96.06.00	97.06.09
90.28.10	92.12.11	97.04.01	97.08.00
90.28.20	92.12.23	97.04.02	98.01.01
90.28.39	92.13.01	97.04.04	98.06.01
90.28.40	93.03.00		

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald:

27.10.82	44.28.95	75.06.09	87.14.49
27.11.11	44.28.99	76.16.19	90.07.29
27.11.19	45.04.09	80.06.09	90.07.39
27.11.20	46.02.03	82.09.09	91.02.00
27.11.30	46.02.09	82.11.01	91.03.00
32.10.00	46.03.09	82.11.09	91.04.00
32.13.20	48.07.59	83.01.02	91.07.00
33.06.01	48.14.01	83.01.05	91.08.00
33.06.02	48.14.02	83.01.09	91.09.00
33.06.03	48.14.03	83.02.03	91.10.00
33.06.04	48.14.09	83.02.09	91.11.00
33.06.05	48.15.20	83.03.09	92.01.00
33.06.06	48.15.39	83.05.09	92.02.00
33.06.07	48.21.29	84.06.31	92.03.09
33.06.08	48.21.39	84.06.32	92.04.01
33.06.11	48.21.69	84.06.33	92.04.09
33.06.12	55.03.01	84.06.40	92.05.00
33.06.19	59.06.09	84.06.51	92.06.00
34.05.03	65.04.00	84.06.52	92.07.01
34.05.09	65.06.09	84.06.53	92.07.09
35.03.09	67.01.00	84.06.61	92.08.00
36.01.00	67.02.00	84.06.62	92.10.00
36.05.00	67.03.00	84.06.69	92.11.10
36.08.00	67.04.00	84.25.11	92.11.20
37.01.09	68.10.09	84.25.19	92.11.39
37.02.02	68.12.09	84.25.51	92.11.40
37.02.09	68.13.09	85.07.02	92.12.19
37.03.09	68.16.09	85.07.09	92.12.21
37.04.00	69.14.00	85.12.30	92.12.29
37.05.09	70.13.00	85.13.10	92.13.09
37.07.01	70.14.03	85.13.20	93.01.00
38.11.10	70.14.09	85.14.10	93.02.00
38.11.20	70.19.00	85.14.20	93.04.04
38.11.30	70.20.39	85.15.19	93.04.05
38.11.40	70.21.09	85.15.60	93.04.09
38.11.50	71.13.01	85.15.79	93.05.00
38.19.49	71.13.09	85.15.81	93.06.00
39.07.30	71.14.09	85.15.82	93.07.10
39.07.99	71.15.00	85.15.89	93.07.22
40.14.19	71.16.00	87.10.00	93.07.29
40.16.09	73.40.59	87.12.09	95.05.00
42.05.09	74.19.09	87.14.10	95.08.09
44.02.00			

98.03.00	98.06.09	98.10.00	98.15.00
98.04.00	98.08.00	98.11.00	98.16.00
98.05.00	98.09.00	98.14.00	99.06.00

2. gr.

Hið sérstaka vörugjald skv. 1. gr. skal lagt á verksmiðjuverð innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru, sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi, og á tollverð innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum. Við vöruflokkun til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

Um hið sérstaka vörugjald skv. 1. gr. skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði eftirfarandi laga og reglugerða:

a. Að því er tekur til innlendrar framleiðslu skulu gilda ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða settra samkvæmt þeim.
b. Að því er tekur til innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

Við skil í ríkissjóð á hinu sérstaka vörugjaldi af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það sérstaka vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt við kaup á hráefnum og efnivörum til hinnar gjaldskyldu framleiðslu.

3. gr.

Hið hærra vörugjald sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 9. september 1978 skv. 1. gr. laga þessara skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 9. september 1978 og af innfluttum vörum sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 9. september 1978.

Hafi innflytjandi fyrir 9. september 1978 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu þess sérstaka vörugjalds sem skv. 1. gr. gildir til og með 7. september en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 20. september 1978.

Af vörum sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 9. september 1978 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga skal greiða hið hærra vörugjald sem skv. 1. gr. laga þessara skal gilda frá og með 9. september 1978, nema tollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir lok októbermánaðar.

Hið hækkaða vörugjald sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 1. janúar 1979 samkvæmt A-lið 1. gr. laga þessara skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 1. janúar 1979 og af innfluttum vörum sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 1. janúar 1979 eða ótollafgreiddar eru á þeim tíma, sbr. þó 5. málsgrein þessarar greinar.

Af vörum sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 1. janúar 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. laga nr. 20/1976 um tolskrá o. fl., skal greiða hið hækkaða vörugjald sem gilda skal skv. A-lið 1. gr. frá og með 1. janúar 1979 nema tollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir lok febrúarmánaðar.

Við tolafgreiðslu á vöru sem undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Þó skal við samræmingu tolls skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga eigi veita slíka undanþágu hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri sem tollur er færður til samræmis við. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal því í stað hins hærra vörugjalds

innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu vöru, sem tollur hefur verið lækkaður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild ber hið hærra vörugjald.

4. gr.

Óheimilt er að hækka vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds verð á birgðum vöru sem sérstakt vörugjald hefur ekki verið greitt af. Á sama hátt er óheimil hækkun verðs vörubirgða vegna hækkunar sérstaks vörugjalds.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál.

5. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilkynningarskyldu, gjaldstofn, gjaldskyldu, gjalddaga og aðra framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu, einnig að færa þær milli gjaldflokka skv. 1. gr. ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 49 20. maí 1977 um sérstakt tímabundið vörugjald og lög nr. 84 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum svo og V. kafla laga nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Sþ. 204. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1979.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd klofnaði um afgreiðslu málsins. Nefndin flytur þó sameiginlegar tillögur á þskj. 168 með fyrirvara af hálfu minni hlutans, þar sem hann áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Þegar þetta nefndarálit er skrifað, rúmum sólarhring áður en 2. umræða fjárlaga fer fram, hefur ríkisstjórnin enn ekki komið sér saman um tekjuöflunarleiðir vegna þeirra gífurlegu útgjalda, sem hún sjálf hefur stofnað til. Boðað hefur verið, að frumvörp muni liggja fyrir um tekjuöflun ríkissjóðs, þegar umræðan hefst, en þau frumvörp hafa ekki verið kynnt í fjárveitinganefnd. Þar er ekki við meiri hluta nefndarinnar að sakast, heldur ráðlausa ríkisstjórn.

Sá einstæði atburður hefur átt sér stað, að á sama tíma og ríkisstjórn og ráðherrar hennar hafa komið sér saman um afgreiðslu fjárlaga fyrir áramót í samræmi við þá meginstefnu sem í fjárlagafrv. felst, lýsir einn samstarfsflokkur ríkisstjórnarinnar, Alþýðuflokkurinn, yfir því, að hann leggi fram frumvarp til laga um jafnvægi í efnahagsmálum, sem gengur þvert á viðhorf hinna stjórnarflokkanna, og krefst þess, að það frumvarp verði afgreitt áður eða samhliða fjárlagafrumvarpinu.

Allt þetta hefur valdið algjörri óvissu og ringulreið varðandi fjárlagaumræðuna og 2. umræða reyndar ákveðin með 20 klukkustunda fyrirvara, sem er einsdæmi í þingsögunni.

Æðstu stjórn þessa lands er nú svo háttað, að efnahagsmálum er ráðið frá degi til dags, og þjóðin öll er vitni að tortryggni, hrossakaupum og hótunum stjórnarflokkanna hvers í annars garð. Efnahagsvandanum 1. desember s. l. var ýtt á undan sér og yfir á ríkissjóð. Nú er stefnt að 2. umræðu fjárlaga og afgreiðslu þeirra án þess að nokkuð liggi fyrir um hvernig endar náist saman. Það eina, sem þjóðin og stjórnarandstaðan fær vitneskju um, er að ágreiningur sé sá einn í ríkisstjórninni, hversu skattheimtan eigi að vera mikil. Skattpíning er lausnarorð stjórnarflokkanna allra — spurningin er eingöngu hvernig hún skuli framkvæmd.

Fjárveitinganefnd hélt sinn síðasta fund fyrir 2. umræðu á miðvikudag. Þá hafði verið gefinn ádráttur um að tekjuöflunarhugmyndir ríkisstjórnarinnar yrðu kynntar í nefndinni. Úr því varð ekki. Ráðherrar og forustumenn stjórnarflokkanna voru með allan hugann við það að klekkja hver á öðrum og virtu að vettugi þá þingræðislegu og siðferðislegu skyldu sína að veita upplýsingar um þær tekjur, sem fjárlögin eiga að byggjast á.

Nefndarálit minni hlutans er þessum annmörkum háð. Ljóst er þó, að þetta frumvarp og fjárlagaafgreiðslan hefur eftirfarandi megineinkenni:

1. Hlutfall útgjalda ríkissjóðs miðað við þjóðarframleiðslu stóreykst.
2. Fjármagnstilfærslur, einkum í formi niðurgreiðslna, eru margfalt meiri en nokkru sinni fyrr.
3. Skattheimta eykst gífurlega.
4. Verklegar framkvæmdir eru skornar niður.
5. Ríkisbáknið bólgnar enn og frumvarpið gerir ráð fyrir fjölmörgum nýjum stöðum hjá ríkinu.
6. Tekjuhalli er fyrirsjáanlegur, nema með enn nýjum skattaálögum.

Ljóst er að frumvarp þetta er verðbólgufrumvarp.

Til marks um útþenslu ríkisbáknsins má benda á það, að skv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar (Þjóðarbúskapurinn, 5. des. 1978, bls. 30) er gert ráð fyrir því, að ríkisútgjöldin hækki í 29% af þjóðarframleiðslu á þessu ári og 30% á árinu 1979, og eru ástæðurnar efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar í september og desember. Hins vegar hafði á undanförnum tveimur árum tekist að koma ríkisútgjöldunum niður í 27—28% af þjóðarframleiðslunni.

Segja má, að hvorki meiri hluti né minni hluti fjárveitinganefndar eigi auðvelt með að leggja fram nefndarálit. Öll hin stærri mál frumvarpsins og ríkisfjármálanna eru í algerri óvissu. Ríkisstjórnin hefur ýmist lofað eða boðað margvísleg útgjöld án þess að séð sé fyrir tekjum. Loforð eru gefin, en jafnharðan svikin. Lausnir eru boðaðar, sem fela í sér ný vandamál. Ýmis dæmi má nefna þessu til áréttingar:

Ríkisstjórnin ákvað að verja 2 milljörðum króna til viðbótar til verklegra framkvæmda. Enn vantar a. m. k. einn milljarð til að mæta þeim útgjöldum.

Ríkisstjórnin hefur lofað að lækka tekjuskatt um allt að 3 milljörðum króna. Þeirri skattalækkun á að mæta með því að hækka aðra skatta til jafns við lækkunina.

Ríkisstjórnin hefur lofað að lækka tekjuskatta um allt að 3 milljörðum króna, sér 3 verðbótastigum, en það jafngildir 5 milljarða króna útgjöldum úr ríkissjóði miðað við fyrri aðferðir við útreikninga niðurgreiðslna. Þetta mun verða efnt með eins milljarðs króna hækkun á fjárlögum. Engar upplýsingar liggja þó fyrir um, hvernig eigi að verja þeim milljarði, að undanskildum 130 milljónum kr. til dagvistarheimila.

Ríkisstjórninni er kunnugt um, að tekjuáætlun frumvarpsins er vanáætluð um 1.5 milljarð króna. Ekkert liggur fyrir um tekjuöflun þar á móti.

Ríkisstjórninni er kunnugt um þá staðreynd, að laun opinberra starfsmanna hækka um 3% 1. mars n. k. Fjárveitingu til þess, 1 300 millj. kr., er vísvitandi sleppt.

Enn er óafgreidd tekjuöflun vegna ýmissa hækkana, sem orðið hafa við meðferð fjárveitinganefndar, sem nú þegar nema 1 300—1 400 milljónum króna. Allt er óráðið með fjárveitingar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, ráðstöfun jöfnunargjalds, skerðingu Byggðasjóðs og afleiðingar tollalækkunar vegna EFTA-aðildar og samnings við EBE. Þessi mál verða því að bíða 3. umræðu, enn fremur málefni Pósts og síma, Rafmagnsveitna ríkisins, Orkusjóðs, skipting fjárveitinga til menntaskóla, eftirlaunagreiðslur og ýmis erindi, þar á meðal ráðstöfun á olíuprósentu og ákvörðun um olíustyrk.

Lánsfjáráætlun, sem átti að leggja fram í nóvember og lögð var fram á síðasta þingi við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins, hefur ekki enn séð dagsins ljós og mun væntanlega ekki sjást fyrr en afgreiðslu fjárlaga er lokið.

Óvissuþættir þessarar fjárlagaafgreiðslu eru því mýmargir. Á meðan vex ríkisbáknið og verðbólgan leikur lausum hala.

Flest þeirra vandamála, sem að framan eru talin, eru heimatilbúin. Þau eiga sér rætur í því einstæða stjórnarsamstarfi, sem Íslendingar hafa fengið að fylgjast með á undanförnum vikum. Ferill núverandi ríkisstjórnar á sér ekki hliðstæðu í íslenskri stjórnmálasögu. Eftir mikla kosningasigra og langvinnar stjórnarmyndunarviðræður gengu Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag í eina sæng með Framsóknarflokknum.

Nú mátti búast við gerbreyttri efnahagsstefnu, kjarasáttmála og „samningunum í gildi". Gengisfellingum væri ekki lengur beitt og skattar lækkaðir. Allt fór þetta á annan veg. Gengið var fellt um 15%, lagðir á eignar- og tekjuskattsaukar og kjarasamningar skertir. Í nýútkomnu riti Þjóðhagsstofnunar koma fram þær athyglisverðu upplýsingar, að laun allra launþega hafi hækkað um 33% frá áramótum í ár fram til septemberloka eftir aðgerðir núverandi ríkisstjórnar, en hefðu átt að hækka um 43%, ef samningar hefðu að fullu tekið gildi.

Allt voru þetta bráðabirgðaráðstafanir. Gífurlegum fjárhæðum var varið í niðurgreiðslur og lækun vísitölu 1. september, sem veldur hallarekstri í ríkisbúskapnum á árinu 1978 um 4—5 milljarða króna. Þetta reyndist þó hvergi nóg, og enn þurfti að grípa til bráðabirgðaráðstafana 1. desember s. l. til að eyða umsömdum vísitölustigum. Þær ráðstafanir verða ekki raktar ítarlega hér, svo stutt er síðan þær voru til umræðu. Rétt er þó að vekja athygli á tveim atriðum, sem hafa umtalsverð áhrif á fjárlagaafgreiðsluna.

Þremur prósentum í kaupi var eitt með loforði um félagslegar aðgerðir. Samkvæmt upplýsingum stjórnarsinna eiga þær að kosta ríkissjóð einn milljarð króna, eða fimm sinnum minna en það kostar ríkissjóð að greiða vísitöluna niður eftir fyrri aðferðum. Fyrir þetta sendi Verkamannasamband Íslands ríkisstjórninni þakkarbréf.

Tvö prósent kaups skyldu launþegar gefa eftir gegn lækkun tekjuskatts. Þetta er enn þá frumlegri aðferð til eyðingar vísitölustiga og lækkunar kaups. Tekjuskattar hafa ekki áhrif á vísitöluna. Þess vegna hækkaði vísitalan ekki þótt fjárlagafrumvarpið gerði ráð fyrir tvöföldun tekjuskattsins á næsta ári. Í stuttu máli: nú á vísitalan að standa í stað, þegar tekjuskattar hækka, en lækka þegar dregið er örlítið úr skattpíningunni. Fyrir þetta sendi Verkamannasamband Íslands ríkisstjórninni þakkarbréf.

Þetta mun þó reynast skammgóður vermir. Þrátt fyrir margendurteknar bráðabirgðaráðstafanir, 18 milljarða króna niðurgreiðslur, verulega kaupskerðingu, tvöföldun eignar- og tekjuskatta, niðurskurð verklegra framkvæmda og þakkarbréf frá Verkamannasambandinu fer verðbólgan naumast niður fyrir 40% á næsta ári. Og enn stendur ríkisstjórnin frammi fyrir óleystum vanda við afgreiðslu þessa fjárlagafrumvarps og aftur hinn 1. mars n. k. Ef hún lifir þá svo lengi.

Allt frá því núverandi stjórnarsamstarf hófst hafa farið fram hatrammar deilur milli stjórnarflokkanna innbyrðis. Í raun og veru virðist þeim fyrirmunað að ná samkomulagi í nokkru máli, nema eftir yfirlýsingar í ræðum eða dagblöðum,

með sérstökum bókunum í þingnefndum eða beinum hótunum. Ræður formanna þingflokka Alþýðuflokks og Alþýðubandalags við 1. umræðu fjárlaga báru þess glögg merki. Tillögur og umræður um skattamál, vaxtamál og landbúnaðarmál, svo eitthvað sé nefnt, eru með sama marki brenndar.

Fjárlagafrumvarpið var ekki lagt fram fyrr en löngu eftir þingbyrjun. Við 1. umræðu kom fram, að verulegur ágreiningur um gerð frumvarpsins hafði tafið framlagningu þess. Í athugasemdum með frumvarpinu koma fram fyrirvarar í 9 liðum og talsmenn stjórnarflokkanna boðuðu enn fleiri. Jafnvel fjármálaráðherra sjálfur hafði fyrirvara um ýmis atriði frumvarpsins.

Þeir fyrirvarar, sem taldir voru upp í athugasemdunum, voru eftirfarandi:

1. Aðferð við skattheimtu. Heildarupphæð skatta skyldi þó ekki vera lægri en allir þeir skattstofnar, sem fyrir voru, mundu gefa af sér og auk þess skattaukar, sértekjuskattar og „lúxusskattar", m. a. á hreinlætisvörur, sem lagðir voru á í september, eftir að núverandi ríkisstjórn kom til valda. — Um þennan fyrirvara hefur staðið illvígur styrr milli stjórnarflokkanna allt fram á þennan dag og ekki samkomulag um neitt nema þá stefnu að þyngja enn þá skattbyrðina á fólki.
2. Lögð skyldi sérstök áhersla á að lækka rekstrarkostnað ríkisins um 1 milljarð frá útgjaldaáformum skv. frumvarpinu. Ekkert hefur bólað á mótuðum tillögum í þessu efni, þótt samstaða sé um aðhald og sparnað á þessu sviði í fjárveitinganefnd.
3. Fyrirvari var um lækkun tolla skv. samningum við EFTA og EBE. Þessi tollalækkun hefur í för með sér tekjutap ríkissjóðs að upphæð 2 milljarða króna skv. nýrri áætlun, en var metinn 1 350 millj kr. í frumvarpinu. — Óljóst er enn, hvort þessi tollalækkun verður framkvæmd.
4. Stefnt var að 20% magnminnkun verklegra framkvæmda með frumvarpinu. Svigrúm var talið til þess að hækka fjárveitingu um 1 milljarð, ef verkast vildi. Fyrirvarar voru um þennan niðurskurð. Meiri hluti fjárveitinganefndar ákvað í samráði við ríkisstjórnina að hækka fjárveitingu til verklegra framkvæmda um 2 milljarða. Þetta var gert löngu áður en sást hvernig heildardæmi ríkissjóðs kæmi út, og verður niðurskurðurinn 12% að magni skv. því í A-hluta fjárlaga á sviði verklegra framkvæmda.
5. Fyrirvari var um ráðstöfun jöfnunargjalds, en ⅓ þess, 333 millj. kr., á skv. frumvarpinu að renna í ríkissjóð, en ekki til stuðnings iðnaði. Að auki renna 91 millj. kr. til þess að standa undir venjulegum útgjöldum ríkissjóðs. Gjaldið á að gefa 1 000 millj. kr. í tekjur og greiðist uppsafnaður söluskattur af því, samtals 500 millj. kr. Einungis 76 millj. kr. ættu þá að fara til iðnþróunar. Ekkert liggur fyrir enn, hvort þessi ráðstöfun verður endurskoðuð af stjórnarflokkunum.
6. Fyrirvari er um lánsfjáröflun til orkumála. Lánsfjáráætlun er ekki komin fram og ekkert vitað um stefnuna á þessu sviði.
7. Fyrirvari er um niðurgreiðslur á vöruverði. Nú hafa niðurgreiðslur verið auknar um sem svarar ½% vísitölulækkunar. Áætlað er að þetta kosti 750 millj. kr. umfram það sem ákveðið er í frumvarpinu. Skv. frumvarpinu er ákveðið að lækka niðurgreiðslur á næsta ári og létta þannig útgjöldum af ríkissjóði um 2 800 millj. kr. Engar upplýsingar fást um, hvenær þetta verður gert og ekki heldur hvernig né hvaða áhrif þetta hafi á verðlag.
8. Fyrirvari er um styrkja- og útflutningsbótakerfi landbúnaðarins. Fyrirheit eru í frumvarpinu um endurskoðun á styrkja- og útflutningsbótakerfi landbúnaðarins, en ekkert bólar á tillögum í þessu efni.
9. Fyrirvari er um, hversu há skattvísitala skuli vera á næsta ári. Skv. frumvarpinu átti hún að hækka um 43% frá árinu 1978. Laun hækka skv. athugasemdum frumvarpsins um 50 eða 51% á sama tíma. Með þessari beitingu skattvísitölu hefði álagning orðið 3 700 millj. kr. hærri á næsta ári. Innheimta þessa

sérstaka skatts af kaupmáttaraukningu launþega hefði numið 3 milljörðum króna 1979. Ef hverfa á að því að láta skattvísitöluna hækka jafnt og launatekjur hækka milli áranna þýðir það 3 000 millj. kr. lækkun á tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins.

Þegar þannig er staðið að framlagningu fjárlagafrumvarps og ákvörðunum um grundvallaratriði við fjárlagaafgreiðsluna af hálfu ríkisstjórnarinnar er örðugt, svo ekki sé meira sagt, fyrir fjárveitinganefndarmenn, bæði í meiri og minni hluta, að vinna að afgreiðslu málsins á þinglegan hátt. Slík vinnubrögð eru ósamboðin Alþingi og má raunar segja, að þau séu óþingræðisleg.

Með fjárlagafrumvarpinu er stefnt að hrikalegri hækkun skatta, einkum tekju- og eignarskatta. Áætlaðar tekjur af þessum sköttum hækka sem hér segir miðað við fjárlög í ár:

	Fjárl. 1978	Frv. 1979	%
Skattar einstaklinga	m. kr.	m. kr.	Hækkun
Eignarskattur	920	1 733	93.9%
Tekjuskattur	11 950	23 265	94.7%
Samtals	(12 870)	(24 998)	(94.2%)
Skattar á félög			
Eignarskattur	980	2 286	133.3%
Tekjuskattur	3 100	6 000	93.5%
Samtals	(4 080)	(8 286)	(103.0%)

Í þingræðum hefur komið fram, að ætlun stjórnarflokkanna er að gera skyldusparnaðinn að hátekjuskatti. Þetta þýðir að nálægt 70 kr. af hverjum 100 eru teknar af tekjum manna til sveitarfélaga og ríkis þegar komið er í hæsta skattþrep. Augljóst er að svo gífurleg skattheimta á tekjur dregur úr sjálfsbjargarviðleitni manna til vinnu og hvetur mjög til að komast undan svo gegndarlausri skattheimtu.

Þótt unnt sé að benda á dæmi þess erlendis, að slíkir jaðarskattar séu til, þá er á það að benda, að um er að ræða miklu hærri tekjur sem skattlagðar eru með þeim hætti þar en ætlunin er hér á landi.

Ekki eru þó öll kurl til grafar komin í skattaæði ríkisstjórnarinnar. Í greinargerð með efnahagsfrumvarpi hennar 1. des. segir, að ríkisstjórnin sé að athuga veltuskatt á ýmiss konar rekstur, fjárfestingarskatt og aukinn eignarskatt. Samt segir svo um stöðu atvinnuveganna í athugasemdum fjárlagafrumvarpsins: „Vegna slakrar afkomu fyrirtækja í mörgum atvinnugreinum að undanförnu er reiknað með að álagning tekjuskatta á félög aukist töluvert minna en sem nemur áætlaðri almennri veltubreytingu milli áranna 1977 og 1978."

Spyrja mætti, hvort ríkisstjórnin stefni vísvitandi að stöðvun fyrirtækja og atvinnuleysi með gegndarlausum álögum á atvinnureksturinn, sem hún hefur ýmist þegar beitt sér fyrir eða virðist stefna að.

Ofsköttun einstaklinga og atvinnurekstrar leiðir til minnkandi framtaks og atvinnu, minni þjóðartekna og versnandi lífskjara.

Ein af forsendum fjárlagafrumvarpsins var 20% magnminnkun verklegra framkvæmda við hafnir, skólabyggingar, heilsugæslustöðvar, nýbyggingu vega o. s. frv. Í framkvæmd gugnuðu stjórnarflokkarnir á svo miklum niðurskurði. Framlög til verklegra framkvæmda voru hækkuð frá frumvarpinu skv. tillögum þeirra um 2000 millj. kr., eins og fyrr segir. Niðurskurður verklegra framkvæmda verður því að magni til 12% miðað við fjárlög 1978, en þó er sennilegt að hann verði enn meiri í raun, þar sem verðbólgan er lágt áætluð í þeim útreikningum.

Engin tilraun er gerð til niðurskurðar á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs og ríkisstofnana, þrátt fyrir frómar óskir í athugasemdum frumvarpsins um 1000 millj. kr. niðurskurð, sem þó væri einungis 0.6% af rekstrarútgjöldum frumvarpsins (0.7% að frádregnum niðurgreiðslum).

Þetta er merkileg niðurskurðarstefna þegar höfð er í huga gagnrýni fulltrúa Alþýðuflokksins og Alþýðubandalagsins í fjárveitinganefnd á fyrra kjörtímabili. Háttvirtur þingmaður Sighvatur Björgvinsson sagði við afgreiðslu fjárlaga 1978: „Allt, sem ríkisbáknið þarf til framfærslu fyrir sjálft sig, er látið ósnert.“ Og um framkvæmdirnar sagði hann: „Með öðrum orðum: niðurskurðarstefnan, sem talað er um að fólgin sé í þessu frumvarpi, er fyrst og fremst á þessum sviðum (framlögum til skóla, hafna, sjúkrahúsa o. s. frv), að það eru skornar niður þær framkvæmdir og sú þjónusta þar sem fólkið fær áþreifanlega sönnun fyrir því að fjármunir, sem það leggur til sameiginlegra þarfa, komi að gagni.“

Sömu hugsun má finna í öllum sameiginlegum nefndarálitum fulltrúa þessara flokka um fjárlagafrumvörp hvert einasta ár á fyrra kjörtímabili. Þetta segir sína sögu um pólitíska ábyrgð í stjórn og stjórnarandstöðu. Ljóst er, að ákvarðanir þessara flokka um niðurskurð á fjármagni til verklegra framkvæmda nú sanna, að þeir hafa ákveðið að ganga lengra á þessari braut heldur en áður hefur verið gert og gera þannig fyrri gagnrýni sína um þessi efni að markleysu.

Mjög athyglisvert er, að fyrir fjárveitinganefnd liggur tillaga frá meiri hlutanum um að skerða framkvæmdamagn í nýbyggingu vega og brúa um 12% frá fyrra ári. Þetta er gert á sama tíma sem skattar á umferðina eru hækkaðir langt umfram verðbólgu og bensíngjald í Vegasjóð á að hækka um tæplega 68% eða rúmlega 3000 millj. kr. Framlag ríkissjóðs til Vegasjóðs, sem í fjárlögum 1978 var 1305 millj. kr., er skorið niður um tæpar 1000 millj. króna. Á sama tíma skila stórauknar álögur á umferðina vaxandi tekjum í ríkissjóð.

Beint framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs er í frumvarpinu skorið niður um þriðjung, ef mið er tekið af heildarútgjöldum fjárlagafrumvarpsins í fyrra og fjárlagafrumvarps nú. Lög sjóðsins eru beinlínis brotin og ráðstöfunarfé hans skorið niður um 1130 millj. kr., þótt reynt sé að klóra í bakkann með bókhaldskúnstum.

Það er athyglisverð byggðastefna sem fram kemur í þessum niðurskurði á öllum framangreindum sviðum: verklegum framkvæmdum við hafnir, skóla og sjúkrahús, vegagerð og framlögum til Byggðasjóðs. Í því sambandi má minna á, að fyrrverandi ríkisstjórn stórefldi Byggðasjóð og hefur hann reynst mikil lyftistöng atvinnulífs í byggðum landsins.

Rekstrarliðir ríkisbáknsins þenjast stöðugt út á kostnað fjárfestingarþáttanna. Þetta er nokkuð mismunandi milli einstakra stofnana. Lengst virðist gengið í hækkun rekstrarútgjalda í skrifstofum ráðherranna sjálfra, aðalskrifstofum ráðuneytanna, eða allt upp í 116% í einni skrifstofunni. Rekstur ríkisspítalanna hækkar um 75.4% eða um 4 760 millj. kr. Er þó gert ráð fyrir að velta sem svarar 940 millj. kr. af lyfjakostnaði og sérfræðiþjónustu yfir á herðar sjúklinganna sjálfra. Enn hefur ekki að fullu verið gert upp dæmið um fjölgun starfsmanna í þessum stofnunum. Fleiri dæmi verða ekki nefnd hér um þenslu rekstrarútgjalda hjá einstökum stofnunum. Er þó af nógu að taka.

Sérstök ástæða er til að minna á málefni Íþróttasjóðs.

Íþróttasjóður hefur tvíþættu hlutverki að gegna: Annars vegar að standa undir stofnkostnaðarhluta ríkissjóðs við byggingu íþróttamannvirkja og hins vegar að úthluta kennslustyrkjum til íþróttafélaga, eins og sjóðurinn hefur fé til, í samræmi við starfsskýrslur íþróttafélaganna.

Samkvæmt frumvarpinu var fjárveiting til Íþróttasjóðs óbreytt, eða 266 millj. kr. Þegar ákveðið var af ríkisstjórninni að verja 2 milljörðum króna til viðbótar til verklegra framkvæmda, ákvað meiri hluti fjárveitinganefndar, að 75 millj. kr. skyldu ganga til Íþróttasjóðs. Enn fremur hefur fjárveitinganefnd gert tillögu um 6 millj. kr. þar til viðbótar, þannig að samtals nemur framlag til Íþróttasjóðs 347 millj. kr., sem er 30.4% hækkun frá fjárlögum þessa árs. Þar af eiga 25 millj. kr. að ganga til kennslustyrkja.

Hér er vitaskuld um hlægilega lágar upphæðir að ræða, þegar þess er gætt, að fjárþörf sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar nemur ca. 600 millj. kr.,

þrátt fyrir verulegan niðurskurð á nýjum framkvæmdum. Kennslustyrkirnir verða svo lágir í hlut hvers íþróttafélags, að spurning fer að verða um, hvort það taki því að deila þeim út.

Þessi afgreiðsla er því dapurlegri þar sem fjármálaráðherra fór um það sérstökum orðum í fjárlagaræðu sinni, að efla þyrfti og styrkja íþróttastarfið í landinu.

Í fjárlagafrv. er ákveðið, að framlög ríkissjóðs til fjárfestingarlánasjóða skuli skorin niður um 10% eða 993 millj. kr. Í veigamiklum atriðum þýðir þetta, að lagðir eru nýir skattar á atvinnuvegina. Í ríkissjóð renna þannig 620 millj. af launaskatti í stað þess að launaskattur á að renna til Byggðasjóðs ríkisins. Lánsmöguleikar Húsnæðismálastofnunar ríkisins minnka, en ríkissjóður fær nýjan tekjustofn. Framlag til Byggingarsjóðs verkamanna er einnig skert í samræmi við þessa reglu, og er það í annað skipti sem þessi vinstri stjórn hefur skorið niður framlag til sjóðsins á nokkurra mánaða valdatíma sínum. Á sama tíma eru fluttar margar ræður af hálfu óbreyttra þingmanna í stuðningsliði ríkisstjórnarinnar um nauðsyn þess að efla þennan sjóð. Svo langt er gengið, að sjóðir á borð við Gæsluvistarsjóð og Bjargráðasjóð eru skornir niður með þessum hætti til þess að fá aukið fjármagn í ríkissjóðshítina.

Athygli vekur, að enn hefur ekki sést lagafrumvarp, hvað þá að samþykkt hafi verið lög, sem kveða á um þennan niðurskurð, en framlög til ýmissa af þessum sjóðum eru lögbundin. Hlutverki þeirra er því í vaxandi mæli velt yfir á herðar einstaklinga og sveitarfélaga.

Ráðstöfun þess hluta söluskatts, 1% af 20, sem lagt var á til þess að draga úr upphitunarkostnaði þeirra, sem kynda hús sín með olíu, og til þess að hraða nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar, hefur oft verið harðlega gagnrýnd af talsmönnum Alþýðubandalags og Alþýðuflokks. Tekjur af þessu olíugjaldi, sem svo hefur verið nefnt, eru nú áætlaðar 3 200 millj. kr. Skv. frumvarpinu er ætlunin að greiða einungis 680 millj. kr. í olíustyrk og hafa styrkinn óbreyttan í krónutölu til hvers íbúa, sem býr í olíuupphitaðri íbúð, 10 500 kr. Fram hefur komið hugmynd um að hækka þetta um 260 millj. kr. eða um 33%, sem auðvitað nær ekki verðlagshækkun. Þótt það yrði samþykkt, yrði heildarupphæð olíustyrks einungis 910 millj. kr. Áætlað er að verja 700 millj. kr. til jarðhitaleitar og hitaveituframkvæmda. Eftir standa 1 590 millj. kr. af olíugjaldinu, sem renna til ríkissjóðs, ef niðurstaðan verður þessi.

Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur gert nákvæma grein fyrir því, að fjárþörf sjóðsins, til þess að hann geti veitt lán til þess að brúa 85% af umframfjárþörf námsmanna, er 700 millj. kr. hærri en fjárframlög samtals í fjárlagafrumvarpi nema. Í útgjöldum er gert ráð fyrir rúmlega 2 230 millj. kr., auk lántöku að upphæð 400 millj. kr. Ef farið væri að fyrri tillögum núverandi hæstv. menntamálaráðherra Ragnar Arnalds um að fullnægja 100% umframfjárþörf, yrði fjárvöntunin a. m. k. 1 200 millj. kr. Námsmenn leggja einnig mikla áherslu á, að tekið sé tillit til framfærslukostnaðar barna, sem þeir hafa á framfæri, en til þess þyrfti að auki 200 millj. kr. Skv. þeim upplýsingum, sem fram hafa komið í fjárveitinganefnd, er er einungis ætlunin að auka framlag til lánasjóðsins með því að ábyrgjast honum 700 millj. kr. lán í viðbót við þá lánsheimild, sem fyrir er í frumvarpinu. Lántökur til sjóðsins yrðu því 33.3% af heildarframlögum, sem er meira en tvöfalt hærra hlutfall en áður. Ekki verður veitt fé til þess að hægt sé að taka tillit til barna á framfæri og þaðan af síður farið eftir tillögum hæstvirts núverandi menntamálaráðherra á Alþingi, þegar hann var í stjórnarandstöðu, ef afgreiðslan verður með þessum hætti.

Framangreind dæmi um óraunsæi og vanáætlun í útgjöldum og tilhneigingu ríkisstjórnarinnar til þess að krækja í einn milljarð þar og einn hér sýna, hvert er nú stefnt með fjárlagaafgreiðslu. Auk ofsköttunar á almenning og atvinnurekstur er seilst í skatta, sem áður gengu til ýmissa félagslegra verkefna, eins og t. d. íbúðabygginga. Þrengt er að einstaklingunum og sveitarfélögunum, bæði með beinni

skerðingu skattstofna og með því að ofbjóða gjaldþoli þegnanna með sköttum í ríkissjóð.

Sömu óraunsæju vinnubrögðin eru viðhöfð við undirbúning og afgreiðslu þessara fjárlaga og 1974, en þá var vinstri stjórn við völd. Þá var ákveðið að lækka niðurgreiðslur á árinu 1974 um 500 millj. kr. og þannig skilinn eftir óleystur vandi, sem frestað var að leysa við fjárlagaafgreiðsluna. Enn fremur voru þá umsamdar launahækkanir á fjárlagaárinu ekki teknar með til útgjalda. Nú er hið sama uppi á teningunum. Frestað er til næsta árs þeim vanda að lækka útgjöld til niðurgreiðslna um 2800 millj. Betur að ekki fari svo, að ríkisstjórnin grípi til meiri niðurgreiðslna 1979, eins og gerðist 1974. Í gildandi fjárlögum var áætlað fyrir samningsbundnum launahækkunum og verðbótahækkunum að auki, miðað við ákveðnar forsendur. Þetta er nauðsynleg forsenda þess, að hægt sé með góðu móti að hafa eftirlit með þessum greiðslum og nota fjárlögin þannig sem eftirlits- og stjórnunartæki. Þessu er ekki að heilsa núna. Meira að segja er ekki áætlað fyrir 1 300 millj. kr. útgjöldum vegna samningsbundinna 3% launahækkunar ríkisstarfsmanna 1. mars n. k., eins og áður segir. Samtals er hér í raun um vanáætlun útgjalda að ræða um 4.2 milljarða, ef raunsætt væri staðið að fjárlagaafgreiðslunnni.

Ef fara ætti hliðstætt að um fjárlagaafgreiðslu fyrir 1979 og gert var fyrir yfirstandandi ár, ætti að áætla fyrir útgjöldum sem verða á árinu 1979 vegna ákvæða um vísitölubindingu launa og bóta almannatrygginga. Sú upphæð nemur rúmlega 9 milljörðum króna, ef verðlag hækkar um 5% á þriggja mánaða fresti, eins og gengið var út frá í efnahagsráðstöfunum 1. desember.

Undanfarin ár hefur náðst sá árangur með bættum vinnubrögðum við fjárlagagerð, þrátt fyrir mikla verðbólgu, að minnkað hefur það bil sem er milli ríkisreiknings og fjárlaga. Þróunin hefur verið sem hér segir:

	Útgj. fjárl. m.kr.	Ríkisreikn. m.kr.	hækkun
1974	29.4	40.3	37.1%
1975	47.2	57.4	21.6%
1976	58.9	68.4	16.1%
1977	89.2	98.3	10.2%

Því miður eru horfur á, að nú sæki í hið fyrra horf að þessu leyti og fjárlögin verði því verra tæki til þess að stjórna ríkisfjármálunum en verið hefur.

Öll er meðferð og afgreiðsla þessa fjárlagafrumvarps með endemum. Óvissa hefur verið um það fram á síðustu stundu, hvort eða hvenær 2. umræða fari fram. Umræðan er að lokum ákveðin á síðustu stundu og þá á laugardegi. Einn stjórnarflokkanna hefur allsherjar fyrirvara um stuðning við frumvarpið.

Tekjuöflunarfrumvörp eru ekki sýnd í fjárveitinganefnd. Milljarða og aftur milljarða vantar upp á til að enda náist saman.

Stefnt er að gífurlegri skattheimtu, engin tilraun er gerð til að draga úr ríkisbákninu og mýmörgum viðamiklum útgjaldaliðum er slegið á frest vegna ósamkomulags innan ríkisstjórnarinnar.

Enginn veit, hver örlög þessa fjárlagafrumvarps verða. En frumvarpið og meðferð þess á þingi verður óbrotgjarn minnisvarði um stjórnarsamstarf, sem þjóðinni verður því meiri ráðgáta sem lengra líður.

Alþingi, 15. des. 1978.

Lárus Jónsson. Pálmi Jónsson. Ellert B. Schram.

Ed. 205. Lög [99. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.)

Samhljóða þskj. 110.

Ed. 206. Frumvarp til laga [131. mál]

um breytingu á lögum nr. 8 frá 27. febr. 1976, um flugvallagjald.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. des.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal sérstakt gjald, flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa. Frá og með 1. janúar 1980 skal tekjum af gjaldi þessu varið til eflingar flugmála.

2. gr.

1. mgr. laganna orðist svo:

Flugvallagjald skal vera 5 500 kr. fyrir hvern farþega, sem ferðast frá Íslandi til annarra landa, þó 2 750 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Um ferðir til Færeyja og Grænlands gilda þó ákvæði 3. gr.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Flugfélög þau, sem annast flutning farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, skulu greiða í ríkissjóð gjald, er nemi 400 kr. á hvern farþega, er ferðast á þeim leiðum og eldri er en 12 ára. Fyrir farþega á aldrinum 2—12 ára skal greiða hálft gjald. Fyrir farþega yngri en tveggja ára skal ekkert gjald greiða. Einungis skal greitt eitt gjald þó millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar, vegna flugáætlunar og hún varir ekki lengur en sex klukkustundir. Heimilt er að hækka verð farmiða sem gjaldinu nemur. Sé sú heimild notuð skal sú hækkun ósérgreind í verði miðans.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Nd. 207. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til laga um niðurfærslu vöruverðs og verðbótavísitölu í september 1978.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins munu gefa út sérstakt nefndarálit, en aðrir nefndarmenn vilja samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1978.

Lúðvík Jósepsson, form., frsm.
Halldór E. Sigurðsson, fundaskr.
Vilmundur Gylfason.
Finnur Torfi Stefánsson.
Kjartan Ólafsson.

Nd. 208. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til laga um niðurfærslu vöruverðs og verðbótavísitölu í september 1978.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar frá 1. sept. s. l.

Ákvæði frumvarpsins hafa þegar verið framkvæmd á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Er því við hæfi að stjórnarflokkarnir standi einir að staðfestingu bráðabirgðalaganna.

Alþingi, 16. des. 1978.

Ólafur G. Einarsson, frsm. Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 209. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., sbr. lög nr. 69/1967.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 16. des. 1978.

Lúðvík Jósepsson, form., frsm. Halldór E. Sigurðsson, fundaskr. Vilmundur Gylfason.

Kjartan Ólafsson. Finnur Torfi Stefánsson. Ólafur G. Einarsson, með fyrirvara.

Matthías Á. Mathiesen, með fyrirvara.

Sþ. 210. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1979 og við brtt. á þskj. 168.

I. Frá *Jósef H. Þorgeirssyni* og *Friðjóni Þórðarsyni*. Þús. kr.
Við brtt 168.7. — Við 4. gr. 02 354 Fjölbrautarskólinn á Akranesi 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „30 000“ kemur 50 000

II. Frá *fjárveitinganefnd*.
Við brtt. 168,81,b,21. — Við 4. gr. 04 286 0103 Fyrirhleðslur.
Í stað „Austurá“ kemur (leiðrétting): Miðfjarðará.

III. Frá *Friðjóni Þórðarsyni* og *Jósef H. Þorgeirssyni*.
Við 4. gr. 08 381 0305 Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi, byggingarstyrkur.
Fyrir „5 000“ kemur 10 000

IV. Frá *Friðjóni Þórðarsyni.* Þús. kr.

Við brtt. 168,122,b,3. — Við 4. gr. 10 333 0103 Hafnarmannvirki og lendingarbætur. Nýr liður.

4. Stykkishólmur 65 000

Samtala liðarins breytist samkvæmt því.

Sþ. 211. Breytingartillaga [54. mál]

við brtt. á þskj. 168 [Fjárlög 1979].

Frá Matthíasi Bjarnasyni, Kjartani Ólafssyni og Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Þús. kr.

Við 109. tölul. — Við 4. gr. 08 381 0301 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en sjúkrahúsa.

a. Fyrir „1 845 000“ kemur 1 857 000
b. 12. Hólmavík. Fyrir „3 000“ kemur 15 000

Ed. 212. Breytingartillaga [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á leiklistarlögum, nr. 33 12. maí 1977.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Við frv. bætist ný grein (verður 2. gr.):
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 213. Frumvarp til laga [145. mál]

um breyting á lögum nr. 70 31. desember 1977, sbr. lög nr. 9 12. apríl 1977 og lög nr. 95 31. desember 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 70/1977 orðist svo:

1. Á árinu 1979 skulu skattstjórar leggja á sjúkratryggingagjald.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1979, skv. 1., 2. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 8 18. maí 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, þó að frádregnum:
   a. bótum samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971 með síðari breytingum;
   b. námsfrádrætti er skattstjóri ákveður vegna þeirra er stunda nám í a. m. k. sex mánuði á árinu;
   c. lækkunum skattgjaldstekna er skattstjóri ákveður samkvæmt 52. gr. laga nr. 68 15. júní 1971 með síðari breytingum;
   d. í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkvæmt a-lið þessa töluliðs, skal draga frá hjá þeim einstaklingum, sem nutu elli- og örorkulífeyris á árinu 1978 450 000 kr. og hjá hjónum 750 000 kr.

3. Skal gjaldið vera 1.5% af fyrstu 3 450 000 kr. af gjaldstofni en 2% af því sem umfram er hjá einstaklingi og hjónum telji þau fram hvort í sínu lagi. Hjá hjónum, sem samsköttuð eru, skal gjaldið vera 1.5% af fyrstu 4 600 000 kr. af gjaldstofni en 2% af því sem umfram er.

   Sjúkratryggingagjald skal álagt í heilum hundruðum króna þannig að lægri fjárhæð en 100 krónum skal sleppt.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt samkvæmt lögum nr. 68 15. júní 1971, með síðari breytingum.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í 1.-4. tl. þessa ákvæðis, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir því að á árinu 1979 verði lagt á sjúkratryggingagjald með sama hætti og gert var á grundvelli ákvæða laga nr. 70/1977 á árinu 1978. Er í fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir að álagt gjald muni nema um 6 350 m.kr. er gæfi 5 600 m.kr. í innheimtar tekjur ríkissjóðs.

Með 2. gr. laga nr. 103/1978 er gefið vilyrði um að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir lagasetningu er feli í sér lækkun skatta og gjalda af lágtekjufólki sem metnar eru 2% af verðbótavísitölu þeirri sem gildir fram að 1. desember 1978 og þá miðað við skattalækkun frá forsendum fjárlagafrumvarps. Tillögur ríkisstjórnarinnar um skattalækkun þessa eru tvíþættar. Annars vegar er lagt til að skattvísitala hækki frá því sem ráð var fyrir gert í fjárlagafrumvarpinu en hins vegar er lagt til að sjúkratryggingagjald lækki og felst sú lækkun í lagafrumvarpi þessu. Til að tryggja að lækkun sjúkratryggingagjalds komi lágtekjufólki og þeim er hafa lágar miðlungstekjur fyrst og fremst til góða er lagt til að sjúkratryggingagjald verði stighækkandi, þannig að 1.5% leggist á gjaldstofn hjá einstaklingum allt að 3 450 þús. kr. en á gjaldstofn hjóna allt að 4 600 þús. kr. Af gjaldstofni umfram fyrrgreind mörk verði gjaldið 2% en hingað til hefur það numið 2% af öllum gjaldstofninum. Auk þess er lagt til í frumvarpi til laga um breyting á tekjuskattslögum, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, að ónýttur persónuafsláttur gangi til greiðslu sjúkratryggingagjalds áður en hann gengur til greiðslu útsvars. Er það ákvæði nýmæli í lögum. Ætla má að þessar breytingar rýri innheimtar tekjur ríkissjóðs af sjúkratryggingagjaldi um 1 450 milljónir króna frá því sem áætlað var í fjárlagafrumvarpi, þannig að tekjur ríkissjóðs af gjaldinu verði 4 150 m.kr. í stað 5 600 m.kr. sem áætlað var. Af þessum 1 450 m.kr. ganga 1 250 m.kr. til lækkunar gjaldhlutfalls á lágtekjur en 200 m.kr. ganga til þess að láta ónýttan persónuafslátt mæta sjúkratryggingagjaldi.

Sþ. 214. Þingsályktun [96. mál]

um endurskoðun laga um þingsköp Alþingis.

(Afgreidd frá Sþ. 16. des.)

Ályktunin samhljóða þskj. 117.

Ed. 215. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um biðlaun alþingismanna.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir leggja til að frv. verði samþ. óbreytt, en aðrir nefndarmenn munu skila sér áliti.

Alþingi, 18. des. 1978.

Jón Helgason, form., frsm. Geir Gunnarsson, Jón G. Sólnes.

Ed. 216. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um biðlaun alþingismanna.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl., Eyjólfur K. Jónsson, Karl Steinar Guðnason og Ágúst Einarsson, leggur til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 18. des. 1978.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Ágúst Einarsson, Karl Steinar Guðnason.

Nd. 217. Breytingartillaga [39. mál]

við frv. til l. um kjaramál.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við 8. gr. Við 2. málsgr. bætist:

Eignarskattsauki samkv. þessari grein skal einnig lækkaður um sömu fjárhæð hjá þeim einstaklingum, sem á skattárinu 1977 höfðu lægri vergar tekjur til skatts en 1 400 000 kr. miðað við einstakling og 1 800 000 kr. miðað við samsköttuð hjón, eða sambúðarfólk, enda hafi skattþegn ekki átt yfir 12 millj. kr. skuldlausa eign, ef um einstakling er að ræða, eða 18 millj. kr. skuldlausa eign, ef um samsköttuð hjón eða sambúðarfólk er að ræða.

Ed. 218. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um biðlaun alþingismanna.

Frá 3 minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið er í núverandi mynd í ósamræmi við þær reglur sem gilda um opinbera starfsmenn og reglur um þingfararkaup. Til lagfæringar er flutt breytingartillaga á sérstöku þingskjali og verður gerð nánari grein fyrir henni og áliti minni hlutans í framsögu.

Alþingi, 18. des. 1978.

Ólafur Ragnar Grímsson,
fundaskr.

Ed. 219. Breytingartillaga [91. mál]

um frv. til l. um biðlaun alþingismanna.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. gr. orðist svo:
Alþingismaður, sem setið hefur á Alþingi eitt kjörtímabil eða lengur, á rétt á biðlaunum sem miðist við reglur um þingfararkaup. Biðlaun skal greiða í þrjá mánuði.

Ed. 220. Breytingartillaga [23. mál]

við frv. til laga um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá Eyjólfi K. Jónssyni, Jóni G. Sólnes, Ragnhildi Helgadóttur, Oddi Ólafssyni, Guðmundi Karlssyni og Þorvaldi Garðari Kristjánssyni.

Eftirtalin númer falli brott úr upptalningu í B-lið 1. gr.:

92.01.00	92.04.01	92.06.00	92.08.00
92.02.00	92.04.09	92.07.01	92.10.00
92.03.09	92.05.00	92.07.09	

Ed. **221. Frumvarp til laga** [39. mál]

um kjaramál.

(Eftir 3. umr. í Nd., 18. des.)

Samhljóða þskj. 42 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Eignarskattsauki skal lagður á álagðan eignarskatt gjaldársins 1978 (skattársins 1977) skv. 26. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 63/1977 um breyting á þeim lögum, og ákvarðast hann þannig:

a. 50% af álögðum eignarskatti á menn, sbr. 1. tl. 26. gr. greindra laga.
b. 100% af álögðum eignarskatti á innlend og erlend félög og aðra skattskylda aðila, sbr. 2. tl. 26. gr. greindra laga.

Hjá þeim mönnum, sem náð höfðu 67 ára aldri fyrir 1. janúar 1978 eða áttu rétt til örorkulífeyris á árinu 1977, skal álagður eignarskattsauki skv. a-lið 1. mgr. lækkaður um 16 000 kr. hjá einstaklingi og um 24 000 kr. hjá hjónum.

Eignarskattsauki samkvæmt þessari grein skal einnig lækkaður um sömu fjárhæð hjá þeim einstaklingum, sem á skattárinu 1977 höfðu lægri vergar tekjur til skatts en 1 400 000 miðað við einstakling og 1 800 000 kr. miðað við samsköttuð hjón, eða sambúðarfólk, enda hafi skattþegn ekki átt yfir 12 millj. kr. skuldlausa eign, ef um einstakling er að ræða, eða 18 millj. kr. skuldlausa eign, ef um samsköttuð hjón eða sambúðarfólk er að ræða.

Eignarskattsauki skal vera frádráttarbær frá tekjum á sama hátt og eignarskattur.

9. gr. hljóðar svo:

Á árinu 1978 skal lagður sérstakur tekjuskattur á alla menn, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, sem hér segir:

a. Einstaklinga: 6% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 2 800 000 kr., auk 220 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr 3/1978.
b. Samsköttuð hjón og karl og kona sem búa saman í óvígðri sambúð, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 6% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 3 700 000 kr., auk 220 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.
c. Hjón, sem telja fram hvort í sínu lagi: 6% af skattgjaldstekjum hvors um sig á skattárinu 1977 að frádregnum 2 220 000 kr. hjá hvoru, auk 110 000 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.

Áður en skattur er ákvarðaður samkvæmt þessari grein skulu skattgjaldstekjur manna skv. 1. mgr., sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, lækkaður um hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi þegar frá þeim hreinu tekjum hefur verið dregin sú upphæð sem ætla má að reiknuð laun þessara manna hefðu numið, miðað við vinnuframlag þeirra, ef þeir hefðu unnið starfið í þágu óskylds aðila, eða hækkaðar um rekstrartöp af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi á skattárinu 1977 að viðbættri upphæð reiknaðra launa þessara manna svo og um yfirfærð rekstrartöp frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

Við ákvörðun á reiknuðum launum skv. 2. mgr. fyrir framlagða vinnu við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal farið eftir viðmiðunarreglum þeim

sem settar hafa verið vegna gjaldársins 1978 á grundvelli ákvæða 2. gr. reglugerðar nr. 336/1976.

Nemi munur vergra tekna til skatts og skattgjaldstekna hærri fjárhæð en 532 500 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna sem telja hvort í sínu lagi, en 798 700 kr. hjá samsköttuðum hjónum, skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt stafliðum a., b. og c. um þá fjárhæð sem munurinn er umfram þessar fjárhæðir, eftir því sem við á, og reiknast þá sérstaki tekjuskatturinn af þessum upphækkuðu skattgjaldstekjum, sbr. staflið a., b. og c.

Hjá skattþegum, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal, áður en ákvæðum 4. mgr. er beitt, hækka vergar tekjur til skatts um upphæð reiknaðra launa skv. 2. og 3. mgr. að frádregnum hreinum tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Þessi sérstaki tekjuskattur er ekki frádráttarbær frá tekjum.

10. gr. hljóðar svo:

Á árinu 1978 skal leggja sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skattþegna, ákveðnar samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Tekjur manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum ákveðast sem hér greinir: Hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skattárið 1977, að viðbættum öllum fyrningum sem gjaldfærðar hafa verið samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum við ákvörðun þessara hreinu tekna, en að frádregnum reiknuðum launum, sbr. 9. gr., svo og yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

   Sé um að ræða rekstrartap á skattárinu 1977 telst stofninn vera gjaldfærðar fyrningar á skattárinu 1977 samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, að frádregnum reiknuðum launum, sbr. 9. gr., svo og að frádregnu rekstrartapi skattársins 1977, og að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

   Fella skal niður skatt samkvæmt þessum tölulið nái hann ekki 15 000 kr.
2. Tekjur þeirra sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum ákveðast sem hér greinir:

   Hreinar tekjur þessara aðila skattárið 1977, að viðbættum öllum fyrningum sem gjaldfærðar hafa verið samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum við ákvörðun þessara hreinu tekna, en að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. greinar greindra laga. Við ákvörðun hreinna tekna þessara aðila skal þó eigi telja með skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 9. gr. greindra laga og til frádráttar frá hreinum tekjum skal einungis tekið tillit til ákvæða 6. mgr. 17. gr. greindra laga.

   Sé um að ræða rekstrartap á skattárinu 1977 telst stofninn vera gjaldfærðar fyrningar á skattárinu 1977 samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, að frádregnu rekstrartapi skattársins 1977, sem ákvarðast án tillits til ákvæða 9. gr. og 17. gr. greindra laga, að undantekinni 6. mgr. 17. gr., svo og að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.
3. Hafi skattþegn, sem hefur með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eigi talið fram til tekjuskatts á gjaldárinu 1978 ber skattstjóra að áætla tekjur hans til þessa sérstaka skatts, að viðbættum viðurlögum er ákvarðast í samræmi við ákvæði VII kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

   Þessi sérstaki skattur skal nema 6% af tekjum eins og þær eru ákvarðaðar skv. 1.—3. tl. 1. mgr. þessarar greinar.

   Þessi sérstaki skattur er ekki frádráttarbær frá tekjum.

Ed. 222. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á leiklistarlögum, nr. 33 12. maí 1977.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. des.)

1. gr.

Liður IV. í 2. gr. laganna orðist svo: Til leiklistarstarfsemi áhugaleikfélaga.
Nýr liður (verður VI. liður) orðist svo: Til annarrar leiklistarstarfsemi.
Við 2. gr. laganna bætist nýr liður: Til óperustarfsemi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 223. Frumvarp til laga [146. mál]

um ábyrgðarheimildir og heimild til lántöku vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán er Akureyrarbær tekur að fjárhæð allt að 4 800 m.kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á hitaveitufram kvæmdum. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana og vaxta og annars kostnaðar.

2. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast allt að 230 m.kr. lán fyrir Lánasjóð íslenskra námsmanna á árinu 1978. Heimild þessi komi til viðbótar ábyrgðarheimild í lið LXXV í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1978.

3. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1978 er nemi allt að 4 000 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til að afla nauðsynlegra heimilda til lántöku vegna ársins 1978 vegna breytinga er gerðar hafa verið á lánsfjáráætlun. Í frumvarpinu er einnig leitað heimildar til að veita ábyrgð á erlendri lántöku vegna framkvæmda við Hitaveitu Akureyrar.

Um 1. gr.

Framkvæmdir við Hitaveitu Akureyrar hófust 1977 og standa enn yfir. Framkvæmdir hafa orðið mun meiri á yfirstandandi ári en talið var að yrði þegar láns-

fjáráætlun þessa árs var afgreidd. Akureyrarbær fjármagnaði framkvæmdirnar með erlendum lánum til skamms tíma en fyrirhugað var að breyta þeim lánum í lán til langs tíma er hagstæð skilyrði yrðu fyrir hendi.

Um 2. gr.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1978 var því lýst yfir að Lánasjóði íslenskra námsmanna yrði séð fyrir fé svo að unnt yrði að veita lán er svöruðu til 85% af svonefndri „umframfjárþörf" námsmanna. Til að tryggja að þetta markmið næðist var sett heimild í fjárlög 1978 til 270 m.kr. lántöku. Breytingar á gengi og verðlagsþróun 1978 hefur orðið mjög á annan veg en reiknað var með í árslok 1977. Vantar því heimild til lántöku 230 m.kr. til viðbótar fjárlagaheimild.

Um 3. gr.

Í lögum um heimild til erlendrar lántöku fyrir árið 1978 nam erlend lántaka alls 4 866 m.kr. Þessa heimild er nauðsynlegt að hækka um 4000 m.kr. vegna þess að lántökur innanlands verða 2 500 m.kr. minni en áætlað var svo og vegna meiri umsvifa á árinu en ráðgerð voru.

Á miðju árinu 1978 var lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar endurskoðuð. Sú endurskoðun fól m. a. í sér 2 110 m.kr. hækkun lánsfjármagnaðra framkvæmda. Hækkun þessa var áformað að fjármagna með útgáfu ríkisskuldabréfa til sölu innanlands að fjárhæð 1 500 m.kr., 500 m.kr. erlendri lántöku og 110 m.kr. lántöku hjá Framkvæmdasjóði Íslands vegna hönnunar Bessastaðaárvirkjunar. Á árinu 1978 yfirtók Fiskveiðasjóður lántökuheimild ríkissjóðs að upphæð 1 000 m.kr. Ætlast var til að ríkissjóður fengi á móti sömu fjárhæð af sölu skuldabréfa Framkvæmdasjóðs til lífeyrissjóðanna. Kaup lífeyrissjóðanna hafa hins vegar ekki gengið fram svo sem áætlað var og þar af leiðir nauðsyn á lántökuheimild. Þá er að geta lántökuheimilda í tengslum við Rafmagnsveitur ríkisins, alls 631 m.kr., en sú fjárhæð greinist þannig: Skuld byggðalína við RARIK 259 m.kr., skuld Orkusjóðs við RARIK vegna styrkingar dreifikerfa í sveitum 77 m.kr. og almennur rekstrarhalli fyrirtækisins 295 m.kr. Loks er að geta láns að upphæð 90 m.kr. vegna grasköglaverksmiðja.

Ed. 224. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 70 31. des. 1977, sbr. lög nr. 9 12. apríl 1977, og lög nr. 95 31. des. 1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 18. des. 1978.

Bragi Níelsson, form., frsm.	Helgi F. Seljan, fundaskr.	Vilhjálmur Hjálmarsson.
Oddur Ólafsson, með fyrirvara.	Ragnhildur Helgadóttir, með fyrirvara.	Geir Gunnarsson.
	Bragi Sigurjónsson.	

Ed. 225. Frumvarp til laga [147. mál]

um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Í lögum þessum nefnist gjaldmiðill sá, sem löglega var gefinn út fyrir gildistöku laga þessara, 1. janúar 1980, gömul króna, til aðgreiningar frá gjaldmiðli gefnum út frá þeim degi, en hann nefnist ný króna í lögum þessum.

Lög þessi taka bæði til peningaseðla og peninga sleginna úr málmi (myntar).

2. gr.

Frá og með 1. janúar 1980 hundraðfaldast verðgildi krónunnar. Jafngildir þá ein ný króna eitt hundrað gömlum krónum, og á sama hátt jafngildir einn eyrir nýrrar krónu einni gamalli krónu. Breytist ákvæðisverð eldri seðla og myntar, sem þá eru í umferð, í samræmi við það.

3. gr.

Nú eru í lögum, reglugerðum, stjórnvaldaákvörðunum, úrskurðum eða gjaldskrám, sem út voru gefnar fyrir 1. janúar 1980, greindar fjárhæðir í krónum og skulu þær fjárhæðir þá lækkaðar þannig, að hin nýja fjárhæð telst einn hundraðasti hluti af eldri fjárhæðinni.

4. gr.

Sérhver fjárhæð í dómi, skuldabréfi, skuldaviðurkenningu, víxli, tékka, leigusamningi, hlutabréfi og öðrum skjölum, sem skylda til greiðslu í krónum eða lofa greiðslu í krónum og út hafa verið gefin fyrir 1. janúar 1980, en greiðsla hefur eigi verið innt af hendi, skal breytast þannig, að hin nýja fjárhæð skal teljast einn hudraðasti hluti af hinni eldri fjárhæð.

Gildir þetta um allar greiðslur samkvæmt skjölum þessum, svo og hvers konar aðrar munnlegar og skriflegar greiðsluskuldbindingar, sem eigi hafa verið inntar af hendi fyrir 1. janúar 1980.

5. gr.

Frá og með 1. janúar 1980 skal hvers konar endurgjald og laun fyrir vinnu og starf, þóknanir og endurgjald fyrir vöru og þjónustu reiknast í hinum nýju krónum.

6. gr.

Í bókhaldi skulu öll viðskipti, sem eiga sér stað frá og með 1. janúar 1980, færð með nýjum krónum. Sömuleiðis skulu öll reikningsskil tímabils, sem lýkur á árinu 1980 og þar á eftir, færð með nýjum krónum.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu seðlar þeir, sem út hafa verið gefnir og mynt sú, sem slegin hefur verið og gefin út fyrir 1. janúar 1980, halda gildi sínu og vera lögeyrir í allar greiðslur hér á landi í sex mánuði eftir gildistöku laganna þó þannig, að verðmæti hvers seðils eða myntar skal reiknast einn hundraðasti hluti af ákvæðisverði.

Frá og með 1. júlí 1980 skulu seðlar þeir og mynt, sem út var gefin fyrir 1. janúar 1980, hætta að vera lögmætur gjaldmiðill í lögskiptum manna. Seðlabanka Íslands er þó skylt að innleysa þá seðla og mynt í 18 mánuði eftir lok sex mánaða frestsins.

Sömu reglur og greinir í 1. og 2. mgr. skulu gilda um frímerki, sparimerki, stimpilmerki og önnur hliðstæð heimildarskjöl, að öðru leyti en því, að útgefandi er innlausnarskyldur.

8. gr.

Fjárhæð, sem við verðgildisbreytinguna 1. janúar 1980 verður minni en hálfur eyrir nýrrar krónu, fellur niður, en hálfur eyrir og hærri fjárhæð skal hækka í einn eyri nýrrar krónu.

9. gr.

Viðskiptaráðherra setur að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands reglugerð um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum, enda liggi ekki við broti þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Heildarreglur um gjaldmiðil landsins, seðla og mynt, voru settar með lögum nr. 22 frá 23. apríl 1968. Sama ár tók Seðlabankinn við myntútgáfu úr höndum ríkissjóðs. Innlend skiptimynt hefur verið slegin síðan 1922. Árin 1959 og 1960 gaf Seðlabankinn út nýja seðlaseríu, sem í aðalatriðum er enn byggt á.

Eftir setningu gjaldmiðilslaganna 1968, hefur smámynt verið felld niður í áföngum og aurar felldir brott til hagræðis fyrir viðskiptalífið. Með þessu móti var unnt að hætta að slá verðminnstu peningana, en ný mynt slegin í stað verðminnstu seðlanna.

Um nokkurt skeið hefur sú skoðun oftlega komið fram, að æskilegt væri að auka verðgildi krónunnar. Árið 1962 lagði stjórnskipuð nefnd til að tífalda bæri verðgildi hennar, en sú tillaga náði ekki fram að ganga. Á Alþingi 1971 kom fram tillaga til þingsályktunar um sama efni og var hún samþykkt 16. maí 1972. Bankastjórn Seðlabankans taldi þá, að slík breyting væri ekki tímabær og fjárhagslega óhagkvæm, þar sem nýlega höfðu verið gerðar talsverðar breytingar á myntkerfinu. Hins vegar taldi bankastjórnin rétt að kanna, er krónan væri orðin minnsta mynteiningin, hvort æskilegt væri að hundraðfalda verðgildi hennar. Þá var þingsályktunartillaga sama efnis lögð fram á Alþingi í febrúar á s. l. ári og óskaði þá fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar áits Seðlabankans á málinu.

Í svarbréfi bankans til nefndarinnar, dags. 24. mars 1977, segir bankastjórnin það skoðun sína, að veigamesta röksemdin fyrir gjaldmiðilsbreytingu sé, að breytingin kunni að hafa hagstæð sálræn áhrif, draga úr verðbólguhugsunarhætti og gæti orðið tákn þess, að ný stefna væri tekin upp í efnahagsmálum. Það væri pólitískt mat, hver líkindi væru á því, að þessi hagstæðu áhrif næðust, en reynsla annarra þjóða benti til þess, að slíkt mundi því aðeins gerast, að samtímis ætti sér stað veruleg stefnubreyting í meðferð efnahagsmála almennt. Ennfremur var bent á, að verði að því stefnt að taka upp nýja mynteiningu, komi ekki annað til greina en að hún verði 100 sinnum verðmeiri en núgildandi króna, sem síðan

skiptist í 100 smærri einingar eða aura. Alþingi vísaði málinu til ríkisstjórnarinnar í apríllok 1977.

Í þeim greinargerðum, sem Seðlabankinn hefur lagt fyrir ríkisstjórnina er bent á, að nauðsynlegt sé orðið að ákveða breytingar á seðla- og myntútgáfunni til þess að fullnægja eðlilegum kröfum viðskiptalífsins og til aukinnar hagræðingar við útgáfu seðla og myntar. Er þörf fyrir verðmeiri seðla orðin mjög brýn, auk þess sem ekki verður dregið lengur að minnka stærð og þunga myntarinnar. Er núgildandi mynt orðin alltof dýr í framleiðslu miðað við verðgildi. Eins er tímabært að gefa út mynt í stað verðminnstu seðlanna, sem í umferð eru.

Gjaldmiðilsbreyting fór fram í Frakklandi í ársbyrjun 1960 og sama gerðu Finnar í ársbyrjun 1963. Frakkar höfðu nýja og gamla franka samtímis í umferð um talsverðan tíma, sem olli óhagræði meðan á henni stóð. Finnar lögðu áherslu á, að skiptin tækju sem skemmstan tíma. Er talið að skiptin hafi tekist mun betur í Finnlandi heldur en Frakklandi.

Það sem fyrst kemur til athugunar, þegar rætt er um gjaldmiðilsbreytingu er, hvort ástæða sé til og vilji fyrir því að taka upp nýtt nafn í stað krónunnar. Kemur helst til greina að taka upp nafnið mörk, í fleirtölu merkur. Margar ástæður eru fyrir því, að ekki er lagt til að breyting verði hér á, enda krónan orðin rótgróin hér á landi og auk þess notuð á öllum Norðurlöndum nema Finnlandi. Er því horfið frá nafnbreytingu og lagt til að ráðist sé í breytingu í formi hundraðföldunar á verðgildi krónunnar.

Telja verður, að gjaldmiðilsskipti hér á landi verði mun auðveldari í framkvæmd en meðal stærri þjóða og er enn talið mögulegt að stefna að slíkri breytingu í ársbyrjun 1980. Ráðgerðir nýir seðlar og mynt er að mestu frágengið. Hefur útgáfan verið kynnt almenningi og hinum væntanlegu stærðum yfirleitt verið vel tekið. Reiknað er með því að við gjaldmiðilsbreytingu séu látnar í umferð fimm nýjar myntstærðir að verðgildi 5 og 1 króna, 50, 10 og 5 aura og gefin út ný seðlasería með fjórum seðlastærðum að verðgildi 10, 50, 100 og 500 krónur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að gjaldmiðill í umferð verði nefndur gömul eða ný króna, eftir því sem á stendur meðan á skiptum stendur. Þetta verði samt alls ekki gert til frambúðar heldur aðeins þegar nauðsynlegt er t. d. í viðskiptum með skuldaskjöl utan banka á meðan breytingin gengur yfir. Er það alls ekki ætlanin, að gjaldmiðillinn verði kallaður ný króna, nema meðan á skiptum stendur en þá verða bæði nýjar og gamlar krónur í umferð jafnhliða. Lítil hætta verður á, að menn ruglist á þeim, þar sem hinir nýju seðlar verða frábrugðnir gömlu seðlunum í útliti og sama er að segja um nýju myntina, en á henni er auk þess greint sláttuár.

Ráðgert er, að gamlir seðlar og mynt haldi fullu gildi til 1. júlí 1980 og er öllum bönkum og sparisjóðum skylt að innleysa gömlu krónurnar á meðan. Í næstu 18 mánuði þar á eftir, verði Seðlabankinn áfram skyldugur að innleysa hinar gömlu krónur. Er ástæða til að ætla, að aðalskiptin fari fram tiltölulega fljótt, líklega á fyrstu vikum ársins 1980.

Í frumvarpinu er fjallað um sjálfa verðgildisbreytinguna og hvernig, að henni verði staðið, en gjaldmiðilslögin standa áfram óbreytt að mestu leyti.

Með hliðsjón af þessu er lagt til, að ráðist sé í báðar umræddar breytingar, miðað við 1. janúar 1980. Samhliða nýrri seðla- og myntútgáfu verði verðgildi krónunnar hundraðfalað og teknir í því sambandi upp aurar að nýju. Nafn gjaldmiðilsins sé óbreytt.

Leggja verður á það höfuðáherslu, að tryggja sem besta framkvæmd á breytingunni og verði öll aðgerðin ítarlega kynnt fyrir almenningi, þannig að sem minnst hætta verði á mistökum og misskilningi. Framkvæmd þessarar breytingar mun að sjálfsögðu hvíla fyrst og fremst á Seðlabankanum. Bankinn annist þetta verk, ef til þess kemur í nánu samstarfi við viðskiptaráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Kostnaður hjá einkaaðilum og fyrirtækjum verður óverulegur.

Ríkisstjórnin telur af framangreindum ástæðum nú rétta tímann til að gera nauðsynlegar breytingar á gjaldmiðlinum og taka upp stærri mynteiningu, hundrað sinnum verðmeiri en núgildandi króna. Verði ákvörðun um slíka gjaldmiðilsbreytingu tekin nú, yrði beinn kostnaður henni samfara tiltölulega lítill umfram þann kostnað, sem hvort sem er verður að leggja í á næstunni.

Ríkisstjórnin hefur gert baráttuna gegn verðbólgunni að höfuðstefnumiði sínu. Enn er ekki víst, hvort þeirri viðleitni fylgir árangur sem erfiði. Hins vegar telur hún, að gjaldmiðilsbreyting nú, sé ekki aðeins viðskiptalega hagkvæm, heldur leggi hún áherslu á þann eindregna vilja stjórnvalda, að hinn íslenski gjaldmiðill sé hafinn til vegs á ný og varðveisla verðgildis hans verði í framtíðinni eitt megin markmið íslenskrar efnahagsstefnu.

Fylgiskjal.

Skipting seðla í umferð á seðlastærðir í lok ágúst 1978.

	m.kr.	%
5000 krónur	8 578.8	83.4
1000 krónur	1 146.8	11.1
500 krónur	241.9	2.4
100 krónur	315.0	3.1
Samtals	10 282.5	100.0

Skipting myntar í umferð á myntstærðir í lok ágúst 1978.

	m.kr.	%
50 krónur	171.6	37.4
10 krónur	181.3	39 5
5 krónur	52.1	11.3
1 króna	54.4	11.8
Samtals	459.4	100.0

Fylgiskjal.

ÁÆTLUÐ UMFERÐ SEÐLA OG MYNTAR

	Í árslok 1979			Eftir gjaldmiðilsbreytingu	
seðlar	í m.kr.	stk.	seðlar	í m.kr.	stk.
5000 krónur	16 500	3 300 000	500 krónur	50	100 000
1000 krónur	1 700	1 700 000	100 krónur	80	800 000
500 krónur	350	700 000	50 krónur	40	800 000
100 krónur	400	4 000 000	10 krónur	20	2 000 000
	18 950	9 700 000		190	3 700 000
seðlar	í m.kr.	stk.	seðlar	í m.kr.	stk.
			5 krónur	5.0	1 000 000
50 krónur	265	5 300 000	1 króna	6.0	6 000 000
10 krónur	275	27 500 000	50 aurar	1.5	3 000 000
5 krónur	65	13 000 000	10 aurar	1.7	17 000 000
1 króna	70	70 000 000	5 aurar	0.3	6 000 000
	675	115 800 000		14.5	33 000 000

Fylgiskjal.

VERÐGILDI ÍSLENSKU KRÓNUNNAR EFTIR HUNDRAÐFÖLDUN MIÐAÐ VIÐ NOKKRA ERLENDA GJALDMIÐLA[1])

	Dönsk króna	Norsk króna	Sænsk króna	Finnskt mark	Bandar. $	Enskt £
SEÐLAR:						
500 krónur	841.79	810.00	696.49	638.50	157.38	80.66
100 krónur	168.36	162.00	139.30	127.70	31.48	16.13
50 krónur	84.18	81.00	69.65	63.85	15.74	8.07
10 krónur	16.84	16.20	13.93	12.77	3.15	1.61
MYNT:						
5 krónur	8.42	8.10	6.96	6.39	1.57	0.81
1 króna	1.68	1.62	1.39	1.28	0.31	0.16
50 aurar	0.83	0.81	0.70	0.64	0.16	0.08
10 aurar	0.16	0.16	0.14	0.13	0.03	0.016
5 aurar	0.08	0.08	0.07	0.06	0.016	0.008

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Þó gert sé ráð fyrir því, að gjaldmiðill sá, sem út verði gefinn eftir 1. janúar 1980, verði kallaður ný króna, er ekki ætlunin, að það nafn verði notað til frambúðar. Fyrst í stað verða bæði nýjar og gamlar krónur í umferð jafnhliða. Lítil hætta verður á, að menn ruglist á þeim, þar sem hinir nýju seðlar verða allfrábrugðnir gömlu seðlunum í útliti og sama er að segja um nýju myntina, en á henni er auk þess greint sláttuár.

Um 2. gr.

Í grein þessari fest sú meginbreyting, sem lagt er til að gerð verði. Hún felst einfaldlega í því, að mynteiningar þær, sem út verða gefnar eftir 1. janúar 1980, eru hundraðfalt verðmeiri en þær, sem gefnar voru út á árinu 1979 og fyrr. Ein ný króna jafngildir þannig eitt hundrað gömlum krónum.

Um 3. gr.

Í mörgum gildandi lögum, reglugerðum, stjórnvaldaákvörðunum, úrskurðum og opinberum gjaldskrám útgefnum fyrir 1. janúar 1980 eru fjárhæðir greindar í krónum. Allar slíkar fjárhæðir skulu 1. janúar 1980 breytast í nýjar krónur, þ. e. tölulega lækkaðar í nýjar krónur. Á þetta jafnt við gjöld á einkaréttarsviðinu og í opinberum rétti, svo sem refsingar (sektir).

Óþarfi er að hafa ákvæði um gullkrónur, en í nokkrum lögum er sú viðmiðun notuð. Þar verður þó ekki um breytingu á fjárhæð í gullkrónu að ræða en verðgildi hennar í nýjum krónum mun að sjálfsögðu hundraðfaldast miðað við gömlu krónuna.

1) Skv. gengisskráningu Seðlabanka Íslands, kaupgengi 7. desember 1978.

Um 4. gr.

Dómum og úrskurðum dómstóla, sem upp hafa verið kveðnir fyrir 1. janúar 1980 og skylda til greiðslu fjár í krónum, en eigi hefur verið fullnægt fyrir það tímamark, skal eftir það tímamark fullnægt með nýjum krónum en þess gætt, að þær eru hundraðfalt verðmeiri en gamlar krónur, þannig að dómþoli fullnægir greiðsluskyldu sinni með því að greiða einn hundraðasta hluta af nafnverði dómkröfunnar, enda greiði hann með nýjum krónum.

Hliðstætt gildir um hvers konar greiðsluskuldbindingar, skriflegar og munnlegar. Nafnverð hvers konar verðskjala, svo sem hlutabréfa, breytist á sama hátt 1. janúar 1980.

Um 5. gr.

Eftir 1. janúar 1980 skal reikna öll laun, endurgjald fyrir þjónustu og vörur í nýjum krónum. Verða því launagreiðendur og launaþiggjendur að breyta öllum launatöxtum um áramótin og kaupmenn að breyta verðmerkingum sínum.

Um 6. gr.

Í bókhaldi skulu öll viðskipti frá og með 1. janúar 1980 færð í nýjum krónum. Bókhaldi vegna ársins 1979 verður hins vegar að ljúka með gömlum krónum, þótt endanleg reikningsskil fari ekki fram fyrr en á árinu 1980.

Um 7. gr.

Þar sem eingöngu gamlar krónur verða í gangi manna á meðal til og með 31. desember 1979 er nauðsynlegt, að þær verði gjaldgengar nokkurn tíma á árinu 1980. Er lagt til, að heimilt verði að nota þær í lögskiptum manna fyrstu sex mánuði ársins, en þá reiknast hver peningur, mynt og seðill, á einn hundraðasta af nafnverði sínu. Eftir þann tíma skal einungis Seðlabankanum vera skylt að taka við þessum gjaldmiðli og innleysa hann, en þó aðeins til 31. desember 1981. Þá falli allar gamlar krónur endanlega úr gildi.

Hliðstæð regla verður að gilda um ýmis heimildarskjöl og greiðslumerki, nema þar leggst innlausnarskyldan á útgefandann t. d. Póst og Síma, Fjármálaráðuneytið.

Um 8.—10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. **226. Frumvarp til fjárlaga** [54. mál]

fyrir árið 1978.

(Eftir 2. umr. í Sþ., 18. des.)

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.
Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur:		
Beinir skattar	45 581 900	
Óbeinir skattar	157 882 245	
Aðrar tekjur	3 243 644	206 707 789
Gjöld:		
Samneysla	80 666 989	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	87 549 395	
÷ Sértekjur stofnana	3 986 035	
Rekstrarliðir samtals	164 230 349	
Stofnkostnaður, fjárfesting	12 524 782	
Fjármagnstilfærslur	25 259 000	202 014 131
Rekstrarjöfnuður, tekjur umfram gjöld		4 693 658
Lánahreyfingar		
Lánahreyfingar inn:		
Innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa	3 500 000	
Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé	5 424 000	
Erlend lán	5 457 000	
Fjáröflun alls	14 381 000	
÷ Ráðstafað til innlausnar spariskírteina	4 550 000	
Fjáröflun skv. lánsfjáráætlun	9 831 000	
÷ Ráðstafað til B-hluta skv. lánsfjáráætlun	5 781 000	
Lánsfé til A-hluta skv. lánsfjáráætlun	4 050 000	
Afborgarnir af veittum lánum í A-hluta	80 000	4 130 000
Lánahreyfingar út:		
Eiginfjárframlag í Landsvirkjun	180 000	
Hlutafé í Járnblendifélaginu	680 000	
Iðnþróunarsjóður Portúgals, framlag	54 000	
Afborganir af teknum lánum til A-hluta:		
Seðlabanki Íslands	5 099 270	
Aðrir	1 909 716	
Útstreymi á viðskiptareikningum	500 000	8 422 986
Lánajöfnuður, útgreiðslur umfram innborganir		4 292 986
Greiðslujöfnuður, greiðsluafgangur		490 672

2. gr.

Árið 1979 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

		Gjöld:	Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**			**1 505 668**
01	**Forsætisráðuneytið**			**2 762 454**
	101	Yfirstjórn	136 725	
	102—902	Annað	2 625 729	
02	**Menntamálaráðuneytið**			**32 393 107**
	101	Yfirstjórn	370 818	
	201—885	Fræðslumál	29 146 682	
	901—999	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	2 875 607	
03	**Utanríkisráðuneytið**			**2 157 285**
	101—102	Yfirstjórn	349 880	
	201	Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	486 231	
	301—313	Sendiráð	828 980	
	399—401	Alþjóðastofnanir	492 194	
04	**Landbúnaðarráðuneytið**			**10 632 654**
	101—172	Yfirstjórn	134 414	
	201—299	Búnaðarmál	10 053 684	
	501—503	Skólar	444 556	
05	**Sjávarútvegsráðuneytið**			**4 804 894**
	101	Yfirstjórn	108 413	
	201—299	Útvegsmál	4 544 661	
	901	Annað	151 820	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið**			**11 235 492**
	101—102	Yfirstjórn	148 479	
	201—284	Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	10 177 800	
	301—373	Þjóðkirkjan	909 213	
07	**Félagsmálaráðuneytið**			**7 608 389**
	101	Yfirstjórn	67 274	
	271—272	Húsnæðismál	6 440 700	
	301—999	Önnur félagsmál	1 100 415	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið**			**67 169 230**
	101	Yfirstjórn	118 409	
	271—273	Tryggingamál	51 107 300	
	301—399	Heilbrigðismál	15 790 681	
	471—502	Annað	152 840	
		Flutt		**140 269 173**

3. gr.

Árið 1979 er ætlast til að tekjur ríkissjóðs verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Skattar		
	Beinir skattar		
	Iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga:		**6 122 900**
	Iðgjöld lífeyristrygginga:		
0 0020	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	3 504 000	
	Slysa- og atvinnuleysistryggingagjöld:		
0 0030	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum	1 584 200	
0 0050	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	1 034 700	
	Eignarskattar		**4 251 000**
	Eignarskattur, almennir:		
0 0100	Eignarskattar einstaklinga	1 783 000	
0 0103	Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga ..	11 000	
0 0110	Eignarskattur félaga	2 286 000	
0 0113	Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti félaga	11 000	
0 0140	Erfðafjárskattur	160 000	
	Tekjuskattar		**35 208 000**
	Tekjuskattar:		
0 0120	Tekjuskattur einstaklinga	23 265 000	
0 0123	Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga ..	298 000	
0 0124	Sjúkratryggingagjald	5 600 000	
0 0130	Tekjuskattur félaga	6 000 000	
0 0133	Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti félaga	45 000	
	Óbeinir skattar		
	Gjöld af innflutningi		**43 638 357**
	Aðflutningsgjöld:		
0 0210	Aðflutningsgjöld 31 900 000		
	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .. 1 600 000		
		30 300 000	
0 0240	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	57 000	
0 0252	Byggingarsjóðsgjald af innflutningi	160 000	
	Innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald:		
0 0260	Innflutningsgjald af bensíni	7 483 000	
0 0270	Gúmmígjald	107 000	
	Innflutningsgjald af bifreiðum:		
0 0280	Innflutningsgjald af bifreiðum	4 400 000	
	Gjald af gas- og brennsluolíu:		
0 0220	Gjald af gas- og brennsluolíu	545 000	
0 0230	Jöfnunargjald 1 000 000		
	Þar af vegna endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts 500 000		
		500 000	
	Flutt		89 220 257

Gjöld:

			Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
		Flutt		140 269 173
09	**Fjármálaráðuneytið**			8 354 614
	101—104	Yfirstjórn	457 352	
	201—282	Toll- og skattheimta	2 076 488	
	381—384	Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	3 663 083	
	402—999	Annað	2 157 691	
10	**Samgönguráðuneytið**			18 975 250
	101	Yfirstjórn	72 301	
	211	Vegamál	12 627 000	
	321—672	Önnur samgöngumál	6 275 949	
11	**Iðnaðarráðuneytið**			7 124 531
	101	Yfirstjórn	78 710	
	201—299	Iðnaðarmál	968 114	
	301—399	Orkumál	6 077 707	
12	**Viðskiptaráðuneytið**			19 837 120
	101	Yfirstjórn	92 858	
	201	Niðurgreiðslur	18 902 900	
	202—999	Annað	841 362	
13	**Hagstofa Íslands**			182 473
14	**Ríkisendurskoðun**			220 301
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**			7 050 669
	101—181	Yfirstjórn	107 712	
	991	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	6 942 957	

Flutt	202 014 131

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		89 220 257
	Hagnaður af sölu varnarliðseigna:		
0 0290	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	86 357	
	Skattar af framleiðslu		12 415 000
	Vörugjald:		
0 0611	Vörugjald	395 000	
0 0600	Álgjald	270 000	
0 0615	Sérstakt vörugjald	11 750 000	
	Skattar af seldri vöru og þjónustu		91 645 300
	Söluskattur:		
0 0300	Söluskattur 65 500 000		
	Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 4 700 000	60 800 000	
	Skemmtanaskattar:		
0 0621	Miðagjald til Menningarsjóðs	26 000	
0 0622	Skemmtanaskattur	185 000	
	Launaskattur:		
0 0400	Launaskattur	10 850 000	
	Rekstrarhagnaður ÁTVR:		
0 0510	Rekstrarhagnaður ÁTVR	19 000 000	
0 0530	Gjald af seldum vindlingum	68 000	
0 0520	Gjald ef seldum eldspýtum	2 400	
0 0540	Gjald af einkasöluvörum	6 500	
	Flugvallagjald:		
0 0681	Flugvallagjald	470 000	
	Gjöld af útfluttum sjávarafurðum:		
0 0892	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	215 000	
	Aðrir skattar:		
0 0672	Sérleyfisgjald	22 000	
0 0671	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	400	
	Aðrir óbeinir skattar		10 183 588
	Aukatekjur og stimpilgjald:		
0 0800	Stimpilgjald	2 600 000	
0 0810	Aukatekjur	510 000	
0 0820	Þinglýsingar	70 000	
	Flutt		203 464 145

Rekstrar-

Gjöld:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Flutt		202 014 131

Gjöld samtals		202 014 131
Tekjur umfram gjöld		4 693 658
Samtals		206 707 789

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		203 464 145
	Ýmsir skattar af bifreiðum:		
0 0720	Bifreiðaskattur	2 050 000	
0 0750	Skráningargjald bifreiða	250 000	
0 0740	Skoðunargjald bifreiða	80 000	
	Ýmsir skattar af skipum:		
0 0831	Lestagjald	2 500	
0 0833	Vitagjald	18 000	
0 0832	Skipaskoðunargjald	11 000	
	Tekjur af sölu erlends gjaldeyris:		
0 0841	**Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna**	950 000	
0 0842	Leyfisgjald	350 000	
0 0843	Gjald á ferðalög til útlanda	1 600 000	
	Aðrir óbeinir skattar:		
0 0884	Verðjöfnunargjald	1 210 000	
0 0850	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	60 000	
0 0891	Skipulagsgjald	125 000	
0 0881	Rafmagnseftirlitsgjald	160 573	
0 0860	Einkaleyfisgjald frá Happdrætti H. Í.	91 200	
0 0871	Prófgjald bifreiðarstjóra	27 252	
0 0872	Prófgjald iðnnema	10 000	
0 0895	Sérlyfjagjald	8 000	
0 0894	Hvalveiðigjald	63	
	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign fluttar úr B-hluta		**542 044**
	Arðgreiðslur frá B-hluta stofnunum:		
0 1010	Afgjöld ríkisjarða	7 000	
0 1030	Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn	90 544	
0 1020	Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	444 500	
	Ýmsar tekjur		**2 701 600**
	Vextir og arður af hlutabréfum:		
0 2010	Vextir	2 150 000	
0 2020	Arður af hlutabréfum	45 000	
	Ýmsar tekjur:		
0 6991	Greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þjónustu sýslumanna og bæjarfógeta	9 500	
0 2030	Sameignir ríkisins	70 000	
0 1901	Yfirverð líknarfrímerkja	100	
0 1902	Samúðarskeyti Landssímans	27 000	
0 1911	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	300 000	
0 1990	Ýmsar óvissar tekjur	100 000	
	Tekjur samtals		206 707 789

4. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Embætti forseta Íslands:**			
	20	Laun	41 698	
	2	Önnur rekstrargjöld	18 358	
	4	Viðhald	5 000	
		Gjöld samtals		65 056
201	**Alþingi:**			
	20	Laun	838 709	
	2	Önnur rekstrargjöld	384 086	
	90	**Yfirfærslur:**		
	94	Til einstaklinga og samtaka	25 400	
		Gjöld samtals		1 248 195
		Viðfangsefni:		
	0102	Þingfararkaup alþingismanna	512 495	
	0103	Skrifstofu- og alþingiskostnaður	532 517	
	0104	Rekstrarkostnaður fasteigna	72 144	
	0105	Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	80 850	
	0106	Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings	4 659	
	0107	Hús Jóns Sigurðssonar	12 320	
	0108	Þingmannasamtök NATO	2 970	
	0109	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	25 400	
	0110	Þingmannafundir Evrópuráðsins	4 840	
		Gjöld samtals	1 248 195	
301	**Ríkisstjórn:**			
	20	Laun	107 484	
	2	Önnur rekstrargjöld	20 068	
		Gjöld samtals		127 552
401	**Hæstiréttur:**			
	20	Laun	64 865	
		Gjöld samtals		64 865
		Samtals		1 505 668

01 Forsætisráðuneytið

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa:**			
	20	Laun	61 212	
	2	Önnur rekstrargjöld	28 016	
	4	Viðhald	4 945	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	420	
	90	Yfirfærslur:		
	94	Til einstaklinga og samtaka	42 132	
		Gjöld samtals		136 725
		Viðfangsefni:		
	0101	Yfirstjórn	79 014	
	0102	Stjórnarráðshús	7 640	
	0103	Fálkaorðan	1 000	
	0105	Framlag til Kanadasjóðs	60	
	0106	Viðhald ráðherrabústaðar við Tjarnargötu	1 400	
	0107	Rekstur ráðherrabústaðar við Tjarnargötu	5 544	
	0109	Ráðherrabústaður á Þingvöllum	995	
	0110	Til Hrafnseyrar	5 000	
	0111	Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs	31 000	
	0113	Gjöf Jóns Sigurðssonar	5 072	
		Gjöld samtals	136 725	
102	**Þjóðhagsstofnun:**			
	20	Laun	121 201	
	2	Önnur rekstrargjöld	34 925	
	4	Viðhald	300	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	300	
		Gjöld samtals	156 726	
	0	Sértekjur	78 363	
		Mismunur		78 363
171	**Framlag til Byggðasjóðs:**			
	90	Yfirfærslur:		
	91	Til fyrirtækja í B-hluta	2 458 000	
		Gjöld samtals		2 458 000
		Viðfangsefni:		
	0101	Almenn starfsemi	1 328 000	
	0102	Skuldagreiðslur vegna byggðalína	1 130 000	
		Gjöld samtals	2 458 000	

			Þús. kr.	Þús. kr.
901	**Húsameistari ríkisins:**			
	20	Laun	103 404	
	2	Önnur rekstrargjöld	12 002	
	4	Viðhald	850	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 300	
		Gjöld samtals	118 556	
	0	Sértekjur	56 000	
		Mismunur		62 556
		Viðfangsefni:		
	0101	Yfirstjórn	28 117	
	0102	Teiknistofa	78 348	
	0103	Byggingaeftirlit	12 091	
		Gjöld samtals	118 556	
902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd:**			
	20	Laun	10 870	
	2	Önnur rekstrargjöld	7 590	
	4	Viðhald	3 600	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	9 000	
		Gjöld samtals	31 060	
	0	Sértekjur	4 250	
		Mismunur		26 810
		Samtals		2 762 454

02 Menntamálaráðuneytið

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Menntamálaráðuneytið, aðalskrifstofa:**			
	20	Laun	246 428	
	2	Önnur rekstrargjöld	120 890	
	4	Viðhald	1 000	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 500	
		Gjöld samtals		370 818
201	**Háskóli Íslands:**			
	20	Laun	2 104 061	
	2	Önnur rekstrargjöld	406 052	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	633 900	
		Gjöld samtals	3 144 013	
	0	Sértekjur	745 879	
		Mismunur		2 398 134
	Viðfangsefni:			
	0101	Yfirstjórn	148 688	
	0102	Guðfræðideild	44 741	
	0103	Læknadeild	448 461	
	0104	Tannlæknadeild	107 083	
	0105	Lyfjafræði lyfsala	31 611	
	0106	Lagadeild	68 897	
	0107	Viðskiptadeild	95 797	
	0108	Heimspekideild	281 506	
	0109	Verkfræðideild	638 991	
	0110	Bókasafn	77 399	
	0111	Íþróttakennsla	20 494	
	0112	Rekstur fasteigna	225 523	
	0113	Sameiginleg útgjöld	122 361	
	0114	Félagsvísindadeild	101 398	
	0115	Til byggingaframkvæmda og tækjakaupa	633 900	
	0116	Mannfræðistofnun háskólans	12 029	
	0120	Reiknistofnun	85 134	
		Gjöld samtals	3 144 013	
202	**Tilraunastöð háskólans á Keldum:**			
	20	Laun	116 401	
	2	Önnur rekstrargjöld	96 593	
	4	Viðhald	3 500	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	15 500	
		Gjöld samtals	231 994	
	0	Sértekjur	130 164	
		Mismunur		101 830

			Þús. kr.	Þús. kr.
203	**Raunvísindastofnun háskólans:**			
	20	Laun	212 856	
	2	Önnur rekstrargjöld	51 465	
	4	Viðhald	12 065	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	32 374	
		Gjöld samtals	308 760	
	0	Sértekjur	3 000	
		Mismunur		305 760
		Viðfangsefni:		
	0101	Yfirstjórn	31 934	
	02	Eðlisfræðistofa	57 540	
	03	Efnafræðistofa	54 106	
	04	Jarðvísindastofa, jarðfræðideild	36 869	
	05	— jarðeðlisfræðideild	35 883	
	06	— háloftadeild	19 302	
	07	Reiknifræðistofa	21 042	
	08	Rekstur fasteigna	27 880	
	09	Stærðfræðistofa	24 204	
		Gjöld samtals	308 760	
205	**Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi:**			
	20	Laun	70 377	
	2	Önnur rekstrargjöld	13 965	
	4	Viðhald	1 000	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	22 000	
		Gjöld samtals	107 342	
	0	Sértekjur	4 000	
		Mismunur		103 342
206	**Orðabók háskólans:**			
	20	Laun	33 251	
	2	Önnur rekstrargjöld	2 825	
		Gjöld samtals		36 076
231	**Náttúrufræðistofnun Íslands:**			
	20	Laun	47 531	
	2	Önnur rekstrargjöld	12 444	
	4	Viðhald	1 150	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	3 100	
		Gjöld samtals		64 225
232	**Rannsóknaráð ríkisins:**			
	20	Laun	30 095	
	2	Önnur rekstrargjöld	31 768	
	4	Viðhald	450	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 800	
		Gjöld samtals	65 113	
	0	Sértekjur	1 500	
		Mismunur		63 613

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Viðfangsefni:		
0101	Yfirstjórn	41 656	
0103	Þátttökugjald í Nordforsk	3 300	
0106	Til nýrra rannsóknarverkefna	11 000	
0107	Upplýsingaþjónusta	9 157	
	Gjöld samtals	65 113	
276	**Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:**		
90	Yfirfærslur:		
91	Til fyrirtækja í B-hluta	91 200	
	Gjöld samtals		91 200
301	**Menntaskólinn í Reykjavík:**		
20	Laun	317 063	
2	Önnur rekstrargjöld	20 651	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	10 000	
	Gjöld samtals		347 714
302	**Menntaskólinn á Akureyri:**		
20	Laun	260 779	
2	Önnur rekstrargjöld	28 941	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	7 000	
	Gjöld samtals		296 720
303	**Menntaskólinn á Laugarvatni:**		
20	Laun	81 831	
2	Önnur rekstrargjöld	13 640	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	8 000	
	Gjöld samtals	103 471	
0	Sértekjur	2 500	
	Mismunur		100 971
304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð:**		
20	Laun	435 189	
2	Önnur rekstrargjöld	33 108	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	8 000	
	Gjöld samtals	476 297	
0	Sértekjur	6 000	
	Mismunur		470 297
305	**Menntaskólinn við Sund:**		
20	Laun	343 256	
2	Önnur rekstrargjöld	21 782	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	70 000	
	Gjöld samtals	435 038	
0	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		433 838

		Þús. kr.	Þús. kr.
306	**Menntaskólinn á Ísafirði:**		
20	Laun	99 183	
2	Önnur rekstrargjöld	24 994	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	58 000	
	Gjöld samtals	182 177	
0	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		181 177
307	**Menntaskóli á Austurlandi:**		
20	Laun	28 766	
2	Önnur rekstrargjöld	3 300	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	200 000	
	Gjöld samtals		232 066
308	**Menntaskólinn í Kópavogi:**		
20	Laun	118 452	
2	Önnur rekstrargjöld	5 933	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	30 000	
	Gjöld samtals		154 385
319	**Menntaskólar, almennt:**		
20	Laun	85 013	
4	Viðhald	51 000	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	19 000	
90	Yfirfærslur:		
94	Til einstaklinga og samtaka	15 102	
	Gjöld samtals		170 115
321	**Kennaraháskóli Íslands:**		
20	Laun	354 576	
2	Önnur rekstrargjöld	74 755	
4	Viðhald	8 500	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	57 500	
	Gjöld samtals	495 331	
0	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		492 131
322	**Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans:**		
20	Laun	170 986	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	6 000	
	Gjöld samtals	176 986	
0	Sértekjur	47 000	
	Mismunur		129 986

			Þús. kr.	Þús. kr.
Skipting langra námsbrauta í styttri áfanga er mikilvægt atriði, bæði vegna mismunandi áforma nemenda um framhaldsskólanám og til að auðvelda „áfangamenntun“ í þeirri merkingu, að fólk eigi þess kost að bæta við sig námi eftir tímabil í starfi. Í ýmsum starfsgreinum hagar og þannig til, að undirbúningsþarfir eru mismunandi til starfa innan sömu greinar. Miklu skiptir að námsmarkmið hvers „brautaráfanga“ liggi ljóst fyrir, þ. e. hvaða hæfniskröfum sé miðað við að nemendur fullnægi.

Ákvæði 6. greinar eru í nánu samhengi við markmiðslýsingu 3. greinar. Með samhæfingu bóklegs og verklegs náms er átt við hvort tveggja: að námið sé eftir föngum slungið báðum þessum þáttum og að þeir fái stuðning hvor af öðrum í kennslunni. — Svigrúm frjálsra valgreina, sem um ræðir í lok greinarinnar, verður trúlega misjafnt eftir námsbrautum, en áríðandi er að það sé ætíð nokkurt.

Í 7. gr. er vikið að tveimur undirstöðuatriðum sem endurskoðun náms á framhaldsskólastigi beinist að m. a., þ. e. að tryggja að engin námsleið verði blindgata og að auðvelda samgöngur milli brauta á stiginu, en þessi markmið eru hvort öðru tengd. Ljóst er að fyrra markinu, um framhaldsleiðir af öllum brautum, verður tæplega náð án þess að reglur um inngöngu í háskólanám verði teknar til rækilegrar athugunar. Vert er þó að leggja áherslu á, að ekki er kveðið á um að sérhver námsbraut leiði þráðbeint inn í háskóla, heldur að liggja skuli fyrir hvernig áfram verði komist jaframt því að fyrra nám nýtist eins og efni standa til.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um námskrá og námskrárgerð, sem er forsenda þess að samræmdur framhaldsskóli verði meira en nafnið tómt, svo sem bent er á í greinargerðinni hér að framan (bls. 19). Jafngildi sambærilegra námsáfanga til viðurkenningar á mismunandi námsbrautum er nauðsynlegur liður í þeirri viðleitni að tryggja greiðar „samgöngur" milli brauta, sbr. athugasemd við 7. gr.

Um 10. gr.

Ákvæði um námsmat og skilyrði til flutnings milli námsáfanga, þ. á m. milli anna og ára, þykir eðlilegra að hafa í reglugerð en lögum. Benda má á, að aðferðir við námsmat, vitnisburðir eða einkunnir og túlkun þeirra eru mjög til umræðu og athugunar um þessar mundir í mörgum löndum og ekki er ljóst hvaða stefnu þessi mál muni taka á næstunni. Afdráttarlaus lagaákvæði um þetta efni geta hæglega orðið til þess að hamla eðlilegu skólastarfi.

Um 11. gr.

Með ákvæðum greinarinnar er stefnt að því að tryggja fötluðum og þroskaheftum ungmennum námsmöguleika á framhaldsskólastigi, hliðstætt því sem lög mæla fyrir um á grunnskólastigi. Tilhögun starfseminnar getur orðið með ýmsum hætti eftir aðstæðum. Væntanlega þætti þó æskilegt að hún færi fram innan vébanda framhaldsskólanna sjálfra eða í tengslum við þá eftir því sem framast yrði við komið en undir umsjón og með stuðningi sérhæfðra stofnana. Í sumum tilvikum gæti bréfaskóli komið að góðum notum. Vísir að starfsemi af þessu tæi er þegar fyrir hendi, m. a. á vegum Heyrnleysingjaskólans (sbr. og lög nr. 70/1978) og þeirra aðila sem annast kennslu blindra. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hvert nauðsynja- og réttlætismál það er, að þeim sem bagaðir eru af líkamsfötlun eða þroskahömlun séu búin skilyrði til að ná þeim námsmarkmiðum sem hugur þeirra og hæfileikar standa til.

Um 12. gr.

Í þessari grein, sem eins og 11. gr. er að miklum hluta nýmæli, er gert ráð fyrir að uppi verði haldið skipulegu þróunar- og leiðbeiningarstarfi á sviði framhaldsskóla, hliðstæðu því sem kveðið er á um í lögum um grunnskóla fyrir það skólastig. Þótt menntamálaráðuneytinu sé ætlað að hafa forgöngu um þessa starfsemi og bera ábyrgð á að henni sé sinnt, ber að sjálfsögðu að gera ráð fyrir, að mjög verði stuðst við frumkvæði og ábendingar þeirra sem í skólunum starfa eða starfsemi þeirra varðar öðrum fremur. Þá mun framhaldsskólaráð og aðrir þeir ráðgjafaraðilar sem um ræðir í 21. gr. koma hér mjög við sögu, sbr. athugasemd við þá grein. Með ákvæðum um að framkvæmdaáætlun skuli fylgja fjárlagatillögum ár hvert er stefnt að því að Alþingi sé jafnan tryggð yfirsýn m framvindu og þróunarstefnu í starfi framhaldsskóla, auk þess sem slík áætlanagerð ætti að stuðla að markvísum vinnubrögðum.

Um 13. gr.

Í upphafi greinarinnar er kveðið á um þá meginreglu að framhaldsskólar skuli að jafnaði starfa í 9 mánuði ár hvert. Árlegur starfstími á einstökum námsbrautum kann þó að verða nokkuð misjafn, og sama gegnir um kennslumagn. Um þessi atriði þarf að setja skýr ákvæði, a. m. k. um efri og neðri mörk, og virðist eðlilegt að það sé gert í reglugerð.

Um 14. gr.

Í fyrra hluta greinarinnar er kveðið á um skyldu menntamálaráðuneytisins til að sjá fyrir nægum upplýsingum um það nám sem í boði er á framhaldsskólastigi á hverjum tíma, tilhögun þess og markmið. Er þá ekki síst haft í huga að slíkar upp-

lýsingar séu tiltækar unglingum sem eiga fyrir höndum að velja sér námsbraut að loknum grunnskóla. Minna má á, að ráðuneytið hefur tvö undanfarin ár gefið út fræðslubækling af þessu tæi, sem dreift hefur verið til allra nemenda í 9. bekk grunnskóla („Nám að loknum grunnskóla" 1977 og 1978).

Seinni málsgreinin lýtur að því að stuðla að tengslum milli framhaldsskólanna og almennings, þ. á m. við aðstandendur þeirra nemenda sem hvern skóla sækja. Er skólunum ætlað nokkurt frumkvæði í þessu efni og stefnt að því að fólki gefist sem bestur kostur á að kynnast því starfi sem fram fer í skólanum og koma á framfæri sjónarmiðum sínum. Örðugt er að setja bindandi reglur um tilhögun slíkra tengsla, en bent er á nokkrar leiðir sem til greina koma.

Um 15.—16. gr.

Þessar greinar eru nýr kafli í frumvarpinu, miðað við fyrri gerðir þess. Hér er fjallað um hvernig virkja megi framhaldsskólana til þátttöku í fræðslu fullorðinna, þ. e. menntun fólks sem komið er af venjulegum skólaaldri.

Í 15. gr. ræðir um menntun fullorðinna á þeim sviðum náms sem framhaldsskólunum er einkum ætlað að sinna. Auk möguleika samkvæmt 4. gr. á inngöngu í reglulegt nám án þess að fullnægt sé almennum inntökuskilyrðum laganna er hér gert ráð fyrir, að fullorðnir geti með tvennum hætti notið námsframboðs framhaldsskóla: a) Í fyrsta lagi verði unnt að heimila þeim aðgang að einstökum námsáföngum ásamt reglulegum nemendum skólans. Sá möguleiki ætti að geta komið ýmsum vel sem annaðhvort skortir menntun í einstökum greinum til að ljúka prófi á tilteknni námsbraut eða hafa af öðrum ástæðum hug á að afla sér menntunar á afmörkuðum sviðum. b) Í annan stað megi heimila, að fullnægðum tilteknum skilyrðum, að stofna til sérstakrar kennslu fyrir fullorðna í námsefni framhaldsskóla, þannig að um tíma og tilhögun, þ. á m. námshraða, sé tekið tillit til sérstakra þarfa þeirra. Hér eru m. a. hafðar í huga „öldungadeildir" hliðstæðar þeim sem starfræktar hafa verið við nokkra skóla á síðustu árum. Hafa þar m. a. opnast nýjar leiðir fyrir ýmsa sem stunda vilja nám jafnframt vinnu. Stofnun slíkra deilda eða námskeiða mundi m. a. koma til álita, ef óskir kæmu fram frá nægilegum fjölda fólks til að fullnægt væri skilyrðum reglugerðar um lágmarksstærð námshópa. Um greiðslu kostnaðar af þeirri kennslu sem hér um ræðir er kveðið á í 34. gr.

Ákvæðum 16. gr. er ætlað að stuðla að því, að sú aðstaða sem fyrir hendi verður í framhaldsskólum, m. a. kennsluhúsnæði og tækjabúnaður, geti komið að notum fyrir almenna fræðslustarfsemi, aðra en þá sem fellur undir meginhlutverk skólanna sjálfra. Hér er átt við ýmiss konar „frjálst" fræðslustarf, m. a. af því tæi sem víða er stundað í námsflokkum, en einnig endurmenntun sem hentugt kann að vera að tengja framhaldsskóla. Þótt hér yrði um að tefla starfsemi sem félli utan almenns verksviðs viðkomandi framhaldsskóla og færi fram á vegum annarra aðila, er gert ráð fyrir að skólinn geti ef svo ber undir verið virkur aðili að skipulagningu og framkvæmd, að fenginni heimild ráðuneytisins í samráði við skólanefnd.

Um 17. gr.

Í greininni er bent á þrjá mismunandi kosti um tengsl námsbrauta og skólastofnana og gert ráð fyrir að tilhögun ráðist með hliðsjón af aðstæðum. Þó er ætlast til að reynt sé að hafa fleiri brautir en eina í sömu stofnun, þar sem því verður með eðlilegu móti við komið. Er þá einkum haft í huga að raunverulegir valkostir nemenda verði fleiri en ella, en einnig félagslegur ávinningur að samskiptum við nemendur af öðrum brautum, svo og betri skilyrði til hagræðingar í kennslu.

Lokaákvæði greinarinnar er mikilvægt stefnuatriði, þ. e. að í öllum landshlutum verði gefinn kostur á eins fjölbreytilegu námsframboði og unnt er, sbr. og 8. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Í því felst, að hagræðingarsjónarmið verði ekki

látin einráð við ákvörðun um staðsetningu einstakra námsbrauta, heldur tekið sanngjarnt tillit til möguleika nemenda á að stunda það nám, sem hugur þeirra stendur til, án þess að þurfa að sækja til fjarlægra landshluta.

Um 18.-19. gr.

Hér er ákvörðunarvald um staðsetningu skólastofnana á framhaldsskólastigi og verksvið þeirra falið menntamálaráðuneytinu í samráði við fræðsluráð, en fræðsluráð skal leita álits skólanefnda og sveitarstjórna í fræðsluumdæminu eftir því sem við á hverju sinni. Kemur hér fram sú stefna, sem áréttuð er frekar í síðari greinum frumvarpsins, að ætla fræðsluráðum í fræðsluumdæmum samkvæmt grunnskólalögum veigamikla ábyrgð á og afskipti af málefnum framhaldsskólanna. Er það atriði nánar rætt síðar, sbr. einkum athugasemdir við 22. gr. Frumkvæði að skólahaldi mun að sjálfsögðu oft koma frá sveitarfélögum. Samkv. 18. gr. ber ráðuneytinu að hafa samráð við viðkomandi fræðsluráð áður en það tekur afstöðu til slíks erindis.

Ákvæði 18. greinar ber að skoða í samhengi við næstu grein (19. gr.), um gerð áætlana um skipan námsbrauta á framhaldsskólastigi. Kemur þá enn skýrar fram, að ætlast er til aðildar heimaaðila að ákvörðun um skipan þessara mála, jafnframt því að Alþingi verði tryggð nauðsynleg yfirsýn í sambandi við ákvörðun fjárveitinga.

Um 20. gr.

Eins og vikið er að í almennri greinargerð hér að framan (bls. 968) er eðlilegt að gera ráð fyrir, að verklegu námi geti verið fyrir komið með ýmsu móti, bæði innan vébanda viðkomandi framhaldsskóla og í tengslum við eða á vegum atvinnufyrirtækja og stofnana. Í þessari grein felst heimild til að nýta síðari kostinn, enda sé með samningi um það efni tryggt eðlilegt samstarf við hlutaðeigandi skóla. Undir þetta ákvæði gæti m. a. fallið námssamningur við iðnmeistara, en jafnframt er því ætlað að verða grundvöllur samstarfs skóla og atvinnulífs á ýmsum sviðum starfsmenntunar þar sem slíku skipulögðu samstarfi er nú tæpast til að dreifa.

Í 37. gr. frumvarpsins eru gerðar ráðstafanir til að núverandi ákvæði iðnfræðslulaga um réttindi og skyldur iðnnema og meistara falli ekki brott fyrr en þeim málum hefur verið tryggilega skipað í nýrri löggjöf sem taki m. a. til þeirra atriða.

Um 21. gr.

Í 1. málsgr. felst, að yfirstjórn opinberra skólastofnana á framhaldsskólastigi verði að meginreglu í höndum menntamálaráðuneytisins. Undir það ráðuneyti fellur nú þegar langmestur hluti skólakerfisins, en nokkrir sérskólar eru þó á vegum annarra ráðuneyta. Einkum er hér um að ræða nokkrar námsbrautir sem starfræktar eru í tengslum við heilbrigðisstofnanir (sjúkraliðaskóla, þroskaþjálfaskóla, lyfjatæknaskóla, röntgentæknaskóla, ljósmæðraskóla), svo og búnaðarskóla (bændaskóla og garðyrkjuskóla), auk þess sem fáeinir starfsmenntunarskólar eru reknir af ríkisstofnunum (loftskeytaskóli, póst- og símaskóli, lögregluskóli, tollskóli). Eðlilegt virðist að allar námsbrautir í samræmdum framhaldsskóla séu undir yfirumsjón sama ráðuneytis, nema veigamiklar sérástæður mæli með undantekningu. Slíkar ástæður virðast helst koma til álita í sambandi við bændaskólana sem starfa á Hólum og Hvanneyri, svo og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi. Þeir eru reknir í nánum tengslum við umfangsmikil bú, sem gegna veigamiklu hlutverki á sviði tilrauna í þágu landbúnaðarins. Er ekki óeðlilegt að telja að sá háttur sé það þungur á metunum að viðkomandi skólastofnanir eigi fremur heima á verksviði landbúnaðarráðuneytisins en menntamálaráðuneytisins. Hins vegar verður að gera ráð fyrir, að búfræðinámsbrautir verði stofnaðar í tengslum við ýmsa framhaldsskóla landsins, og ættu þær þá að vera undir umsjón menntamálaráðuneytisins. Þá er og mikilvægt, að námið við bændaskólana verði þannig skipulagt, að það geti með eðlilegum

hætti fallið inn í hið samræmda framhaldsskólakerfi, enda er svo ráð fyrir gert í lögum um búnaðarnám, sem samþykkt voru á síðasta þingi (l. nr. 55/1978).

Hinn samræmdi framhaldsskóli mun spanna námsbrautir sem varða flest svið þjóðlífsins. Af þeim sökum er nauðsynlegt að til sé ákveðinn vettvangur fyrir samráð um stefnumörkun í málefnum framhaldsskóla og um samræmda framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið. Þessu hlutverki er **framhaldsskólaráði**, sem um ræðir í 2. málsgr., ætlað að gegna. Gert er ráð fyrir að í framhaldsskólaráði verði fulltrúar aðliggjandi skólastiga, einstakra námssviða framhaldsskólans sjálfs og aðila atvinnulífsins, Kvenfélagasambands Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og félagasamtaka, fulltrúar nemenda, kennara og skólastjóra, auk fulltrúa ráðuneytisins. Miðað við að námsviðin verði 8 að tölu, yrði ráðið með þessum hætti skipað 33 mönnum. Þessu fjölmenna ráði er ekki ætlað að sinna stjórnsýsluverkefnum, heldur að fjalla um meginatriði í stefnu og framkvæmd. Má ætla að hæfilegt þætti að ráðið kæmi saman í þessu skyni einu sinni til tvisvar á ári. Þess hefur orðið vart, að menn væru vantrúaðir á að samkunda af þessu tæi yrði fallin til raunverulegra áhrifa, en telja verður að ráðið ætti að geta orðið harla gagnlegur samráðsvettvangur og raunar hæpið að með góðu móti verði án verið einhverrar slíkrar ráðgjafarstofnunar sem hafi yfirsýn um málefni framhaldsskólastigsins í heild.

Í 3. og 4. málsgr. greinarinnar er fjallað um **námssviðsnefndir** og **námsbrautarnefndir**, skipan þeirra og hlutverk. Verkefni þessara aðila verða fyrst og fremst tengd inntaki náms og námstilhögun. Er þá gert ráð fyrir, að fyrir liggi námsskrá fyrir viðkomandi námsbrautir, þannig að í hlut námsbrautarnefnda komi að fylgjast með framkvæmd og eiga frumkvæði að eða fjalla um breytingar og nýmæli og stuðla með öðrum hætti að þróun náms hver á sinni braut. Námssviðsnefndir hafa mikilvægu hlutverki að gegna við að gæta þess að saræmi sé í störfum námsbrautarnefnda á viðkomandi sviði, þannig að brautirnar einangrist ekki hver frá annarri, gagnstætt því sem að er stefnt með hinum samræmda framhaldsskóla. Vert er að vekja athygli á að gert er ráð fyrir að samstæðar og nátengdar brautir geti verið saman um námsbrautarnefnd og þar með einnig um aðild að námssviðsnefnd. Ljóst er, að á fjölbreyttustu námssviðum verður allmikill fjöldi manna kvaddur til starfa í námsbrautarnefndum, en hvorki verður það talið óæskilegt út af fyrir sig né er þar um að ræða algera nýjung. Má t.d. minna á fræðslunefndir iðngreina sem gert er ráð fyrir í núgildandi iðnfræðslulögum.

Þess skal getið, að þær tillögur sem fram koma í þessari grein um skipan ráðgjafaraðila eru niðurstöður samráðs við ýmsa aðila sem fengu frumvarpið í fyrri gerð til umsagnar.

Í reglugerðarákvæðum sem gert er ráð fyrir í lok greinarinnar þarf m. a. að fjalla um tilhögun á tilnefningu fulltrúa í framhaldsskólaráð, námssviðsnefndir og námsbrautarnefndir, svo og um starfshætti þessara aðila.

Þótt ekki sé vikið að því í sjálfu frumvarpinu er í þessu sambandi rétt að leggja áherslu á, að yfirumsjón málefna hins samræmda framhaldsskóla verður veigamikið verkefni sem krefjast mun eflingar og endurskipulagningar þeirra eininga menntamálaráðuneytisins sem að því vinna.

Um 22. gr.

Það er eindregin skoðun þeirra sem frv. þetta sömdu, að æskilegt sé og eðlilegt að færa ábyrgð á námi á framhaldsskólastigi á hendur sveitarfélaga eða samstarfseininga þeirra að meira marki en nú á sér stað. Þegar frá eru taldir iðnskólar og framhaldsnám við gagnfræðaskóla hafa langflestir framhaldsskólar til skamms tíma verið alfarið á vegum ríkisins, bæði að því er varðar kostnað og stjórnun. Markverð breyting á þessu er að verða með stofnun fjölbrautaskóla á nokkrum stöðum. Má telja þá þróun eðlilega, þar sem ljóst er, að úrkostir um nám að lokinni skólaskyldu og framkvæmd þeirra mála eru nú á tímum atriði sem hverja byggð

skipta miklu, jafnvel engu minna en tilhögun skyldunáms. Meðan framkvæmd öll er á vegum ríkisins er hætt við að áhugi sveitarstjórnarmanna á þessum mikilvægu málum og tækifæri til eðlilegra áhrifa á skipan þeirra verði minni en skyldi. Hins vegar er skólahaldi á framhaldsskólastigi að jafnaði þannig farið, að víðast má gera ráð fyrir, að fleiri en eitt sveitarfélag standi að skólastofnun. Virðist ekki óeðlilegt að leggja fræðsluumdæmin átta til grundvallar, þegar ákveða skal svæðaskiptingu að því er varðar stjórn framhaldsskólamála.

Þau sjónarmið sem nú voru rakin liggja að baki ákvæðum þessarar greinar um hlut fræðsluráða, fræðslustjóra og fræðsluskrifstofa að málefnum framhaldsskóla, hliðstæðan því hlutverki sem þessum aðilum er ætlað á sviði grunnskóla samkvæmt grunnskólalögum, og er ætlast til að um þau verkefni verði nánar mælt í reglugerð. Gera má ráð fyrir, að slík aukning á verksviði hafi í för með sér þörf á eflingu fræðsluskrifstofa, en ekki virðist sjálfsögð ástæða til að breyta ákvæðum um skipan fræðsluráða af þessu tilefni, enda verður að ætla að við val manna í ráðin verði tekið tillit til breytts starfssviðs.

Í lokamálsgrein greinarinnar er fjallað um frávik frá þeirri meginreglu, að fræðsluumdæmi og framhaldsskólasvæði fari saman. Í þeim kafla almennrar greinargerðar, sem fjallar um skólaskipan (bls. 1009 og áfram) kemur fram, að nefndin sem frumvarpið samdi hefur gert ráð fyrir slíkum frávikum í tveimur landshlutum; annars vegar á mörkum Vestfjarðaumdæmis, Vesturlandsumdæmis og Norðurlandsumdæmis vestra, en hins vegar á mörkum Reykjanesumdæmis og Reykjavíkur. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrir að settar verði sérstakar reglur um aðild viðkomandi sveitarfélaga að stjórnsýslu varðandi málefni framhaldsskóla.

Um 23. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að við hvern framhaldsskóla sem rekinn er sameiginlega af ríki og einu eða fleiri sveitarfélögum starfi sérstök skólanefnd. Skólastjórn viðkomandi skóla skal eiga aðild að skólanefndinni, en að öðru leyti skal hún skipuð fulltrúum sveitarfélaga sem að skólanum standa. Um kosningu þeirra fer með mismunandi hætti, eftir því hvernig aðildinni er háttað.

Í 1. mgr. er fjallað um skóla sem heilt fræðsluumdæmi á aðild að ásamt ríkinu og gert ráð fyrir að fyrir hvern slíkan skóla kjósi viðkomandi fræðsluráð skólanefnd. Til greina kæmi, að allar sveitarstjórnir í fræðsluumdæminu ættu hlut að kosningu skólanefndar í slíkum tilvikum, en sú tilhögun mundi óhjákvæmilega verða allflókin í framkvæmd. Sýnist og eðlilegt að kjörið sé falið fræðsluráði, þar sem það fjallar um skólamálefni fræðsluumdæmisins í heild í umboði sveitarfélaganna.

Ákvæði 2. og 3. mgr. fjalla um þau tilvik, er aðild að framhaldsskóla er bundin við hluta sveitarfélaga í fræðsluumdæmi eða eitt sveitarfélag. Þykir eðlilegt, að þá standi einungis hlutaðeigandi sveitarfélög að kjöri fulltrúa í skólanefnd.

Skólanefnd er m. a. ætlað að vera tengiliður milli skólans og viðkomandi sveitarfélaga. Um verksvið nefndanna og skipan skal setja nánari ákvæði í reglugerð. Minna má á, að skólanefndir að nokkru hliðstæðar þeim sem um ræðir í greininni starfa t. d. við Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Keflavík og Fjölbrautaskólann á Akranesi.

Um 24. gr.

Ákvæði tveggja fyrstu málsgreinanna, um skólastjóra og skólastjórn, eru að efni til í samræmi við þá skipan sem í gildi er t. d. í menntaskólum. Í síðustu málsgreininni er fjallað um tilvik, þar sem nám á framhaldsskólastigi er í skjóli grunnskóla að því marki, að ekki er ástæða til að stofna til sérstakrar stjórnunareiningar.

Um 25. gr.

Ákvæðin um nemendaráð eru að nokkru sniðin eftir hliðstæðum ákvæðum í lögum nr. 12/1970, um menntaskóla. Hér er það hlutverk nemendaráðanna að koma sjónarmiðum nemenda á framfæri gagnvart skólastjórn, þó markað öllu víðtækara en þar er gert.

Um 26. gr.

Greinin kveður á um að gert skuli ráð fyrir almennum kennarafundum innan framhaldsskóla, en um verksvið þeirra skal mæla í reglugerð. Það tíðkaðist nokkuð áður, að í lögum um framhaldsskólastofnanir væri gert ráð fyrir að allir fastir kennarar skólans, ásamt skólastjóra, skipuðu skólastjórn. Á síðari árum hefur fremur verið horfið að þeirri tilhögun skólastjórnar að bæði kennarar og nemendur ættu þar kjörna fulltrúa (sbr. t. d. lög nr. 12/1970, um menntaskóla). Eftir sem áður eiga almennir kennarafundir nauðsynlegu hlutverki að gegna, m. a. sem vettvangur til að fjalla um nýmæli í kennslu- og námsháttum.

Um 27. gr.

Í þessari grein eru talin meginverkefni sem rækja þarf í framhaldsskólum og miða ber við í ráðningu starfsliðs. Það verður hins vegar mjög mismunandi eftir nemendafjölda skóla, námssviðum og fjölda námsbrauta, hve mikinn mannafla þarf til að vel sé fyrir öllum nauðsynlegum starfsþáttum séð. Er gert ráð fyrir, að reglur um skipan starfa séu settar í reglugerð(um) með tilliti til mismunandi aðstæðna.

Þótt fjöldi starfsmanna og verkaskipting verði mismunandi eftir skólastofnunum, koma flestallir þeir starfsþættir, sem í frumvarpsgreininni eru taldir, við sögu í hverjum framhaldsskóla, nema hvað störf við mötuneyti og heimavistir verða bundin þeim skólum þar sem slík aðstaða er. Ástæða er til að leggja áherslu á mikilvægi náms- og starfsráðgjafar í samræmdum framhaldsskóla, sbr. almenna greinargerð hér að framan (bls. 21).

Í næstsíðustu mgr. greinarinnar eru fyllri ákvæði en voru í fyrstu gerð frumvarpsins um hver háttur skuli hafður á ráðstöfun starfa í framhaldsskólum, m. a. um tillögu- og umsagnaraðila.

Um 28. gr.

Upphafsákvæði greinarinnar er miðað við, að lög hafa verið sett um kröfur sem fullnægja þarf til að verða settur eða skipaður skólastjóri eða kennari, (sbr. lög nr. 51/1978, um embættisgengi kennara og skólastjóra.) Er þar m. a. að finna ákvæði um menntunarkröfur til kennara framhaldsskóla. Hér er gert ráð fyrir, að í reglugerð megi kveða á um slíkar kröfur til annarra starfsmanna, svo sem þeirra er annast ýmiss konar ráðgjafarstörf.

Í síðari málsgrein greinarinnar er mælt fyrir um, að í reglugerð verði sett ákvæði um orlof og endurmenntun starfsmanna framhaldsskóla. Er þá haft í huga að framhaldsskólakennurum verði tryggð hliðstæð aðstaða á þessu sviði og kennurum grunnskóla, og gert ráð fyrir að slík ákvæði taki einnig til annarra starfsmanna er vinna að uppeldislegum verkefnum við framhaldsskóla.

Um 29. gr.

Í grein þessari er ákveðin meginregla um skiptingu rekstrarkostnaðar framhaldsskólans milli ríkis og sveitarfélaga, sem felst í því, að hlutdeild sveitarfélaga miðist við tvö fyrstu árin og verði þá á sama grundvelli og gildir um grunnskóla en að öðru leyti kosti ríkissjóður framhaldsskólann. Er regla þessi rökstudd annars staðar í greinargerðinni, sjá bls. 970 svo og gerð grein fyrir þeim áhrifum sem hún hefur á kostnað ríkis og sveitarfélaga af rekstri framhaldsskóla, sbr. bls. 1001.

Um 30. gr.

Hér eru tilgreindir þeir kostnaðarliðir sem ríkissjóður greiðir í þeim hluta framhaldsskólans, sem sveitarfélög eiga einnig kostnaðaraðild að. Eru þeir í samræmi við sömu meginatriði í lögum um grunnskóla. Frávik eru þó að því marki, að í grunnskólalögum er ekki áskilið að sveitarfélög greiði til jafns við ríkið kostnað við bókasöfn og félagsstörf, þó að reyndin sé sú að þau leggi þar fé af mörkum og að við það hafi verið miðað þegar grunnskólalögin voru samin eins og fram kemur í greinargerð með þeim.

Einnig er ákvæði um greiðslu á viðhaldskostnaði með sama hætti og var um grunnskóla fram til 1975, en sú breyting varð gerð að færa þann kostnað að fullu yfir á sveitarfélögin. Sérstakt ákvæði er í staflið e) varðandi stofnkostnað skólaverkstæða. Er hér átt við uppbyggingu aðstöðu fyrir verknámsdeildir í iðnfræðslu og hliðstæða kennslu eftir því sem hún verður tekin upp innan framhaldsskólans. Með ákvæði þessu er annars vegar tekið tillit til þess, að stofnkostnaður á nemanda í þessu húsnæði er verulega meiri en í flestu öðru námi, og hins vegar er það ætlunin að með ákvæðinu verði stuðlað að hagkvæmara skipulagi, þ. e. að aðstaða þessi verði ekki byggð upp á fleiri stöðum en nauðsynlegt er með tilliti til sem bestrar nýtingar.

Framlög ríkissjóðs til hinna ýmsu starfa eru ekki bundin á sama hátt og í grunnskólanum. Ástæðan er sú að þessi vettvangur er það fjölbreytilegur eftir eðli náms að ekki eru tök á að gera honum að fullu skil í lögum, en gert er ráð fyrir að ítarlegri ákvæði verði sett í reglugerð.

Um 31. gr.

Í þessari grein er fjallað um rekstraraðild að einstökum skólastofnunum og samvinnu sveitarfélaga um rekstur. Ekki er gert ráð fyrir að skylda sveitarfélög til rekstrar eða rekstraraðildar, þótt æskilegt sé talið að samvinna sé sem víðtækust. Óski sveitarfélag ekki eftir því að vera rekstraraðili er því eftir sem áður skylt að greiða rekstrarkostnað, en þá skv. ákvæðum 33. gr. um námsvistargjöld.

Í greininni er gert ráð fyrir að um kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga verði settar viðmiðunarreglur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Um 32. gr.

Ekki er gert ráð fyrir að unnt verði eða hagkvæmt að hafa allt framhaldsnám í þeim skólastofnunum, sem reknar eru með aðild sveitarfélaga skv. ákvæðum 31. gr. Á það einkum við um mjög sérhæft nám, sem oft byrjar ekki fyrr en lokið er eins til tveggja ára almennum undirbúningi. Er þá haft í huga nám eins og vélstjóranám, stýrimannanám, hjúkrunarnám, búfræðinám o. fl., þó einkum síðari hluti þessara námsbrauta sem kallar á mjög sérhæfða aðstöðu. Gert er ráð fyrir að skólar fyrir nám af þessu tæi geti verið reknir af ríkinu og eins þó þeir taki einnig til nemenda á 1. og 2. ári þessara námsbrauta. Ekkert mælir þó á móti því að sveitarfélög verði meðrekstraraðilar ef þau óska þess.

Um 33. gr.

Þar sem lagafrumvarpið felur ekki í sér skyldu sveitarfélaga til að reka framhaldsskóla og kosta þá að sínu leyti, gætu þau með því að halda að sér höndum komist hjá að greiða kostnaðinn. Til þess að tryggja jöfnuð milli sveitarfélaga að þessu leyti eru í grein þessari ákvæði um námsvistargjöld er sveitarfélög greiði vegna þeirra nemenda sem fyrstu tvö árin sækja skóla, sem sveitarfélagið er ekki aðili að.

Er gert ráð fyrir að námsvistargjöldin verði ákveðin í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga á þeim grundvelli að útgjöld sveitarfélagins verði áþekk því sem orðið hefði, ætti það aðild að skóla fyrir viðkomandi nám.

Ákvæði um námsvistargjald er nú í iðnfræðslulögum og í nokkrum tilfellum hafa sveitarfélög innheimt slík gjöld fyrir nemendur í öðru námi.

Um 34. gr.

Hér er fjallað um kostnað af námskeiðum sem efnt er til utan reglulegs skólastarfs. Þar sem slík starfsemi er á ýmsan hátt frábrugðin hinu reglubundna starfi skólans og oft hliðstæð starfsemi sem fram fer í námsflokkum þykir rétt að um hana gildi sérstök kostnaðarákvæði. Er hér gert ráð fyrir þrískiptingu kostnaðar á milli ríkis, sveitarfélaga og nemenda. Þó verði afnot af húsnæði með venjulegum rekstrarkostnaði þess lögð til af rekstraraðilum skólans.

Þó að um sé að ræða námsáfanga sem einnig koma fyrir í reglulegu starfi skólans er sýnt af þeirri reynslu sem fengist hefur af starfsemi svokallaðra öldungadeilda, að í mörgum tilfellum er ekki um það að ræða að nemendur stefni að því að ljúka námi og ná þeim markmiðum og réttindum sem námslokum fylgja, heldur er hér um að ræða ástundun hugðarefna, hliðstætt og í frjálsu námskeiðahaldi á vegum ýmissa aðila. Þótt slíkt nám sé í sjálfu sér góðra gjalda vert er þó varla ástæða til að um kostnað af því gildi hið sama og um það nám sem ríki og sveitarfélögum er skylt að halda uppi.

Um 35. gr.

Grein þessi fjallar um framkvæmd kostnaðarákvæðanna. Er þar gert ráð fyrir nokkrum tíma til að undirbúa breytingarnar og koma þeim í framkvæmd. Þá er þar og slegið föstum mikilvægum atriðum að því er varðar breytingar á eignaraðild, þar sem gert er ráð fyrir að ný rekstrar- og eignaraðild komist á án þess að um verði að ræða kaup og sölu á þeim mannvirkjum, sem fyrir eru og nú eru notuð fyrir framhaldsskóla.

Hliðstæð ákvæði eða áþekk er að finna í lögum nr. 34/1962, um breytingu á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, í lögum nr. 56/1972 um lögreglumál, og í lögum nr 56/1978, um heilbrigðisþjónustu, enda ekki eðlilegt að breyting á skyldum ríkis- og sveitarfélaga til að sinna ákveðnum verkefnum leiði til uppgjörs á eignum sem ætlað er að gegna áfram sama hlutverki.

Um 36. gr.

Þess er víða getið í einstökum greinum frumvarpsins, að ætlast sé til að málum verði skipað nánar í reglugerð. Raunar er augljóst að með frumvarpinu er stefnt að rammalöggjöf um framhaldsskólastigið, en af því leiðir, að sitthvað sem nú er kveðið á um í lögum um einstakar skólagerðir eða námsstofnanir verður ekki fellt inn í slíka heildarlöggjöf. Hvorki verður þó talið nauðsynlegt né æskilegt að í framhaldi af setningu rammalaga verði sett endurskoðuð lög um einstök námssvið eða námsbrautir. Hætt er við, að slík lagasetning mundi fremur stefna í tvísýnu en stuðla að þeirri samhæfingu náms á framhaldsskólastigi sem er eitt meginatriði þessa frumvarps. Til þess er ætlast, að með ákvæðum frumvarpsins sé mörkuð nægilega skýrt sú stefna sem fylgja beri um mótun og starfsemi námsbrauta framhaldsskóla til þess að framkvæmdaatriðum megi skipa nánar með reglugerðum. Svo sem fram kemur í frumvarpsgreininni er gert ráð fyrir, að reglugerðir á grundvelli laganna geti ýmist tekið til ákveðinna efnisþátta er varða framhaldsskólastigið í heild eða fjallað um einstök námssvið eða námsbrautir. Dæmi um hugsanlegar reglugerðir af síðara tæinu væri reglugerð um hjúkrunarnám, reglugerð um vélstjóranám o. s. frv. Einnig kemur til greina að setja sérstaka reglugerð um tiltekna skólagerð eða einstaka skólastofnun.

Ákvæðum 2. mgr. er ætlað að tryggja að við undirbúning reglugerða verði leitað samráðs við ýmsa aðila sem eðlilegt er að láti starfshætti og rekstur framhaldsskóla til sín taka. Gera má ráð fyrir, að hver einstök reglugerð verði undirbúin af sérstökum starfshópi eða nefnd með fulltrúum þeirra aðila sem efni hennar varðar öðrum fremur, en starfshópi þeim sem um ræðir í greininni er ætlað samræmingarhlutverk eins og þar kemur fram.

Um 37. gr.

Ljóst er, að framkvæmd þeirrar nýskipunar náms á framhaldsskólastigi sem lagafrumvarp þetta gerir ráð fyrir krefst umfangsmikils undirbúnings sem taka mun talsverðan tíma. Nokkur helstu verkefni sem vinna þarf eru talin í inngangskafla hinnar almennu greinargerðar hér að framan (bls. 971). Gildistökuákvæði frumvarpsins er sniðið með hliðsjón af þessu, þar sem gert er ráð fyrir að allt að fimm ár geti liðið frá samþykkt laganna þar til þau koma til fullrar framkvæmdar.

Í frumvarpsgreininni eru talin lög sem gert er ráð fyrir að falli úr gildi jafnóðum og hin nýju lög koma til framkvæmda. Er þar um að ræða flest lög sem nú eru í gildi um einstakar skólagerðir eða námsstofnanir á framhaldsskólastigi. Undantekning eru lög um búnaðarnám, nr. 55/1978, og lög um garðyrkjuskóla ríkisins, nr. 91/1936, sbr. athugasemd við 21. gr. Orkað getur tvímælis hvort ástæða sé til að fella úr gildi lög um Leiklistarskóla Íslands, með hliðsjón af því að verksvið hans sé án beinna skipulagstengsla við nám á framhaldsskólastigi eins og nú háttar. Á hinn bóginn kann það jafnframt að vera röksemd fyrir því að taka ákvæðin um skólann til endurskoðunar í þessu samhengi. Þótt laga nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands, sé ekki getið í upptalningunni, er ljóst að endurskoðun á þeim yrði að óbreyttu nauðsynleg í framhaldi af setningu laga um samræmdan framhaldsskóla, en endurskoðun laganna um Tækniskólann fer nú fram í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögunum sjálfum. Þá er og rétt að vekja athygli á, að áður en ný heildarlöggjöf um framhaldsskólastigið kemur til framkvæmda þarf að fara fram endurskoðun á ýmsum lögum þar sem ákvæði um atvinnuréttindi eru bundin námi samkvæmt núverandi skipan, sbr. t. d. lög nr. 69/1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum. Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að við afnám núgildandi laga um iðnfræðslu verði áfram í gildi ákvæði þeirra laga um löggildingu iðngreina og iðnmeistara og um réttindi og skyldur aðila að námssamningum iðnnema, eða þar til ný löggjöf hefur verið sett um þau efni, sbr. og athugasemd við 20. gr.

Til þess að girða fyrir óvissu um stöðu skólastofnana og námsbrauta meðan ný lög eru að komast til framkvæmda er niðurfelling fyrri laga samkvæmt frumvarpsgreininni bundin því í hverju tilviki, að sett hafi verið reglugerðarákvæði um tilsvarandi námsbraut(ir) á grundvelli hinnar nýju löggjafar.

Þótt þannig sé ekki gert ráð fyrir að lögin komi að öllu til framkvæmda í einu vetfangi þarf að vera unnt að hefjast þegar í stað handa um aðgerðir er miði að því að koma á hinni nýju samræmdu skipan. Er því gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið fái umboð til að heimila einstökum skólum frávik frá tilteknum ákvæðum gildandi laga, ef um er að ræða ráðstafanir sem samrýmast meginstefnu hinnar nýju lögjafar.

Í lokamálsgrein greinarinnar er ákvæði um árlega skýrslugjöf menntamálaráðherra til Alþingis um það starf sem unnið er til að koma löggjöfinni í framkvæmd, þ. á m. um undirbúning reglugerða. Með þeim hætti gefst Alþingi kostur á að tjá vilja sinn um mótun framkvæmdarinnar, jafnóðum og henni vindur fram.

Um 38. gr.

Mjög hefur verið um það rætt á undanförnum árum að nauðsyn beri til að bæta og efla aðstöðu verkmenntunar í landinu. Í þessari grein frumvarpsins, sem er ákvæði til bráðabirgða, er gert ráð fyrir að sérstakt átak á þessu sviði verði forgangsverkefni við undirbúning að framkvæmd löggjafar um samræmdan framhaldsskóla.

VIÐAUKI I.

Hugmyndir um skólaskipan.
Fjármál framhaldsskólans.

UM SKÓLASKIPAN, NEMENDAFJÖLDA OG VERKEFNI EINSTAKRA SKÓLASTAÐA

Nokkur almenn atriði.

Hér á eftir verður reynt að gefa nokkra hugmynd um líklegan nemendafjölda í framhaldsskólum og hugsanlega skiptingu hans á skólastaði. Það skal tekið fram að forsendur þær sem byggt er á eru ekki nægilega kannaðar og því ekki um að ræða nákvæmar tölur hvorki í heild né á einstökum stöðum eða námsbrautum. Þrátt fyrir það ætti þetta yfirlit að gefa allgóða mynd af þeim möguleikum sem kerfið gefur að því er varðar skipulag í framkvæmd og jafnframt stuðla að því að unnt sé að gera sér grein fyrir stöðu og þróunarhorfum einstakra skóla og skólastaða.

Eins og getið er um hér að framan, þar sem drepið er á verkefni einstakra skóla, mun kostnaður af framkvæmd skólahalds ráðast í veigamestu atriðum af skipulagi námsins og er þar bent á þætti svo sem stærð námshópa og nýtingu á húsnæði og búnaði einkum til kennslu og þjálfunar í verklegum greinum. Nauðsynlegt er að settar verði reglur til viðmiðunar um þessi atriði til þess að tryggja hagkvæma framkvæmd en slíkar reglur hljóta að byggjast á ítarlegri könnun.

Ber því að taka eftirfarandi hugmyndir um fjölda nemenda og skiptingu hans á skólastaði með fyrirvara um síðari breytingar, þegar fyllri upplýsingar liggja fyrir.

Áður en vikið er að nemendafjölda skal bent á nokkur atriði sem hafa verður í huga.

a) **Tengsl við grunnskóla.**

Gert er ráð fyrir að framhaldsskóli starfi sem sjálfstæð stofnun eða í tengslum við grunnskóla eftir aðstæðum. Hið síðarnefnda á einkum við fámennari staði, þar sem vart er ráð fyrir því gerandi að um verði að ræða sérstakar stofnanir, heldur verði aðstaða og kennslukraftar nýtt sameiginlega með grunnskólanum. Framhaldsnám á þessum stöðum verður því að nokkru háð því, hvernig til tekst með uppbyggingu grunnskólans. Hér skiptir stærð skólanna verulegu máli, t. d. hvort síðustu aldursárgangar þeirra eru það fjölmennir, að þeir ásamt framhaldsnáminu geti staðið undir nægilegum fjölda sérhæfðra kennara. Hugmyndir nefndarinnar um framhaldsnám á einstökum stöðum eru í meginatriðum miðaðar við, að skólaskipan á grunnskólastigi verði sem næst með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í tillögum ráðuneytisins um skiptingu landsins í skólahverfi frá því í desember 1975. Verulegar breytingar frá þeim kunna að leiða til þess að framhaldsnám á sumum þeim stöðum, sem hér er reiknað með, reynist óraunhæft.

b) **Héraðsskólar.**

Í hugmyndum þessum er miðað við að nýtt verði sem best það húsnæði sem fyrir er til skólahalds, þ. á m. héraðsskólarnir. Ljóst er þó, að sumir þeirra eru þannig í sveit settir, að það skapar verulegan vanda að nýta aðstöðu þeirra til fullnustu, án þess að brjóta gegn skynsamlegu skipulagi að öðru leyti. Þessa gætir þegar að því er varðar suma skólana og þarf að hyggja náið að framtíðarhlutverki þeirra, þegar teknar verða ákvarðanir sem geta haft áhrif á stöðu þeirra.

Ástæður til þess vanda, sem að þessum skólum steðjar nú og kemur fram í þverrandi aðsókn, eru fyrst og fremst þær að uppbyggingu grunnskóla á vegum sveitarfélaga hefur fleygt verulega fram og taka þeir nemendur sem áður sóttu héraðsskólana án þess að nýr starfsvettvangur hafi myndast fyrir þá. Reynt hefur verið að byggja upp í skólum þessum framhaldsnám í formi framhaldsdeilda, en aðsókn hefur víðast verið takmörkuð.

Augljóst er að nýting skólanna fyrir framhaldsnám er verulegum annmörkum háð. Húsnæði flestra þeirra miðast við kennslu 5—7 bekkjardeilda og vistun 100—140 nemenda og kennara þeirra. Á eðlilegu aðdráttarsvæði skólanna, sem í flestum tilfellum má telja að sé ein eða tvær næstu sýslur, er fjöldi unglinga í aldursárgangi yfirleitt 30—40, að frátöldum unglingum á þéttbýlisstöðum þar sem ætla má að framhaldsnám verði. Skólarnir geta því rúmað 3—5 heila árganga af svæðinu. Hins vegar er óframkvæmanlegt að skólar með svo fáa nemendur í hverjum árgangi og í heild bjóði upp á þá breidd í námi og þann fjölda mismunandi námsbrauta sem ætla má að unglingarnir leiti eftir. Með því að sérhæfa skólana, þ. e. að ætla þeim kennslu á fáum námsbrautum verður að vísa hluta af nærsveitanemendum frá, en í staðinn yrðu skólarnir að leita nemenda lengra að, af svæðum annarra héraðsskóla eða frá þéttbýlisstöðum, sem rýra myndi þegar takmarkaða möguleika þar á uppbyggingu framhaldsnáms. Eins eru sérhæfingunni takmörk sett að því er varðar sérbúnað í húsnæði og sérmenntaða kennslukrafta, sem hætt er við að nýtist illa í svo fámennum stofnunum.

Annar kostur er að stækka skólana til þess að skapa rúm fyrir fjölbreyttari kennslu. Telja má þá leið útilokaða þar sem hún fær því aðeins staðist, að ekki verði byggt upp framhaldsnám á þéttbýlisstöðum landsbyggðarinnar, en nemendum þaðan vísað í héraðsskólana. Auk þess að ganga þvert á þá stefnu að gera nemendum kleift að sækja skóla frá heimilum eins lengi og við verður komið, yrði þessi kostur dýrari en flestir aðrir.

Þá má og benda á að hæpið kann að vera að tilætlaður árangur náist með framangreindum leiðum. Reynsla undanfarandi ára sýnir að nemendur leita ekki síður á þéttbýlisstaðina til náms en í heimavistarskóla, ef þeir á annað borð þurfa að leita frá heimilum sínum

Í eftirfarandi hugmyndum hefur því verið við það miðað, að skólar þessir verði ekki stækkaðir frá því sem nú er og að þeir gegni a. m. k. um hríð hlutverki grunnskóla og framhaldsskóla samtímis. Er gert ráð fyrir að þeir hafi 8. og 9. bekk grunnskóla fyrir ákveðið svæði og til viðbótar eina eða fleiri deildir á framhaldsskólastigi, þ. e. á fyrsta og öðru ári þess, þar sem gert er ráð fyrir að námsefni hinna ýmsu námsbrauta verði að vissu marki sameiginlegt og kennsla fámennra aldursárganga ekki eins óhagkvæm og á síðari árum skólastigsins. Verkefni hinna einstöku héraðsskóla yrðu nokkuð mismunandi eftir aðstæðum.

c) **Hússtjórnarskólar.**

Við það er miðað að rekstur hússtjórnarskóla í þeirri mynd sem hann hefur verið breytist og hússtjórnarkennslan færist í auknum mæli til annarra stofnana. Unnt ætti að vera að sameina hússtjórnarskólana öðrum skólastofnunum en sumstaðar virðist þó eðlilegt, að húsnæði þeirra verði ráðstafað til annarra verkefna t. d. á Staðarfelli, Löngumýri og Laugalandi í Eyjafirði.

d) **Bændaskólar.**

Eins og fram kemur í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir búfræðibraut í hinum samræmda framhaldsskóla, sem m. a. kæmi inn á það fræðslusvið sem nú er rækt í bændaskólunum. Hlutverk þeirra myndi því líklega breytast á þann veg, að þeir sinntu fyrst og fremst hinum síðari og sérhæfðari áföngum námsins svo og búvísindanámi. Fyrri áfanga námsins, svo og verkþjálfun, ættu nemendur að geta tekið víðar. Efamál virðist að rétt sé að fjölga bændaskólunum, eins og nú er fyrirhugað með nýjum bændaskóla á Suðurlandi. Má benda á möguleika á að koma upp búfræðinámi í Skógum, að Laugarvatni eða á Selfossi með verkkennslu og þjálfun á nálægum stöðum, þar sem aðstaða er fyrir hendi án þess mikla tilkostnaðar sem því fylgir að byggja upp skóla frá grunni.

e) **Iðnskólar.**

Gert er ráð fyrir að iðnfræðsla verði sameinuð öðru framhaldsnámi á viðkomandi stöðum. Undantekning yrði þó líklega Iðnskólinn í Reykjavík sökum stærðar hans, en hann mundi þá starfa innan samvirks skipulags með nærliggjandi skólastofnunum. Einnig má ætla, að hans hlutverk verði að hafa á boðstólum þær iðnbrautir, sem mest þurfa á sérhæfðri aðstöðu að halda og þeim sem fásóttastar eru og yrðu því ekki fyrir hendi annars staðar.

f) **Menntaskólar.**

Eins og fram kemur í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir að almennt bóknámssvið framhaldsskólans svari í stórum dráttum til menntaskólanáms eins og það er nú, þ. e. á því sviði verði námsbrautir sem ekki veita starfsréttindi eða undirbúning undir ákveðin störf, en miðast fyrst og fremst við undirbúning undir áframhaldandi nám. Að þessu leyti getur starfssvið núverandi menntaskóla haldist að mestu óbreytt, þar sem ekki kemur annað til sem kann að hafa áhrif á það.

Þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði, munu þó líklega hafa nokkur áhrif á starfsgrundvöll menntaskólanna. Í stað þess að menntaskólarnir eru nú svo til einu námsbrautirnar sem leiða til háskólanáms, er gert ráð fyrir að því marki verði einnig náð af öðrum námsbrautum með þeirri viðbót námsáfanga sem nauðsynlegir verða taldir. Einnig er gert ráð fyrir að unnt verði að dreifa almennu bóknámi meira en gert hefur verið, einkum fyrstu áföngum þess. Þetta tvennt ætti annars vegar að leiða til þess, að eftirspurn eftir námi í sérstökum menntaskólum minnki og hins vegar að breyta eftirspurninni á þann veg að færri leiti eftir fyrstu áföngum almenns bóknáms í menntaskólum en síðari áföngunum. Það gæti því í vaxandi mæli orðið hlutverk núverandi menntaskóla að taka við nemendum sem lokið hafa fyrstu áföngum almenns bóknáms á öðrum námsbrautum eða í minni skólum og sjá þeim fyrir þeim námsáföngum sem þá skortir til að hefja nám á háskólastigi.

Ekki er þó gert ráð fyrir að hið sama geti gilt um alla núverandi menntaskóla. Líklegt er að framangreint geti átt við menntaskólana í Reykjavík og Menntaskólann á Akureyri með skipulegri verkefnaskiptingu milli þeirra og annarra skólastofnana á þessum stöðum. Eðlilegt virðist að á Ísafirði verði sameinað í eina stofnun allt framhaldsskólanám þar og á Egilsstöðum verði sömuleiðis skólastofnun með breiðara starfssviði en almennu bóknámi. Á Laugarvatni ætti að vera hægt að sameina í eina stofnun þá framhaldsskóla sem þar starfa nú, e. t. v. að Íþróttakennaraskólanum undanskildum, og nýta aðstöðu þar betur og auka námsframboðið. Með stofnun Menntaskólans í Kópavogi var stefnt að fjölbreyttara námsframboði sem orðið gæti í einni stofnun eða í samvinnu fleiri skóla.

g) **Aðrir framhaldsskólar.**

Um framtíðarskipan annarra framhaldsskóla, sem flestir miða starf sitt við þröngt sérsvið og starfsréttindi, mun fara eftir aðstæðum og hlutverki skólanna. Búast má við að dreifing námsins og áfangaskipting muni hafa þau áhrif á þróun þeirra, að þeir verði að miða starf sitt við að taka við nemendum, sem lokið hafa fyrstu áföngum námsins annars staðar, e. t. v. hlotið takmörkuð starfsréttindi. Skapar þetta þörf fyrir mjög sveigjanlegt skipulag kennslu, t. d. í formi tiltölulega stuttra námskeiða. Í sumum tilvikum kann að verða unnt að færa allt sérnámið inn í stofnanir með fjölþætt verkefni svo sem fjölbrautaskóla, þó í öðrum tilvikum verði nauðsynlegt að halda áfram með sérskóla vegna sérhæfingar námsins og til að taka við nemendum úr minni skólunum.

h) **Verknám í skólum.**

Á síðustu árum hefur verknám í skólum verið mjög til umræðu, einkum að því er iðnnám varðar, og hefur það í sumum tilvikum leyst meistarakerfið af hólmi að hluta til eða að öllu leyti. Ekki liggur þó fyrir sú reynsla af verknámi í skólum hér á landi að alhæfa megi út frá henni. Í þessu sambandi er að mörgu að hyggja og skal fátt eitt nefnt.

— Þó verknám í skóla hafi ýmsa ótvíræða kosti fram yfir meistarakerfið fylgja því annmarkar sem ekki verður litið fram hjá. Ekki er unnt, nema að nokkru leyti, að búa til í skóla þær aðstæður sem mæta nemendum á vinnustöðum og hætta er á að fram komi tilhneiging til einangrunar og stöðnunar.
— Kostnaður við verknám í skóla er mjög mikill, bæði stofn- og rekstrarkostnaður, sökum þess hve mikils þarf við í húsnæði og búnaði og hve smáar kennslueiningar þurfa að vera.
— Verknám í skóla krefst mikillar samþjöppunar, þar sem ekki verður unnt að koma upp og starfrækja þá aðstöðu sem til þarf nema á fáum stöðum á landinu. Ætla má t. d. að fyrir grunnnám í tré- eða málmiðnum þurfi um 20 000 íbúa til þess að fullnýta lágmarksaðstöðu fyrir verknám í skóla. Þegar grunnnámi sleppir og sérgreining hefst þarf enn meira til.

M. a. af framangreindum ástæðum leggur nefndin til að á þessu sviði verði tryggt svigrúm til frekari þróunar og reynslu með því, að auk framantalinna kosta verði tekin upp skipuleg samvinna skóla og atvinnufyrirtækja um menntun og þjálfun nemenda. Augljóst er að ekki gildir hið sama í þessu efni fyrir allar starfsgreinar og ekki þarf hið sama heldur að gilda fyrir alla sem leggja stund á nám með sama lokamarki. Nefndin gerir því ráð fyrir að í meginatriðum verði um tvær leiðir í iðnnámi að ræða, þ. e. leið í gegnum bóknám og verklegt grunnnám í skóla með frekari verklegri þjálfun í atvinnufyrirtækjum eða leið þar sem skólinn annist hið bóklega nám en allur verklegi þátturinn fáist hjá atvinnufyrirtækjum. Hins vegar leggur nefndin áherslu á að verknám sem fer fram utan skóla verði skipulagt af skólunum og undir eftirliti þeirra.

i) **Nýjar námsbrautir.**

Að því leyti sem tillögur nefndarinnar fela í sér nýjar námsbrautir er ekki gert ráð fyrir að stofnaðir verði sérskólar fyrir þær, en þeim verði komið upp við hlið annarra í þeim skólum sem fyrir eru. Um þær, svo og sumt annað nám sem fyrir er, kann að koma í ljós að nauðsyn sé að safna nemendum á þeim brautum saman á fáa eða jafnvel einn stað. Auk þess sem einhverjir núverandi sérskólar fengju slík hlutverk er eðlilegt, að hinir almennu skólar hafi með sér verkaskiptingu að þessu leyti.

Lausleg áætlun um nemendafjölda og skiptingu hans á námsbrautir.

Nemendafjöldi er áætlaður þannig að gert er ráð fyrir að hver aldursárgangur sé 2,1% af íbúafjölda, nema í Reykjavík 1,9%. Miðað er við íbúafjölda 1. desember 1974. Fjöldi í árgangi verður þá svipaður og verið hefur síðustu ár. Þá er gert ráð fyrir að sókn í það nám, sem hinn samræmdi framhaldsskóli nær til, verði þannig:

1. námsár sæki 85% árgangs
2. námsár sæki 70% árgangs
3. námsár sæki 55% árgangs
4. námsár sæki 30% árgangs

Ekki hefur verið áætluð skipting nemenda á hin 8 námssvið, en stuðst er við mun grófari skiptingu sem er þannig:

a) Almennt bóknám án sérstakrar starfsmenntunar.
b) Nám sem miðar að starfsmenntun í ýmsum þjónustugreinum.
c) Nám sem miðar að starfsmenntun í iðn, iðju og tæknigreinum.

Skipting nemenda eftir þessum meginsviðum og námsárum er áætluð þessi í hundraðshlutum af áætluðum árgangi:

	1. námsár	2. námsár	3. námsár	4. námsár
a) almennt bóknám	25%	20%	20%	20%
b) starfsnám í þjónustugreinum	30%	25%	15%	5%
c) starfsnám í iðn, iðju og tækni ..	30%	25%	20%	5%
Samtals	85%	70%	55%	30%

Áætlaður heildarfjöldi nemenda, sbr. töflu hér á eftir, er miðaður við þessar forsendur:

	1. námsár	2. námsár	3. námsár	4. námsár	Alls
a) almennt bóknám	1 093	874	874	874	3715
b) starfsnám í þjónustugreinum	1 311	1 093	656	219	3279
c) starfsnám í iðn, iðju og tækni ..	1 311	1 093	874	219	3497
Samtals	3 715	3 060	2 404	1 312	10 491

Hér á eftir fer yfirlit yfir hugsanlega skiptingu nemenda á skólastaði. Hefur landinu verið skipt eftir fræðsluumdæmum, með þeim frávikum að vegna samgangna er nemendum úr A-Barðastrandarsýslu ætluð samleið með nemendum af Vesturlandi, nemendum úr Strandasýslu með nemendum af Norðurlandi vestra og nemendum af Seltjarnarnesi, Mosfellshreppi, Kjalarnesi og Kjós með nemendum úr Reykjavík, og gert er ráð fyrir að á hverju svæði verði skólahald skipulagt sem ein heild, auk þess sem það falli inn í hinn almenna skipulagsramma tillagnanna.

Það skal tekið fram, að fjöldi nemenda á hverju svæði og hverjum stað er við það miðaður, að nemendur leiti eftir menntun innan svæðisins ef hún er í boði þar. Eins og reynslan sýnir er ekki hægt að treysta þessari forsendu fullkomlega af ýmsum ástæðum og gera má ráð fyrir tilfærslu nemenda á ýmsa lund.

Þar sem forsenda þess, að framhaldsnám dafni á fámennari svæðunum, er að nemendur sæki ekki burt nema möguleikar innan svæðisins séu fullnýttir, er mikilvægt að náin samvinna sé milli skóla innan hvers svæðis um skipulag náms, þannig að tryggt sé að nemendur geti flutt sig þar snurðulaust milli skóla eftir því sem viðkomandi námsbraut krefst.

Framhaldsskólasvæði, íbúafjöldi 1. des. 1974, áætluð stærð aldursárgangs 2,1% af íbúafjölda, nema á svæði F. 10 1,9%.

	Fjöldi íbúa 1.12. 1974	Áætlaður fjöldi í árg. 16—19 ára
F.1 Vesturland og A-Barðastr.s.	14 315	301
F.2 Vestfirðir nema A-Barðastr.s. og Strandasýsla	8 308	174
F.3 Norðurland vestra og Strandas.	11 269	237
F.4 Norðurland eystra	23 572	495
F.5 Austurland	11 919	250
F.6 Suðurland	18 529	389
F.7 Reykjaneskjördæmi án Seltjarnarness, Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhrepps	39 526	830
F.8 Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfells-, Kjalarnes- og Kjósarhreppur	89 190	1 695
	216 628	4 371

Áætluð skipting nemenda á skólastaði — framhaldsskólastig.

Hér með er ráðuneytinu send ályktun um fræðslumál, sem samþykkt var á Fjórðungsþingi Vestfirðinga, sem haldið var á Ísafirði, 27. og 28. f. m.

Þess er vænst, að af hálfu ráðuneytisins sé reynt að sjá til þess, að framkvæmd grunnskólalaganna torveldi ekki skólahald í fámennari sveitarfélögum, þar sem

þess er ekki að vænta að sveitarsjóðir geti tekið á sig stóraukin útgjöld vegna skólahalds.

Þá er þess einnig vænst, að frumvarp það um framhaldsskóla, sem kynnt hefur verið, fái vandlega endurskoðun, og verði ekki lagt fram aftur, meðan í því eru ákvæði, sem ganga gegn áliti og vilja megin þorra sveitarstjórnarmanna.

Virðingarfyllst,

f. h. Fjórðungssambands Vestfirðinga,
Jóhann T. Bjarnason.

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6,
Reykjavík.

Ályktun um fræðslumál:

Fjórðungsþing Vestfirðinga 1977 lýsir yfir fullum stuðningi við ályktun Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 6. maí 1977, um frumvarp til laga um framhaldsskóla. Sérstaklega ítrekar þingið það álit, að það sé á allan hátt eðlilegra að framhaldsskólakerfið verði algerlega kostað af ríkissjóði.

Þingið leggur áherslu á, að við samþykkt laga um framhaldsskóla verði tekið fullt tillit til þarfa landsbyggðarinnar og það viðurkennt, að hægt er að halda uppi víðtæku skólastarfi í minni skólum, ef skipulag þeirra sé við það miðað. Lögin verða að tryggja það, að námi sé fyrirkomið í heimabyggð eins og kostur er.

Þingið telur fráleita þá hugmynd, sem fram er komin á Reykjavíkursvæðinu, að innheimta sérstakt skólagjald af nemendum, sem leita skólavistar í sérskólum, sem staðsettir eru þar, en nemendur allstaðar af landinu þurfa að sækja.

Þingið telur brýna þörf á að breyta til lækkunar ákvæði í grunnskólalögunum um lágmarks fjölda nemenda til að bekkjardeild sé starfrækt, og bendir jafnframt á nauðsyn aukinnar hjálparkennslu og sálfræðiþjónustu.

Þingið bendir á, að enn eru til skólahéruð sem búa við farskólakerfið í reynd. Telur það brýna nauðsyn til bera að finna leiðir til þess, að nemendur efri bekkja grunnskóla í þeim héruðum geti sem fyrst notið fullrar kennslu.

Þá telur þingið óhjákvæmilegt að fræðsluskrifstofa verði starfrækt í umdæminu með þeim hætti, sem ákveðið er í grunnskólalögunum, og heitir á stjórnvöld að leggja fram það fjármagn, sem þarf til að svo geti orðið.

14. FJÓRÐUNGSSAMBAND NORÐLENDINGA

Akureyri 21. desember 1977.

Menntamálaráðuneytið
Reykjavík

Fjórðungsþing Norðlendinga 1977 haldið í Varmahlíð 4.—6. sept. sl. telur mikilsvert að frumvarp til laga um framhaldsskóla skuli komið fram og getur fallist á þá nefndaskipan er í frumvarpinu felst um skipan framhaldsnáms.

Þó vill þingið benda á, að varast verður allar ákvarðanir í þessu efni fyrr en tryggilega hefur verið gengið frá fjármálahlið þess og benda má á ágreining um fjármögnun fræðsluskrifstofanna, sem víti til varnaðar. Þingið telur rétt að ríkissjóður beri meirihluta kostnaðar af framhaldsskólum, en telur að ríkisvaldið og Samband ísl. sveitarfélaga verði að komast að samkomulagi um hvernig fjármálum skuli háttað áður en frumvarpið verður afgreitt, enda hafa þá aðrir þættir þess fengið nánari skoðun fjórðungssambanda og fræðsluráða.

F. h. Fjórðungssambands Norðlendinga
Áskell Einarsson

15. FRÆÐSLURÁÐ AUSTURLANDS

Egilsstöðum, 21. júní 1977.

Menntamálaráðuneytið,
Birgir Thorlacíus, ráðuneytisstjóri
Reykjavík.

Efni: Frv. til l. um framhaldsskóla.

Fræðsluráð Austurlands hefur tekið til umræðu á tveim fundum bréf yðar frá 4. maí s. l. og frv. til laga um framhaldsskóla.

Þá sendi ráðið skólastjórum á Austurlandi bréf eftir fyrri fundinn, þar sem þeir eru beðnir að kynna málið fyrir skólanefndum og láta ráðinu í té umsagnir og athugasemdir fyrir síðari fundinn, sem halda skyldi á Egilsstöðum 20. júní þ. á.

Niðurstöður þessara umræðna og aðgerða af hálfu ráðsins fara hér á eftir:

Fræðsluráð Austurlands er einróma sammála um, að kostir frumvarpsins séu margir og beri því að samþykkja það með nokkrum lagfæringum. Ráðið er sammála um, að það sé æskilegt, að sveitarfélög hefðu hönd í bagga með rekstri framhaldsskóla í landinu, til að treysta bönd skólanna við byggðarlögin, en að þetta væri því aðeins framkvæmanlegt, að áður yrði sveitarfélögunum tryggður tekjustofn til að rísa undir þeim kostnaði, sem af þessu leiddi, og þannig um hnútana búið, að ekki væri unnt að taka tekjustofna, markaða skólahaldi, upp í vanskilaskuldir hafnarsjóða, eða vegna annarra verkefna sveitarfélaga, óviðkomandi skólahaldi.

Fræðsluráð var einnig sammála um, að yfirstjórn skólanna skv. 16. grein, væri alltof viðamikil og þyrfti lagfæringar við, ennfremur að ákvæðið í 17. grein um fræðsluráð, kæmi aðeins til greina, ef sveitarfélög væru aðilar að skólahaldinu, sbr. grunnskólann.

Loks var fræðsluráð sammála óskum, sem fram koma í bréfum frá skólastjóra Seyðisfjarðarskóla og skólanefnd grunnskólans á Búðum, að því tilskildu, að nám í slíkum deildum yrði samræmt og lyti yfirstjórn þess skóla, sem ætlaði að taka við nemendum að lokinni dvöl í heimaskólanum.

Þá fylgja með ljósrit af bréfum þeim, sem fræðsluráði bárust frá skólum á Austurlandi, skv. því sem að framan segir.

Virðingarfyllst,
Steinþór Magnússon.

16. EGILSSTAÐASKÓLI

Egilsstöðum, 5. júní 1977.

Fræðsluráð Austurlandsumdæmis
c/o hr. formaður
Steinþór Magnússon
Selási 5
700 Egilsstaðir.

Varðar bréf yðar dags. 16. f. m.

1. Hugsanlegt framhaldsnám á Egilsstöðum.

Ég tel að vinna beri að því að eftirtaldar námsbrautir/námssvið á framhaldsskólastigi standi nemendum til boða á Egilsstöðum á komandi árum:

1.1. Bóknám sem þegar hefur verið ákv. með lögum nr. 12/1970 um menntaskóla og síðan ákvörðun ráðherra um staðsetningu Menntaskóla Austurlands á Egilsstöðum.

1.2. Iðnnám. 1. áfanga iðnnáms á að vera auðvelt að bjóða upp á hér og 2. og 3. áfanga einnig í einni ákv. iðngrein hverju sinni að fengnum tilskyldum nemendafjölda. Hér tel ég einkum koma til greina nám í sambandi við byggingariðnað. Iðnnám þetta þarf að skipuleggja í náinni samvinnu við Iðnskóla Austurlands í Neskaupstað og vera undir yfirstjórn þess skóla. Reynsla er nú þegar fyrir hendi hvað tekur til slíks fyrirkomulags og gefið góða raun. Má ætla að með þessum hætti sé hægt að halda ungmennum heima við nám og störf sem ella hyrfu úr fjórðungnum til náms annars staðar og kæmu þar af leiðandi e. t. v. ekki aftur á vinnumarkað hér.

1.3. Verslunarbraut. Egilsstaðir eru vaxandi þjónustu- og verslunarstaður. Aðstæður til verklegrar þjálfunar á þessu sviði ættu því að vera fyrir hendi hér. Ennfremur hafa verið hér mjög hæfir kennslukraftar á þessu sviði og verslunargreinar hafa verið aðalvalgreinar nemenda í efstu bekkjum grunnskólans síðustu fjögur ár — þannig að reynsla er nokkur fyrir hendi og áhugi nemenda.

1.4. Uppeldisbraut. Einnig kemur hugsanlega til greina að hefja hér í náinni framtíð kennslu á uppeldissviði þar sem telja verður líklegt að áhugi nemenda hér fari vaxandi hvað tekur til þessa sviðs með tilkomu ýmissa stofnana, sem nú eru í sjónmáli, s. s. rekstri heimilis fyrir vangefna.

2. Forsendur tilgreinds framhaldsnáms.

2.1. Nægilegur nemendafjöldi, þ. e. um 24 nemendur í kjarna og 12 nemendur í hverri sérgrein.

2.2. Aðbúnaður allur, bæði hvað tekur til kennslurýmis og tækja, verði viðunandi, þjálfun á starfsvettvangi viðk. greinar framkvæmanleg og hæfir kennslukraftar fyrir hendi.

2.3. Skv. íbúaskrá skólahverfis Egilsstaðaskóla og meðalprósentuaukningu nemenda í 9. bekk síðastliðin 5 ár má ætla að frá og með ári 1980 útskrifist að meðaltali um 46 nemendur m/grunnskólaprófi frá Egilsstaðaskóla (en ár 1978 og 1979 hins vegar um 26 nemendur). Telja verður líklegt að u. þ. b. 35% hinna 46 nemenda hyggi á bóknám eða sem næst 16 nemendur. Þá má ætla að u. þ. b. 10% nemenda hverfi frá námi eða um 4—5 nemendur. En um 55% eða 25 nemendur munu að líkum kjósa sér annars konar framhaldsnám en bóknám. Því verður að telja eðlilegt að 2 námsbrautir auk venjulegs bóknáms standi nemendum til boða hér á Egilsstöðum ef nægilegur nemendafjöldi er til staðar sbr. V. kafla 12. gr. frumvarps til laga um framhaldskóla sem lagt var fram á 98. löggjafarþingi okkar. Ofangreinda skiptingu byggi ég á reynslu undanfarinna 5 ára hér á Egilsstöðum.

3. **Skólastofnun/framhaldsnám.**
Þegar Menntaskóli Austurlands á Egilsstöðum hefur tekið til starfa þarf að taka ákvörðun um hvort rétt þyki að hann taki einnig að sér annað framhaldsnám en bóknám eða hvort rétt þyki að það fari fram að einhverju leyti á vegum grunnskólans eða hvort um ákv. verkaskiptingu verður að ræða milli nefndra stofnana í þessu tilviki.

4. **Um frumvarp til laga um framhaldsskóla lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976/77.**
Nauðsyn ber til að sett verði lög um samræmt framhaldsnám enda ein forsenda þess að grunnskólalög komi endanlega til framkvæmda.
Að mínu mati eiga lög um framhaldsnám/skóla að vera „rammalög“ með heimildarákvæðum — en frekari ákvæði um hin ýmsu námssvið að ákvarðast af reglugerðarákvæðum hverju sinni. Með þeim hætti tel ég auðveldara að aðlaga námið breyttum kröfum til starfs eða frekara náms á hverjum tíma og stað svo að undirbúningur sá er framhaldsskólanum ber að veita nemendum megi verða sem bestur hverju sinni sbr. II. kafla 3. gr. ofangreinds frumvarps.

Með ofannefnt í huga fagna ég framkomnu lagafrumvarpi um framhalds-

skóla. Sérstaklega fagna ég 12. og 14. gr. frumvarpsins er kveða á um skólaskipan.

Hins vegar er það álit mitt að 16. gr. frumvarpsins, er lítur að skipan framhaldsskólaráðs, þurfi endurskoðunar við. En höfuðforsendu þess að frumvarpið nái markmiði sínu tel ég vera fullt samkomulag ríkisvalds og sveitarstjórna varðandi skiptingu kostnaðar sem af því leiðir áður en það verður að lögum.

5. Að lokum þakka ég bréf yðar og leyfi mér að vona að háttvirt fræðsluráð/fræðslustjóri hafi forgöngu um skipulagningu 3—4 fastra viðræðufunda skólastjóra á vetri hverjum á ákveðnum svæðum í umdæminu þar sem aðstæður leyfa og auðvelt er að ná saman til fundahalds. Fordæmi er fyrir slíkum fundum meðal skólastjóra á Héraði og gáfu þeir góða raun — en eru nú af lagðir.

Með virðingu,

Ólafur Guðmundsson, skólastjóri.

Samrit: Menntamálaráðuneytið.

17. GAGNFRÆÐASKÓLINN Í NESKAUPSTAÐ

Neskaupstað, 7. júní 1977.

Til Fræðsluráðs Austurlands.

Um framhaldsnám í Neskaupstað, v/bréfs frá ráðinu dags. 16.5. '77.

Um allnokkurt skeið hefur farið fram undirbúningsvinna að samræmdum framhaldsskóla í Neskaupstað. Byggir sá undirbúningur á skýrslu frá menntamálaráðuneytinu, byggingadeild og Byggingarnefnd Menntaskóla á Austurlandi „Um skipan náms á framhaldsskólastigi á Austurlandi" október 1973.

Í þessari skýrslu er gert ráð fyrir að framhaldsnám á Austurlandi að loknum grunnskóla verði í náinni framtíð byggt upp á Egilsstöðum og í Neskaupstað og e. t. v. einnig á Höfn í Hornafirði. Gert er ráð fyrir að framhaldsnám á þessum stöðum verði skipulagslega ein heild með nokkuð sameiginlegum kjarna í upphafi, en greinist síðan, og verkaskipting verði með þeim hætti, að á Egilsstöðum verði sérhæfing á sviði bóklegrar kennslu, sem miðist einkum við framhaldsnám á háskólastigi, en í Neskaupstað verði lögð höfuðáhersla á iðn- og tæknimenntun. Hið bóklega nám verði mun viðaminna í Neskaupstað en á Egilsstöðum og er talið heppilegt að tengja það í húsnæði, stjórnun og skipulagi við grunnskólann á staðnum (tvo til þrjá efstu bekki grunnskólans). Með þeim hætti munu kennslukraftar og kennsluaðstaða nýtast betur.

Þá er í þessari skýrslu minnst á þann möguleika að námsþættir á einstökum brautum geti farið fram utan nefndra skólasetra, t. d. í Húsmæðraskólanum á Hallormsstað (hússtjórnarbraut) og tilraunastöðinni á Skriðuklaustri (búfræðibraut).

Um Alþýðuskólann á Eiðum er bent á tvo kosti, annað hvort starfi skólinn einvörðungu á grunnskólastigi eða hafi eitthvert framhaldsnám að auki og þá í nánum tengslum við aðra framhaldsskóla á svæðinu. Er fyrri kosturinn talinn eðlilegri miðað við núverandi aðstæður.

Gert er ráð fyrir að þessir skólar verði skipulagðir í námsbrautir og í stað bekkjarkerfis komi námseiningakerfi, sem geri kerfið í heild sveigjanlegra með tilliti til samgangs milli námsbrauta og skólastofnana.

Í samræmi við þessar áætlanir er nú verið að ljúka samningi um fjölbrautaskóla í Neskaupstað við menntamálaráðuneytið. Mun Iðnskóli Austurlands og Gagnfræðaskólinn sameinast innan tíðar í eina skólastofnun: Framhaldsskóla, sem einnig mun ná yfir 2 til 3 bekki grunnskóla.

Í framtíðinni er áætlað að nemendur geti stundað 2ja ára bóklegt nám við skólann. Vilji þeir halda áfram, geta þeir lokið námi sínu á Egilsstöðum. Aftur á móti verður hægt að ljúka 3ja ára iðnnámi í Neskaupstað eins og þegar er reyndin.

Nú í sumar munu hefjast byggingarframkvæmdir við 1. áfanga viðbyggingar við gagnfræðaskólann. Mun sú bygging rúma bóklega kennslu, stjórnunaraðstöðu og bókasafn. Núverandi skólahús verður innréttað til verklegrar kennslu í tré- og málmsmíði, rafiðnaði, sjóvinnu og handmenntum.

Samstarf Iðnskóla Austurlands og Gagnfræðaskólans í Neskaupstað er þegar hafið. Þessu bréfi fylgir yfirlit* yfir námsframboð í Neskaupstað næsta vetur. Hefur því verið dreift til skóla vegna 9. bekkinga og gagnfræðaprófsnemenda í fjórðungnum.

Virðingarfyllst,

Gerður G. Óskarsdóttir,
skólastjóri.

18. SKÓLANEFND OG HREPPSNEFND HAFNARHREPPS

Höfn, 8. júní 1977.

Formaður fræðsluráðs
Steinþór Magnússon
Selási 5
Egilsstöðum

Varðandi spurningu þína um framhaldsnám hér á Höfn er þetta að segja:

Þegar hafa verið gerðar ákveðnar tillögur til menntamálaráðuneytisins (sjá hjálagt afrit)* um skipan framhaldsnáms hér. Í svarbréfi ráðuneytisins dags. 25. maí er veitt leyfi til framhaldsnáms og verður það því í samræmi við tillögur okkar (sjá hjálagt afrit)*. Vænti ég að þetta svari að nokkru spurningu þinni.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Ingi Sigbjörnsson
skólastjóri

Höfn, 15. mars 1977.

Menntamálaráðuneytið
c/o Hörður Lárusson
Reykjavík

Ástæður þessa bréfs eru einkum tvær:

1. Vegna þeirra breytinga sem grunnskólalögin hafa í för með sér fellur 10. bekkur niður með vorinu.
2. Ekki sýnist hægt að halda hér uppi 11. bekk næsta skólaár. Við teljum því eðlilegt að í stað þessara tveggja deilda komi þegar í haust framhaldsdeild.

Óskir okkar eru því að við gagnfræðaskólann verði komið á fót framhaldsdeild þar sem um verði að ræða almennt bóknám, viðskiptanám og iðnnám. Bent skal á að vel er hugsanlegt að samkenna mikinn hluta kjarnanámsins þannig að greiningin verði eingöngu hvað valið snertir. Með þessu móti væri hægt að bjóða nemendum sem sitja í 9. og 10. bekk nám hér heima. Yrði það byrjun á frekara framhaldsnámi á staðnum.

Benda má á eftirfarandi.

1. Sýnt er að heildarfjöldi nemenda gæti orðið um tuttugu. Eru sveitirnar í kring þá taldar með en þaðan koma alltaf nokkrir nemendur.

* Ekki prentað hér.

2. Kennaraskipti verða lítil sem engin og hafa kennarar þegar nokkra reynslu við kennslu á framhaldsskólastigi. Einnig skal á það bent að kennarafjöldi verður nánast sá sami hvort sem þessi deild verður eða ekki.
3. Húsnæði er nægilegt. Ýmis fyrirtæki hafa lýst sig reiðubúin að ljá húsnæði og búnað þar sem unnt yrði að sinna verklega hluta námsins.

Þegar litið er á þrjú eftirtalin meginatriði, — gildi námsins fyrir byggðarlagið, framboð nemenda og aðstöðu, kemur vart annað til álita en að hér verði komið upp allfjölþættu framhaldsnámi. Væntum við þess að ráðuneytið sinni þeessari ósk okkar.

Virðingarfyllst,
f. h. Skólanefndar og hreppsnefndar Hafnarhrepps.

Guðmundur Ingi Sigbjörnsson.
Stefán Pétur Ólafsson.
Árni Stefánsson.
Birnir Bjarnason.
Kristján Gústafsson.

Afrit sent til menntamálaráðherra og þingmanna Austurlandskjördæmis.

19. ALÞÝÐUSKÓLINN Á EIÐUM

Á fundi skólanefndar Alþýðuskólans á Eiðum þann 30. apríl 1977 var m. a. eftirfarandi bókað í fundargerðarbók:

„Mikið var rætt um framtíðarstöðu skólans og hvernig hann geti haldið stöðu sinni sem eftirsóknarverð menntastofnun innan skólakerfisins sem nemendur sækja í og kennurum finnst áhugavert að starfa við.

Í framhaldi af þessu ályktar skólanefnd og skólastjóri eftirfarandi:

1. Skólinn starfi sem grunnskóli fyrir 8. og 9. bekk fyrir þá nemendur af Austurlandi, sem ekki eiga aðgang að slíku námi í heimaskóla.
2. Sú aðstaða, sem er fram yfir þær þarfir sé nýtt sem framhaldsdeild fjölbrautarnáms t. d. á viðskiptasviði og geti nemendur víðs vegar að sótt það nám í skólann.

Benda forráðamenn skólans á eftirfarandi í þessu sambandi:

I. Í skólanum, sem er heimavistarskóli er hægt að nýta kennslutíma mjög vel og með því hægt að stytta námstímann og spara þannig fjármuni hjá nemendum auk þess sem þeir hefðu lengri tíma til sumarvinnu.
II. Sú námsbraut sem valin yrði, t. d. viðskiptabraut, yrði starfrækt í fullu samráði við væntanlegan Menntaskóla Austurlands og í tengslum við hann.
III. Eiðaskóli er í vitund fólks á Austurlandi menntastofnun sem skilyrðislaust á að skipa veglegan sess innan skólakerfisins."

20. GRUNNSKÓLINN Á SEYÐISFIRÐI

Seyðisfirði 10. júní 1977.

Varðandi frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Ég undirritaður hefi lesið yfir og reynt að kynna mér sem best frumvarp það til laga um framhaldsskóla sem liggur frammi til kynningar og vil að eftirfarandi komi fram.

Ég er samþykkur 4 ára samræmdu framhaldsnámi.

Tel rétt að ríki og sveitarfélög standi saman að rekstri framhaldsskólanna, en tryggja verður sveitarfélögunum tekjustofn til að standa straum af sínum kostnaðarhluta. Varðandi þau 8 svið og brautir innan þeirra er ljóst að valmöguleikar nem-

enda eru fjölbreyttir og reynt er að komast hjá blindgötum á námsleið sem er höfuðnauðsyn.

Reynslan ein getur svo úr því skorið hvernig til tekst, og hægfara þróun í þessa átt er að mínu mati mun heppilegri en stórt stökk með brotlendingu eins og stundum hefur átt sér stað í menntakerfinu.

Varðandi 16. gr. í VI. lið „stjórn" geri ég mér ekki fullkomlega grein fyrir, hvernig svo fjölmenn ráð og nefndir vinna saman, en þætti ekki ólíklegt að þetta mætti einfalda örlítið, til að minnka allt báknið, með því einfaldlega að hafa þessi ráð og nefndir fámennari. Vegna áætlaðrar skiptingu nemenda á skólastað vil ég að eftirfarandi komi fram.

Til að námsbrautir þær er um ræðir í frumvarpinu, nái þeim tilgangi og markmiðum sem þeim er ætlað, þarf aðstaða til námsins að vera mjög góð þ. e. kennslukraftur, húsnæði og tækjakostur.

Til að slíkt megi verða er erfitt að koma á fjölbreyttu framhaldsnámi í hinum fámennari byggðarlögum sakir fjárskorts til uppbyggingar aðstöðu og nemendafæðar. Því ber að stefna að því að byggja upp á hinum stærri stöðum miðstöðvar hinna ýmsu námsbrauta eftir staðháttum og möguleikum á hverjum stað.

Þeir skólastaðir sem veljast til framhaldsnáms á hinum ýmsu sviðum og brautum fá viðurkenningu löggjafans á vissum forréttindum sem smærri byggðarlögin fá ekki. Búseta manna úti á landsbyggðinni ræðst í æ ríkari mæli eftir þeim skilyrðum til menntunar sem viðkomandi bæjar eða sveitarfélag býður upp á. Þessu má ekki gleyma þegar lagt er til að framhaldsskólanám skuli lagt niður alfarið á hinum eða þessum staðnum. Á Seyðisfirði hefur iðnskóli verið rekinn í aldarfjórðung og útskrifað tugi iðnaðarmanna og nú síðast í vetur voru nemendur 10.

10. bekkur gagnfræðanáms hefur verið hér síðan 1970 með 9—15 nem. í bekk ár hvert, misjafnt milli ára eins og gengur.

Hér hafa því verið nú hin síðari ár 20—25 nemendur á vetri í námi á framhaldsskólaaldri.

Með öllu tel ég því útilokað að ákveða alfarið að ekkert framhaldsskólanám skuli fara fram á Seyðisfirði eins og fram kemur í frumvarpinu.

Í viðtölum skólamanna hér, foreldra og nemenda hefur það komið æ betur í ljós að mjög mikill áhugi er fyrir því að fá hér 1. ár framhaldsnáms.

Á öllum námssviðum er gert ráð fyrir nokkuð miklu kjarnanámi á fyrsta ári. Sumar brautir liggja mjög náið hvað þessar kjarnagreinar snertir og kjörsvið annarra geta tengst með smá aðlögun. Nú þegar liggur fyrir að 8—12 nemar í trésmíði og járnsmíði þurfa á iðnnámi að halda næsta vetur og er ekki sennilegt að tengja megi þetta nám að einhverju leyti öðru framhaldsnámi?

Skólanefnd og bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar eru með frumvarpið til umfjöllunar og munu senda frá sér ályktanir nú í lok mánaðar.

Virðingarfyllst,

Þorvaldur Jóhannsson.

21. SKÓLANEFND GRUNNSKÓLANS BÚÐUM

Fáskrúðsfirði, 18. júní 1977.

Fræðsluráð Austurlands,
c/o Steinþór Magnússon.

Á Fáskrúðsfirði hefur verið starfandi 10. bekkur, gagnfræðadeild, síðan 1972. Með nýju grunnskólalögunum er þessi bekkur lagður niður og á námi að ljúka með grunnskólaprófi upp úr 9. bekk. Í frumvarpi að lögum um framhaldsskóla er gert ráð fyrir framhaldsbekk eftir grunnskóla á nokkrum stöðum. Fáskrúðsfjörður er ekki þar á meðal og unum við því illa, teljum það afturför þar sem hér hefur starfað 10. bekkur með ágætum árangri í nokkur ár.

Viljum við því fara þess á leit við Fræðsluráð Austurlands að það beiti sér fyrir því að Grunnskólinn á Búðum fái einnig að hafa þennan framhaldsbekk. Vegna þess hve 9. bekkur í ár var fámennur, yrði þessi bekkur ekki starfræktur næsta vetur heldur fyrst veturinn 1978—79.

Eins og minnst var á áðan teljum við það skref aftur á bak að námið styttist hér heima. Foreldrar vilja hafa börn sín sem lengst heima, enda kostnaðarsamt að senda þau í skóla fjarri heimilum sínum. Fleiri munu líka halda áfram námi þegar framhaldsbekkur er á staðnum. Næstu árgangar eru líka mjög fjölmennir og því góður grundvöllur fyrir starfrækslu framhaldsbekks. Í byggingu er hér nýtt skólahúsnæði og mun því gjörbreytast öll starfsaðstaða.

Fleira mætti upp telja máli þessu til stuðnings. Væntum við þess að Fræðsluráð taki þetta mál til athugunar og veiti þann stuðning sem með þarf svo hér á Fáskrúðsfirði verði starfandi framhaldsbekkur í framtíðinni.

F. h. skólanefndar Grunnskólans Búðum.

Þóra Kristjánsdóttir.

22. FRÆÐSLURÁÐ REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 1. desember 1977.

Á fundi fræðsluráðs Reykjavíkur 28. nóvember s. l. var meðfylgjandi umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla samþykkt með sex samhljóða atkvæðum. Einn fræðsluráðsmanna sat hjá við atkvæðagreiðsluna.

Virðingarfyllst,

Kristján J. Gunnarsson.

Hr. ráðuneytisstjóri
Birgir Thorlacius
Menntamálaráðuneytinu
Hverfisgötu 4—6
Reykjavík.

Nóvember 1977.

Fræðsluráð Reykjavíkur.
Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Fræðsluráð er samþykkt þeirri meginstefnu frumvarpsins að allt nám á framhaldsskólastigi verði samræmt og námsefni skipað í skilgreinda áfanga með opnum leiðum til framhaldsnáms.

Mikilvægt er að stefnt er að því að nemendur stöðvist ekki í námi né tefjist að ráði þótt þeir leyti nýrra leiða á námsbrautinni. Mjög er það til bóta að ætla nemendum mislangan tíma til að ljúka sama námsefni. Fræðsluráð fagnar ekki hvað síst þeirri viðleitni, er í frumvarpinu felst, að gera verk- og bóknámi jafnhátt undir höfði og væntir þess að þeirri stefnu verði fast eftir fylgt.

Þótt fræðsluráð sé meginstefnu frumvarpsins fylgjandi hefur ráðið eitt og annað við gerð þess að athuga og telur frumvarpið þurfa gaumgæfilega athugun og mikilla breytinga við áður en að lögum verður. Frumvarpið er að ýmsu leyti ófullkomið bæði er snertir viss markmið og þó einkum ýmis veigamikil framkvæmdaatriði sem kveða verður á um í lögum.

Þetta kemur ljóslega fram í frumvarpinu þar sem þess er getið við allflestar greinar þess að setja skuli reglugerð um þá þætti sem verið er um að fjalla hverju sinni. Fræðsluráði er vel ljóst að ekki verður hjá því komist að setja reglugerðir um

viss atriði fræðslulöggjafar, en reglugerðum skal í hóf stillt og ekki út gefnar nema brýna nauðsyn beri til. Helst, þegar þess er kostur, ætti að bíða að setja reglugerð, þar til reynsla í framkvæmd fræðslulaga kallar á hana.

Öll helstu grundvallaratriði í stefnu og starfi verða að koma fram í lögggjöf um jafnmargslunginn og örlagaríkan málaflokk sem framhaldsmenntun þjóðarinnar allt að háskólastigi. Eins og þetta lagafrumvarp er að heiman búið skortir á að þessu meginskilyrði sé fullnægt. Samkvæmt frumvarpinu er því miður ekki unnt að gera sér ljóst hvert stefnir með framhaldsskólana í náinni framtíð, hvorki er snertir fræðslu né fjármál.

Fræðsluráð telur einsýnt og varar fastlega við að frumvarpið veiti alltof mikið áhrifavald í krafti reglugerða að lokinni lagasetningu.

Fræðsluráð gerir eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

8. gr.

Hér þarf að kveða á um að við námsval skuli að hluta til, eftir því sem við verður komið, miða við atvinnu og staðhætti heimabyggðar nemenda.

Námsefni, sem beinlínis snertir sögu, mannlíf og umhverfi byggðar eða héraðs nemenda, eykur áhuga og tengir þá með heilbrigðum hætti heimahögum.

Fræðsluráð telur nauðsynlegt og sjálfsagt að í lögum sé beinlínis fram tekið að á framhaldsskólastigi sé rækilega fjallað um umhverfis- og landverndarmál í víðtækum skilningi.

10. og 11. gr.

Þessar greinar eru ófullkomnar og þarf að kveða nánar á í lögum en ekki aðeins í reglugerð um námsmat, starfstíma skóla o. fl., sbr. grunnskólalög.

13. gr.

Skv. greininni á menntamálaráðuneytið að hafa samráð við hlutaðeigandi fræðsluráð. Þarna þarf að kveða fastar að orði, þannig að fræðsluráðin hafi beinlínis tillögurétt enda er það í samræmi við þá stefnu sem fram kemur í greinargerð.

16. gr.

Fræðsluráð telur hugmyndina um framhaldsskólaráð óhagkvæma og nánast óframkvæmanlega. Í þess stað mætti efna reglulega, t. d. annað hvert ár, til allvíðtækrar ráðstefnu þar sem fram gæti komið viðhorf og ábendingar varðandi framhaldsskólana.

Sjálfsagt er að í lögum sé tryggt að í námssviðsnefndum eigi kennarar sæti ásamt sérfræðingum úr viðkomandi starfsgreinum.

21. gr.

Fræðsluráði er ekki ljós nauðsyn þess að setja reglugerð um verksvið almennra kennarafunda.

22. gr.

Fram kemur í greininni að menntamálaráðuneytið skipar fasta starfsmenn framhaldsskóla. Ekki er skilgreint til hvaða starfsfólks skólans þetta ákvæði tekur. Fræðsluráð telur eðlilegt að álíka skipan gildi að þessu leyti og í grunnskólalögum.

Einnig vill ráðið benda á að ekki kemur fram að skylt sé að leita tillagna skólastjóra og fræðsluráðs um val þeirra starfsmanna skólans er ráðuneytið skipar, en varla er hægt að gera ráð fyrir að horfið verði frá ríkjandi reglu að þessu leyti.

23. gr.

Í síðari málsgrein greinarinnar er mikilvægum en um leið mjög fjárfrekum þætti vísað til reglugerðarákvæða í stað þess að ákveða slíkt í lögum.

24., 25. og 26. gr.

Fræðsluráð telur þá stefnu frumvarpsins rétta að sveitarfélög hafi íhlutunarrétt um skólahald á framhaldsskólastigi og beri um leið fjárhagsábyrgð að sínum hluta. Heimamenn hafa betri aðstöðu til að meta aðstæður og þarfir og stuðla að hagkvæmni í rekstri en ríkisvaldið sem stendur fjær.

Skipulag og námsframboð á framhaldsskólastigi hefur bein áhrif á hagi og hætti sveitarfélaga. Því mega þau ekki afsala sér aðild að mótun og framkvæmd löggjafar um framhaldsskóla.

Við þá endurskoðun á skiptingu verkefna og tekjustofna milli ríkis og sveitarfélaga, sem nú stendur yfir, er því nauðsynlegt að tryggja sveitarfélögum tekjustofna í þessu skyni. Jafnframt þarf að búa svo um að því fjármagni verði af hálfu sveitarfélaganna varið eins og til er ætlast.

Vegna mismunandi dreifingar framhaldsskólanna innan héraða og milli landshluta er eðlilegt og óhjákvæmilegt að heimasveit nemanda, er þarf að stunda nám annars staðar, tryggi greiðslu þess kostnaðarhluta sem ríkissjóður greiðir ekki.

28. gr.

Þessi grein boðar einungis reglugerðir um ýmis atriði. Fræðsluráð telur að sumt af því sem þar er fjallað um eigi að binda í lögum svo sem forræði byggingaframkvæmda, svo að alveg sé nú sleppt hinu víðtæka en æði óljósa orðalagi „m. a.“.

Vafasamt er hvort skólareglur þurfa að bindast í reglugerðum.

29. gr.

Sérstaða einkaskóla, sem nú eru kostaðir sem ríkisskólar (sbr. 9. gr. laga 51/1976) er með öllu óeðlileg varðandi inntöku nemenda og býður heim mismunun sem ekki samrýmist nútíma skólahugmyndum. Leiðrétting þessa þolir enga bið.

23. FRÆÐSLURÁÐ REYKJANESUMDÆMIS

Garðabæ, 17. nóv. 1977.

Á fundi fræðsluráðs Reykjanesumdæmis hinn 15. nóvember s. l. var m. a. rætt um frumvarp til laga um framhaldsskóla sem lagt var fram á Alþingi á s. l. vori.

Eftirfarandi bókun var samþykkt með öllum atkvæðum:

„Fræðsluráðið er samþykkt meginatriðum frumvarps til laga um framhaldsskóla sem lagt var fram í vor. Ráðið telur brýnt að koma á samræmdum lögum um framhaldsskóla. Ráðið er sammála samrekstri ríkis og sveitarfélaga á framhaldsskólum, enda sé þess gætt að saman fari fjárhagslegar skuldbindingar og tekjustofnar. Jafnframt bendir fræðsluráðið á að framhaldsskólaráð, skv. 16. grein er of fjölmennt til að vera starfhæft. Loks telur fræðsluráðið eðlilegt að í lögum um framhaldskóla sé stefnt að notkun fjölmiðla á borð við útvarp og sjónvarp til hjálpar við kennsluna.“

Þessu er hér með komið á framfæri.

F. h. fræðsluráðs Reykjanesumdæmis

Helgi Jónasson, fræðslustjóri.

Hr. menntamálaráðherra,
Vilhjálmur Hjálmarsson
Menntamálaráðuneytinu
Hverfisgötu 4—6
Reykjavík.

24. FRÆÐSLURÁÐ SUÐURLANDS

Selfossi, 25. nóvember 1977.

Heiðraði viðtakandi.

Fræðsluráð Suðurlandsumdæmis ásamt fræðslustjóra og framkvæmdastjóra Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga tók frumvarp til laga um framhaldsskóla fyrir á fundi sínum 24. þ. m., og gerði þar um eftirfarandi samþykkt:

„Fræðsluráð Suðurlands lýsir sig samþykkt meginanda frumvarps til laga um framhaldsskóla frá '76—77.

Þó telur ráðið að hlutdeild sveitarfélaga bæði að rekstrar- og stofnkostnaði þurfi verulegrar endurskoðunar við þar sem m. a. sveitarfélögum verði tryggðir nýir og auknir tekjustofnar.

Enn fremur er ráðið þeirrar skoðunar að sérskólar eigi að vera byggðir og reknir af ríkinu."

Undir fundargerðina rituðu þessir menn.

Óli Þ. Guðbjartsson, Hermann Guðmundsson, Helgi Bjarnason,
Ingimar Ingimarsson, Jón R. Hjálmarsson, Ölvir Karlsson.

Virðingarfyllst,

Jón R. Hjálmarsson.

25. SKÓLANEFND SIGLUFJARÐAR

Siglufirði, 5. maí 1977.

Á fundi Skólanefndar, 2. maí s. l. var gerð eftirfarandi bókun og samþykkt:

Formaður Skólanefndar skýrði frá fundi Fræðsluráðs á Norðurlandi vestra, sem haldinn var í Varmahlíð, en þann fund sóttu þeir form. og skólastjóri, Gunnar Rafn Sigurbjörnsson.

Á þessum fundi var rætt og kynnt væntanlegt fyrirkomulag á framhaldsskólastigi, samkvæmt frumvarpi til laga um framhaldsskóla. Samkvæmt því er hlutur Siglufjarðar alltof lítill að dómi þeirra, sem fundinn sóttu, og má vitna í margar fyrri samþykktir Skólanefndar Siglufjarðar varðandi skipulag framhaldsskóla í kjördæminu.

Nokkrar umræður urðu um þetta mál og kom fram eftirfarandi tillaga:

„Skólanefnd Siglufjarðar mótmælir harðlega þeirri tillögu um skiptingu námsbrauta á Norðurlandi vestra, sem fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laga um framhaldsskóla, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Skólanefndin bendir á, að á Siglufirði er nú kennsluhúsnæði fyrir allt að 80 nemendur umfram þarfir grunnskólans. Má því gera ráð fyrir, að ef farið yrði að tillögu frumvarpsins um eins árs nám fyrir ca. 40 nemendur á framhaldsskólastigi, yrði hér samt ónotuð aðstaða fyrir allt að 40—50 nemendur. Telur Skólanefndin eðlilegast og hagkvæmt, að hér verði haldið uppi a. m. k. tveggja ára námi á framhaldsskólastigi. Jafnframt lýsir Skólanefndin yfir því, að hún er reiðubúin til að tryggja allt að 80 nemendum á framh.skólast. námsaðstöðu á næsta skólaári, að undanskilinni þó heimavistaraðstöðu, enda myndi meirihluti nemenda vera úr Siglufirði, ef um tveggja vetra framh.nám yrði að ræða. Þó kunna að vera möguleikar á að tryggja hana að einhverju leyti líka, ef það mál væri tekið til athugunar í tíma."

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,

Skúli Jónasson, form. Einar M. Ellertsson, ritari.

26. SKÓLANEFND NESKAUPSTAÐAR

UMSÖGN
um „frumvarp til laga um samræmdan framhaldsskóla.“

Skólanefnd Neskaupstaðar telur nauðsynlegt að á Alþingi því sem nú situr verði sett lög um samræmdan framhaldsskóla, sem m. a. bindi enda á mismunun námsbrauta og geri verkmenntun jafn hátt undir höfði og bóklegu námi. Ágallar núverandi kerfis eru fjölmargir, og erfitt að aðhæfa það nýjum og breytilegum aðstæðum. Það fullnægir engan veginn menntunarþörfum, þ. e. annars vegar eftirspurn einstaklingsins eftir menntun og hins vegar þörfum þjóðfélagsins og stofnana þess fyrir menntað fólk.

Það er skoðun nefndarinnar, að frumvarp það um samræmdan framhaldsskóla, sem kynnt var á síðasta Alþingi feli í sér svigrúm til flestra þeirra breytinga sem nauðsynlegar eru, og er nefndin samþykk mörgum meginatriðum þess, en lætur liggja milli hluta, hvort sveitarfélög eigi einhvern þátt í rekstri framhaldsskóla eða ríkið standi eitt undir kostnaði við þetta skólastig. Aðalatriðið sem tryggja þarf, er að allar námsbrautir sitji við sama borð.

Skólanefndin telur rétt að gera nokkrar athugasemdir við einstaka kafla frumvarpsins og benda á nokkur atriði til áherslu.

I. Inngönguskilyrði.

Skólanefndin lýsir þeirri skoðun að ekki eigi að takmarka með lögum eða reglugerðum aðgang nemenda að framhaldsnámi. Sama gildi um nám fullorðinna. Eðli náms á einstökum brautum, ásamt aukinni námsráðgjöf, ætti að leiða til eðlilegrar dreifingar nemenda á námsbrautir, og tryggja að hæfileikar einstaklingsins njóti sín í námi. Einnig telur nefndin æskilegt, að við inntöku nemenda í framhaldsskóla verði þeim gefinn kostur á stöðuprófum, þannig að þeir hefji nám í hverri grein miðað við getu. Slík próf er eðlilegt að nemendur geti tekið allþétt á námstímanum.

II. Námsskipan.

Þeim markmiðum sem felast í frumvarpinu verður ekki náð nema til komi breyting á starfsháttum og hlutverki skólanna, samhliða breyttu námsefni og skipulagi kennslu. Það er skoðun nefndarinnar að þessum markmiðum verði ekki náð nema hinn samræmdi framhaldsskóli verði skipulagður í áfangakerfi. Nefndin varar við þeim hugmyndum, sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu, að reynt verði að finna skipulagsform sem verði millistig hins hefðbundna bekkjarkerfis og áfangakerfis. Slíkt kerfi yrði vafalaust skammtímalausn og myndi því aðeins skapa glundroða og verða skólanum og nemendum til tjóns.

Sú reynsla, sem fengist hefur af áfangakerfi hér á landi, sýnir ótvíræða kosti þess fram yfir bekkjarkerfið. Má þar m. a. geta eftirfarandi atriði:

a. Áfangakerfi auðveldar samstarf milli skóla. Forsenda þess er þó sú, að um samræmt einingakerfi verði að ræða, og allir skólar vinni eftir sömu áfangalýsingum.
b. Samræmdar námskröfur auðvelda námsmat þegar nemendur skipta um námsbraut eða skóla og jafnframt er tiltölulega auðvelt fyrir nemendur að skipta um námsbraut, einkum á fyrri hluta námstímans.
c. Nemendur geta hagað námsvali og námshraða eftir getu og þörfum. Með sjálfstæðari ákvarðanatöku nemenda um námsefni og námshraða en nú tíðkast, má leiða að því líkur að afstaða þeirra til náms verði jákvæðari.
d. Áfangakerfið gerir kleift að samþætta ólíkar námsbrautir í einni stofnun og er það mat nefndarinnar að stefna beri að því að í sem flestum framhaldsskólum séu að minnsta kosti nokkrar námsbrautir. Auk þess félagslega gildis sem

í þessu felst má reikna með að hið hefðbundna mat almennings á mismunun bóknáms og verknáms hverfi, sé hvort tveggja í boði í sama skóla.

e. Möguleikar eru á meiri fjölbreyttni í námi úti um land, á þeim svæðum þar sem framhaldsskólar starfa.

f. Valmöguleikar nemenda aukast..

Helstu annmarkar áfangakerfisins sem fram hafa komið eru þessir:

a. Í smærri skólum verður fjöldi nemenda í einstökum námsáföngum minni en í hefðbundnu bekkjarkerfi. Kennslukostnaður verður því hlutfallslega meiri.

b. Stjórnun verður flóknari og töflugerð ekki leyst með viðunandi hætti nema með tölvuvinnslu.

c. Vart hefur orðið félagslega vandamála nemenda í stærri skólum samfara því að bekkjarheildir rofna.

d. Eyðum fjölgar í stundatöflum nemenda og kennara.

Þessa annmarka verður að skoða frá fleiri en einni hlið. Í staflið — a — er vikið að mikilvægum atriðum. Annars vegar er um að ræða kennslufræðilegar forsendur og óskir manna um að dreifa náminu meira en hingað til í þeim tilgangi að nemendur geti stundað lengur nám heima fyrir, þ. e. í sama landshluta. Hins vegar kostnaðurinn við skólahaldið með dreifingu skólanna um landið og smækkun rekstrareininga. Þessi kostnaðaraukning er þó að öllum líkindum ekki veruleg þar sem fjölmargir sameiginlegir námsáfangar eru á hinum ýmsu brautum. Auk þess vegur þungt, að hér er um að ræða jöfnun námsaðstöðu nemenda úti um land.

Nauðsyn tölvuvinnslu á stundatöflum og námsbókhaldi skólanna er ekki séreinkenni áfangakerfis. Fjölgun nemenda, á hvaða skólastigi sem er, krefst aukinnar hagræðingar. Því má ætla að notkun tölvu í þessum tilgangi leiði fremur til sparnaðar en útgjaldaaukningar.

Að mati nefndarinnar hefur og mikið verið gert úr félagslegum vanköntum áfangakerfisins. Gera má ráð fyrir að fyrri félagstengsl nemenda rofni síður í fjölbrautaskóla með áfangakerfi þar sem nemendur sem áður dreifðust í ýmsa skóla stunda nú nám í sömu stofnun. Líkur eru því fyrir því að félagshópurinn stækki fremur en hitt. Auk þess gætir þessa vandamáls ekki nema í stærri skólunum. Með aukinni áherslu á félagslíf nemenda, ráðgjöf og breytta kennsluhætti má auk þess draga verulega úr líkum á félagslegri einangrun.

Síðast talda atriðið, um eyður í stundatöflu, er ekki stórvægilegt vandamál ef þess er gætt að nemendur og kennarar hafi góða vinnuaðstöðu í skólanum.

Núverandi námsskrár framhaldsskóla eru í mörgu ófullkomnar og í sumum tilfellum ekki fyrir hendi. Eitt veigamesta atriðið í endurskipulagningu framhaldsskólastigsins er því gerð samræmdar námsskrár fyrir allt stigið. Áherslu verður að leggja á að þessu verki verði hraðað, og þá jafnframt skilgreint markmið einstakra námsáfanga. Einnig liggur mikið verk óunnið í gerð kennslubóka og kennslugagna. Nauðsynlegt er að nú þegar verði gerð framkvæmdaáætlun, útvegað fjármagn, tryggð vinnuaðstaða og starfsfólk ráðið vegna þessa þáttar.

Nefndin telur eðlilegt að Skólarannsóknardeild menntamálaráðuneytisins hafi alla forustu á þessu sviði.

III. Skólaskipan.

Skólanefnd Neskaupstaðar leggur áherslu á, að fylgt verði eftir þeirri stefnu sem mótuð er í frumvarpinu, að í hverjum landshluta verði eins fjölbreytilegt val námsbrauta og við verður komið. Áfangaskipting námsefnis opnar þann möguleika að skólar geta annast grunnám á nokkrum brautum og einnig sérnám eftir því sem henta þykir. Forsenda þess að þetta takist er að miðstýring hins samræmda skóla verði veruleg.

Nefndin lýsir ánægju sinni með ákvæði 14. gr. frumvarpsins um áætlanagerð og telur að þannig megi tryggja aðhæfingu skólanna að breyttum aðstæðum á hverjum tíma.

Í frumvarpinu kemur fram að menntamálaráðuneytinu og fræðsluráðum í fræðsluumdæmum samkvæmt grunnskólalögum er ætlað að axla verulega ábyrgð og hafa afskipti af málefnum framhaldsskólans. Nefndin er samþykk þessari stefnu, en vekur athygli á, að þessir aðilar eru alls ekki við því búnir að taka við þessu hlutverki. Eðlilegt væri að inn í frumvarpið yrði fellt ákvæði um eflingu þeirra stjórnunareininga sem hér um ræðir.

Um leið og skólanefndin varar við of mikilli dreifingu framhaldsnáms út um land, ekki síst með tilliti til kennslukrafta, telur hún vænlegt að „kjarnaskólum" (fjölbrautaskólum) í hverjum landshluta verði ætlað það hlutverk í samráði við viðkomandi fræðsluráð að ákvarða um dreifingu framhaldsnáms innan landshlutans og vera ráðgefandi um val einstakra námsþátta (námsbrauta, áfanga,).

Nefndin er andvíg ákvæðum um framhaldsskólaráð, sem fram koma í 16. gr. frumvarpsins. Sú skólaskipan, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, leiðir af sér aukið samstarf skólanna innbyrðis annars vegar og skólanna og atvinnulífsins hins vegar. Þau atriði, sem fram koma í samstarfi þessara aðila, ættu að endurspeglast í starfi námssviðsnefndanna, sem gætu þá að hluta til tekið við hlutverki framhaldsskólaráðs. Einnig má hugsa sér ársfund stjórnenda framhaldsskólanna sem ráðgefandi samkundu fyrir ráðuneytið ásamt opnum ráðstefnum um málefni framhaldsskólans annað hvert ár. Með þessum hætti yrði betur gegnt því hlutverki sem að virðist stefnt með tillögunni um framhaldsskólaráðið.

IV. Fjármál.

Eitt af verkefnum þeirrar nefndar sem nú fjallar um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er kostnaðarskipting vegna reksturs og bygginga framhaldsskóla. Skólanefnd Neskaupstaðar telur að einhver fjármálaleg aðild sveitarfélaga að rekstri framhaldsskóla geti út af fyrir sig komið til greina, en leggur þunga áherslu á að deilur um fjármálaþáttinn verði ekki látnar tefja lagasetningu um samræmdan framhaldsskóla og jafna fjármögnun til allra námsbrauta á þessu skólastigi af hálfu ríkisins. Nefndin bendir á, að einn alvarlegasti agnúinn á skólakerfinu er mismunun bóknáms og verknáms að því er kostnaðarhlutdeild ríkisins og þróunarmöguleika varðar. Stendur þetta þvert í vegi fyrir uppbyggingu verknámsbrauta víðast hvar utan Reykjavíkur. Búi eitthvað bak við tal stjórnmálamanna um nauðsyn á eflingu verkmenntunar, er hér prófsteinn, sem löggjafinn hlýtur að taka á, hvað sem öðrum þáttum líður.

Skólanefnd Neskaupstaðar vill að lokum árétta eftirfarandi:

Hlutverk framhaldsskóla er í eðli sínu hið sama og grunnskólans, þ. e. að stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins, er þangað leitar. Til viðbótar kemur í framhaldsskólanum meiri áhersla en áður á starfslega þjálfun, er nýtast á í hagnýtum störfum. Mikil nauðsyn er á góðu og nánu samstarfi milli starfsmanna og yfirstjórnar stofnana á þessum skólastigum og samræmdri menntastefnu allt til háskólastigs. Slík menntastefna þarf m. a. að fela í sér:

— Góðar aðstæður til kennaramenntunar og samhliða þeim miklar kröfur til hæfni kennarans.
— Góðan aðbúnað fyrir kennara og nemendur og aðgang að nægum námsgögnum.
— Lýðræðislega uppbyggingu allra þátta skólastarfsins, þar sem eðlileg áhrif nemenda og kennara á starfsemi skólans eru tryggð.
— Ríka áherslu á almenna menntun, hvert svo sem starfsþjálfun beinist, og samþættingu náms er reynir á huga og hönd til að sigrast megi á úreltri aðgreiningu í bóknám og verknám.
— Sem jafnasta aðstöðu nemenda til náms, þrátt fyrir mismunandi þroska og hæfileika, og óháð búsetu og efnahag.
— Að svo sé búið að skólanum að þeir geti orðið opin fræðslusetur fyrir fólk á öllum aldri til að sækja þangað nám og næði til sjálfsmenntunar.

Til að þetta geti orðið þarf í senn skilning ráðamanna, er endurspeglast í samræmdri og sveigjanlegri löggjöf fyrir öll skólastig, og nægjanlegar fjárveitingar til skólanna og þess sem þeim tengist.

Neskaupstað, 8. desember 1977.

Í skólanefnd Neskaupstaðar

Hjörleifur Guttormsson, formaður, Björn Magnússon, Sigrún Geirsdóttir.
Randíður Vigfúsdóttir, Björn Steindórsson.

Aðrir er um málið fjölluðu.

Gerður Óskarsdóttir, skólastjóri, Gísli Sighvatsson, skólastjóri,
Guðrún Björnsdótir, kennarafulltrúi, Valur Þórarinsson, skólafulltrúi.

Sent, menntamálaráðuneytinu, menntamálanefndum Alþingis, fræðsluráði og fræðslustjóra Austurlands, alþingismönnum Austurlands og Bæjarstjórn Neskaupstaðar.

27. BÆJARSTJÓRN SEYÐISFJARÐAR

Seyðisfirði 29. júní 1977.

Útskrift úr fundargerðabók bæjarstjórnar Seyðisfjarðar.

Ár 1977, föstudaginn 24. júní kom bæjarstjórn saman til fundar í barnaskólanum.

20.1. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar mótmælir því fastlega að ekkert nám á framhaldsskólastigi er áætlað á Seyðisfirði í áætlun þeirri er fylgir í frumvarpi til laga um framhaldsskóla sem nú liggur frammi til kynningar. Slíkt skref afturábak í menntamálum kaupstaðarins er stórháskalegt eðlilegri framþróun bæjarfélagsins og verður ekki við slíkt unað.

Bæjarstjórn ítrekar ályktun skólanefndar til menntamálaráðneytis frá fundi 21. júní 1977 varðandi þessi mál og felur skólastjóra Grunnskólans og skólanefnd að leita eftir úrlausn á grundvelli hennar við fræðslustjóra og menntamálaráðuneyti.

Samþykkt með 9 atkv. samhljóða.

Rétta útskrift staðfestir

Helga Torfadóttir.

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6,
Reykjavík.

28. SKÓLANEFND SEYÐISFJARÐAR

Seyðisfirði, 23. júní 1977.

Útskrift úr fundargerðabók skólanefndar Seyðisfjarðar.

Þriðjudag 21. júní 1977 var haldinn fundur í skólanefnd Seyðisfjarðar.

6.1. Nefndin hefur lesið og rætt frumvarp til laga um framhaldsskóla lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—1977.

Vegna þess, að í áætlun um skólaskipan, nemendafjölda og verkefni einstakra skólastaða, sem fylgir þessu frumvarpi, er Seyðisfjörður alveg sniðgenginn, vill nefndin taka eftirfarandi fram:

4. bekkur gagnfræðaskóla hefur verið hér á Seyðisfirði síðan 1970 með 9—15 nemendum. Einnig hefur Iðnskóli starfað hér í um aldarfjórðung, nú

síðast með 10 nem. í bekk, enda eru hér í bænum ýmis iðnfyrirtæki, sem boðið hafa unglingum upp á fjölbreytt iðnnám. Nefndin bendir líka á, að þeir unglingar, sem luku grunnskólaprófi héðan í vor, hafa í engin sérstök hús að venda til frekara náms, meðal annars vegna þess að ýmis sú aðstaða, sem til er tekin í fyrrnefndri áætlun, er óvíða fyrir hendi og verður fyrirsjáanlega ekki næstu ár. Auk þess bendir nefndin á að kostnaður við að senda unglinga af staðnum til náms er þungur fjárhaldslegur baggi og ýmsum heimilum ofviða. Enda eru svipuð rök færð fram í áðurnefndri áætlun varðandi framhaldsskóla á Dalvík og Ólafsfirði, sem eru svipaðir að stærð og Seyðisfjörður. Það er og álit nefndarinnar að auðvelda eigi smærri byggðarlögum að taka að sér hluta framhaldsmenntunar, en ekki að taka af þeim þá möguleika sem þau hafa haft, bæði af þeim ástæðum sem fyrr eru nefndar og einnig, að annars er hætt við að margir unglingar hætti námi af fjárhaldsörðugleikum eða aðstöðuleysi af öðrum ástæðum. Auk þess er hætt við, að þeir, sem ungir fara burt af heimaslóðum, flytjist þangað aldrei aftur, og er sú blóðtaka ýmsum byggðarlögum háskaleg.

Því endurtekur nefndin tilmæli sín til ráðuneytisins, að hér á Seyðisfirði verði starfandi 1. bekkur framhaldsskóla næsta vetur fáist tilskilinn nemendafjöldi.

Rétta útskrift staðfestir

Helga Torfadóttir.

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6,
Reykjavík.

29. STÉTTARSAMBAND BÆNDA

Reykjavík, 9. nóvember 1977.

Menntamálaráðuneytið,
c/o Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri,
Reykjavík.

Á s. l. vori óskaði ráðuneytið umsagnar Stéttarsambands bænda um frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Stjórn Stéttarsambandsins hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum, en af ýmsum ástæðum hefur ekki verið hægt að ganga frá umsögn um frumvarpið fyrr en nú.

Stjórn Stéttarsambands bænda telur að ákvæði frumvarpsins um fjölbreytt og samræmt framhaldsnám stefni í rétta átt. Mikilvægt er, að völ verði á sem fjölbreyttastri framhaldsmenntun sem víðast um landið, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, og nemendur á framhaldsskólastigi þurfi ekki að leita um langan veg í önnur héruð til að afla sér þekkingar eins og verið hefur víða hér á landi skv. gildandi löggjöf.

Þá er það einnig mjög til bóta, að samkvæmt frumvarpinu fái heimamenn nokkra íhlutun um skipulag framhaldsmenntunar í sínu fræðsluumdæmi.

Við einstakar greinar frumvarpsins vill stjórn Stéttarsambandsins gera eftirfarandi athugasemdir:

13. gr.

Þar er kveðið svo á, að menntamálaráðuneytið ákveði hvar starfrækja skuli framhaldsskóla og til hvaða námsbrauta hver skólastofnun taki í samráði við hlutaðeigandi fræðsluráð.

Hér virðist eðlilegt að fræðsluráðin leiti álits skólanefnda í viðkomandi fræðsluumdæmi. Á þetta sérstaklega við um skólanefndir hinna stærri skóla og skólahverfa.

14. gr.

Stjórn Stéttarsambandsins telur eðlilegt að einnig hér gefi fræðsluráð umsögn að fengnum tillögum skólanefnda. Ekki er óeðlilegt að íbúar viðkomandi byggða vilji hafa hönd í bagga um hvert unglingar leita til framhaldsnáms og æskilegt að sjónarmið hinna ýmsu byggða komi fram í þessu sambandi.

15. gr.

Í greininni er rætt um gerð samninga við stofnanir eða fyrirtæki um að annast tiltekna þætti verkmenntunar í samstarfi við framhaldsskóla.

Ekkert kemur fram í greininni hverjum er ætlað að gera umrædda samninga í umboði ráðuneytisins.

Stjórnin telur að um það þurfi að vera skýr ákvæði í lögum hvort þetta verður á valdi viðkomandi skóla, fræðslustjóra og fræðsluráðs eða annarra aðila.

Er þetta sérstaklega mikilvægt varðandi búnaðarmenntunina eins og vikið verður að síðar.

16. gr.

Í greininni kemur fram hvaða aðilar ráðgert er að eigi fulltrúa í framhaldsskólaráði.

Stjórn Stéttarsambandsins telur að endurskoða þurfi þessi ákvæði frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands eigi 3 fulltrúa hvort í ráðinu, en fjölmennum samtökum eins og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja er ekki ætlað að hafa nein áhrif í þessu sambandi. Ekki er heldur gert ráð fyrir neinum fulltrúa í framhaldsskólaráði frá sumum samtökum atvinnuveganna eins og t. d. Fiskifélagi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands og Iðnþróunarstofnuninni. Þá er öllum grunnskólum í landinu aðeins ætlað að eiga einn fulltrúa í ráðinu.

24. gr. — 27. gr.

Þessar greinar fjalla um skiftingu kostnaðar vegna reksturs og stofnunar framhaldsskóla. Frumvarpið gerir í stórum dráttum ráð fyrir því að kostnaðarskiptingin verði þannig, að ríkissjóður greiði stofnkostnað og viðhaldskostnað í hlutföllunum 70/100 á móti sveitarfélögunum (heimavistir 85/100), kennslu- og stjórnunarkostnað greiðir ríkissjóður allan, en annan reksturskostnað að hálfu á móti sveitarfélögunum. að hálfu á móti sveitarfélögunum.

Hér er um veigamiklar breytingar að ræða, þar sem ríkissjóður hefur hingað til greitt allan byggingar- og reksturskostnað menntaskóla og allan reksturskostnað og hálfan stofnkostnað héraðsskólanna.

Stjórn Stéttarsambandsins telur að það sé með öllu ofviða sveitarfélögunum, einkum þeim minnstu í strjálbyggðum héruðum, að taka á sig kostnað af byggingu og rekstri framhaldsskóla, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, nema til komi verulega auknar tekjur þeirra, og telur að þessu þurfi að breyta.

Þá bendir stjórnin á, að nemendur í dreifbýli þurfa að greiða verulegan ferða- og dvalarkostnað vegna námsins og er hér um mjög mikinn aðstöðumun að ræða miðað við nemendur þéttbýlis. Lögð er áhersla á að séð verði fyrir jöfnun þessa aðstöðumunar.

Auk framangreindra athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins bendir stjórn Stéttarsambandsins á eftirfarandi atriði sem hafa verður í huga við þessa lagasetningu.

Í frumvarpinu er ekkert minnst á framtíðar hlutverk héraðsskóla og húsmæðraskóla, en í skýringum er þess getið að ætlunin sé að nýta þá fyrir nemendur í 8.—9. bekk grunnskóla úr nærliggjandi byggðum og fyrir 1.—2. bekk framhaldsskóla í tengslum við aðra skóla á viðkomandi skólasvæðum.

Stéttarsamband bænda hefur margsinnis bent á örðugleika sem því fylgja fyrir fólk í sveitum að þurfa að senda börn sín ung að heiman í skóla. Því varar

stjórnin við þeirri lausn að nota héraðsskóla fyrir tvo efstu bekki grunnskólans, nema þar sem unnt er að koma við daglegum heimakstri nemenda eða að lágmarki helgarakstri.

Á það verður að leggja mikla áherslu við skipulagningu alls skólastarfs, að þeirri megin stefnu verði fylgt að gera nemendum kleyft að sækja skóla frá heimilum sínum eins lengi og við verður komið. Við uppbyggingu framhaldsskóla í þéttbýli, sem einnig er ætlað að þjóna nærliggjandi byggðum, verður jafnframt að sjá aðkomunemendum fyrir heimavist þar sem heimakstri verður ekki komið við. Bygging heimavistarhúsnæðis verður að vera á kostnað ríkisins.

Varðandi framtíð héraðsskóla og húsmæðraskóla leggur stjórn Stéttarsambandsins áherslu á að þeim verði fundið hlutverk í framhaldsskólakerfinu, og bendir á þá lausn, að þeir verði einkum notaðir fyrir kennslu á þeim námssviðum sem líklegt er að nemendur úr dreyfbýli kjósi sér.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sameina megi í eina stofnun eða undir eina stjórn skóla á sama framhaldsskólasvæði. Ástæða er til að vara við því að ganga of langt í slíkri sameiningu, því hætt er við að stórir skólar, sem e. t. v. starfa á mörgum stöðum, verði erfiðir í stjórnun og að einstakar greinar, s. s. verklegar greinar, verði hornreka skólanna.

Varðandi kennslu á búfræðisviði leggur stjórnin áherslu á mikilvægi verklegrar menntunar. Menntun til bústarfa þarf að vera mjög fjölbreytt og grípa inn á mörg sérsvið. Ekki er hægt að búast við sérstökum réttindum eftir eins árs nám á búfræðisviði. Frekar væri rétt að gera ráð fyrir slíku eftir að lokið væri námi í búnaðarskóla. Nauðsynlegt er að tengja nám í bændaskólunum við annað framhaldsnám, þó svo þeir skólar heyri undir landbúnaðarráðuneytið.

Ljóst er að það getur orðið erfiðleikum bundið við suma framhaldsskóla að sjá nemendum fyrir viðunandi kennslu í sumum greinum búfræðináms, sérstaklega verklegum greinum námsins og verði því að leita til aðila utan skólans um að taka að sér þann þátt kennslunnar. Hér skal því að lokum enn lögð áhersla á mikilvægi þess að ákvæði 15. gr. frumvarpsins séu skýr og gert sé ráð fyrir þeim sérstöku aðstæðum sem haldgóð kennsla í verklegum greinum búnaðarmenntunar krefur.

Virðingarfyllst,

f. h. Stéttarsambands bænda,

Gunnar Guðbjartsson Hákon Sigurgrímsson.

30. HJÚKRUNARFÉLAG ÍSLANDS

GREINARGERÐ

Hjúkrunarfélags Íslands um „frumvarp til laga um framhaldsskóla".

Inngangur

Frá stofnun Félags íslenskra hjúkrunarkvenna 1919 hafa menntunarmál íslenskrar hjúkrunarstéttar verið efst á baugi. Þær hjúkrunarkonur sem lært höfðu hjúkrun, sóttu menntun sína til annarra landa, fyrst og fremst til Norðurlanda. Með aðild FÍH að SSN, Samvinnu norrænna hjúkrunarkvenna 1923 varð íslenskum konum auðveldara að komast í hjúkrunarnám.

Stofnun Hjúkrunarkvennaskóla Íslands árið 1931 er einn merkasti áfangi í sögu hjúkrunarmála á Íslandi. Þar með opnaðist möguleiki á að fleiri en áður kæmust í hjúkrunarnám. Námstíminn var 3 ár, bóklegt og verklegt, en til að fá full réttindi til hjúkrunarstarfa varð að bæta við 6 mánuðum í geðhjúkrun, hér heima eða erlendis.

Starfsréttindi ísl. hjúkrunarkvenna voru tryggð með lögum nr. 27, 19. júní 1933. Þar með var lögfest að hjúkrunarkonur hefðu öðlast þá menntun og hæfni sem nauðsynleg er til starfa í heilbrigðisþjónustunni.

Blokk-kerfið svonefnda, þar sem nemendur hverfa úr verklegu námi á heilbrigðisstofnunum í bókleg námskeið, var tekið upp hér 1948, um svipað leyti og annars staðar á Norðurlöndum. Þessi tilhögun er enn við lýði, en gerðar hafa verið á henni allmiklar breytingar í þá átt að bóklegt nám hefur aukist og verkleg kennsla á deildum fer fram undir stjórn og eftirliti sérmenntaðra hjúkrunarkennara, að miklu leyti. Enn þarf þó að bæta námið. Þrátt fyrir eindregnar óskir forráðamanna Hjúkrunarskóla Íslands og stéttarinnar allrar og þá þjóðfélagslegu þörf sem gerir sífauknar kröfur til betri menntunar, hefur enn ekki tekist að koma hjúkrunarnáminu á það stig að það fylgi kröfum tímans.

Samkvæmt lögum nr. 13, 23. júní 1932 um ljósmæðra og hjúkrunarkvennaskóla Íslands, var undirbúningsnám fyrir inntöku í skólann: héraðsskólapróf, gagnfræðaskólapróf eða kvennaskólapróf, með viðunandi vitnisburði.

Með lögum frá 20. desember 1944 og lögum frá 10. apríl 1962, eru inngönguskilyrði í Hjúkrunarskóla Íslands enn þau sömu, þ. e. landspróf miðskóla, gagnfræðaskólapróf eða hliðstæð menntun.

15. febrúar 1974 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf um hjúkrunarfræðinám í landinu. Formaður nefndarinnar var skólastjóri Hjúkrunarskóla Íslands, Þorbjörg Jónsdóttir. Nefndin skilaði áliti í júlí 1976.

Drögin að „frumvarpi til laga um hjúkrunarskóla“ hafa enn ekki verið lögð fram og harmar Hjúkrunarfélag Íslands það mjög.

Í drögum þessum er gert ráð fyrir að inngönguskilyrði í Hjúkrunarskóla Íslands verði lokapróf úr menntaskóla, fjölbrautaskóla eða hliðstæð menntun, er uppfylli ákveðin lágmarksskilyrði í tilteknum námsgreinum.

Að stefnt sé að því að grunnnám í hjúkrunarfræði fari á háskólastig. Ennfremur er gert ráð fyrir að samræmt verði allt hjúkrunarfræðinám í landinu með ákveðnum aðlögunartíma.

Nefndin hefur þá í huga að haustið 1973 tók námsbraut í hjúkrunarfræði til starfa við Háskóla Íslands. Fyrstu nemendurnir þaðan brautskráðust vorið 1977. Þessi áfangi, sem markar tímamót í sögu hjúkrunar á Íslandi er í fullu samræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað í læknavísindum og heilbrigðismálum undanfarna áratugi og er forráðamönnum í menntunarmálum landsins til mikils sóma.

Annar mikilsverður áfangi í menntunarmálum hjúkrunarfræðinga sem mjög ber að þakka og hefur orðið heilladrjúgt, er að síðan árið 1975 hafa hjúkrunarfræðingar átt kost á framhaldsnámi í hinum ýmsu sérgreinum hjúkrunar í Nýja hjúkrunarskólanum, sem einnig hefur grunnnám.

Síðastliðið haust gekkst menntamálaráðuneytið fyrir því í samráði við Hjúkrunarfélag Íslands, að við Kennaraháskóla Íslands hófst nám fyrir verðandi hjúkrunarkennara sem mun bæta úr langvinnum skorti.

Á undanförnum árum hefur það gerst að nýjar stéttir hafa tilkomið innan heilbrigðisþjónustunnar. Fyrir þessar stéttir hefur verið lagt upp gott nám og ber að fagna því. Fyrir starfsstéttir sem skýrt og greinilega, samkvæmt reglugerðum, eru aðstoðarfólk hjúkrunarfræðinga, lyfjafræðinga eða lækna, eru gerðar hærri kröfur um undirbúningsnám en miðað er við fyrir Hjúkrunarskóla Íslands. Þessi þróun getur vart talist heillavænleg né eðlileg.

ÁLITSGERÐ

1. Staðsetning og lengd hjúkrunarfræðináms innan menntakerfisins.

Frumvarp til laga um framhaldsskóla gerir ráð fyrir að hjúkrunarfræðinám fari fram innan fjölbrautaskólanna, og taki 4 ár (9 mánuði hvert, sem eru 36 mánuðir) og nemendur ljúki námi með réttindi sem hjúkrunarfræðingar.

Síðan bætist við 1—2 ár (9 mánuðir hvort) sem eru 9—18 mánaða nám til sérfræðiréttinda. Samfara námi á kjörsviði virðast nemendur eiga að stunda almennt nám, í tungumálum, stærðfræði o. s. frv.

Hjúkrunarfélag Íslands telur óraunhæft að hjúkrunarfræðinám fari fram á framhaldsskólastigi, enda væri það stórt skref aftur á bak frá því sem hér hefur verið. Allt frá 1931 hefur Hjúkrunarskóli Íslands verið þriggja ára skóli. (11 mánuðir hvert = 33 mánuðir). Samkvæmt reglugerð eru inngönguskilyrði í Hjúkrunarskóla Íslands gagnfræðapróf, en reyndin hefur verið sú, að allt að helmingur umsækjenda eru stúdentar og aðrir hafa lokið 2—3 bekkjum í framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna (samsvarar 3—4 bekkjum í fjölbraut). Þetta hefur orðið til þess að Hjúkrunarskóli Íslands hefur getað aukið gæði þess náms sem þar fer fram.

Það sérfræðinám innan hjúkrunar, sem hér hefur farið fram er 11—22 mánaða langt, svo einnig það yrði skref aftur á bak.

Það nám sem fram fer í hjúkrunarskólunum í dag gerir þær kröfur til nemenda að þeir hafi ákveðna grundvallarþekkingu á valdi sínu, ella yrði þeim ókleyft að stunda þar nám.

Hjúkrunarfræði er vísindagrein og þess vegna óraunhæft að ætla námsmönnum að leggja stund á hjúkrunarfræði jafnhliða almennu námi sem hún byggir á.

„Frumvarp til laga um framhaldsskóla“ gerir ráð fyrir að 4. árinu sé skipt í annars vegar hjúkrunarfræði og hins vegar ljósmóðurfræði. Hjúkrunarfélag Íslands telur að ljósmæðranám eigi að vera sérfræðinám að loknu hjúkrunarfræðinámi, en ekki sitt hvort námið.

Þeir hjúkrunarfræðingar sem lykju ljósmæðranámi fengju þá réttindi sem ljósmæður. Á það má benda að á síðustu 5 árum hafa milli 40 og 50 ljósmæður farið í hjúkrunarfræðinám, lokið því og fengið sérfræðiviðurkenningu.

Hjúkrunarfélag Íslands telur eðlilegt að hjúkrunarfræðinám sé á háskólastigi (þó þannig að stjórnin sé í höndum sérmenntaðra hjúkrunarfræðinga), vegna þess að:

1. hjúkrunarfræðingar starfa sjálfstætt að sinni grein, en ekki undir stjórn annarra. (Hjúkrunarlög nr. 8, 13. mars 1974, sbr. lög nr. 32, 22. maí 1975) Hjúkrunarfélag Íslands telur því rökrétt að gera meiri námskröfur til hjúkrunarfræðinga en heilbrigðisstétta, sem samkvæmt lögum og reglugerðum starfa undir annarra stjórn.
2. menntun hjúkrunarfræðinga víða í heiminum er á háskólastigi eða stefnir þangað, enda er álit W. H. O. að svo eigi að vera, samanber erindi Dorothy Hall, ráðgjafa W. H. O. um hjúkrunarfræðinám, 12. 02. 1974.
3. Það er eðlileg þróun að bæta nám.

Frumvarp til laga um framhaldsskóla gerir ráð fyrir að nemendur geti orðið hjúkrunarfræðingar á 20. aldursári.

Álit Hjúkrunarfélags Íslands er að fólk innan 18—20 ára aldurs hafi ekki nægan þroska til þess að mæta þeirri ábyrgð sem starfið leggur þeim á herðar og veita þá þjónustu sem þarf. Alkunna er, ekki einungis hér á landi, heldur og flestir skólar erlendis gera þá kröfu að nemendur sem teknir eru inn séu a. m. k. 18 ára.

Starfssvið hjúkrunarfræðinga.

Þegar skipuleggja á nám verður slíkt að gerast með hliðsjón af því sem starfið felur í sér.

Hjúkrunarfræðinám stefnir að því marki að gera nemendann hæfan til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa. Eins og hjúkrunarfræðinám er skipulagt í „frumvarpi til laga um framhaldsskóla“ virðist þetta sjónarmið ekki haft í huga.

Sem aðili sjálfstæðrar heilbrigðisstéttar tekur hjúkrunarfræðingurinn þátt í að efla félagslega, sálræna og líkamlega velferð einstaklingsins, hvort sem hann er í sínu eðlilega umhverfi eða innan sérstakrar heilbrigðisstofnunar.

Efling heilbrigðis felur í sér að fyrirbyggja, greina, veita meðferð og endurhæfa.

Hjúkrun er meðferð sem tekur mið af þörfum einstaklingsins, líffræðilegum, andlegum og félagslegum.

Hjúkrunarfræðingurinn athugar og greinir áhættuþætti í umhverfi einstaklingsins er áhrif hafa á heilbrigði hans og vellíðan, og reynir að koma í veg fyrir að heilsa hans bíði tjón af.

Þegar heilsa einstaklingsinsins gerir hann ófæran um að fullnægja daglegum þörfum sínum grípur hjúkrunarfræðingurinn inn í og miðar að því að efla virkni einstaklingsins með hliðsjón af þeim aðstæðum er sjúkdómurinn hefur orsakað. Hjúkrun felur í sér auk líkamlegrar og andlegrar aðhlynningar, kennslu og stjórnun og byggir mikið á mannlegum samskiptum.

Hjúkrunarfræðingurinn samræmir og tengir störf hinna ýmsu heilbrigðisstétta. Auk þekkingar í hjúkrunarfræði krefst starfið þekkingar á ýmsum sviðum atferlis og líffræði vísinda.

Út frá áðurgreindum starfsþáttum telur Hjúkrunarfélag Íslands ljóst:

1. Að hjúkrunarfræðinám geti ekki farið fram innan framhaldsskólastigsins.
2. Undirbúningsnám eins og gert er ráð fyrir í „frumvarpi til laga um framhaldsskóla“ er ófullnægjandi, eigi nemandinn að geta tileinkað sér það námsefni sem krafist er fyrir hjúkrunarstarfið í dag.
3. Óraunhæft er að ætla nemendum að stunda almennt nám jafnhliða svo umfangsmiklu sérnámi og hjúkrunarfræðinám er.
4. Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að 19 ára einstaklingar hafi yfirleitt öðlast þann þroska, sem nauðsynlegur er til þess að geta innt af höndum sjálfstæð hjúkrunarstörf.

Aðrar námsleiðir á heilbrigðissviði.

„Frumvarp til laga um framhaldsskóla“ leggur til að nám fyrir heilbrigðisstéttir verði skipulagt sem samræmd heild. Innan sviðsins eru auk hjúkrunarfræðibrautar, snyrtibraut, þjónustu- og ritarabraut, lyfjatæknabraut, röntgentæknabraut og sjúkraliðabraut.

Í 4. gr. hjúkrunarlaga frá 26. febrúar 1974 er kveðið á um að ekki megi ráða aðra en hjúkrunarkonur eða hjúkrunarmenn samkv. 1. gr. hjúkrunarlaga, til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa við sjúkrastofnanir, elliheimili, heilsuvernd eða hjúkrun í heimahúsum.

Í reglugerð fyrir Sjúkraliðaskóla Íslands, 2. gr. segir:

„Hlutverk skólans er að kenna fólki hjúkrunarstörf er það síðan vinnur undir stjórn hjúkrunarfræðinga.“

Augljóst er að hér er um ólíkt starfssvið að ræða. Eins og sjúkraliðanám er lagt upp í „frumvarpi til laga um framhaldsskóla“ er gert ráð fyrir 2 ára námi. Fyrra námsárið almennt bóknám en hið síðara sérhæft. Þessi ár verði að verulegu leyti samræmd námi á hjúkrunarfræðibraut og virðist koma til álita að hafa sjúkraliðanám sem fyrsta stig að hjúkrunarfræðinámi og samhæfa námið alfarið.

Sjúkraliðanám hefur ekki veitt nemanda möguleika á inngöngu í Hjúkrunarskóla Íslands, uppfylli hann ekki þær kröfur sem gerðar eru til undirbúningsnáms.

Markmið með námi þessara heilbrigðisstétta eru ólík þar sem hjúkrunarfræðingur stundar sjálfstæð störf að námi loknu en sjúkraliði ekki.

Jafnframt er rétt að benda á þá staðreynd að verkleg þjálfun verður að vera stór þáttur í námi sjúkraliða eigi þeir að geta unnið þau störf sem verksviðið nær til.

Sjúkraliðamenntun getur því ekki orðið fyrsta stig að hjúkrunarfræðinámi, né heldur er það raunhæft að sjúkraliðamenntunar sé krafist fyrir þann er hyggur á hjúkrunarfræðinám.

Gagnvart lyfjatækna- og röntgentækna-námi sem starfrækt er hér á landi er rétt að benda á að þær starfsstéttir starfa undir stjórn lyfjafræðinga og lækna eins og reglugerðir kveða á um.

Stjórnun hjúkrunarfræðináms.

Hjúkrunarfélag Íslands telur að stjórn menntamála hjúkrunarstéttarinnar sé vel komin í menntamálaráðuneyti. Þó þannig að hjúkrunarsérmenntaður deildarstjóri haldi þar um stjórnvölinn.

Hjúkrunarfélagi Íslands finnst einnig fara vel á því að Heilbrigðismálaráðuneyti — Hjúkrunarráð sjái um starfsleyfa veitingu stéttarinnar, innan þeirra marka að lágmarks skólaganga hjúkrunarfræðinga sé 3 ár í viðurkenndum hjúkrunarskóla.

Hjúkrunarfélag Íslands telur að öll hjúkrunarmenntun eigi að vera á háskólastigi, undir stjórn hjúkrunarsérfræðinga á öllum sviðum.

Kostnaður.

Í frumvarpi til laga um framhaldsskóla er gert ráð fyrir skiptingu kostnaðar við skólahald milli ríkis og sveitarfélaga. Hjúkrunarfélag Íslands telur að kostnað við nám hjúkrunarfræðinga eigi hér eftir sem hingað til að greiða úr ríkissjóði.

Hjúkrunarfélag Íslands telur að óeðlilegt sé að leggja á einstök sveitarfélög, að kosta menntun stéttar sem allir landsmenn njóta góðs af.

Niðurstaða

1. Hjúkrunarfélag Íslands hafnar frumvarpi til laga um framhaldsskóla í núverandi mynd.
2. Aðfaranám að hjúkrunarfræðinámi verði í samræmi við niðurstöður nefndar skipaðri af menntamálaráðuneytinu 15. febrúar 1974.
3. Óraunhæft er að ætla að hægt sé að stunda almennt undirbúningsnám samhliða svo umfangsmiklu sérnámi sem hjúkrunarfræðinám er.
4. Sjúkraliðamenntun er á engann hátt æskilegur undanfari hjúkrunarfræðimenntunar.
5. Hjúkrunarfélag Íslands álítur að fólk innan 18—20 ára aldurs hafi ekki nægan þroska til þess að mæta þeirri ábyrgð sem starfið leggur þeim á herðar og veita þá þjónustu sem einstaklingar eiga rétt á.
6. Álit Hjúkrunarfélags Íslands er að hjúkrunarfræðinám eigi að samræma og verði allt á háskólastigi.
7. Hjúkrunarfélag Íslands skal eiga fulltrúa í öllum nefndum, starfshópum og ráðum, sem gera áætlanir um og skipuleggja menntun á sviði heilsugæslu og hjúkrunar og álits leitað, vegna sérþekkingar þeirra.

Virðingarfyllst,
f. h. Hjúkrunarfélags Íslands

Svanlaug Árnadóttir
formaður.

Aukafulltrúafundur Hjúkrunarfélags Íslands 7. 9. 1977 vill gera að tillögu sinni að „Frumvarpi til laga um framhaldsskóla“ (lagt fram á Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—1977), verði hafnað í núverandi mynd.

Fundurinn telur að undirbúningur fyrir hjúkrunarfræðinám skuli vera stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Hjúkrunarskóli Íslands verði gerður að Hjúkrunarháskóla, allt grunnnám í hjúkrunarfræði verði þannig samræmt og fært á háskólastig að nauðsynlegum aðlögunartíma liðnum.

Að próf sem veita tiltekin starfsréttindi skulu metin jafngild án tillits til þess á hvaða tíma þau eru tekin.

Að séð verði fyrir símenntun og framhaldsmenntun eftir þörfum hjúkrunarstéttarinnar.

Hjúkrunarfélag Íslands skal eiga fulltrúa í öllum nefndum, starfshópum og ráðum af svipuðu tagi, sem gera áætlanir um og skipuleggja menntun á sviði heilsugæslu og hjúkrunar og álits leitað, vegna sérþekkingar þeirra.

Jafnframt leggur fundurinn áherslu á: Að vinna þurfi að mjög ýtarlegri athugun á vexti hjúkrunarþarfarinnar á næstu árum.

HJÚKRUNARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 13. desember 1977.

Árlegur fulltrúafundur Samvinnu norrænna hjúkrunarfræðinga, SSN, fór fram í Hanaholmen í Finnlandi dagana 13.—16. september 1977.

Aðalumræðuefni fundarins var: Vinnulýðræði sem skapað gæti starfsliði heilbrigðis- og hjúkrunarþjónustu betri vinnuskilyrði.

Hjúkrunarfélag Íslands vill vekja athygli á samþykktum fulltrúafundarins, og sendir þær hér með til kynningar.

Virðingarfyllst,
f. h. Hjúkrunarfélags Íslands

Svanlaug Árnadóttir
formaður.

Samþykktir:

SSN hefur í öllu starfi sínu unnið að því að gera norrænu hjúkrunarstarfsliði það mögulegt að fá í raun með ákvörðunarrétt í málum sem varða heilbrigðis- og hjúkrunarþjónustu.

SSN álítur:

að lög eða reglugerðir eigi að vera til um ákvörðunarrétt,
að aðrar lagasetningar eigi að miða við lög og reglugerðir um meðákvörðunarrétt,
að með aðstoð eigin valinna fulltrúa í stofnun sem hefur ákvörðunarrétt, eigi starfsliði í heilbrigðis- og hjúkrunarþjónustu, í framtíðinni að vera tryggður meðákvörðunarréttur og samábyrgð,
að jafnvægi skuli vera milli aðila vinnuveitenda og starfsliðs við ákvarðanatöku,
að allt starfslið njóti viðhaldsmenntunar í vinnutímanum og á kostnað vinnuveitenda, svo kleift verði að framkvæma áætlunina um vinnulýðræði.

Fulltrúafundur SSN mælir með því, að hjúkrunarfélögin taki virkan þátt í því að vinna að framkvæmd vinnulýðræðis fyrir allt starfslið heilbrigðis- og hjúkrunarþjónustunnar samkvæmt ofangreindri stefnu.

Fulltrúafundurinn fagnaði því, að á 63. þingi Alþjóðavinnumálstofnunarinnar var annars samþykkt reglugerð og hins vegar tillögur varðandi lífskjör og vinnuskilyrði hjúkrunarstarfsliðs. Það er skoðun SSN að samþykktir þessar muni hafa mikla þýðingu í baráttunni fyrir auknum möguleikum hjúkrunarstarfsliðs almennt á að veita fullkomnari hjúkrunar- og heilbrigðisþjónustu.

Fulltrúafundur SSN álítur það vera þýðingarmikið að ríkisstjórnir Norðurlanda taki virkan þátt í áframhaldandi framförum samkvæmt þeirri stefnu sem mörkuð var með samþ. Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á 63. fundi hennar.

Fulltrúafundur SSN fer því fram á, að Norðurlöndin staðfesti og samþykki, svo fljótt sem auðið er, þann samning og þær tillögur sem lagðar hafa verið fram varðandi lífskjör hjúkrunarstarfsliðs og vinnuskilyrði.

31. KRISTJÁN J. GUNNARSSON, FRÆÐSLUSTJÓRI

Reykjavík, 20. september 1977.

Umsögn um frumvarp til laga um framhaldskóla.

Meginstefna.

Þá meginstefnu frumvarpsins að allt nám á framhaldsskólastigi skuli vera samræmt tel ég mjög til bóta frá því ósamræmda og að sumu leyti lítt skipulagða framhaldskólanámi sem við nú búum við (skortir víða skilgreiningu markmiða, námskrár, gerð námsbóka og kennsluefnis o. s. frv.).

Þá tel ég það einnig í meginatriðum rétta stefnu að skipta stjórnunarlegri og fjárhagslegri aðild milli ríkisins og sveitarfélaganna. Tel ég að vel gæti komið til greina að sú aðild verði samræmd og framkvæmd með sama hætti eftir því sem við verður komið í grunnskóla og í framhaldsskóla. Ekki er í raun hægt að benda á nein afgerandi skil er draga megi milli grunnskólans og framhaldsnámsins, enda hefur reynslan sýnt að þótt skipulagslega sé gert ráð fyrir slíkum skilum þurrkast þau að meira eða minna leyti út í framkvæmd (sbr. eldri lög um barnaskóla og gagnfræðaskóla, en þeir skólar runnu oft saman innan einnar og sömu stofnunar).

Sum hinna stjórnunarlegu verkefna hljóta óhjákvæmilega að hvíla á herðum ríkisvaldsins, svo sem gerð samræmdra námsskráa, skilgreining námsbrauta, skipting námsefnis í námsáfanga, val og samning námsbóka og kennsluefnis, kennaramenntun, ákvarðanir um kennslumagn og þar af leiðandi kennaraþörf, svo og heildarskipulagning á notkun og uppbyggingu skóla og verkefnaskipting þeirra **í milli.**

Af þeim verkefnum, sem fela í sér hina kennslufræðilegu stefnumörkun skólanna samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda ríkisins, ræðst kennaraþörfin og þar með kostnaður við að launa kennara. Er því eðlilegt og að mínu áliti óhjákvæmilegt að kennarar séu launaðir úr ríkissjóði.

Sveitarfélögin hafa að hinu leytinu margra hagsmuna að gæta og sum framkvæmdaatriði eru betur komin í þeirra höndum en ríkisins vegna nálægðar þeirra við skólana eins og t. d. almennan rekstur, byggingar og viðhald skólahúsa og samvinna skóla og atvinnufyrirtækja um starfsmenntun. Almennir hagsmunir sveitarfélaganna varðandi aðild þeirra að skólahaldi og skipulagningu þess varða einnig staðsetningu skóla og þó ekki hvað síst námsframboð skólanna á framhaldsskólastiginu sem sveitarfélögum er nauðsyn að sé í samræmi og tengslum við atvinnulíf skólahéraðsins svo að menntunarframboð framhaldsskólanna verði fremur til að beina ungu fólki inn í staðbundna atvinnuvegi héraðsins heldur en í þær tegundir langskólanáms og sérmenntunar sem lítil eða engin þörf er fyrir á heimaslóðum. Hagsmunir sveitarfélaganna á þessu sviði eru því í ríkara mæli kjarni virkrar byggðastefnu þegar til lengdar lætur en margt það sem í svip sýnist nærtækara.

Undirbúningur að lagasetningu.

Undirbúningur að skipulagningu framhaldsskólastigsins út frá hugmyndinni um sameinaða framhaldsskóla er mikið verk og ber frumvarpið að sjálfsögðu með sér að þetta verkefni er enn að ýmsu leyti skammt á veg komið. Hefur þess vegna eigi reynst unnt að kveða í frumvarpinu á um og skilgreina framkvæmdina á mikilvægum stefnumiðum, kennslufræðilegs, stjórnunarlegs og fjárhagslegs eðlis. Líklegt er að Alþingi telji að margt í þeim efnum þyrfti að liggja ljósar fyrir við afgreiðslu frumvarpsins heldur en í því kemur fram, en í frumvarpinu eru ákvæði um að reglugerðir verði settar um framkvæmd á fjölda þessara atriða.

Gagnrýnendur frumvarpsins hafa sumir hverjir af þessu tilefni lýst því sem einskonar heimildarlögum til að stjórna með tilskipunum. Við gagnrýni af þessu

tagi má gera þá athugasemd að það hljóti að fara nokkuð eftir eðli máls, hvort lagasetning er til þess tekur sé fremur í formi rammalaga er gefur færi á sveigjanlegri framkvæmd án lagabreytinga, eða að framkvæmdin sé sem mest negld í lögunum sjálfum.

Margt mælir með því að við setningu laga um framhaldsskólann sé fremur valin leið rammalöggjafar. Það breytir samt ekki því að eðlilegt er að alþingismenn þurfi við afgreiðslu laganna að geta séð hvernig tekið verði á framkvæmd þeirra í meginatriðum og hver verði kostnaðaráhrif þeirra á ríkissjóð og sveitarfélög. Samræma mætti þessi sjónarmið með því að um leið og frumvarpið kemur til afgreiðslu Alþingis sem rammalög verði einnig lagðar fram þær reglugerðir um útfærslu laganna sem meginmáli skipta. En þá er ennþá komið að því atriði undirbúningi málsins er ennþá ekki nógu langt komið til þess að svo megi verða.

Nauðsyn lagasetningar um framhaldsskóla.

Eftir að gagnfræðaskólar og gagnfræðanám var niður lagt á s. l. vori liggur tæplega nógu ljóst fyrir hverjum beri að halda uppi framhaldsnámi sem ekki er á vegum skóla er starfa samkvæmt sérstökum lögum, þ. e. a. s. því framhaldsnámi sem áður fór fram í IV. bekk gagnfræðaskóla og framhaldsdeildum gagnfræðastigs. Sveitarfélögin geta litið svo á að þeim beri ekki lagaskylda til að halda áfram þessu skólahaldi og a. m. k. hafi þau ekki tekjustofna til að halda uppi lengra eða víðtækara námi en þarna var um að ræða. Hins vegr er ljóst að það nám sem tekur við af grunnskólanum (og ekki fer fram í sérskólum) verður yfirleitt ekki skemmra en tveggja ára nám og getur orðið allt að fjögurra ára nám.

Slík breyting á skólahaldi myndi auka byrðar sveitarfélaganna af því og þau að líkindum ekki telja sér fært að taka þær á sig án þess að tilfærsla á fjármagni frá ríkinu eigi sér stað til að mæta þessum aukna kostnaði sveitarfélaganna. Til að skólahald í framhaldsskólum gæti hafist á yfirstandandi skólaári reyndist raunar nauðsynlegt að sveitarfélögunum væri gefið fyrirheit um að endurskoðun hefði átt sér stað og a. m. k. bráðabirgðalausn á málinu fengist fyrir byrjun skólaársins 1978—79 (sbr. bréf menntamálaráðherra til fræðslustjóra, dags. 10. maí s. l.).

Þegar á þetta er litið virðist mjög æskilegt ef ekki nauðsynlegt að Alþingi 1977—78 setji a. m. k. rammalög er feli í sér lausn á ofangreindum atriðum er snerta það framhaldsnám er á skólaárinu 1977—78 hófst með aðild sveitarfélaganna og halda verður áfram á næstu árum, jafnt þótt endanleg lagasetning um framhaldsskóla kunni eitthvað að dragast.

Við upphaf skólaársins 1978—79 má búast við að einhver eftirtalinna kosta verði fyrir hendi eftir því með hverjum hætti málinu reiðir af á Alþingi 1977—78:

a) óbreytt ástand, ekkert hefur af hálfu Alþingis verið unnið að málinu né það afgreitt til skemmri eða lengri tíma,
b) frumvarpið hefur verið samþykkt sem stefnumarkandi rammalög e. t. v. með ákvæði um endurskoðun eftir tiltekið árabil, t. d. fjögur ár,
c) nýtt frumvarp hefur verið lagt fram og samþykkt er aðeins felur í sér bráðabirgðalausn til að tryggja áframhaldandi rekstur framhaldsskóladeilda utan sérskóla með eða án aðildar sveitarfélaga,
d) jafnframt lausn b eða c er hugsanlegt að Alþingi setji milliþinganefnd til að undirbúa fullunnið frumvarp (ásamt með helstu reglugerðum), sem þingnefndin vinni að í samráði við menntamálaráðuneytið, Samband ísl. sveitarfélaga og samtök kennara á framhaldsskólastigi. Varðandi kostnað og kostnaðarskipti milli ríkis og sveitarfélaga þyrfti að hafa samráð við fjárveitinganefnd Alþingis, fjármálaráðuneytið og Samband ísl. sveitarfélaga. Ákveða mætti nefndinni starfstíma 2—4 ár og tryggja þyrfti að hún ætti aðgang að þeim starfskröftum og fjármagni sem þarf til fullvinnslu nýs frumvarps um framhaldsskóla og helstu reglugerða með því.

Ef svo fer sem getið er um í a-lið gætu komið upp óleysanlegir erfiðleikar varðandi skólahald á framhaldsskólastigi þegar á næsta skólaári.

Lausnir b+d og c+d geta báðar komið til greina sem lausn á málinu til bráðabirgða samfara undirbúningi að lausn til frambúðar.

Athugasemdir við einstakar greinar.

1.—15. gr.

Þá stefnumörkun og ábendingar um framkvæmd sem fram kemur í þessum greinum frumvarpsins tel ég að fallast eigi á, aðeins er bent á að fyrir þyrftu að liggja ýmsar þeirra reglugerða sem samkvæmt greinunum á að setja.

16. gr.

Tel að leita ætti einfaldari lausnar varðandi yfirstjórn, sem tryggi betur að stjórnunin verði virk og jafnframt ekki of þung í vöfum. Virðist mér að leysa mætti framhaldsskólaráð af hólmi með ákvörðun í lögum eða reglugerð um að þeir aðilar sem þar eru nefndir (og fleiri, eins og t. d. fulltrúar kennarasamtakanna, sem ég tel nauðsynlegt að til séu kvaddir bæði við stefnumótun og til að leggja mat á hvort og/eða hvað til þurfi svo mörkuð stefna sé framkvæmanleg) séu t. d. árlega kvaddir á ráðstefnu um framhaldsskólann.

Ef gengið er út frá að innan menntamálaráðuneytisins sé efld deild sem hefur með höndum stjórnun framhaldsskólastigsins virðis mér að námssviðsnefndirnar séu mun nauðsynlegri sem fastir samstarfaðilar við hana heldur en framhaldsskólaráðið. Æskilegt tel ég að fulltrúar námsbrauta séu ekki aðeins valdir með hliðsjón af sérþekkingu á viðkomandi starfssviði heldur einnig reynslu af kennslu starfsgreinarinnar utan og innan skóla eftir því sem við verður komið. Nauðsynlegt er að nýta reynslu kennara við skipulagningu framhaldsnámsins. Jákvæð afstaða kennara til breytinga er kalla á breyttar starfsaðferðir innan skólanna er mikilvæg og að henni þarf að stuðla með því að tryggja að þeir hafi fyrirfram gert sér grein fyrir hvernig framkvæmdin eigi sér stað.

17. gr.

Við kjör fræðsluráða, sem eru pólitískt kosin af sveitarstjórnum eða samtökum þeirra, hafa sveitarstjórnirnar yfirleitt gætt þess að velja í ráðin fulltrúa sem kunnugleika hafa á þeim skólastigum (nú grunnskólanum aðallega) sem ráðin hafa átt að fjalla um, auk áhuga á menntamálum almennt.

Með því að framhaldsskólinn bætist á fræðsluráðin að verulegu leyti sem nýtt verkefni, má búast við að innan margra fræðsluráða sé um að ræða mun takmarkaðri þekkingu á því skólastigi heldur en á grunnskólanum. Skipulagslega séð er framhaldsskólastigið á ýmsan hátt frábrugðið grunnskólanum, þannig að þekkingu á skipulagi grunnskólans er vafasamt að yfirfæra aðlögunarlítið á framhaldsskólastigið. Æskilegt væri að tryggja með einhverjum hætti að jafnvægi væri í skipun fræðsluráðanna þannig að þar ættu sæti fulltrúar sem þekktu til barnadeilda og unglingadeilda grunnskólans og einnig til bóknáms- og verknámsþátta framhaldsskólans. Tæknileg vandamál eru þó á því að koma á skipan er tryggt gæti slíkt val inn í fræðsluráðin, þar sem þau eru kosin hlutfallskosningu. Í flestum tilfellum eru þó úrslit hlutfallskosninga ráðin fyrirfram og mætti þá beina því til sveitarstjórna að þær hafi þessi sjónarmið í huga og leiti fyrirfram samkomulags með hliðsjón af þeim við val fulltrúa í fræðsluráð.

Það sama og hér hefur verið sagt á að breyttu breytanda við um kennarafulltrúa í fræðsluráði. Æskilegt væri að þar ættu sæti kennarafulltrúar frá félagssamtökum kennara í hverju fræðsluumdæmi, einn fyrir barnadeildir og einn fyrir unglingadeildir grunnskólans og einn frá bóknáms- og einn frá verknámssviðum framhaldsskólans. Þar sem um er að ræða fleiri en eitt félag kennara fyrir eitthvert þessara tilteknu skólastiga ættu þau meðan sú skipan helst að skiptast á um fulltrúa, t. d. sitt hvort kjörtímabil eða hálft kjörtímabil.

22. gr.

Í greininni er tekið fram að menntamálaráðuneytið skipi fasta starfsmenn framhaldsskóla. Ekki er tekið fram um aðild skólastjóra og/eða kennararáða að tillögu um setningu eða skipun starfsmanna eða hvort leitað skuli álits fræðsluráða.

Efla þarf sálfræðiþjónustu grunnskólanna ef hún á einnig að þjóna framhaldsskólum, sem eðlilegast er. Í 24. gr. b-lið er ekki ljóst hvort í orðinu ráðgjöf felst aðeins náms- og starfsráðgjöf eða einnig félagsleg ráðgjöf og sálfræðiþjónusta sem hvort tveggja er talið til starfa innan framhaldsskólans í þessari grein (22. gr.).

24. gr.

Tel æskilegt að sem mestu samræmi yrði komið á um kostnaðarskipti milli ríkisins og sveitarfélaganna varðandi skólahald á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Auk þeirra raka að með því sé stefnt að einföldun á uppgjöri kostnaðar má ekki síður benda á hitt að á flestum stöðum í dreifbýli verður framhaldsskólinn rekinn sem eins konar viðbótareining við grunnskólann í sömu húsakynnum og með sama starfsliði, eins og þegar hefur komið í ljós á yfirstandandi skólaári. Sérstaklega þarf að kanna ýmsar breytingar til einföldunar er gera mætti í þessu efni á kostnaðarskiptingunni í grunnskólalögunum og kostnaðarákvæðum frumvarpsins um framhaldsskóla. Til álita gæti t. d. komið að sveitarfélögin kostuðu byggingu og almennan rekstur (annan en kennaralaun) skólanna að öllu leyti, en vitanlega er tómt mál að reifa slíkar hugmyndir nema til komi ný tekjuskipting milli ríkisins og sveitarfélaganna og einhver trygging fyrir að fjármagn, sem í þessu skyni væri á milli fært, yrði af hálfu sveitarfélaganna varið til þessara nota.

25. gr.

Hér þyrfti ljósari skilgreiningu á hvað í því felst að sveitarfélag kosti að sínu leyti „allt skólahald skv. lögum þessum er fram fer í fræðsluumdæminu“. Sú spurning getur komið upp hvort hér sé um að ræða skólahald vegna nemenda úr fræðsluumdæminu eða skólahald fyrir alla nemendur er sækja um skólavist í fræðsluumdæminu, einnig þótt þeir séu úr öðrum fræðsluumdæmum og samningar hafi ekki átt sér stað milli aðila á grundvelli niðurlags 26. gr.

26. gr.

Fyrri hluti greinarinnar gerir ráð fyrir frelsi stærri sveitarfélaga innan fræðsluumdæmisins, eins eða fleiri saman, til að standa að rekstri framhaldsskóla með verulegu námsframboði, innan þeirra takmarka þó að eigi verði til hindrunar skipulagningu eðlilegs skólahalds í fræðsluumdæminu vegna takmörkunar á aðstreymi nemenda til þeirra skóla er hinum smærri sveitarfélögum eru nauðsynlegir. Grein þessi snertir óbeint miklu víðtækara vandamál dreifbýlisins í heild, en það er sókn dreifbýlisnemenda út úr fræðsluumdæmi þeirra í þéttbýlisskóla í öðrum landshlutum, sem getur orðið til þess að áætlanir um skólahald í dreifbýli raskast (fjárfestingar sem ráðist hefur verið í reynast rangar) og möguleikar dreifbýlisstaða til sjálfstæðs skólahalds geta minnkað verulega, víða jafnvel að engu orðið. Hér er um svo stórfellt vandamál að ræða að nauðsynlegt er að kannað sé við gerð laga um framhaldsskóla með hverjum hætti megi að því stuðla að nemendur sæki nám í heimaskóla án þess að beinar kvaðir eða „átthagafjötrar“ þurfi þó til að koma. Til að stuðla að því að nemendur sæki þá menntun innan síns fræðsluumdæmis sem þar stendur til boða er hugsanlega hægt að beita:

a) framkvæmd á styrkjakerfi (dreifbýlisstyrkir) og/eða
b) endurgreiðslu skólakostnaðar til sveitarfélaga utan fræðsluumdæmis nemandans.

Dreifbýlisstyrkina vegna skólasóknar væri hægt að binda við að nemandi sæki skóla innan síns fræðsluumdæmis, ef það nám sem hann ætlar að stunda stendur þar til boða.

Tilflutningur fjármagns frá ríki til sveitarfélaga vegna kostnaðar sveitarfélaga af framhaldsskólarekstri gæti orðið á grundvelli höfðatölureglu byggðri á hlutfalli af íbúafjölda og hlutfalli þeirra er sækja skóla af hverjum árgangi (sjá greinargerð með frumvarpi til laga um framhaldsskóla, tafla á bls. 68).

Sveitarfélög myndu verja þessu fjármagni annars vegar til uppbyggingar eins víðtæks náms og aðstæður leyfa innan hvers fræðsluumdæmis og hins vegar til greiðslu á hluta sveitarfélaga af skólakostnaði við þá skóla er nemendur yrðu að sækja utan fræðsluumdæmis þeirra vegna takmarkana á námsframboði í heimaskólum.

Ef sú leið væri farin gæti lögheimilissveit nemanda neitað um greiðslu á skólakostnaði við skóla utan fræðsluumdæmisins, ef samsvarandi nám byðist við skóla í heimahéraði (fræðsluumdæmi) nemandans. Í slíku tilfelli yrði nemandi að greiða kostnaðinn sjálfur.

Báðar þessar aðgerðir myndu verka letjandi á nemendur að sækja að nauðsynjalausu nám utan síns fræðsluumdæmis, þar sem það hefði fjárhagslegt óhagræði í för með sér.

27. gr.

Grein þessi snertir sérstaklega ýmsa sérskóla sem aðsetur hafa í Reykjavík og útskrifa með atvinnuréttindi starfsstéttir til þjónustu- eða framleiðslustarfa fyrir allt landið og eru því að nokkru leyti hliðstæðir Háskóla Íslands hvað embættisréttindi varðar. Nemendur í þessa skóla koma að sjálfsögðu alls staðar að af landinu. Búast má við að borgaryfirvöld Reykjavíkur teldu það ekki eðlilegt að skólahald slíkra skóla yrði kostað úr borgarsjóði með sama hætti og almennt nám á framhaldsskólastigi. Skólar sem til athugunar koma í þessu sambandi eru allmargir eins og t. d. skólar sem reknir eru skv. eftirtöldum lögum:

Lög nr. 10/1973, nr. 35/1962, nr. 81/1972, nr. 6/1971, nr. 37/1975, nr. 35/1964, nr. 38/1965, nr. 22/1972, nr. 67/1966.

Ef horfið væri að því endurgreiðslukerfi milli sveitarfélaga sem rætt er um í athugasemdum við 26. gr. er þó líklegt að ekki skipti máli þótt þessir skólar væru án sérstöðu inni í almenna skólakerfinu á framhaldsskólastigi með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

29. gr.

Óeðlilegt er og mjög óhagkvæmt að skólar er áður voru einkaskólar en hafa síðan skv. sérstökum lögum orðið ríkisskólar, haldi áfram þeirri sérstöðu varðandi inntöku nemenda sem þeir höfðu sem einkaskólar. Skólar með sama námsframboð og almennir skólar, en sem ekki hafa skyldur við ákveðið **skólahverfi** eða þurfa að taka tillit til heildarskipulagningar og niðurskipunar nemenda í einstaka skóla á þeirri námsbraut er um ræðir, eru þar með í þeirri stöðu að geta valið sér nemendur að vild sinni.

Ríkisskólar, sem starfa á einkaskólagrundvelli að þessu leyti, hafa þar með fengið þá sérstöðu að geta valið úrvalsnemendurna úr umsækjendum um námsbrautina sem tínast þar með að úr mörgum skólum, venjulega svo fáir úr hverjum einstökum skóla að það hefur ekki áhrif til fækkunar deildafjölda. Slíkur skóli verður þar með að verulegu leyti hreinn kostnaðarauki í skólakerfinu auk þess sem sú staða hans að geta valið úr nemendum er mjög eðlileg gagnvart öðrum skólum sem taka verða þá nemendur er sækja og rétt eiga á inngöngu án tillits til hæfni að öðru leyti.

Verði talið að í 9. gr. laga nr. 51/1976 felist þessi staða varðandi inntöku nemenda í þá skóla er lögin taka til, tel ég að fella beri lögin að öllu leyti úr gildi (einnig 9. gr.)

Reykjavík, 20. sept. 1977.

Kristján J. Gunnarsson.

32. VALGARÐUR HARALDSSON, FRÆÐSLUSTJÓRI

Til
menntamálaráðuneytisins
Hverfisgötu 6,
Reykjavík.

Í bréfi menntamálaráðuneytisins, dagsett 4. maí sl., er óskað eftir umsögn minni um frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Vegna anna hefir dregist á langinn hjá mér að senda umbeðna umsögn og bið ég velvirðingar á þessum drætti.

Að mínu mati fjallar frumvarpið fyrst og fremst um samræmingu, þ. e. a. s. samræmingu á sviði námstilhögunar, stjórnunar og greiðslu kostnaðar á rekstri framhaldsskóla.

Ég er sammála þeirri meginhugmynd, sem fram kemur í frumvarpinu, að ein lög, sömu reglur og viðhorf eigi að gilda um allt nám á framhaldsskólastigi, þótt ég sé ekki alveg dús við þær leiðir, sem lagt er til í frumvarpinu að farnar séu.

Samræming er nauðsynleg, en svo fremi að hún stuðli að jafnrétti og valfrelsi einstaklinga til framhaldsnáms. Ég vil því vara við of mikilli samræmingu. Hún getur orðið háskaleg og sá frumskógur sem erfitt kann að reynast að rata út úr. Samræming á námstilhögun (samræmdur framhaldsskóli) kann að vera góð meðan hún dregur ekki úr frumkvæði skólanna sjálfra til þess að endurnýja skólastarf sitt eða taka upp nýja kennsluhætti og einstaklingurinn týnist ekki í kerfinu vegna ofskipulagningar.

Mér finnst frumvarpið bera nokkurn keim af ofskipulagninu og á ég þá einkum við þann kafla greinargerðinnar, þar sem rætt er um námssvið og námsbrautir (42 að tölu) í samræmdum framhaldsskóla. Án efa hafa höfundar frumvarpsins leyst þar af hendi mikið og þarft verkefni og tilgangur þeirra er auðsær. En einhvern veginn finnst mér upplýsingar þessar ekki koma það vel til skila, að almenningur átti sig á því hvað hér er á ferðinni. Því hefði ég talið vænlegra að fækka námssviðunum, hafa þau t. d. þrjú, bóknámssvið, viðskiptasvið og tækni- og verknámssvið í stað hinna átta er frumvarpið gerir ráð fyrir í skýringum. En að mínum dómi er innbyrðis skörun námsefnisins á námssviðunum það mikil að hún gefur tilefni til íhugunar um fækkun þeirra. Hið margslungna og að því er virðist afmarkaða námsbrautakerfi tel ég unnt að leysa einfaldlega með framboði valgreina í námskeiðsformi, einkum á 1. og 2. ári framhaldsnáms.

Þetta hefði í för með sér að hver framhaldskóli yrði sjálfur að skipuleggja sitt námsframboð og skiptingu námsefnis á námsönn, -ár eða jafnvel á tveggja ára tímabil og þá með hliðsjón af samræmdri námsskrá, en ég lít á hana sem tæki til stýringar og samræmingar á inntaki og umfangi námsáfanganna. Því er nauðsynlegt að samræmd námsskrá líti sem fyrst dagsins ljós, þá fyrst er möguleiki fyrir hina minni framhaldsskóla að hefjast handa um markvissa skipulagningu skólastarfs. Yrði það meginverkefni námssviðsnefndar að annast endurskoðun samræmdrar námsskrár.

Einnig tel ég að við hvern framhaldsskóla ætti að vera starfandi skólanefnd og í henni sætu fulltrúar nemenda, kennara og sveitarfélags eða sveitarfélaga og skólastjóri væri sjálfskipaður formaður hennar. Verksvið skólanefndar skal skilgreint í reglugerð.

Í annan stað vil ég nefna kostnaðarskiptinguna. Lengi vel var ég þeirrar skoðunar að kostnaður við rekstur framhaldsskóla ætti að greiðast bæði af ríki og sveitarfélögum því að það skapaði samábyrgð. En eftir því sem ég hef hugleitt meir þessi mál, finnst mér annmarkanir svo geypilega margir við þessa skipun mála, að óhugsandi sé að hrinda henni í framkvæmd, þar sem sveitarfélögin standa afar ójafnt að vígi hvað varðar íbúafjölda, fjárhagsgetu og jafnvel á stundum félagslega séð ósamstíga. Sú hætta er og fyrir hendi, að nemendur verði bundnir

við að sækja nám í einu fræðsluumdæmi, t. d. ef nemandi á Egilsstöðum vildi fara í Menntaskólann á Akureyri fengi hann ekki fyrirgreiðslu sveitarfélagsins til þess vegna þess að Egilsstaðakauptún tekur þátt í rekstrarkostnaði menntaskóla á Austurlandi.

Hafa verður í huga, þegar nemendurnir hefja framhaldsnám, eru þeir komnir á þann aldur, að sjálfræði þeirra er orðið mikið og sumir hverjir vilja gjarnan fara að heiman, kannski af nýjungagirni, og kynnast nýju umhverfi og nýju fólki.

Ég tel að koma verði til móts við viðhorf sem þessi. Nemandi á að hafa rétt til að velja sér þann skóla, sem hann fýsir að nema við ekki síður en honum er ætlað að velja sér námsbrautir.

Ég tel því vænlegra að ríkið reki alfarið framhaldsskólana.

Akureyri, 28. október 1977.

Valgarður Haraldsson.

33. IÐNFRÆÐSLURÁÐ

Umsögn Iðnfræðsluráðs um „frumvarp til laga um framhaldsskóla".

Frumvarp það til laga um framhaldsskóla sem hér er fjallað um og lagt var fram á 98. löggjafarþingi 1976—1977 er í rauninni rökrétt framhald af umræðum um skipan framhaldsskólans, sem staðið hafa með litlum hléum frá því Verk- og tæknimenntunarnefnd lauk störfum á miðju ári 1971.

Í framhaldi af því nefndarstarfi var síðan skipuð nefnd, Iðnfræðslulaganefnd, á árinu 1973 til þess að fjalla sérstaklega um verkmenntun á framhaldsskólastigi. Sú nefnd lauk störfum og skilaði áliti í desembermánuði 1975, en að báðum þessum nefndum átti Iðnfræðsluráð aðild. Arftaki þeirrar nefndar var svo nefnd ráðuneytismanna sem samið hefur frumvarp það sem hér er til umræðu.

Allt þetta nefndarstarf og sú umræða sem fylgt hefur í kjölfar þess, sýnir betur en flest annað að mönnum er og hefur verið ljóst að verkmenntun í landinu hefur verið vanrækt af opinberri hálfu og ekki verið metin til jafns við annað nám í skólakerfinu. Hvað löggjafarhlið málsins snertir var að vísu stigið stórt framfaraspor með setningu laga nr. 68/1966, en sú löggjöf hefur ekki komið nema að hluta til framkvæmda, vegna þess að þeir fjárraunir sem til þurfti, hafa ekki legið á lausu. Verkmenntakerfið hefur hingað til verið látið gjalda þess, að eðli málsins samkvæmt, hlýtur verknám að verða kostnaðarsamara en bóknám, bæði í stofnkostnaði og rekstri.

Með því að fella verknámið inn í samræmdan framhaldsskóla ættu vissulega að skapast skilyrði til þess að hlutur verkmenntunar verði ekki fyrir borð borinn, en setning tiltölulega óljósra rammalaga er þó því miður engin trygging fyrir að svo verði í reynd. Hér skiptir auðvitað meginmáli með hvaða hugarfari staðið er að skipulagsbreytingum og setningu nýrra lagaákvæða. Spyrja má hvort í raun og veru sé stefnt að því að efla verkmenntun í landinu eða er aðeins verið að fá nýjum skólastofnunum verkefni. Iðnfræðsluráð gengur að sjálfsögðu út frá því að fyrra atriðið ráði hér ferðinni, en leggur áherslu á að eigi að vera von um að sá tilgangur verði að veruleika, er nauðsyn til að fullt samstarf verði haft við aðila vinnumarkaðarins um nauðsynlegar breytingar á framlögðu frumvarpi, svo og að þessum aðilum verði tryggð raunhæf aðild að stefnumörkun og ákvarðanatöku um allt sem varðar framkvæmd verknáms, þannig að tengsl skóla og atvinnulífs verði annað en orðin tóm. Í þessu sambandi vill ráðið taka undir þær skoðanir sem fram hafa komið í umsögnum aðila vinnumarkaðarins um frumvarpið, þ. e. A. S. Í., Vinnuveitendasamband Íslands og Landssamband iðnaðarmanna.

Iðnfræðsluráð telur það miður að ekki skuli hafa verið farið að tillögum Iðnfræðslulaganefndar um stofnun tímabundinna námsbrauta í verkmenntagreinum, en í stað þess valin sú leið að gera allan framhaldsskólann að tilraunaskóla, þar sem hver skólaeining verði að bjarga sér eftir bestu getu. Þegar tekið er tillit til þess að hinn almenni framhaldsskóli er reynslulaus að því er verknámskennslu snertir, ættu kostir þess að reka tilraunanámsbrautir á afmörkuðum sviðum, svo sem Iðnfræðslulaganefnd lagði til, að vera augljósir. Hlutverk verkmenntunar hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera markviss undirbúningur þeirra er námið stunda undir nánar skilgreind störf. Af þessu leiðir að skilgreining markmiða, námsbrauta og námsefni, verður að taka mið af þörfum atvinnulífsins hverju sinni og ákvarðast af þeim aðilum sem best þekkja, þ. e. fulltrúum starfsgreinasamtakanna á vinnumarkaðnum. Sé þessi grundvallarregla sniðgengin gæti svo farið hér á landi, sem því miður hefur víða orðið raunin, að framhaldsskólinn eða verknámsþáttur hans einangrist og nái ekki nauðsynlegum tengslum við atvinnulífið. Það ætti að verða víti til varnaðar að í löndum sem lengst hafa gengið í miðstýringu verknáms í framhaldsskólum, er nú talin höfuðnauðsyn „að flytja skólann út í atvinnulífið". Reynslan bendir ótvírætt til þess að hvorki svokallað meistarakerfi né alfarið verknám í skóla sé fært um að fullnægja þeim kröfum sem gera verður til verkmenntunar. Hæfilegt samspil skóla og atvinnulífs virðist hér hinn gullni meðalvegur sem finna þarf.

Áður en vikið verður að einstökum atriðum frumvarpsins vill Iðnfræðsluráð taka fram sérstaklega í sambandi við 29. grein frumvarpsins, þar sem meðal annars er gert ráð fyrir að fella niður lög um iðnfræðslu nr. 68/1966:

1) Iðnfræðsluráð telur mjög varhugavert að umrædd lög verði úr gildi felld fyrr en lokið er mótun námsbrauta í verknámi, námsskrárgerð og skilgreiningu markmiða í verklegu námi. Slíkt afnám laganna myndi trufla mjög það starf sem unnið er og undirbúið hefur verið, til óbætanlegs tjóns fyrir skólastarfið.
2) Enda þótt augljóst sé að sá hluti gildandi iðnfræðslulaga sem lýtur að iðnfræðsluskólum verði niður felldur **eftir hæfilegan aðlögunartíma frá gildistöku nýrra laga,** er nauðsynlegt að í gildi verði áfram lagaákvæði hvað snertir vinnustaðanám, samskipti iðnnema og meistara og fleira sem ákvæði eru um í gildandi lögum. Má í þessu sambandi benda á að t. d. í Danmörku, Noregi og víðar, þar sem verknám er að meira eða minna leyti komið inn í framhaldsskóla, þykir sjálfsagt og nauðsynlegt að hafa jafnframt í gildi lög um iðnaðarnám. Ekki verður að minnsta kosti í fljótu bragði séð að unnt sé að komast hjá slíku hér á landi meðan verknám fer að einhverju leyti fram á vinnustað.
3) Loks má benda á þá staðreynd að löggilding iðngreina er í dag grundvölluð á ákvæðum téðra laga.

Hvað snertir einstök atriði skal eftirfarandi tekið fram:

a) Benda verður á að starfsmenntun hefur oftast sem þungamiðju verklega færni og bókleg þekking er miðuð við að veita upplýsingar sem festa vinnubrögð við það sem rétt er.

Ennfremur verður að gjalda varhug við því að skóli hafi einhliða umsjón með kennslustarfi hjá öðrum aðila. Venjuleg stjórnskipun er að hlutlaus aðili annist eftirlit. Rétt þykir að benda á, að ef verkmenntun á að fást metin jafnt og bóknám, er nauðsynlegt að meta jafngildi skilgreindra námsáfanga, en ekki að lögð sé meginhersla á samræmdan kjarna. T. d. ber að kenna iðnnemum mál og raungreinar á grundvelli þeirrar starfsmenntunar sem þeir læra. Námseininguna „tæknienska" á málmiðnaðarbraut á að vera hægt að meta jafngilda við bóknámsbraut, ef að tímagildi er að öðru leiti samsvarandi. Það er líka menning að kunna til verka. Á bls. 14 er tekið dæmi um verslunar- og stjórnunarbraut:

Þar kemur fram þetta grundvallarlega vanmat á verkkunnáttu, staðhæft að viðkomandi hafi ekki nægan undirbúning í bóklegu námi, án þess að nefndin geri grein fyrir hvaða kröfur þurfi að uppfylla til að hefja nám.

b) Nauðsynlegt er að sveitarfélög geti tekið þátt í stjórnun framhaldsskóla og þá sérstaklega hvað snertir námsbrautir er mennta til atvinnu í þeim greinum sem eru í viðkomandi sveitarfélagi. Allt er aftur á móti vafasamara með fjármögnun. Tekjustofnar sveitarfélaga eru mjög smáir í (hlutfalli við ríkið, sveitarfélög í hraðri uppbyggingu eru fjárvana, en hafa þörf fyrir vel menntað starfsfólk. Þá er heldur ekki rétt að sama regla gildi um skiptingu kostnaðar, án tillits til námsbrautar. Námsbrautir eru mjög mismunandi fjárfrekar, eftir innihaldi og skipulagi. Áætlað nemendahlutfall sveitarfélag/utansveitar verður einnig mismunandi eftir námsbrautum. (12. grein frumvarpsins).

c) Stjórnunarlega er frumvarpið mjög veikt, ábyrgð og framkvæmdavald hverrar stofnunar þarf að koma betur fram. Þá vantar betri tengingu milli skóla og þess atvinnulífs sem er í umhverfi skólans, t. d. með námsbrautarnefndum, skipuðum fulltrúum úr atvinnulífinu. Nefndirnar hefðu það hlutverk að fylgjast með kennslu í skólanum og annast fyrirgreiðslu á starfsreynslu fyrir nemendur.

d) Hvergi kemur fram hvernig skuli staðið að vali og stærðarákvörðun námsbrautanna fyrir skólana og atvinnuumhverfi þeirra. Þegar eru komin fram vandamál vegna tilhneigingar til að byggja upp námsbrautir á grundvelli óskhyggju, en ekki á grundvelli atvinnumöguleika fyrir þau ungmenni sem ljúka námi.

Á þessu stigi málsins telur Iðnfræðsluráð ekki ástæðu til að fara yfir frumvarpið í smáatriðum, en ítrekar nauðsyn á því að fram komi ítarlegt og vandað frumvarp um menntun á framhaldsskólastigi, þar sem tekið sé fullt tillit til umsagna fulltrúa atvinnulífsins.

Samþykkt á fundi Iðnfræðsluráðs þann 22. febrúar 1978.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 14. nóv. 1977.

Háskóli Íslands sendir ráðuneytinu hér með umsagnir um eftirtalin frumvörp.

Frumvarp til laga um embættisgengi kennara við grunnskóla og framhaldsskóla, sbr. bréf ráðuneytisins, dags. 26. júní 1977.

Frumvarp til laga um framhaldsskóla, sbr. bréf ráðuneytisins, dags. 4. maí 1977.

Frumvarp til laga um Kennaraháskóla Íslands, sbr. bréf ráðuneytisins, dags. 13. apríl 1977.

Umsagnirnar eru þessar:

Umsögn heimspekideildar um öll þrjú frumvörpin.

Umsögn félagsvísindadeildar um öll þrjú frumvörpin.

Umsögn viðskiptadeildar um frumvarp um Kennaraháskóla Íslands.

Umsögn verkfræði- og raunvísindadeildar um embættisgengi kennara við grunnskóla og framhaldskóla.

Umsögn háskólaráðs um frumvarp um Kennaraháskóla Íslands og frumvarp um framhaldsskóla.

Ályktun háskólaráðs vegna frumvarpanna þriggja.

Virðingarfyllst,

Guðlaugur Þorvaldsson
rektor

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6,
101 Reykjavík.

Fylgiskjal með bréfi dags. 14. nóvember 1977.

Í umsögn háskólaráðs um frumvarp til laga um framhaldsskóla gætti nokkurs skoðanamunar meðal háskólaráðsmanna um kaflann um einingakerfi.

34. HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ályktun háskólaráðs vegna framkominna frumvarpa til laga um Kennaraháskóla Íslands, um framhaldsskóla og um embættisgengi kennara við grunnskóla og framhaldsskóla.

Í ljósi umsagnar háskólaráðs og umsagna deilda, um áðurnefnd frumvörp til laga, gerir háskólaráð svofellda ályktun:

Innan háskólans hefur að undanförnu verið stofnað til fjölþættrar umræðu um ofangreind frumvörp og þær breytingar á skólakerfinu, sem samþykkt þeirra mundi hafa eða gæti haft í för með sér. Kennarar og aðrir starfsmenn háskólans hafa einnig fjallað ítarlega um þessi mál á fundum og ráðstefnum á vegum annarra aðila, m. a. á ráðstefnu Bandalags háskólamanna nú í október. Umræðu um þessi mál er hvergi nærri lokið og mun henni verða haldið áfram á ýmsum vettvangi. Háskólinn lýsir sig reiðubúinn til að veita ráðuneyti menntamála og Alþingi eða vinnu við þessi mál.

2. Atriði, sem háskólaráð vill sérstaklega benda á varðandi frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Hugmyndin um samræmdan framhaldsskóla hefur margt til síns ágætis, en óvíst er, að hún eigi jafnvel við alls staðar. Reynsla á framkvæmd hennar er enn það takmörkuð, að æskilegt er að bíða átekta með löggjöf, uns árangur fyrstu tilrauna hér á landi hefur komið betur í ljós.

Hvernig hugmyndinni reiðir af er m. a. undir því komið, hvernig til tekst með að bæta verulega verkkennsluaðstöðu framhaldsskólanna og hvernig samstarf þeirra verður við atvinnulífið og sveitarfélögin. Ekki má gleyma því, að bætt verkkennsluaðstaða í skólum kostar mikið fé til aukins og endurbætts húsnæðis og tækjabúnaðar. Vilji löggjafarvaldsins verður að hljóta staðfestingu í auknum fjárveitingum til þessa skólastigs, ef skynsamlegt á að vera að lögfesta þetta fyrirkomulag nú.

Enn fremur er óljóst, hvaða áhrif samþykkt frumvarpsins hefði í starfrækslu skóla á háskólastigi og samband þeirra við framhaldsskóla.

Háskólaráð telur, að allar framkomnar umsagnir verði að skoða gaumgæfilega með víðtækri aðild umsagnargefenda að umræðunni, sem þarf að vera sem opnust og almennust.

Háskólaráð telur því ekki tímabært að svo komnu máli að lögfesta frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Hér er sleppt þeim köflum ályktunarinnar sem varða frv. til laga um Kennaraháskóla Íslands og frv. til laga um embættisgengi kennara.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
35. UMSÖGN HÁSKÓLARÁÐS

Háskólaráð telur að eftirtaldar meginhugmyndir frumvarpsins feli í sér marga þá kosti, er gætu orðið skólastarfi til mikilla hagsbóta, ef þær koma til framkvæmda í raun.

Hugmyndir frumvarpsins eru þessar helstar:

1. Að greina skuli sundur skipulags- og stjórnunarmálefni skólastigsins annars vegar og náms- og kennslumálefni hins vegar.
2. Að reynt skuli með skipulags- og stjórnunaraðgerðum að samræma starf skólastigsins sem mest og nýta sem best fjármagn, húsakost og mannafla.
3. Að með stjórnunar- og skipulagsaðgerðum sé reynt að jafna svo sem nokkur kostur er aðstöðu unglinga til náms, hvar sem þeir eru búsettir og hvaða nám sem þeir hyggjast leggja stund á.

4. Að séð verði til þess, að réttindi nemenda til framhaldsnáms eða starfa að náminu loknu séu sem fjölbreytilegust.
5. Að nemendur skólastigsins eigi sem auðveldast með að skipta um námsgreinar án þess að tapa miklum tíma.
6. Að þannig verði stillt til, að skólarnir fylgist sem best með þróun þjóðfélagsins og lagi sig að henni, svo sem rétt er og æskilegt.

Þótt háskólaráð sé þessum meginhugmyndum frumvarpsins sammála, sér það annmarka á ýmsum ákvæðum, sem lúta að framkvæmd þeirra. Verður hér rætt lauslega um fáein atriði, sem þyrfti að skoða ofan í kjölinn eins og margt annað í frumvarpinu. Æskilegt er, að síðar gefist tími og tækifæri til að koma ítarlegri athugasemdum á framfæri (sbr. lokaorð þessa álits).

Vald menntamálaráðuneytisins

Menntamálaráðuneytinu er í frumvarpinu ætlað mjög víðtækt vald um alla skólaskipan og starfsemi. Nefndar eru milli tuttugu og þrjátíu tegundir ákvarðana, sem ráðuneytið á að hafa úrslitavald um. Í flestum tilfellum er gert ráð fyrir, að ráðuneytið setji reglugerðir um efnismál, en í öðrum tilvikum er gert ráð fyrir, að ráðuneytið taki einstakar ákvarðanir. Langviðamestar eru ákvarðanir ráðuneytisins um námskrár, en búast má við, að þær skipti að lokum hundruðum, ef frumvarpið verður að lögum og samræmdur framhaldsskóli tekur við allri starfsmenntun á stigi framhaldsskóla.

Það er að vísu ljóst, að **endanlegt** vald í öllum þeim atriðum, sem hér um ræðir, hlýtur að vera hjá ráðuneytinu, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. En þessu endanlega valdi þarf ekki nauðsynlega að fylgja nær allt frumkvæði og nær öll framkvæmd eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Setning námsskrána er ágætt dæmi um þau vandkvæði, sem hljóta að koma upp vegna mikillar miðstýringar.

Námsskrárnar hljóta að verða til í samvinnu kennara í hverri námsbraut; ráðuneytið getur með engu móti tekið virkan þátt í mótun þeirra allra í einstökum atriðum. Ráðuneytið getur heldur aldrei ráðið yfir svo miklu og fjölbreytilegu starfsliði, að þar sé ævinlega hægt að finna mann, sem getur á jafnréttisgrundvelli tekið þátt í mótun hverrar námsskrár í smáatriðum með kennurum og stjórnendum einstakra skóla. Ráðuneytið getur hins vegar gert tvennt til að halda utan um og greiða fyrir námsskrárgerð:

1. Það getur fyrirfram ákveðið hvernig námsskráin skuli úr garði gerð í formsatriðum — ákveðið hvaða atriði skuli tilgreind í námsskrá og hvernig þau skuli sett fram.
2. Það getur samræmt námsskrár, þegar þær eru fullgerðar, eða sent þær frumkvöðlum til samræmingar.

Möguleikum ráðuneytisins til afskipta af námsskrárgerð svipar mjög til möguleika stjórnar háskólans — háskólaráðs og embættismanna háskólans — til afskipta af kennsluskrárgerð og kennslutilhögun einstakra deilda. Hvorki háskólaráð né embættismenn háskólans geta í krafti þekkingar sinnar ráðið úrslitum um einstök atriði í kennslu, niðurröðun námsefnis, vægi einstakra greina o. s. frv. Í samræmi við þessar staðreyndir er öll nákvæm ákvörðun um kennslu í hendi einstakra deilda eða jafnvel enn minni stjórnunareininga, en stjórn háskólans hefur aðeins áhrif á ytri búnað með samþykkt reglugerða, tillagna til fjárveitinga og almennu eftirliti í framkvæmd og rekstri.

Það sem hér hefur verið sagt um námsskrárgerð sérstaklega virðist mega alhæfa til allrar skólastjórnunar: **Skólastarfið er allt of margvíslegt og fjölþætt til þess, að hægt sé að draga nauðsynlega þekkingu svo saman á einn stað, að þaðan megi stjórna öllum meginþáttum skólastarfsins í smáatriðum.**

Af þessu leiðir að miðstýringu skólakerfisins verður að takmarka við
1. fyrirfram stöðluð form ákvarðana, sem dreifðir framkvæmdar- og ákvörðunaraðilar taka,
2. samræmingu og eftirlit, er dreifðar ákvarðanir hafa verið teknar,
3. ákvörðun grófra magnstærða,
4. fyrirgreiðslu fyrir nauðsynlegu samstarfi og umræðu dreifðra og óháðra starfsaðila, og
5. beitingu endanlegs valds í neyð.

Námsskrár.

Hér að framan var þess getið, að námsskrárgerð væri gott dæmi um stjórnunarvandamál framhaldsskólastigsins. En námsskrárgerðin er í ýmsu öðru tilliti erfið og athyglisverð. Það er, eins og nefnt var í tölulið 4, í upphafi þessarar umsagnar, augljóst, að tryggja verður réttindi nemenda að námi loknu. Námsskrár eru mikilvæg hjálpartæki til þessa. Eins er ljóst, að ítarlegar námsskrár eru nauðsynleg forsenda þess, að unnt sé að veita nemendum nægilega haldgóðar upplýsingar, þegar þeir leita sér náms og þegar þeir hafa í huga að breyta einhverju í námi sínu. Þrátt fyrir þetta tvöfalda ágæti námsskránna, er mjög vafasamt, að rétt sé, að námsskrárnar séu settar, eins og mælt er fyrir í frumvarpinu, þ. e. að þeim sé gefið gildi laga og reglugerða. Með því að setja námsskrár á þennan hátt verða þær að sjálfsögðu mikilvægt stjórntæki. Sá sem vald hefur til að setja eða neita að setja námsskrá, getur með ákvörðun sinni gjörbreytt allri kennslu á því sviði, sem skráin fjallar um. Eins og áður var um getið, er vafasamt, að slíkt vald sé best komið í hendi ráðuneytis, þar sem ólíklegt er, að þar séu saman komnir þeir menn, sem gleggst skil kunna á námi í einstökum greinum. En hitt er þó verra, að séu námsskrár settar með sama þunga og valdi og lög og reglugerðir, verða þær óhjákvæmilega til þess að hamla gegn öllum breytingum. Ef námsskrár eru þannig settar, hlýtur að verða að fara með allar breytingar, svipað og með reglugerðarbreytingar, á einhvern lögformlegan hátt. Breytingar, sem hljótast af daglegu starfi skólanna eða viðbrögðum einstakra skóla eða kennara við tæknibreytingum eða þjóðfélagsþróun, munu þannig skila sér seint inn í lög. Sé þannig litið á námsskrárgerðina sem stjórntæki, sem endanlega sé í hendi ráðuneytisins, hljóta þær að hindra það meginmarkmið laganna, að skólarnir fylgist sem best með þjóðfélagsþróun.

En þótt námsskrár séu þannig hvorki settar né þeim gefið ígildi reglugerða eða laga, þarf það ekki að hindra, að þær lýsi fullvel réttindum nemenda og miðli jafnframt nauðsynlegum upplýsingum. Til þess að fullnægja þessum tveimur hlutverkum þurfa námsskrárnar aðeins að vera allítarlegar, vandlega unnar, skýrar og samræmdar, eins og kostur er. En eins og áður var um getið, er eftirlit með því, að svo sé, ráðuneytinu viðráðanlegt viðfangsefni.

Vafalaust hafa tillögumenn það einnig í huga, þegar þeir leggja til að námsskrár verði settar, að þá sé jafnframt skapaður grunnur til ákvarðana um starfsréttindi — ef til vill grunnur til lögbindinga starfssviða, atvinnuréttinda og lögverndunar starfsstétta. Raunar ber hin nákvæma skipting hins samræmda framhaldsskóla þess öll merki, að ætlunin sé að hnitmiða menntun svo við væntanlegt starf nemenda, að heimild til þátttöku í nær öllum störfum í þjóðfélaginu verði eðlilega tengd brautskráningu úr framhaldsskóla.

Við fyrstu sýn kann slík starfsréttinda- og leyfisveitingastefna að vera aðlaðandi. En hún er það því aðeins, að tryggt sé, að skólamenntunin samsvari starfskröfum á hverjum tíma. En slíkt er mjög vafasamt, ef námsefni er bundið í settum námskrám.

Við nánari athugun er þessi stefna fremur fráhrindandi. Binding námsefnisins við starfsréttindi hlýtur óhjákvæmilega að hafa það í för með sér, að hagsmunasamtök starfsstétta deili um málefni skólanna og knýi hugsanlega fram breytingar á

skólastarfinu. Vafalaust getur slík íhlutun hagsmunahópa í skólamálum oft verið skólum og nemendum til góðs, en hún getur líka verið til hinnar mestu óþurftar. Þannig gætu hagsmunasamtök í raun sett skólayfirvöldum skilyrði um hámarksfjölda nemenda í tilteknum námsgreinum, þvert ofan í gerðar áætlanir.

Ennfremur er ljóst, að slík skipun hlýtur að ívilna fjölmennari starfsstéttum á kostnað hinna fámennari. Það er borin von, að unnt verði að setja upp í framhaldsskóla hnitmiðað nám fyrir örfáa nemendur, hversu nauðsynlegt og þarft sem væntanlegt starfssvið þeirra kann að vera.

Það er augljós þáttur í tækni- og stjórnunarþróun seinustu áratuga, að störf og þjónusta eru brotin niður í smærri og smærri, samstæðari og samstæðari einingar. (Sömu tilhneigingu má einmitt sjá í frumvarpinu sjálfu og meginviðhorfum þess til menntunar og skipulags hennar.) Af þessari þróun leiðir, að starfssvið hvers einstaklings þrengist, en jafnframt að nýta má starfið í fleiri tegundum framleiðslu eða þjónustu en áður. En jafnframt leiðir það af þessari þróun, að fastbundnar samsetningar kunnáttuþátta nýtast illa í heild. Af þessum sökum er nákvæm röðun mismunandi námseininga í námsskrá til tiltekins væntanlegs starfs vís til að úreldast mjög hratt, og hún gæti af sjálfu sér valdið stöðnun í atvinnulífi.

Námseiningakerfi.

Það hefur mjög tíðkast á seinustu árum að skipta námsefni ýmissa skóla í námseiningar. Verkfræði- og raunvísindadeild háskólans og Menntaskólinn við Hamrahlíð munu hafa riðið á vaðið í þessu efni. Aðrar deildir háskólans hafa fylgt í fótspor verkfræði- og raunvísindadeildar.

Þessi skipan var tekin upp í verkfræði- og raunvísindadeild að sænskri fyrirmynd, en þó var einnig höfð hliðsjón af námsskipan við bandariska skóla, en þar í landi hefur einingaskipting námsefnis lengi verið alsiða. Meginrökin fyrir því, að þessi háttur var tekin upp við verkfræði- og raunvísindadeild, voru þau, að þannig væri auðveldara að samnýta námsskeið fyrir ýmsar námsbrautir, og jafnframt gæfist nemendum tækifæri til að velja námsefni að einhverju leyti eftir eigin geðþótta. Sá ávinningur, sem fyrri rökin miða að, hefur að mestu komið fram, þótt nokkuð hafi verið um það, að þurft hafi að skipuleggja sérstök námsskeið fyrir einstakar námsbrautir. Sá ávinningur, sem menn stefndu að með síðari rökunum, hefur hins vegar varla komið í ljós nema í einstöku tilviki. Við háskólann er hvorki nóg framboð námsskeiða né heldur nógu dreifð eftirspurn eftir námsefni til þess, að nemendur geti valið námsskeið tiltölulega frjálst, eftir að þeir hafa valið sér námsbraut.

Námseiningakerfi því, sem frumvarpið leggur til, svipar mjög til þess, sem nú er víða í háskólanum. (Reyndar miða frumvarpshöfundar við aðra grunneiningu en tíðkast í háskólanum. Í frumvarpinu er ein námseining miðuð við eina vinnustund á viku heilt skólaár, en í háskólanum er oftast miðað við einnar viku vinnu. Ef einingakerfið yrði tekið upp í öllu skólakerfinu væri e. t. v. æskilegt að samræma þetta einingamat.) Rökin fyrir því, að teknar skuli upp einingar í framhaldsskólum, eru einnig hin sömu og helst var haldið fram í háskólanum. Í greinargerðinni með frumvarpinu, einkum í lýsingu námsskeiða og námsbrauta, bls. 31—64, er víða að finna athugasemdir, sem benda til þess, að námseiningar muni skipta minna máli í starfi framhaldsskólanna en í starfi háskólans. Þannig er til dæmis nefnt, að fyrsta ár framhaldsskólanámsins skuli vera sameiginlegt mörgum og stundum allsundurleitum námsbrautum. Nemendur eru þá allir seldir undir nákvæmlega sama námsefni, hafa ekkert val, og einingakerfið skiptir engu í skipulagi námsins. En það er ef til vill einkum á þessu sameiginlega námsári allra nemenda, sem ástæða er til að stuðla að því, að úrval námsskeiða sé fjölbreytilegt. Það er ljóst, að einmitt á þessu sameiginlega námsári hlýtur skólinn að verða sérstaklega að taka tillit til mismunandi námshæfileika nemenda. Einhver hluti nemenda mun þurfa einfalda endurtekningu á námsefni grunnskóla, en aðrir gætu tileinkað sér miklu erfiðara efni en

það miðlungsefni, sem boðið yrði upp á, ef öllum nemendum er ætlað að vera samflota. Síðar á námsferlinum, þegar nemendur hafa valið sér hnitmiðaða námsbraut og vanist þeim efnistökum, sem þar eru gerðar, er miklu síður ástæða til fjölbreytilegrar kennslu í sömu grein, enda þótt æskilegt væri, að á þeim hluta námsferilsins hefðu menn einnig valfrelsi.

Hugmyndin um skiptingu námsefnis í handhægar og nokkuð jafngildar námseiningar á að hluta rót sína að rekja til þeirrar (þekkingarfræðilegu) kenningar, að þekking sé línuleg eða samleggjanleg, það er að einstakir þekkingarþættir séu sjálfstæðir og einangraðir og hafi ekki áhrif hver á annan, heldur safnist einfaldlega saman og leggist hver við annan. Þessi þekkingarfræðilega kenning á greinilega mjög vel við í einstökum tæknilegum greinum, svo sem í mjög vélrænum reikningi. Eins á hún sæmilega við um nám, sem byggist fyrst og fremst á minnisatriðum. En kenningin á mjög illa við flestar greinar, sem höfða til skilnings nemenda eða er ætlað að efla hann. Svo að dæmi sé tekið, þá er það augljóst, að ekki er hægt að miðla fullum skilningi á góðu skáldverki í smábútum, sem lagðir eru hver við annan. Menn öðlast skilning á verkinu smátt og smátt með því að lesa það aftur og aftur. Skilningur, sem menn öðlast, magnast upp við þau skilningsatriði, sem bætast við í næstu yfirferð. Á svipaðan hátt er ljóst að skilningur í flestum heilum fræðigreinum vex af samstöðu og samhengi einstakra þekkingaratriða og að eðlilegust námsaðferð er sú að lesa oft sama námsefnið í sívaxandi dýpt. Hér má til skýringar geta þess, að Frakkar taka mið af þessari staðreynd í skipulagi háskólanáms. Þeir ætla nemendum að lesa um sama fyrirbærið tvisvar til þrisvar í vaxandi dýpt, áður en þeir ljúka háskólaprófi. (1. hringur, 2. hringur, 3. hringur heita námsáfangar þar í landi.) Námseiningakerfið stangast að vissu leyti á við þessar staðreyndir, og ef til vill má rekja það, að námseiningar hafa ekki haft víðtækari áhrif á námsskipan háskólans en raun ber vitni, til þess, að menn hafi haft það á tilfinningunni, að smábútarnir geri flóknum fræðum ekki rétt skil.

Tengsl framhaldsskóla- og háskóla.

Í greinargerð með frumvarpinu, einkum í síðasta kafla hennar, er gerð nokkur grein fyrir væntanlegri aðsókn að framhaldsskólanámi og skiptingu framhaldsskólanema á hinar ýmsu námsbrautir. Þessar spár eru byggðar á stöðugri hlutfallaskiptingu nemenda á námsbrautir, og eru hlutföllin fengin úr grófri könnun á núverandi skiptingu árganga á námsgreinar. Þannig er, svo að dæmi sé nefnt, gert ráð fyrir, að rúm 20% unglinga í hverjum árgangi ljúki fjögurra ára framhaldsskólanámi, sem veiti þeim rétt til frekara náms, í háskóla.

Ef þessar hlutfallaspár reynast réttar verða engar verulegar breytingar á aðsókn að námi í háskóla, þótt fjölbreytni framhaldsskólans samræmda hljóti að valda verulegum breytingum á samsetningu þess nemendahóps, sem til háskólanna leitar. Sameiginleg kunnátta allra nemenda, sem leita til háskólanna, verður því líklega minni en nú hefur verið um hríð, og mun það valda vandkvæðum í skipulagi náms í hefðbundnum greinum háskólanáms, ef ekki verður gripið til þess ráðs að takmarka aðgang að tilteknu háskólanámi við þá nemendur, sem hlotið hafa viðeigandi undirbúning í framhaldsskóla. Þessi síðast nefnda ráðstöfun mundi hins vegar valda verulegum erfiðleikum í framhaldsskólunum sjálfum og gerði nánast að engu það valfrelsi, sem nemendum er þar ætlað að hafa.

Nú er í greinargerð með frumvarpinu lýst þeirri stefnu, að sem flestir nemendur af sem flestum námsbrautum skuli eiga þess kost að halda áfram námi á háskólastigi. En þessi stefna, ásamt þeim sveigjanleika í námsvali, sem framhaldsskólanum er ætlað að hafa, er mjög líkleg til að auka eftirspurn eftir námi í háskóla langt umfram það, sem spá greinargerðarinnar gerir ráð fyrir. Hvort heldur nemendur sækja í hefðbundið háskólanám eða knýja á um nám í nýjum greinum, sem eru í nánari tengslum við undirbúningsnám þeirra í framhaldsskóla, hlýtur þessi aukning á eftirspurn að valda verulegum vandræðum á háskólastiginu, vandræðum, sem

hvergi er vikið að í greinargerð frumvarpsins og engin leið er að sjá fyrir án ítarlegrar athugunar. Án slíkrar athugunar og þeirra ráðstafana á háskólastigi, sem hún gæfi tilefni til, er mikil hætta á, að setning laga í þá átt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir veki með framhaldskólanemum eðlilegar vonir, sem engin leið yrði til að uppfylla. Til þess að unnt reynist að bregðast af nokkurri skynsemi við þeim vanda, sem steðjar að í þessu efni, er alger nauðsyn, að stofnað sé til náins samstarfs allra þeirra skóla í landinu, sem teljast á háskólastigi. Hingað til hefur slíkt samstarf ekkert verið. Jafnframt er nauðsyn að tekið verði upp beint samstarf háskólans, Kennaraháskólans og framhaldsskólanna. Það hlýtur að vera menntamálaráðuneytinu mikilsvert viðfangsefni að sjá til þess, að þetta samstarf hefjist og að það verði virkt.

Lokaorð.

Æskilegt er, að menntamálaráðuneytið og Alþingi hlutist til um, að umræða um þessi mál verði eins ítarleg og opin og nokkur kostur er. Í svo mikilvægu og umfangsmiklu máli nægir það hvergi nærri að leita skriflegra umsagna þeirra stofnana, sem í fljótu bragði virðast aðilar málsins. Málið er miklu margþættara en svo, að nokkur einstaklingur eða stofnun á Íslandi geti á svo skömmum tíma, sem venjulega gefst til slíkra umsagna, gert eigin sjónarmiðum viðhlítandi skil, hvað þá að unnt reynist að vega og meta sjónarmið annarra af sanngirni. Það sem hér hefur verið rakið af hálfu háskólans, er aðeins lítið brot af grófustu dráttum þeirra sjónarmiða, sem háskólinn vildi koma á framfæri um þetta mál. Nauðsynlegt er, að háskólinn fái enn tíma til að vinna að frekari greinargerð um þetta mál, og jafnframt ætti háskólinn að veita ráðuneyti og Alþingi hverja þá aðstoð, sem hann getur veitt til að stofna til og halda uppi nauðsynlegri, opinskárri og opinberri umræðu um þetta frumvarp og þau frumvörp önnur um menntamál, sem nú liggja fyrir Alþingi. Ríka áherslu verður að leggja á það, að skoða verði frumvarpið um framhaldsskóla, frumvarpið um Kennaraháskóla Íslands og frumvarpið um embættisgengi kennara saman og í heild.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
36. UMSÖGN HEIMSPEKIDEILDAR

Frumvarp þetta hafa samið fjórir embættismenn í menntamálaráðuneyti. Menntamálaráðherra skipaði þá í nefnd hinn 25. nóvember 1974 og skilaði nefndin af sér frumtillögum hinn 21. júlí 1976.

Nefndin telur ýmsar ástæður til endurskoðunar framhaldsskólastigs. Þessar má nefna. Grunnskólalög kalla á samhæfingu náms í grunnskóla og framhaldsskóla. Eftirspurn eftir framhaldsnámi fer vaxandi. Til hafa verið lokaðar námsbrautir, markmið framhaldsskólanáms hefur verið lítt skilgreint. Þá telur nefndin, að nauðsynlegt sé með lögum að skipta verkum og fjárhagsbyrðum milli ríkis og sveitarfélaga. Nefndin telur þörf á að gera framhaldsskólastig að einni samvirkri heild „í eðlilegum tengslum við aðliggjandi skólastig“ (bls. 7). Því má og bæta við, að af frumvarpinu má ráða að nefndin hyggst bæta hag verkmenntunar, sem hefur verið vanrækt hingað til. Þá miðar frumvarpið einnig að því, að jafna möguleika til náms hvar svo sem menn eru búsettir á landinu. Ennfremur fyrirhugar nefndin að innleiða í framhaldsskóla kennsluskipan þá, er nefnist áfangakerfi.

Nefndin telur að leysa megi vanda framhaldsskólastigsins og ná þeim markmiðum, sem nefnd voru, með því að binda stigið í allsherjar kerfi sem nefnist samræmdur framhaldsskóli. Kerfi þetta skiptist í átta námssvið, en hvert námssvið í mismunandi margar námsbrautir. Á hverri námsbraut geta nemendur hlotið vissa almenna menntun (en þetta hugtak skilgreinir nefndin ekki) ásamt sérmenntun á ákveðnu sviði. Af öllum brautum skulu vera opnar leiðir til framhaldsnáms.

Heimspekideild tekur undir þá skoðun sem kemur fram í frumvarpinu, að efla beri verknám og annan undirbúning til starfa í atvinnulífi, að jafna þurfi að-

stöðu til náms og að þörf sé á greiðum leiðum milli námsbrauta. En spurning hlýtur að vakna um, hvort þörf sé á viðamiklu samræmdu kerfi til að ná þessum markmiðum. Svo virðist, sem nefndin hafi farið hér aftan að hlutunum. Hvergi er að finna í gögnum nefndarinnar úttekt á þeirri kennslu, sem nú fer fram á framhaldsskólastigi né heldur hvaða raunverulegar þarfir verða fyrir framhaldsskólamenntun á næstu árum. Nefndin hefði átt að byrja á slíkri úttekt. (Tölur um nemendafjölda segja ekkert um kennsluþörf, en slíkar tölur má finna í greinargerð.) Kerfið er samið a priori, og síðan er ætlast til að veruleikinn lagi sig eftir því.

Framhaldsskólar þurfa fyrst og fremst nákvæma athugun á innihaldi þess náms sem þar er og þar þarf að vera til að út úr þeim komi fólk sem getur tekið að sér margvísleg störf á öllum sviðum þjóðlífsins. Margir iðnskólar hafa meiri þörf fyrir kennslugögn og tæki en fullkomið kerfi. Kerfið ætti að vaxa upp af því sem þegar er fyrir hendi. Sumir myndu þá e. t. v. segja sem svo, að lögfesting kerfis yki líkur á að eitthvað verði gert fyrir framhaldsskólastigið. En reynslan sýnir, að lögfesting fagurra fyrirheita er engin trygging fyrir framkvæmd þeirra. Það er vafasamt, að brýna nauðsyn beri til að lögfesta nákvæmt kerfi um samræmdan framhaldsskóla.

Nefndin hyggst innleiða kennsluskipan, sem á upphaf sitt í Bandaríkjunum og Sviar tóku upp um tíma en eru nú mikils til hættir við, og heitir á ensku „credit-unit system“ en er hér nefnt áfangakerfi. Áfangakerfið hefur ótvírætt marga kosti. Það er sveigjanlegt. Nemendur geta ráðið námshraða sínum og það ætti að stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðum. Það er ekkert náttúrulögmál að bekkurinn skuli vera grunneining í skólaskipan. En áfangakerfi er talið henta einungis stórum stjórnunarlegum einingum. Erlendis er talið að það komist ekki í gagnið í skólum sem hafa færri en þúsund nemendur. Eigi það að nýtast hér, verður það helst í hinum stærri skólum eða þá með því móti að heil fræðsluhéruð verði talin ein stjórnunarleg heild. Óhjákvæmilegt er þó að benda á, að jafnvel þótt svo verði að farið, eru fyrirsjáanlegir erfiðleikar við að koma áfangakerfi á í gervöllum hinum samræmda framhaldsskóla. Ber þar til, að samkvæmt kerfi nefndarinnar verður hver námsbraut afmörkuð með námsskrá fyrir hvert námsár. Hver braut verður sett saman úr námseiningum, sem nákvæmlega verður mælt fyrir um í námsskrá og fer þá að verða óljóst hvernig koma á við niðurbútun náms í áfanga og hvaða tilgangi einingamat á þeim á að þjóna. Af skipuritum nefndarinnar er ljóst, að hún gerir ráð fyrir lítt breyttu bekkjakerfi í hinum samræmda framhaldsskóla. En viljayfirlýsing nefndarinnar er fyrir hendi, um að þeir sem falla í einstökum greinum, þurfi ekki að endurtaka ár (bls. 17). Það virðist vera hið eina af áfangakerfishugmyndinni, sem nefndin telur framkvæmanlegt. Það þarf nánari athugunar við, hvernig áfangakerfi verður við komið í samræmdum framhaldsskóla.

Meginatriði frumvarpsins er að menntamálaráðuneytinu er falið vald og stjórnun í nánast öllum innri málum framhaldsskólanna. Frumvarpið á að vera rammalöggjöf, sem ráðherra skal fylla upp í með reglugerðum en mörg höfuðhugtök þess eru hins vegar svo lítt eða illa skilgreind að afar erfitt er að sjá hvert stefnt verður í raun.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að samtals 18 lög og lagabálkar um framhaldsskóla landsins falli úr gildi við gildistöku framhaldsskólalaga. Menntamálaráðuneytið skal m. a. setja námsskrá um námsáfanga, umfang þeirra, inntak og skipan á námsbrautir (9. gr.). Þá á að taka fjölda annarra ákvarðana til að koma kerfinu í gang. Má m. a. geta þess að ráðuneytið skal gera námssamninga lærlinga við meistara skv. 15. gr.

Þessi tilraun ráðuneytisins til að draga sér völd er hættuleg og bæri Alþingi að sporna gegn henni. Engar líkur eru heldur til, að ráðuneytið fái valdið þeim verkefnum sem á þess herðar eru lögð með frumvarpinu. Ef koma ætti saman námsskrám þeim, sem nefndar eru í 9. gr., þyrfti ráðuneytið að hafa á að skipa hæfu starfsliði á kennslu- og uppeldisfræðum, en ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu. Telja má, að svokölluð Skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins sé vís-

ir að uppeldisdeild, sökum þess að undir hana heyra námsstjórar. Reynsla þessarar deildar og reynsla frá Norðurlöndum sýnir, að brýn þörf er fyrir kennslufræðideild í menntamálaráðuneytinu. Án hennar er borin von, að hjól hins samræmda framhaldsskólakerfis taki að snúast. Án hennar er víst, að samþjöppun valdsins í höndum ráðuneytis hefur frekar neikvæðar afleiðingar.

Samkvæmt 16. gr. skal stofna svokallað framhaldsskólaráð, er skal vera ráðuneytinu til aðstoðar við að móta meginstefnu í málefnum framhaldsskóla. Athygli vekur ankannaleg og handahófskeennd samsetning ráðs þessa. Þar skulu vera þrír fulltrúar Alþýðusambands, þrír fulltrúar Vinnuveitendasambands. Stéttarsamband bænda og Kvenfélagasamband fá einn hvor. Grunnskólar og háskólar fá einn hvor. Þótt hér sé verið að setja upp samkundu, sem „naumast yrði fallin til raunverulegra áhrifa“ eins og vikið er að í greinargerð (bls. 26), vekur furðu hví ASÍ og VÍ skuli fá þrjá fulltrúa, en grunnskólar og háskólar einungis 1 hvor fyrir sig. Þá er og óljóst hvaða hlutverki Kvenfélagasamband á að gegna í ráði þessu. Áberandi er, að hvorki í frumvarpi né greinargerð er minnst á þátttöku þeirra sem starfa og nema í framhaldsskólum í ákvörðunum um kennslu og skipulag. Þeir sem helst hafa hagsmuna að gæta, kennarar, foreldrar og nemendur, hafa lítil eða engin áhrif á starf framhaldsskóla. Komist kennslufræðideild upp í ráðuneytinu ætti að skylda hana að hafa samvinnu við kennara og nemendur um allt er varðar nám og kennslu.

Heimspekideild hlýtur sérstaklega að taka til athugunar þau atriði sem varða undirbúningsmenntun nemenda er leita til náms í deildinni. Í frumvarpinu er fátt sem gefur til kynna, hvert stefnir í því efni. Þó má gera ráð fyrir því, að miðað sé að aukinni sérhæfingu á framhaldsskólastigi. Jafnframt má búast við því, að kjarnagreinum fækki. Nú þegar er hafin sérhæfing í efri bekkjum grunnskóla. Þetta getur haft það í för með sér, að nemendur sem lokið hafa framhaldsskóla fullnægi ekki inntökuskilyrðum í háskóla og geti því ekki tekið upp nám á þeim sviðum sem hugur þeirra stendur til. Það er því allsendis óljóst hvernig fullnægja eigi því loforði sem frumvarpshöfundar gefa, að af öllum námsbrautum framhaldsskóla skuli vera möguleikar til framhaldsnáms á háskólastigi Í athugagrein við 7. gr. er þess getið, að reglur um inntöku í háskóla þurfi rækilegrar athugunar við. Þetta er ítrekað á bls. 23. Nefndin gerir enga nánari grein fyrir hugmyndum sínum í þessu efni, en orðalagið gefur í skyn, að nefndin hugsi sér rýmkun á inngönguskilyrðum í háskóla. Varla getur hugsunin verið sú að lokapróf úr hvaða framhaldsskóla sem er gefi inntökurétt í hvaða háskólanám sem er. Sveinspróf verður varla gert jafngilt stúdentsprófi sem inngönguskilyrði í háskóla, nema þá í undirbúningsdeild tækniskóla, svo sem nú er.

Heimspekideild hlýtur að lýsa þeirri skoðun sinni, að huga beri vandlega að tengslum framhaldsskóla og háskóla áður en frumvarpið um framhaldsskóla verður að lögum. Ef fram heldur sem horfir gæti Háskóli Íslands fyrr eða síðar orðið að taka upp sérstök inntökupróf eða aðrar aðgangstakmarkanir. Þá gæti svo farið að færri nemendur en ella fengju aðgang að æðri menntastofnunum og loforðið um framhaldsnám af öllum námsbrautum framhaldsskóla þá framkvæmanlegt einungis með ákveðnum skilyrðum.

Það varðar og háskólann, hvaða námsbrautir skuli teljast til framhaldsskóla og hverjar til háskóla. Nú má sjá af gögnum nefndarinnar að hún hyggst stofna hjúkrunarfræðibraut á framhaldsskólastigi. Þegar hefur verið stofnuð hjúkrunarfræðideild við Háskóla Íslands. Það er stefna samtaka hjúkrunarfræðinga að hjúkrunarfræðinám skuli allt flytjast á háskólastig. Verða því torfundin rök fyrir því, hví stofna skuli hjúkrunarfræðibraut á framhaldsskólastigi.

Háskóli Íslands hefur hingað til séð um menntun kennara á framhaldsskólastigi. Á undanförnum árum hafa þeir, er lokið hafa B.A. prófi frá Háskóla Íslands tekið að sér í æ ríkara mæli kennslustörf á framhaldsskólastigi. Þeir hljóta nú tveggja ára menntun í aðalgrein og eins árs menntun í aukagrein. Eðlilegt sýnist, að menn með cand.-mag-próf og menntun í uppeldis- og kennslufræðum gangi fyrir

um kennslu við menntaskóla. Nú er gert ráð fyrir, að Kennaraháskóli Íslands annist alla uppeldis- og kennslufræðimenntun kennara á framhaldsskólastiginu öllu (skv. frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi). Á það ber að leggja áherslu, að sú uppeldisfræðilega menntun sé sniðin að raunhæfum þörfum kennaranna, hvaða sérgrein sem þeir kenna, og að KHÍ vindi bráðan bug að því að taka upp kennslu sem kenni kennurum að kenna sitt fag. KHÍ bæri í því efni að hafa samvinnu við þá skóla sem mennta menn í einstökum greinum.

Frumvarp til laga um framhaldsskóla fitjar upp á athyglisverðum hugmyndum um skipulagningu og skólastarf svo sem samhæfingu náms og greiðari leiðir milli brauta. En miðstýring kerfisins og þrælskipulagning hlýtur að valda því að það verður þunglamalegt og stirt í vöfum og eigi þannig erfitt með að laga sig að breytilegum þjóðfélagsháttum. Frumvarpið er samið af nefnd á stuttum tíma án samvinnu við skólamenn og ber þess merki. Nefndin gerði enga athugun á innihaldi þeirrar menntunar sem samræmdur framhaldsskóli á að veita né hugaði hún að raunverulegum markmiðum náms og starfs í framhaldsskólum.

Óhjákvæmilegt er að álita, að huga beri vandlega að þeim atriðum, sem hér að ofan hafa verið nefnd, áður en til álita kemur að samþykkja frumvarpið sem lög.

37. HÁSKÓLI ÍSLANDS

Umsögn félagsvísindadeildar.

Félagsvísindadeild lýsir ánægju sinni með tilkomu þessa frumvarps og lýsir fylgi við þá meginstefnu sem þar er boðuð. Sérstaklega er mikilvægt að í frumvarpinu er leitast við að koma í veg fyrir blindgötu í námi, gert er ráð fyrir mishraðri yfirferð nemenda og sérstakri námsráðgjöf til nemenda. Síðast en ekki síst fagnar félagsvísindadeild viðleitni til að gera verk- og bóknámi jafnhátt undir höfði og lýsir þeirri von að hér verði ekki um að ræða orðin tóm.

Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið hefur það vissa kosti að setja víða rammalöggjöf sem frv. yrði ef að lögum verður. Slík löggjöf gefur færi á sveigjanleika í ljósi breyttra þjóðfélagshátta. Hitt er hins vegar jafnljóst að slík rammalöggjöf býður þeirri hættu heim að önnur stefna verði tekin upp í hinum ýmsu reglugerðum en lýst er í athugasemdum við frv. og engin vissa fæst um viss grundvallaratriði ef frv. verður að lögum í núverandi mynd.

Þó að félagsvísindadeild sé því að sjálfsögðu sammála að menntamálaráðuneytið fari með yfirstjórn og samræmingu þessara mála þá er það skoðun deildarinnar að vald ráðuneytisins sé of mikið, þ. e. a. s. að ekki verði nógu lýðræðisleg stjórn á málefnum framhaldsskólans ef þessi frv. drög verða að lögum. Miðstýring er of mikil, nauðsyn er á að dreifa valdinu meira til heimamanna, kennara, foreldra og ekki síst nemenda.

Þær breytingar sem félagsvísindadeild leggur til á einstökum greinum frv. eru flestar í þeim anda sem lýst er hér að ofan. Áður en einstakar greinar eru teknar til athugunar vill deildin benda á að hvergi er kveðið á um skólarannsóknir og námsgagnagerð fyrir framhaldsskólastigið. Hvort sem skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins mun annast þetta eða ný stofnun þykir æskilegt að taka slíkt fram í lögum. Lagt er til að bætt verði við lagagrein er fjalli um þetta.

Í þeim athugasemdum sem hér fylgja á eftir er ekki fjallað um kostnaðarskiptingu við framhaldsskóla. Félagsvísindadeild er þó ljóst að mikið veltur á þeim þætti málsins. Í athugasemdum með frumvarpinu er réttilega bent á að hið raunverulega vald yfir framhaldsskólum hlýtur að liggja hjá þeim aðila sem fjármagnar hann. Þess vegna er mikilvægt að heimamenn leggi fjármuni af mörkum á móti ríkisvaldinu. Jafnljóst er að þungar fjárhagsbyrðar á fátæk sveitarfélög munu valda alvarlegu misrétti.

Næst verða teknar fyrir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

3. grein. Tillaga um orðalag greinarinnar er:

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska nemandans sem einstaklings. Skólinn skal veita menntun er á hverjum tíma sé markviss undirbúningur starfs eða frekara náms. Veita skal nemandanum þjálfun til virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi, gera hann færan til að taka sjálfstæða afstöðu til þjóðmála, vinna með öðrum og taka tillit til annarra.

Rökstuðningur. Félagsvísindadeild telur æskilegt að gera áherslubreytingu á greininni, þannig að þroski einstaklingsins sitji í fyrirrúmi. Einnig að greinin verði lengd þannig að atriði úr athugasemdum frumvarpssemjanda þau er nefnd eru í liðum 4 og 5 á bls. 11 í frumvarpsdrögunum séu tekin fram.

4. grein.

Félagsvísindadeild leggur til að eftirfarandi setningu verði bætt við síðari málsgrein greinarinnar:

„Öll slík skilyrði skulu reist á raunhæfu mati á kröfum viðkomandi framhaldsnáms".

Rökstuðningur. Tilgangurinn með að bæta ofannefndri setningu við frumvarpið er fyrst og fremst að sporna gegn illa rökstuddum fjöldatakmörkunum og að hæpnar viðmiðanir um námsárangur eða greind verði notaðar í því skyni. Orðalag viðbótarinnar er tekið beint úr athugasemd við frumvarpið (bls. 24 í frumvarpsdrögum) og þykir rétt að setja slíkt ákvæði inn í lögin.

6. grein. Tillaga um viðauka.

Námsbraut skal að jafnaði .....
og/eða rétt til framhaldsnáms. **Stefnt skal að því að námi á hverri námsbraut ljúki með einhverri viðurkenndri starfshæfni.**

Í reglugerð ..... og svo frv.

Rökstuðningur. Félagsvísindadeild telur æskilegt að allar námsbrautir veiti einhver starfsréttindi, einnig brautir á bóknámssviði. Tegund réttinda ætti að fara eftir vali hvers nemanda.

Aðalröksemd deildarinnar er sú að það sé þroskandi fyrir hvern einstakling að komast í snertingu við atvinnulífið í námi sínu og fá þá tilfinningu að hann sé nýtur þegn þjóðfélagsins. Slík framkvæmd ætti einnig að ýta undir þann hugsunarhátt að starfsnám og bóknám séu óaðskiljanlegir þættir, og að hvorugt sé hinu æðra. Á svipuðum forsendum er slíkt ákvæði talið ýta undir jafnrétti til náms, sbr. skrif J. Hansens um jafnrétti í skólum.

Einnig má benda á að slík réttindi geta reynst hagnýt fyrir nemendur, sem hætta í miðju bóknámi eða þurfa að vinna fyrir sér með langskólanámi.

8. grein. Lagt er til að síðari hluti greinarinnar hljóði svo:

..... markmið brautarinnar. **Lögð skal meginálersla á náin tengsl verklegra og bóklegra þátta námsins.** Auk skyldunámsefnis skal á hverri námsbraut gefa kost á frjálsum valgreinum að nokkru marki **og skal inntak þeirra taka mið af umhverfi nemandans þar sem það á við.**

Rökstuðningur. Orðalagið varðandi samhæfingu bóklegs og verklegs náms gefur til kynna að um aðskild námssvið sé að ræða. Lögð er áhersla á mismun þessara námsþátta, sem er í andstöðu við þá stefnu frumvarpsins að þessa þætti skuli meta að jöfnu. Deildin leggur því til að orðalaginu verði breytt.

Aðalröksemd deildarinnar fyrir viðbótarsetningunni er sú að námið ætti að höfða betur til nemenda ef þeir læra um aðstæður og vandamál umhverfis síns. Slíkt ætti að vera áhugahvetjandi og draga úr námsleiða og á firringartilfinngu (sbr. tilraunir Norðmanna í Norður-Noregi Tromsø og Lofoten). Sem dæmi má nefna að í sögunámi mætti bæta við kjarnanám í mannkynssögu og Íslandssögu, sögu um nánasta umhverfi nemandans (bæjarins, hreppsins, sveitarfélagsins). Sama má segja um líffræði, samfélagsfræði og fleiri greinar.

Það orðalag sem hér er lagt til á þó alls ekki að hindra að efnt verði einnig til valgreina með „langsóttu" innihaldi.

9. grein. Tillaga um orðalagsbreytingar.

Um námsáfanga, umfang þeirra, **markmið** og skipan á námsbrautir skal ákveðið .....hluti af náminu. **Verkþjálfunarþættir námsáfanga skulu metnir til eininga sem aðrir námsþættir.**

Rökstuðningur. Félagsvísindadeild telur æskilegra að hugtakið markmið komi í stað hugtaksins inntak í greininni, til að sporna gegn óhóflegri miðstýringu. Óæskilegt þykir að námsefni sé fyrirskipað af ráðuneytinu. Eðlilegt er að menntamálaráðuneytið geri tillögur, sem kennara er heimilt að víkja frá, svo framarlega sem kennslan verður í samræmi við þau markmið, sem sett eru fram í námsskrá. Félagsvísindadeild telur það vera ósamboðið virðingu framhaldsskólakennara, hvort sem þeir hafa æðri háskólapróf eða aðra sérmenntun að fá ekki sjálfir að velja kennsluefni að einhverju marki. Slíkt myndi bæði gera þá firrtari í starfi sínu og letja þá til að fylgjast með í fræðigrein sinni.

Breytingin á síðustu setningu greinarinnar er í samræmi við áðurnefnd sjónarmið deildarinnar að of mikil aðgreining sé gefin til kynna á milli bók- og verklegra námsþátta í frumvarpinu.

12. grein. Tillaga að orðalagi.

Skipan námsbrauta í skólastofnanir skal haga með tilliti til aðstæðna, og koma eftirtaldir kostir til greina: **Þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði leyfa skal sameina mismunandi námsbrautir í einni skólastofnun. Heimilt er að hafa stjórnunarlega tengdar brautir í aðskildum stofnunum eða stakar brautir í sérgreindum stofnunum ef nemendafjöldi, eðli námsins eða annað kemur í veg fyrir sameiningu námsbrauta í einni stofnun.**

Í hverjum landshluta skal vera eins fjölbreytt val námsbrauta og við verður komið.

Rökstuðningur. Breytingin á orðalaginu er aðeins til að leggja áherslu á það að æskilegasti möguleikinn varðandi skipan námsbrauta á skólastofnanir er sá að hafa mismunandi brautir innan sömu stofnunar. Önnur skipan samrýmist vart hugmyndafræði um fjölbrautaskóla og mun ýta undir þann hugsunarhátt sem þessari lagasetningu er vonandi ætlað að útrýma — að sumir skólar séu virðingarmeiri en aðrir.

Ef bók- og verknám á að verða metið að jöfnu þarf að draga sem mest úr sérskólum á þessum sviðum, sbr. menntaskóla og iðnskóla í sinni hefðbundnu mynd.

16. grein hljóði svo:

Ráðuneytinu til **samráðs** við ..... framhaldsskólaráð, skipað formönnum námssviðanefnda, sbr. 3. mgr. þessarar greinar, 10 fulltrúum framhaldskólanemenda, einn frá hverju námssviði og tveimur fulltrúum félagasamtaka framhaldsskólanema, einum fulltrúa frá samtökum framhaldsskólakennara, einum fulltrúa frá grunnskóla og svo frv.

..... fjögurra ára í senn. Fulltrúar nemenda skulu þó skipaðir til eins árs.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Framhaldsskólaráð skal kallað saman til funda eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

3. mgr.

.....sem jafnframt er varaformaður. **Skal formaður vera framhaldsskólakennari** ..... Menntamálaráðuneytið skipar námssviðsnefnd til fjögurra ára í senn **að fengnum tillögum samtaka kennara á sviðinu** og skulu fulltrúar starfsnámsbrauta valdir með hliðsjón af sérþekkingu á viðkomandi starfssviði.

Rökstuðningur.

1. mgr. Félagsvísindadeild telur það ekki geta samrýmst markmiðsgrein þessa frumvarps að gefa framhaldskólanemum ekki kost á að hafa áhrif á stefnumótun síns skóla.

Nauðsynlegt þykir að hafa nemendafulltrúa eigi færri en tíu, þar sem þeir standa ekki jafnfætis öðrum fulltrúum ráðsins hvað varðar reynslu og þroska, og þannig gefst einnig tækifæri til að fá nemendafulltrúa frá hverju námssviði.

Félagsvísindadeild telur það höfuðnauðsyn að nemenda- og kennarasamtök framhaldsskólans eigi fulltrúa í framhaldsskólaráði, þar sem engum standa nær en þessum aðilum störf og vandamál framhaldsskólans.

Deildin tekur undir þær efasemdir varðandi framhaldsskólaráð, sem koma fram á bls. 87 í greinargerð meðfrumvarpinu , en telur þó að slíkt ráð geti tryggt lýðræðislega umræðu um framhaldskólann ef því er í raun ætlað stefnumarkandi hlutverk, fundir þess vel undirbúnir og fundir þess haldnir minnst fjórum sinnum á ári sbr. viðbót deildarinnar við 2. mgr. greinarinnar.

3. mgr. Félagsvísindadeild telur rétt að formenn námsviðsnefnda séu framhaldsskólakennarar m. a. til að tryggja góða samvinnu kennara og námssviðsnefnda. Einnig eru það lýðræðislegri vinnubrögð að hafa samtök framhaldsskólakennara með í ráðum við val í námssviðsnefndir.

19. grein.

2. mgr. hljóði svo:

Skólastjóri er oddviti skólastjórnar, sem auk hans skal skipuð allt að tveimur fulltrúum kennara, jafnmörgum fulltrúum nemenda **og einum fulltrúa annars starfsliðs** (sbr. 22. gr. frv. 3. og 4.), svo og aðstoðarskólastjóra, ef hann starfar við skólann ..... í reglugerð .

Rökstuðningur.

Skólastjórnin er lýðræðislegri ef annað starfslið hefur sinn fulltrúa þar, auk þess sem þessir aðilar munu oft kynnast nemendum, viðhorfum þeirra og vandamálum betur en aðrir, sbr. skólaráðgjafa og húsvörði.

22. grein hljóði svo:

1. a) .....
   b) námsstjórn, þ. á m. í einstökum greinum og greinasamstæðum, svo og skipulagningu kennslu, **umsjón með söfnun og gerð kennslugagna** og eftirliti með verklegri þjálfun.

Síðasta mgr. ..... að annast hliðstæða starfsemi fyrir nemendur framhaldsskóla **enda sé tryggt að nægur mannafli og fjármagn sé fyrir hendi.**

Rökstuðningur.

1. b) Í framhaldi af því sem sagt er í inngangi þessarar umsagnar telur félagsvísindadeild nauðsynlegt að samræmd kennslugagnagerð verði starfrækt fyrir skólastigið. Eðlilegt þykir að innan hvers skóla sjái námsstjórn um söfnun samræmdra gagna og framleiðslu á þeim sérgögnum sem einstakir skólar kynnu að þarfnast.

Viðbótin við síðustu málsgr. 22. gr. þjónar eingöngu þeim tilgangi að koma í veg fyrir það að ráðgjafar- og sérfræðiþjónusta grunnskólanna verði lakari fyrir grunnskólastigið með tilkomu þessara laga.

23. gr.

..... um embættisgengi kennara. Setja **skal** í reglugerð ákvæði um menntunarkröfur til annarra starfsmanna.

Rökstuðningur.

Æskilegt þykir til að tryggja sem hæfastan starfskraft, sérstaklega í 22. gr. 3. a), b) og 4. a) og b), að setja ákvæði um menntunarkröfur í reglugerð.

38. HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

30. des. 1977.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur fengið til umsagnar **frumvarp til laga um framhaldsskóla.**

Ráðuneytið sér ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við sjálft frumvarpið.

Hins vegar óskar ráðuneytið eftir að fá að fylgjast með þegar unnið verður að gerð námsskráa á heilsugæslusviði með tilliti til þess að það er þetta ráðuneyti, sem hefur með hendi réttindaveitingu heilbrigðisstétta.

Kröfur sem þetta ráðuneyti gerir um þekkingu — bóknám og verknám — þeirra einstaklinga, er um starfsleyfi sækja, þurfa að vera virtar og kynntar af þeim skólum er námið veita.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

39. BÆNDASKÓLINN Á HVANNEYRI

Hvanneyri, júlí 1977.

Nokkrar athugasendir um frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Greinargerð þessi er samin af fulltrúum kennara við Bændaskólann á Hvanneyri. Málefni framhaldsskólans eru hér metin út frá viðhorfum sérskóla, sem hvorki telur stóran hóp nemenda, né veitir umtalsverð starfsréttindi.

Fyrst er vikið að almennum viðhorfum, en síðan er staða bændaskólanna skoðuð með hliðsjón af frumvarpi um framhaldsskóla. Tekið skal fram að við ræðum búnaðarnámið eingöngu, en ekki þær brautir er lúta að garðyrkjunámi.

I. Almennt.

Helstu nýmæli frumvarpsins sem hér verður drepið á eru eftirfarandi:

a) Öllum sem lokið hafa grunnskólanámi skal standa til boða eins til fjögurra ára nám, hvort sem stefnt er að sérhæfingu til starfs, almennu námi eða undirbúningi til náms á háskólastigi.
b) Framhaldsskólinn skal skipulagður sem ein samræmd heild.

Við óttumst að námsbrautaval verði þrátt fyrir a) takmarkað m. a. vegna þeirrar tilhneigingar sem starfsskólar og starfsgreinaskólar ýmsir hafa til að gera (óeðlilega) strangar kröfur um inngöngu nemenda. Við þessu búast höfundar frumvarpsins (sbr. 2. mgr. 4. gr.).

Við teljum vissa samræmingu náms-efnis og -aðferða æskilega og nauðsynlega en ekki er af frumvarpinu ljóst, hversu langt á að ganga í hinu samræmda skipulagi. Óttumst við að samræmingin leiði til óeðlilegrar miðstýringar og leggi hömlur á hið innra starf skólanna. Teljum við vænlegra, að ætla skólunum vissa hlutdeild í samræmingu, og raunar nauðsynlegt þar sem um starfsgreinaskóla er að ræða.

Þá er ólíklegt að fámennu liði embættismanna ráðuneytis takist að fylgjast það vel með þróun einstakra greina að þeir geti haft forgöngu um nauðsynlega endurnýjun námsskrár og vinnubragða í skólunum. Þar fer betur á beinum tengslum skóla og atvinnugreinar með vitorði ráðuneytis.

Okkur þykir það óeðlilegt að skilið sé á milli „fjármagnsábyrgðar" og „menntunarábyrgðar", þ. e. að heimamenn beri aukinn hlut af kostnaði við skólahaldið, en að forsjá sjálfs námsins færist að mestu leyti í hendur ráðuneytis, eins og samræmingin hlýtur að leiða til, verði hægt að tala um einhverja raunverulega samræmingu á námi. Sjónarmið höfunda frumvarpsins (sjá aths. 7 um 17. gr. bls. 17) styðja þessa skoðun okkar.

Við teljum vissa og etv. verulega hættu á að hið samræmda skipulag ali fljótlega af sér stórar skólastofnanir, og hugmyndir höfunda frumvarpsins um skólaskipan (bls. 65) styrkja þann grun. Við ölum því ugg í brjósti um, að skipulagið bæti ekki menntunaraðstöðu þeirra, sem dreifbýlið byggja, en henni er þó að okkar dómi brýnna að bæta úr en flestu öðru, sem þetta frumvarp tekur til meðferðar. Í framhaldi af orðum höfunda um menntun kennara (bls. 20) reikar sú spurning um hugann, hvort ekki eigi aðeins að steypa námsefni framhaldsskólanna í sama formi, heldur eigi einnig að verksmiðjuframleiða fagkennara, er passi fyrir hin samræmdu viðfangsefni og vinnubrögð framhaldsskólans? Við vonum að þetta sé ekki ætlun höfunda frumvarpsins, þótt orðalag þess bendi ótvírætt í þá átt. Þá þykir okkur ómaklegt það vantraust höfundanna á skólunum og starfsmönnum þeirra, sem lýsir sér í einni meginforsendu frumvarpsgerðarinnar, og kemur fram á bls. 9. „**Skipulag skólastarfsins í heild hefur eðlilega verið nær eingöngu í höndum starfsliðs skólanna og val námsefnis og annarra viðfangsefna í flestum tilvikum í höndum einstakra kennara sem fóru þá eftir eigin viðhorfum og reynslu.**“

Við teljum, að gera þurfi skólana sjálfa ábyrgari gagnvart samræmingu hinna ýmsu námsþátta í stað þess að láta þá skipan koma að ofan. Reynsla er fyrir því að menntun og alhliða þroski nemandans ræðst af frumkvæði og viðsýni skólastofnunarinnar sjálfrar, en verður vart til leiðar komið með dagsskipunum frá aðilum utan veggja hennar.

II. Stjórnskipan búnaðarfræðslunnar.

Samræmt framhaldsskólanám skal skv. frumvarpinu lúta menntamálaráðuneytinu, þó telja höfundar þess aðstæður bændaskólanna mæli með undantekningu (sbr. bls. 26. um 16. gr.) í því sambandi er álit okkar eftirfarandi:

Greina má á milli

a) stefnu og markmiðs skólastarfsins
b) framkvæmdar miðlunar fræðslu og þekkingar.

5) Ég er á móti áfangakerfi, a. m. k. í menntaskólum, og eru forsendur mínar þessar helstar:

a) Út úr áfangakerfi fæst ekkert það, sem ekki má ná fram með sæmilega húmaniskri afstöðu og mati skólayfirvalda á hverjum stað (sbr. 2, d).

b) Skólanám er ekki aðeins nám og próftaka, heldur eru hin mannlegu samskipti innan og utan skólastofunnar ekki síður mikils virði. Á skólaárunum hnýta menn oftast þau vináttubönd, sem eiga eftir að endast ævina á enda, og í þessu á bekkurinn, bekksögnin, ekki minnstan þátt. Punktakerfið hefur ekki gefist eins vel að þessu leyti.

c) Það getur ekki verið hið æskilega takmark með stúdentsprófi, sem er umfram allt inntökupróf í háskóla, að menn hafi lært, svo og svo marga áfanga í hverri námsgrein, heldur, að þeir hafi sýnt getu til að hafa á valdi sínu á ákveðnum tíma mikið námsefni, svo vel skipulagt í huganum, að þeir geti komið því frá sér í einni prófsetu. Þetta er þjálfunaratriði, sem ekki fæst fram í kerfi, þar sem aldrei eru tekin yfirlitspróf, og verðmætur undirbúningur undir háskólanám.

d) Þann „kost" við áfangakerfið, að duglegri nemendur geti farið hraðar gegnum menntaskóla en aðrir, tel ég ekki þungvægan, því að almennur þroski og sjálfstæði mikilla námsmanna þarf ekki að vera hraðari en miðlungsmanna. Réttara tel ég að kenna afburðamönnum meira í menntaskóla og búa þá þannig betur undir háskólanám. Það er, hvort sem er, vafasamur ávinningur að öðlast rétt til háskólanáms á árstíma, þegar háskólar taka almennt ekki við nýnemum.

e) Ég tel of mikið gert úr ágæti valgreina og raunar **algjörlega fráleitt að vera með slíkar greinar í grunnskóla.**

Skólaárið á Íslandi er ekki lengra en svo, að ekki veitir af tímanum til að styrkja nemendur sem best í þeim undirstöðugreinum, sem nauðsynlegar eru vegna áframhaldandi náms, og á þetta bæði við grunnskóla og framhaldsskóla, ekki síst menntaskóla.

Að loknum þessum almennu athugasemdum vil ég nú fara aðeins nánar út í nokkur atriði, er snerta menntaskólanám og réttindi stúdenta.

A. Háskóli Íslands hefur að undanförnu kvartað sáran um lélegan undirbúning stúdenta. Sú kvörtun fór að koma fram, eftir að rýmkað var svo um inntöku í menntaskólana (minni kröfur á landsprófi), að þangað kom töluvert af fólki, sem ekki réð raunverulega við námið, ýmist vegna ónógrar getu eða vegna áhugaleysis á að standa sig, en það áhugaleysi kann að hafa stafað að einhverju leyti af því, að Háskóli Íslands gerði ekki nógu háar einkunnakröfur við inntöku. Afleiðingin af þessu varð sú, að meðaltal einkunna á stúdentsprófi snarlækkaði og inn í Háskóla Íslands kom töluverður fjöldi fólks, sem ekki réð við námið, féll og flosnaði upp.

B. Árum og öldum saman hafa Íslendingar getað sótt sér menntun til annarra landa fyrir tiltölulega lítla fjármuni, auk þess sem náin kynni af erlendum þjóðum eru ævþjóð nauðsyn. Má segja, að Íslendingar hafi notið mjög verulegrar „tækni"aðstoðar í þessu efni. Íslenskir stúdentar hafa verið teknir inn í háskóla, hvar sem er í heiminum, með íslenskt stúdentspróf upp á vasann. Nú er það vitað mál, a. m. k. á meginlandi Evrópu eru háskólarnir farnir að setja stúdenta frá vissum löndum í aðfararnám, áður en þeim er hleypt í formlegt háskólanám, þar eð menntunarstaðallinn í þessum löndum fullnægir ekki lengur þeim kröfum, sem gera ber til háskólastúdenta. Nú spyr ég: Er ætlunin, að við eigum að elta „umbótaþjóðirnar" í menntamálum út í þessar ófærur líka? Á að setja það í lög, að staðallinn á íslensku stúdentsprófi skuli lækkaður svo, að íslenskir stúdentar þurfi að fara í allt að tveggja ára aðfaranám í útlöndum, áður en þeir komast inn í háskólana? Eða á e. t. v. að neyða alla Íslendinga til að stunda sitt háskólanám heima, eftir að búið er að breyta (lækka) kröfum um inntöku í Háskóla Íslands, sbr. að ofan? Á að gera alla íslenska stúdenta að „heimskum heimaöldum börnum"?

C. Reynslan í menntaskólunum undanfarin ár hefur verið sú, að hið aukna aðstreymi leiddi til lægri meðaleinkunna, þ. e. a. s. skólunum nægðu ekki fjögur ár til að koma nokkrum hluta nemenda til þess þroska, að tryggt mætti telja, að þeir kæmust gegnum háskólanám. Nú virðist hugmyndin með þessu frumvarpi, að allir nemendur á Íslandi án tillits til námsgetu eða áhuga, skuli eiga jafnan rétt til náms í öllum skólum, þar með töldum menntaskólum. Nú vita allir, sem nálægt kennslu hafa komið, að kennsla í hverri bekksögn hlýtur að miðast við þann efnivið námsmanna, sem í bekksögninni eru. Því fleiri sem hinir illa undirbúnu, lötu og miður gefnu eru í bekksögninni, því minni bitastæða tilsögn fá hinir betur gefnu og áhugasömu. Afleiðingin af þessu getur auðveldlega orðið — og verður vafalaust, að eigi að taka nemendur holt og bolt inn í þá skóla, sem nú heita menntaskólar, og eigi þeir skólar eftir sem áður að kenna nemendum til háskólanáms, eins og nú tíðkast, nægja þeim ekki fjórir vetur til þess, heldur verður sá fimmti að bætast við. Eini möguleikinn annar væri sá að lækka inntökuskilyrðin í Háskóla Íslands, eins og höfundar frumvarpsins hafa séð fyrir í fyrrnefndri grein 4 á 23. bls.

D. Ríkar og mannmargar þjóðir, eins og Svíar, kunna að hafa efni á að ævðileggja gott menntakerfi til þess eins að sjá, hvort eitthvert annað kerfi sé betra. Smáþjóð eins og Íslendingar ætti að gjalda nokkurn varhuga við svo róttækum breytingum sem hér eru lagðar til. Það er ekki aðeins, að við höfum ekki efni á þeim fjármunum, sem þetta kerfi mun kosta, við höfum ekki efni á að kasta

á glæ heilum árgöngum námsmanna, eins og gerst hefur annars staðar. — Á það má svo benda, að við höfum gerst kaþólskari en páfinn, því að jafnvel Svíar taka inn í menntaskóla eftir einkunum, en hér má það ekki.

E. Eitt aðalmarkmiðið með þessu frumvarpi virðist vera sá að skipuleggja allt framhaldsskólastigið sem eina heild, reyra það allt í viðjar samræmds heildarskipulags, búa til bákn, sem verður óviðráðanlegt fjárhagslega og stjórnunarlega. Við skrifborð kann þessi lausn að hafa ýmsa kosti, en frá sjónarhóli manns, sem fengist hefur við kennslu í 25 ár og mætti teljast hafa nokkra reynslu í kennslustofunni, lítur þetta kerfi skelfilega út. Með lagaboði er ekki unnt að ákvarða, að allir séu jafnvel gefnir til náms. Það getur ekki verið tilgangur skóla að þrýsta öllu niður á sama menntunarstigið á grundvelli einhverrar loðmullu-hugsjónastefnu. Það hlýtur að vera tilgangur skóla að koma hverjum einstaklingi upp á hæsta mögulegan menntunarstaðal miðað við þroska og getu, ekki þrýsta hinum betur gefnu niður, til þess að allir geti verið jafnir.

F. Augljós afleiðing slíkrar allsherjarsamræmingar skólakerfisins, sem hér er lögð til, er krafan um samræmda námsskrá fyrir allt framhaldsskólastigið, sem mundi enn frekar stuðla að útjöfnun menntunarstaðalsins niður á við. Tillaga um slíka samræmingu er raunar þegar komin fram hjá rektor Tækniskólans. Virðist í einlægni vandséð hvernig það kerfi, sem lagt er til í frumvarpinu, gæti starfað, án þess að slík samræming námsskár kæmi til og niðurfelling bekkjakerfis.

G. Greinilegt er, að eigi þjóðfélagið í framtíðinni að eiga völ á vel menntuðum mönnum til hvers kyns starfa, sem háskólamenntun þarf til að vinna, má alls ekki lækka menntunarstaðalinn í menntaskólunum frá því, sem nú er, jafnvel þó að það kunni að kosta, að einhver latur eða illa gefinn pabbadrengur fái ekki stúdentspróf. Við komumst ekki hjá því, að náttúran hefur því svo til hagað, að sumir eru betur fallnir til bóknáms en aðrir.

H. Það er vissulega verðugt verkefni að auka veg verkmenntunar í landinu, en versta aðferðin til þess er að lækka staðal allrar annarrar menntunar í landinu. Slíkt er lágkúra af verstu tegund. Það væri eins og að skera fætur sex feta manns af við hné, til þess að hann yrði ekki hærri en fjögurra feta maður.

I. Enn eitt atriði — og ekki það veigaminnsta: Það má ekki líta fram hjá því, að menntun sem slík er af hinu góða. Það er blátt áfram hættulegt að einblína stöðugt á réttindi, notagildi. Menntun er ekki eingöngu fólgin í inntaki þeirra greina, sem kenndar eru, heldur aðallega í þeirri ögun og aðhaldi, sem greinarnar eru hugsuninni. Það er töluvert til í þeirri kenningu, að menntun sé það, sem eftir standi, þegar menn hafa gleymt því, sem þeir lærðu.

Mál mitt hefur orðið lengra en til stóð, en það stafar af því, að ég er sannfærður um, að óhjákvæmileg afleiðing samþykktar þessa frumvarps yrði staðallækkun á allri æðri menntun í landinu, og mér er það mikið hjartansmál, að svo verði ekki. Til þægindaauka mun ég setja fram á sérstöku blaði helstu mótbárur mínar í hnotskurn.

Virðingarfyllst,

Guðni Guðmundsson
rektor.

HELSTU MÓTBÁRUR

1) Ég tel óæskilegt að reyna að samræma allt framhaldsskólastigið a) vegna gífurlegrar yfirbyggingar við stjórnun, b) vegna hins mikla kostnaðar, sem hlytist af stjórnuninni og hugsanlegum smáum einingum, er út kæmu.

2) Ég tel, að réttur til að stunda nám á einhverju skólastigi, sem er ekki bundinn skyldu til að standa sig eins vel og unnt er, sé hættulegur og líklegur til að stuðla að falli, þ. e. a. s. skipbroti einstaklingsins og auknum kostnaði við menntakerfið.

3) Ég tel einsýnt, að ekki megi skerða möguleika menntaskólanna á því að brautskrá stúdenta, er séu hæfir til háskólanáms. Til háskólanáms þarf menn, sem eru vel undirbúnir í bóklegum greinum, enda hefur heilt skólastig, menntaskólastigið, verið miðað við slíkan undirbúning. Menntaskólanám er ekki takmark í sjálfu sér.

4) Ég tel einsýnt, að reynsla annarra þjóða, sem reynt hafa nýjungar svipaðar þeim, sem hér er um að tefla, sé ekki slík, að réttlætanlegt sé að elta þær út í ófæruna.

5) Ég tel, að þótt mikil vinna hafi verið lögð í að afla upplýsinga, þýða og staðfæra það kerfi, sem Norðurlandaþjóðir hafa tekið upp í fræðslumálum, verði að afskrifa þá vinnu, þar eð reynsla þeirra þjóða af kerfinu er ekki nægjanlega góð til að réttlæta eftiröpun.

6) Ég tel ekki réttu leiðina til að auka veg verkmenntunar í landinu að lækka staðal allrar annarrar menntunar í landinu, þannig að hún verði í raun lítils virði.

7) Ég legg áherslu á gildi menntunar í sjálfri sér og tel, að ekki eigi sínkt og heilagt að einblína á notagildi, réttindi og þess háttar. Það sjónarmið á miklu fremur rétt á sér í skólum, sem veita starfsréttindi.

TILLAGA

Til þess að tryggja að þeir nemendur, sem best eru fallnir til bóknáms og líklegastir til afreka í háskólanámi, fái sem bestan undirbúning, legg ég til, að í væntanlegum lögum um framhaldsskóla verði kveðið svo á, að a. m. k. 2—3 heföbundnir menntaskólar skuli starfa í landinu, er taki inn nemendur eftir sérstökum reglum, sem ákveðnar verði í reglugerð. Stúdentar frá þessum skólum verði undanþegnir inntökuprófi í Háskóla Íslands, ef upp verður sett. Þar með væri tryggð hnökralaus inntaka íslenskra stúdenta í erlenda háskóla.

47. MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ

18. júní 1977.

I. Athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins.

4. gr.

Heimildarákvæðið um lágmarkskröfur í einstökum greinum er þegar komið til framkvæmda. Mér virðist sú stefna, sem MH og fjölbrautaskólarnir eru að móta með núlláföngum og tvistum í fullu samræmi við þetta ákvæði. Sjá síðar um þetta.

8. gr.

„Sérhæft nám er tekur mið af sérstökum markmiðum . . .“. Lítil málleg athugasemd: ég hnaut um þetta, en sýnist strax til bóta að fella niður annað hvort „sérhæft“ eða „sérstökum“. „Að nokkru nemi“ aftast í sömu grein virðist einnig mega falla brott án þess að valda röskun.

9. gr.

„Jafngildir“ er afdrifarikt orð. Reglan er samt sjálfsögð að minu viti, enda þótt alltaf megi búast við einhverjum mun á mismunandi námsbrautum. Sjá um þetta síðar, í sambandi við samræmingu.

11. gr.

„Um árlegan starfstíma“. Þarna er spurning hvort ekki þarf að kveða fastar að orði, t. d. ákvæði um virkar kennsluvikur. Þess eru dæmi að virkar kennsluvikur séu mismargar í hliðstæðum skólum, þótt árlegur starfstími sé talinn jafnlangur (mislangur tími fer í próf, upplestrarleyfi o. fl.). Þetta snertir kjaramál og þarf að vera skýrt og ótvírætt.

16. gr.

Ég er ekki viss um nytsemi framhaldsskólaráðsins, þó er trúlega gott að geta vísað málum til þess og etv. getur það orðið nytsamlegur samráðsvettvangur, eins og nefndin tekur fram. Ég saknaði BSRB og BHM úr hópi þeirra aðila sem eiga skulu fulltrúa í ráðinu, jafnvel einnig fulltrúa Sambands íslenskra barnakennara, Sambands framhaldsskólakennara og Félags menntaskólakennara (eða fulltrúa hins almenna Kennarasambands, ef af stofnun þess verður). Mætti ekki hugsa sér fjölgun tilnefningaraðila og hafa aðeins einn fulltrúa frá hverjum?

22. gr.

Liður 4a heitir **skólasafn.** Eðlilegra væri að hafa fleirtölu, því að almennt munu þessi söfn fleiri en eitt: bókasafn, tækjasöfn ýmiskonar.

24. gr.

e-liður: „Nemendur greiði matargerðar og flutningskostnað í mötuneytum."

Að vísu hefur þessi regla verið í gildi í heimavistarskólum og annars staðar þar sem mötuneyti nemenda eru. En á þessu sviði búa nemendur við lakari kjör en kennarar, þar sem sú hefð hefur skapast, að ríkið greiði laun „kaffikonu" fyrir kennara. Þetta er ekki réttlátt og því hæpið að binda það í lögum að svo stöddu. Að vísu er hér um nokkurt fé að ræða, en mér finnst slíkir styrkir til nemenda, er lækka verð á nauðþurftum, eigi að ganga fyrir beinum fjárstyrkjum til þeirra, sem stundum er varið til miður gagnlegra hluta.

II. Almennar athugasemdir.

Meginstefna frumvarpsins: að framhaldsskólinn skuli skipulagður sem ein samræmd heild, er tímabær og líklega óhjákvæmileg. Henni fylgja ýmsir augljósir kostir, en einnig nokkrir annmarkar, ekki síst frá sjónarhóli þeirra framhaldsskóla sem fyrir eru og telja sig —með réttu eða röngu — merkisbera góðs „standards" í námi. Þetta munu sumir kollegar mínir áreiðanlega ræða rækilega, en ég vil samt ekki láta hjá líða að benda á þá hættu, að samræningin verði samræming „niður á við", ef miðað er við námskröfur menntaskólanna á bóklegu sviði. Þessi hætta er engin ímyndun, má t. d. rifja upp, að þegar gagnfræðaprófið var tekið úr höndum menntaskólanna á sínum tíma, kostaði það heilt ár til viðbótar á námi þeirra er héldu áfram menntaskólabrautina (Áður voru menntaskólarnir 6 ára samfelldir skólar, nú koma nem. úr 3. bekk gagnfræðask. og setjast í 3. bekk menntask.) Áður hafði verið inntökupróf í 1. bekk menntaskóla og vornámskeið undir það. Þessar inntökukröfur og úrval ásamt — væntanlega — hnitmiðaðri kennslu og jafnbetra kennarliði munaði heilu ári. Hliðstætt vandamál blasir við nú og vafasamt hvort það er miklu minna en þá.

Ég hygg að nú eins og þá sé það rétt stefna að hvika ekki frá kröfunum til stúdentsprófs (þótt það sé að vísu einnig sjónarmið sem til greina kemur, að draga úr valgreinum, m. a. sakir þess að háskólar leggi mesta áherslu á kjarna og svið), en bæta verður við menntaskólann, „að neðan", eftir því sem á þarf að halda. Og þar standa skólar áfangakerfis mun betur að vígi en hefðbundnir menntaskólar. Núlláfangarnir sem MH hyggst taka upp í haust eru í raun ekki annað en námshagræðing sem fyrir löngu er tímabær. Nemandi sem kemur í menntaskóla með lélegan undirbúning í grein (eða greinum) lendir oft í öðrum þyttinum af tveimur: 1) hann fellur og tefst um ár eða 2) hann slampast að vísu upp úr bekk en nær sér aldrei á strik í greininni, vegna þess að í kennslunni er sífellt verið að byggja ofan á undirstöðu sem ekki er til. Í núlláfanga fær nemandinn yfirferð þeirra frumatriða sem frekari kennsla byggir á, og ef sæmilega tekst til nægir það til að fleyta honum yfir upphafsörðugleikana og koma honum á réttan kjöl. Í áfangakerfi á nemandinn svo kost á því að vinna aftur þann tíma, er hann missti í núlláfanga, síðar á námsbrautinni.

Liðun náms í áfanga og gerð námsskrár marka djúp spor fram á við. Hvorttveggja kostar mikla vinnu og verður erfitt að fá gott starfslið til þess, en vonandi tekst það.

Eins og tekið var fram í upphafi þessara almennu athugasemda, virðist mér ljóst að sú braut sem hér er farin, ein rammalög fyrir allt framhaldsskólastigið í stað sérstakra laga um hverja gerð skóla, sé greinilegt og eðlilegt spor til einföldunar. En frumvarpið dregur aðeins grófar útlínur, eftir er að fylla út í myndina með námsskrá og reglugerðum um einstaka skóla. Þar verða mörg vandamál og ágreiningsatriði við að glíma, einkum að því er tekur til samræmingar einstakra skóla. Ég nefni hér aðeins einkunnastiga og einkunnabókhald. Ég held að þróunin hljóti að verða sú, a. m. k. í hinum stóru skólum á höfuðborgarsvæðinu, að einkunnabókhaldið verði fært í tölvum. Þá er einfaldast að nota einkunnastiga með grófum þrepum og tákna þau með bókstöfum eins og gert er í MH og fjölbrautaskólunum.

Í þessu samræmingarstarfi verða mörg ágreiningsatriði en um þau ætti samkomulag að geta fengist. Hinu kvíði ég meir, hversu þessum lögum (ef samþykkt verða) verður fylgt eftir með fjárlögum og fjárveitingum. Enn er í fersku minni að menntaskólalögin síðustu hefur ekki verið hægt að framkvæma að öllu leyti sakir fjárskorts. (Hitt er þó kannske enn alvarlegra íhugunarefni að margt af því sem nú á að hrinda í framkvæmd með hinum nýju lögum, hefði verið hægt að gera innan ramma fræðslulaganna frá 1946 og hefur sennilega vakað fyrir þeim er þau lög sömdu.) Aukin þjónusta kostar aukið fé og ný skólalög eru lítils virði sé þeim ekki fylgt eftir á fjárlögum.

Lokið 19. júní.

Guðmundur Arnlaugsson.

48. MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

I.
Upphafsorð.

Með bréfi dags. 4. maí 1977 fór menntamálaráðuneytið fram á það við mig, að ég segði álit mitt á Frumvarpi til laga um framhaldsskóla, er lagt var fram á Alþingi til kynningar í ofanverðum aprílmánuði s. l.

Ég er sammála þeirri stefnu, sem mörkuð er í frumvarpinu um heildarskipulag náms á framhaldsskólastigi, af eftirtöldum meginástæðum:

Sá skóli, sem hér um ræðir, er byggður á grundvelli hugsjónar um jafnrétti. Skólinn er fyrir alla. Hann er opinn öllum, sem eru færir um að stunda eitthvert nám, bóklegt og/eða verklegt. Nemendur, sem áður voru í ýmsum skólum aðgreindir (í höfuðatriðum) eftir stétt og uppruna, verða samkvæmt frumvarpinu saman í einni stofnun. Starfsemi samræmds framhaldsskóla mun því draga úr stéttaskiptingu í landinu og efla samvinnu milli einstaklinga. Slík samvinna í framhaldsskóla mun án efa stuðla að meira og betra samstarfi einstaklinga og stétta síðar í þjóðfélaginu.

Með þessum fyrirhugaða framhaldsskóla er ætlunin að hefja verknám til sömu virðingar og bóknám nýtur nú. Samkvæmt framansögðu er umræddur framhaldsskóli lýðræðislegri stofnun en þeir skólar, sem fyrir eru og starfa hver í sínu lagi.

Nú er grunnskólinn hefur tekið til starfa í landinu samkvæmt lögum frá 21. maí 1974, ber brýna nauðsyn til að samræma nám í grunnskóla og framhaldsskóla. Skapa þarf samræmda heild á framhaldsskólastigi úr þeim tætingslega glundroða, sem nú ríkir og endurskipuleggja að meira eða minna leyti allt innra starf framhaldsskólanna.

Best hefði verið að hefja endurskoðun framhaldsskólastigsins þegar að grunnskólalögum samþykktum 1974, því að hún mun taka langan tíma. Það verður ekkert áhlaupaverk að ljúka þessari óhjákvæmilegu endurskoðun og þeirri lagasetningu sem henni fylgir og inna af hendi allt það undirbúningsstarf, sem er því samfara. Skoðanir eru skiptar um framhaldsskólann, markmið hans, form og gildi. Einn erfiðasti hjallinn að settu marki verður ágreiningur um kostnaðaraðild milli ríkis og sveitarfélaga. Torveldir samningar eru og framundan milli forsvarsmanna ráðuneyta og atvinnulífs um þátt þess í starfsmenntun. Gífurlegt skipulagsstarf er óunnið.

II.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

2. gr.

Borið hefur á nokkrum ótta um, að nöfnum á gömlum og „virðulegum" stofnunum verði breytt, ef frumvarpið verður að lögum. Þessi ótti er að mínum dómi ástæðulaus, sbr. athugasemd við greinina á bls. 23. Einstakar skólastofnanir geta haldið nöfnum sínum. Ég geri t. d. ráð fyrir því, að Menntaskólinn í Kópavogi beri áfram sitt núverandi heiti, þegar hann verður orðinn að fjölbrautaskóla.

3. gr.

Hér er meginmarkmið framhaldsskólans greint: Að veita almenna menntun og starfsmenntun (sérmenntun). Ég legg áherslu á að auka beri frekar en minnka hinn almenna þátt menntunarinnar. Rannsóknir og reynsla sýna, að því meiri almenna menntun, sem einstaklingurinn hlýtur, því hæfari sérfræðingur verður hann og þeim mun betur getur hann notið menningarverðmæta.

4. gr.

Hér er byggt á þeirri grundvallarreglu eins og í Noregi, að allir hafi skilyrðislausan rétt til framhaldsnáms og eigi að hafa frelsi til að velja það nám, sem hugur þeirra stendur til. Reglan er réttmæt, en óframkvæmanleg við þær aðstæður, sem ríkja í íslensku þjóðfélagi í dag. Húsnæði er t. d. ekki fyrir hendi. Gerbreyta verður um stefnu í húsnæðis- og byggingarmálum skóla, svo að unnt sé að tryggja rétt til náms.

6. og 7. gr.

Þessar greinar eru tengdar og ber að skoða þær í samhengi, því að svo best njóta menn í reynd réttinda til framhaldsnáms að leiðir til þess opnist á öllum brautum. Beinasta leið til þessa virðist sú, að auka við allar styttri námsbrautir svo að þær geti náð til stúdentsprófs eða prófs, er jafngildir því að réttindum. Nemandi, sem t. d. velur matvælaiðjubraut, getur þá annaðhvort lokið tveggja ára námi á brautinni og fengið réttindi sem aðstoðarmaður sérfræðinga í matvælaiðju eða haldið áfram til stúdentaprófs og lokið síðan sérfræðinámi í greininni í háskóla.

9. gr.

Námsskrá fyrir allan framhaldsskólann verður að vera samræmd.

15. gr.

Nauðsynlegt verður að semja við atvinnufyrirtæki um, að þau annist tiltekna þætti verknáms. Verknámsaðstaða í öllum greinum innan skóla er dýr. Ríki og sveitarfélög telja sig ekki geta staðið straum af slíkum kostnaði. Það er enginn stórhugur ríkjandi hjá stjórnvöldum á Íslandi varðandi fjárframlög til skólahalds og ekki von til þess, að viðhorfin breytist í bráð. Skólinn verður að hafa tögl og hagldir varðandi skipulag og þjálfun á vinnustöðum. Koma verður í veg fyrir, að atvinnurekendur noti nemendur aðeins sem ódýrt vinnuafl.

16. gr.

Allar námsbrautir í samræmdum framhaldsskóla eiga tvímælalaust að vera undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins. Þetta er að mínum dómi svo augljóst, að rökstuðningur er óþarfur. Ég tel, að framhaldsskólaráð hafi hlutverki að gegna um stefnumörkun, samræmingu, samvinnu og yfirsýn. Álitamál er, hverjir eiga að sitja í ráðinu. Það kemur manni spánskt fyrir sjónir, að þar skuli sérstökum fulltrúa samræmds framhaldsskóla ekki ætlað sæti.

17. gr.

Samkvæmt þessari grein og með tilvísun til grunnskólalaga skulu fræðsluráð fjalla um málefni framhaldsskóla að einhverju leyti, hvert í sínu fræðsluumdæmi. Þetta virðist hagkvæmt og liggja beinast við. Samkvæmt þessu mun fræðslustjóri hafa töluverð afskipti af málefnum samræmds framhaldsskóla. Ég tel því nauðsynlegt, að endurskoðuð verði ákvæðin um embættisgengi fræðslustjóra í 13. gr. laga um grunnskóla. Nauðsynlegt verður og að setja í reglugerð ákvæði um fundarsetu skólastjóra og kennara á framhaldsskólastigi.

22. gr.

Ráðgjöf og hjálp í námsvanda hefur verið of lítill gaumur gefinn í framhaldsskólum. Leggja þarf aukna áherslu í þennan þátt skólastarfsins. Veita verður nægilegt fé svo unnt sé að fá sérmenntað starfsfólk til að sinna honum. Reynsla mín er sú, að miklu fleiri ungmenni þurfa hjálp og leiðsögn en menn halda. Síðast liðinn vetur voru 260 nemendur í Menntaskólanum í Kópavogi, af þeim nutu 80 nemendur margs konar hjálpar og aðstoðar hjá skólastjóra og félags- og námsráðunaut og eflaust hafa fleiri verið hjálparþurfi.

24. gr.

Sem fyrr segir mun reynast örðugt og þar af leiðandi tímafrekt að semja um skólakostnaðraðild ríkis- og sveitarfélaga. Fyrir skólastjóra er best að skipta við einn aðila, þegar um fjármál er að ræða, þ. e. að ríkið kosti alfarið allt framhaldsnám. En líta verður á málið frá fleiri hliðum. Augljóst er að ábyrgð forystumanna sveitarfélaga og áhugi á framhaldsnámi er meiri, ef sveitarfélögin greiða hluta skólakostnaðar. Kostnaðaraðili hefur stjórnunar- og íhlutunarrétt. Minni hætta er þá á ábyrgðarlausum þrýsingi og órökstuddri kröfugerð. Aðild sveitarfélaga á tvímælalaust að vera lögbundin. Annars er hætta á, að búið yrði misjafnlega að framhaldsnámi allt eftir efnahag sveitarfélaga, áhuga og skilningi einstaklinga, ekki síst forystumanna, á framhaldsnámi. Um tillögu nefndarinnar varðandi kostnaðarskiptinguna verð ég fáorður.

Höfuðatriðið er, að skiptingarákvæðin séu skýr. Lengi má t. d. deilda um það, hvað er rekstrarkostnaður. Sömu grundvallarreglur eiga að gilda um kostnað við allt skólahald á framhaldsskólastigi.

28. og 29. gr.

Margir hafa mælt svo, að í þessu frumvarpi væri allt of oft vitnað til reglugerða. Ég er á annarri skoðun. Svo mikil þörf er orðin á sameinuðum framhaldsskóla, að við höfum ekki tíma til að gera nákvæma tilraun með þetta skólaform, enda getum við að nokkru hagnýtt okkur reynslu annarra þjóða. Við neyðumst til að flýta okkur og verðum að endurskoða margt síðar. Slík endurskoðun er torveldari, ef flest ákvæði eru rígbundin í lögum, en auðveldari ef um reglugerðir er að ræða. Ekki þykir mér líklegt, að öll þau lög og lagabálkar, sem nefnd eru í 19. gr. falli úr gildi fyrst um sinn, t. d. lög um:

Hótel- og veitingaþjónaskóla Íslands, Leiklistarskóla Íslands, Ljósmæðraskóla Íslands, Stýrimannaskólann og vélstjóranám.

III.

Námssvið.

Um námssvið og námsbrautir mætti margt segja, en verður ekki gert hér á þessu stigi málsins. Fyrirmyndirnar virðast teknar frá Svíþjóð, Noregi og engilsaxneska heiminum enda eru þær nærtækastar. Raunar er gert ráð fyrir að endurskoða þurfi tillögur um einstakar námsbrautir (sbr. inngang bls. 8) og að sérfróðir aðilar fjalli síðar um inntak einstakra brauta (sbr. inngang neðst á bls. 12). Merkasta nýmælið eru iðjubrautirnar. Óhjákvæmilegt er nú, ekki síst vegna þeirrar þróunar sem orðin er í verksmiðjuiðnaði, að veita mönnum menntun til ýmissa nýrra starfa, t. d. í matvælaiðnaði, fataiðnaði og rafmagnsiðnaði.

Námsskrá.

Nú er engin námsskrá til fyrir framhaldsskólastigið. Til eru í hverjum menntaskóla námslýsingar, sem kennarar í hverri grein hafa gert. Samvinna hefur verið með menntaskólunum um gerð þessara námslýsinga. Í þeim er markmið náms og kennslu ekki alltaf skilgreint. Þessar námslýsingar eru því oft ófullkomnar. Brýna nauðsyn ber til að semja námsskrá fyrir allt framhaldsskólastigið. Það verkefni ætti að fela Skólarannsóknardeild menntamálaráðuneytisins, sem stjórnað hefur námsskrárgerð fyrir grunnskóla. Deildin fengi til liðs við sig reynda kennara á framhaldsskólastigi og sérfræðinga í námsskrárgerð.

Kennsluskipan.

Tvenns konar kennsluskipan tíðkast í menntaskólum og fjölbrautaskólum í dag: Bekkjarkerfi og námskeiðskerfi (áfangakerfi). Til að koma í veg fyrir misskilning vil ég taka það fram, að kjarnabekkjarskipan er ekki til í framhaldsskólum í dag. Eftir 1. árið í menntaskólanum skilja leiðir . Sumir nemendur kjósa að setjast í raungreinadeild en aðrir í máladeild. Eftir annað árið velja nemendur raungreinadeilda milli eðlisfræðideildar og náttúrufræðideildar. Þá leysist bekkjarkerfið upp, þegar valgreinakennsla fer fram. Það er fremur sjaldgæft að nemendur, sem ná litlum árangri í einni grein, þurfi að sitja tvisvar í sama bekk. Þeir fá að endurtaka prófið og ná því oftast. En bekkjarkerfið skortir sveigjanleika.

Helst hefur það verið talið áfangakerfinu til gildis, að nemendur gætu farið hraðferðir og lokið námi sínu á skemmri tíma en í skólum, þar sem bekkjarkerfi er. Þetta virðist vera mesti kostur kerfisins. En þó er hér hængur á. Sumir, sem fara hraðferðir, melta ekki efnið nógu vel og eru því verr búnir undir háskólanám, en ýmsir þeirra, sem hægar fara. Þess ber og að geta, að nemendum sem búa við áfangakerfi, hættir til að velja fleiri námseiningar á önn en þeir ráða við (sbr. reynsluna í Menntaskólanum í Hamrahlíð). Ég held það sé misskilningur, að valmöguleikar séu meiri í áfangakerfi en bekkjarkerfi. Þeir fara fyrst og fremst eftir fjölda nemenda, tiltækum kennslukröftum og húsnæði. Höfuðgalli áfangakerfisins er sá, að félagsheildir rofna. Hætta er á að nemendur verði utangátta og einmana. Stjórnun og skipulag allt er flókið og kostnaðarsamt. Örðugt er að gera samfellda töflu fyrir nemendur.

Ég er sammála nefndinni um það að finna beri leið milli þessara tveggja umræddu kerfa. Taka mætti t. d. til athugunar að kenna nemendum sem mest saman í höfuðnámsgreinum, svo sem íslensku, stærðfræði og erlendum málum, fyrstu tvö árin en síðan e. t. v. greinum eins og sögu og félagsfræði.

Menntun kennara.

Vel menntaðir kennarar eru burðarstoðirnar í starfi hvers skóla. Skipulag kennaramenntunar er í molum á Íslandi. Löggjöf um kennaramenntun er ófullkomin. Frumvarp til laga um kennaramenntun hefur nú legið mörg ár í menntamálaráðuneytinu. Hvenær skyldi eiga að leggja það fyrir Alþingi? Brýna nauðsyn ber til að setja ákvæði í lög um menntun verknámskennara nú þegar fjölbrauta-

skólar eru að komast í gagnið. Vegna ósamkomulags og skipulagsleysis innan Háskóla Íslands, stunda verðandi raungreinakennarar í menntaskólum yfirleitt ekki nám í uppeldis- og kennslufræðum og koma því réttindalausir inní skólana. Kennarar í Heimspekideild og Verkfræði- og raunvísindadeild ræða ekki saman um þessi mál! Ég tel að efla beri Kennaraháskóla Íslands til þess að verða forystustofnun í uppeldis- og kennslufræðum. Þessi fræði ættu að verða aðall Kennaraháskólans. Verðandi kennarar í framhaldsskólum fengju þá menntun í kennslugreinum sínum við Háskóla Íslands en í uppeldis- og kennslufræðum við Kennaraháskólann.

Ef vel á að fara í skólastarfinu, þarf kennarastéttin að njóta meiri virðingar og öðlast betri sess í samfélaginu en hún hefur í dag. Til að svo megi verða, þarf hún fyrst og fremst að gera miklar kröfur til sjálfrar sín, t. d. um góðan starfsundirbúning og mikla starfshæfni. Kennarastétt með réttindalaust fólk innan borðs rís ekki undir nafni. Hún veldur ekki hlutverki sínu. Í annan stað verður afstaða stjórnvalda til stéttarinnar að gjörbreytast og ekki einungis til hennar heldur líka til skólahalds í landinu yfirleitt.

Þau stuðla beinlínis að því með launamálastefnu sinni, að réttindalausir menn streymi inn í skólana beint af götunni. Hér þarf að treysta grunninn.

IV.

Lokaorð.

Í athugasemdum mínum við 4. og 5. grein segi ég, að stórhugur sé ekki ríkjandi hjá stjórnvöldum á Íslandi varðandi fjárframlög til skólahalds. Tvennt er m. a. til marks um þetta í dag. Í fyrsta lagi sú staðreynd að mjög erfitt hefur reynst að kría út fé til starfsemi grunnskóla. Naumast hefur tekist að hola fræðslustjórunum niður aukin heldur meir. Hér eiga hvorir tveggja forystumenn ríkis og sveitarfélaga slæman hlut að máli. Í annan stað er það alþekkt, hversu fé hefur verið naumt skammtað til bygginga fyrir starfsemi menntaskóla. Sífellt er gripið til fánýtra skyndilausna, en fátt raunhæft gert. Engin áætlun hefur verið gerð um menntaskólabyggingar, heldur gilda lögmál frumskógarins. Sveitarfélögin bítast og berjast um þá hungurlús, sem árlega fæst. Áhugi stjórnvalda í skólamálum er lifandi kominn í þessum tveim tilvitnuðu dæmum. Fyrir lítið kemur, þótt ágætir skólamenn í menntamálaráðuneytinu semji athyglisvert frumvarp og Alþingi lögfesti kjarna þess, ef ekkert fjármagn fæst síðar til að framkvæma lögin.

Hér má ekki sitja við orðin tóm. Gerbreyta verður um stefnu í fjárveitingamálum. Fögur orð í frumvarpi um rétt nemenda og þörf þeirra verða öfugmæli, ef athafnir fylgja þeim ekki.

Menntaskólinn í Kópavogi
20. ágúst 1977.

Ingólfur A. Þorkelsson.

49. FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURNESJA

Keflavík, 1. júlí 1977.
Hr. ráðuneytisstjóri.

Menntamálaráðuneytið hefur óskað eftir umsögn um **Frumvarp til laga um framhaldsskóla** sem lagt var fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—1977 (Nd. 225. mál, 0469).

Ég hef kynnt mér frumvarpið og lagt það fyrir skólanefnd og kennarafélag Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Frumvarpið var til umræðu á 11. fundi skólanefndarinnar 4. maí og 13. fundi nefndarinnar 9. júní 1977.

Á fundinum 4. maí var frumvarpið skýrt og rætt og samþykkt um það svofelld bókun:

Skólameistari afhenti nefndarmönnum „Frumvarp til laga um framhaldsskóla" — stjórnarfrumvarp — sem nýlega var lagt fram á alþingi og fyrirhugað er að senda ýmsum aðilum til umsagnar á næstunni. Skólameistari skýrði frumvarpið, og sagði það sniðið utan um Fjölbrautaskóla Suðurnesja; engar breytingar þurfi að gera á skipulagi skólans þótt frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Ekki taldi hann líklegt að svo yrði, en hann lýsti skilyrðislausu fylgi sínu við frumvarpið eins og það nú er.

Ekki kemur fram í fundargerðinni að ég bað skólanefndarmenn að gera mér viðvart ef þeir vildu koma á framfæri andstöðu við frumvarpið eða athugasemdum við einstakar greinar þess. Á fundinum 9. júní kvaðst ég senda jákvæða umsögn til menntamálaráðuneytisins í mínu nafni og skólanefndar nema því væri andmælt, en það gerði enginn.

Ég afhenti formanni kennarafélagsins frumvarpið og bað hann að tilkynna mér fyrir 1. júlí hvort kennarafélagið óskaði að gera athugasemdir við frumvarpið. Þær hafa ekki borist.

Ég leyfi mér því í nafni skólans að lýsa yfir skýlausu fylgi við frumvarpið og skólastefnuna sem þar birtist.

Virðingarfyllst

Jón Böðvarðsson
skólameistari.

50. LEIKLISTARSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 15. júlí 1977.

Varðar: Frumvarp til laga um framhaldsskóla.

1. Því miður hefur ekki gefist tími til að fjalla um frumvarpið í heild og umsögn skólans verður því að beinast eingöngu að þeim þáttum frumvarpsins, sem snerta leiklistarmenntun.
2. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að lög um skólann nr. 37/1975 verði felld úr gildi og að lög um framhaldsskóla segi eftir það fyrir um leiklistarmenntun. Þetta mundi hafa eftirfarandi breytingar í för með sér fyrir leiklistarmenntun í landinu:
   a. Þær breytingar yrðu á stjórnkerfi skólans, að í stað núverandi skólanefndar kæmi skólastjórn skipuð 2 kennurum, skólastjóra og 2 nemendum (19. gr.). Ennfremur yrðu svo **námssviðsnefnd** og **framhaldsskólaráð** sem ráðgefandi aðilar og menntamálaráðuneytið færi að sjálfsögðu áfram með yfirstjórn skólans (16. gr.).
   b. Eitt aðal inntökuskilyrði skólans — að hafa náð 19 ára aldri — mundi hverfa og leiklistarnámið tengjast beint aftan við grunnskólastigið; þ. e. aldurstakmarkið mundi lækka allt niður í 15 ár.
   c. Í reglugerð um skólann er gert ráð fyrir inntökuprófum, þar sem úr eru valdir flest 8 nemendur hverju sinni og er þá miðað við, að tekið sé inn í skólann þrjú ár í röð en ekki fjórða árið. Af frumvarpinu er óljóst hvernig þessu yrði háttað og hvort áfram yrði takmarkaður aðgangur að skólanum. Þó kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu (bls. 19), að nefndin leggur til: að þeir, sem orðnir eru fullra 20 ára, geti hafið nám í framhaldsskóla á hvaða braut sem er án sérstakra inntökuskilyrða.

      Augljóst er af þessu að fjöldi nemenda í skólanum mundi margfaldast.

d. Frumvarpið gerir ráð fyrir sameiginlegum námskjarna fyrir leiklistar-, myndlistar- og tónlistarnám á 1. námsári. Tillaga að samsetningu þessa námskjarna kemur fram í frumvarpinu (sjá bls. 47).
e. Ætla má af frumvarpinu (sbr. 27. gr.), að skólinn yrði áfram kostaður að öllu leyti úr ríkissjóði.

3. Afstaða mín til þessara breytinga er eftirfarandi:
a. Ég tel hugmyndina um skólastjórn skipaða eins og frumvarpið gerir ráð fyrir að mörgu leyti jákvæða. Námssviðsnefnd fyrir listasvið yrði skipuð fulltrúum fyrir hverja námsbraut og ég tel, að aukin tengsl listaskólanna geti verið jákvæð, en það er ekki þar með sagt, að hægt sé að fella þá saman í eitt. Ég tel ekki að hið stóra framhaldsskólaráð yrði leiklistarmenntun til framdráttar.
Galli þessa stjórnkerfis er að mínu mati sá, að hætta yrði á því, að hið beina samband skólans við ráðuneyti og endanlegt ákvörðunarvald myndi rofna og stjórnkerfið yrði of þungt í vöfum. Þótt deila megi um samsetningu skólanefndarinnar tel ég það stærstan kost hennar, að þar eiga sæti fulltrúar flestra þeirra aðila, sem starfa að leiklist í landinu. Ég tel, að þetta samband sé skólanum mjög mikilvægt, en megi þó aldrei taka á sig mynd meistarakerfis.
b. Uppbygging skólans miðast öll við, að nemendurnir hafi náð, áður en námið hefst, ákveðnum þroska og reynslu til að geta öðlast innsýn í líf og tilfinningar annarrar manneskju og til að geta unnið sjálfstætt að listrænni sköpun með öðrum. Þennan þroska og reynslu öðlumst við einungis að litlu leyti í gegnum nám, það eru árin, sem skila árangri og þessu stigi nær fólk yfirleitt um tvítugsaldur. Inntökuskilyrði Leiklistarskóla Íslands var því miðað við 19 ára aldur, með heimild til undanþágu. Nokkrir skólar á Norðurlöndum miða inntökuna við 20 ára aldur.
Sú hugmynd, sem fram kemur í frumvarpinu um að tengja leiklistarnámið beint við grunnskólastigið yrði því spor í öfuga átt. Fimmtán ára unglingur hefur ekki náð þeim þroska og reynslu, sem þarf til leiklistarnáms, sem stefnir að atvinnu. Slíkur nemandi getur ekki uppfyllt þær miklu kröfur, sem námið gerir til hans — námið nýtist honum ekki og jafnvel skaðar hann. Rétt er að benda á að raddir unglinga um 15 ára aldur — einkum drengja hafa ekki fullþroskast og því hæpið að hægt sé að fara að vinna með raddir þeirra af nokkru viti. Ýmis fleiri rök mæla gegn þessari breytingu, en ég tel ekki nauðsynlegt að tíunda þau hér að svo komnu máli. Ég hlýt því af þessum sökum að lýsa mig mótfallinn hugmyndum frumvarpsins um bein tengsl leiklistarnáms við grunnskólastigið.
Ég tel, að ekki verði hjá því komist að takmarka aðgang að skólanum, halda ákvæðinu um 19 ára lágmarksaldur og velja nemendurna inn í skólann með inntökuprófum. Sjá grein 4.
d. Þær hugmyndir, sem fram koma í frumvarpinu um sameiginlegan námskjarna fyrir listabrautirnar þrjár á 1. ári tel ég að nokkru leyti óraunhæfar fyrir leiklistarmenntun, enda miðaðar við, að námið geti hafist strax að loknum grunnskóla og greinilega ekki unnar í samráði við viðkomandi menntastofnanir.
Ég tel ekki rétt að ræða tillögurnar nánar að svo komnu máli en vil taka fram, að það er reynsla allra, sem við leiklistarkennslu hafa fengist, að það skiptir öllu hvort námið og kennslan heppnast hvernig til tekst með 1. árið. Skipulag 1. ársins er því fyrir Leiklistarskóla Íslands nokkuð viðkvæmt atriði. Þetta ber ekki að túlka þannig, að ég telji, að nám í listaskólum geti ekki verið tengt að einhverju leyti.

4. Þörf fyrir leiklistarmenntun er tvenns konar. Annars vegar er þörf atvinnu- og áhugaleikhúsanna fyrir menntað starfsfólk. Hins vegar er þörf þegnanna fyrir einhvers konar leiklistarmenntun. Síðarnefnda þörfin stefnir ekki endilega að menntun fyrir atvinnu, en í mörgum tilfellum virðist hún tengd hreinni forvitni eða löngun til að losa um tjáningarhömlur.
Því miður er ekki til nein rannsókn á þessu sviði, en ég giska á, að síðarnefnda þörfin sé allt að sextugföld þeirri fyrri. Það segir sig sjálft, að ef Leiklistarskóli Íslands ætti að sinna öllum þörfum þjóðfélagsins fyrir leiklistarnám yrði annað hvort að margfalda fjárveitingar til skólans eða þynna verulega út námið. Hvorugan kostinn tel ég góðan, og ég tel, að Leiklistarskóli Íslands eigi áfram að sinna sínu hlutverki, sem menntastofnun fyrir atvinnufólk, en að best væri að svara þörf þegnanna með því að menntakerfið gæfi kost á leiklist sem valgrein, eins og raunar er þegar gert í nokkrum skólum. Þetta gæti gerst að einhverju leyti í hluta grunnskólans og öllu framhaldsskólastiginu. Ennfremur er ekki útilokað, að námsflokkaskólarnir geti að einhverju leyti sinnt þessu. Ég lít svo á, að mjög nauðsynlegt sé að sinna þessari almennu þörf og jafnvel þótt einungis brot af þessu námi nýttist við nám í Leiklistarskóla Íslands, þá mundi stór hluti þess skila sér í starfi áhugamannafélaga og frjálsari tjáningu í daglegu lífi þessa fólks, en slíkt fer að verða meira og meira virði. Ég held ekki, að þetta þyrfti að vera svo dýrt. Skólarnir gætu lagt til húsnæðið, kennslan yrði öll minni í sniðum heldur en í Leiklistarskóla Íslands og kostnaður myndi skiptast milli ríkis og sveitarfélaga samkvæmt frumvarpinu. Ennfremur myndi svona valgreinarmöguleiki ekki vera bundinn við Reykjavík eingöngu eins og Leiklistarskóli Íslands er. Tónlistarskólar eru til um allt land og völ er á einhvers konar mynlistarnámi í öllum skólum. Skapa verður þegnunum sömu möguleika til leiklistarnáms án þess að riðla Leiklistarskóla Íslands. Ég vil í þessu sambandi benda á aðra málsgrein á bls. 16 í greinargerð nefndarinnar, sem frumvarpið samdi:
„Þótt nefndin hafi ekki skipað listgreinum í kjarna er henni ljóst, að þær eru mikilvægur þáttur í menningarlegu uppeldi þjóðarinnar og leggur áherslu á, að skólar hafi fjölbreytt framboð á þessu sviði. Þátttaka verði frjáls og stundir ekki nauðsynlega á stundaskrá, en samt innan þess tímaramma, sem nemandinn á að skila á viku hverri. Gildir þetta jafnt um öll námsárin."
5. Í greinargerð með frumvarpinu um 29. gr. bls. 30 segir svo:
„Orkað getur tvímælis hvort ástæða sé til að fella úr gildi lög um Leiklistarskóla Íslands með hliðsjón af því, að verksvið hans sé án beinna skipulagstengsla við nám á framhaldsskólastigi eins og nú háttar. Á hinn bóginn kann það jafnframt að vera röksemd fyrir því að taka ákvæðin um skólann til endurskoðunar í þessu samhengi."
Í þessum tveim málsgreinum er fólginn mikill sannleikur. Það er því tillaga mín, að skólinn verði ekki feldur inn í framhaldsskólastigið, en þess í stað verði kannað með hvaða hætti öðrum skólinn yrði best tengdur framhaldsskólanum og háskóla. Ennfremur teldi ég eðlilegt, að í því samhengi yrðu kannaðir möguleikar á tengslum og samstarfi milli listaskólanna.
Ég vil svo að lokum taka fram, að ég hef borið þessa umsögn undir þá af skólanefndarfulltrúum, sem til náðist, og hafa þeir lýst yfir stuðningi sínum við hana. Sé eitthvað óljóst í þessu sambandi, og ég get útskýrt nánar, mun ég að sjálfsögðu reiðubúinn til þess.

Virðingarfyllst,

Pétur Einarsson,
skólastjóri.

51. ÁRMÚLASKÓLI

Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Í umsögn þessari mun ég aðeins fjalla um þau atriði, sem að mínu áliti er æskilegt að breyta.

2. gr.

Nafninu **framhaldsskóli** verði breytt í **miðskóli.**

Við höfum nöfnin grunnskóli og háskóli, í samræmi við þessar nafngiftir getur miðskóli verið skólastigið, sem er á milli hinna tveggja og tengir þau saman.

9. gr.

Tel eðlilegt að lögin marki einhvern ramma varðandi námsefni og námsbrautir.

16. gr.

Greinin verði þannig:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna, er lög þessi taka til, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum um einstakar námsstofnanir.

Allur hinn hluti greinarinnar falli niður.

Samkvæmt ofanskráðu ákvæði 16. gr. hefur ráðuneytið heimild til að setja menn eða nefndir til að vinna að ákveðnum viðfangsefnum, sem leysa þarf hverju sinni. Þegar breytingar eru í undirbúningi getur ráðuneytið leitað álits allra þeirra aðilja, sem tilnefndir eru í sambandi við framhaldsskólaráð og námssviðsnefnd, hvort sem það er með ráðstefnu, nefndarskipan eða öðru formi.

Það fyrirkomulag sem 16. gr. leggur til eins og hún er, getur að því er ég álít valdið hringli, sem leiðir til ringulreiðar og upplausnar.

Fast ráð og nefnd þarf að sýna að eitthvað starf sé unnið á hverju ári. Þess vegna (en ekki vegna þarfa í skólastarfinu) mundi þurfa að breyta einhverju árlega. Þar af leiddi óvissa um hvað ætti að kenna hverju sinni, svo kennarar vissu það of seint (kannske aldrei). Kennarar gætu þá ekki undirbúið eða skipulagt sitt starf. Ef slíkt ástand héldist of lengi, gæti það leitt til þess að kennararnir gæfust hreint og beint upp og mættu í sínum kennslutímum til að mæta en ekki til að kenna.

Skólarnir þurfa námsskrá með hæfilegum sveigjanleika. Þegar námsskrá er endurskoðuð og henni er breytt, þarf sú breyting að vera boðuð með þeim fyrirvara að kennarar og skólar hafi nægan tíma til undirbúnings.

Að sjálfsögðu þurfa skólar að fylgjast með og aðlaga sig breyttum tímum, en jafnframt þurfa þeir að hafa stöðugleika, ákveðna festu í stjórn og starfi.

Lítum á það sem er að gerast í dag. Nemendur sækja mestmegnis um menntaskóla og verslunarskóla. Þetta eru grónar stofnanir, fólk veit að hverju það gengur, það veit um námsefnið, og það veit hvaða réttindi fylgja að loknu námi, þar er ekkert ský efasemda. Ennfremur er vitað að það verður ekki hróflað við þeim réttindum sem þessir skólar veita á þeim tíma sem nemandinn er að ljúka námi sínu við skólann. Það má treysta þessum stofnunum. Þarna finna foreldrar og nemendur fullkomið öryggi.

Tökum svo framhaldsdeildirnar, þær hafa um og of svifið í lausu lofti, bæði námsefnislega og hvað réttindi snertir. Foreldrar og nemendur treysta þeim ekki, og þar hafna nemendur sem eiga færri kosti.

Magnús Jónsson,
skólastjóri Ármúlaskóla, Reykjavík.

52. GRUNNSKÓLINN SEYÐISFIRÐI

Seyðisfirði, 8. júlí 1977.

Varðandi frumvarp og greinargerð til laga um framhaldsskóla.

1. Ég er því hlynntur að taka upp 4 ára samræmdan framhaldsskóla, þar sem námið í framhaldsskólunum verður sem eðlilegast framhald grunnskólanámsins. Allir framhaldsskólar verða að hlíta sömu reglum um inntöku nemenda.
2. Nám á fyrsta ári framhaldsskóla sé almennt undirbúningsnám, sem gæti farið fram sem víðast. Það sé ekki of sérhæft og lögð sé megináhersla á þær greinar sem sameiginlegar eru sem flestum námsbrautum.
3. Áfangakerfið er mjög vel til þess fallið að auðvelda fyrir námi á hinum smærri stöðum, þar sem greinargerðin gerir ekki ráð fyrir framhaldsnámi (t. d. Seyðisfj.), og er raunveruleg forsenda þess að slík samræming sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu geti átt sér stað.
4. Ég tel nauðsynlegt að sveitarfélögin séu ábyrgir aðilar að skólahaldinu. Ríki og sveitarfélög skulu sameiginlega standa að kostnaði skólahaldsins, með ákveðinni skiptingu þó, eins og fram kemur í frumvarpinu.
   Á þann hátt einan þróast skóli sveitarfélagsins eðlilega og í tengslum við það umhverfi sem hann er staðsettur í. Nauðsynlegt er að tryggja sveitarfélögum tekjustofna til að mæta sínum kostnaðarhluta að öðrum kosti má ætla að megininntak frumvarpsins „allir sama rétt til framhaldsnáms“ breytist og verði „forréttindi — framhaldsnám“.

Að lokum læt ég fylgja með samþykkt skólanefndar Seyðisfjarðar að loknum umræðum um frumvarpið þann 21. júní 1977, sjá bls. 118.

Virðingarfyllst,

Þorvaldur Jóhannsson,
skólastjóri.

53. RÖNTGENTÆKNASKÓLINN

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
Fr. deildarstjóri
Ingibjörg Magnúsdóttir
Reykjavík

Reykjavík, 22. júní 1977.

Efni:

Frumvarp til laga um framhaldsskóla, bréf yðar 15. júní 1977.

Þakka ofangreint bréf með hjálögðu fylgiriti, frumvarpi til laga um framhaldsskóla. Samkvæmt beiðni yðar hef ég skoðað þetta frumvarp út frá forsendum og sjónarmiðum Röntgentæknaskólans og jafnframt með nokkru tilliti til forsenda frumvarpsins og marksetningar almennt.

M. t. t. almennra forsenda og marksetningar frumvarpsins ásamt skipuritum um samræmdan framhaldsskóla, bls. 32 og 33, tel ég að námstíma og röðun röntgentæknabrautar innan kerfisins sé ætlaður hæfilegur tími og staðsetning miðað við allar núverandi aðstæður. Hins vegar verður að taka tillit til þess, að námskröfur í sérnámi þessu eru það miklar, bæði í verklegu og bóklegu námi (en hið síðarnefnda kemur raunar ekki nægilega vel fram í greinargerð, bls. 40), að erfitt virðist mér að uppfylla önnur skilyrði laganna. Á ég þar við ákvæði 8. gr., þar sem segir svo: „Í samræmi við hlutverk framhaldsskóla skal öllum námsbrautum fara saman nám, sem lýtur að almennri menntun og sérhæft nám er tekur mið af sérstökum mark-

miðum brautarinnar. Auk skyldunámsefnis skal á hverri námsbraut gefa kost á frjálsum valgreinum að nokkru marki".

Til að uppfylla þessi skilyrði þarf vissulega að verða mjög róttæk endurskipulagning á námsskrá skólans. Mundi það væntanlega að nokkru leyti verða á kostnað núverandi sérhæfðs bóknáms eða á þann hátt, að eitthvað yrði að draga úr verknámi. Tillit verður nefnilega að taka til þess, að Röntgentæknaskólinn starfar allt árið í þau 5 misseri, sem núna eru lágmark, og er þó tæplega hægt að sinna þeim almennu menntunarkröfum, sem æskilegar væru samkvæmt áðurnefndri 8. gr. frumvarpsins.

Varðandi stjórn og skólaskipan óska ég eftir að vekja athygli ráðuneytisins á 1. mgr. 16. gr. Ef til vill er æskilegt að þessir tiltölulega litlu sérskólar heilbrigðisstétta verði áfram undir stjórn heilbrigðisráðuneytisins eins og núverandi lög gera ráð fyrir.

Virðingarfyllst,

Ásmundur Brekkan,
skólastjóri Röntgentæknaskólans.

54. LYFJATÆKNASKÓLINN

Reykjavík, 10. júní 1977.

Um Frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Lyfjatæknaskólinn gerir ekki athugasemdir við **Frumvarp til laga um framhaldsskóla**, sem hæstvirt menntamálaráðuneyti hefir sent til umsagnar, en leggur áherslu á nauðsyn þess að hafa áhrif á námsefni fyrsta árs á heilbrigðissviði.

Virðingarfyllst,

Axel Sigurðsson,
skólastjóri.

55. ÞROSKAÞJÁLFASKÓLINN

Hr. deildarstjóri
Ingimar Sigurðsson
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti
Arnarhvoli.

Ég hef nú lesið „Frumvarp til laga um framhaldsskóla" og hugað að þeim þætti sérstaklega, er lýtur að námi þroskaþjálfa. Sá þáttur er feikna fáorður og erfitt að mynda sér marktæka skoðun á ágæti eða göllum námsbrautarinnar af lestri frumvarpsins einum saman. Tel ég líklegt að þetta stafi af því, að enn er eftir að „vinna úr" ýmsum megin þáttum frumvarpsins, setja reglugerðir og vinna námsskrár.

Á bls. 59, kafla 5 er í stuttu máli rætt um Þroskaþjálfabraut. Þar segir m. a. að nám þroskaþjálfa hafi verið lengt. Samkvæmt reglugerð, er Þroskaþjálfaskólinn starfar nú eftir er gert ráð fyrir að nemendur séu a. m. k. 18 ára við byrjun náms í skólanum. Námstíminn er 3 vetur og eru nemendur því við útskrift a. m. k. 21 árs gamlir. Mér virðist því, að námið hafi ekki verið lengt, nema því aðeins að það, sem merkt er „Framhaldsnám" (2 rauðir reitir á mynd af Uppeldissviði" bls. 61) sé forsenda fullra réttinda til starfa þroskaþjálfa. Þá hefur námið verið lengt um 1 ár.

ATH. A. Þroskaþjálfar ljúki námi við lok 14. skólaárs. Þar af séu 13. og 14. skólaár í Þ.S.Í. en 10., 11. og 12. skólaár séu í samræmdum framhaldsskóla. Viðbótarnámsár gæfi rétt til stöðu deildarþroskaþjálfa. Þætti mér eðlilegt að slíkt

nám gæti að hluta átt samleið með hjúkrunarfræðingum og verið að hluta nám í Kennaraháskóla Íslands eða Þ.S.Í.

frumvarpið. Rétt er hins vegar að láta þess getið, að það er skilningur vor, að 91 m.kr. af jöfnunargjaldi komi óskipt í hlut stofnunarinnar til skilgreindra iðnþróunarverkefna, sem Iðntæknistofnun gerir tillögur um til iðnaðarráðuneytisins.

f. h. Iðntæknistofnunar Íslands.
Sveinn Björnsson, forstjóri.

Sþ. 253. Nefndarálit [54. mál]

um framlög til flóabáta, fólks- og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Svo sem venja er, hefur samvinnunefnd samgöngumála fjallað um erindi þau er Alþingi hafa borist um fjárframlög til stuðnings við rekstur flóabáta vegna vöru- og fólksflutninga á hinum einstöku svæðum, svo sem Ísafjarðardjúpi, Breiðafirði, Faxaflóa og til Vestmannaeyja og á takmörkuðum svæðum norðan- og austanlands, svo sem Eyjafirði allt til Grímseyjar og Mjóafirði.

Auk þessara þátta samgöngumála hefur nefndin einnig fjallað um erindi er hafa borist vegna vetrarflutninga á landi, svo sem snjóbifreiða, mikils snjómoksturs, þar sem erfitt reynist viðkomandi byggðarlögum að standa straum af þeim kostnaði, er þau verða að bera samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðarinnar. Þrátt fyrir að þær hafi verið verulega rýmkaðar, þá nægir það ekki í snjóþungum héruðum, m. a. vegna læknaþjónustu. Aðsetur lækna getur verið allfjarri sjúklingum í hinum víðlendu læknishéruðum. Þá hafa á síðari árum komið til flutningar á skólabörnum. Hins vegar hefur tankvæðing vegna mjólkurflutninga fært þá á færri daga vikunnar frá því sem áður var.

Enda þótt þörf sé á fjárhagsstuðningi við þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, ber nauðsyn til að endurskipuleggja ýmsa þætti þessara flutninga, eins og fram kemur í áliti flóabátanefndar er skilaði áliti í mars s. l. og nánar verður vikið að síðar í þessu nefndaráliti. Á sama hátt og þar var gert ber að setja skorður við rekstri í sambandi við landflutninga, er njóta eiga stuðnings samkvæmt tillögum nefndarinnar, og þá sérstaklega vegna bættra vegasamgangna, því að sjálfsögðu ber hér sem annars staðar í útgjöldum ríkissjóðs að gæta varfærni.

Af þeim ástæðum, er hér hafa verið greindar, hefur samvinnunefnd samgöngumála hug á því að beita sér fyrir samstarfi við yfirstjórn samgönguráðuneytis og vegagerðar ríkisins. Einnig telur nefndin eðlilegt, að Byggðasjóður eigi aðild að þessari athugun.

Nefndinni bárust beiðnir frá rúmlega 40 aðilum.

Þeir Halldór S. Kristjánsson deildarstjóri í samgönguráðuneytinu og Guðmundur Einarsson forstjóri Skipaútgerðar ríkisins mættu á fundum nefndarinnar og veittu henni margvíslegar upplýsingar, er komu nefndinni að verulegu gagni. Færir nefndin þeim sérstakar þakkir fyrir þeirra störf.

Skal nú gerð sérstök grein fyrir hinum einstöku þáttum, sérstaklega að því er hin stærri verkefni varðar, þ. e. flutninga á sjó. Hvort tveggja er, að til þeirra gengur mestur hluti fjármagnsins eða alls 401.6 millj. kr., en til landflutninganna aðeins 37 millj. kr. Svo er hitt, að um allt er lýtur að sjóflutningum hafði nefndin betri upplýsingar. Skal nú vikið lítið eitt að störfum milliþinganefndarinnar og einstökum þáttum þeirra, er njóta eiga stærstu fjárhæðanna samkvæmt tillögu nefndarinnar.

Hinn 17. janúar 1977 skipaði þáverandi samgönguráðherra nefnd til að gera athugun á rekstri og þjónustu flóabátanna. Nefnd þessi skilaði áliti í mars 1978 og gerði þá tillögur um ýmsar breytingar á rekstri bátanna.

Nefndin benti á að rekstrarkostnaður bátanna hefur hækkað mjög hin síðustu

ár, og er sérstaklega bent á mikinn launakostnað m. a. við Flóabátinn Baldur. Nefndin taldi ekki unnt, miðað við núverandi aðstæður, að ná verulegri lækkun á útgerðarkostnaði bátanna nema í einstökum tilfellum. Nefndin bendir einnig á erfiða fjárhagsstöðu fyrirtækjanna og beindi því til þeirra, hvort hlutafjáraukning heima fyrir væri möguleg. Loks gerir nefndin þá tillögu, að sem fyrst verði hafin fullnaðarathugun á smíði eða kaupum á hagkvæmari bátum í stað Fagraness og Baldurs til þess að tryggja betur en nú er viðunandi samgöngutengsl á farsvæðum þeirra.

Við ákvörðun styrkja að þessu sinni var stuðst mjög við álit flóabátanefndar og leitast við að tryggja rekstur bátanna á næsta ári. Umsóknum fylgdu rekstrarreikningar fyrir árið 1977 og rekstraráætlun fyrir 1978 og 1979 auk annarra upplýsinga um starfsemina. Reynt var eftir föngum að samræma áætlanir þessar hvað snertir verðlagsforsendur o. fl. og rekstrarstyrkir síðan við þá niðurstöðu miðaðir. Einnig er gert meira átak nú en áður til að leysa þann vanda sem stafar af halla fyrri ára. Ekki hafa þó verið leyst vanskil Herjólfs og Akraborgar við Ríkisábyrgðasjóð, og er það brýnt að leitað sé lausnar á þeim vanda sérstaklega. Einnig þarf að kanna til hlítar möguleika heima fyrir til að leysa greiðsluvanda bátanna með auknu hlutafé eða öðrum hætti.

Einstakir bátar.

Akraborg.

Ferðir Akraborgar milli Reykjavíkur og Akraness hafa verið reknar með nokkrum halla og árið 1977 varð hallinn 26.3 m.kr. fyrir afskriftir, þrátt fyrir 25 m.kr. ríkisstyrk. Í áliti flóabátanefndar er sett fram sú skoðun, að með hækkunum flutningsgjalda og vissum breytingum á þeim eigi að vera unnt að ná hallalausum rekstri í framtíðinni. Þetta hefur þó ekki tekist enn og við verulegan fjárhagsvanda er að fást í fyrirtækinu. Það er því niðurstaðan að veita 45 m.kr. styrk til rekstrar Akraborgar á árinu 1979. Því er jafnframt beint til fyrirtækisins, að tillaga flóabátanefndar um farmgjöld verði framkvæmd. Sérstaklega er bent á vanskil við Ríkisábyrgðasjóð og nauðsyn þess að sá vandi verði leystur. Styrkur á árinu 1978 var 36 m.kr.

Baldur.

Flóabáturinn Baldur hefur átt við mikla rekstrarerfiðleika að stríða undanfarið og frá 1. október hefur hann ekki verið í reglubundnum ferðum á farsvæði sínu. Í framhaldi af tillögum flóabátanefndar var aukin samvinna við Skipaútgerð ríkisins og bátnum þannig tryggð aukin verkefni. Nú standa yfir samningar um kjör áhafnar bátsins og er miðað að nokkurri fækkun í áhöfn hans. Takist samningar þessir mun það bæta rekstrarafkomu bátsins verulega og er rekstrarstyrkurinn við það miðaður, þ. e. 70 m.kr. Auk þess eru veittar 15 m.kr. til að létta á skuldum vegna halla fyrri ára. Á síðustu fjárlögum var framlag til Baldurs 48 m.kr.

Drangur.

Norðurlandsbáturinn Drangur hefur ekki átt við þá rekstrarörðugleika að stríða sem aðrir flóabátar, en rekstrarframlag til hans er 45 m.kr., en var á fjárlögum þessa árs 29 m.kr.

Fagranes.

Djúpbáturinn Fagranes hefur átt við mikla fjárhagsörðugleika að stríða sem stafa af hallarekstri og nýafstaðinni viðgerð. Einnig er báturinn orðinn mjög óhentugur, enda 15 ára gamall og aðstæður og kröfur á farsvæði hans hafa breyst mjög á þeim tíma. Áætlaður rekstrarstyrkur til bátsins er 55 m.kr. auk 1.5 m.kr. til mjólkurflutninga í Önundarfirði og Dýrafirði. Styrkur vegna nýafstaðinnar viðgerðar og vegna halla fyrri ára er 23 m.kr. Á síðustu fjárlögum var framlag til bátsins 40 m.kr.

Herjólfur.

Vestmannaeyjaferjan Herjólfur hefur átt við mikla fjárhagserfiðleika að stríða og stafar það m. a. af bilun sem varð í skipinu árið 1977. Einnig stafar þetta af hallarekstri og að engin framlegð hefur fengist úr rekstri skipsins til að greiða stofnskuldir þess, sem hafa þar af leiðandi fallið á Ríkisábyrgðasjóð. Tilkoma skipsins hefur orðið mikil samgöngubót fyrir Vestmannaeyjar og verður því að skoðast sem mikilvægur þáttur í samgöngumálum landsmanna. Gert er ráð fyrir að rekstrarstyrkur til Herjólfs verði 86 m.kr. og vegna halla fyrri ára verði veittar 27 m.kr. Framlag á fjárlögum þessa árs var 57.5 m.kr. Uppsafnaður halli er þá leystur að þriðjungi, en þá eru ekki talin með vanskil við Ríkisábyrgðasjóð.

Hríseyjarferjan.

Núverandi bátur er ekki talinn vera fullnægjandi lengur sem ferja milli Hríseyjar og lands. Ný ferja er í smíðum og er ætlaður kostnaður við smíðina um 120 m.kr. Afhending fer væntanlega fram í apríl næstkomandi. Með tilkomu hinnar nýju ferju munu samgöngur við Hrísey batna verulega, en rekstur hennar verður jafnframt dýrari. Hér er gert ráð fyrir að rekstrarstyrkur verði 4 m.kr. og stofnstyrkur 15 m.kr. Á síðustu fjárlögum voru veittar 2.2 m.kr. til Hríseyjarbáts.

Mjóafjarðarbátur.

Nýr 14 tonna bátur hefur verið fenginn til Mjóafjarðar og bætir hann mjög samgöngur þangað. Báturinn fer 2 ferðir í viku til Neskaupstaðar og við komu hans hafa viðkomur strandferðaskipanna orðið að mestu óþarfar á Mjóafirði, þótt enn sé komið þar við þegar sérstök þörf er á. Gert er ráð fyrir 6 m.kr. styrk til rekstrar hins nýja báts á næsta ári auk 8 m.kr. stofnstyrks. Framlag á síðustu fjárlögum var 5 m.kr.

Framtíð Baldurs og fagraness.

Í framhaldi af áliti flóabátanefndar er þeirri tillögu hér með beint til ríkisstjórnarinnar, að sem fyrst verði hafin fullnaðarathugun á smíði eða kaupum hentugri báta í stað Baldurs og Fagraness. Einnig er æskilegt að samsvarandi athugun verði gerð varðandi flóabátinn Drang. Við athugun þessa verði tekið mið af breyttum aðstæðum og kröfum um þjónustu á farsvæðum bátanna. Einnig verði höfð hliðsjón af þeim breytingum á þjónustu Skipaútgerðar ríkisins sem nú eiga sér stað og eru fyrirhugaðar. Athugunin miði að því að styrkja rekstrargrundvöll bátanna með aukinni rekstrarhagkvæmni og auka þannig öryggi samgangna í viðkomandi byggðum, auk þess að draga úr þörf fyrir opinbera styrki.

Full samstaða náðist í nefndinni um tillögur hennar.

Nefndin setur að sjálfsögðu það skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð samkvæmt tillögum, að rekstri verði hagað svo, að landsbyggðir njóti svo sem til er ætlast og í samráði við samgönguráðuneytið. Samkvæmt greinargerð þeirri, er nefndarálitið greinir leggur samvinnunefnd samgöngumála til að á fjárlagaárinu 1979 verði veittar samtals 438.6 millj. kr., sem skiptist svo sem lagt er til á þskj. 254.

Alþingi, 19. des. 1978.

Karl Steinar Guðnason, form. Ed.-nefndar.
Stefán Jónsson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Halldór E. Sigurðsson, form. Nd.-nefndar, frsm.
Finnur Torfi Stefánsson, fundaskr. Nd.-nefndar.
Garðar Sigurðsson.
Sverrir Hermannsson.
Árni Gunnarsson.
Jón G. Sólnes.
Bragi Níelsson.
Helgi F. Seljan.
Guðmundur Karlsson.
Friðjón Þórðarson.
Kjartan Ólafsson.
Jón Helgason.

Sþ. **254. Breytingartillaga** [54. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1979.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Við 4. gr. 10 321 0103 Flóabátar og vöruflutningar.

		Þús. kr.
a.	Fyrir „244 890“ kemur	438 600
b.	Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Flóabátar og vöruflutningar (10 321 03).

a.	Flutningar á landi:		
1.1	Til vetraraflutninga í Breiðavíkurhreppi	300	
1.2	Vetrarflutningar í Dalahéraði	500	
2.1	Til vetrarsamgangna í Árneshreppi	500	
2.2	Snjóbifreið í A.-Barðastrandarsýslu	400	
2.3	Til vetrarflutninga í V.-Barðastrandarsýslu	1 200	
2.4	Snjóbifreið um Botnsheiði	800	
2.5	Snjóbifreið á Hólmavík	500	
2.6	Vetrarsamgöngur í Reykhóla- og Gufudalshreppi	500	
2.7	Snjóbifreið í Önundarfirði	300	
2.8	Mjólkurflutningar í Súgandafirði	200	
2.9	Sandsheiði	400	
3.1	Grímsey, vegna vetrarsamgangna og flugs	1 000	
3.2	Til snjóbifreiða í Dalvíkurlæknishéraði	300	
3.3	Svarfaðardalshreppur, vegna vetrarsamgangna	500	
3.4	Snjóbifreiðar á Akureyri, rekstur	400	
	Stofnstyrkur	200	
3.5	Flugbjörgunarsveitin, Akureyri	500	
3.6	Snjóbifreið á Hálshreppi, S.-Þingeyjarsýslu, rekstur	500	
	Stofnstyrkur	300	
3.7	Snjóbifreið í Fjallahreppi, stofnstyrkur	1 500	
3.8	Snjóbifreið í A.-Húnavatnssýslu	200	
4.1	Snjóbifreið í Vopnafirði	400	
4.2	Snjóbifreið í Þórshreppi	400	
4.3	Snjóbifreið Axarfjörður-Kópasker	600	
5.1	Snjóbifreið á Fjarðarheiði, rekstur	5 000	
	Stofnstyrkur	4 000	
5.2	Snjóbifreið á Fagradal, rekstur	800	
	Stofnstyrkur	700	
5.3	Snjóbifreið á Oddskarði, rekstur	4 000	
	Stofnstyrkur	2 000	
5.4	Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði, stofnstyrkur	300	
5.5	Snjóbifreið á Borgarfirði eystra	900	
5.6	Snjóbifreið í Stöðvarfirði, Egilsstaðaflugvöllur	600	
5.7	Vetrarflutningar Djúpivogur-Hornafjörður, rekstur	700	
	Stofnstyrkur	600	
5.8	Póst- og vöruflutningar á Jökuldal	400	
5.9	Svínafell í Nesjum	100	
5.10	Til vöruflutninga á Suðurlandi	4 500	
			37 000

b. Flóabátar:

			Þús. kr.
1. Baldur, til rekstrar	70 000		
Vegn ahalla fyrri ára	15 000		
		85 000	
2. Herjólfur, til rekstrar	86 000		
Vegna halla fyrri ára	27 000		
		113 000	
3. Fagranes, til rekstrar	55 000		
Til mjólkurflutninga í Önundarfirði og Dýrafirði	1 500		
Vegna klössunar og halla	23 000		
		79 500	
4. Drangur, til rekstrar		45 000	
5. Akraborg, til rekstrar og skuldagreiðslu		45 000	
6. Mjóafjarðarbátur, til rekstrar	6 000		
Stofnstyrkur	8 000		
		14 000	
7. Hríseyjarferja, til rekstrar	4 000		
Stofnstyrkur	15 000		
8. Langeyjarnesbátur, til rekstrar		600	
9. Mýrabátur, til rekstrar		100	
10. Dýrafjarðarbátur, til rekstrar		400	
			401 600
			438 600

Nd. 255. Lög [8. mál]

um niðurfærslu vöruverðs og verðbótavísitölu í september 1978.

(Afgreitt frá Nd., 19. des.)

Samhljóða þskj. 8.

Nd. 256. Lög [124. mál]

um breytingu á lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., sbr. lög nr. 69/1967.

(Afgreidd frá Nd., 19. des.)

Samhljóða þskj. 146.

Sþ. 257. Fyrirspurnir [155. mál]

I. Til viðskiptaráðherra um verðmyndun á bensíni og olíum.

Frá Sverri Hermannssyni.

Hverjir eru verðmyndunarþættir bensíns og hinna ýmsu tegunda olíu?

II. Til sjávarútvegsráðherra um brennslu svartolíu í fiskiskipum.

Frá Sverri Hermannssyni.

Hvaða reynsla hefur fengist af tilraunum með brennslu svartolíu í íslenskum fiskiskipum?

III. Til sjávarútvegsráðherra um útgáfu fiskikorta.

Frá Sverri Hermannssyni.

Hvað líður útgáfu fiskikorta, sem Alþingi ályktaði að út skyldu gefin, með samþykkt sinni hinn 15. mars 1977?

Ed. 258. Frumvarp til laga [39. mál]

um kjaramál.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. des.)

I. KAFLI
Um kjarasamninga og greiðslu verðbóta á laun

1. gr.

1. og 2. gr. laga nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum og lög nr. 63 24. maí 1978 um breyting á þeim lögum skulu falla úr gildi 1. september 1978.

2. gr.

Frá 1. september 1978 skal hámark verðbóta á mánuði fyrir fulla dagvinnu vera hið sama í krónutölu og reiknast samkvæmt ákvæðum almennra kjarasamninga, sem gerðir voru á árinu 1977 og á fyrstu fimm mánuðum 1978, á þau dagvinnulaun sem voru 200 000 krónur á mánuði miðað við verðbótavísitölu þá er gilti 1. desember 1977 til 28. febrúar 1978, sbr. þó 3. gr.

Hámark verðbóta skal breytast með áfangahækkun launa frá því í desember 1977.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, þar með hvað skuli telja laun fyrir fulla dagvinnu, m. a. samkvæmt kjarasamningum sjómanna.

3. gr.

Frá 1. desember 1978 og þar til um annað hefur verið samið skulu grunnlaun og tilhögun verðbóta á laun haldast óbreytt eins og ákveðið er frá 1. september 1978 samkvæmt almennum kjarasamningum, sem gerðir voru á árinu 1977 og á fyrstu fimm mánuðum 1978, og samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Um bætur almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976, nr. 53/1977, nr. 56/1977, nr. 3/1978 og nr. 91/1978

4. gr.

Bætur almannatrygginga, aðrar en fæðingarstyrkur, skulu taka sömu hlutfallshækkun 1. september 1978 og 1. desember 1978 og laun verkamanna þessa daga. Hækkun þessi skal einnig taka til greiðslna skv. 73. gr. laganna.

III. KAFLI
Um niðurfærslu vöruverðs og verðlagseftirlit

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka niðurgreiðslur vöruverðs frá því stigi sem gilti í ágústlok sem svarar 4.9% af verðbótavísitölu eins og hún er fyrir gildistöku þessara laga.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður sölugjald af einstökum matvörum eða matvöruflokkum, drykkjarvörum eða drykkjarvöruflokkum, sbr. lög nr. 10/1960 með áorðnum breytingum.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar lækkunar, svo og um bókhald og sölugjaldsframtal þeirra sem versla með þessar vörur.

7. gr.

Ekki má hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því sem var 9. september 1978 nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Frá 11. september 1978 skal lækka hundraðshluta verslunarálagningar sem því svarar að leyfð hefði verið álagning á 30% þeirrar hækkunar álagningarstofnsins, sem leiðir af hækkun á verði erlends gjaldeyris frá því gengi sem gilti 28. ágúst 1978, miðað við þá álagningarreglu sem gilti samkvæmt ákvörðun Verðlagsnefndar þann dag.

Ekki má hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum frá því sem var 9. september 1978 með breytingum skv. 2. mgr., nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og staðfestingu ríkisstjórnarinnar, sbr. 1. mgr. Gildir þetta einnig um hvers konar umboðslaun vegna sölu vöru eða þjónustu og um hvers konar álagningu sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vöru eða þjónustu, þar með vinnu.

Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. taka einnig til verðs hvers konar vöru og þjónustu sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þessara aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

Ríkisstjórnin getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.

IV. KAFLI
Um eignarskattsauka, sérstakan tekjuskatt og sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri til þess að standa undir kostnaði af niðurfærslu vöruverðs skv. III. kafla

8. gr.

Eignarskattsauki skal lagður á álagðan eignarskatt gjaldársins 1978 (skattársins 1977) skv. 26. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 63/1977 um breyting á þeim lögum, og ákvarðast hann þannig:

a. 50% af álögðum eignarskatti á menn, sbr. 1. tl. 26. gr. greindra laga.
b. 100% af álögðum eignarskatti á innlend og erlend félög og aðra skattskylda aðila, sbr. 2. tl. 26. gr. greindra laga.

Hjá þeim mönnum, sem náð höfðu 67 ára aldri fyrir 1. janúar 1978 eða áttu rétt til örorkulífeyris á árinu 1977, skal álagður eignarskattsauki skv. a-lið 1. mgr. lækkaður um 16 000 kr. hjá einstaklingi og um 24 000 kr. hjá hjónum.

Eignarskattsauki samkv. þessari grein skal einnig lækkaður um sömu fjárhæð hjá þeim einstaklingum sem á skattárinu 1977 höfðu lægri vergar tekjur til skatts

en 1 400 000 kr. miðað við einstakling og 1 800 000 kr. miðað við hjón, enda hafi skattgjaldseign skattþegns ekki verið yfir 12 000 000 kr. ef um einstakling er að ræða og 18 000 000 kr. ef hjón eiga í hlut.

Eignarskattsauki skal vera frádráttarbær frá tekjum á sama hátt og eignarskattur.

9. gr.

Á árinu 1978 skal lagður sérstakur tekjuskattur á alla menn, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, sem hér segir:

a. Einstaklinga: 6% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 2 800 000 kr., auk 220 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.
b. Samsköttuð hjón og karl og konu sem búa saman í óvígðri sambúð, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 6% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 3 700 000 kr., auk 220 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.
c. Hjón, sem telja fram hvort í sínu lagi: 6% af skattgjaldstekjum hvors um sig á skattárinu 1977 að frádregnum 2 220 000 kr. hjá hvoru, auk 110 000 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975 og 4. gr. laga nr. 3/1978.

Áður en skattur er ákvarðaður samkvæmt þessari grein skulu skattgjaldstekjur manna skv. 1. mgr., sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, lækkaður um hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi þegar frá þeim hreinu tekjum hefur verið dregin sú upphæð sem ætla má að reiknuð laun þessara manna hefðu numið, miðað við vinnuframlag þeirra, ef þeir hefðu unnið starfið í þágu óskylds aðila, eða hækkaðar um rekstrartöp af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi á skattárinu 1977 að viðbættri upphæð reiknaðra launa þessara manna svo og um yfirfærð rekstrartöp frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

Við ákvörðun á reiknuðum launum skv. 2. mgr. fyrir framlagða vinnu við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal farið eftir viðmiðunarreglum þeim sem settar hafa verið vegna gjaldársins 1978 á grundvelli ákvæða 2. gr. reglugerðar nr. 336/1976.

Nemi munur vergra tekna til skatts og skattgjaldstekna hærri fjárhæð en 532 500 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi, en 798 700 kr. hjá samsköttuðum hjónum, skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt stafliðum a., b. og c. um þá fjárhæð sem munurinn er umfram þessar fjárhæðir, eftir því sem við á, og reiknast þá sérstaki tekjuskatturinn af þessum upphækkuðu skattgjaldstekjum, sbr. staflið a., b. og c.

Hjá skattþegnum, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal, áður en ákvæðum 4. mgr. er beitt, hækka vergar tekjur til skatts um upphæð reiknaðra launa skv. 2. og 3. mgr. að frádregnum hreinum tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Þessi sérstaki tekjuskattur er ekki frádráttarbær frá tekjum.

10. gr.

Á árinu 1978 skal leggja sérstakan skatt á tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skattþegna, ákveðnar samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Tekjur manna, sem tekjuskattskyldar eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum ákveðast sem hér greinir: Hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi skattárið 1977, að viðbættum öllum fyrningum sem

gjaldfærðar hafa verið samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum við ákvörðun þessara hreinu tekna, en að frádregnum reiknuðum launum, sbr. 9. gr., svo og yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

Sé um að ræða rekstrartap á skattárinu 1977 telst stofninn vera gjaldfærðar fyrningar á skattárinu 1977 samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, að frádregnum reiknuðum launum, sbr. 9. gr., svo og að frádregnu rekstrartapi skattársins 1977, og að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

Fella skal niður skatt samkvæmt þessum tölulið nái hann ekki 15 000 kr.

2. Tekjur þeirra sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum ákveðast sem hér greinir:

Hreinar tekjur þessara aðila skattárið 1977, að viðbættum öllum fyrningum sem gjaldfærðar hafa verið samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum við ákvörðun þessara hreinu tekna, en að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. greinar greindra laga. Við ákvörðun hreinna tekna þessara aðila skal þó eigi telja með skattskyldar tekjur samkvæmt ákvæðum 9. gr. greindra laga og til frádráttar frá hreinum tekjum skal einungis tekið tillit til ákvæða 6. mgr. 17. gr. greindra laga.

Sé um að ræða rekstrartap á skattárinu 1977 telst stofninn vera gjaldfærðar fyrningar á skattárinu 1977 samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, að frádregnu rekstrartapi skattársins 1977, sem ákvarðast án tillits til ákvæða 9. gr. og 17. gr. greindra laga, að undantekinni 6. mgr. 17. gr., svo og að frádregnum yfirfæranlegum rekstrartöpum frá fyrri árum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. B-liðar 11. gr. greindra laga.

3. Hafi skattþegn, sem hefur með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eigi talið fram til tekjuskatts á gjaldárinu 1978 ber skattstjóra að áætla tekjur hans til þessa sérstaka skatts, að viðbættum viðurlögum er ákvarðast í samræmi við ákvæði VII. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

Þessi sérstaki skattur skal nema 6% af tekjum eins og þær eru ákvarðaðar skv. 1.—3. tl. 1. mgr. þessarar greinar.

Þessi sérstaki skattur er ekki frádráttarbær frá tekjum.

11. gr.

Skattstjórar sjá um útreikning þeirra skatta sem um ræðir í 8.—10. gr. laga þessara og gilda um þá ákvæði VI., VII. og VIII. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, eftir því sem við á. Skattstjórar skulu við útreikning þessara skatta styðjast við sömu skatta og sömu stofna sem á byggðist álagning eignarskatts og tekjuskatts samkvæmt skattskrám 1978. Verði um að ræða breytingu á eignarskatti, skattgjaldstekjum eða fyrningum við úrskurð á kærum eða af öðrum ástæðum vegna gjaldársins 1978 ber skattyfirvöldum og ríkisskattanefnd af sjálfsdáðum að lækka eða hækka eða leggja á skatta, sem um ræðir í 8.—10. gr. laga þessara, til samræmis við þær breytingar.

12. gr.

Innheimtu skatta skv. 8.—10. gr. laga þessara skal skipt jafnt á fjóra gjalddaga, hinn 1. nóvember 1978, 1. desember 1978, 1. janúar 1979 og 1. febrúar 1979. Nái samtala þeirra skatta sem lagðir eru á einstaka skattaðila eftir ákvæðum 8.—10. gr. laga þessara ekki 4 000 kr. skulu þeir felldir niður við innheimtu. Skattar þessir skulu innheimtir af sömu aðilum og innheimta tekjuskatt og eignarskatt. Um dráttarvexti og innheimtu þeirra skal að öðru leyti fara eftir ákvæðum þeim er gilda um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts, sbr. 46. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

V. KAFLI
Um gjald á ferðalög til útlanda

13. gr.

Leggja skal 10% gjald á andvirði erlends gjaldeyris sem gjaldeyrisbankarnir selja til greiðslu á dvalarkostnaði erlendis öðrum en viðurkenndum kostnaði nemenda og sjúklinga og áhafnagjaldeyri. Gjaldið skal innheimt af gjaldeyrisbönkunum eftir þeim reglum sem fjármálaráðherra setur. Gildistími þessa ákvæðis er til 31. desember 1979.

VI. KAFLI
Um heimild til lækkunar ríkisútgjalda 1978

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1978 (laga nr. 86/1977) er ríkisstjórninni heimilt að lækka fjárveitingar samkvæmt þeim allt að 2 000 milljónum króna. Tekur þetta einnig til fjárlagaliða sem jafnframt eru ákveðnir með öðrum lögum en fjárlögum.

VII. KAFLI
Um gildistöku o. fl.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum. Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Forsætisráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, að því leyti sem framkvæmd þeirra er ekki beinlínis falin öðrum ráðherrum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 259. Lög [91. mál]

um biðlaun alþingismanna.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 102.

Nd. 260. Frumvarp til laga [140. mál]

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976, lög nr. 32 12. maí 1977, lög nr. 63 28. des. 1977 og III. kafla laga nr. 3 17. febr. 1978, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. des.)

Samhljóða þskj. 190 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:
26. gr. (sbr. 2. gr. laga nr. 63/1977) orðist svo:

1. Eignarskattur þeirra manna, sem eignarskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, reiknast þannig:
   Af fyrstu 11 400 000 kr. skattgjaldseign einstaklinga og fyrstu 17 100 000 kr. skattgjaldseign hjóna greiðist enginn skattur. Af þeirri skattgjaldseign, sem þar er umfram, greiðist 1,2%.
   Hjá þeim mönnum, sem náð höfðu 67 ára aldri fyrir 1. janúar 1979 eða áttu rétt til örorkulífeyris á árinu 1978, skal álagður eignarskattur skv. 1. mgr. þessa töluliðar lækkaður um 68 400 kr. hjá einstaklingi og um 102 600 kr. hjá hjónum.
   Hjá öðrum mönnum, sem höfðu lægri vergar tekjur til skatts en 2 100 000 kr., ef um einstaklinga er að ræða, en lægri vergar tekjur til skatts en 2 700 000 kr., ef hjón eiga í hlut, skal eignarskattur, sem ekki nær 68 400 kr. hjá einstaklingi, en 102 600 kr. hjá hjónum, lækkaður um 20%.
2. Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., skal vera 1,6% af skattgjaldseign.
3. Eignarskatt, sem ekki nær 1 000 kr., skal fella niður við álagningu.

Nd. 261. Lög [133. mál]

um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald.

(Afgreidd frá Nd., 19. des.)

Samhljóða þskj. 202 (sbr. 160).

Nd. 262. Lög [126. mál]

um breyting á lögum nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, sbr. 3. gr. laga nr. 10 13. maí 1964.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 149.

Nd. 263. Nefndarálit [134. mál]

um till. til þál. um sparnað í fjármálakerfinu.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og mælir einróma með samþykkt hennar. Vilmundur Gylfason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. des. 1978.

Lúðvík Jósepsson, form.	Halldór E. Sigurðsson, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson, frsm.
Matthías Á. Mathiesen.	Finnur Torfi Stefánsson.	Kjartan Ólafsson.

Nd. 264. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til l. um ábyrgðarheimildir og heimild til lántöku vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar 1978.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. des. 1978.

Lúðvík Jósepsson, form., frsm.	Halldór E. Sigurðsson, fundaskr.	Finnur Torfi Stefánsson.
Kjartan Ólafsson.	Ólafur G. Einarsson.	Matthías Á. Mathiesen.

Ed. 265. Frumvarp til laga [156. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24 10. maí 1977 og lög nr. 83 1. júní 1978 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978).

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr töluliður, er verði 60. töluliður, og hljóði svo:

Að fresta eða afturkalla um tiltekinn tíma að einhverju eða öllu leyti þær tollalækkanir sem ákveðnar eru samkvæmt 60., 61., 64. og 65. kafla 1. gr. laga þessara þann 1. janúar 1979 og 1. janúar 1980 og ekki eru samningsbundnar við erlend ríki eða alþjóðleg samtök. Ákvörðun um frestun tollalækkana samkvæmt þessum lið skal tekin að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er ákvæði þess efnis að reynt verði með opinberum aðgerðum að sporna við óeðlilegri samkeppni erlends iðnaðar, m. a. með tollalækkunum. Hér var fyrst og fremst átt við frestun tollalækkana á iðnaðarvörum samkvæmt samningum Íslands við EFTA og EBE.

Ekki hefur þó reynst unnt að ná fram á þessu stigi samkomulagi um frestun þessara tollalækkana eins og kunnugt er.

Í 1. gr. gildandi tollskrárlaga nr. 120/1976 er hins vegar ákveðin lækkun tolla á ýmsum vörum sem ekki er samningsbundið að eigi sér stað. Hér er fyrst og fremst um að ræða svonefnda ytri tolla, þ. e. tolla af vörum frá löndum sem eru utan EFTA og EBE. Ennfremur tollalækknanir á ýmsum fjárfestingarvörum svo og hátollavörum. Ljóst er að innlendur iðnaður er einnig í samkeppni við vörur frá löndum utan EFTA og EBE og er þar fyrst og fremst um að ræða fatnað frá löndum í Asíu, en verulegur innflutningur á fatnaði á sér stað þaðan. Ekki sýnist eðlilegt að lækka tolla á þessum vörum þótt samningar knýi til lækkunar tolla á sömu vörum frá löndum innan EFTA og EBE. Sömu sögu er að segja um skófatnað en innlendur skóiðnaður á nú mjög erfitt uppdráttar. Verði heimild frumvarpsins notuð að fullu er tekjuauki ríkissjóðs af frestun ytri tollalækkana af fatnaði og skóm í hinum tilgreindu köflum tollskrárinnar áætlaður 150 m.kr. á árinu 1979 og um leið er í þeirri ráðstöfun fólgin nokkur vernd fyrir innlendan fata- og skóiðnað.

Sþ. 266. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

um deildaskiptingu Skipaútgerðar ríkisins.

Flm.: Helgi F. Seljan, Kjartan Ólafsson.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar, að í þeirri endurskipulagningu á starfsemi og rekstri Skipaútgerðar ríkisins, sem fyrirhuguð er, verði að því stefnt að fyrirtækinu verði skipt í tvær deildir: Austurlands- og Vestfjarðadeild með aðsetri á Reyðarfirði og Ísafirði. Skal um þetta atriði tekið mið af tillögum stofnananefndar frá árinu 1975 og frumvarp hér að lútandi lagt fram þegar á næsta þingi.

Greinargerð.

Tillaga þessa efnis hefur áður verið flutt á Alþingi, en varð þá eigi útrædd. Meðflutningsmaður fyrri flutningsmanns var þá Karvel Pálmason. Á síðasta þingi var hins vegar samþykkt tillaga um almennan stuðning við alhliða uppbyggingu og eflingu Skipaútgerðar ríkisins, svo sem framkvæmdastjóri hennar er uppi með áætlanir um, og byggist fyrst og fremst á endurnýjun skipakosts útgerðarinnar og gerbreyttum afgreiðsluháttum.

Með framkvæmd þessara áætlana, sem Alþingi hefur lýst stuðningi við, ætti að vera tryggilega fyrir því séð, að þjónustan við landsbyggðina í heild stórbatni, en á því hefur lengi verið hin brýnasta þörf, svo sem óskir og samþykktir landsbyggðarfólks bera gleggst vitni.

Átak í þessa átt, heildarendurskipulagning starfseminnar, hlýtur að verða mikilvægt skref í þágu aðstöðujöfnunar fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Bætt aðstaða, aukin hagræðing, þýðir betri og öruggari vörudreifingu og afleiðingin af því verður minni flutningskostnaður, lægra vöruverð. Það hlýtur að vera aðalatriðið í kjölfar hinnar bættu þjónustu.

Hins vegar vilja flm. að með í þessari endurskipulagningu verði tekinn sá kostur, sem þessi tillaga lýtur að. Flutningur þessarar starfsemi, jafnt sem miðstöðva fyrir hana, sem og að því er tekur til heimahafnar skipanna tveggja, er mjög veigamikið atriði fyrir viðkomandi staði. Hér er um aðalhafnir þeirra tveggja landshluta að ræða, sem við erfiðasta og dýrasta flutninga búa og um leið við hæst vöruverð, svo sem nýleg könnun leiddi glögglega í ljós. Aðsetur hinna tveggja deilda á þessum stöðum gætu tvímælalaust haft jákvæð áhrif einnig á rekstur Skipaútgerðar ríkisins til hagsbóta fyrir landsbyggð alla.

Það er einnig ótvíræð skoðun flm., að auk þeirrar þýðingar, sem þessi skipan hefur fyrir viðkomandi byggðarlög og landshluta, sé margvíslegt hagræði að aukinni hlutdeild þeirra aðila í rekstrinum, sem þjónustunnar eiga að njóta, til viðbótar við þá búsetuþýðingu, sem þessi skipan hlýtur að hafa í för með sér.

Flm. gera sér ýmsa annmarka vel ljósa, en flutningur stofnana út á land, deilda- og útibúaskipting verður aldrei framkvæmd, ef annmarkar eru látnir sitja í fyrirrúmi. Þjóðhagsleg þýðing slíks stofnanaflutnings er svo ótvíræð, að ekki þarf að víkja nánar að því í greinargerð, en fordæmi granna okkar á Norðurlöndum eru þar gleggst til vitnisburðar.

Ef rétt er að málum staðið efast flutningsmenn ekki um þjóðhagslega jafnt sem byggðalega hagkvæmni af þessari skipan, svo sem nánar verður greint frá í framsögu.

Höfuðrök sín sækja flm. hins vegar í einróma álit stofnananefndar frá árinu 1975 um deildaskiptingu Skipaútgerðar ríkisins, en þar segir svo orðrétt:

„Skipaútgerð ríkisins skiptist í strandferðadeild, landhelgisgæsludeild og hafrannsókna- og fiskirannsóknadeild; tvær síðarnefndu deildirnar annast skipakost viðkomandi stofnana og tengjast því fyrst og fremst starfsemi þeirra. Nefndin fjallar þess vegna hér fyrst og fremst um strandferðadeild sem aðallega fæst við vöruflutninga til og frá landsbyggðinni, einkum Vestfjörðum og Austfjörðum. Starfsemi Skipaútgerðar ríkisins hefur dregist mjög saman á síðari árum og þjónar stofnunin nú aðallega þessum tveimur landshlutum. Þar eð þessi tegund starfseminnar er einkum hagsmunamál tveggja landshluta leggur nefndin til að strandferðadeild verði skipt í tvo hluta, Vestfjarðadeild og Austfjarðadeild, sem fái aðsetur á Ísafjarðarsvæði og Austfjarðasvæði. Deildirnar fái hvor fyrir sig ákveðin skip til umráða sem annist flutninga innan þessara landshluta og við aðra landshluta, einkum Reykjavík og Akureyri. Deildum verði veitt verulegt sjálfstæði við rekstur skipanna. Í Reykjavík verði áfram afgreiðsla og vörugeymsluhús. Nefndin telur eðlilegt að sú starfsemi, sem einkum á að þjóna ákveðnum landshlutum, hafi aðsetur í þeim. Nefndin leggur jafnframt til að aðrir þættir í starfsemi stofnunarinnar hafi óbreyttan aðsetursstað. Gera má ráð fyrir að við skiptingu strandferðadeildar muni auk áhafna skipanna 5—10 menn fylgja hvorri deild, Vestfjarðadeild og Austfjarðadeild. Nefndin telur að slíkur flutningur muni færa stjórn flutninganna nær hagsmunum viðkomandi landshluta og þannig hafa fjölþætt áhrif á viðgang margvíslegrar starfsemi á þessum svæðum. Kostnaður við slíkar breytingar væri einkum fólginn í útvegun skrifstofuhúsnæðis. Á móti kæmi minni þörf stofnunarinnar fyrir slíkt húsnæði á höfuðborgarsvæðinu."

Á það má benda, að einn þeirra nefndarmanna, er að þessu áliti standa, er núverandi forstöðumaður byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Bjarni Einarsson, en mjög væri eðlilegt að fela byggðadeildinni að vinna að þessu verkefni ásamt viðkomandi ráðuneyti og stofnuninni sjálfri.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

Ed. 267. Frumvarp til laga [158. mál]

um breyting á iðnaðarlögum, nr. 42/1978.

Flm.: Ólafur Björnsson, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

3. málsgr. 8. gr. laga nr. 42/1978 hljóði svo:

Rétt til iðnaðarstarfa í slíkum iðngreinum hafa meistarar, sveinar og nemendur í iðngreininni. Þá hafa þeir, sem gegnt hafa netamannsstarfi eða hliðstæðu starfi á sjó í 10 ár eða lengur, rétt til að annast viðhald veiðarfæra í landi. Heimilt er sérfélögum sveina og meistarafélagi í sömu iðn að gera sín á milli samning um það, að ráða megi ólært starfsfólk til iðnaðarstarfa undir stjórn lærðs iðnaðarmanns um ákveðinn stuttan tíma í senn, þegar sérstaklega stendur á og brýn þörf er á auknum vinnukrafti í iðninni. Einnig getur hver og einn unnið iðnaðarstörf fyrir sjálfan sig og heimili sitt, enn fremur fyrir opinbera stofnun eða fyrirtæki, sem hann vinnur hjá, ef um minni háttar viðhald á eignum þessara aðila er að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum varðar það sektum, ef maður, sem árum saman hefur unnið á sjó við viðhald veiðarfæra, stundar sömu atvinnu í landi. Hvorki meistarar né sveinar hafa talið nauðsynlegt að þeir önnuðust þessi störf úti á sjó. Rök fyrir að þeir einir hafi rétt til þeirra í landi fá því ekki staðist.

Þeir, sem lengi hafa verið netamenn, stýrimenn eða skipstjórar á fiskiskipum, hafa yfirleitt langa þjálfun og haldgóða reynslu í viðhaldi veiðarfæra, enda margir eftirsóttir til þeirra starfa þegar þeir koma í land.

Þótt margir stundi nú þessi störf er atvinnuöryggi þeirra ekkert og kærur og hótanir algengar. Með samþykkt þessa frumvarps væri réttur sem þeir svo rækilega eiga, nokkurn veginn tryggður.

Ed. 268. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 20. des. 1978.

Ólafur Ragnar Grímsson, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Alexander Stefánsson, frsm.
Guðm. Karlsson.	Ágúst Einarsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.

Sþ. 269. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1979.

Frá Kjartani Ólafssyni, Svövu Jakobsdóttur og Stefáni Jónssyni.

1. Við 4. gr. 00 201 0108 Þingmannasamtök NATO.
   Liðurinn fellur niður.
2. Við 4. gr. 03 401 0132 Tillag til Atlantshafsbandalagsins.
   Liðurinn fellur niður.

Nd. 270. Lög [100. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975, nr. 36/1976 og nr. 68/1977.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 111.

Sþ. 271. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1979.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

	Þús. kr.
1. Við 1. gr.	
a. Innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa.	
Fyrir „3 500 000“ kemur	4 200 000
b. Erlend lán.	
Fyrir „5 457 000“ kemur	5 648 000
c. ÷ Ráðstafað til B-hluta skv. lánsfjáráætlun.	
Fyrir „5 781 000“ kemur	6 691 000
d. Hlutafé í Járnblendifélaginu.	
Fyrir „680 000“ kemur	536 000
2. Við 3. gr. Tekjur.	
a. Við 0100 Eignarskattar einstaklinga.	
Fyrir „1 783 000“ kemur	1 852 000
b. Við 0103 Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga.	
Fyrir „11 000“ kemur	16 000
c. Við 0110 Eignarskattur félaga.	
Fyrir „2 286 000“ kemur	2 561 000
d. Við 0113 Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti félaga.	
Fyrir „11 000“ kemur	21 000
e. Nýr liður:	
0117 Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	550 000
f. Við 0140 Erfðafjárskattur.	
Fyrir „160 000“ kemur	200 000
g. Við 0120 Tekjuskattur einstaklinga.	
Fyrir „23 265 000“ kemur	23 135 000
h. Við 0123 Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga.	
Fyrir „298 000“ kemur	324 000

	Þús. kr.
i. Við 0124 Sjúkratryggingagjald.	
Fyrir „5 600 000“ kemur	4 350 000
j. Við 0130 Tekjuskattur félaga.	
Fyrir „6 000 000“ kemur	7 730 000
k. Við 0133 Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti félaga.	
Fyrir „45 000“ kemur	73 000
l. Við 0210 Aðflutningsgjöld.	
Fyrir „31 900 000“ kemur	30 800 000
m. Við 0210 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.	
Fyrir „1 600 000“ kemur	1 540 000
n. Við 0240 Byggingariðnaðarsjóðsgjald.	
Fyrir „57 000“ kemur	50 000
o. Við 0252 Byggingarsjóðsgjald af innflutningi.	
Fyrir „160 000“ kemur	154 000
p. Við 0280 Innflutningsgjald af bifreiðum.	
Fyrir „4 400 000“ kemur	4 300 000
r. Við 0220 Gjald af gas- og brennsluolíu.	
Fyrir „545 000“ kemur	585 000
s. Við 0230 Jöfnunargjald.	
Fyrir „1 000 000“ kemur	1 050 000
t. Við 0611 Vörugjald.	
Fyrir „395 000“ kemur	435 000
u. Við 0600 Álgjald.	
Fyrir „270 000“ kemur	280 000
v. Við 0615 Sérstakt vörugjald.	
Fyrir „11 750 000“ kemur	13 000 000
x. Við 0300 Söluskattur.	
Fyrir „65 500 000“ kemur	66 160 000
y. Við 0300 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.	
Fyrir „4 700 000“ kemur	4 760 000
z. Við 0510 Rekstrarhagnaður ÁTVR.	
Fyrir „19 000 000“ kemur	18 200 000
þ. Við 0520 Gjald af seldum eldspýtum.	
Liðurinn fellur niður.	
æ. Við 0681 Flugvallagjald.	
Fyrir „470 000“ kemur	770 000
ö. Við 0800 Stimpilgjald.	
Fyrir „2 600 000“ kemur	2 800 000
3. Við 3. gr. Tekjur.	
a. Við 0810 Aukatekjur.	
Fyrir „510 000“ kemur	550 000
b. Við 0820 Þinglýsingar.	
Fyrir „70 000“ kemur	120 000
c. Við 0720 Bifreiðaskattur.	
Fyrir „2 050 000“ kemur	1 850 000
d. Við 0841 Hluti af umboðsþóknun og gengismun bankanna.	
Fyrir „950 000“ kemur	1 000 000
e. Nýr liður:	
0898 Nýbyggingagjald	300 000
f. Við 1020 Fríhöfn Keflavíkurflugvelli.	
Fyrir „444 500“ kemur	459 900
g. Við 2010 Vextir.	
Fyrir „2 150 000“ kemur	2 200 000

		Þús. kr.
	h. Við 2030 Sameignir ríkisins.	
	Fyrir „70 000“ kemur	80 000
	i. Við 1902 Samúðarskeyti Landssímans.	
	Fyrir „27 000“ kemur	17 000
	j. Við 1911 Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs.	
	Fyrir „300 000“ kemur	350 000
4.	Við 4. gr. 01 901 Húsameistari ríkisins.	
	a. Við 20 Laun:	
	Fyrir „103 404“ kemur	95 629
	b. Við 0 Sértekjur.	
	Fyrir „56 000“ kemur	68 500
5.	Við 4. gr. 01 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd.	
	a. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „9 000“ kemur	14 500
	b. Við 0 Sértekjur.	
	Fyrir „4 250“ kemur	5 500
6.	Við 4. gr. 02 791 Grunnskólar 0108 Laun kennara, sem orlof fá.	
	Fyrir „97 062“ kemur	37 062
7.	Við 4. gr. 02 791 Grunnskólar 0119 Námskeið kennara sem ekki hafa full réttindi.	
	Fyrir „1 000“ kemur	11 000
8.	Við 4. gr. 02 797 Stofnanir afbrigðilegra barna 20 Laun.	
	Fyrir „366 916“ kemur	400 916
9.	Við 4. gr. 02 884 Til jöfnunar á námskostnaði.	
	Fyrir „280 000“ kemur	295 000
10.	Við 4. gr. 02 885 0102 Bréfaskólinn.	
	Fyrir „2 000“ kemur	4 000
11.	Við 4. gr. 02 902 Þjóðminjasafn Íslands 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „3 000“ kemur	15 000
12.	Við 4. gr. 02 977 Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu.	
	Fyrir „200 000“ kemur	75 000
13.	Við 4. gr. 02 999. Nýr liður:	
	0313 Forseti FIDE	3 000
14.	Við 4. gr. 03 399 0101 Aðstoð við þróunarlöndin.	
	Fyrir „40 000“ kemur	71 000
15.	Við 4. gr. 04 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins 08 Matvælarannsóknir.	
	Fyrir „3 560“ kemur	7 603
16.	Við 4. gr. 04 235 Landgræðsla.	
	a. Við 02 Almenn landgræðsla.	
	Fyrir „68 463“ kemur	63 463
	b. Nýr liður:	
	08 Félagssamtökin Landvernd	5 000
17.	Við 4. gr. 05 202 Hafrannsóknastofnun 3003 Baldur.	
	Fyrir „322 530“ kemur	222 530
18.	Við 4. gr. 05 299 0110 Verðuppbætur á línufisk.	
	Fyrir „80 000“ kemur	40 000
19.	Við 4. gr. 05 299 0116 Vátryggingasjóður fiskiskipa.	
	Fyrir „136 100“ kemur	68 100
20.	Við 4. gr. 06 208 Rannsóknarlögregla ríkisins 20 Laun.	
	Fyrir „319 921“ kemur	329 921

		Þús. kr.
21.	Við 4. gr. 06 251 Landhelgisgæsla.	
	a. **Við 0102 Ægir.**	
	Fyrir „396 199“ kemur	**380 199**
	b. **Við 0104 Óðinn.**	
	Fyrir „371 198“ kemur	**356 198**
	c. **Við 0104 Þór.**	
	Fyrir „332 232“ kemur	**318 232**
	d. **Við 0105 Árvakur.**	
	Fyrir „196 454“ kemur	**111 454**
22.	Við 4. gr. 07 981 Vinnumál.	
	a. Við 0104 Stuðningur við samtök vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi.	
	Fyrir „7 600“ kemur	27 600
	b. Við 0106 Bygging orlofsheimila verkalýðsfélaga.	
	Fyrir „10 000“ kemur	48 000
	c. Við 0107 Til Alþýðusambands Íslands vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu	
	Fyrir „3 500“ kemur	20 000
	d. **Við 0109 Liðurinn orðast svo:**	
	0109 Til Félagsmálaskóla alþýðu, BSRB og fræðslumála sjómanna	**30 000**
23.	Við 4. gr. 07 999 0141 Vegna tjóns af náttúruhamförum í Norður-Þingeyjarsýslu.	
	Fyrir „8 500“ kemur	12 000
24.	Við 4. gr. 08 271 Tryggingastofnun ríkisins.	
	Fyrir „48 003 200“ kemur	47 903 200
25.	Við 4. gr. 08 371 Landspítalinn 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	
	Landspítalinn, fjárfestingar (08 371 6)	
	1. Geðdeild 299 500	
	2. Röntgentæki 36 000	
	3. Göngudeild, Hátún 17 200	
	4. Símstöð 6 500	
	5. Sjúkramóttaka 20 000	
	6. Færsla deilda 20 000	
	7. Tækjakaup 100 000	
	8. Stjórnun, eftirlit o. fl. 30 000	
		629 200
26.	Við 4. gr. 08 399 0108 Hjartavernd.	
	Fyrir „30 000“ kemur	45 000
27.	Við 4. gr. 08 399. Nýr liður.	
	0145 Heyrnar- og talmeinastöð vegna stofnunar og rekstrar	20 000
28.	Við 4. gr. 08 471 0105 Samtök áhugamanna um áfengisbölið.	
	Fyrir „3 000“ kemur	6 000
29.	Við 4. gr. 09 381 Uppbætur á lífeyri.	
	Fyrir „3 585 039“ kemur	3 351 039
30.	Við 4. gr. 09 383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn.	
	Fyrir „32 420“ kemur	48 580
	Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn (09 383).

09 383	Embættismenn og aðrir starfsmenn:	Þús. kr.
0088—5894	Adolf J. E. Petersen	220
0046—4414	Aðalheiður Nielsdóttir	190
0047—5653	Aðalheiður Pálsdóttir	190
0057—9335	Aðalsteinn Baldvinsson	230
0064—4676	Aðalsteinn Hallsson	230
0287—9093	Andrés Eyjólfsson	350
0333—2438	Anna Guðmundsdóttir	190
0457—0707	Arnbjörg Eiríksdóttir	190
0468—7345	Arndís Eiríksdóttir	190
0473—1859	Arndís Kristjánsdóttir	190
0478—2305	Arndís Þorsteinsdóttir	190
0556—3666	Arnkell Bjarnason	190
0904—9924	Axel Thorsteinsson	320
0136—8753	Ágúst Kvaran	320
1139—6935	Ágúst Ólafsson	230
0534—5529	Árni Sigurðsson	190
0698—9600	Ásgrímur Jónsson	190
0917—4567	Baldur Guðmundsson	220
1987—1934	Benedikt Gíslason	350
1052—1556	Bergsveinn Jónsson	220
1082—2351	Bergþóra Sigurðardóttir	190
1182—6520	Bjarney Guðjónsdóttir	190
1203—5128	Bjarni Bjarnason	220
1206—8166	Bjarni Einarsson	220
1209—7549	Bjarni Ó. Frímannsson	230
1210—6874	Bjarni Gislason	220
1219—7640	Bjarni Jónasson	200
1231—1265	Bjarni Sigurðsson	200
1240—0683	Bjarni Þorsteinsson	190
1268—0937	Björg Jónsdóttir	190
1268—1011	Björg Jónsdóttir	190
1270—6464	Björg Magnúsdóttir	190
1325—6705	Björn Einarsson	320
1352—4661	Björn Stefánsson	190
1356—4868	Björn Vigfússon	230
1470—5805	Brynjólfur Bjarnason	430
1498—1136	Böðvar Pálsson	220
1562—8197	Daniel Eggertsson	230
1598—6395	Dýrfinna Oddfreðsdóttir	220
1601—0731	Dýrleif Friðriksdóttir	190
1711—3607	Eggert Konráðsson	190
1833—6111	Einar Steindórsson	220
1964—0574	Elín Jóhannesdóttir	190

		Þús. kr.
1993—5728	Elínborg Brynjólfsdóttir	230
2028—7144	Elísabet Friðriksdóttir	190
2032—3558	Elísabet Halldórsdóttir	190
2121—6240	Emilía Jónasdóttir	220
1772—0201	Eyjólfur Hallfreðsson	250
1779—6178	Eyjólfur J. Stefánsson	200
2325—2902	Finnbogi Lárusson	190
2405—9111	Friðbjörg Jónsdóttir	190
2473—5354	Friðrik Þorvaldsson	250
2478—3081	Friðrika Jónsdóttir	190
2679—7128	Gísli Kristjánsson	220
2685—8143	Gísli Sigurðsson	190
2756—7681	Grímur Grímsson	230
2813—4169	Guðbjörg Hannesdóttir	190
2820—3470	Guðbjörg Kristinsdóttir	190
2857—2786	Guðbrandur Benediktsson	190
2810—5568	Guðbjörg Guðmundsdóttir	220
2897—2016	Guðfríður Jóhannesdóttir	190
2917—5993	Guðjón Hermannsson	190
2920—7828	Guðjón Jónsson	190
2927—1399	Guðjón Pétursson	230
2987—6770	Guðlaugur G. Jónsson	200
2990—6351	Guðlaugur Oddsson	220
3041—7143	Guðmundur Árnason	190
3069—9750	Guðmundur Gíslason Hagalín	260
3064—9893	Guðmundur Guðjónsson	230
3096—3776	Guðmundur Ólafsson	190
3117—7235	Guðmundur Þorbergsson	190
3118—1194	Guðmundur Þórðarson	190
3178—1310	Guðný Sveinsdóttir	190
3189—6959	Guðríður Einarsdóttir	190
3231—9130	Guðrún Davíðsdóttir	200
3235—0100	Guðrún Eiríksdóttir	190
3247—7208	Guðrún Guðmundsdóttir	190
3275—5046	Guðrún Kristjánsdóttir	190
3312—1318	Guðrún Valdimarsdóttir	190
3297—4430	Guðrún Sigurbjörnsdóttir	190
3338—4416	Gunnar Ásgrímsson	190
3388—2181	Gunnar Snjólfsson	230
3398—3468	Gunnar Þórðarson	230
3418—5484	Gunnhildur Sigurðardóttir	190
3472—5136	Gústaf Gíslason	230
3581—3403	Halldór Gunnlaugsson	220
3612—1564	Halldóra Bjarnadóttir	330
3668—5301	Hallgrímur Fr. Hallgrímsson	190
3670—9650	Hallgrímur Jónsson	200
3723—6551	Hannes Hreinsson	230
3536—7217	Hálfdán Björnsson	220
3892—5350	Helga Björnsdóttir	190
3958—3925	Helgi Eleesarsson	220
3986—5769	Helgi Tryggvason	220
4023—0645	Herdís Finnbogadóttir	190
4024—3038	Herdís Guðmundsdóttir	220

		Þús. kr.
4029—7073	Herdís Jónsdóttir	190
4051—7642	Hermann Jónsson	220
4064—4652	Hermína Sigurgeirsdóttir	190
4101—4717	Hildur Hjaltadóttir	190
4103—0569	Hildur Jónsdóttir	190
4143—6433	Hinrik Guðmundsson	190
4165—8568	Hjálmfríður Bergsveinsdóttir	190
4235—5054	Hjörtur Ögmundsson	200
4489—7709	Höskuldur Einarsson	200
4653—8382	Inga Nielsen Beck	190
4598—6608	Ingibjörg Einarsdóttir	190
4619—9359	Ingibjörg Jónsdóttir	220
4624—1363	Ingibjörg Kristmundsdóttir	190
4640—5528	Ingibjörg Stefánsdóttir	190
4676—8612	Ingimar Baldvinsson	200
4716—0820	Ingólfur Árnason	190
4722—3636	Ingólfur Gíslason	600
4792—4634	Ingveldur Magnúsdóttir	190
4910—9814	Jens Eyjólfsson	220
4969—8364	Jóhann Gunnarsson	220
4979—9152	Jóhann Jónsson	190
4983—2184	Jóhann J. E. Kúld	190
4988—1746	Jóhann Pétursson, Svarfdælingur	330
5071—1994	Jóhannes Bogason	190
5112—8761	Jón Benónýsson	190
5154—3696	Jón Jónasson	190
5160—2528	Jón Kjerúlf	230
5182—6582	Jón Sigtryggsson	200
5183—1845	Jón Sigurðsson	190
5184—4416	Jón Sigurgeirsson	270
5247—1168	Jónas Bjarnason	190
5308—4427	Jónína Gunnarsdóttir	190
5327—6687	Jónína Sveinsdóttir	220
5366—3664	Jósep Kristjánsson	230
5410—5126	Júlíus Jónsson	190
5410—5185	Júlíus Jónsson	190
5479—0589	Karl Árnason	190
5495—8218	Karl Indriðason	220
5624—6568	Klara Guðmundsdóttir	230
5819—1639	Kristinn Jónsson	220
5727—4573	Kristín Benediktsdóttir	190
5756—2064	Kristín Ingileifsdóttir	250
5761—2037	Kristín Jósefsdóttir	190
5765—0257	Kristín Kristjánsdóttir	190
5774—8311	Kristín Pálmadóttir	200
5787—6107	Kristín Teitsdóttir	190
5791—6265	Kristín Vigfúsdóttir	190
5904—4214	Kristjana V. Hannesdóttir	220
5837—6027	Kristján Albertsson	260
5848—3443	Kristján Einarsson	230
5930—3473	Kristlaug Tryggvadóttir	190
5942—5064	Kristmundur Kr. Meldal	190
6174—7168	Lovísa Magnea Ólafsdóttir	200

		Þús. kr.
6086—5388	Lýður Jónsson	220
6203—6818	Magdalena Guðlaugsdóttir	190
6255—0228	Magnús Gestsson	190
6256—6213	Magnús V. Guðbrandsson	190
6265—6069	Magnús Ingimundarson	230
6268—4119	Magnús Jónsson	220
6357—3302	Margrét Gissurardóttir	190
6357—0168	Margrét Gísladóttir	190
6359—1610	Margrét Guðmundsdóttir	190
6372—6648	Margrét Jóhannsdóttir	190
6373—9291	Margrét Jónsdóttir	190
6463—3805	María Markan	260
6512—8896	Marta Jónsdóttir	190
6555—9382	Matthildur Hannesdóttir	190
6645—8520	Njáll Friðbjörnsson	190
6672—8099	Oddný Árnadóttir	190
6694—4263	Oddur Búason	220
6819—8255	Ólafía Egilsdóttir	190
6745—6548	Ólafur Bjarnason	190
6746—5490	Ólafur Björnsson	190
6776—0719	Ólafur Magnússon	230
6793—9816	Ólafur Tryggvason	270
6919—0081	Óscar Clausen	260
7033—9927	Páll Vilhjálmsson	200
7470—6282	Salvör Jörundsdóttir	190
7100—1288	Pétur Jónsson	220
7156—8156	Ragnar Benediktsson	190
7195—3475	Ragnheiður Böðvarsdóttir	200
7394—6298	Rósamunda Jónsdóttir	190
7425—8336	Runólfur Guðmundsson	190
7503—3036	Sesselja Jónsdóttir	230
7552—9570	Sighvatur Davíðsson	190
7570—7428	Sigmundur Gestsson	190
7584—1787	Signý Gunnarsdóttir	190
7594—7437	Sigríður Ásgeirsdóttir	190
7604—0352	Sigríður Böðvarsdóttir	190
7608—1352	Sigríður Einarsdóttir	290
7618—9021	Sigríður Guðjónsdóttir	190
7637—2632	Sigríður Jónsdóttir	190
7645—8669	Sigríður Magnúsdóttir	200
7659—3493	Sigríður Sigfinnsdóttir	200
7678—5058	Sigríður Þórðardóttir	190
7728—7477	Sigrún Sigurjónsdóttir	190
7774—2573	Sigurbjörg Guðmundsdóttir	230
7818—1605	Sigurborg Hallbjarnardóttir	190
7852—0116	Sigurður Erlendsson	200
7857—7959	Sigurður Greipsson	320
7904—3699	Sigurður Stefánsson	190
7952—3488	Sigurjón Einarsson	220
7970—0886	Sigurjón Sigurbjörnsson	220
8038—6516	Sigurpáll Þorsteinsson	190
8068—4118	Sigurveig Ólafsdóttir	190
8183—5551	Skúli Skúlason frá Odda	350

		Þús. kr.
8227—9393	Snæbjörn J. Thoroddsen	230
8267—0920	Sólborg Hjálmarsdóttir	190
8444—7773	Steingrímur Magnússon	230
8474—2864	Steinunn Guðmundsdóttir	190
8509—7660	Steinþór Þórðarson	200
8530—7428	Sturla Jónsson	200
8849—4059	Sölvi Ásgeirsson	220
8857—4230	Sörli Hjálmarsson	220
9041—1292	Valborg Emilsdóttir	190
9160—8332	Valves Kárason	220
9176—2420	Vésteinn Árnason	190
9194—0922	Vigdís Andrésdóttir	190
9440—6919	Þorbjörg Einarsdóttir	190
9443—9973	Þorbjörg Guðmundsdóttir	190
9663—0417	Þorkell Kristjánsson	220
9694—1412	Þorleifur Jónsson	300
9739—3230	Þorsteinn Guðmundsson	200
9746—0388	Þorsteinn Jónasson	230
9376—7071	Þóra Guðmundsdóttir	190
9505—1642	Þórður Auðunsson	220
9505—5168	Þórður Benediktsson	350
9679—1887	Þórlaug Bjarnadóttir	190
9783—1041	Þórunn Ingvarsdóttir	190
9784—7770	Þórunn Jónsdóttir	190
9860—4820	Þuríður Guðjónsdóttir	190
9861—1959	Þuríður Guðnadóttir	220
	Samtals	48 580

31. Við 4. gr. 09 384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur.
Fyrir „20 590“ kemur 28 330
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur (09 384).

09 384	**Ekkjur:**		Þús. kr.
	0361—8838	Anna Ólafsdóttir	190
	0310—8023	Anna Ármannsdóttir	190
	0344—1458	Anna G. Ingólfsdóttir	190
	0370—0321	Anna Sigfúsdóttir	190
	0379—4458	Anna Þuríður Sæmundardóttir	190
	0458—4724	Arnbjörg Halldórsdóttir	230
	0579—0069	Arnþrúður Daníelsdóttir	190
	0162—3648	Ágústa Jónsdóttir	270
	0168—2717	Ágústa Sigurðardóttir	190
	0552—8887	Árný Stígsdóttir	190
	0714—8143	Áslaug Gunnlaugsdóttir	230
	0767—4236	Ásta Halldórsdóttir	190
	0779—2026	Ásta Ólafsdóttir	220
	0813—7129	Ástríður Eggertsdóttir	190
	0821—1787	Ástríður Magnúsdóttir	190
	1387—8218	Borghildur Thorarensen	270
	1437—5864	Bryndís Þórarinsdóttir	220
	1523—7456	Dagbjört Guðjónsdóttir	190
	1949—7364	Elín Einarsdóttir	250

		Þús. kr.
1955—0834	Elín Guðjónsdóttir	190
1961—7122	Elín Indriðadótir	190
1968—7481	Elín Lárusdóttir	270
1999—9513	Elínborg Bogadóttir	230
2037—5884	Elísabet Jónsdóttir	190
2038—3712	Elísabet Kemp	220
1701—6911	Eufemía Ólafsdóttir	390
2357—0130	Fjóla Sigmundsdóttir	390
2393—6755	Fríða Hlíðdal	480
2805—7385	Guðbjörg Erlendsdóttir	220
2960—9314	Guðlaug Jósefsdóttir	190
3159—0612	Guðný Halldórsdóttir	220
3174—6817	Guðný Sigurðardóttir	190
3180—8006	Guðný Vigfúsdóttir	220
3181—3638	Guðný Þórarinsdóttir	190
3265—3804	Guðrún Jóhannesdóttir	190
3307—2368	Guðrún Sveinsdóttir	190
3615—2028	Halldóra Eiríksdóttir	230
3642—6365	Halldóra Þórðardóttir	190
3898—9995	Helga Friðbjarnardóttir	220
3929—1827	Helga Pétursdóttir	230
3933—5905	Helga Sigurðardóttir	230
0000—0051	Hildur Blöndal	440
4185—9318	Hjaltlína Guðjónsdóttir	230
4243—1672	Hlíf Magnúsdóttir	220
4281—8372	Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	220
4384—7627	Hróðný Einarsdóttir	390
4413—8298	Hulda Þ. Björnæs	290
4415—4277	Hulda Davíðsdóttir	230
4514—4097	Indíana Sturludóttir	230
4598—4435	Ingibjörg Eyjólfsdóttir	250
4615—5173	Ingibjörg Högnadóttir	190
4619—9022	Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	250
4621—8558	Ingibjörg Karlsdóttir	320
4750—2330	Ingunn Hlíðar	190
4792—8478	Ingveldur Ólafsdóttir	190
4948—9137	Jófríður Guðmundsdóttir	190
5060—6228	Jóhanna Vigfúsdóttir	190
5273—7915	Jónasína E. Hallgrímsdóttir	200
5297—0938	Jónína Ásmundsdóttir	190
5306—8812	Jónína Gissurardóttir	230
5317—3837	Jónína Kristjánsdóttir	230
5346—0682	Jórunn Guðjónsdóttir	230
5452—9406	Karen Louise Jónsson	230
5563—5498	Katrín Ingibergsdóttir	230
5698—1586	Kristbjörg Hafberg	190
5751—2458	Kristín Helgadóttir	190
5775—0340	Kristín Pálsdóttir	190
5780—5765	Kristín Sigurðardóttir	190
5910—1382	Kristjana Káradóttir	230
5982—8401	Lára Bjarnadóttir	190
6002—0418	Lára Svansdóttir	190
6004—1296	Lára M. Vigfúsdóttir	260

		Þús. kr.
6040—7355	Laufey Karlsdóttir	190
6072—1181	Lelia Stefánsson	350
6090—9288	Lilja H. Arndal	260
6105—3042	Lilja Jörundsdóttir	220
6107—8649	Lilja Magnúsdóttir	230
6114—5486	Lilja Steinsen	410
6083—9204	Lydia Pálsdóttir	320
6200—8946	Magdalena Ásgeirsdóttir	190
6226—6368	Magnea Magnúsdóttir	220
6340—5418	Margrét Árnadóttir	230
6346—7545	Margrét Björnsdóttir	190
6351—1374	Margrét Eyjólfsdóttir	220
6373—4012	Margrét Jónasdóttir	320
6373—9219	Margrét Jónsdóttir	230
6515—4455	Marta Oddsdóttir	190
6568—5035	Melitta Urbancic	190
6598—2218	Nanna Guðmundsdóttir	200
6598—2269	Nanna Guðmundsdóttir	220
6720—9532	Ólafía Finnbogadóttir	190
6859—4138	Ólöf Bjarnadóttir	230
6982—6261	Pálína Jóhannsdóttir	190
7210—4897	Ragnheiður Konráðsdóttir	190
7215—3421	Ragnheiður Rögnvaldsdóttir	200
7271—7066	Rannveig Gunnarsdóttir	220
7373—7869	Rósa Guðnadóttir	230
7436—3121	Rut Hermanns Hansen	230
7584—9788	Signý Jóhannsdóttir	190
7592—3678	Sigríður Árnadóttir	410
7592—3457	Sigríður Árnadóttir	230
7601—9088	Sigríður Björnsdóttir	190
7616—4916	Sigríður Gísladóttir	190
7620—0807	Sigríður Guðmundsdóttir	200
7666—6296	Sigríður Stefánsdóttir	190
7676—6827	Sigríður Vilhjálmsdóttir	190
7702—7963	Sigrún Guðmundsdóttir	300
7733—3118	Sigrún Thorarensen	190
7780—7845	Sigurbjörg Jónsdóttir	190
7995—7100	Sigurlaug Jónsdóttir	230
7995—7380	Sigurlaug Þ. Johnson	200
8187—8528	Skúlína Guðmundsdóttir	220
8256—3113	Soffía Touvina	200
8469—5157	Steinunn P. Eyjólfsson	190
8494—3088	Steinunn Tómasdóttir	190
8511—1744	Steinþóra Einarsdóttir	230
8720—5886	Sveindís Hansdóttir	190
8876—5958	Theodóra Hávarðardóttir	260
8923—4034	Tove Engilberts	390
9116—8766	Valgerður Helgadóttir	190
9451—8334	Þorbjörg Leifs	220
9388—8995	Þóra Sigfúsdóttir	190
9394—2566	Þóra Vigfúsdóttir	260
9784—8068	Þórunn Jónsdóttir	220
	Samtals	**28 330**

		Þús. kr.
32.	Við 4. gr. 09 999 0103 Til blaðanna samkv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar.	
	Fyrir „40 000“ kemur	60 000
33.	Við 4. gr. 10 211 Vegagerð 94 Til einstaklinga og samtaka.	
	Fyrir „5 000“ kemur	6 000
34.	Við 4. gr. 10 651 Ferðamál.	
	a. Við 20 Laun.	
	Liðurinn fellur niður.	
	b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
	Liðurinn fellur niður.	
35.	Við 4. gr. 11 201 Iðntæknistofnun Íslands.	
	a. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
	Fyrir „95 981“ kemur	85 981
	b. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „17 000“ kemur	12 000
36.	Við 4. gr. 11 301 Orkustofnun 2 Önnur rekstrargjöld.	
	Fyrir „613 996“ kemur	563 996
37.	Við 4. gr. 11 302 Rafmagnseftirlit ríkisins.	
	a. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
	Fyrir „51 950“ kemur	41 950
	b. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „33 970“ kemur	28 970
38.	Við 4. gr. 11 371 Orkusjóður.	
	a. Við 0103 Framlag til styrkingar dreifikerfi í sveitum.	
	Fyrir „150 000“ kemur	220 000
	b. Við 0106 Lán til hitaveituframkvæmda.	
	Fyrir „350 000“ kemur	330 000
	c. Við 0107 Fjármagnsútgjöld Krófluvirkjunar.	
	Fyrir „2 080 000“ kemur	2 380 000
39.	Við 4. gr. 12 202 Styrkur vegna olíunotkunar til húsahitunar.	
	Fyrir „680 000“ kemur	910 000
40.	**Við 5. gr. 22 971 Ríkisútvarpið, hljóðvarp.**	
	a. Við 20 Laun.	
	Fyrir „561 416“ kemur	751 568
	b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
	Fyrir „482 024“ kemur	530 226
	c. Við 90 Yfirfærslur.	
	Fyrir „78 213“ kemur	92 611
	d. Við 04 Seldar vörur og þjónusta.	
	Fyrir „1 372 000“ kemur	1 624 758
41.	Við 5. gr. 22 972 Ríkisútvarpið, sjónvarp.	
	a. Við 20 Laun.	
	Fyrir „759 926“ kemur	1 017 313
	b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
	Fyrir „616 061“ kemur	677 667
	c. Við 90 Yfirfærslur.	
	Fyrir „89 775“ kemur	107 700
	d. Við 04 Seldar vörur og þjónusta.	
	Fyrir „1 687 500“ kemur	2 024 418
42.	Við 5. gr. 28 271 Tryggingastofnun ríkisins, lífeyristryggingar 90 Yfirfærslur.	
	Fyrir „24 678 000“ kemur	24 578 000

43. Við 5. gr. 30 101 Póstur og sími. Þús. kr.

a. Við 20 Laun.
Fyrir „6 128 252“ kemur 8 235 000

b. Við 04 Seldar vörur og þjónusta.
Fyrir „12 405 771“ kemur 15 092 519

c. Við 981 Afborgun lána.
Fyrir „487 200“ kemur 687 200

d. Við 983 Fjárfestingar, almennar.
Fyrir „1 480 000“ kemur 2 385 000

e. Við 983 Fjárfestingar, jarðstöð.
Fyrir „1 364 000“ kemur 964 000

f. Við 984 Annað.
Fyrir „440 000“ kemur 800 000

g. Við 992. Liðurinn orðast svo:
Tekin lán vegna jarðstöðvar 964 000
— — vegna vörukaupa 400 000
— — vegna greiðsluhalla 485 000

h. Við 995 Ráðstöfun eigin fjár.
Fyrir „7 200“ kemur 587 200

i. Sundurliðun á 983, almennum fjárfestingum, kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Almenn fjárfesting Pósts og síma 1979 (30 101 983).

1.1 Sjálfvirkar símstöðvar:		
a. Nýjar stöðvar	18 000	
b. Stækkanir á eldri stöðvum	1 302 000	
		1 320 000
1.2 Línukerfi fyrir símnotendur:		
a. Í bæjum og kauptúnum	150 000	
b. Í sveitum	90 000	
		240 000
1.3 Landssímasambönd:		
a. Jarðsímaleiðir	80 000	
b. Fjölsímaleiðir	310 000	
c. Radíóleiðir	150 000	
		540 000
1.4 Hús:		
Póst- og símahús		225 000
1.5 Bifreiðar og vinnuvélar:		
a. Símabifreiðar	50 000	
b. Póstbifreiðar	10 000	
		60 000
	Samtals	2 385 000

Fjárfestingaráætlun 1979, sundurliðun:

1.1 Sjálfvirkar símstöðvar:	
Nýjar stöðvar:	
ARK 511 2 stk.	18 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Stækkanir á eldri stöðvum:		
	a. 05 Bilanir	29 000	
	b. Breiðholt ARF	327 000	
	c. Hafnarfjörður	47 000	
	d. Brúarland	462 000	
	e. Telexstöðin í Reykjavík	70 000	
	f. Selfoss	333 000	
	g. Eftirstöðvar frá 1978	34 000	
			1 302 000
1.2	Línukerfi fyrir símnotendur:		1 320 000
	Í bæjum og kauptúnum:		
	a. Reykjavík	70 000	
	b. Brúarlandssvæði	24 000	
	c. Reykjanes	6 000	
	d. Vesturland	5 000	
	e. Vestfirðir	5 000	
	f. Norðurland vestur	5 000	
	g. Norðurland austur	12 000	
	h. Austfirðir	10 000	
	i. Vestmannaeyjar	4 000	
	j. Suðurland	9 000	
			150 000
	Í sveitum:		
	a. Fróðárhr., Snæf.	6 000	
	b. Eyrarsveit, Snæf.	16 000	
	c. Hrunamannahr., Árn.	16 000	
	d. Hraungerðishr.-Ölfus, Árn.	8 000	
	e. Þorkelshólshreppur	16 000	
	f. Ófyrirséð	28 000	
			90 000
1.3	Landssímasambönd:		240 000
	Jarðsímaleiðir:		
	a. Ólafsvík—Grundarfjörður	24 000	
	b. Grundarfjörður—Akurtröð	12 000	
	c. Flúðir	13 000	
	d. Egilsstaðir—Eiðar	29 000	
	e. Ófyrirséð	2 000	
			80 000
	Fjölsímaleiðir:		
	a. Akureyri—Blönduós	40 000	
	b. 60G regl. og frekv. comp.f/st. kerfi	20 000	
	c. Reykjavík—Akureyri	40 000	
	d. Stykkish.—Grundarfj.—Ólafsvík fjöls. línuhlið Ólafsv.—Grundarfj.	100 000	
	e. Breiðholt—Brúarland PCM	40 000	
	f. Hafnarfjörður—Breiðholt, Breiðholt—Grensás Grensás—Reykjavík, PCM	55 000	
	g. Ófyrirséð	15 000	
			310 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Radíóleiðir:		
	a. Tvöföldun norðurleiðar	75 000	
	b. Hvolsvöllur—Háfell	23 000	
	c. Stykkishólmur—Grundarfjörður	17 000	
	d. Gaumtæki f. örbylgju	13 000	
	e. Einnar rásar leiðir	22 000	
			150 000
1.4	Hús:		540 000
	Póst- og símahús:		
	a. Brúarland	10 000	
	b. Reykjavík afgr. R-9	25 000	
	c. Reykjavík afgr. R-2, 3, 8	70 000	
	d. Reykjavík Suðurlandsbraut 28	30 000	
	e. Kópavogur, stækkun	30 000	
	f. Selfoss, stækkun	40 000	
	g. Radíóhús og ófyrirséð	20 000	
			225 000
1.5	Bifreiðar og vinnuvélar:		
	a. Símabifreiðar	50 000	
	b. Póstbifreiðar	10 000	
			60 000
		Samtals	2 385 000

44. Við 5. gr. 321 Rafmagnsveitur ríkisins.

a. Við 20 Laun.
Fyrir „820 000“ kemur 1 098 000

b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „1 170 000“ kemur 1 287 000

c. Við 04 Seldar vörur og þjónusta.
Fyrir „4 720 000“ kemur 5 357 000

d. Við 019 Aðrar tekjur, Orkusjóður.
Fyrir „1 210 000“ kemur 968 000

e. Við 981 Afborgun lána.
Fyrir „1 070 000“ kemur 1 670 000

f. Við 983 Fjárfestingar, almennar.
Fyrir „1 828 000“ kemur 2 013 000

g. Við 983 Fjárfestingar, rafvæðing í sveitum.
Fyrir „130 000“ kemur 200 000

h. Við 992 Tekin lán.
Fyrir „2 028 000“ kemur 2 253 000

i. Við 996. Liðurinn orðast svo:
Annað, Orkusjóður, sveitarafvæðing, heimtaugagjöld og styrking dreifikerfis í sveitum 490 000

j. Sundurliðun á 983, almennum fjárfestingum, kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Almennar framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins 1979 (31 321 983).

	Þús. kr.	Þús. kr.
Virkjanir:		
Gönguskarðsá		16 000
Stofnlínur:		
1. Vegamót—Ólafsvík	365 000	
2. Dalvík	5 000	
3. Krafla—Reynihlíð	60 000	
		430 000
Aðveitustöðvar:		
1. Ólafsvík	146 000	
2. Dalvík	58 000	
3. Brúarland, Þistilfirði	39 000	
4. Stuðlar, Reyðarfirði	54 000	
5. Neskaupstaður	82 000	
6. Hvolsvöllur	163 000	
		542 000
Innanbæjarkerfi	600 000	
Styrking dreifikerfa í sveitum	200 000	
Dísilstöðvar	75 000	
Vélar og tæki	75 000	
Geymsluhúsnæði	75 000	
		1 025 000
		2 013 000
Fjáröflun:		
Heimtaugagjöld	90 000	
Framlag úr Orkusjóði til styrkingar dreifikerfis í sveitum	200 000	
Lántökur samkvæmt lánsfjáráætlun	1 723 000	
		2 013 000

45. Við 5. gr. 31 371 Orkusjóður.

a. Við 27 Vextir.	
Fyrir „2 800 000“ kemur	3 024 000
b. Við 90. Liðurinn orðast svo:	
90 Yfirfærslur, til Rarik	1 368 000
— til Orkubús Vestfjarða	262 000
c. Við 981 Afborgun lána.	
Fyrir „2 399 000“ kemur	2 475 000
d. Við 982 Veitt lán.	
Fyrir „700 000“ kemur	680 000
e. Nýr liður:	
992 Tekin lán	200 000
f. Við 995 Ráðstöfun eigin fjár.	
Fyrir „2 341 000“ kemur	2 197 000

Ed. 272. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41 18. maí 1978, um Iðntæknistofnun Íslands.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt. Tveir nefndarmenn skrifa undir málið með fyrirvara.

Alþingi, 21. des. 1978.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm.
Jón Helgason, fundaskr.
Vilhjálmur Hjálmarsson.
Ágúst Einarsson.
Stefán Jónsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson, með fyrirvara.
Ragnhildur Helgadóttir, með fyrirvara.

Nd. 273. Frumvarp til laga [159. mál]

um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Nú hefur verkafólk unnið eitt ár samfellt hjá aðilum, sem fást við atvinnurekstur innan sömu starfsgreinar, og ber því þá eins mánaðar uppsagnarfrestur frá störfum, enda hafi uppsögn hjá fyrri atvinnurekendum borið að með löglegum hætti.

Verkafólki, sem ráðið hefur verið hjá sama atvinnurekanda í þrjú ár samfleytt ber tveggja mánaða uppsagnarfrestur.

Eftir fimm ára samfellda ráðningu hjá sama atvinnurekanda ber verkafólki þriggja mánaða uppsagnarfrestur.

Verkafólk telst hafa unnið innan atvinnugreinar eða verið ráðið hjá atvinnurekanda í eitt ár, ef það hefur unnið samtals a. m. k. 1550 stundir á síðustu 12 mánuðum, þar af a. m. k. 130 stundir síðasta mánuðinn fyrir uppsögn. Jafngildar unnum klukkustundum teljast í þessu sambandi fjarvistir vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla og verkbanna, allt að 8 klst. fyrir hvern fjarvistardag. Hinsvegar teljast álags- og ákvæðisgreiðslur eða aðrar þess háttar greiðslur ekki jafngildi unninna vinnustunda.

Launþega, sem rétt á til uppsagnarfrests samkvæmt þessari grein, skal skylt að tilkynna með sama fyrirvara, ef hann óskar að hætta störfum hjá atvinnurekanda sínum.

Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðamót.

2. gr.

Nú fer verkamaður fyrir tilmæli atvinnurekanda, sem hann vinnur hjá, til starfs um tíma hjá öðrum atvinnurekanda, og skal þá sá tími talinn unnar vinnustundir hjá hinum fyrrtalda atvinnurekanda, að því er réttindi þau snertir, sem um getur í 1. gr.

3. gr.

Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 130 klukkustundum á mánuði, enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn meðan slíkt ástand varir.

Nú hefur verkamaður misst atvinnu sína af ofangreindum ástæðum og honum býðst annað starf, sem hann óskar að taka, og er hann þá ekki bundinn af ákvæðum 5. málsgr. 1. gr. um uppsagnarfrest, enda tilkynni hann strax atvinnurekandanum ef hann ræður sig hjá öðrum til frambúðar.

4. gr.

Allt verkafólk sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnuna, á beinni leið til eða frá vinnu, eða vegna atvinnusjúkdóma, sem orsakast af henni, skal fá greidd laun fyrir dagvinnu í allt að 3 mánuði samkvæmt þeim taxta, sem viðkomandi tók laun eftir, enda sé unnið hjá aðila sem fæst við atvinnurekstur í viðkomandi starfsgrein.

5. gr.

Allt fastráðið verkafólk, sem ráðið hefur verið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár samfellt, skal er það forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, í einn mánuð.

Hafi slíkt starfsfólk verið ráðið hjá sama atvinnurekanda í þrjú ár samfellt skal það, auk þess sem í 1. mgr. segir halda daglaunum sínum í einn mánuð en í tvo mánuði eftir fimm ára samfellda ráðningu hjá sama atvinnurekanda.

Auk þeirra réttinda sem fastráðið verkafólk nýtur skv. 1. og 2. mgr. skal það, er forföll stafa af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi, halda dagvinnulaunum í allt að þrjá mánuði eins og í 4. gr. segir.

6. gr.

Á fyrsta starfsári hjá sama atvinnurekanda skal verkafólk eigi missa neins í af launum, í hverju sem þau eru greidd, í tvo daga fyrir hvern unninn mánuð í veikinda- og slysatilfellum, auk réttar til dagvinnulauna samkv. 4. gr.

7. gr.

Vinnuveitendur skulu greiða 1% af útborguðu kaupi verkafólks í sjúkrasjóð viðkomandi stéttarfélags, nema um hærri greiðslur hafi verið samið í kjarasamningum.

8. gr.

Nú vill launþegi neyta réttar síns samkvæmt 1. og 4. gr., og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið, er sýni, að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

9. gr.

Ákvæði laga þessara hagga ekki samningum milli samtaka atvinnurekenda og launþega um greiðslu atvinnurekanda á sjúkrapeningum til starfsmanna sinna, hvort sem þeir eru greiddir til styrktarsjóða, stéttarfélaga eða beint til þeirra sjálfra.

10. gr.

Ákvæði samnings milli atvinnurekanda og launþega, sem brjóta í bág við lög þessi, eru ógild, ef þau rýra rétt launþegans.

Haldast skulu þau réttindi, sem veitt eru með sérstökum lögum, samningum eða leiðir af venju í einstökum starfsgreinum, ef þau eru launþeganum hagstæðari en ákvæði þessara laga.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 16. 9. apríl 1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrest frá störfum og rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við þau fyrirheit, sem ríkisstjórnin gaf launþegasamtökunum um umbætur í félags- og réttindamálum samfara setningu laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu nr. 103 30. nóvember 1978.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Rétti verkafólks til eins mánaðar uppsagnarfrests er í 1. gr. breytt á þann veg, að eins árs samfellt starf innan sömu starfsgreinar nægir en samkvæmt eldri lögunum þarf launþegi að vinna í eitt ár samfellt hjá sama atvinnurekanda.

Rétturinn er hins vegar takmarkaður við störf hjá aðilum, sem fást við atvinnurekstur og nær því t. d. ekki til einstaklinga sem ráða verkafólk tímabundið til starfa svo sem við húsbyggingu o. þ. h.

Það er nýmæli að lögfesta með þessum hætti tiltekinn réttindaávinning með samfelldu starfi innan ákveðinnar starfsgreinar, þótt hliðstæð ákvæði sé víða að finna í vinnulöggjöf nálægra þjóða. Raunar eru slík ákvæði þegar komin inn í kjarasamninga a. m. k. eins starfshóps hér á landi þ. e. Sambands byggingarmanna. Þetta nýja ákvæði kemur einkum til góða því fólki, sem stundar margvíslega árstíðabundna atvinnu t. d. í fiskiðnaði, og hefur fram til þessa ekki náð að öðlast rétt til marktæks uppsagnarfrests. Hins vegar þykir eðlilegt að gera þá kröfu til launþega, sem á að öðlast rétt samkvæmt þessu ákvæði, að hann hafi staðið að uppsögn hjá fyrri vinnuveitendum sínum í samræmi við lög og samninga.

2. og 3. mgr. 1. gr. eru viðbót við gildandi lög og gera ráð fyrir lengingu uppsagnarfrests þegar verkafólk hefur starfað samfellt tiltekið árabil hjá sama atvinnurekanda. Er þetta í samræmi við það sem yfirleitt gildir í samningum annarra launþega enda munu samtök vinnuveitenda ekki telja þessa breytingu óeðlilega.

Breyting sú, sem gerð er á 4. mgr. 1. gr. er til samræmingar við styttingu vinnuvikunnar úr 48 í 40 stundir. Jafnframt er þar bætt inn nýju ákvæði til að taka af tvímæli um það, að ekki sé hægt að umreikna sérstakar uppbætur á laun til tímagjalds og láta slíkt jafngilda lengingu starfstíma við mat á rétti til upsagnarfrests.

Ákvæði 5. mgr. 1. gr. eru óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 3. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 4. gr.

Þessi grein er ný og felur í sér, að allt verkafólk skuli eiga rétt til greiðslu dagvinnulauna í allt að 3 mánuði er það forfallast frá vinnu vegna atvinnusjúkdóma, sem eiga rætur að rekja til þeirrar vinnu, sem viðkomandi stundar, svo og vegna vinnuslysa.

Samkvæmt eldri lögum átti verkafólk hinsvegar ekki rétt til nema 4 vikna launa í veikinda- og slysatilfellum að því tilskildu, að það hefði unnið í eitt ár eða lengur hjá sama atvinnurekanda. Svo takmarkaður réttur til launa í veikinda- eða slysatilfellum samrýmist auðvitað engan veginn réttarvitund fólks í dag og kröfum nýrra tíma enda hafa launþegar yfirleitt náð fram í kjarasamningum mun betri rétti en þetta. Má nefna til dæmis að verslunarfólk fær nú laun í tvo mánuði eftir eins eins árs starf hjá sama atvinnurekanda og allt upp í 6 mánuði eftir 10 ára starf.

Þetta nýja ákvæði tryggir öllu verkafólki 3 mánaða dagvinnulaun, hvort sem það er lausráðið eða fastráðið og án tillits til starfstíma innan starfsgreinar eða hjá sama atvinnurekanda. Það skilyrði eitt er sett að vinnuveitandinn sé aðili, sem fæst við atvinnurekstur, og eðlilegt er því að ætlast til að tryggi sig fyrir slíkri áhættu sem þessari.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um rétt verkafólks sem hefur verið ráðið í eitt ár eða lengur samfellt hjá sama atvinnurekanda. Skal það nú, er það forfallast frá vinnu vegna veikinda eða slysa, njóta launa samkvæmt staðgengisreglu í einn mánuð, eins og verið hefur, en halda síðan dagvinnulaunum í einn mánuð til viðbótar eftir þriggja ára starfstíma og í tvo mánuði eftir 5 ára samfellda ráðningu. Allar þessar greiðslur skal atvinnurekandi inna af hendi þótt veikindi séu óviðkomandi þeirri vinnu, sem launþeginn stundar, og þótt slys sé ekki í tengslum við vinnuna, svo fremi að ekki sé til að dreifa ásetningi eða gáleysi launþegans sjálfs.

Samkvæmt 3. mgr. skal fastráðið verkafólk auk þessa njóta greislna skv. 4. gr. þ. e. dagvinnu í allt að 3 mánuði ef um vinnuslys eða atvinnusjúkdóm var að tefla.

Þessi nýju ákvæði leiða til mjög verulegrar lengingar launagreiðslna í veikinda- eða slysatilfellum og væru þau því mikil réttindabót fyrir flest allt verkafólk. Hinsvegar ætti tilkostnaður vegna þeirra fyrir atvinnureksturinn í landinu ekki að verða mjög tilfinnanlegur því öll sú viðbót við núverandi réttindi sem í ákvæðunum felst, er þess eðlis að hægt er að tryggja sig fyrir hinni auknu áhættu.

Um 6. gr.

Ákvæði tilsvarandi því sem er í þessari grein er nú að finna í flestum eða öllum kjarasamningum aðildarfélaga A.S.Í. Sú breyting er hér þó gerð að óskert laun greiðast í tvo daga í stað eins fyrir hvern unninn mánuð.

Um 7. gr.

Ákvæði um framlög vinnuveitenda í sjúkrasjóði verkafólks eru nú í samningum flestra launþegasamtaka. Er hlutfall þessarar greiðslu víða hærra en það 1% sem hér er gert ráð fyrir að verði lágmark. Þessi greiðsla er þó nýmæli fyrir verslunarfólk sem ekki hefur áður átt aðgang að sjúkrasjóði.

Aðrar greinar frumvarps þessa eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Nd. 274. Frumvarp til laga [160. mál]

um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Tilgangur forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum er að veita aðstoð við nauðsynleg bús- og heimilisstörf þegar veikindi, slys eða önnur forföll ber að höndum.

Búnaðarsamböndunum er heimilt að setja á stofn forfalla- og afleysingaþjónustu eftir lögum þessum, hvert á sínu svæði.

2. gr.

Yfirstjórn forfalla- og afleysingaþjónustu skal vera hjá Búnaðarfélagi Íslands í umboði landbúnaðarráðuneytisins. Dagleg umsjón og skipulag starfsins innan hvers svæðis verði undir stjórn viðkomandi búnaðarsambands. Kostnaður búnaðarsambandanna við stjórnun og skipulagningu forfalla- og afleysingaþjónustunnar greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi sem Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Landbúnaðarráðuneytið ákveður tölu afleysingarmanna í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Heimilt er að ráða tvo starfsmenn fyrir hver 150 heimili, eða fleiri menn í hluta úr starfi. Ennfremur er heimilt að lausráða viðbótarstarfskraft sé þess þörf í einhverjum tilfellum.

Heimilt er búnaðarsamböndum að ráða afleysingamenn að hluta fyrir færri heimili, ef sérstök landfræðileg skilyrði gera það hagkvæmt, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands þá ráðstöfun. Allir bændur eða þeir sem veita búum forstöðu, og makar þeirra, eiga rétt á aðstoð í veikinda- og slysatilfellum, enda hafi þeir meirihluta tekna sinna af landbúnaði, og séu aðilar að Lífeyrissjóði bænda. Þeir bændur sem hafa meirihluta tekna sinna af öðru en landbúnaði eiga rétt á aðstoð í hlutfalli við tekjur þeirra af landbúnaði.

3. gr.

Ríkissjóður leggi fram fé til að greiða föst mánaðarlaun 60 afleysingamanna skv. lögum þessum.

Skulu ákvæði þessi um framlag ríkissjóðs koma til framkvæmda á árunum 1979-1981.

Afleysingamenn skulu hafa rétt til aðildar að Lífeyrissjóði bænda. Skulu þeir taka laun eftir sama launaflokki og frjótæknar. Föst mánaðarlaun miðist við 40 stunda vinnuviku. Afleysingamenn skulu hafa endurgjaldslaust fæði og húsnæði hjá viðkomandi búi á starfstíma sínum. Einnig greiðir það ferðakostnað og yfirvinnu sem samið er um. Hámarkstími sem bóndi getur haft afleysingamann með þeim kjörum, er 24 dagar á ári. Sama gildir um maka hans.

Heimilt er þó að framlengja dvöl afleysingamanns um lengri tíma, ef hans er ekki þörf annars staðar, en þá greiðir viðkomandi bóndi laun afleysingamannsins. Þó skal ávallt leggja áherslu á aðstoð í bráðum veikinda- og slysatilfellum, svo að svigrúm gefist til að gera aðrar ráðstafanir.

4. gr.

Veikist bóndi eða maki hans og óskað er aðstoðar, skal tilkynna það formanni viðkomandi búnaðarfélags, sem síðan tilkynnir það búnaðarsambandi. Skal þá liggja fyrir læknisvottorð um að viðkomandi sé óvinnufær.

5. gr.

Afleysingamenn skulu hafa alhliða starfsreynslu við bústörf. Koma skal á námskeiðum við bændaskólana, sem þjálfi fólk til afleysingastarfa.

6. gr.

Nú er ekki þörf fyrir mann, sem ráðinn er í afleysingastörf, til starfa í veikinda- eða slysatilfellum, skal þá yfirstjórn afleysingaþjónustunnar leitast við að ráða manninn til þeirra, sem þurfa að fara frá búi af öðrum orsökum, svo sem við töku orlofs. Skal þá bóndi greiða starfið að fullu. Fé, sem fæst greitt fyrir slík störf, má nota til að greiða fyrir forfallaþjónustu annars staðar á sama ári, ef fastir starfsmenn geta ekki sinnt öllum beiðnum, þegar þær berast. Að öðrum kosti komi fé þetta til frádráttar á heildarkostnaði við starfið.

7. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga.

Þar skal nánar skilgreint hverjir hafa rétt til aðstoðar samkvæmt lögum þessum og um réttindi og skyldur aðstoðarfólks og því sett erindisbréf.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 3. gr. laga nr. 103/1978 um tímabundar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu eru ákvæði um að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir lagasetningu til ýmissa félagslegra umbóta.

Í athugasemdum með frumvarpinu er í 7. lið tekið fram, að hraðað verði aðgerðum og undirbúningi löggjafar um ýmsar félagslegar umbætur, m. a. forfallaþjónustu í landbúnaði.

Með tilvísun til þessara ákvæða er frumvarp þetta lagt fram.

Forsaga málsins er að öðru leyti þessi:

Á Búnaðarþingi árið 1976 var lagt fram erindi frá Agnari Guðnasyni og Sigurði J. Líndal um forfallaþjónustu í landbúnaði. Búnaðarþing afgreiddi erindið með eftirfarandi ályktun:

„Búnaðarþing samþykkir að kjósa þriggja manna milliþinganefnd til að semja frumvarp til laga um vinnuaðstoð í sveitum og skili hún áliti fyrir Búnaðarþing 1977."

Þessir menn voru kjörnir í milliþinganefndina:

Sigmundur Sigurðsson, bóndi Syðra-Langholti, Sigurður J. Líndal, bóndi Lækjarmóti og Agnar Guðnason, blaðafulltrúi.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda 1976 var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda haldinn að Bifröst 29. og 30. ágúst, 1976 samþykkir að fela stjórn Stéttarsambandsins, að beita sér fyrir því við landbúnaðarráðherra, að hann láti undirbúa og setja löggjöf um forfallaþjónustu og afleysingar vegna orlofs bænda og húsfreyja."

Stjórn Stéttarsambands bænda ákvað í október sama ár að tilnefna tvo menn til samstarfs við milliþinganefnd Búnaðarþings. Tilnefndir voru:

Böðvar Pálsson, bóndi, Búrfelli og Jón Kr. Magnússon, bóndi, Melaleiti.

Þannig skipuð samdi nefndin frumvarp til laga um vinnuaðstoð í sveitum í veikinda- og slysatilfellum. Frumvarpið var lagt fyrir Búnaðarþing 1977 ásamt greinargerð og samþykkt þar.

Á Búnaðarþingi 1978 var frumvarpið tekið til endurskoðunar og breytt lítillega, en síðan sent landbúnaðarráðherra.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda 1978 var eftirfarandi samþykkt gerð:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1978 skorar á Alþingi og ríkisstjórnina að setja löggjöf um afleysingaþjónustu fyrir bændur og húsfreyjur í sveitum."

Ennfremur er þess að geta að árið 1973 fól þáverandi landbúnaðarráðherra, Halldór E. Sigurðsson, þeim Gunnari Guðbjartssyni, formanni Stéttarsambands bænda, og Jónasi Jónssyni, ritstjóra, að semja frumvarp til laga um orlof bænda. Þeir sömdu frumvarp um þetta efni, sem var að verulegu leyti byggt á norskri

fyrirmynd. Stéttarsamband bænda sendi frumvarpið til umsagnar allra búnaðarsambanda í apríl 1973, með ósk um að málið yrði kynnt á kjörmanafundum það ár. Var óskað umsagnar um málið. Þarna var um það að ræða hvort orlof yrði áfram inn í verðlagsgrundvellinum eða tekið út úr honum og stofnaður orlofssjóður til að standa undir kostnaði við afleysingamenn vegna orlofs bænda og húsfreyja.

Frumvarpið fékk misjafnar undirtektir og mætti nokkurri andstöðu hjá sumum bændum.

Samkvæmt framanrituðu hefur annarsvegar verið unnið að frumvarpi til laga um **forfallaþjónustu vegna slysa, veikinda eða annarra forfalla,** og hinsvegar frumvarpi til laga **um afleysingarþjónustu vegna orlofs.**

Árið 1978 skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra, Halldór E. Sigurðsson, með bréfi dags. 5. júní, þriggja manna nefnd til þess að gera athugun á því hvernig komið verði við afleysingaþjónustu við landbúnaðarstörf. Norðmenn hafa komið á slíkri fyrirgreiðslu við bændur og hefur hún gefið góða raun. Nefndinni var falið að kynna sér lög og reglur Norðmanna um þessi mál, framkvæmd þeirra og athuga möguleika á að koma á hliðstæðu kerfi hér á landi.

Í nefndina voru skipaðir þeir Hjörtur E. Þórarinsson, bóndi að Tjörn, Ólafur Andrésson, bóndi Sogni og Leifur Kr. Jóhannesson, héraðsráðunautur, Stykkishólmi, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur kynnt sér það sem unnið hefur verið að í þessum málum og jafnframt hvernig þessum málum er fyrir komið í Noregi og Svíþjóð.

Ekki er óeðlliegt að bændur og húsfreyjur njóti sama réttar og launþegar í landinu þegar um veikindi eða slys er að ræða, þannig að tekjur þeirra skerðist ekki vegna tímabundinna forfalla. Eins og er, er ekki gert ráð fyrir þessum þætti í verðlagsgrundvelli.

Einnig er mjög mikilvægt fyrir þjóðfélagið, ekki síður en einstaklinginn að bændur geti fengið afleysingamann í veikindatilfellum. Afleiðingarnar geta, vegna smithættu, á margan hátt orðið alvarlegar, ef slíkt er ekki tryggt.

Þau réttindi sem launþegar njóta vegna veikinda og slysa samkvæmt kjarasamningum eru nokkuð mismunandi. Minnstan rétt hafa lausráðnir verkamenn, full laun í tvo veikindadaga fyrir hvern starfsmánuð hjá sama atvinnurekanda. Fastráðnir opinberir starfsmenn hafa full laun allt frá 90 til 360 daga á 12 mánuðum eftir starfsaldri.

Hér er lagt til að sett verði löggjöf um forfalla- og afleysingaþjónustu vegna veikinda og slysa í landbúnaði. Með því yrði tryggt visst öryggi fyrir bændur þegar veikindi eða slys ber að höndum sem teljast verður réttlætismál.

Hins vegar þarf að huga betur að afleysingaþjónustu vegna orlofs áður en sett verður löggjöf um það efni. Kemur þar til að nú er orlof 8.33% reiknað á launalið í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða en ef farið væri að greiða orlof beint til bænda myndi orlof við það falla út úr grundvellinum. Þó er engan veginn víst, að besta fyrirkomulagið sé það sem nú gildir.

Verði fyrirkomulagi orlofs breytt, er eðlilegast að um það verði fjallað í beinum samningum við ríkisvaldið. Sú forfallaþjónusta sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir mun veita nokkra reynslu um hliðstæða starfsemi, ef samþykkt verður.

Til greina kemur að tengja þessi tvö mál saman, ef reynslan benti til að það sé hagkvæmt. Hefur landbúnaðarráðherra falið nefndinni að vinna áfram að athugun þess.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að eingöngu sé um heimild að ræða fyrir búnaðarsamböndin að setja á stofn vinnuaðstoð. Eðlilegt verður að teljast, að aðalfundir búnaðarsambandanna taki ákvörðun um, hvort og hvenær stofna skal til vinnuaðstoðar.

Gert er ráð fyrir að lög þessi komi til framkvæmda í áföngum á næstu 3—4 árum. Ræðst það að miklu leyti af því hvernig gengur að fá hæfa starfskrafta.

Um 2. gr.

Lagt er til að Búnaðarfélag Íslands hafi yfirstjórn aðstoðarþjónustunnar í umboði landbúnaðarráðuneytisins. Þangað verði framvísað reikningum vegna starfseminnar og bókhald fyrir aðstoðarþjónustu búnaðarsambandanna. Öll heildarskýrslugerð um starfsemina verði á vegum Búnaðarfélags Íslands.

Einnig að Búnaðarfélag Íslands annist vinnumiðlun fyrir aðstoðarfólk. Gæti starfsemi þessi fallið vel að starfi ráðningastofu landbúnaðarins.

Gert er ráð fyrir, að ráðnir verði 2 menn til afleysinga fyrir hver 150 heimili. Miðað við fjölda bænda í landinu, þá mun vera þörf fyrir 50—60 afleysingamenn, ef öll búnaðarsambönd ákveða að koma á stofn forfalla- og afleysingaþjónustu. Eðlilegt getur verið í ýmsum tilvikum að skipta búnaðarsambandssvæði í fleiri þjónustusvæði, og eins getur verið hentugt, að einn afleysingamaður þjóni að hluta til tveim sambandssvæðum.

Heimilt verður að skipta fullu starfi milli fleiri manna, t. d. gætu bændur eða annað fólk í sveitunum tekið að sér störf aðstoðarmanna að hluta, þannig að tveir eða fleiri gætu skipt með sér fullu starfi. Ef þörf krefur, má lausráða fólk til aðstoðarstarfa. Taka skal fram, að kvenfólk og karlmenn hafa jafnan rétt til starfsins og ennfremur, að þeim skuli ætluð sömu laun.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að afleysingamenn hafi rétt til aðildar að Lífeyrissjóði bænda, og hafi hliðstæð laun og frjótæknar

Lagt er til að ríkissjóður leggi fram fé til að greiða föst mánaðarlaun starfsmanna forfalla- og afleysingaþjónustunnar í dagvinnu, en bændur greiði annan kostnað s. s. eftirvinnu og ferðakostnað. Jafnframt fái afleisingamenn frítt fæði og húsnæði hjá viðkomandi búi á starfstímanum.

Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld nemi kr. 3.1 millj. á ári fyrir hvern mann á núgildandi verðlagi. Þá er gert ráð fyrir að kostnaður við yfirstjórn starfseminnar verði á bilinu 2.5—5 millj. króna á ári.

Heildarkostnaður ríkissjóðs, þegar starfsemin væri komin í fullan gang, yrði því 160—190 millj. króna á ári miðað við núgildandi verðlag.

Um 4. gr.

Krafist er að þeir sem óska eftir þjónustu afleysingarmanns, leggi fram læknisvottorð, þar sem kemur fram, að viðkomandi sé talinn óvinnufær.

Eðlilegast virðist að veikindi séu tilkynnt formanni viðkomandi búnaðarfélags sem sé tengiliður fyrir bændur í sinni sveit við stjórn starfseminnar, sem er hjá búnaðarsambandi.

Um 5. gr.

Nauðsynlegt er að þeir, sem ráðnir eru til afleysingastarfa, hafi verulega starfsreynslu í almennum bústörfum, sérstaklega hirðingu búfjár. Nauðsynlegt er því að starfsmönnum forfalla- og afleysingaþjónustunnar gefist tækifæri til að sækja sérstök námskeið við bændaskólana, er fyrst og fremst miðist við að kenna meðferð allra algengustu tegunda mjaltavéla og fóðrun og hirðingu búfjár.

Gera þarf bændaskólunum fjárhagslega kleyft að veita þessa þjónustu.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir að yfirstjórn afleysingaþjónustunnar sjái um að nýta sem best þá starfskrafta sem ráðnir eru til afleysingastarfa. Ef ekki er þörf fyrir afleysingamann til starfa í veikinda- og slysatilfellum skal leitast við að ráða hann til starfa hjá bændum sem fara þurfa frá búi af öðrum orsökum, svo sem við töku orlofs. Er þá gert ráð fyrir að viðkomandi bóndi greiði allan kostnað af starfinu.

Hér gæti fengist mikilvæg reynsla varðandi framtíðarskipan orlofsmála bændastéttarinnar. Æskilegt verður að telja að stjórnun þessara mála verði í framtíðinni á einni hendi, enda þótt greiðsla kostnaðar vegna afleysingaþjónustu við töku orlofs verði með öðrum hætti.

Um 7. gr.

Nauðsynlegt mun verða að setja reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd forfalla- og afleysingaþjónustunnar. M. a. þarf að kveða nánar á um hverjir hafi rétt til aðstoðar samkvæmt 3. mgr. 2. gr. Benda má á að margir bændur eru ókvæntir en búa með ráðskonu. Víða reka systkini bú saman, og er þá staða systurinnar í mörgum tilfellum óljós. Margir bændur hafa verulegar tekjur utan bús, s. s. af félagsstörfum í þágu stéttar sinnar og sveitar, án þess að þeir öðlist nokkurn rétt til aðstoðar í veikinda- og slysatilfellum sem launþegar.

Um framantalin atriði og mörg fleiri er nauðsynlegt að setja nánari ákvæði í reglugerð. Ennfremur um réttindi og skyldur aðstoðarmanna.

Sþ. 275. Nefndarálit [142. mál]

um till. til þál. um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna á þingskjali 197 og leggur til að hún verði samþykkt.

Fjarstaddir afgreiðsluna voru Árni Gunnarsson og Vilmundur Gylfason.

Alþingi, 21. des. 1978.

Einar Ágústsson, form., frsm. Gils Guðmundsson. Friðjón Þórðarson.

Svava Jakobsdóttir. Ragnhildur Helgadóttir.

Sþ. 276. Nefndarálit [1. mál]

um till. til þál. um rannsókn landgrunns Íslands.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna á þingskjali 1 og leggur til að hún verði samþykkt.

Fjarstaddir afgreiðsluna voru Árni Gunnarsson og Vilmundur Gylfason.

Alþingi, 21. des. 1978.

Einar Ágústsson, form., frsm. Gils Guðmundsson. Friðjón Þórðarson.

Svava Jakobsdóttir. Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. 277. Lög [131. mál]

um breytingu á lögum nr. 8 frá 27. febr. 1976, um flugvallagjald.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.)

Samhljóða þskj. 206.

Nd. 278. Breytingartillaga [146. mál]

við frv. til laga um ábyrgðarheimildir og heimild til lántöku vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar 1978.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Á eftir 3. gr. komi ný grein, sem orðist svo:

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs eða Póst- og símamálastofnunarinnar er heimilt að taka lán til byggingar jarðstöðvar og sjálfvirkrar millilandasímstöðvar er nemi allt að 1550 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Sþ. 279. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1979.

Frá Árna Gunnarssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Eiði Guðnasyni, Braga Níelssyni, Ágúst Einarssyni, Ólafi Björnssyni, Finni Torfa Stefánssyni, Vilmundi Gylfasyni og Gunnlaugi Stefánssyni.

		Þús. kr.
1.	Við 4. gr.	
a.	Við 04 287 Stofnlánadeild landbúnaðarins 93 Til fyrirtækja og atvinnuvega.	
	Fyrir „643 500“ kemur	500 000
b.	Við 04 288 Jarðræktarframlög 93 Til fyrirtækja og atvinnuvega.	
	Fyrir „990 000“ kemur	690 000
c.	Við 04 289 Til framræslu 93 Til fyrirtækja og atvinnuvega.	
	Fyrir „260 000“ kemur	160 000
d.	Við 04 290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 93 Til fyrirtækja og atvinnuvega.	
	Fyrir „5 337 000“ kemur	4 337 000
e.	Nýr liður:	
	292 Sérstakar tímabundnar aðgerðir á sviði landbúnaðarmála skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.	
	90 Yfirfærslur:	
	93 Til fyrirtækja, einstaklinga og samtaka	543 500
	Gjöld samtals	543 500
	Viðfangsefni:	
	0101 Til eflingar aukinni framleiðni í landbúnaði	100 000
	0102 Til eflingar ábatasamra hliðarbúgreina í landbúnaði, svo sem veiðibúskapar, æðarræktar, fiskeldis o. fl.	200 000
	0103 Til greiðslu á aðkeyptu vinnuafli vegna orlofs bænda skv. reglum, sem ráðherra setur	243 500
	Gjöld samtals	543 500

f. Við 11 299 Iðja og iðnaður, framlög 93 Til fyrirtækja og atvinnuvega.

	Þús. kr.
Fyrir „118 400“ kemur	618 400
Nýr liður:	
0117 Til að bæta samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar skv. nánari ákvörðun iðnaðarráðherra	500 000

2. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Skattvísitala árið 1979 skal vera 151 stig miðað við 100 stig árið 1978.

Sþ. 280. Þingsályktun [152. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 21. des.)

Samhljóða þskj. 241.

Ed. 281. Lög [136. mál]

um breytingu á lögum nr. 41, 18. maí 1978, um Iðntæknistofnun Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.)

Samhljóða þskj. 169.

Ed. 282. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni skila séráliti. Meiri hl. n. leggur til að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 21. des. 1978.

Jón Helgason, form., frsm.
Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr.
Ágúst Einarsson.
Karl Steinar Guðnason.

Ed. 283. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um nýbyggingagjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni skila séráliti. Meiri hl. n. leggur til að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 21. des. 1978.

Jón Helgason, form., frsm.
Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr.
Ágúst Einarsson.
Karl Steinar Guðnason.

Ed. 284. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, l. nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla l. nr. 10 22. mars 1974, II. kafla l. nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla l. nr. 20 5. maí 1976, l. nr. 32 12. maí 1977, l. nr. 63 28. des. 1977 og III. kafla l. nr. 3 17. febr. 1978, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.
Meiri hl. n. mælir með samþykkt frumvarpsins, en minni hlutinn leggur til að frv. verði fellt.

Alþingi, 21. des. 1978.

Jón Helgason, form., frsm.
Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr.
Ágúst Einarsson.
Karl Steinar Guðnason.

Nd. 285. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 70 31. des. 1977, sbr. lög nr. 9 12. apríl 1977 og lög nr. 95 31. des. 1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 21. des. 1978.

Einar Ágústsson, form., frsm.
Jóhanna Sigurðardóttir.
Garðar Sigurðsson.
Skúli Alexandersson.
Matthías Bjarnason, með fyrirvara.
Jósef H. Þorgeirsson, með fyrirvara.
Vilmundur Gylfason.

Ed. 286. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til laga um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv.

Meiri hlutinn, fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til að frv. verði samþykkt, en minni hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, leggur til að frv. verði fellt.

Frv. þetta er einn liður í hinni óstjórnlegu skattheimtustefnu núverandi stjórnarflokka. En þessi skattaáþjánarstefna þeirra er fyrir löngu komin langt fram yfir þau mörk, sem eðlileg og sanngjörn skattheimta í lýðfrjálsu landi á að byggjast á. Ef svo heldur áfram sem nú horfir í skattaálögum núverandi ríkisstjórnar, verður ekki um eðlilega skattheimtu að ræða heldur almenna eignaupptöku.

Alþingi, 21. des. 1978.

Jón G. Sólnes, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 287. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til laga um nýbyggingagjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt.

Minni hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, leggur til að frv. verði fellt. Í þessu sambandi viljum við benda á, að almennt óttast menn að atvinna við byggingarframkvæmdir í landinu muni fara mjög minnkandi á næstunni. Veldur slíku almennur fjárskortur og sívaxandi rekstrarerfiðleikar atvinnuveganna. Með slíkar aðstæður fyrir sjónum nær það engri átt, að af hálfu hins opinbera sé verið að stofna til nýrrar áður óþekktrar skattheimtu, sem vitað er að hefur þær einar afleiðingar að skerða stórlega atvinnumöguleika almennings.

Alþingi, 21. des. 1978.

Jón G. Sólnes, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 288. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. l. nr. 7 23. mars 1972, l. nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla l. nr. 10 22. mars 1974, II. kafla l. nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla l. nr. 20 5. maí 1976, l. nr. 32 12. maí 1977, l. nr. 63 28. des. 1977 og III. kafla l. nr. 3 17. febr. 1978, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta um stórfelldar nýjar álögur mun hafa lamandi áhrif á framkvæmdir einstaklinga og fyrirtækja, ef samþykkt verður. Það er því liður í stjórnarstefnu, sem miðar að samdrætti og atvinnuleysi á tímum hagstæðra viðskiptakjara

þjóðarinnar. Þessi stefna er réttlætt með því, að nauðsynlegt sé að veita verðbólgu „viðnám“, en er svo tvíátta og fálmkennd, að verðbólgan mun æða áfram samhliða minnkandi framkvæmdum, atvinnuleysi og versnandi lífskjörum.

Forsvarsmenn atvinnuveganna hafa harðlega mótmælt þessari stefnu og varað við afleiðingum hennar, en ríkisstjórnarflokkarnir skella skollaeyrum við öllum aðvörunum og lýsa því yfir, að frv. verði rekið í gegnum þingið óbreytt með atkvæðastyrk ríkisstjórnarinnar.

Síðasta viðvörunin, sem barst nefndinni nú, breytti engu um afstöðu meiri hlutans, en það er frá samtökum fiskvinnslustöðvanna og hljóðar svo:

„Reykjavík, 21. 12. 1978.

Samband fiskvinnslustöðvanna vill hér með leyfa sér að vekja athygli yðar á þeirri erfiðu rekstrarstöðu sem fiskvinnslufyrirtæki búa við um þessar mundir.

Samkvæmt athugun sem Samband fiskvinnslustöðvanna hefur gert, mun tap fiskvinnslunnar í október s.l. ekki hafa numið 0.8% af tekjum, eins og opinber gögn greina, heldur milli 3 og 4%. Veldur hér mestu, að mati sambandsins, hversu fjármagnskostnaður hefur verið vanmetin. Með launahækkunum þeim, er urðu 1. des. s.l. jókst þetta tap upp í 5—6% af tekjum. Ef að líkum lætur mun fiskverð hækka verulega í janúar n.k., en útgjöld vegna hráefniskaupa eru um helmingur allra útgjalda greinarinnar og skiptir því miklu hvernig að fiskverðsákvörðun er staðið. Sú mikla verðhækkun sjávarafurða, sem nú hefur orðið í Bandaríkjunum, mun því vart ná að halda í horfinu eða m. ö. o., að tap fiskvinnslunnar mun áfram verða milli 5 og 6% þrátt fyrir áætlaða aukningu tekna frystingarinnar um rúm 4%. Vandi saltfisks- og skreiðarframleiðenda yrði mun meiri.

Langvarandi taprekstur fiskvinnslufyrirtækja hefur leitt til sífellt versnandi lausafjárstöðu þeirra og því er afar mikilvægt að allar ákvarðanir, er snerta hag fiskvinnslunnar, verði til að bæta hag greinarinnar en ekki öfugt.

Rétt er að taka fram, að stjórnvöld hafa nú orðið að hluta við kröfum Sambands fiskvinnslustöðvanna um niðurfellingu aðflutningsgjalda af rekstrarvörum til fiskvinnslunnar. Hins vegar hafa sömu stjórnvöld lagt fyrir Alþingi frumvörp til laga þar sem gert er ráð fyrir að skattar á atvinnufyrirtæki verði stórlega auknir, sérstaklega á framleiðslufyrirtæki.

Fyrri mgr. fjallar um rannsóknir, sem starfsmenn í menntamálaráðuneytinu og við grunnskólana hyggjast framkvæma. Er leitast við að setja sem gleggstar reglur, sem bæði geri mikilvægar rannsóknir framkvæmanlegar og séu í samræmi við hagsmuni nemenda og annarra af því, að ekki séu kannaðir hagir þeirra án brýnnar ástæðu. — Í 2. mgr. er rætt um rannsóknir annarra aðila. Er lagt til, að þeir þurfi að uppfylla strangari skilyrði en skólamenn. Varða skilyrðin bæði efni rannsókna og rannsóknarmenn. Sérstök ástæða hefur þótt vera til að taka fram, að rannsóknir á viðhorfum og einkalífi skuli ekki leyfa nema sérstaklega standi á. Hið sama er um rannsóknir á tilteknum atburðum, sem nemendur hafa orðið vitni að. Fræðimenn, sem kunna að vilja gera slíkar kannanir, hafa sjaldnast til slíks miklar ástæður, og rannsóknirnar geta, einkum ef þær varða umtöluð atriði, haft óæskileg áhrif á unga nemendur.

Sþ. 323. Fyrirspurn [167. mál]

til samgönguráðherra varðandi neyðarþjónustu Landssímans.

Frá Alexander Stefánssyni.

Hvaða ráðstafanir verða gerðar til að tryggja neyðarþjónustu í símamálum á þeim landssvæðum, sem ekki hafa sjálfvirkan síma, og koma þar með í veg fyrir neyðarástand sem víða er nú í þessum málum, sérstaklega eftir samdráttarráðstafanir Póst- og símamálastjórnar á s. l. hausti?

Nd. **324. Frumvarp til laga** [168. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Friðrik Sophusson, Albert Guðmundsson, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna verði: **Almennt um útvarpsrekstur,** og 1. gr. laganna orðist svo:

Útvarpsstöð merkir í lögum þessum fyrirtæki eða stofnun sem annast útsendingu til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt.

Heimilt er menntamálaráðherra að veita sveitarfélögum, menntastofnunum og einstaklingum leyfi til útvarpsrekstrar. Hver sá, sem vill reka útvarpsstöð, skal sækja um leyfi til ráðherra, er leitar umsagnar útvarpsráðs og póst- og símamálastjórnarinnar um allar slíkar umsóknir.

Leyfisveitingar til útvarpsrekstrar fyrrgreindra aðila eru háðar þeim skilyrðum, að hjá útvarpsstöð starfi dagskrárstjóri, er hafi reynslu í dagskrárgerð fyrir fjölmiðla, og enn fremur tæknistjóri, er hafi meistararéttindi í útvarpsvirkjun eða loftskeytamannspróf.

Rekstrarleyfi skal veitt til þriggja ára í senn og endurnýjast sjálfkrafa ef það er ekki afturkallað 6 mánuðum áður en gildistími rennur út.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Útvarpsstöð er heimilt að reisa sendistöð og endurvarpsstöðvar, flytja inn, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki, sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarp, enda fullnægi tækin reglum, sem póst- og símamálastjórnin setur um öldutíðni, útgeislun o. fl., svo sem ákveðið er samkv. alþjóðasamþykktum og reglugerðum varðandi fjarskipti, sem Ísland er aðili að.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenska tungu. Þær skulu m. a. flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda og trúarbragða, efla alþýðumenntun og veita fræðslu í einstökum greinum, þ. á m. umferðar- og slysavarnarmálum. Þær skulu kappkosta að halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem almenning varða, á þann hátt, að menn geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum um þau. Þær skulu halda uppi fréttaþjónustu og veita fréttaskýringar. Þær skulu flytja fjölbreytt efni við hæfi fólks á öllum aldri. Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs svo og við þarfir og óskir minni hluta sem meiri hluta. Veita skal alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og almenningi má að gagni koma. Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þær skulu virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum og einstaklingum.

4. gr.

4. gr. laganna verði fyrsta grein í nýjum kafla með fyrirsögninni: **Útvarpsráð,** og orðist svo:

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

Útvarpsráð skal vera Alþingi og ríkisstjórn ráðgefandi um allt það er að útvarpsmálum í landinu lýtur. Skal ráðið bera fram tillögur um þær framkvæmdir og umbætur sem það telur nauðsynlegar hverju sinni. Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Útvarpsráð skal vera umsagnaraðili gagnvart menntamálaráðherra um veitingu leyfis til útvarpsrekstrar og annast eftirlit með því, að útvarpsstöðvar fylgi lagaákvæðum um markmið með útvarpsrekstri, sem upp eru talin í 3. gr. I. kafla þessara laga. Getur ráðið mælt með því við menntamálaráðherra, að rekstraraðili útvarpsstöðvar verði sviptur leyfi, ef sýnt er að brotin hafa verið ákvæði laga og reglugerðar um útvarpsrekstur.

Útvarpsráð tekur ákvarðanir um, hversu útvarpsefni í Ríkisútvarpinu skuli hagað í höfuðdráttum, og leggur fullnaðarsamþykkt á dagskrá þess, áður en hún kemur til framkvæmda. Ákvarðanir útvarpsráðs um dagskrárefni Ríkisútvarpsins eru endanlegar.

6. gr.

6. gr. laganna verði fyrsta grein í nýjum kafla með fyrirsögninni: **Ríkisútvarp,** og orðist svo:

Ríkisútvarp skal starfrækt og vera sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins, og reisir það sendistöðvar og endurvarpsstöðvar eftir þörfum.

7. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra, sem annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár og gætir þess, að settum reglum um hana sé fylgt.

Útvarpsstjóri gefur út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þ. á m. auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs.

Undir yfirstjórn útvarpsstjóra starfar Ríkisútvarpið í þremur deildum: fjármáladeild, sem fjallar um sameiginleg mál stofnunarinnar, hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild. Framkvæmdastjóri er fyrir hverri deild.

Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins skipa útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar og formaður útvarpsráðs. Útvarpsstjóri er formaður stjórnarinnar. Skal framkvæmdastjórn vinna að samræmingu í starfi deilda og gera tillögur um önnur mál, sem fyrir hana verða lögð.

Starfsmenn Ríkisútvarpsins, aðrir en framkvæmdastjórar, skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs, ef um starfsfólk dagskrár er að ræða. Framkvæmdastjórar skulu skipaðir af menntamálaráðherra, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

8. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna, sem verður IV. kafli, verði: **Dreifing og réttindi Ríkisútvarpsins,** og 8. gr. laganna breytist á þessa leið:

Á eftir orðinu „Ríkisútvarpið" í 1. mgr. bætist: og aðrar útvarpsstöðvar.

Aftan við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Heimilt er Ríkisútvarpinu og Landssíma Íslands að leigja öðrum útvarpsstöðvum afnot af sendistöðvum og endurvarpsstöðvum eftir því sem tækjabúnaður og aðstæður leyfa.

9. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný mgr., er hljóðar svo:

Skerðingarákvæði þessarar lagagreinar ná þó ekki til útvarpsstöðva, sem starfræktar eru samkvæmt sérstöku leyfi ráðherra.

10. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna, sem verður V. kafli, verði: **Fjármál Ríkisútvarpsins og annarra útvarpsstöðva,** og við 13. gr. laganna bætist svo hljóðandi mgr.:

Með sama hætti og að framan greinir skal öðrum útvarpsstöðvum heimilað að afla tekna með auglýsingum eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis eða annars efnis, sem viðskiptavinir viðkomandi stöðvar kynnu að vilja koma á framfæri við almenning. Útvarpsstöðvar lúta að öllu leyti lögum um tekjuskatt og eignarskatt í samræmi við ákvæði gildandi laga fyrir þau rekstrarform sem stöðvarnar kunna að vera reknar undir.

11. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna, sem verður VI. kafli, verði: **Ábyrgð á flutningi efnis í útvarpi,** og 22. gr. laganna breytist sem hér segir:

6. mgr. hljóði svo:

Útvarpsstjóri viðkomandi stöðvar ber ábyrgð á öðru efni.

7. mgr. hljóði svo:

Nú hefur tiltekinn starfsmaður Ríkisútvarpsins eða útvarpsstöðvar, sbr. 4. mgr., eða útvarpsstjóri, sbr. 6. mgr., orðið fébótaskyldur, og ber Ríkisútvarpið eða viðkomandi útvarpsstöð þá ásamt honum ábyrgð á greiðslu bóta.

12. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna hljóði svo:

Skylt er útvarpsstöðvum að veita hverjum þeim, sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu á útvarpsefni, fullnægjandi upplýsingar um, hver ábyrgð hafi borið á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 22. gr.

13. gr.

24. gr. laganna breytist sem hér segir:

1. málsl. 1. mgr. hljóði svo:

Brot gegn lögum þessum og óheimil hagnýting útvarpsefnis samkvæmt 12. gr. varða sektum.

Úr 3. málsl. 1. mgr. falli orðin „sbr. 2. gr." niður.

Aftan við 1. mgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Undanþegnar þessu ákvæði eru útvarpsstöðvar, sem hlotið hafa leyfi til starfrækslu samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 8 12. mars 1975.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fram á Alþingi í apríl 1977, en hlaut ekki afgreiðslu. Síðan var það endurflutt í upphafi 99. löggjafarþings er Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp, voru lokuð vegna verkfalls opinberra starfsmanna. Af þeim sökum bjó þjóðin við algjört þjónustuleysi á þessu mikilvæga sviði nútímafjölmiðla um nokkurn tíma. Kom það þúsundum manna mjög illa og þá einkum því fólki, sem býr í afskekktum landshlutum. Hið alvarlega ástand, sem skapaðist vegna verkfalls opinberra starfsmanna, undirstrikaði enn frekar þörfina fyrir að afnema þá einokun og rjúfa þá fjötra, sem þjóðin býr við í rekstri hljóðvarps og sjónvarps, ef hérlendis á að ríkja frjáls og óheft skoðanamyndun.

Með frumvarpi þessu er lagt til að einkaleyfi ríkisins á útsendingum til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum og öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt, verði afnumið. Jafnframt verði ráðherra heimilað að veita öðrum leyfi til útvarpsrekstrar að fullnægðum ákveðnum skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð.

Eigi þarf að fjölyrða um eðli og tilgang frumvarpsins. Stjórnarskrá Íslands felur í sér að fullt tjáningarfrelsi skuli ríkja í landinu. Hefur svo verið að því er hið prentaða mál varðar. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti, en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.

Ákvæði íslenskra laga um tjáningarfrelsi eru í samræmi við vestrænar lýðræðisvenjur. En þó hefur Ísland dregist aftur úr á einu sviði og beinlínis lagt hömlur á tjáningarfrelsið umfram það, sem þekkist í öðrum lýðræðisríkjum. Er það í sambandi við rekstur hljóðvarps- og útvarpsstöðva í eigu annarra aðila en ríkisins. Enn búa Íslendingar við tæplega hálfrar aldar fyrirkomulag í þessum efnum — fyrirkomulag sem var í sjálfu sér eðlilegt á bernskuskeiði þessa rekstrarforms hér á landi, þegar fjármagn var af skornum skammti og reynsla lítil í framkvæmd þessara mála. Er óhætt að segja, að Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp, hafi gegnt hlutverki sínu af mikilli prýði, og er frumvarp þetta ekki flutt til að kasta neinni rýrð á þessa fjölmiðla né starfsemi þeirra.

Tímar eru nú hins vegar gjörbreyttir frá því er einkaleyfi Ríkisútvarpsins var ákveðið árið 1930 og kröfur fólks allt aðrar og meiri. Í flestum lýðræðisríkjum eru nú starfræktar margar útvarps- og hljóðvarpsstöðvar. Eru þær ýmist í eigu hins opinbera eða félaga og einstaklinga. Reynslan af þessu fyrirkomulagi hefur verið góð. Notendur þessara fjölmiðla hafa notið meiri fjölbreytni í efnisvali vegna aukinnar samkeppni á sama tíma sem fleiri hafa fengið tækifæri til að verða virkir þátttakendur á þessu sviði.

Á síðasta áratug hafa orðið ótrúlegar tækniframfarir í útsendingu á tali, tónum og myndum. Hið sama gildir um viðtökutækni þess eðlis er hér um ræðir. Sem dæmi má nefna, að án mikils tilkostnaðar má koma upp staðbundnum útsendingum á sviði hljóðvarps og sjónvarps, sem mundu auka mjög á fjölbreytni í efnisvali, auk þess sem unnt er með fjölgun stöðva að fullnægja kröfum um aukna fræðslu á sviði almennra og staðbundinna mála.

Áhersla er lögð á að fyllsta hlutleysis sé gætt í stjórnmálum við útsendingu efnis með svipuðum hætti og nú tíðkast í útsendingum Ríkisútvarpsins. Skulu hinar frjálsu útvarpsstöðvar stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenska tungu. Þær skulu m. a. flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda og trúarbragða, efla alþýðumenntun og veita fræðslu um hin fjölbreytilegustu efni. Þá skal þeim heimilt að halda uppi fréttaþjónustu. Útvarpsstöðvarnar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þær skulu virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum. Hið sama gildir gagnvart stofnunum, félögum og einstaklingum.

Um rekstrarréttindi og skyldur útvarpsstöðva í eigu einstaklinga og félaga fer að öðru leyti eftir íslenskum lögum. Með reglugerð setur ráðherra nákvæmar reglur um fyrirkomulag og framkvæmd þessara mála, þ. á m. ákvæði er heimila útvarpsstöðvunum að selja auglýsingar eða útsendingartíma, m. a. vegna fræðslu- og kynningarefnis sem innlendir aðilar kynnu að vilja koma á framfæri. Þá er nauðsynlegt að setja ákvæði er girða fyrir að erlent fjármagn renni til rekstrar slíkra útvarpsstöðva.

Með frumvarpi þessu eru lögð drög að því, að á Íslandi ríki hliðstætt tjáningarfrelsi og þekkist í vestrænum lýðræðisríkjum á sviði hljóðvarps og sjónvarps. Það er spor í áttina að auknu frelsi fólksins frá miðstýringarvaldi embættis- og stjórnmálamanna á þessu sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í upphafi greinarinnar er hugtakið útvarpsstöð skilgreint í víðtækari merkingu en gert hefur verið til þessa. Er orðið útvarpsstöð hér látið ná til allra fyrirtækja og stofnana, sem annast útsendingu til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt.

Þá er með grein þessari afnuminn einkaréttur Ríkisútvarpsins til útsendinga með framangreindum hætti. Ráðherra er samkvæmt greininni heimilt að veita öðrum aðilum leyfi til að reka útvarps- og sjónvarpsstöðvar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Lagagreinin gerir ráð fyrir því, að í starfi dagskrárstjóra útvarpsstöðva geti verið menn er hafa starfsreynslu á hliðstæðu sviði og dagskrárstjórar útvarps og sjónvarps hafa, svo sem hjá dagblöðum. Skulu rekstrarleyfi veitt til ákveðins tíma, en endurnýjast sjálfkrafa, séu þau eigi afturkölluð áður en gildistími rennur út.

Um 2. gr.

Greinin felur í sér heimild til handa útvarpsstöð til að reisa sendistöð og útvarpsstöðvar og flytja inn, eiga og reka senditæki, viðtæki og fleira, sem nauðsynlegt er vegna starfrækslu slíkrar stöðvar.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um skyldur útvarpsstöðvar varðandi efnisflutning o. fl. Áhersla er lögð á tjáningarfrelsi og óhlutdrægni og að þær stöðvar, er rekstrarleyfi kunna að hljóta, haldi í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Greinin er ítarleg og þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 4. gr.

Grein þessi á við um kjör í útvarpsráð Ríkisútvarpsins. Er hún í stórum dráttum í samræmi við gildandi lagaákvæði, að því viðbættu, að starfssvið útvarpsráðs er útvíkkað með tilliti til hinna nýju aðstæðna er skapast við aukið frelsi á sviði útvarpsmála í landinu. Útvarpsráð verður, auk annarra skyldustarfa, ráðgefandi aðili gagnvart Alþingi og ríkisstjórn um allt er að útvarpsmálum í landinu lýtur.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um, að útvarpsráð skuli vera umsagnaraðili gagnvart ráðherra um veitingu leyfa til útvarpsrekstrar annarra stöðva. Þá fjallar hún um með hvaða hætti hægt er að svipta aðila rekstrarleyfi brjóti rekstur útvarpsstöðvar í bága við ákvæði laga og reglugerðar um útvarpsrekstur. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um. 7. gr.

Greinin fjallar um stöðu útvarpsstjóra og atriði er varða yfirstjórn Ríkisútvarpsins. Er greinin það ítarleg, að óþarft er að skýra hana nánar.

Um 8. gr.

Greinin felur í sér að þeim opinberum aðilum, er vegna sérstöðu sinnar ráða yfir sendistöðvum, sé veitt heimild til að leigja nýjum aðilum afnot af tækjabúnaði o. þ. h. eftir því sem aðstæður leyfa. Er hér m. a. um að ræða hugsanleg afnot af rásum vegna útsendingar sjónvarpsefnis.

Um 9. gr.

Hér er um að ræða eðlilega breytingu á 12. gr. laganna vegna afnáms einkaréttar Ríkisútvarpsins á útvarpsrekstri í landinu.

Um 10. gr.

Við 13. gr. laganna bætast ákvæði, er heimilia nýjum útvarpsstöðvum eðlilega tekjuöflun til að standa undir rekstrarkostnaði. Þá er og kveðið á um að rekstrarform stöðvanna ráði með hvaða hætti þær séu reknar varðandi réttindi og skyldur umfram það, sem kveðið er á um í lögum um útvarp.

Um 11.—14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. **325. Frumvarp til laga** [169. mál]

um breytingar á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Friðrik Sophusson, Eiður Guðnason, Ellert B. Schram.

1. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein, sem orðist svo:

Þeim, sem standa fyrir skemmtunum, dansleikjum og öðrum samkvæmum, sem fram eiga að fara á almennum skemmtistöðum, skal skylt að auglýsa hvenær þau skulu hefjast og hvenær þeim skal lokið.

Opnunar- og lokunartími skal vera frjáls.

Dómsmálaráðherra skal vera heimilt að ákveða með auglýsingu einstök frávik frá ákvæðum þessarar greinar.

2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra er skylt að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

a) Vottorð heilbrigðisyfirvalda um að af heilbrigðisástæðum sé ekkert því til fyrirstöðu að framreiða mat og vín og aðra drykki í þeim húsakynnum sem um ræðir.
b) Ef fleiri en 60 sæti eru á matsölustað, þar sem jafnframt eru vínveitingar, skulu lærður framreiðslumaður og lærður matsveinn starfa við staðinn og annast þar verkstjórn.

Heilbrigðisráðherra skal setja reglugerð um heilbrigðiskröfur, sem gera skal til veitingastaða. Heilbrigðisyfirvöldum skal skylt að hafa eftirlit með veitingahúsum eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

3. gr.

Á eftir 12. gr. komi ný grein, sem orðist svo:

Á þeim veitingastöðum, þar sem seldur er matur og vínföng, skal skylt að auglýsa í anddyri og annars staðar nákvæmlega um opnunartíma, lokunartíma og verð á seldri vöru og þjónustu. Verðlagning á þessari vöru og þjónustu skal vera frjáls.

4. gr.

Á eftir 12. gr. komi önnur ný grein, sem orðist svo:

Vínveitingaleyfi skulu ekki veitt lengur en til fjögurra ára í senn. Veitingaleyfi skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði er hann hefur þegar leyfið er veitt. Dómsmálaráðherra getur tekið vínveitingaleyfið af leyfishafa án þess að ríkissjóður sé skaðabótaskyldur, enda fylgi rökstuðningur slíkri leyfissviptingu. Fyrir veitingaleyfi skal greiða gjald, sem dómsmálaráðherra ákveður.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið eftirlit með veitingastöðum, sem vínveitingaleyfi hafa. Ríkissjóður greiðir kostnað eftirlitsins, en leyfishafar skulu endurgreiða hann ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra.

5. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Áfengi má ekki afhenda eða veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður. Yngra fólki en 18 ára má ekki selja, veita eða afhenda áfengi með nokkrum hætti. Ávallt, þegar ástæða er til að ætla að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þess-

aldri, skal sá, sem selur, veitir eða afhendir það, láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fulnægjandi hátt.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

6. gr.

Við gildistöku laga þessara falla niður lög um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, nr. 120 22. des. 1947.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á því leikur varla nokkur vafi, að reglur um opnunartíma veitingahúsa, aldursmörk og matsölu og vínveitingar almennt eru um margt orðnar mjög úreltar. Til þess að komast að raun um þetta þarf raunar ekki annað en aka um höfuðborgina, Reykjavík, á föstudags- og laugardagskvöldum. Bannað hefur verið að hleypa fólki inn í veitingahús eftir kl. 11.30 á téðum kvöldum. Sjá má fólk hundruðum og jafnvel þúsundum saman standa fyrir utan húsin í alls kyns veðrum, en reglur sjá svo um, að þessu fólki er ekki hleypt inn. Kl. 1.00 að nóttu á föstudagskvöldum og kl. 2.00 að nóttu á laugardagskvöldum er síðan öllum veitingahúsum lokað á sama tíma. Þá streymir fólk út af þessum veitingahúsum, án þess að nokkur tök séu að ná í leigubíla, og getur þó margt þessa fólks átt langan veg að fara. Leiða má einnig rök að því, að þessar reglur, sem um margt eru strangari en margir neytendur vildu, hafi aukið á samkvæmishald í heimahúsum.

Kjarni þeirra breytinga á lögum, sem hér eru lagðar til, er að aflétta miklu af hömlum þeim, sem á þessari starfsemi hafa verið. Í staðinn verði neytendum sjálfum látið eftir að ákveða, hvaða reglur teljist skynsamlegar. Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið svo á, að skylt sé að auglýsa hvenær skemmtanir, dansleikir og önnur samkvæmi fari fram, en að öðru leyti sé þeim, sem fyrir skemmtununum standa, heimilt að ráða því, henær skemmtun skuli hefjast og hvenær henni skuli lokið. Einasta er skylt að auglýsa fyrir fram um þær tímamarkanir sem settar eru, og við þær ákvarðanir verður auðvitað að standa.

Almennt er lagt til, að opnunartími matstaða svo og þeirra staða, þar sem vínveitingaleyfi eru, séu gefin frjáls. Einnig er lagt til, að verðlagning á þessar vörur og þessa þjónustu sé gefin frjáls. Í staðinn eru settar strangar reglur til handa neytendum, þ. e. að auglýst sé rækilega bæði á veitingastaðnum og annars staðar, þannig að neytendur viti fyrir fram hvaða vöru og hvaða þjónustu þeir eru að kaupa og á hvaða verði.

Allur andi þessa frumvarps til laga gengur í frjálsræðisátt, þ. e. að auðvelda fólki að setja upp litla og stóra veitingastaði, svo fremi að neytendur vilji neyta þeirrar vöru og njóta þeirrar þjónustu, sem í boði er hverju sinni. Það má leiða að því gild rök, að þróun í þessum efnum undanfarin ár og áratugi hefur verið í þá veru, að um helgar a. m. k. er meiri eftirspurn eftir þjónustu af þessu tagi heldur en framboð. Af þessu leiðir, að þúsundum saman stendur fólk utan við veitingahús, jafnvel í misjöfnum veðrum, án þess að komast inn. Jafnframt þessu hafa reglur um veitingarekstur verið svo þröngar, að þær hafa staðið vexti þessarar þjónustu mjög fyrir þrifum. Nægir þar að nefna strangar reglur um stærð og fínheit eldhúsa til þess að mega selja mat og veita áfenga drykki. Má segja, að þessar reglur hafi verið til stuðnings þeim, sem mikið hafa átt undir sér og þess vegna haft efnalega möguleika á því að setja slíka þjónustu á laggirnar.

Þess má líka geta í þessu samhengi, að þjóðfélagsaðstæður hér á landi eins og annars staðar hafa mjög breyst. Nú er miklum mun algengara en áður, að hjón vinni

bæði úti. Þessi þjóðfélagsþróun eykur mjög á þörf fyrir þjónustu af því tagi, sem frumvarp þetta til laga tekur til.

Það er skoðun flutningsmanna, að í þjónustu af því tagi, sem hér hefur verið gerð að umræðuefni, sé í raun og veru sjálfvirkt neytendaeftirlit. Reynslan mun leiða í ljós, að veitingastaðir, stórir og smáir, muni hegða sér í samræmi við óskir neytenda. Veitingastaðirnir munu fara misjafnlega að, sumir, t. d. þeir sem leggja áherslu á góðan mat, munu verða opnir snemma kvölds og lokað snemma. Aðrir, og þá þeir sem leggja meira upp úr vínveitingum og dansi, geta opnað síðar og þá haft opið lengur. Einnig er það hugmynd flutningsmanna, að aukið frjálsræði í þessum efnum muni leiða til þess, að meiri fjölbreytni muni gæta í þessari þjónustu og að hagur neytenda verði einnig tryggður með þeim hætti.

Þá gerir þetta frumvarp einnig ráð fyrir því að auðvelda fólki að opna litla matsölustaði og veita þar vín með mat, ef svo þykir henta.

Loks er gert ráð fyrir því, að fólk, sem orðið er fullra 18 ára, hafi til þess fullan rétt að sækja staði þar sem áfengi er á boðstólum, enda er það fólk stundum harðgift og jafnvel margra barna foreldrar.

Frumvarp þetta tekur til allnokkurra þátta áfengislöggjafarinnar í landinu. Þar er þó sá rauði þráður að auka frjálsræðið og færa ábyrgðina yfir til þjóðfélagsþegnanna. Jafnframt er sá rauði þráður í þessu frumvarpi að afnema hömlur í þessum efnum og auka frjálsræði. Að því má leiða nokkur rök, að í þessum efnum hafi hömlur beinlínis stuðlað að ómenningu. Valfrelsið hefur verið of lítið og fólki sjálfu hefur verið of lítið treyst. Veitingastaðir verða hvorki rismeiri né rislægri heldur en fólkið sem sækir þá. Það er skoðun flutningsmanna, að hömlur hafi verið of miklar og félagslegt val hafi verið of lítið. Það er grundvallarregla í því, sem hér er lagt til, að búa svo um hnútana af löggjafans hálfu, að þetta félagslega val verði aukið og að með því verði stuðlað að bættri menningu í þessum efnum.

Sþ. 326. Fyrirspurn [170. mál]

til forsætisráðherra um áætlanagerð Framkvæmdastofnunar ríkisins um Dalabyggð.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

Hvenær má vænta þess, að Framkvæmdastofnun ríkisins ljúki við hina svonefndu áætlun um Dalabyggð, sem kynnt var þingmönnum Vesturlands og Vestfjarða í marsmánuði 1978?

Nd. 327. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Tveir nefndarmanna, þeir Vilmundur Gylfason og Finnur Torfi Stefánsson, vilja samþykkja frumvarpið. Aðrir tveir nefndarmenn, þeir Matthías Á. Mathiesen og Ólafur G. Einarsson, vilja breyta frumvarpinu og gera vaxtaákvörðun frjálsa. Við undirritaðir erum andvígir frumvarpinu og leggjum til að það verði fellt.

Alþingi, 28. des. 1978.

Lúðvík Jósepsson, form., frsm.	Halldór E. Sigurðsson, fundaskr.	Kjartan Ólafsson.

Nd. 328. Frumvarp til laga [171. mál]

um breyting á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Flm.: Ellert B. Schram.

1. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Taka barns af heimili og kyrrsetning barns er óheimil og ógild, nema foreldrum og forráðamönnum sé birtur úrskurður samkv. 14. gr. í síðasta lagi innan viku frá því er ráðstöfun fór fram og gætt sé ákvæða 20. og 32. gr.

2. gr.

Aftan við 1. málsgr. 16. gr. laganna bætist:

Hafi rannsókn sérfræðings farið fram, er skylt að afhenda foreldrum og forráðamönnum tafarlaust fullkomna skýrslu um niðurstöður hennar. Gögn og upplýsingar um ölvun eða áhrif lyfja skal óheimilt að taka til greina nema blóðrannsókn (læknisrannsókn) liggi fyrir eða sannað sé að viðkomandi aðili hafi neitað að gangast undir slíka rannsókn.

3. gr.

Aftan við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Foreldrar og forráðamenn skulu ætíð hafa óhindraðan aðgang að öllum gögnum er þá eða börn þeirra varða. Skal þeim heimilt að fá staðfest afrit af þeim. Séu gögn dregin undan, er óheimilt að nota þau í barnaverndarmáli.

4. gr.

1. málsgr. 56. gr. laganna orðist svo:

Foreldrar eða aðrir forsjármenn barns svo og aðrir þeir sem hagsmuna eiga að gæta vegna ráðstafana barnaverndarnefnda, geta borið mál undir barnaverndarráð til fullnaðarúrskurðar. Er ráðinu skylt að taka málið til skjótrar meðferðar og úrlausnar. Skal úrskurður ráðsins liggja fyrir innan 30 daga frá því að ráðinu barst málið til meðferðar. Ákvæði 14., 15., 16. og 20. gr. eiga hér einnig við og getur barnaverndarnefnd mælt fyrir um formlegan málflutning fyrir ráðinu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fá mál eru viðkvæmari og vandmeðfarnari en barnavernd og afskipti af heimilum eða einstaklingum af þeim sökum. Það verður að teljast neyðarráðstöfun, þegar samfélagið þarf að grípa inn í fjölskyldumál og leysa úr vandamálum, sem stafa af sálrænum, tilfinningalegum eða persónulegum ástæðum, ekki síst þegar börn eða ungmenni eiga í hlut. Barnaverndarnefndir, barnaverndarráð, félagsfræðingar og aðrir, sem afskipti hafa af slíkum málum, bera að þessu leyti mikla og vandasama ábyrgð.

Allajafna fara störf þessara aðila fram í kyrrþey, og ljóst er, að hversu margar lagagreinar og reglur sem settar eru um framkvæmd og meðferð barnaverndarmála reynir fyrst og fremst á þroska, skilning og lipurð þeirra, sem til slíkra ábyrgðarstarfa veljast að dæma um velferð barns eða ungmennis. Óhætt er að fullyrða, að við allan meginþorra barnaverndarmála gætir slíkra sjónarmiða.

Á hinn bóginn er nauðsynlegt, að löggjöf móti meginstefnu, sem taki tillit til mannúðlegra viðhorfa og beri hag einstaklinganna, sem í hlut eiga, fyrir brjósti.

Lög um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966, hafa verið í endurskoðun um nokkurt skeið, en lítið virðist miða og hljótt er um þá endurskoðun.

Að gefnu tilefni hefur flutningsmaður þessa frumvarps ákveðið að bera fram nokkrar breytingartillögur við nefnd lög, en þær hníga allar í þá átt, að tryggja betur en nú er gert rétt foreldra eða forráðamanna barna, með hagsmuni barnsins fyrir augum. Er þá gengið út frá þeirri meginforsendu, að barnið sé hluti fjölskyldu, sem umfram allt megi ekki stía í sundur nema til þess liggi óumdeilanleg rök og ástæður. Í íslenskri löggjöf er allsráðandi sú meginregla, að fjölskyldan búi og lifi saman, og aldrei má til þess koma, að barni sé ráðstafað og það tekið úr umsjá foreldra vegna rangra upplýsinga eða á röngum forsendum.

Hér er ekki einvörðungu um það að ræða, að sjálfsagður réttur barnsins og fjölskyldunnar sé hafður í huga, heldur höfðað til þeirrar grundvallarreglu í réttarríki, að aðilar máls eigi heimtingu á því að vera upplýstir um málsástæður og gögn, sem úrskurður kann að byggjast á. Á þetta skortir nokkuð í núgildandi lögum.

Einstakar greinar skýra sig að mestu sjálfar.

Sþ. 329. Tillaga til þingsályktunar [172. mál]

um könnum á þætti landbúnaðarframleiðslu í atvinnulífi þjóðarinnar.

Flm.: Jón Helgason, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna hvað stór hluti þjóðarinnar hefur atvinnu af framleiðslu og vinnslu landbúnaðarafurða og þjónustu í sambandi við hana, enn fremur hvaða áhrif hugsanlegur samdráttur í búvöruframleiðslu hefði á atvinnulífið og þá sérstaklega á þá miklu möguleika til vaxandi ullar- og skinnaiðnaðar, sem komið hafa í ljós á síðustu árum.

Nú þegar verði gerð um þetta áætlun, sem byggist á þeim gögnum, er fyrir hendi eru, og því verki hraðað svo að sú áætlun liggi fyrir á komandi vori. Síðan verði verkinu haldið áfram með ítarlegri könnun, þannig að traustar heimildir fáist um gildi þessa mikilvæga þáttar þjóðarbúskaparins.

Greinargerð.

Í umræðum um þá erfiðleika, sem landbúnaðurinn á nú í við að ná viðunandi verði fyrir allar framleiðsluvörur, hefur hjá mörgum komið fram sú skoðun, að þar sé um að ræða vandamál bænda einna. Bændasamtökin hafa hins vegar bent á að áhrifanna gætir miklu víðar.

Landbúnaðurinn á mestan þátt í að byggð haldist um land allt, og mikil röskun á hag hans hefur því ófyrirsjáanlegar afleiðingar í félags- og byggðamálum. Vinnsla og dreifing búvöru ásamt fjölþættum öðrum þjónustustörfum í þágu landbúnaðarins veita atvinnu miklu fleira fólki en því, sem við framleiðsluna starfar.

Vaxandi útflutningur iðnaðarvöru á síðustu árum byggist að miklu leyti á ullar- og skinnaiðnaði, og er þó talið að enn sé hægt að margfalda þá framleiðslu. Reynt hefur verið að áætla lauslega þann mannafla, sem beint eða óbeint byggir atvinnu sína á landbúnaðinum. En vegna þess, hve marga er þar um að ræða og sérstök könnun hefur ekki farið fram, hefur ekki fengist örugg niðurstaða. Þörfin fyrir að hafa örugga vitneskju um þetta er sérstaklega brýn nú, þegar horfur eru á að

bændur neyðist til að draga eitthvað úr búvöruframleiðslu. Er þá mikils virði að ljóst sé, hvaða afleiðingar það geti haft fyrir atvinnulífið í heild og búsetu í landinu. Þá fyrst er hægt að meta til fulls hvað mikið er hér í húfi og hvaða ráðstafanir er hagkvæmt að gera.

Þess vegna er í þessari tillögu skorað á ríkisstjórnina að láta nú þegar semja eins ítarlega áætlun og kostur er með þeim heimildum, sem fyrir liggja, enda þótt nánari könnun þurfi til að afla fyllri upplýsinga. Slíka áætlun er mikils virði að ríkisstjórnin fái sem fyrst, þar sem augljóst er að við vaxandi erfiðleika er að eiga, a. m. k. eins og nú horfir.

Bændasamtökin hafa lagt áherslu á að ráða þurfi fram úr vandanum með margvíslegum aðgerðum, t. d. nýjum framleiðslugreinum og hagræðingu í búrekstrinum. En mikilvægt er, að það liggi ljóst fyrir, hvað þjóðin öll á mikið undir því, að þeirri vörn, sem landbúnaðurinn stendur nú í, verði sem fyrst snúið í öfluga sókn á ný.

Sþ. 330. Fyrirspurnir. [173. mál]

I. Til forsætisráðherra um könnun á atvinnu- og félagsmálum Suðurnesja.

Frá Oddi Ólafssyni.

Hvað líður framkvæmd á ályktun Alþingis frá 6. maí 1978 um könnun á atvinnu- og félagslegri aðstöðu íbúa byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar?

II. Til dómsmálaráðherra um hvar í dómskerfinu séu stödd nokkur mál, sem teljast til svokallaðra efnahagslegra afbrota.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

1. Hvernig háttar með Pundsmálið?
2. Hvernig háttar með Grjótjötunsmálið?
3. Hvernig háttar með mál þau, sem kennd hafa verið við Guðbjart Pálsson?
4. Hvernig háttar með Landsbankamálið?
5. Hvernig háttar með mál þau, sem kennd hafa verið við Friðrik Jörgensen?
6. Hvernig háttar með ávísanakeðjumálið?
7. Hvernig háttar með mál læknis þess, sem kærður var fyrir að hafa fengið greiðslur fyrir þjónustu, sem ekki var innt af hendi?
8. Hvernig háttar með Alþýðubankamálið?
9. Hvernig háttar með Finansbankamálið?
10. Hvernig háttar með Antikmálið?
11. Hvernig háttar með mál bílasala, sem kærðir voru á fyrra ári?

Nd. 331. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á leiklistarlögum, nr. 33 12. maí 1977.

Frá menntamálanefnd.

Í núgildandi leiklistarlögum er kveðið svo á að leiklistarráð skuli „stuðla að stefnumótun“ á sviði leiklistarmála og sætti þetta orðalag nokkrum deilum á sínum tíma er lögin voru sett. Nefndin er sammála um að þetta orðalag geti ýtt undir þann skilning, að leiklistarráð eigi að hafa áhrif á hvaða listrænum tökum listamenn taka viðfangsefni sitt. Sá var þó ekki skilningur lagasmiða, eins og kom skýrt fram í umræðum vorið 1977. Til þess því að eyða tortryggni í þessum efnum leggur nefndin til að ákvæðið um stefnumótun leiklistarráðs verði fellt úr lögunum, en í stað þess komi almennt ákvæði um hlutverk ráðsins. Væntir nefndin þess, að orðalagið, sem hún leggur til, geti orðið leiklistarráði vísbending um hlutverk sitt í þágu leiklistar í landinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

I. töluliður 4. gr. laganna orðist svo:

Að vera vettvangur umræðna um leiklistarmál og stuðla að því að leiklistarstarfi séu búin þroskavænleg skilyrði.

Ingvar Gíslason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. jan. 1979.

Svava Jakobsdóttir, form., frsm.	Jónas Árnason.	Sighvatur Björgvinsson.
Ólafur G. Einarsson, með fyrirvara.	Ellert B. Schram, með fyrirvara.	Eiður Guðnason.

Sþ. 332. Tillaga til þingsályktunar [174. mál]

um lækkun og niðurfellingu opinberra gjalda á íþróttavörum.

Flm.: Ellert B. Schram, Einar Ágústsson, Árni Gunnarsson, Lúðvík Jósepsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að

a) gera breytingar á tollskrá, þar sem tollar á íþróttavörum eru samræmdir og lækkaðir,
b) fella niður vörugjald á íþróttavörum.

Ofangreindar breytingar verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi, þannig að þær geti hlotið afgreiðslu jafnhliða næstu fjárlögum.

Greinargerð.

Íþróttir njóta almennra vinsælda ungra sem gamalla. Innan vébanda Íþróttasambands Íslands eru skráðir nær 70 þúsund félagar, sem eru fyrst og fremst fólk sem stundar keppnisíþróttir á vegum einstakra íþróttafélaga. Þessum hópi til við-

bótar stundar gífurlegur fjöldi almennings íþróttir sér til skemmtunar og heilsuræktar. Knattleiksíþróttir hvers konar hafa lengi verið hvað vinsælastar hér á landi, en á síðari árum hefur sókn fólks í skíðaíþróttina vaxið stórlega með bættri aðstöðu hvarvetna um landið. Sundáhugi Íslendinga er löngu viðurkenndur og rómaður, golf, skák og margar fleiri íþróttagreinar hafa eflst mjög á seinni árum.

Í raun og veru má fullyrða að íþróttir séu ekki lengur einkamál fárra keppnismanna, heldur eftirlæti landsmanna allra með einum eða öðrum hætti. Þessum íþróttaáhuga ber að fagna og efla hann með öllum ráðum. Íþróttaiðkun stuðlar ekki eingöngu að bættri heilsu og aukinni útivist, heldur veitir mönnum gleði og glæðir frístundir fólks nýju lífi og fyllingu.

Mest allt íþróttastarf hér á landi hefur lengst af verið borið uppi af hinni frjálsu íþróttahreyfingu. Því miður hafa íþróttasamtökin oft á tíðum mætt takmörkuðum skilningi stjórnvalda og stjórnmálamanna. Hún hefur alla tíð búið við fjárhagslega kreppu og átt undir högg að sækja. Sem betur fer eru þessi viðhorf að breytast, enda þótt langt sé í land að opinber stuðningur sé í samræmi við það mikla starf, sem unnið er í íþróttahreyfingunni. Út í þá sálma verður ekki farið að sinni, en þessi tillaga er flutt til að auðvelda öllum almenningi að verða sér úti um þær vörur og þann búnað sem nauðsynlegur er til íþróttaiðkana. Hér er ekki um beinan fjárhagslegan stuðning að ræða við íþróttafélögin sjálf, en tillagan snýr að iðkendum sjálfum, öllum almenningi, ekki síst æskufólki, sem verður að langmestu leyti að kaupa sjálft þessar vörur, sem undantekningarlítið eru dýrar í verði.

Tollar og aðflutningsgjöld af íþróttavörum hafa til skamms tíma verið úr hófi fram. Þessar vörur hafa jafnvel verið skoðaðar sem lúxusvörur og verið tollaðar eftir því. Það gefur því auga leið, að það er fráleitt að ríkissjóður líti á innflutning slíkra vara sem umtalsverða tekjuöflunarleið, og brýtur þvert gegn því sjálfsagða markmiði stjórnvalda að stuðla eigi að almennri líkamsrækt. Æskulýður landsins er stærsti notendahópur þessara vara og því stærsti tollgreiðandinn. Þessir þegnar eru efnaminnsti hluti þjóðarinnar og hafa því minnsta getu til að greiða skatta og gjöld. Aðstandendur þeirra eru oftast barnafjölskyldur sem ekki hafa úr of miklu að spila, en eru þó að reyna að afla alls konar íþróttatækja fyrir börn sín af litlum efnum.

Með breytingum á tollskrá, sem gerðar voru á árinu 1977, var nokkuð komið til móts við þau sjónarmið sem liggja að baki þessum tillöguflutningi, en þó hvergi nærri nóg. Enn eru fjölmargar íþróttavörur með 50% tolli. Auk þess er mikið ósamræmi á milli einstakra tollflokka á tollum af hliðstæðum vörum. Þannig má nefna, að skíðaskór eru í 25% tolli, en skíði og skíðastafir í 50% tolli. Slíkt ósamræmi þarf að leiðrétta. En hugmynd flutningsmanna er að allar íþróttavörur, sem tollur er greiddur af, beri sama toll, 10—12%. Íþróttavörur, svo sem skófatnaður, knattspyrnuskór og sérlega hannaðir íþróttaskór fyrir innanhússíþróttir, þurfa að fá sérstök tollnúmer, í stað þess að flokkast undir þau almennu tollnúmer þar sem almennur skófatnaður er.

Fjármálaráðherra upplýsti opinberlega nýlega, að hann hefði beitt sér gegn því, að vörugjald af íþróttavörum yrði hækkað upp í 30%. Þetta ber að þakka, enda ekki að efast um góðan hug og skilning núverandi fjármálaráðherra, sem og fyrirrennara hans, á nauðsyn úrbóta í þessum efnum. En lengra þarf að ganga, og því er lagt til að vörugjald verði algjörlega fellt niður á þeim vörum, sem hér um ræðir.

Samkvæmt lauslegri athugun, sem gerð hefur verið á aðflutningsgjöldum af íþróttavörum á árinu 1977, námu þau samtals 116 409 800 kr., og á árinu 1978 til 1. sept. námu þessi gjöld samtals 96 863 500 kr. Eru þá ekki meðtalin gjöld af íþrótta-

skóm og íþróttafatnaði, sem ekki hefur verið mögulegt að sundurgreina frá öðrum skóm og almennum fatnaði. Ljóst er þó, að hér er um allnokkra upphæð að ræða, sem ekki skiptir þó sköpum fyrir ríkissjóð. Á það má jafnframt benda, að tollar verða ekki alfarið felldir niður og öruggt má telja að innflutningur mundi stórlega aukast, ef þessar vörur yrðu ódýrari. Þess vegna er ólíklegt að tap ríkisins yrði nokkuð þegar upp verður staðið, þótt tillaga þessi verði samþykkt.

Breyting í þessa átt kæmi einstökum íþróttafélögum og að miklu gagni, þar sem þau verða flest ef ekki öll að kaupa íþróttabúnað fyrir sitt keppnisfólk. Þau kaup mundu beinast í auknum mæli til innlendra verslana og létta að mun á þeim útgjöldum, sem íþróttafélögin standa undir að þessu leyti.

Þar sem hér er um tvö aðskilin mál að ræða, lagfæringu og lækkun tolla annars vegar og niðurfellingu vörugjalds hins vegar, en hvort tveggja krefst nokkurrar athugunar og aðlögunar, hefur verið tekinn sá kostur, að flytja í stað frumvarps, tillögu til þingsályktunar, sem gerir ráð fyrir að breytingarnar geti efnislega komist til framkvæmda jafnhliða afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.

Flutningsmenn treysta því, að Alþingi sýni hug sinn til almenningsíþrótta í verki með samþykkt tillögunnar. Tillagan er að því leyti gagnleg og raunhæf, að hún snýr beint og milliliðalaust að hverjum þeim einstaklingi sem stunda vill íþróttir í lækkuðu vöruverði og hagkvæmari innkaupum.

Nd. 333. Frumvarp til laga [175. mál]

um breyting á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Pálmi Jónsson, Albert Guðmundsson.

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Umboðslaun vegna sölu landbúnaðarvara erlendis skulu greiðast sem ákveðinn hundraðshluti af því verði sem fyrir þær fæst. Landbúnaðarráðherra ákveður umboðslaun fyrir útfluttar landbúnaðarvörur að fengnum tillögum framleiðsluráðs landbúnaðarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Upplýst hefur verið, að búvörudeild Sambands íslenskra samvinnufélaga, sem er helsti útflytjandi íslenskra landbúnaðarafurða, fær greidd umboðslaun af heildsöluverði vörunnar eins og það er ákveðið í upphafi verðlagsárs. Hefur raunvirði vörunnar erlendis, sem oftast er mun lægra, þá engin áhrif á umboðslaun útflytjandans, heldur greiðast þau einnig að hluta af því fé, sem varið er til útflutningsuppbóta. Tæplega verður fallist á, að hér sé farið að í samræmi við eðlilegar viðskiptavenjur.

Frumvarp þetta er flutt til þess að hér verði komið á eðlilegri skipan, umboðslaun verði aðeins greidd af því verði, sem útflytjanda tekst að fá fyrir vöruna erlendis. Slík breyting ætti að hafa í för með sér nauðsynlega hvatningu til þess að ná sem hæstu söluverði.

Sþ. **334. Skýrsla**

dómsmálaráðherra um meðferð dómsmála.

Með bréfi, dags. 28. september 1978, óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum um mál, sem kynnu að vera til meðferðar hjá dómstólum landsins. Fer hér á eftir yfirlit um þau einkamál, sem þingfest voru fyrir 1. október 1976 og enn var ólokið og ódæmd sakamál, sem ákært var í fyrir 1. janúar 1978.

EINKAMÁL:

Samtals 106 einkamálum, sem þingfest voru fyrir 1. október 1976, er ólokið. Er það svipaður fjöldi og fram kom í skýrslu, sem lögð var fram á síðasta þingi, en þá féllu 113 mál undir þennan lið. Framangreind mál skiptast þannig á milli ára:

1967: 1	1969: 1	1971: 1	1972: 8
1973: 9	1974:10	1975:21	1976:53.

I. Reykjavík.

Þingfestingardagur:	Nr. máls:	Aðilar:
1. 23 05 67	3096/1967	Hagprent hf. gegn Sigurði Björnssyni, Agli Nordheim, Dieter Ginsberg og Auglýsingamiðstöðinni.
2. 04 12 69	1919/1969	Eigendur jarðarinnar Neðradals í V.-Eyjafjallahreppi gegn vegamálastjóra f. h. Vegagerðar ríkisins.
3. 02 05 72	7846/1972	Dánarbú Sigurbjargar Ásbjörnsdóttur gegn Álafossi hf.
4. 73	5200/1973	Edward Lövdal gegn Oddnýju Bjarnadóttur.
5. 05 04 73	790/1973	Hörður Bjarnason og Kristjana Albertsdóttir vegna sjálfra sín og ófjárráða sonar síns Harðar Alberts Harðarsonar gegn B.M. Vallá hf., Þórarni Ólafssyni og Sjóvá.
6. 16 10 73	6659/1973	Sturla Einarsson gegn Helgu Jónsdóttur.
7. 16 11 73	123/1973	Álafoss hf. gegn Jóni Guðlaugssyni.
8. 07 02 74	335/1974	Fálkinn hf. gegn Árna Ólafssyni.
9. 07 02 74	320/1974	Eyjólfur Sigurðsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.
10. 05 09 74	1664/1974	Kristján Stefánsson gegn Guðjóni Andréssyni.
11. 15 11 74	135/1974	J. & B. Auto Wholesalers gegn Lárusi Jónssyni og þrotabúi Haraldar Ingimarssonar.
12. 20 02 75	465/1975	Jósafat Arngrímsson gegn Vilmundi Gylfasyni og ríkisútvarpinu.
13. 03 04 75	919/1975	Gunnar Sveinsson gegn Bjarna Ó. Pálssyni og Energoprojekt.
14. 03 04 75	921/1975	Bjarni Sætran gegn Bjarna Ó. Pálssyni og Energoprojekt.
15. 17 04 75	110/1975	Elísabet Anna Brown gegn Hervin Guðmundssyni.
16. 02 05 75	64/1975	Magnús Thorlacius hrl. f. h. Silvano Burgassi gegn G. Albertssyni, útflutningsverslun.

Þingfestingardagur:			Nr. máls:	Aðilar:
17.	20 05 75		6086/1975	Sturla Jónsson gegn Jóni Haraldssyni.
18.	13 06 75		86/1975	Þrotabú T. Hannesson & Co. gegn Ágústi Jónssyni.
19.	26 06 75		6534/1975	Póstgíróstofan gegn Ögurvík hf.
20.	26 06 75		6510/1975	Hulda Eygló Karlsdóttir gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.
21.	26 06 75		6522/1975	Jón Bjarnason gegn Valdimar Þórðarsyni.
22.	18 12 75		3354/1975	Guðbergur Guðjónsson gegn Agnari Bogasyni.
23.	15 01 76		127/1976	Sæbjörg Guðbjartsdóttir fyrir sína hönd og ófjárráða barna gegn dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.
24.	27 01 76		5161/1976	Pétur Jónsson gegn Ylfu Brynjólfsdóttur og borgarsjóði Reykjavíkur.
25.	27 04 76		5815/1976	Hólmfríður Sigurðardóttir gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.
26.	11 05 76		5945/1976	Fasteignaþjónustan gegn Sverri Skarphéðinssyni.
27.	11 05 76		5944/1976	Fasteignaþjónustan gegn Sverri Guðmundssyni.
28.	22 06 76		6237/1976	Jón Guðmundsson gegn saksóknara og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.
29.	24 06 76		133/1976	Reynir Þórðarson gegn borgarsjóði Reykjavíkur.
30.	24 06 76		1479/1976	Ásta Steinsdóttir gegn Richardt Ryel og Hagtryggingu hf. og Þórði G. Halldórssyni og Sjóvátryggingafélagi Íslands hf.
31.	03 09 76		107/1976	Kadix Ltd. gegn Ragnari Þórðarsyni o. fl.
32.	07 09 76		6657/1976	Segull hf. gegn Bílasmiðjunni Kyndli.
33.	09 09 76		1753/1976	Ingimar Jónsson o. fl. gegn Óskari Eggertssyni.
34.	09 09 76		1734/1976	Ingimar Jónsson gegn Hjalta Þórðarsyni.
35.	04 11 76		2310/1976	Erla Bjarnadóttir gegn Búnaðarbanka Íslands.

II. Akranes.

1.	12 12 73		44/1973	Guðjón Vigfússon gegn Þórði Hjálmarssyni.
2.	14 05 75		6/1975	Þorgeir og Helgi hf. gegn Jóni Valdimarssyni.

III. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1.	07 06 74			Jóhannes Guðmundsson gegn Bjarna Óskarssyni.

IV. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

1.	17 97 75		10/1975	Jón Steinn Elíasson gegn Gunnari Guðlaugssyni.
2.	19 02 76		4/1976	Netagerðin Sigurður hf. gegn Víkingi Halldórssyni o. fl.
3.	01 04 76		10/1976	Hörður Sigurbjörnsson gegn Hildimundi Gestssyni.

V. Dalasýsla.

Ekkert.

VI. Barðastrandarsýsla.

Ekkert.

VII. Bolungarvík.

Ekkert.

VIII. Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla.

Þingfestingardagur:	Nr. máls:	Aðilar:
1. 06 09 73		Skipasmíðastöð Marsellíusar Bernharðssonar hf. gegn Gerald Häsler.
2. 06 09 76		Kubbur hf. gegn Guðmundi Vestmann.

IX. Strandasýsla.

Ekkert.

X. Húnavatnssýsla.

1. 07 07 75		Ábúendur Höskuldsstaða gegn eigendum Syðri Hóls.

XI. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.

Ekkert.

XII. Siglufjörður.

Ekkert.

XIII. Ólafsfjörður.

Ekkert.

XIV. Akureyri, Dalvík og Eyjafjarðarsýsla.

1.	03 10 74	87/1974	Baugur hf. gegn Herði Þorfinnssyni.
2.	08 01 76	3/1976	Ingvar Ingvarsson gegn Matthíasi Einarssyni.
3.	15 01 76	9/1976	Bæjarsjóður Akureyrar gegn Indriða Sigmundssyni, Haraldi Hansen og Herbert Hansen.
4.	20 05 76	82/1976	Jón Stefánsson gegn Þin sf.
5.	30 09 76	149/1976	Árni Bjarnason gegn Fagverki sf.

XV. Húsavík og Þingeyjarsýsla.

1.	01 10 76	3/1975	Eiður Guðjóhnsen gegn Helga Bjarnasyni f. h. Stangaveiðifélagsins Flúðir.

XVI. Seyðisfjörður og Norður Múlasýsla.

Ekkert.

XVII. Neskaupstaður.

1.	02 11 72	16/1972	Jóhanna Dahlmann gegn Dráttarbrautinni hf.

XVIII. Eskifjörður og Suður-Múlasýsla.

Ekkert.

XIX. Austur-Skaftafellssýsla.

Ekkert.

XX. Vestur-Skaftafellssýsla.

1.	18 04 74	1/1974	Olíuverslun Íslands gegn Hreppsnefnd Hvammshrepps.

XXI. Vestmannaeyjar.

Þingfestingardagur:	Nr. máls:	Aðilar:
1. 02 09 71	38/1971	Bæjarsjóður Vestmannaeyja gegn Gunnari Ólafssyni & Co. hf.
2. 29 06 72	36/1972	Guðni Ágústsson gegn bæjarstjóra Vestmannaeyja.
3. 29 06 72	37/1972	Stefán Jónsson gegn bæjarstjóra Vestmannaeyja.
4. 14 09 72	41/1972	Birna Björnsdóttir gegn Vestmannaeyjakaupstað.
5. 07 06 73	8/1973	Belgjagerðin gegn Drífanda hf.

XXII. Rangárvallasýsla.

1. 12 06 75	9/1975	Bjarni O. Pálsson gegn Hlíðarverki sf.
2. 12 06 75	10/1975	Óskar V. Bjarnason gegn Hlíðarverki sf.
3. 03 07 75	14/1975	Ólafur Þórarinsson gegn Sigurjóni Sigurðssyni og Kristrúnu Sigurðardóttur.
4. 09 04 76	6/1976	Kaupfélag Rangæinga gegn Þorvaldi Ágústssyni.

XXIII. Selfoss og Árnessýsla.

1. 19 05 72	36/1972	Guðmundur I. Bjarnason gegn Hildiþór Loftssyni.
2. 25 11 72	81/1972	Vörubílstjórafélagið Mjölnir f. h. Óskars Sigurðssonar gegn Stokkseyrarhreppi.
3. 28 11 72	82/1972	Helga Helgadóttir gegn Kjartani Hannessyni.
4. 13 07 73	13/1973	Þorsteinn Jónsson gegn Geir Egilssyni.
5. 09 10 73	47/1973	Sigurður Jónsson gegn Sigurði Árnasyni.
6. 28 11 75	104/1975	Guðrún Ingimundardóttir gegn Rósu Sigurþórsdóttur.
7. 12 12 75	112/1975	Vinnuvélaþjónusta Hinriks Ó. Guðmundssonar gegn Vörðufelli hf.
8. 27 01 76	11/1976	Sóknarnefnd Bræðratungukirkju gegn krefjendum eignarréttar.
9. 23 03 76	18/1976	Jarðeignadeild Landbúnaðarráðuneytisins gegn eigendum Ósgerðis.
10. 14 04 76	19/1976	Lára Þorsteinsdóttir gegn Gústafi H. Karlssyni.
11. 27 04 76	20/1976	Hulda B. Ingibergsdóttir gegn Ólafi Þórarinssyni.
12. 27 04 76	21/1976	Gunnar Jóhannesson o. fl. gegn fjármálaráðherra og biskupi Íslands.
13. 21 05 76	37/1976	Páll Þorgeirsson gegn Friðrik Sæmundssyni.
14. 29 06 76	50/1976	Db. Einars Sveinbjörnssonar gegn fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs og Þingvallanefnd v/Alþingis til réttargæslu.
15. 29 06 76	51/1976	Sveinbjörn Jóhannesson gegn fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs og Þingvallanefnd v/Alþingis til réttargæslu.

XXIV. Keflavík, Njarðvík, Grindavík og Gullbringusýsla.

1. 15 05 74	70/1974	Hús og innréttingar gegn Páli Axelssyni.
2. 29 06 76	196/1976	Pétur Færseth gegn Eyri hf.

XXV. Keflavíkurflugvöllur.

Ekkert.

XXVI. Hafnarfjörður, Garðakaupstaður, Seltjarnarnes og Kjósarsýsla.

Þingfestingardagur:	Nr. máls:	Aðilar:
1. 13 05 74	122/1974	Herdís Tryggvadóttir gegn Guðmundi Einarssyni.
2. 06 10 75	295/1975	Db. Ástu Jónsdóttur og Jóhannes Bjarnason gegn Jóni Guðmundssyni.
3. 15 06 76	184/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Erlingi Bertelssyni.
4. 15 06 76	185/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Ágústi Finnssyni.
5. 15 06 76	186/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Ásgerði Helgadóttur.
6. 15 06 76	187/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Bjarna Gunnarssyni.
7. 15 06 76	188/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Birni Þ. Björgvinssyni.
8. 15 06 76	189/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Fríðu Bjarnadóttur.
9. 15 06 76	190/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Guðna Ág. Þórarinssyni.
10. 15 06 76	191/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Jóhönnu Björnsdóttur.
11. 15 06 76	192/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Jóni Jóhannessyni.
12. 15 06 76	193/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Kristni Jóhannssyni.
13. 15 06 76	194/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Ottó G. Jörgensen.
14. 15 06 76	195/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Reyni Markússyni.
15. 15 06 76	196/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Sigríði Benediktsdóttur.
16. 15 06 76	197/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Sigurgeiri Sigurðssyni.
17. 15 06 76	198/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Tómasi Kaaber.
18. 15 06 76	199/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Þórarni J. Magnússyni.
19. 15 06 76	200/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Þorsteini Hreggviðssyni.
20. 07 09 76	252/1976	Húsfélagið Miðvangur 41 gegn Kaupfélagi Hafnfirðinga.

XXVII. Kópavogur.

1.	31 10 74	11/1974	Vinnuvélar Ingólfs Tryggvasonar gegn Uppfyllingu sf. o. fl.
2.	03 04 75	33/1975	Unnsteinn Eggertsson gegn Þórarni Ragnarssyni.
3.	01 04 76	35/1976	Kristinn Andrésson gegn Guðmundi Á. Guðmundssyni.
4.	20 05 76	72/1976	Ýtutækni hf. gegn Andrési Árnasyni.
5.	20 05 76	73/1976	Hafnarfjarðarkaupstaður gegn Íspani hf.
6.	24 06 76	94/1976	Þorvarður Brynjólfsson gegn bæjarsjóði Kópavogs.

OPINBER MÁL:

Ódæmt er í 346 málum, sem ákært var í fyrir 1. janúar 1978. Eru það 107 fleiri mál en fram kom í skýrslu er lögð var fram á síðasta þingi.

Skipting á milli ára er þessi:

1971: 3 1972: 4 1973: 7 1974:23
1975:32 1976:83 1977:194.

Skipting eftir brotum, miðað við hvað ákært var fyrir, er eftirfarandi:

1. Áfengis- og umferðarlagabrot	83
2. Líkamsárásir	63
3. Þjófnaðir	55
4. Fjársvik	46
5. Skjalafals	16
6. Fíkniefnamisferli	13
7. Nytjastuldir	9
8. Fjárdrættir	8
9. Líkamstjón af gáleysi	7
10. Nauðganir	6

11.	Tollalagabrot	5
12.	Manndráp af gáleysi	5
13.	Verðlagsbrot	4
14.	Eignaspjöll	4
15.	Lífi eða heilsu manns stofnað í hættu	3
16.	Aðdróttun gegn opinberum starfsmönnum vegna skyldustarfa	2
17.	Landhelgisbrot	2
18.	Hegningarlagabrot — ótilgreint	2
19.	Byggingasamþykktarbrot	2
20.	Brot gegn opinberum starfsmanni við skyldustörf	1
21.	Brenna	1
22.	Rangar sakargiftir	1
23.	Rán	1
24.	Röng tilgreining í opinberu skjali	1
25.	Lög um eftirlit með skipum	1
26.	Rangur framburður	1
27.	Ólögleg rjúpnaveiði	1
28.	Peningafals	1
29.	Tilraun til nauðgunar	1
30.	Skilasvik	1

I. Reykjavík.

	Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
1.	15 03 71	FJ	Fjárdráttur.
2.	16 11 72	SJG o. fl.	Áfengislagabrot.
3.	16 11 72	SJG	Áfengislagabrot.
4.	11 01 73	SJG	Áfengislagabrot.
5.	20 06 73	JÓJ	Áfengislagabrot.
6.	27 07 73	JÞH	Umferðarlagabrot.
7.	05 10 73	SE	Umferðarlagabrot.
8.	13 02 74	SB	Umferðarlagabrot.
9.	21 02 74	HPS	Umferðarlagabrot.
10.	04 03 74	SJG	Áfengislagabrot.
11.	15 03 74	HÓ	Líkamsárás.
12.	29 04 74	JK	Líkamsárás.
13.	05 09 74	BJ	Umferðarlagabrot.
14.	30 09 74	PM	Líkamsárás.
15.	30 09 74	ÞS	Líkamsárás.
16.	30 10 74	GSG	Líkamsárás.
17.	01 11 74	SGB	Líkamstjón af gáleysi.
18.	06 12 74	RSS	Líkamsárás.
19.	11 02 75	SJS	Líkamsárás.
20.	27 02 75	JFP	Skjalafals.
21.	12 03 75	JÁÁ	Umferðarlagabrot.
22.	18 04 75	JMB	Verðlagsbrot.
23.	18 04 75	SBJ	Verðlagsbrot.
24.	18 04 75	SÞ	Verðlagsbrot.
25.	18 04 75	HB	Verðlagsbrot.
26.	03 06 75	PM	Líkamsárás.
27.	03 06 75	SG	Umferðarlagabrot.
28.	30 07 75	HH	Umferðarlagabrot.
29.	22 09 75	IRV	Umferðarlagabrot.
30.	22 10 75	MB o. fl.	Fjársvik.

	Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
31.	07 01 76	HS	Umferðarlagabrot.
32.	08 01 76	BFE	Umferðarlagabrot.
33.	17 02 76	BG	Líkamsárás.
34.	17 02 76	GÞ	Líkamsárás.
35.	17 02 76	HÞJ	Líkamsárás.
36.	25 02 76	HA	Umferðarlagabrot.
37.	02 03 76	ÞRH	Líkamstjón af gáleysi.
38.	30 03 76	ÞSA	Líkamsárás.
39.	30 04 76	SF o. fl.	Tollalagabrot.
40.	30 04 76	GY o. fl.	Tollalagabrot.
41.	04 05 76	BH	Fjársvik.
42.	05 05 76	SÞF	Nytjastuldur.
43.	08 05 76	AG	Umferðarlagabrot.
44.	19 08 76	SH	Líkamstjón af gáleysi.
45.	02 09 76	SVH	Umferðarlagabrot.
46.	28 09 76	JMG	Umferðarlagabrot.
47.	30 09 76	GL o. fl.	Tollalagabrot.
48.	15 10 76	ÁJ	Fjárdráttur.
49.	14 11 76	HWÁ	Fjársvik.
50.	15 11 76	EK	Brot gegn opinberum starfsmanni við skyldustörf.
51.	03 12 76	JA o. fl.	Fjársvik.
52.	21 12 76	KÓ	Umferðarlagabrot.
53.	22 12 76	HJ	Umferðarlagabrot.
54.	03 01 77	SÁI	Líkamsárás.
55.	03 01 77	ÆSI	Lífi eða heilsu manns stofnað í hættu.
56.	12 01 77	PÖR	Nauðgun.
57.	19 01 77	PK	Líkamsárás.
58.	24 01 77	ÓVS	Líkamsárás.
59.	24 01 77	GL o. fl.	Fjársvik.
60.	27 01 77	HK	Brenna.
61.	28 01 77	KB o. fl.	Fjársvik.
62.	02 02 77	BHG	Eignaspjöll.
63.	14 02 77	HS o. fl.	Líkamsárás.
64.	16 02 77	ÁHM	Fjársvik.
65.	22 02 77	HB o. fl.	Líkamsárás.
66.	24 02 77	PK	Líkamsárás.
67.	28 02 77	GT o. fl.	Nauðgun.
68.	01 03 77	JS	Skjalafals.
69.	07 03 77	EL	Fjársvik.
70.	08 03 77	GGG	Líkamsárás.
71.	09 03 77	RRÓ	Líkamsárás.
72.	09 03 77	KÓB	Umferðarlagabrot.
73.	11 03 77	ÞÞ o. fl.	Tollalagabrot.
74.	30 03 77	GTÆ	Líkamstjón af gáleysi.
75.	01 04 77	BV	Líkamsárás.
76.	06 04 77	GÍ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
77.	14 04 77	KK	Þjófnaður.
78.	02 05 77	GGK o. fl.	Líkamsárás.
79.	03 05 77	ÁÓS o. fl.	Líkamsárás.
80.	11 05 77	BAJ	Líkamsárás.
81.	13 05 77	SG	Líkamsárás.

	Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
82.	31 05 77	SJ	Líkamstjón af gáleysi.
83.	07 06 77	ME	Fjársvik.
84.	08 06 77	ÁMÞ	Líkamsárás.
85.	15 06 77	GB	Umferðarlagabrot.
86.	15 06 77	JGS	Líkamsárás.
87.	21 06 77	SLP	Líkamsárás.
88.	30 06 77	PGG	Líkamsárás.
89.	06 07 77	IJG	Líkamsárás.
90.	06 07 77	SGJ	Líkamsárás.
91.	18 07 77	BRJ	Þjófnaður.
92.	20 07 77	EK	Rangar sakargiftir.
93.	05 08 77	MVM	Fjárdráttur.
94.	11 08 77	JJ	Skjalafals.
95.	15 08 77	JJ	Umferðarlagabrot.
96.	18 08 77	GH o. fl.	Þjófnaður.
97.	26 08 77	HEG o. fl.	Fjársvik.
98.	08 09 77	BS	Þjófnaður.
99.	08 09 77	HPG	Þjófnaður.
100.	14 09 77	JBF	Skjalafals.
101.	23 09 77	KMÖ	Þjófnaður.
102.	26 09 77	HK	Þjófnaður.
103.	26 09 77	BS o. fl.	Þjófnaður.
104.	26 09 77	GSE	Fjárdráttur.
105.	28 09 77	HP	Þjófnaður.
106.	04 10 77	BAJ	Líkamsárás.
107.	04 10 77	ÓÁS	Líkamsárás.
108.	04 10 77	JBF o. fl.	Skjalafals.
109.	10 10 77	HEG o. fl.	Þjófnaður.
110.	31 10 77	OM	Nytjastuldur.
111.	31 10 77	HS	Eignarspjöll.
112.	01 11 77	SIP	Nauðgun.
113.	02 11 77	HCH	Þjófnaður.
114.	02 11 77	SN	Líkamsárás.
115.	07 11 77	GKJ	Líkamsárás.
116.	07 11 77	SG	Líkamsárás.
117.	15 11 77	HMS	Umferðarlagabrot.
118.	16 11 77	ÓRS	Líkamsárás.
119.	17 11 77	LS	Rán.
120.	17 11 77	KÓ o. fl.	Þjófnaður.
121.	24 11 77	BÁ	Þjófnaður.
122.	24 11 77	GMJ	Þjófnaður.
123.	24 11 77	KB	Þjófnaður.
124.	25 11 77	BAJ o. fl.	Þjófnaður.
125.	25 11 77	EIH o. fl.	Þjófnaður.
126.	28 11 77	KMÓ	Fjársvik.
127.	06 12 77	HM	Þjófnaður.
128.	08 12 77	NÞH o. fl.	Þjófnaður.
129.	12 12 77	SRB	Umferðarlagabrot.
130.	23 12 77	SEG	Þjófnaður.
131.	28 12 77	ÞÞ	Aðdróttun gegn opinberum starfsmanni vegna skyldustarfa.
132.	29 12 77	RGR o. fl.	Skjalafals.
133.	29 12 77	GH o. fl.	Röng tilgreining í opinberu skjali.

II. Akranes.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
1. 09 11 77		Manndráp af gáleysi.

III. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1. 28 02 77	AM	Þjófnaður.

IV. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

1. 22 02 73	JK	Áfengis- og umferðarlagabrot.
2. 25 03 74	HJJ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
3. 11 02 75	BÓ o. fl.	Landhelgisbrot.
4. 20 11 75	ES	Áfengis- og umferðarlagabrot.
5. 20 11 75	GHK	Umferðarlagabrot.
6. 28 05 76	HG	Lög um eftirlit með skipum o. fl.
7. 12 01 77	GK	Nauðgun.
8. 11 05 77	ÁMG	Landhelgisbrot.
9. 20 07 77	ÓS	Fjársvik.
10. 08 09 77	SMS	Þjófnaður.
11. 19 09 77	SMS	Nytjastuldur o. fl.
12. 08 12 77	SMS	Þjófnaður.
13. 16 12 77	HPG	Þjófnaður.

V. Dalasýsla.

Ekkert.

VI. Barðastrandarsýsla.

1. 02 12 75	GS	Fjársvik o. fl.
2. 19 12 75	GS	Skjalafals o. fl.
3. 28 02 77	ÞÞ	Líkamsárás.

VII. Bolungarvík.

Ekkert.

VIII. Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla.

1. 07 07 71	AA	Þjófnaður.
2. 19 09 73	KEJ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
3. 05 02 74	MJ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
4. 11 02 74	V.Þ.V.	Þjófnaður.
5. 27 02 74	KÞJ	Líkamsárás.
6. 04 03 75	GS	Áfengis- og umferðarlagabrot.
7. 23 06 76	JÞR	Áfengis- og umferðarlagabrot.
8. 06 12 76	ÁG o. fl.	Lífi eða heilsu manns stofnað í hættu.
9. 07 02 77	GI	Þjófnaður.
10. 20 03 77	JÞR	Líkamsárás.
11. 17 04 77	AA	Þjófnaður.
12. 08 06 77	OGE	Líkamsárás.

Dags. ákæru:		Auðkenni máls:	Tegund brots:
13.	10 11 77	GDJ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
14.	24 11 77	ÓRJ o. fl.	Þjófnaður o. fl.
15.	06 12 77	ÓÞJ o. fl.	Rangur framburður o. fl.
16.	14 12 77	KS	Þjófnaður o. fl.
17.	19 12 77	GG	Áfengis- og umferðarlagabrot.

IX. Strandasýsla.

Ekkert.

X. Húnavatnssýsla.

Ekkert.

XI. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.

1.	09 12 74	JVÁ	Þjófnaður o. fl.
2.	10 06 74	JVÁ o. fl.	Þjófnaður.
3.	17 02 75	SG	Áfengis- og umferðarlagabrot.
4.	15 01 76	HÞF	Áfengis- og umferðarlagabrot.
5.	27 06 77	JVÁ	Þjófnaður o. fl.

XII. Siglufjörður.

Ekkert.

XIII. Ólafsfjörður.

Ekkert.

XIV. Akureyri, Dalvík og Eyjafjarðarsýsla.

1.	31 12 73	GS	Áfengis- og umferðarlagabrot.
2.	04 04 75	PGJ	Umferðarlagabrot.
3.	19 11 75	SVG	Þjófnaður.
4.	10 02 76	LH	Áfengis- og umferðarlagabrot.
5.	02 03 76	RK	Líkamsárás.
6.	07 05 76	HO	Áfengis- og umferðarlagabrot.
7.	06 08 76	HVT	Fjársvik.
8.	25 08 76	JEH	Áfengis- og umferðarlagabrot.
9.	09 09 76	JFF	Þjófnaður.
10.	10 10 77	SM	Þjófnaður.

XV. Húsavík og Þingeyjarsýsla.

1.	31 05 76	GHL	Áfengis- og umferðarlagabrot.
2.	10 11 76	GHL	Áfengis- og umferðarlagabrot.
3.	15 08 77	FB o. fl.	Ólögleg rjúpnaveiði.
4.	09 09 77	KG	Fjársvik.

XVI. Seyðisfjörður og Norður-Múlasýsla.

Ekkert.

XVII. Neskaupstaður.

Ekkert.

XVIII. Eskifjörður og Suður-Múlasýsla.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
1. 11 07 74	KJS o. fl.	Nauðgun.
2. 01 06 77	ARA	Líkamsárás.
3. 01 06 77	HG	Líkamsárás.
4. 03 06 77	BJ	Manndráp af gáleysi.
5. 31 10 77	ÞÁE	Áfengis- og umferðarlagabrot.

XIX. Austur-Skaftafellssýsla.

Ekkert.

XX. Vestur-Skaftafellssýsla.

Ekkert.

XXI. Vestmannaeyjar.

1. 02 06 71	KÓH	Líkamsárás.
2. 26 05 72	KÓH	Líkamsárás.
3. 31 08 72	SÁS	Líkamsárás.
4. 07 06 74	BK	Líkamsárás.
5. 22 11 74	GTG	Eignarspjöll o. fl.
6. 22 09 74	GTG	Eignarspjöll o. fl.
7. 01 03 77	SVS	Fjársvik.

XXII. Rangárvallasýsla.

1. 12 04 77	SB	Fjársvik.

XXIII. Selfoss og Árnessýsla.

1. 24 06 75	SHS o. fl.	Skjalafals.
2. 21 01 77	SE	Nytjastuldur o. fl.
3. 06 04 77	SÓ	Skjalafals.
4. 25 04 77	SGI	Þjófnaður o. fl.
5. 04 07 77	HI	Nytjastuldur o. fl.
6. 04 07 77	GBM	Manndráp af gáleysi.
7. 08 09 77	JAS	Þjófnaður.
8. 22 09 77	ÓSH	Skjalafals o. fl.
9. 15 11 77	SS	Nytjastuldur o. fl.
10. 02 12 77	SGI o. fl.	Nytjastuldur o. fl.

XXIV. Keflavík, Njarðvík, Grindavík og Gullbringusýsla.

1. 16 08 74	FHM	Áfengis- og umferðarlagabrot.
2. 11 09 75	GGA	Áfengis- og umferðarlagabrot.
3. 10 10 75	KS	Áfengis- og umferðarlagabrot.
4. 06 02 76	ÞSS	Fjársvik.
5. 21 06 76	RJ	Líkamstjón af gáleysi.
6. 29 06 76	ÖE	Manndráp af gáleysi.
7. 27 08 76	JÞ	Brot gegn opinberum starfsmanni vegna skyldustarfa.
8. 20 11 76	EBS	Áfengis- og umferðarlagabrot.
9. 20 01 77	SAG	Áfengis- og umferðarlagabrot.
10. 27 01 77	PM	Líkamsárás.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
11. 16 02 77	JEV	Fjársvik.
12. 11 03 77	GJ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
13. 27 04 77	RJA	Líkamsárás.
14. 13 05 77	HJK	Líkamsárás o. fl.
15. 23 05 77	ÓG	Fjárdráttur.
16. 16 08 77	GJ	Nytjastuldur o. fl.
17. 20 09 77	SKJ	Peningafals o. fl.
18. 15 09 77	KSB	Líkamsárás o. fl.

XXV. Keflavíkurflugvöllur.

1. 08 08 76	FFE	Áfengis- og umferðarlagabrot.
2. 17 08 76	PHG	Tollalagabrot.

XXVI. Hafnarfjörður, Garðakaupstaður, Seltjarnarnes og Kjósarsýsla.

1. 12 11 74	FG o. fl.	Lífi eða heilsu manns stofnað í hættu.
2. 25 09 75	KV	Fjársvik.
3. 20 10 75	ÞJ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
4. 20 10 75	JSSH	Líkamsárás o. fl.
5. 31 10 75	GVG	Áfengis- og umferðarlagabrot.
6. 14 11 75	KGJL o. fl.	Áfengis- og umferðarlagabrot.
7. 25 11 75	VÞV	Þjófnaður.
8. 14 12 75	JG	Áfengis- og umferðarlagabrot.
9. 07 01 76	RÞM	Umferðarlög o. fl.
10. 16 01 76	SÍK	Áfengis- og umferðarlög.
11. 19 01 76	SMS	Fjársvik.
12. 22 01 76	GG o. fl.	Þjófnaður o. fl.
13. 23 03 76	JH	Áfengis- og umferðarlagabrot.
14. 14 04 76	VB	Áfengis- og umferðarlagabrot.
15. 23 04 76	KJ	Fjársvik.
16. 26 04 76	GBF	Áfengis- og umferðarlagabrot.
17. 28 04 76	ÓT	Áfengis- og umferðarlagabrot.
18. 28 04 76	JÞG	Áfengis- og umferðarlagabrot.
19. 30 04 76	JKR	Áfengis- og umferðarlagabrot.
20. 05 05 76	DKK	Skjalafals o. fl.
21. 09 06 76	ÓA	Áfengis- og umferðarlagabrot.
22. 24 06 76	ÓM	Líkamstjón af gáleysi.
23. 30 06 76	HEG	Umferðarlagabrot.
24. 13 08 76	GKG	Þjófnaður.
25. 26 08 76	MPS	Fjársvik.
26. 30 08 76	ÓG	Fjársvik.
27. 15 09 76	GM	Fjársvik.
28. 22 10 76	GKG	Þjófnaður.
29. 26 10 76	ÞÖS	Áfengis- og umferðarlagabrot.
30. 27 10 76	ÞS	Umferðarlagabrot.
31. 01 11 76	IRE	Fjársvik.
32. 02 11 76	SÖH	Fjársvik.
33. 02 11 76	ISG	Fjársvik.
34. 17 11 76	SH	Fjársvik.
35. 17 11 76	HÖK	Fjársvik.
36. 17 11 76	ÓKS	Fjársvik.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
37. 17 11 76	KG	Fjársvik.
38. 18 11 76	JÞS	Fjársvik.
39. 18 11 76	ÓFB	Fjársvik.
40. 18 11 76	MS	Fjársvik.
41. 18 11 76	PS	Fjársvik.
42. 24 11 76	VÞV	Þjófnaður.
43. 29 11 76	JSSH	Líkamsárás.
44. 10 12 76	BK	Manndráp af gáleysi.
45. 03 01 77	BH	Hegningarlagabrot.
46. 05 01 77	ASE	Fjársvik.
47. 06 01 77	MK o. fl.	Hegningarlagabrot.
48. 12 01 77	KJ	Fjársvik.
49. 24 01 77	ERS	Áfengis- og umferðarlagabrot.
50. 24 01 77	DKK	Skjalafals o. fl.
51. 11 02 77	JG	Fjársvik.
52. 14 02 77	SGÁ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
53. 16 02 77	AHNV	Áfengis- og umferðarlagabrot.
54. 04 03 77	ÞR	Áfengis- og umferðarlagabrot.
55. 17 03 77	MÁM	Skjalafals o. fl.
56. 01 04 77	SVS	Líkamsárás.
57. 06 04 77	OAK	Skjalafals o. fl.
58. 06 04 77	SV	Fjársvik.
59. 13 04 77	HP	Fjársvik.
60. 25 04 77	HIJ	Fjársvik.
61. 27 04 77	JSSH	Líkamsárás.
62. 10 05 77	PB	Fjársvik.
63. 31 05 77	GG o. fl.	Skjalafals o. fl.
64. 10 06 77	ÞSÓ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
65. 13 06 77	SM	Áfengis- og umferðarlagabrot.
66. 15 06 77	JSSH	Líkamsárás.
67. 05 07 77	GG o. fl.	Þjófnaður o. fl.
68. 06 07 77	ESH	Líkamsárás.
69. 09 08 77	ÞSÓ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
70. 28 08 77	BAJ o. fl.	Þjófnaður.
71. 01 09 77	BJ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
72. 22 09 77	JÞ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
73. 29 09 77	JÓ	Þjófnaður.
74. 04 10 77	GHS	Skjalafals o. fl.
75. 21 10 77	KAK	Nytjastuldur o. fl.
76. 31 10 77	GG	Nauðgun.
77. 31 10 77	HVJ o. fl.	Áfengis- og umferðarlagabrot.
78. 02 11 77	BJ	Fjársvik.
79. 03 11 77	MKD	Fjársvik.
80. 07 11 77	BJ	Líkamsárás.
81. 10 11 77	JÓ	Þjófnaður.
82. 17 11 77	JÓ o. fl.	Þjófnaður o. fl.
83. 21 11 77	HÞG	Þjófnaður.
84. 24 11 77	GB	Fjársvik.
85. 05 12 77	JKM	Fjárdráttur.
86. 14 12 77	HE	Líkamsárás.
87. 28 12 77	GÓG	Áfengis- og umferðarlagabrot.
88. 30 12 77	EME	Fjárdráttur.

XXVII. Kópavogur.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
1. 17 02 76	RÖJ	Líkamsárás.
2. 10 12 76	ÞÖS	Byggingarsamþykkt.
3. 10 12 76	SG	Byggingarsamþykkt.
4. 07 02 77	HFE	Þjófnaður o. fl.
5. 04 04 77	ÓJ	Fjárdráttur.
6. 03 05 77	SH	Þjófnaður.
7. 15 06 77	GP	Líkamsárás.
8. 30 06 77	HVG	Líkamsárás.
9. 16 08 77	GVS	Áfengis- og umferðarlagabrot.
10. 09 09 77	HFE	Þjófnaður o. fl.
11. 26 09 77	JKS	Tilraun til nauðgunar o. fl.
12. 27 09 77	KJ	Þjófnaður.
13. 14 11 77	JKS	Þjófnaður.
14. 16 12 77	HFE	Þjófnaður o. fl.
15. 29 12 77	GS	Skilasvik o. fl.

XXVIII. Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum.

1. 19 08 75	BÆ o. fl.	Fíkniefnamisferli.
2. 02 06 76	ASE o. fl.	Fíkniefnamisferli.
3. 12 10 76	ÞÞ	Fíkniefnamisferli.
4. 22 02 77	OGP	Fíkniefnamisferli.
5. 04 03 77	JRM o. fl.	Fíkniefnamisferli.
6. 22 03 77	PHP	Fíkniefnamisferli.
7. 12 04 77	IS	Fíkniefnamisferli.
8. 12 04 77	KRW	Fíkniefnamisferli.
9. 12 04 77	ARA	Fíkniefnamisferli.
10. 12 04 77	HA	Fíkniefnamisferli.
11. 22 04 77	RRTO	Fíkniefnamisferli.
12. 31 05 77	ÓÞJ	Fíkniefnamisferli.
13.	SHE	Fíkniefnamisferli.

Sþ. 335. Tillaga til þingsályktunar [176. mál]

um könnun á atvinnu- og efnahagslegum áhrifum takmarkana á fiskveiðum Íslendinga.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Guðmundur Karlsson, Sverrir Hermannsson, Lárus Jónsson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera ítarlega könnun á atvinnu- og efnahagslegum áhrifum þess, ef farið verður að tillögu fiskifræðinga um að þorskveiðar Íslendinga í ár verði takmarkaðar við 250 000 smálestir. Enn fremur verði könnuð áhrif þess, ef farið verður að tillögum þeirra um viðgang helstu fiskstofna á næstu árum.

Greinargerð.

Undanfarin ár hafa farið fram miklar umræður um veiðiþol fiskstofna innan hinnar nýju 200 mílna fiskveiðilögsögu Íslands. Árvisst hafa fiskifræðingar látið frá sér fara aðvaranir um, að ýmsir mikilvægir fiskstofnar væru ofveiddir og að grípa yrði til veiðitakmarkana. Flestir, sem til þekkja, eru sammála um nauðsyn þess, að einskis megi látið ófreistað í þeim efnum að afstýra því, að fiskstofnarnir

séu ofnýttir. Hins vegar greinir menn á um, hvar draga skuli mörkin. Fara þar ekki alltaf saman skoðanir þeirra, er starfa í sjávarútvegi, og sérfræðinga.

Nú liggur fyrir tillaga frá fiskifræðingum um róttækan niðurskurð á þorskveiðum á yfirstandandi ári. Um er að ræða, að leyfilegur hámarksafli þorsks verði 250 000 smálestir, en á s. l. ári var þorskaflinn 330 000 smálestir. Þá lögðu fiskifræðingar til að þorskafli yrði 270 000 smálestir. Verði farið að þessari og öðrum tillögum, sem fiskifræðingar gera og hníga í sömu átt, mun það hafa gífurleg áhrif á efnahagslega afkomu þjóðarinnar.

Án ítarlegrar athugunar er erfitt að gera sér grein fyrir áhrifum þessara aðgerða á útgerð, fiskiðnað og afkomu þess fólks, er í þessum atvinnugreinum starfar, auk almennra áhrifa á atvinnu- og efnahagslíf landsmanna í heild.

Ljóst er þó, að fjórðungs niðurskurður á veiðum mikilvægasta fiskstofnsins, þorksins, hlýtur að hafa í för með sér stórfelld samdráttaráhrif í atvinnu- og efnahagslífinu. Engir útreikningar né áætlanir liggja fyrir um stærð þess vanda, sem þjóðin stendur frammi fyrir, ef farið verður að tillögum fiskifræðinga. Er því lagt til, að slíkir útreikningar eða áætlanir verði gerðar hið fyrsta. Án framangreinds mats er þess vart að vænta, að gert verði viðhlítandi grein fyrir því, hvernig vinna beri að lausn þess gífurlega vanda, sem verður í atvinnu- og efnahagsmálum í nánustu framtíð verði farið að tillögum fiskifræðinga.

Með tillöguflutningi þessum eru flutningsmenn ekki að leggja dóm á tillögur fiskifræðinga í fiskveiðimálum Íslendinga.

Nd. 336. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 6 mars 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Svo sem við mátti búast vildu flutningsmenn frumvarpsins, sem jafnframt eru nefndarmenn þessarar á ýmsan hátt frábæru nefndar, mæla með samþykkt þess.

Við hin, sem undirritum nefndarálit þetta, teljum þingfararkaupsmálum alþingismanna ekki betur komið hjá Kjaradómi heldur en þar sem þau eru nú, þ. e. hjá kjörnum fulltrúum þjóðarinnar, sem verða nú, auk þessa álags, að skipa málum manna af fyllsta drengskap og réttsýni, sem mönnum er vitanlega misjafnlega gefið, skorumst heldur eigi undan gagnrýni í þeim efnum:

En með því að við teljum Kjaradóm ekki heldur óskeikulan, leggjum við til, að umrætt frumvarp verði fellt.

Alþingi, 5. febr. 1979.

Einar Ágústsson, fundaskr., frsm. Gils Guðmundsson. Matthías Á. Mathiesen.

Svava Jakobsdóttir.

Nd. 337. Breytingartillögur [44. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 6. mars 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

Eggert Haukdal.

1. Við 1. gr.
   a. Niður falli orðin „að fengnum tillögum þingfararkaupsnefndar“.
   b. Síðasta málgr. orðist svo:

Ráðherra, sem er ekki alþingismaður, á rétt á ½ þingfararkaupi og nýtur að öllu leyti þeirra réttinda, sem alþingismönnum eru ákveðin í lögum þessum.

c. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Nú verður þingmaður ráðherra og falla þá niður ½ alþingismannslaun hans frá sama tíma.

2. Við 2. gr. Niður falli orðin „að fengnum tillögum þingfararkaupsnefndar".
3. Við 3. gr. Niður falli orðin „að fengnum tillögum þingfararkaupsnefndar".
4. Við 4. gr. Niður falli orðin „að fengnum tillögum þingfararkaupsnefndar".

Ed. 338. Frumvarp til laga [177. mál]

um húsaleigusamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna o. fl.

1. gr.

Lög þessi gilda um samninga sem fjalla um afnot af húsi eða hluta af húsi gegn endurgjaldi. Lögin gilda ennfremur um afnot húsnæðis samkvæmt vinnusamningi eða viðauka við slíkan samning.

Fjalli samningur ennfremur um land, sem nýta á í tengslum við afnot af húsnæði skal fara um slíka samninga skv. lögum þessum, nema um afnot lands til landbúnaðar sé að ræða.

Með íbúðarhúsnæði er í lögum þessum átt við húsnæði sem látið er í té til afnota að öllu eða verulegu leyti til íbúðar.

Lög þessi gilda ekki um samninga hótela, gistihúsa og sambærilegra aðila við gesti sína. Sama gildir um orlofsheimili sem leigð eru til skamms tíma.

2. gr.

Ákvæði í leigumála, sem fer í bága við ákvæði laga þessara verður ekki beitt gegn leigutaka eða þeim sem hefur rétt til að koma í hans stað, nema annars sé sérstaklega getið.

3. gr.

Ákvæði í lögum þessum um hjón eða maka eiga einnig við um sambúðarfólk, en með sambúðarfólki er átt við karl og konu, sem búa saman og eru bæði ógift. ef þau hafa átt saman barn, konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár.

II. KAFLI
Gerð leigumála.

4. gr.

Leigumála um húsnæði skal gera skriflegan.

Félagsmálaráðuneytið skal láta gera sérstök eyðublöð fyrir leigumála um íbúðarhúsnæði. Eyðublöðin skulu liggja frammi, almenningi til afnota, á skrifstofum sveitarfélaga, hjá samtökum leigutaka og leigusala, og annars staðar þar sem ástæða þykir til.

Ráðuneytið getur ákveðið hæfilegt endurgjald fyrir eyðublöðin sem dreifingaraðila er skylt að innheimta.

5. gr.

Heimilt er félagsmálaráðuneyti að staðfesta til almennra nota eyðublöð samkv. 4. gr., sem samtök leigutaka eða leigusala kunna að láta gera, enda sé á þau skráð um staðfestingu ráðuneytisins. Sama á við um eyðublöð sem gerð eru á vegum Fasteignamats ríkisins og Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

6. gr.

Allar breytingar á leigumála eða viðbætur við hann, sem heimilar eru samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar skriflegar og skráðar á leigumálann sjálfan.

7. gr.

Leigumála má ýmist gera til ákveðins tíma eða ótímabundna.

Sé leigumáli tímabundinn lýkur honum án sérstakrar uppsagnar en senda skal leigusali tilkynningu til leigutaka samkv. 16. gr.

Um ótímabundna leigusamninga gilda hins vegar ákvæði 13. gr. um uppsagnarfrest og auk þess ákvæði 15. gr. um fardaga ef hið leigða er íbúðarhúsnæði.

8. gr.

Leigutaki íbúðarhúsnæðis samkvæmt tímabundnum leigusamningi skal að leigutíma loknum hafa forleigurétt að hinu leigða. Leigumálinn framlengist þá í jafnlangan tíma og hinn uphaflegi samningur gilti, en þó ekki lengur en í eitt ár hverju sinni. Leigusali getur þó valið milli þess hvort gerður skuli nýr tímabundinn samningur eða hinn tímabundni samningur breytist í ótímabundinn samning, sem lýtur almennum reglum laga þessara m. a. um uppsögn. Skilmálar framlengds leigumála skulu vera hinir sömu og í uphaflegum leigumála að öðrr leyti, m. a. um fjárhæð húsaleigu, nema að því leyti sem leiðir af leyfilegum breytingum á húsaleigunni samkvæmt samningi aðila eða lögum.

Líta skal á upphaflega umsaminn leigutíma og framlengingu hans skv. forleigurétti sem samfelldan leigutíma og meta réttindi og skyldur leigusala og leigutaka eftir því m. a. að því er lýtur að fyrirframgreiðslu skv. 2. mgr. 51. gr.

Forleigurétturinn fellur niður ef leigusali lætur íbúðarhúsnæðið í té til afnota til a. m. k. eins árs skyldmenni í beina línu, kjörbörnum eða fósturbörnum og systkinum sínum og börnum þeirra eða tekur íbúðarhúsnæðið til afnota fyrir sjálfan sig. Sama gildir, ef leigusali selur hið leigða íbúðarhúsnæði.

Forleiguréttur leigutaka skv. 1. mgr. gildir ekki, ef hið leigða íbúðarhúsnæði er í sama húsi og leigusali býr í sjálfur.

9. gr.

Í leigumála skal m. a. geta eftirtalinna atriða:

A. Hvort úttekt á hinu leigða skuli fara fram við afhendingu skv. 33. gr.
B. Hvort leigutaki skuli inna af hendi tryggingarfé eða leggja fram bankaábyrgð skv. 55. gr. og um fjárhæð tryggingar.
C. Hvort leigu skuli í upphafi greiða fyrirfram og að hve miklu leyti leigusali hyggst nota rétt sinn skv. 51. gr. til heimtu frekari fyrirframgreiðslu síðar á leigutímanum.
D. Forleiguréttar skv. 8. gr. ef um tímabundinn leigumála er að ræða.
E. Hvort samið er um lágmarks leigutíma ef um ótímabundinn leigumála er að ræða.
F. Fjárhæðar húsaleigu svo ekki verði um villst.

10. gr.

Ef aðilar hafa vanrækt að gera skriflegan leigumála eða notað óstaðfest eyðublöð við gerð hans, gilda öll ákvæði laga þessara um réttarsamband þeirra. Upphæð leigunnar ákveðst þá sú fjárhæð sem leigusali getur sýnt fram á að leigutaki hafi samþykkt. Komi engin sönnunargögn fram um leigufjárhæðina er heimilt að láta dómkvadda matsmenn ákveða, á kostnað leigusala, sanngjarna fjárhæð leigunnar.

11. gr.

Ákvæði í leigumála má meta ógild ef þau myndu leiða til niðurstöðu sem væri bersýnilega ósanngjörn. Sama gildir ef ákvæði í leigumála brýtur í bága við góðar venjur í húsaleigumálum.

III. KAFLI
Uppsögn leigumála — leigufardagar.

12. gr.

Uppsögn ótímabundins leigumála er heimil báðum aðilum hans.
Uppsögn skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti.

13. gr.

Uppsagnarfrestur ótímabundins leigumála skal vera:

1. Einn mánuður á einstökum herbergjum, geymsluskúrum og þess háttar húsnæði, sem ekki er atvinnuhúsnæði.
2. Þrír mánuðir á íbúðum, en íbúð telst hvert það húsnæði þar sem fjölskylda getur haft venjulega heimilisaðstöðu. Uppsagnarfrestur af hálfu leigusala skal þó vera 6 mánuðir ef leigutaki hefur haft íbúð á leigu eitt ár og allt að fimm árum. Hafi leigutaki haft íbúð á leigu lengur en fimm ár skal uppsagnarfrestur af hálfu leigusala vera eitt ár.
3. Sex mánuðir á atvinnuhhúsnæði. Þó skal það valda sanngjarnri lengingu uppsagnarfrests ef verslunarrekstur hefur aflað sér sérstakrar viðskiptavildar í hinu leigða húsnæði eða ef flutningur á atvinnustarfsemi er bundinn sérstökum erfiðleikum. Skal fresturinn í þeim tilvikum vera 9 mánuðir en allt að 12 mánuðum hið lengsta.

14. gr.

Uppsagnarfrestur telst hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn var send leigutaka. Þegar hið leigða húsnæði er atvinnuhúsnæði skal leigutaki hafa lokið rýmingu og frágangi þess eigi síðar en kl. 13.00 næsta dag eftir að uppsagnarfresti lauk.

Þegar hið leigða húsnæði er notað til íbúðar skal leigutaki ljúka rýmingu og frágangi þess kl. 13.00 næsta fardag eftir að uppsagnarfrestur er liðinn.

15. gr.

Fardagar eru 1. júní og 1. október ár hvert. Beri fardag upp á sunnudag eða helgidag skal hann vera næsti virki dagur þar á eftir.

16. gr.

Nú er leigumáli tímabundinn og skal leigusali þá eigi síðar en einum mánuði og lengst þrem mánuðum áður en leigutíminn er útrunninn, senda leigutaka skriflega tilkynningu um að hann hyggist ekki framlengja leigumálann. Ella telst hafa stofnast til ótímabundins leigumála með aðilum um hið leigða húsnæði.

Vilji leigutaki nota forleigurétt sinn að íbúðarhúsnæði skv. 8. gr. skal hann senda leigusala skriflega tilkynningu um það eigi síðar en innan 10 daga frá því að honum barst tilkynning skv. 1. mgr.

Telji leigusali, að leigutaki hafi ekki forleigurétt af þeim ástæðum, sem greinir í 8. gr. 3. mgr. skal hann inan 10 daga gera leigutaka skriflega grein fyrir því á hvern hátt hann hyggst ráðstafa hinu leigða. Að öðrum kosti stofnast til ótímabundins leigumála með aðilum um hið leigða húsnæði.

17. gr.

Nú líður mánuður frá því að leigutíma lauk samkvæmt uppsögn eða ákvæðum tímabundins leigumála, en leigutaki heldur áfram að hagnýta hið leigða húsnæði

og getur leigusali þá krafist þess að leigumálinn framlengist ótímabundið. Sömu kröfu getur leigutaki einnig gert enda hafi leigusali ekki skorað á hann að rýma húsnæðið eftir að leigutíma var lokið.

18. gr.

Fógeta er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að úrskurða, að leigutaki geti, þrátt fyrir uppsögn, setið áfram í hinu leigða húsnæði í allt að 3 mánuði frá þeim tíma, er leigumála skyldi vera lokið, þyki sú niðurstaða sanngjörn, þegar litið er á hagsmuni leigutaka annars vegar og leigusala hins vegar, enda leggi leigutaki málið fyrir fógeta a. m. k. tveimur vikum áður en leigumála skyldi lokið.

Ákvæðum þessum verður þó ekki beitt, ef leigutaki hefur unnið til útburðar samkvæmt 1., 2., 7. og 9. tölulið 20. gr.

IV. KAFLI
Riftun leigumála.

19. gr.

Leigutaka er heimilt að rifta leigumála í eftirtöldum tilvikum:

1. Þegar leigusali bætir eigi úr annmörkum á hinu leigða húsnæði samkvæmt 27. gr.
2. Ef ónauðsynlegur dráttur verður á afhendingu húsnæðisins. Beri leigusali ábyrgð á slíkum drætti á leigutaki jafnframt rétt til skaðabóta.
3. Ef húsnæðið spillist svo á leigutímanum, af ástæðum sem ekki verða raktar til leigutaka, að það nýtist eigi lengur til fyrirhugaðra nota eða teljist heilsuspillandi að mati heilbrigðisyfirvalda.
4. Ef réttur leigutaka er verulega skertur vegna laga eða annarra opinberra fyrirmæla eða vegna þess, að hann fer í bága við kvaðir sem á eigninni hvíla. Leigusali ber og bótaábyrgð á beinu tjóni leigutaka af völdum slíkrar skerðingar ef hann vissi eða mátti um hana vita við gerð leigumála og lét hjá líða að gera leigutaka aðvart

20. gr.

Leigusala er rétt að rifta leigumála í eftirtöldum tilvikum þótt leigutaka sé tryggður leiguréttur í húsnæði með samningi eða með ákvæðum 8. gr. laga þessara:

1. Ef leigutaki greiðir ekki leiguna eða framlag til sameiginlegs kostnaðar samkvæmt VII. kafla á réttum gjalddaga og sinnir ekki innan 7 sólarhringa skriflegri áskorun leigusala um greiðslu, enda hafi slík áskorun verið send eftir gjalddaga og leigusali þar tekið fram, að hann muni beita riftunarheimild sinni.
2. Ef leigutaka ber að vinna leigugreiðslu af sér að hluta eða alveg og honum verður á stórfelld vanræksla eða gerist sekur um meiri háttar handvömm við starfið.
3. Ef leigutaki nýtir húsnæðið á annan hátt en lög þessi eða leigumáli mæla fyrir um og lætur ekki af misnotkun þess þrátt fyrir skriflega áminningu leigusala.
4. Ef leigutaki misnotar heimild sína til framleigu á húsnæðinu skv. X. kafla eða ef framleigutaki gerist sekur um einhverja þá háttsemi sem heimilar leigusala riftun gagnvart upphaflegum leigutaka.
5. Ef leigutaki meinar leigusala eða öðrum, án gildra ástæðna, aðgang að hinu leigða húsnæði í bága við ákvæði 36. gr.
6. Ef leigutaki flyst úr húsnæðinu áður en leigutíma er lokið án þess að hafa gert nauðsynlegar ráðstafanir til gæslu og verndar húsnæðisins.
1. Ef húsnæðið spillist í umsjá leigutaka vegna slæmrar umgengni eða hirðuleysis þeirra, sem leigutaki ber ábyrgð á, og hann sinnir eigi án tafar kröfu leigusala um úrbætur sbr. 36. gr.
8. Ef leigutaki vanrækir, þrátt fyrir áminningar leigusala, skyldur sínar til að sjá um að góð regla og umgengni haldist í hinu leigða húsnæði, sbr. 48. gr.

9. Ef leigutaki vanrækir að öðru leyti, en hér að framan greinir, skyldur sínar samkvæmt leigumála eða lögum þessum á svo stórfelldan hátt að rýming hans úr húsnæðinu telst eðlileg eða nauðsynleg.

21. gr.

Nú er leigumála rift af einhverri þeiri ástæðu, sem talin er í 20. gr., og skal leigutaki þá bæta leigusala það tjón, sem leiðir beint af vanefndum hans. Ef leigumáli var tímabundinn skal leigutaki auk þess greiða leigu til loka leigutímans, en ella til næsta fardags.

Leigutaki skal þó strax gera nauðsynlegar ráðstafanir til að leigja húsnæðið hið allra fyrsta gegn hæfilegu gjaldi og skulu þær leigutekjur, sem hann þannig hefur eða hefði átt að hafa, koma til frádráttar leigubótum skv. 1. mgr.

22 .gr.

Nú neytir leigusali ekki réttar síns til riftunar samkv. 20. gr. innan mánaðar frá því að honum varð kunnugt um vanefndir leigutaka eða leigutaki hefur að fullu bætt úr því sem aflaga fór og fellur réttur leigusala til riftunar þá niður.

23. gr.

Heimilt er fógeta að fresta, gegn hóflegri tryggingu, framkvæmd úrskurðar um útburð hafi leigutaki áfrýjað málinu til Hæstaréttar innan sjö daga frá uppsögn fógetaúrskurðar enda mæli sérstakar aðstæður með slíkri frestun.

V. KAFLI

Afhending og skil leiguhúsnæðis.

24. gr.

Leiguhúsnæði skal, er það er afhent leigutaka, vera í því ástandi sem almennt er talið fullnægjandi miðað við fyrirhugaða notkun þess og staðsetningu.

25. gr.

Spillist leiguhúsnæði fyrir upphaf leigutíma þannig, að það verði óhæft til fyrirhugaðra nota, fellur leigusamningurinn úr gildi.

Leigutaki á þá ekki rétt til bóta nema spjöllin séu sök leigusala sjálfs eða hann vanræki að gera leigutaka viðvart um þau.

26. gr.

Nú kemur í ljós að hið leigða húsnæði er ekki í því ástandi sem leigumáli greinir eða leigutaki hlaut að mega gera ráð fyrir og skal leigutaki þá innan 14 daga frá afhendingu gera leigusala skriflega grein fyrir aðfinnslum sínum og segja til hverra úrbóta er krafist. Ella telst leigutaki una húsnæðinu.

Leigutaki skal segja til galla, sem síðar koma fram á húsnæðinu og voru ekki sýnilegir við venjulega athugun, innan 14 daga frá því hann varð þeirra var.

27. gr.

Geri leigusali ekki innan hæfilegs frests ráðstafanir til að bæta úr annmörkum á húsnæðinu er leigutaka heimilt að ráða bót á þeim og draga frá leigunni þann kostnað, sem af því hlýst, enda hafi hann fyrst aflað samþykkis úttektarmanns sbr. XI. kafla.

Hafi leigusali ekki sinnt réttmætri kröfu leigutaka um úrbætur innan þriggja mánaða frá því hún barst honum og leigutaki ekki neytt réttar síns samkv. 1. mgr. er leigutaka heimilt að rifta leigumálanum, enda sé um verulega annmarka að tefla, miðað við fyrirhuguð not leigutaka af húsnæðinu. Leigutaki á kröfu til hlutfallslegrar lækkunar á leigu meðan eigi hefur verið bætt úr annmörkum á hinu leigða húsnæði.

Lækkun leigunnar metur úttektarmaður en rétt er þó aðilum að bera ákvörðun hans undir dómkvadda matsmenn, enda hafi verið beðið um dómkvaðningu þeirra innan mánaðar frá því að niðurstaða úttektarmanns var aðilum kunn.

28. gr.

Að leigutíma loknum skal leigutaki skila húsnæðinu í hendur leigusala ásamt tilheyrandi fylgifé í sama ástandi og hann tók við því. Ber leigutaki óskerta bótaábyrgð á allri rýrnun húsnæðisins eða spjöllum á því að svo miklu leyti sem slíkt telst ekki eðlileg afleiðing venjulegrar eða umsaminnar notkunar húsnæðisins eða stafar af atvikum, sem voru leigutaka sannanlega óviðkomandi.

29. gr.

Bótakröfu sinni á hendur leigutaka verður leigusali að lýsa skriflega innan 14 daga frá skilum húsnæðisins.

Hafi slíkir ágallar ekki verið sýnilegir við skil húsnæðisins skal þeim lýst með sama hætti innan 14 daga frá því að þeirra varð vart.

Sé þessara tímamarka ekki gætt fellur bótaréttur leigusala niður nema leigutaki hafi haft svik í frammi.

30. gr.

Leigutaka er heimilt að flytja á brott með sér fastar innréttingar og annað þess háttar fylgifé, sem hann hefur sjálfur kostað til húsnæðisins enda komi hann því aftur í upprunalegt ástand.

31. gr.

Hafi leigutaki skipt um læsingar í húsnæðinu ber honum að skila leigusala öllum lyklum að þeim án sérstaks endurgjalds.

32. gr.

Hafi leigumála verið þinglýst ber leigutaka að annast aflýsingu hans.

33. gr.

Skylt er aðilum leigumála að láta fara fram úttekt á hinu leigða húsnæði við afhendingu ef annar aðilinn krefst þess.

Úttektina framkvæmir löggiltur úttektarmaður að viðstöddum leigusala og leigutaka eða umboðsmönnum þeirra. Á sérstaka úttektaryfirlýsingu, sem úttektarmaður leggur til, skal skrá sem ítarlegasta lýsingu á hinu leigða húsnæði og ástandi þess og getur leigutaki þá strax komið að aðfinnslum sínum og óskað úrbóta.

Á úttektaryfirlýsingu skal staðgreina nákvæmlega hið leigða húsnæði, geta fylgifjár, dagsetningar leigumála og aðilja hans.

34. gr.

Úttektaryfirlýsing skal gerð í þríriti og skulu aðilar leigumála og úttektarmaður undirrita hana og halda einu eintaki hver. Úttekt skal leggja til grundvallar ef ágreiningur verður um bótaskyldu leigutaka við skil húsnæðisins.

Aðilar skulu láta úttektarmanni í té afrit leigumála, sem hann varðveitir með úttektaryfirlýsingunni.

35. gr.

Nú koma leigusali og leigutaki sér ekki saman um bótafjárhæð vegna skemmda á hinu leigða húsnæði og skal úttektarmaður þá meta tjónið. Rétt er þó hvorum aðila að krefjast mats dómkvaddra manna á bótafjárhæðinni, innan mánaðar frá því að aðila var kunn niðurstaða úttektarmanns.

VI. KAFLI
Viðhald leiguhúsnæðis.

36. gr.

Leigutaka er skylt að fara vel með hið leigða húsnæði og í samræmi við umsamin afnot þess.

Verði hið leigða húsnæði eða fylgifé þess fyrir tjóni af völdum leigutaka, heimilismanna eða annarra manna, sem hann hefur leyft afnot af húsnæðinu eða umgang um það, skal leigutaki gera ráðstafanir til að bæta úr tjóninu innan hæfilegs frests.

Efni leigutaki ekki skyldur sínar skv. 2. mgr. innan hæfilegs frests er leigusala heimilt að tilkynna honum, að hann muni láta fara fram viðgerð á tjóninu að liðnum 21 degi frá afhendingu tilkynningar á kostnað leigutaka. Hafi leigutaki ekki hafist handa um viðgerð á greindum fresti og ljúki henni ekki með hæfilegum hraða er leigusala heimilt að láta framkvæma viðgerðina á kostnað leigutaka, enda leiti hann áður álits úttektarmanns á nauðsyn hennar og samþykkis fyrir kostnaðinum að verki loknu.

Skylt er leigutaka í tilvikum þeim, sem fjallað er um í 3. mgr., að sæta umgangi viðgerðarmanna án nokkurs réttar til frádráttar í leigugjaldi, enda þótt afnot hans takmarkist um tíma vegna viðgerðarinnar.

37. gr.

Leigutaka er skylt að annast á sinn kostnað viðhald á rúðum, læsingum, vatnskrönum, raftenglum, rafmagnsinnstungum, raftækjum og hreinlætistækjum. Leigusali er þó skyldur að annast viðgerðir á rúðum, svo og raftækjum og hreinlætistækjum, sem fylgja húsnæðinu, ef leigutaki sýnir fram á, að rúðubrot eða bilun slíkra tækja verður ekki rakin til vanrækslu eða yfirsjóna hans eða fólks á hans vegum.

Tjón á hinu leigða, sem er bótaskylt samkvæmt skilmálum venjulegrar húseigendatryggingar, skal leigusali þó ætíð bera.

38. gr.

Leigusala er skylt að annast á sinn kostnað allt annað viðhald hins leigða en að framan greinir, utan húss sem innan.

Hann skal jafnan halda hinu leigða húsnæði í leigufæru ástandi m. a. með því að láta mála húsnæðið og endurnýja gólfdúka þess með hæfilegu millibili eftir því sem góðar venjur um viðhald húsnæðis segja til um.

39. gr.

Telji leigutaki viðhaldi af hálfu leigusala ábótavant skal leigutaki skora skriflega á leigusala að bæta úr og gera grein fyrir því, sem hann telur að úrbóta þarfnist.

Sinni leigusali ekki kröfum leigutaka um úrbætur án ástæðulauss dráttar er leigutaka heimilt að láta framkvæma viðgerðina á kostnað leigusala og draga kostnaðinn frá leigugreiðslum eða krefja leigusala um kostnaðinn sérstaklega. Leigutaka ber þó, áður en vinna hefst, að leita álits úttektarmanns á nauðsyn hennar og samþykkis hans fyrir kostnaðinum að verki loknu.

40. gr.

Viðgerðar- og viðhaldsvinnu alla skal leigusali láta vinna fljótt og vel, svo að sem minnstri röskun valdi fyrir leigutaka.

Leiði viðgerðar- eða viðhaldsvinna á vegum leigusala til verulegra skertra afnota leigutaka af hinu leigða á hann rétt til hlutfallslegs afsláttar á leigugjaldi. Verði aðilar ekki ásáttir um afsláttinn skal úttektarmaður meta hann.

41. gr.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum kafla þessa í leigumálum um annað húsnæði en til íbúðar.

Í leigumálum um íbúðarhúsnæðið til lengri tíma en tveggja ára er heimilt að semja um að leigutaki annist á sinn kostnað að hluta eða öllu leyti það viðhald innan íbúðar sem leigusala ber að annast skv. kafla þessum, enda lækki leigugjaldið að sama skapi. Í slíkum tilvikum skal þess nákvæmlega getið í leigumála til hvaða atriða viðhaldsskylda leigutaka nær.

VII. KAFLI
Um greiðslu reksturskostnaðar.

42. gr.

Reksturskostnaði af leigðu húsnæði skal þannig skipt að leigutaki greiðir fyrir notkun vatns, rafmagns og hitunarkostnað en leigusali greiðir öll fasteignagjöld þ. m. t. fasteignaskatt og tryggingariðgjöld.

Í fjölbýlishúsum skal leigutaki enn fremur greiða allan kostnað vegna hitunar, lýsingar og vatnsnotkunar í sameign svo og kostnað við ræstingu og aðra sameiginlega umhirðu hennar. Leigusali skal greiða tillag til sameiginlegs viðhalds eða endurbóta á lóð eða húseign og kostnað við hússtjórn.

Þar sem veitustofnanir innheimta sérstakt gjald fyrir leigu á mælum eða öðrum slíkum búnaði, sem þær leggja til, skal leigutaki greiða það gjald. Leigusali skal greiða fastagjöld eða árgjöld slíkra stofnana, sem reiknast af matsverði húsnæðis, rúmfangi þess eða öðrum slíkum gjaldstofnum, án beinna tengsla við vatns- eða orkukaup.

Heimilt er að víkja frá þessari skiptingu, ef hið leigða er ekki íbúðarhúsnæði eða ef leigumáli um íbúðarhúsnæði er gerður til lengri tíma en tveggja ára enda séu slík frávik skilmerkilega greind í leigumála.

43. gr.

Þegar þjónusta sú, sem leigutaki skal greiða, er seld sameiginlega til fleiri aðila skal kostnaði skipt í samræmi við ákvæði laga eða samninga um skiptingu afnotaréttar, þar sem hann er sameiginlegur, en ella samkvæmt hlutfallstölum í skiptayfirlýsingu. Hafi slík yfirlýsing ekki verið gerð skal kostnaði skipt eftir eignarhluta íbúða í samræmi við ákvæði reglugerðar nr 281/1976 um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum.

44. gr.

Leggi leigusali út reksturgjöld þau, sem leigutaki skal greiða samkv. 42. gr. ber leigutaka að endurgreiða þau gjöld innan sjö sólarhringa frá framvísun reiknings, sem studdur er fullnægjandi gögnum.

45. gr.

Þegar ráðist er í að tengja leiguhúsnæði við hitaveitu eða fjarvarmaveitu eða í aðrar endurbætur á húsnæðinu, sem lækka reksturskostnað þess fyrir leigutaka, er leigusala heimilt að hækka umsamda eða lögbundna húsaleigu um jafnháa upphæð og nemur sparnaði leigutaka í reksturskostnaði af völdum slíkrar breytingar.

Hafi leigusali fengið beinan, útlagðan kostnað sinn af endurbótum skv. 1. mgr. endurgreiddan, skal lækkun reksturskostnaðarins eftir það koma báðum aðilum til góða að jöfnu til loka leigutímans.

VIII. KAFLI
Umgengnisskyldur og réttindi.

46. gr.

Óheimilt er leigutaka að nota leiguhúsnæði á annan hátt en um er samið í leigumála. Leigusali getur þó ekki borið fyrir sig frávik frá ákvæði þessu, sem ekki hafa þýðingu fyrir hann eða aðra þá, sem í húsinu búa eða starfa.

47. gr.

Leigutaki skal í hvívetna fara með leiguhúsnæðið á þann hátt, sem samræmist góðum venjum um meðferð húsnæðis og fyrirhuguðum notum þess.

Leigutaki skal án tafar tilkynna leigusala um þau atriði utan húss eða innan, sem þarfnast lagfæringar eða viðhalds.

Leigusali á rétt á aðgangi að hinu leigða með hæfilegum fyrirvara þannig að hvorki fari á bága við hagsmuni hans eða leigutaka til að láta framkvæma úrbætur á hinu leigða og til eftirlits með ástandi þess og meðferð.

Á þremur síðustu mánuðum leigutímabils er leigusala heimilt að sýna hið leigða ákveðinn tíma á dag, þó ekki meira en tvær stundir, væntanlegum kaupendum eða leigutökum, en jafnan skal tilkynna slíka heimsókn með hæfilegum fyrirvara. Við slíka sýningu húsnæðisins skal leigusali eða tilnefndur umboðsmaður hans jafnan vera viðstaddur.

48. gr.

Leigutaka er skylt að ganga vel og snyrtilega um hið leigða húsnæði og gæta settra reglna og góðra venja um hreinlæti, hollustuhætti og heilbrigði.

Leigutaki skal fara að viðteknum umgengnisvenjum og gæta þess að raska ekki eðlilegum afnotum annarra þeirra, er afnot hafa af húsinu, eða valda þeim óþægindum eða ónæði.

Hafi umgengnisreglur verið settar í fjölbýlishúsi er leigutaka skylt að fara eftir þeim, enda skal kynna leigutaka slíkar reglur.

Leigusala er skylt að hlutast til um, að aðrir þeir sem afnot hafa af húsi því, sem hið leigða húsnæði er í, fari að settum umgengnisreglum og gæti að öðru leyti ákvæða þessa kafla á þann veg að hagsmunir leigutaka séu tryggðir.

49. gr.

Í leigumála skal getið auk þess eignarhluta, sem leigutaka er sérstaklega leigður, sameignar þeirrar, sem leigutaki skal hafa afnot af svo og hversu víðtækur sá afnotaréttur er að svo miklu leyti sem það er ekki ákveðið í lögum og reglum um fjölbýlishús og settum umgengnisreglum.

50. gr.

Ákvæði þessa kafla ná til þess húsnæðis, sem leigutaki hefur einn afnot af, svo og sameignar utan húss og innan eftir því sem við getur átt.

IX. KAFLI

Greiðsla húsaleigu. Tryggingarfé.

51. gr.

Húsaleigu skal greiða fyrirfram mánaðarlega, nema um annað sé samið. Óheimilt er að krefja um leigugreiðslu fyrirfram til lengri tíma en sem svarar fjórðungi umsamins leigutíma.

Leigutaki verður eigi krafinn um leigugreiðslur fyrirfram síðar á leigutímanum til lengri tíma en þriggja mánaða í senn.

Nú hefur leigutaki greitt tryggingarfé samkvæmt 55. gr. og verður hann þá eigi jafnframt krafinn um leigu fyrirfram til lengri tíma en eins mánaðar.

Ef gjalddaga leigu ber upp á sunnudag eða helgidag skal gjalddagi vera næsti virki dagur þar á eftir.

52. gr.

Húsaleiga og annað endurgjald er leigutaka ber að inna af hendi, skal greitt á heimili leigusala eða öðrum þeim stað, sem hann tiltekur innanhéraðs. Hafi leigusali hvorki heimili né skrifstofu í því sveitarfélagi, þar sem hið leigða hús-

næði er, skal hann hafa í sveitarfélaginu umboðsmann sem leigutaki getur snúið sér til.

Heimilt er leigutaka að senda leigugreiðslur í ábyrgðarpósti eða póstgíróseðli. Telst leigugreiðsla þá innt af hendi þann dag, sem hún var afhent í pósthúsi eða banka.

53. gr.

Þegar leigutaki á rétt til frádráttar frá leigugreiðslu svo sem vegna ófullnægjandi ástands húsnæðis í upphafi leigutíma skv. 27. gr., vegna viðgerðar sem hann hefur framkvæmt á kostnað leigusala skv. 39. gr. eða vegna skerðingar á afnotarétti skv .40. gr. skal hann framvísa reikningi sínum ásamt fylgigögnum og með árituðu samþykki úttektarmanns við leigusala á næsta gjalddaga leigugreiðslu.

Ákvörðun leigusala um að bera lögmæti slíks reiknings undir úrskurð dómstóla leysir hann ekki undan þeirri skyldu að meta reikninginn til bráðabirgða jafngildi réttmætrar leigugreiðslu.

Heimild leigusala til að bera réttmæti reiknings undir dómstóla fellur niður hafi mál eigi verið höfðað innan þriggja mánaða frá því að leigutaki framvísaði reikningnum eða matsgerð lýkur, ef ákvörðun úttektarmanns hefur verið borin undir dómkvadda matsmenn.

54. gr.

Nú hefur leigutaki eigi gert skil á leigunni innan 7 sólarhringa frá gjalddaga og er leigusala þá rétt að krefjast hæstu lögleyfðu dráttarvaxta af henni fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð.

55. gr.

Rétt er leigusala að krefjast þess að leigutaki greiði honum tiltekna fjárhæð sem tryggingarfé áður en honum er afhent hið leigða húsnæði til afnota. Upphæð tryggingarfjárins má nema allt að þriggja mánaða umsaminni leigu fyrir húsnæðið, eins og hún er ákveðin í upphafi leigutímans.

Tryggingarféð skal leigusali varðveita meðan á leigutíma stendur og er honum heimilt að verja því til greiðslu á eða upp í kostnað við lagfæringar á skemmdum á húsnæðinu, sem leigutaki ber ábyrgð á, eða til greiðslu bóta, sem leigusali kann að eiga tilkall til, samkvæmt ákvæðum laga þessara, svo og til greiðslu vangoldinnar leigu.

Að því leyti sem leigusali á ekki kröfu í tryggingarféð samkv. 2. mgr. skal hann endurgreiða leigutaka það, án vaxta, eigi síðar en 7 dögum eftir að leigutíma lauk eða fullnaðar úrskurður gekk í ágreiningsmáli um bótaskyldu leigutaka.

Heimilt er leigutaka að láta bankaábyrgð koma í stað tryggingarfjár samkv. 1. mgr.

X. KAFLI

Framsal leiguréttar, andlát leigutaka, hjúskaparslit o. fl.

56. gr.

Óheimilt er leigutaka að framselja leigurétt sinn án samþykkis leigusala nema annað leiði af ákvæðum þessa kafla.

Það telst ekki framsal á leigurétti þótt leigutaki heimili nákomnum skyldmennum eða venslamönnum sínum búsetu í hinu leigða húsnæði ásamt sér eða fjölskyldu sinni, enda haldist fjöldi heimilisfólks innan eðlilegra marka miðað við stærð og gerð leiguhúsnæðisins.

57. gr.

Nú deyr leigutaki áður en leigumála er lokið, og er þá bæði leigusala og dánarbúi leigutaka heimilt að segja leigumála upp með venjulegum fyrirvara, enda þótt leigumáli hafi verið gerður til lengri tíma. Uppsögn skal miða við næsta almennan fardag samkv. 15. gr. ef hið leigða er íbúðarhúsnæði. Eftirlifandi maka, skyldmenn-

um og venslamönnum, sem voru heimamenn leigutaka við andláta hans eða höfðu framfæri af atvinnustarfsemi, sem stunduð var í húsnæðinu, og vilja taka við leigumálanum með réttindum og skyldum, er þó heimilt að ganga inn í leigumálann í stað hins látna, nema af hendi leigusala séu færðar fram gildar ástæður, er mæla því gegn.

58. gr.

Nú flytur leigutaki úr húsnæði, sem hann hefur gert leigumála um, og er þá maka hans, sem verið hefur samvistum við hann í húsnæðinu, rétt að halda leigumála áfram með sama hætti og í 57. gr. segir.

59. gr.

Þegar hjón hafa sameiginlega á leigu íbúðarhúsnæði, en hjúskap þeirra lýkur, skal fara um leiguréttindi eftir ákvæðum 60. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar.

Það hjóna, sem hefur aðallega vegna atvinnu sinnar afnot af atvinnuhúsnæði, skal hafa forgangsrétt til áframhaldandi leigu á því, án tillits til þess hvort þeirra undirritaði leigumála.

Um rétt leigusala til uppsagnar leigumála vegna hjúskaparslita gilda lokaákvæði 57. gr., eftir því sem við á.

60. gr.

Annað hjóna getur ekki, svo bindandi sé, afsalað þeim rétti sem hinu er með ákvæðum þessa kafla áskilinn til yfirtöku á leigumála.

61. gr.

Nú deyr leigutaki að atvinnuhúsnæði en dánarbú hans ákveður að selja atvinnustarfsemi, sem þar var stunduð, og getur leigusali þá ekki reist uppsögn leigumála eða kröfu um breytingu á efni hans á þeim atvikum sérstaklega, enda sé söluverðmæti slíkrar atvinnustarfsemi háð áframhaldandi afnotum af hinu leigða húsnæði og að notkun þess haldist óbreytt áfram. Sama gildir, eftir því sem við á, ef ástæða fyrir sölu á atvinnustarfsemi er sambúðar- eða hjúskaparslit eða gjaldþrot leigutaka.

62. gr.

Þegar leigutaki er starfsmaður leigusala og hefur fengið íbúðarhúsnæði á leigu vegna þess starfa, fellur leigumáli niður án sérstakrar uppsagnar ef leigutaki lætur af starfanum að eigin ósk, er löglega vikið úr starfi vegna brota í því eða vegna þess að fyrirfram umsömdum ráðningartíma er lokið.

XI. KAFLI
Úttektarmenn.

63. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnir skulu sjá um, að hlutaðeigandi dómari dómkveðji úttektarmenn — einn aðalmann og einn til vara — til að þau störf, sem úttektarmönnum eru fengin með lögum þessum. Í Reykjavík skulu úttektarmenn vera tveir og tveir til vara og sér borgarstjórn um að þeir séu dómkvaddir.

64. gr.

Störf þau, sem úttektarmönnum eru falin með lögum þessum, skulu þeir annast af kostgæfni og gæta ætíð fyllsta hlutleysis gagnvart báðum málsaðilum. Þeir skulu kosta kapps um að leiða ágreining og deilumál til lykta með friðsamlegum hætti og vera leigusölum og leigutökum til leiðbeiningar og ráðgjafar eftir því sem tök eru

á. Þeir skulu gæta þagmælsku um einkahagi fólks sem þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu.

65. gr.

Eyðublöð fyrir úttektaryfirlýsingar skal félagsmálaráðuneytið láta úttektarmönnum í té án endurgjalds.

66. gr.

Þóknun fyrir störf sín og útlagðan kostnað skulu úttektarmenn fá greidd samkvæmt reikningi. Skal þóknunin miðast við unnin tímafjölda hverju sinni og skal tímagjald vera hið sama og samkvæmt útseldum tímakaupstaxta trésmíðameistara fyrir almenna dagvinnu í hæsta þrepi án álags.

67. gr.

Þegar úttekt er gerð á húsnæði í upphafi eða lok leigutíma skulu aðilar leigumála staðgreiða að jöfnu kostnað af starfi úttektarmanns.

Þegar úttektarmaður er fenginn til aðstoðar af öðrum ástæðum en í 1. mgr. segir, skal sá aðili leigumála leggja út kostnaðinn, sem úttektarmanninn kvaddi til. Að kröfu aðila ákveður úttektarmaður hvort hinn aðilinn skuli greiða þennan kostnað ef hann er bersýnilega valdur að ágreiningsefninu, eða að kostnaðurinn skiptist milli aðila, teljist þeir báðir eiga sök á deilumálinu.

XII. KAFLI

Leigumiðlun.

68. gr.

Þeim einum, sem hafa hlotið til þess sérstaka löggildingu, er heimilt að reka miðlun með leiguhúsnæði, sem lög þessi taka til, í því skyni að koma á leigumála eða annast um framleigu eða skipti á leiguhúsnæði sé það gert í atvinnuskyni eða gegn endurgjaldi.

69. gr.

Löggildingu til að reka miðlun með leiguhúsnæði má veita þeim mönnum sem öðlast geta rétt til að annast kaup og sölu fasteigna fyrir aðra enda fullnægi þeir nánari skilyrðum, sem sett kunna að verða í reglugerð þar að lútandi.

Heimilt er samtökum leigusala eða húseigenda, samtökum leigutaka, sveitarstjórnum svo og félögum eða stofnunum að reka leigumiðlun í eðlilegum tengslum við aðra starfsemi sína enda lúti leigumiðlun stjórn löggilts leigumiðlara.

Lögreglustjóri, þar sem leigumiðlun skal rekin, lætur í té leyfisbréf gegn leyfisgjaldi, sem ráðherra ákveður og renna skal í ríkissjóð. Leyfið skal gefið út til fimm ára í senn.

70 gr.

Starfsheiti þess, sem leyfi fær til leigumiðlunar skal vera leigumiðlari.

Leigumiðlari skal hafa opna skrifstofu, þar sem hann rekur starfsemi sína.

Leigumiðlari ber ábyrgð á að leigumáli sé gerður í samræmi við lög þessi. Honum ber skylda til að upplýsa aðila um réttindi þau og skyldur, sem þeir taka á sig með undirritun leigumálans, svo og um réttaráhrif hans almennt eftir því sem ástæða er til.

Óheimilt er leigumiðlara að gerast sjálfur aðili að leigumála, sem honum er falið að koma á. Hann skal ætíð gæta þess að nafn, nafnnúmer og heimilisfang leigutaka og leigusala komi skýrt fram í leigumálanum.

71. gr.

Leigumiðlara ber þóknun úr hendi leigusala fyrir að koma á leigumála. Óheimilt er honum að áskilja sér hærri þóknun en sanngjarnt má teljast með tilliti til þeirrar vinnu, sem hann lætur í té, og þeirra hagsmuna sem um er að tefla.

Óheimilt er að taka sérstakt gjald fyrir skráningu, tilvísun eða aðra álíka þjónustu. Sama gildir um gjaldtökur vegna kostnaðar við auglýsingar og þess háttar útgjöld. Heimilt er þó að víkja frá þessu þegar um er að ræða leigu á meiri háttar atvinnuhúsnæði.

Óheimilt er leigumiðlara að taka þóknun af leigutaka fyrir miðlunina og gerð leigumála.

72. gr.

Leigumiðlara er rétt að taka að sér innheimtu og móttöku húsaleigu, eftirlit með umgengni um húsnæðið og framkvæmd viðhalds á því, skiptingu reksturskostnaðar, vörslu tryggingarfjár svo og önnur þau störf í tengslum við framkvæmd leigumálans sem aðilar hans, annar eða báðir, fela leigumiðlara að annast fyrir sína hönd.

Umboð leigumiðlara til slíkra starfa skal gera skriflegt og skal báðum aðilum leigumálans fengið afrit af því.

Endurgjald til leigumiðlara fyrir þessi störf skal sanngjarnt og í samræmi við fyrirhöfn hans. Skal það að jafnaði eigi nema hærri fjárhæð en sem svari sex til tíu hundraðshlutum af leigufjárhæðinni.

73. gr.

Leigumiðlara er óheimilt að skýra frá því sem hann kemst að í starfi sínu um hagi viðskiptamanna sinna eða þeir hafa trúað honum fyrir.

74. gr.

Leigumiðlari er bókhaldsskyldur samkvæmt lögum nr. 51 2. maí 1968.

Leigumiðlari skal halda skrá um húsnæði það, sem honum er falið að selja á leigu, og varðveita eintak af öllum leigumálum sem hann gerir.

75. gr.

Gerist leigumiðlari sekur í starfi sínu um vanrækslu eða brot gegn ákvæðum laga þessara eða hann missir einhver þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir leyfisveitingu, getur hlutaðeigandi lögreglustjóri svipt hann leyfi sínu tímabundið eða til loka leyfistímans.

XIII. KAFLI
Kynning laganna o. fl.

76. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal kynna almenningi efni laga þessara. Kostnaður við það greiðist úr ríkissjóði.

Heimilt er ráðhera að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

XIV. KAFLI
Refsiákvæði.

77. gr.

Brot gegn ákvæðum I. til XII. kafla laga þessara varða sektum nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum.

XV. KAFLI
Gildistaka.

78. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Þó skulu leigumálar, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þeirra, halda gildi uns þeir renna út, þó eigi lengur en til 1. janúar 1980. Frá þeim tíma skulu lög þessi einnig taka til þeirra.

Aðilar leigumála, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, skulu gera skriflega leigumála samkv. II .kafla laganna fyrir 1. janúar 1980. Hafi slíkur leigumáli ekki verið gerður fyrir þann tíma gilda öll ákvæði laga þessara um réttarsamband aðilja.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 39 7. apríl 1943 um húsaleigu með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi leigumáli verið stimplaður og honum þinglýst skal endurnýjunarsamningur samkv. 78. gr. vera undanþeginn þessum gjöldum, enda sé leigumálinn óbreyttur að meginefni til.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samstarfsyfirlýsingu þeirri, sem aðildarflokkar núverandi ríkisstjórnar gáfu út við myndun hennar, segir svo m. a., að hún muni gangast fyrir að „sett verði löggjöf um réttindi leigjenda". Í samræmi við það skipaði núverandi félagsmálaráðherra nefnd þriggja manna hinn 28. september 1978, er skyldi „semja frumvarp til laga um réttindi og skyldur leigutaka og leigusala húsnæðis". Í nefndina voru skipaðir Páll S. Pálsson, hæstarættarlögmaður, eftir tilnefningu Hús- og landeigendasambands Íslands, Ragnar Aðalsteinsson, hæstaréttarlögmaður, eftir tilnefningu Leigjendasamtakanna, og Sigurður E. Guðmundsson, framkvæmdastjóri, er jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Var Georg H. Tryggvason, héraðsdómslögmaður, ráðinn ritari nefndainnar. Nefndinni var gert að skila lagafrumvarpi til félagsmálaráðuneytisins eigi síðar en 10. janúar 1979 og tókst það. Fyrsti fundur hennar var haldinn sama dag og hún var skipuð en samtals hefur hún haldið 27 fundi til undirbúnings frumvarpi því, sem hér liggur fyrir ásamt greinargerð.

Áður en gerð verður gein fyrir störfum nefndarinnar og frumvarpi því, sem hún hefur samið, þykir rétt að rekja í mjög stórum dráttum sögu húsaleigulöggjafar hér á landi frá því að Alþingi hóf fyrst umfjöllun húsaleigumála. Er þá skemmst frá því að segja, að löggjöf um húsaleigu hefur til þessa aðeins verið sett hérlendis er heimsstyrjaldir hafa geisað eða afleiðingar þeirra valdið miklum erfiðleikum í húsnæðismálum. Fyrsta löggjöf af þessu tagi voru lög nr. 24, sett árið 1917 um húsaleigu í Reykjavík. Giltu þau, með síðari breytingum, sem á þeim voru gerðar, fram til 14. maí 1927 en voru afnumin með lögum nr. 25/1926. Voru síðan engin húsaleigulög í gildi hérlendis fyrr en lög nr. 10/1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, voru sett. Var þeim síðan breytt á ýmsa lund á árunum 1940 og 1941. Hinn 9. nóvember 1942 skipaði ríkisstjórnin nefnd þriggja manna til að athuga og endurskoða þágildandi húsaleigulög. Til starfa í henni voru settir þeir Árni Tryggvason, þáv. fulltrúi við lögmannsembættið í Reykjavík og var hann formaður nefndarinnar, Gunnar Þorsteinsson, hæstaréttarlögmaður, þáv. framkvæmdastjóri Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur, er nú heitir Húseigendafélag Reykjavíkur, og Sigurjón Á. Ólafsson, fyrrv. alþingismaður. Voru tillögur nefndarinnar lagðar í frumvarpsformi fyrir Alþingi, er samþykkti það lítt breytt sem lög nr. 39, 7. apríl 1943. Á þeim lögum voru síðan gerðar breytingar með lögum nr. 47/1945 og lögum nr. 95/1945.

Árið 1946 var aftur skipuð nefnd til að framkvæma heildarendurskoðun á gildandi húsaleigulögum. Voru þeir Baldvin Jónsson, héraðsdómslögmaður, Egill Sigurgeirsson, hæstaréttarlögmaður og Gunnar Þorsteinsson, hæstaréttarlögmaður, settir til starfa í nefndinni en ekki náðist samkomulag innan hennar um sameiginlegt lagafrumvarp.

Haustið 1947 fór fram athugun á því, að tilhlutan félagsmálaráðherra, hvort samkomulag gæti tekist um einhvers konar tilslökun á húsaleigulöggjöfinni. Fóru

fram, í því skyni, viðræður um málið við þáverandi húsaleigunefnd, trúnaðarmenn frá fasteignaeigendum o. fl. en niðurstaða þeirra varð neikvæð.

Haustið 1948 fóru enn fram viðræður um málið við fulltrúa frá þáverandi stjórnarflokkum og var fjallað um hvort samkomulag gæti tekist um að fá fram einhverjar breytingar á húsaleigulöggjöfinni. Reyndust þær með öllu árangurslausar. Virtist félagsmálaráðherra þá fullreynt að ekki næðist samkomulag um neina lausn og hóf félagsmálaráðuneytið að láta semja frumvarp til almennra húsaleigulaga. Var það að miklu leyti sniðið eftir húsaleigulögum Dana og Norðmanna, er þá voru í gildi, en miðað við íslenska sérhætti og fullt tillit tekið til þeirra venja, sem myndast höfðu í leiguviðskiptum manna í milli hér á landi. Var frumvarpið síðan lagt fram á Alþingi á árinu 1949 (þskj. nr. 489). Það komst til nefndar en dagaði þar uppi og var ekki flutt eftir það.

Frumvarp þetta var fyrsta tilraun, sem gerð hefur verið hérlendis, til setningar heildarlöggjafar um húsaleigumál þar eð lögin frá 1917 og 1939 voru einvörðungu sett vegna hinnar miklu húsnæðiseklu, sem stafaði af styrjaldaráhrifum. Í greinargerð með frumvarpinu var saga þessara mála rakin mjög ítarlega.

Hinn 19. júní 1951 setti félagsmálaráðherra á laggirnar 5 manna nefnd, er semja skyldi frumvarp að almennri húsaleigulöggjöf. Skipuðu hana þeir Jónas Guðmundsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu (formaður), Magnús Jónsson, héraðsdómslögmaður, framkvæmdastjóri Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur, Hannes Pálsson frá Undifelrli, fulltrúi í fjármálaráðuneytinu, Ólafur Sveinbjörnsson, skrifstofustjóri framfærslumála Reykjavíkurbæjar, og Þórður Björnsson, bæjarfulltrúi í Reykjavík. Nefndin samdi lagafrumvarp sem ekki varð þó fullt samkomulag um innan hennar, er félagsmálaráðherra flutti á Alþingi (þskj. nr. 268) á árinu 1951. Frumvarp þetta fékk aldrei fullnaðarafgreiðslu á Alþingi og dagaði því uppi.

Lög um húsaleigu nr. 39/1943 ollu hörðum deilum. Lögin fólu í sér ákvæði um hámarks húsaleigu og um takmörkun á rétti húseigenda til þess að ráða því, hverjum leigt væri.

Lögin voru afnumin í áföngum, sjá t. d. lög nr. 56/1950 og lög um hámark húsaleigu o. fl. nr. 30/1952. Afnám þeirra laga skeði með setningu laga nr. 97/1965 um breytingu á lögum nr. 19, 10. maí 1965 um Húsnæðismálastofnun ríkisins (6. grein).

Ritstjóri Lagasafns 1973 telur húsaleigulögin nr. 39/1943 enn vera í gildi. Grandskoðað mun þetta rétt vera, þótt að takmörkuðu leyti sé. Með lagabreytingunni 1950 var bæjar- og sveitarstjórnum heimilt að ákveða að tiltekin ákvæði húsaleigulaganna skyldu gilda fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag, enda bæri það kostnaðinn af framkvæmd laganna.

Keflavíkurkaupstaður einn gerði slíka samþykkt. Nokkur hluti gömlu húsaleigulaganna er því enn í gildi í Keflavík. Um framkvæmdina er nefndinni ókunnugt, en nefndin leggur til að lög þessi verði edanlega úr gildi felld.

Nefnd sú, er samið hefur þetta frumvarp aflaði sér mikilla og margvíslegra gagna til undirbúnings störfum sínum. Skal hér greint frá hinum helstu:

A. Innlend gögn:
- — Samstarfsyfirlýsing Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks um stjórnarmyndun, útg. 1.9. 1978.
- — Frumvarp til laga um húsaleigu, þskj. nr. 489, lagt fyrir Alþingi 1949.
- — Umsögn Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur um það frumvarp.
- — Frumvarp til laga um húsaleigu, þskj. nr. 268, lagt fram á Alþingi 1951.
- — Lög nr. 59, 31. maí 1976 um fjölbýlishús.
- — Reglugerðir nr. 280, 25. júní 1976 um samþykktir fyrir húsfélög og nr. 281, 25. júní 1976 um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum.
- — Leigjendur í Reykjavík, félagsfræðileg athugun, samin af Jóni Rúnari Sveinssyni sem B.A.-ritgerð við námsbraut í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands, útg. í Reykjavík í júní 1975.

— Heilbrigðisreglugerð og fleira, útg. af Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 1972, einkum VII. kafli um íbúðarhúsnæði.
— Reglugerð um fasteignaskráningu og fasteignamat nr. 406 3. nóvember 1978.
— Reglugerð nr. 202/1970 um lánveitingar húsnæðismálastjórnar, einkum IV. kafli um lán til byggingar leiguíbúða.
— Reglugerð nr. 403/1976 um úthlutun lána og byggingu 750 leigu- og söluíbúða sveitarfélaga.
— Skrá um útburðarbeiðnir til fógetaréttar Reykjavíkur og afgreiðslu þeirra 1973 — september/október 1978.
— Yfirlit um dóma í Borgardómi í munnlega fluttum málum á árunum 1973—1978 varðandi ágreining milli leigusala og leigutaka á húsnæði.
— Hæstaréttardómar um húsaleigumál síðan 1950.
— Ýmis eyðublöð, þ. á m. húsaleigusamningseyðublöð, útgefin af ýmsum aðilum.

Auk þessa aflaði nefndin sér ýmissa gagna og fékk munnlegar upplýsingar um mikilvægar hliðar þessara mála hjá Fasteignamati ríkisins, Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun. Þá ritaði nefndin bréf yfirborgarfógetanum í Reykjavík og yfirborgardómaranum í Reykjavík þar sem óskað var eftir upplýsingum um vissar hliðar húsaleigumála er þessi embætti hafa haft til meðferðar á síðustu árum. Af því tilefni kom Þorsteinn Thorarensen, borgarfógeti, á fund nefndarinnar og gaf henni mjög nytsamar upplýsingar, munnlegar og skriflegar um öll ágreiningsefni leigusala og leigutaka, sem borist hafa fógetarétti Reykjavíkur frá 1973 fram undir árslok 1978 og úrlausnir þeirra. Yfirborgardómarinn í Reykjavík svaraði erindi nefndarinnar með bréfi, dags. 9. nóv. 1978, svohljóðandi:

— — —

„Reykjavík 9. nóv. 1978.

Svo sem ákveðið var eftir símtöl við formann nefndarinnar var laganemi, Pétur Thorsteinsson, fenginn á kostnað nefndarinnar að gera yfirlit um dóma í Borgardómi í munnlega fluttum málum s. l. fimm ár varðandi ágreining milli leigusala og leigutaka á húsnæði.

Dómar þessir reyndust ekki vera margir eða þrettán talsins, og mun laganeminn leggja fyrir nefndina skýrslu um það efni.

Á dómarafundi hér 8. þ. m. var rætt ítarlega um óskir nefndarinnar um hugmyndir um hvaða lagaákvæði þyrfti að setja varðandi samskipti leigutaka og leigusala húsnæðis.

Haft var til skoðunar og hliðsjónar greinargerð með húsaleigulögum er samþykkt voru á Alþingi 1943.

Allir voru sammála um, að gjörbreyttar ástæður væru nú til setningar slíkra laga sem þá og taka bæri tillit til hagsmuna leigusala sem leigutaka.

Hugmyndir komu fram um að leigutaka ætti að vera skylt að setja tryggingu fyrir leigu svo sem mun vera í húsaleigulögum í Danmörku, Þýzkalandi og víðar, ákvæði þyrfti að setja hvernig skuli reikna endurbætur á húsnæði ,hvort leiguupphæð ætti að miðast við ákveðna hundraðstölu af fasteignamati eignar eða brunabótamati og fleiru.

Ekki voru allir sammála um þessi atriði, en aftur á móti um að húsaleigusamningar yrðu hafðir það greinargóðir og skýrir með upplýsingum um húsnæði og ásigkomulag eignar, er leigt væri og væri hugsanlegt að samningar væru staðlaðir.

Að öðru leyti var talið rétt að vísa til rits dr. Páls Sigurðssonar, „Þáttum úr fjármunarétti", greinargerð hans um húsaleigusamninga".

— — —

Nefndin ritaði einnig dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og bar fram fyrirspurn. er ráðuneytið svaraði hinn 14. nóv. 1978 á þessa leið:

„Ráðuneytið hefur móttekið bréf yðar, dags. 7. þ. m., þar sem þess er farið á leit, að greint verði frá því, hvort reynt hafi á ákvæði 60. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar við afgreiðslu hjónaskilnaðarmála hjá dómsmálaráðuneytinu.

Af því tilefni tekur ráðuneytið fram, að því hefur enn ekki borizt ágreiningsefni til úrlausnar, er fellur undir ákvæði 60. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar."

Nefndin óskaði eftir því við Gunnar Þorláksson, húsnæðisfulltrúa í Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, að hann kæmi á hennar fund til viðræðna um ástand leiguhúsnæðismála í Reykjavík nú og undanfarin ár. Varð hann við þeirri ósk og veitti henni mjög fróðlegar upplýsingar þar að lútandi.

Auk þess, sem að ofan greinir, samþykkti nefndin að afla skriflegra upplýsinga um húsaleigumál í kaupstöðum landsins. Skrifaði hún því borgarstjóranum í Reykjavík og bæjarstjórum allra kaupstaða í landinu svohljóðandi bréf dags. 7. nóv. 1978:

Reykjavík, 7. nóvember 1978.

Félagsmálaráðherra skipaði hinn 26.09. 1978 Pál S. Pálsson, hæstaréttarlögmann, Ragnar Aðalsteinsson, hæstaréttarlögmann og Sigurð E. Guðmundsson, framkvæmdastjórastjóra í nefnd til að semja frumvarp til laga um réttindi og skyldur leigutaka og leigusala húsnæðis. Nefndin telur nauðsynlegt að afla eftir föngum gagna um framboð og eftirspurn eftir leiguhúsnæði og á það bæði við um íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði. Fer hún því þess vinsamlegast á leit við yður að þér látið í té upplýsingar um eftirfarandi:

a) Er skortur á leiguhúsnæði í kaupstað yðar?
b) Ef svo er, hafa bæjaryfirvöld gert ráðstafanir til úrbóta og þá hverjar?
c) Eru handbærar skýrslur eða gögn um þessi mál í kaupstað yðar sem þér getið látið nefndinni í té?

Vinsamlegast látið nefndinni í té umbeðnar upplýsingar hið allra fyrsta og eigi síðar en 1. desember n. k., enda ber nefndinni að skila félagsmálaráðuneytinu fullgerðu frumvarpi hinn 10. janúar 1979."

Til þessa hafa svör borist frá 11 aðilum og eru meginatriði þeirra birt hér á eftir:

REYKJAVÍK.

Reykjavík, 12. desember 1978.

a) **Er skortur á leiguhúsnæði í kaupstað yðar?**

Það fer ekki á milli mála, að skortur er á leiguhúsnæði í Reykjavík. Þann 1. ágúst s. l. voru fyrirliggjandi hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar u. þ. b. 575 umsóknir um leiguíbúðir, þar af u. þ. b. 250 frá ellilífeyrisþegum og 325 frá öðrum.

b) **Ef svo er, hafa bæjaryfirvöld gert ráðstafanir og þá hverjar?**

Reykjavíkurborg á og rekur 802 leiguíbúðir, þar af 698 íbúðir, sem eru til frambúðar og 104 íbúðir, sem eru í tímabundinni notkun, sem takmarkast ýmist af skipulagsástæðum eða ástandi þeirra.

Á yfirstandandi ári hafa verið teknar í notkun 74 íbúðir fyrir aldraða að Furugerði 1 og 30 íbúðir fyrir aldraða að Lönguhlíð 3. Nú eru í byggingu 64 íbúðir fyrir aldraða við Dalbraut, sem teknar verða í notkun á næsta ári.

Auk reksturs leiguhúsnæðis hefur Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar annast útvegun húsnæðis og veitt fjárhagsaðstoð í sambandi við það. Aðstoð þessi er þó fyrst og fremst bundin við þá sem minna mega sín og mál þeirra

þá oft til meðferðar hjá Félagsmálastofnun hvað snertir annað en húsnæði. Lengi vel byggði Reykjavíkurborg söluíbúðir, sem seldar voru með hagstæðum kjörum og forkaupsréttarákvæði. Samtals voru byggðar 809 slíkar íbúðir. Undanfarin ár hefur fjármagni til söluíbúða verið beint til bygginga á vegum Framkvæmdanefndar byggingaáætlunar og byggingar verkamannabústaða. Íbúðir þær er féllu í hlut Reykjavíkurborgar frá Framkvæmdanefnd hafa verið nýttar sem leiguíbúðir, en íbúðir í vrekamannabústöðum eru söluíbúðir. Óþarft er að taka fram, hve geysimikil bót íbúðir þessar hafa verið á ástandi húsnæðismála hér í Reykjavík.

c) **Eru handbærar skýrslur eða gögn um þessi mál í kaupstað yðar, sem þér getið látið nefndinni í té?**

Fulltrúar frá leiguhúsnæðisnefnd áttu viðræðu við húsnæðisfulltrúa Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar í byrjun nóvember s. l. og fengu þá þau gögn sem handbærar eru. Frekari gagnasöfnun krefst meiri tíma en veittur er.“

AKRANES.

„Akranesi, 27/12 1978.

Hér á Akranesi er mikil eftirspurn eftir leiguhúsnæði. Þótt talsvert hafi verið byggt hér á síðari árum hefur það ekki nægt til að mæta aukinni eftispurn. Járnblendiverksmiðjan að Grundartanga á einnig vafalaust sinn þátt í aukinni eftirspurn á þessu sviði .

Nú fyrir skömmu, voru auglýstar til leigu, fyrstu leiguíbúðirnar, sem byggðar eru á vegum sveitarfélagsins.

8 íbúðir eru fullgerðar og bárust 35 umsóknir um þær, aðallega frá aðilum með erfiðar heimilisástæður.

Fjöldamargir aðrir gerðu fyrirspurn í þessu sambandi, þótt þeir sendu ekki umsókn, er þeim hafði verið kynntar reglur um úthlutun og er spurst hafði hve eftirspurn var mikil.“

BOLUNGARVÍK.

„Bolungarvík, 22. nóv. 1978.

a) Já.

b) Byggðar hafa verið leigu- og söluíbúðir eftir því sem heimild Húsnæðismálastofnunar hefur fengist til.

c) Engin ný könnun hefur farið fram, en könnun gerð árið 1976, gaf til kynna að þörf væri fyrir allt að 30 íbúðir.“

SAUÐÁRKRÓKUR.

„Sauðárkróki, 13. nóv. 1978.

a) Skortur er verulegur á húsnæði til leigu og/eða kaups. Til marks um það má nefna að 30 umsóknir bárust um kaup eða leigu á 14 íbúðum, sem í byggingu eru skv. lögum um leigu- og söluíbúðir.

Þá er það reynsla fyrirtækja og stofnana að mjög erfitt eða ómögulegt er að útvega leiguhúsnæði handa sérhæfðum aðfluttum starfsmönnum.

Mörg fyrirtæki eru einnig í of litlu og ófullnægjandi húsnæði og hafa þau ekki haft bolmagn til að byggja sér eigið húsnæði.

b) Varðandi íbúðarhúsnæði: Auk áðurnefndra leigu- og söluíbúða er hafin bygging á 14 íbúða fjölbýlishúsi skv. lögum um verkamannabústaði.

Varðandi atvinnuhúsnæði: Skipulagning iðnaðarhverfis. Úthlutun lóða töluverð. Litið um byggingarframkvæmdir.

c) Nei.“

DALVÍK.

„Dalvík, 16. 11. 1978.

a) Mikill skortur hefur verið á leiguhúsnæði í Dalvíkurkaupstað mörg undanfarin ár, bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæði.
b) Ráðstafanir bæjaryfirvalda í þessu efni hafa helstar verið að hafa ávallt á boðstólum byggingarlóðir og engin gatnagerðargjöld voru innheimt fyrr en á árinu 1975, en gjald fyrir meðal einbýlishús er nú um 650.000.— kr. Þá hafa verið byggðar á Dalvík 5 leiguíbúðir samkv. lögum um byggingu leigu- og söluíbúða á vegum sveitarfélaga og nú er í undirbúningi bygging 5 íbúða samkvæmt sömu lögum. Auk þess á Dalvíkurbær 7 aðrar íbúðir sem leigðar eru út. Dalvíkurbær hefur í samvinnu við Svarfaðardalshrepp staðið í byggingu dvalarheimilis fyrir aldraða en bygging 1. áfanga er nú á lokastigi. Að verulegum hluta er þetta dvalarheimili byggt upp sem íbúðir fyrir aldraða eða alls 20 íbúðir.
c) Ekki eru tiltækar skýrslur um húsnæðisframboð eða eftirspurn en nefna má sem dæmi að þegar Dalvíkurbær auglýsti tvær íbúðir til leigu í mars s. l. þá bárust 13 umsóknir.“

HÚSAVÍK.

„Húsavík, 15. nóvember 1978.

a) Skortur á leiguhúsnæði í Húsavík er mjög mikill, en framboð þess er takmarkað. — Einkum skortir íbúðarhsúnæði, en jafnframt er vöntun á húsnæði fyrir ýmis konar iðnrekstur og eftirspurn eftir verbúðarrými og beitningaraðstöðu er hvergi nærri fullnægt. — Áform eru uppi að hefja byggingu verbúða á næsta ári að frumkvæði Fiskiðjusamlags Húsavíkur og Hafnarsjóðs Húsavíkur. Rétt er að benda á að skortur á leiguhúsnæði hamlar mjög gegn innflutningi fólks í bæinn, en ljóst er að fjöldi fólks óskar eftir að flytja til Húsavíkur og bíður einungis eftir húsnæði.
b) Húsavíkurbær hefur nú byggt 15 íbúðir í svonefndu „leigu- og söluíbúðakerfi“ og áformar að hefja byggingu a.m. k. 10 íbúða á næsta vori. — Aðrar leiguíbúðir hafa verið byggðar eða keyptar af bænum undanfarin ár. —
c) Ekki ru fyrir hendi nýlegar skýrslur um þessi mál, en þess má geta að fyrir skömmu voru auglýstar tvær til leigu, sem byggðar voru skv. leiguíbúðarkerfinu komu 14 umsóknir um þær, allar frá aðilum, sem mikla þörf höfðu fyrir húsnæði. —“

SEYÐISFJÖRÐUR.

„Seyðisfirði, 6. des. 1978.

a) Mjög mikill skortur er á leiguhúsnæði í Seyðisfjarðarkaupstað og hefur svo verið nú um nokkur ár, má eflaust tengja ríkjandi íbúðaskort mikilli vinnu og síbatnandi afkomu fólks.
b) Bæjaryfirvöld hafa leitast við, að leysa þennan vanda með byggingu leiguhúsnæðis sbr. lög þar að lútandi og reglugerð frá 1976. Frá árinu 1975 hafa verið byggð 7 einbýlishús og nú stendur yfir bygging 12 íbúða sambýlishúss í sama tilgangi. Þá má og geta þess, að útgerðarfyrirtæki og frystihús hafa lagt sitt af mörkum, bæði með byggingu íbúða og kaupum á eldra húsnæði, sem þá hefur verið lagfært og endurnýjað. Það má og segja um aðra vélsmiðjuna á staðnum, keypt var eldra húsnæði og innréttað að nýju fyrir aðflutta starfsmenn.
c) Nánari upplýsingar er ekki að finna, en möguleikar á könnun þar um ef nauðsyn er talið.“

KEFLAVÍK.

„Keflavík, 17. nóv. 1978.

a) Það er skortur á leiguhúsnæði í Keflavík, einkum litlum og ódýrum íbúðum.
b) Bæjarstjórn Keflavíkur hefur skipað byggingarnefnd leiguíbúða og úthlutað þeim lóð fyrir slíkt hús.
c) Engar sérstakar skýrslur eru til um þessa þörf."

NJARÐVÍK.

„Njarðvík, 28. nóv. 1978.

a) Nokkur skortur hefur verið á leiguhúsnæði undanfarin ár, en heldur hefur dregið úr honum, þannig að í dag má ástandið teljast nokkuð eðlilegt, þ. e. ekkert húsnæði ónotað og yfirleitt hægt innan tiltölulega skamms tíma að fá húsnæði á leigu.
b) Nei.
c) Nei."

HAFNARFJÖRÐUR.

„Hafnarfirði, 16. nóvember 1978.

a) Spurt er um, hvort skortur sé á leiguhúsnæði í bænum? Já, allverulegur.
b) Hafa bæjaryfirvöld gert ráðstafanir til úrbóta og þá hverjar?
Já, ákveðið hefur verið að hefjast handa um byggingu 6 íbúða við Hólabraut, sem byggðar eru samkvæmt reglum um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis og 15 leigu- og söluíbúða í Norðurbæ, sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.
c) Um handbærar skýrslur eða gögn um þessi mál í einstökum atriðum er ekki að ræða, en ætíð virðist vera talsverður þrýstingur af hendi fólks, sem ekki á þak yfir höfuðið. Við byggingu nýrra verkamannabústaða og fyrrnefnds húsnæðis, þá minnkar þessi þörf ávallt um skeið, en þegar frá líður og ef ekki er séð um að hafa ætíð ákveðið lágmark íbúða fyrir láglaunafólk í smíðum árlega, þá horfa þessi mál til stórvandræða. Væri hins vegar staðið þannig að málum, að a. m. k. 15—20 íbúðir kæmu til úthlutunar árlega í byggðarlagi af stærð Hafnarfjarðar, þá gæti það bægt þessari hörmulegu félagslegu hættu frá dyrum láglaunafólks í bænum á hverjum tíma."

GARÐABÆR.

„Garðabær, 4. desember 1978.

1. Allur þorri Garðbæinga býr í eigin húsnæði. Skortur á leiguhúsnæði verður því að ætla að gæti helst, þegar ungt fólk fer úr foreldrahúsum og stofnar eigin heimili.
2. Bæjaryfirvöld hafa ekki uppi áform um byggingu leiguíbúða í bænum. Hins vegar hafa á seinni árum verið skipulögð svæði, þar sem nú er að rísa talsverður fjöldi lítilla íbúða. Með þessu er stuðlað að aukningu almenns framboðs á slíku húsnæði í bænum.
Í þessu sambandi skal þess getið, að undanfarin ár hefur átt sér stað áberandi þróun í þá átt, að í einbýlishúsum í bænum er oft, auk aðalíbúðar, samþykkt og byggð minni íbúð, yfirleitt ætluð foreldrum húsbyggjenda eða börnum þeirra. Ætla verður, að þessar „hjálparíbúðir" dragi talsvert úr leiguhúsnæðisþörf í bænum. Einnig munu þessar litlu íbúðir auðvelda fólki á efri árum að dvelja lengur með fjölskyldum sínum í eðlilegu umhverfi og þannig draga nokkuð úr kostnaði hins opinbera við byggingar og rekstur stofnana fyrir aldraða.

Bæjarstjórnin styður eindregið þessa þróun og notar þetta tækifæri til þess að beina þeim tilmælum til forráðamanna Húsnæðismálastofnunar ríkisins, að tekið sé eðlilegt tillit til þessarar heppilegu þróunar í útlánareglum stofnunarinnar.

3. Skýrslur um leiguhúsnæðisþörf í bænum eru ekki fyrir hendi.

Talsvert er um atvinnurekstur sé hér stundaður í leiguhúsnæði og ekki ber á því að um skort á því sé að ræða".

Svör þau, sem borist hafa, gefa glöggt til kynna, að hvarvetna er talin mikil þörf fyrir leiguhúsnæði og alls staðar er eftirspurnin meiri en framboðið. Hefur þó bygging hinna sérstöku leiguíbúða sveitarfélaga utan Reykjavíkur bætt talsvert úr.

B. Erlend gögn:

— Leiguhúsnæðislög Dana (Nr. 96/1975).
— Leiguhúsnæðislög Svía (12. kap. jordabalken).
— Leiguhúsnæðislög Norðmanna (Frá 16. júní 1939).
— Leiguhúsnæðislög Finna (Nr. 82/1961).
— Upplýsingar um löggjöf í þýzka Sambandslýðveldinu um rétt leigutaka til kaupa á hinu leigða húsnæði.
— Ýmis önnur gögn, þ. á m. leigusamningseyðublöð.
— Bréf Boligministeriet í Kaupmannahöfn, dags. 21.12. s. l. m. a. varðandi lög um „ejendomsmæglere" frá 8.6. 1966 og upplýsingar um „mellemmænd".
— Handbækur um húsaleigumál frá nokkrum nágrannalandanna.

Öll þau gögn, sem nefndin hefur haft undir höndum, hefur hún leitast við að kynna sér og vinsað það úr, sem hún taldi að komið gæti að gagni. Hún telur mikilvægt að sett verði almenn löggjöf um samskipti leigusala og leigutaka, er verði traustur grundvöllur þeirra. Jafnframt hefur hún haft það að leiðarljósi að hin nýja löggjöf verði til þess að skapa sem mesta festu og öryggi í samskiptum þessara aðila. Lagafrumvarpið hefur því einvörðungu að geyma ákvæði um réttindi og skyldur leigutaka og einskorðast þar við. Má það skoðast sem eðlileg hliðstæða laga nr. 59, 31. maí 1976 um fjölbýlishús. Verði það lögfest hefur loks verið lokið við að setja lagagrundvöll að öllu sambýli og samskiptum og viðskiptum leigusala og leigutaka.

Lagafrumvarp þetta nær jafnt til íbúðarhsúnæðis sem atvinnuhúsnæðis. Er enginn vafi á, að jafn nauðsynlegt er að það nái til hins síðarnefnda sem hins fyrrnefnda. Frumvarpið fjallar ekki um fjárhæð húsaleigu enda hefur félagsmálaráðherra nú falið nefndinni að semja sérstakt lagafrumvarp þar að lútandi. Einmitt það atriði varð fyrri tilraunum til setningar almennra húsaleigulaga verulegur fjötur um fót.

Eining var í nefndinni um frumvarp þetta sem heild. Skoðanir voru þó skiptar með nefndarmönnum um einstakar greinar þess en með málamiðlun tókst í öllum tilfellum að komast að niðurstöðu, sem nefndarmenn gátu eftir atvikum sæst á.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. KAFLA.

Gildissvið laganna o. fl.

Í 1. gr. er að finna skilgreiningu á því til hvaða samninga um leigu á húsnæði frumvarpið tekur. Þannig ná lögin ekki til neins konar lands ásamt húsum, ef um afnot lands til landbúnaðar er að ræða, enda gilda ábúðarlög um slíka samninga.

Í 2. mgr. 1. gr. er þó að finna ákvæði þess efnis, að samningar, sem aðallega fjalla um afnot húsnæðis, en ennfremur um afnot lands, án þess að um afnot til landbúnaðar sé að ræða, skuli falla undir lögin.

Þá er í 4. mgr. 1. gr. kveðið á um, að undanþegnir ákvæðum frumvarpsins skuli vera samningar hótela, gistihúsa og þess háttar aðila, svo og eigenda orlofsheimila,

við gesti sína. Samningar um afnot orlofsheimila eru því aðeins undanþegnir ákvæðum frumvarpsins, að skammtímasamningar séu gerðir. Verði slík orlofsheimili tekin til afnota sem varanlegt íbúðarhúsnæði fyrir einn og sama aðilann gilda ákvæði frumvarpsins um þau afnot. Með orlofsheimilum er einkum átt við þau hús, sem félagasamtök byggja til afnota fyrir félagsmenn sína í orlofi.

Hugtakið íbúðarhúsnæði er skilgreint í 3. mgr. 1. gr.

Með ákvæðum 2. gr. eru tekin af öll tvímæli um, að ákvæði frumvarpsins skuli vera ófrávíkjanleg, nema annars sé sérstaklega getið um einstök ákvæði. Af þessu leiðir, að aðilar leigumála geta ekki samið sig undan ákvæðum frumvarpsins, nema um þau atriði sem gerð eru frávíkjanleg og aðilum er heimilt að semja um að vissu marki eða alfarið.

Hugtakið sambúðarfólk er skilgreint í 3. gr. og höfð nokkur hliðsjón af skilgreiningu í lögum um almannatryggingar, en það rýmkað að mun. Tekinn er af allur vafi um að réttarstaða sambúðarfólks er hin sama og hjóna. Þykir það samrýmast best réttarhugmyndum nútímans.

Í texta frumvarpsins er hugtakið leigumáli jafnan notað um hverskonar samninga um afnot húsnæðis, sem lögin ná til.

Um II. KAFLA.

Gerð leigumála.

Í 3. gr. er sú meginregla sett að leigumálar skuli vera skriflegir og sama gildir um allar breytingar og viðbætur við þá skv. 5. gr. Skylda leigusala er í þessu efni gerð ríkari en leigutaka með því að fella á hann sönnunarbyrðina um fjárhæð leigu, ef út af er brugðið, sbr. 8. gr.

Félagsmálaráðuneyti er falið að gefa út sérstakt eyðublað fyrir leigumála eða staðfesta þau eyðublöð, sem öðrum er rétt að gefa út. Heimildir til útgáfu slíkra eyðublaða eru í gildandi lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins og Fasteignamat ríkisins. Ekki þykir ástæða til að fella þær niður. Auk þess er samtökum leigutaka og leigusala heimiluð útgáfa slíkra eyðublaða. Með þessum hætti þykir unnt að tryggja, að einungis séu í notkun fullnægjandi samningsform þar sem á hvorugan aðilann hallar og auka þannig öryggi í viðskiptum leigusala og leigutaka. Eins og er getur hver sem vill gefið út eyðublöð fyrir leigumála og hefur þess eitthvað gætt, að þau séu lituð af sjónarmiðum annars samningsaðila.

Ekki þykir ráðlegt að leggja til að breytt sé þeirri venjuhelguðu tilhögun, að leigumála megi gera til fastákveðins tíma. Þó getur óneitanlega hallað á leigutaka þegar sú leið er farin og samningur aðeins gerður til skamms tíma í senn. Þess munu ýmis dæmi, að leigutaki sé síðan knúinn til að fallast á mikla hækkun leigunnar eða þrengri kosti að öðru leyti samkvæmt nýjum leigumála, m. a. vegna mikils kostnaðar og óþæginda sem er samfara öflun og flutningi í nýtt leiguhúsnæði. Auk þess getur slíkum samningi lokið á tíma, sem er leigutaka mjög erfiður og óhagkvæmur, t. d. vegna skólagöngu barna hans, atvinnu o. m. fl. Hins vegar geta óneitanlega einnig staðið til þess fullgild rök að hafa samning tímabundinn. Sú leið þykir því vænlegri að laða aðilana með ýmsum hætti til samningsgerðar um lengri tíma í senn en að leggja við tímabundnum samningum bann, sem reynst gæti tvíeggjað, og óvíst er að samrýmist réttarvitund fólks. Ákvæði, sem ætlað er að hvetja til lengingar samningstímans eru t. d. í 41. gr. um viðhald leiguhúsnæðis, í 42. og 45. gr. um reksturskostnað og 51. gr. um greiðslu húsaleigu. Þá eru í 16. og 17. gr ákvæði sem vinna gegn helstu ókostum tímabundinna leigusamninga.

Í þessu efni er þó gengið lengst með ákvæðum 8. gr. um forleigurétt, þegar leigumáli er tímabundinn, þar sem þrengdar eru heimildir leigusala til uppsagnar og breytinga á leigukjörum við gerð endurnýjaðs leigusamnings. Kunna þessar reglur að þykja nokkuð róttækar og þrengja að samningsfrelsi leigusala. En þess er að gæta, að ákvæðið nær aðeins til íbúðarhúsnæðis og það því aðeins að eigandinn

búi ekki í húsinu sjálfur. Auk þess er leigusala ætíð fær sú leið að breyta samningnum í ótímabundinn leigumála, þegar ákveðnu samningstímabili lýkur, og hann hefur fengið reynslu af leigjandanum. Gilda síðan um þann samning almenn uppsagnarákvæði laganna svo og reglur um fardaga. Þessi ákvæði 8. gr. munu því fyrst og fremst ná til þeirra, sem kunna að hafa beitt tímabundnum samningum beinlínis með það í huga, að geta þrengt kosti leigutakans og komist hjá að hlíta ákvörðunum stjórnvalda um breytingar á húsaleigu.

Í 9. gr. eru áréttuð nokkur atriði, sem skylt er að kveða á um í leigumálum. Með E-lið greinarinnar er þó fremur verið að minna á þann möguleika að semja um ákveðinn lágmarks-leigutíma, þótt samningurinn sé að öðru leyti ótímabundinn. Tilgangur F-liðar er sá að skylda aðila til að tilgreina leigufjárhæðina einnig þótt leiguna skuli t. d. greiða með vinnu eða annarri þjónustu, svo sem ekki mun fátítt.

Um III. KAFLA.

Uppsögn leigumála — leigufardagar.

Uppsagnafrestur skal samkv. frumvarpinu vera í meginatriðum sá sami og venja hefur helgað í leiguviðskiptum manna á milli um land allt. Þó er það nýmæli að lengja uppsagnarfrest á íbúðarhúsnæði þegar leigusamband aðila hefur varað í tiltekinn tíma. Sú tilhögun þykir geta aukið á öryggi og festu í þessu efni og grundvallast á því sjónarmiði, að gagnkvæmt traust sé komið á með aðilum er samband þeirra hefur staðið um árabil án þess að tilefni gæfist til uppsagnar eða riftunar á því.

Ekki hefur þótt gerlegt að ákvarða uppsagnarfrest á atvinnuhúsnæði nákvæmar en gert er í 3. lið 10. gr. enda aðstæður þar með afar misjöfnum hætti. Með séstökum erfiðleikum samfara flutningum er átt við aðstæður eins og þær, er fyrirferðarmiklar eða þungar vélar eru notaðar við atvinnustarfsemi, ef færð á vegum eða veðurfar gera flutninga sérstaklega áhættusama eða dýra í framkvæmd eða ef uppsögn miðast við tíma, sem er sérstaklega íþyngjandi fyrir rekstur fyrirtækis svo sem væri, ef fiskverkunarfyrirtæki þyrfti að rýma aðstöðu sína á miðri vertíð.

Fyrra fardegi fyrir íbúðarhúsnæði er lítillega hnikað til. Er hann ákveðinn 1. júní í stað 14. maí, eins og tíðkast hefur. Þessi breyting er gerð með hliðsjón af því, að skólaárið hefur lengst og er nú algengt að börn og unglingar þreyti próf einmitt á þeim tíma, sem áður var fardagur. Er þetta óhagræði látið vega þyngra en sá ókostur að stytta frestinn milli fardaga.

Í 15. gr. er heimild til þess fyrir fógeta að úrskurða um rétt leigutaka til afnota af leiguhúsnæði í allt að 3 mánuði eftir að leigumála skyldi lokið fyrir uppsögn eða samkvæmt ákvæðum hans, leiði mat á hagsmunum aðila til þess að sú ákvörðun þyki sanngjörn. Talið er rétt að festa hér slíka heimild, sem má grípa til t. d. í veikinda- eða slysatilfellum, þótt fógetar muni telja sig hafa hana án beinnar lagaaðstoðar. Á hinn bóginn verður að leggja á leigutaka þá skyldu að óska eftir því með eðlilegum fyrirvara, að heimildinni sé beitt þannig að leigusali viti, að hann megi vænta lengingar á leigutímanum og fái tóm til að haga sínum ráðstöfunum í samræmi við það.

Um IV. KAFLA.

Riftun leigumála.

Riftunarástæður þessa kafla eru að mestu í samræmi við þær reglur, sem gilda á öðrum Norðurlöndum og ætla má að væri beitt hér. Þykir óvarlegt að gera í þessu efni miklar tilslakanir og slíkt raunar til þess fallið að valda fremur ógagni en gagni fyrir leigutaka og leigusala almennt. Í 1. tl. 20. gr. er heimild til riftunar leigumála vegna vanskila á framlagi til sameiginlegs kostnaðar, svo sem á greiðslum til húsfélaga í fjölbýlishúsum. Hefur til þessa ríkt bagaleg réttaróvissa um þetta efni.

Vægi riftunarástæðnanna er mismunandi á þann hátt, að heimild fógeta til hagsmunamats samkv. 18. gr. er ekki látin ná til þess ef leigutaki hefur unnið til útburðar samkvæmt fjórum af níu töluliðum 20. gr.

Mikilsvert er að kveða skýrt á um það, hvenær réttur leigusala til riftunar glatast, svo sem gert er í 22. gr., en eins og er þarf það að metast hverju sinni. Í 23. gr. er nýmæli sem girðir fyrir margvísleg vandræði og kostnað, sem af því getur hlotist, ef Hæstiréttur kemst að andstæðri niðurstöðu við fógeta og hafnar útburðarkröfu, sem fógeti hafði tekið til greina, en leigusali hefur í millitíðinni látið bera leigutaka út og jafnvel leigt húsnæðið öðrum.

Um V. KAFLA.

Afhending og skil leiguhúsnæðis.

Í þessum kafla eru ákvæði um það í hvernig ástandi leigusali skal afhenda leiguhúsnæðið og leigutaki skila því aftur. Mun meginefni kaflans vera í samræmi við það, sem hér hefur verið talið gilda. Með ýmsum ákvæðum er þó kveðið skýrt á um margt það, sem áður mátti deila um og ágreiningi hefur valdið. Ýmsar formsreglur, ákvæði um fresti o.þ. h. eru hafðar ítarlegar enda hér oft í húfi miklir fjárhagslegir hagsmunir.

Ákvæðin um úttektarmenn eru nýmæli. Er með þeim reynt að veita aðilum leigumála kost á skjótvirkari og ódýrari aðferð til lausnar á ágreiningsmálum sínum en verið hefur til þessa. Auk þess eru ákvæðin um úttekt á leiguhúsnæði í upphafi leigutíma til þess fallin að afstýra eða leysa úr deilumálum um bótaskyldu leigutaka vegna meðferðar hans á húsnæðinu á leigutímanum. Ætla má, að lögfesting ákvæða um úttektarmenn geti stuðlað að auknu öryggi og friðsemd í samskiptum leigutaka og leigusala og sé til þess fallin að afstýra oft þeim útgjöldum og fyrirhöfn, sem er samfara málaferlum fyrir dómstólum.

Ákvæði um löggildingu úttektarmanna, skyldur þeirra, þóknun o. fl. eru í XI. kafla frumvarpsins.

Um VI. KAFLA.

Viðhald leiguhúsnæðis.

Mjög hefur verið á reiki, bæði í húsaleigusamningum og í framkvæmd, hvort leigutaki eða leigusali annist og greiði kostnað af viðhaldi á leigðu húsnæði.

Meginstefna frumvarpsins er sú, að allt viðhald, utan húss og innan, skuli leigusali framkvæma á sinn kostnað. Sú undantekning er þó gerð, að leigutaki skuli ætíð annast á sinn kostnað viðhald á læsingum, vatnskrönum, raftenglum og rafmagnsinnstungum. Ennfremur ber leigutaka að annast á sinn kostnað viðhald á rúðum, svo og raftækjum og hreinlætistækjum, nema hann sýni fram á, að brot á rúðu eða bilun slíkra tækja verði ekki rakin til vanrækslu eða yfirsjóna hans eða fólks á hans vegum.

Þar sem nýjar rúður og viðgerðir á nefndum tækjum geta verið mjög kostnaðarsamar þykir rétt að leggja áhættuna af tjóni á þessum munum á leigusala að svo miklu leyti, sem unnt er að kaupa vátryggingu, þ. e. venjulega húseigendatryggingu, gegn áhættunni. Leigusali ræður því sjálfur hvort hann kaupir slíka vátryggingu, þ. e. venjulega húseigendatryggingu, gegn áhættunni. Leigusali ræður því sjálfur hvort hann kaupir slíka vátryggingu, en láti hann það undir höfuð leggjast verður hann sjálfur að bera kostnað af tjóni, sem slík vátrygging mundi hafa bætt.

Ákvæði þessa kafla um viðhald eru almennt ófrávíkjanleg um íbúðarhúsnæði, en heimild til fráviks er þó að finna í 41. gr., 2. mgr., en samkv. ákvæðum þeirrar málsgreinar geta aðilar leigumála samið um að leigutaki annist á sinn kostnað allt viðhald eða tiltekna þætti viðhalds á sinn kostnað. Undanþága þessi nær þó

aðeins til viðhalds innan veggja íbúðarhúsnæðis, en ekki til viðhalds utan húss eða á sameign. Skilyrði þess, að viðhaldskostnaður að þessu marki verði lagður á leigutaka, eru eftirfarandi:

a) að leigumáli sé gerður til lengri tíma en tveggja ára,
b) að tekið sé tillit til viðhaldskostnaðar þess, sem á leigutaka er lagður, við ákvörðun leigugjaldsins,
c) að nákvæmlega séu tiltekin í hinum skriflega leigumála milli aðila þau atriði sem viðhaldsskylda leigutaka nær til.

Ástæðan til þessa fráviks er sú, að ætla má, að það stuðli að því, að leigusalar íbúðarhúsnæðis geri leigumála til lengri tíma en nú tíðkast almennt og þar með sé öryggi leigutaka nokkuð aukið frá því sem nú er.

Í 1. mgr. 41. gr. er aðilum leigumála um atvinnuhúsnæði heimilað að semja að vild sinni um framkvæmd og greiðslu kostnaðar viðhalds á slíku húsnæði.

Í 36. gr. eru ákvæði um meðferð leigutaka á leiguhúsnæði, ábyrgð hans á tjóni á húsnæðinu og fylgifé þess, viðgerðarskyldu hans og rétt leigusala til að láta framkvæma viðgerð á tjóni, svo og rétt hans til aðgangs að leiguhúsnæði til að framkvæma viðgerðir.

Í 38. gr. 2. mgr. er kveðið á um að leigusali skuli halda leiguhúsnæði í leigufæru ástandi, nema viðhald sé lagt á leigutaka skv. fyrrgreindum undantekningarákvæðum. Í ákvæðinu felst, að leigusala ber að halda leiguhúsnæði nokkurn veginn í sama ástandi allan leigutímann og það var í við upphaf hans, m. a. með því að endurnýja eftir þörfum það sem slitnar, allt eftir því sem góðar venjur um viðhald húsnæðis segja til um.

Ákvæði um úrræði leigutaka, ef leigusali vanrækir viðhaldsskyldur sínar, eru í 39. gr. og er þeim ætlað að koma á nokkurri festu í samskiptum leigusala og leigutaka á þessu sviði.

Úttektarmönnum, sem um er fjallað í XI. kafla frumvarpsins, er ætlað það hlutverk skv. 36. gr. 3. mgr., 39. gr. 2. mgr. og 40. gr. 2. mgr., að láta uppi álit sitt á nauðsyn viðgerðar í nánar tilgreindum tilvikum og úrskurða viðgerðarkostnaðarreikninga og ágreining um afslátt á leigugjaldi vegna skertra afnota á leigutíma Um úttektarmenn vísast að öðru leyti til athugasemda við XI. kafla frumvarpsins.

Um VII. KAFLA.

Um greiðslu reksturskostnaðar.

Í þessum kafla eru settar fastar reglur um það hvernig margvísleg bein og óbein reksturgjöld skuli skiptast, annars vegar milli leigutaka og leigusala og hins vegar milli leigutaka og annarra íbúa í sama húsi.

Þótt öll séu þessi ákvæði nýmæli í hérlendri löggjöf mun þó víðast venja að **skipta þessum gjöldum með þeim hætti, sem hér er lagt til. Þó mun óvissa hafa** ríkt um skiptingu þeirra gjalda, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 42. gr.

Ákvæði 45. gr. gæti reynst mikilsvert nýmæli, einkum að því er varðar heimæða- eða tengigjöld hitaveitna, sem nú er víða verið að leggja í eldri íbúðarhverfi. Má ætla að það sé bæði þjóðhagslega hagkvæmt og mikilsvert hlutaðeigandi hitaveitum að ýta með þessum hætti undir það, að húseigendur dragi ekki tengingu húsa sinna við veitukerfi vegna þess að útgjöldin lendi á þeim en afraksturinn hjá leigutaka. Er sú hætta nærtæk, einkum ef leigumáli hefur verið gerður til langs tíma og tenging ekki lögþvinguð.

Rétt þykir að miða endurgreiðslu við útlagða fjárhæð leigusala án vaxta eða verðbóta, enda verður eign hans að jafnaði verðmeiri við breytinguna. Hún kemur honum auk þess til góða síðar ýmist þannig, að hann nýtur reksturssparnaðarins þá sjálfur eða getur átt þess kost að fá hærri leigu greidda frá nýjum leigutaka.

Ákvæðið getur væntanlega haft þýðingu í fleiri tilvikum svo sem ef leigusali lætur setja í leiguhúsnæðið tvöfalt gler eða bætir einangrun þess.

Um VIII. KAFLA.
Umgengnisskyldur og réttindi.

Í kafla þessum er fjallað um það hvers leigutaki skal gæta við afnot sín af leiguhúsnæði, svo og ýmisleg samskipti leigutaka og leigusala. Í 49. gr. er ákvæði um að skilgreina skuli í leigumála þá sameign, sem leigutaki hefur afnot af og í hverju sá afnotaréttur er fólginn, að svo miklu leyti sem það er ekki skilgreint í lögum og reglum um fjölbýlishús og settum reglum í fjölbýlishúsum og atvinnuhúsnæði, þar sem fleiri en einn aðili hefur starfsemi.

Ákvæði kafla þessa miða aðallega að því að lögfesta reglur, sem myndast hafa í samskiptum legusala og leigutaka.

Tryggður er réttur leigutaka til aðgangs að leiguhúsnæði til viðhalds, viðgerða og eftirlits, þó þannig, að ekki fari í bága við hagsmuni leigutaka. Ennfremur réttur leigusala til að sýna væntanlegum leigutökum eða kaupendum húsnæðið síðustu þrjá mánuði leigutímabilsins. Jafnframt eru settar reglur um beitingu þessa réttar og takmörkun hans á þann veg að hagsmunir beggja aðila séu hæfilega tryggðir.

Sú skylda er lögð á leigusala húsnæðis í fjölbýlishúsi, að hann hlutist til um, að aðrir þeir, sem búa eða starfa í húsinu fari að settum umgengnisreglum og ákvæðum þessa kafla frumvarpsins. Ákvæði þetta er sett í því skyni að ljóst sé, að leigutaki geti leitað til leigusala og gert þær kröfur til hans, að hann geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggðir verði hagsmunir leigutaka gagnvart öðrum, sem afnot hafa af húsi. Leigutaki þurfi því ekki sjálfur að knýja á þessa aðila, ef misbrestur verður á umgengni þeirra, þannig að óhagræði valdi fyrir hann. Telja verður að aðstaða leigutaka til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og fá þau virt, sé veikari en eiganda húsnæðisins.

Um IX. KAFLA.
Greiðsla húsaleigu. Tryggingarfé.

Sú almenna regla, sem áður gilti, að húsaleiga væri greidd eftir á fyrir einn mánuð í senn mun á síðari árum hafa breyst á þann veg, að leiga sé nú yfirleitt greidd fyrirfram a. m. k. einn mánuð í senn. Hér er lagt til að sú tilhögun verði lögfest. Lagt er til, að í 51. gr. verði því settar skorður hve miklar kröfur leigusali getur gert til leigutaka um fyrirframgreiðslu á húsaleigu, bæði í upphafi leigutíma og síðar á honum.

Ugglaust má um það deila, hvort slík ákvæði séu í raun til þess fallin að koma í veg fyrir óhóflegar kröfur um fyrirframgreiðslu, sem nú munu ýmis dæmi um, meðan eftirspurn eftir leiguhúsnæði er víðast langt umfram framboð. Þessi og önnur aðhaldsákvæði frumvarpsins eiga að tryggja það, að leigusali geti ekki riftað samningi og látið bera leigutaka út af þeim sökum einum, að hann vill ekki fallast á óhóflegar kröfur um fyrirframgreiðslu á leigu.

Ákvæði 53. gr. eru nýmæli um efni, þar sem nokkur óvissa hefur verið ríkjandi til þessa.

Loks eru ákvæði 55. gr. um tryggingarfé nýmæli í löggjöf hér á landi. Er þess að vænta, að greiðsla tryggingarfjár geti með tímanum orðið almenn regla sem hafi áhrif í þá átt að bæta umgengni leigutaka og meðferð hans á leiguhúsnæðinu. Auk þess á hún að vera leigusölum vörn gegn því, að leigutakar hlaupist á brott frá vangoldinni leigu eða óbættum spjöllum á húsnæðinu.

Ekki þykir ástæða til að leigusali greiði vexti af tryggingarfé, þegar því er skilað aftur til leigutaka. Bæði kemur þar til, að ákvörðun um greiðslu þess

girðir jafnframt fyrir heimtu á leigugreiðslum fyrirfram, en af þeim borgar leigusali ekki vexti. Eins er leigutaka ætlað heimilt skv. 4. mgr. að láta bankaábyrgð koma í stað beinnar fjárgreiðslu en þá koma vextir í hans hlut.

Um X KAFLA.
Framsal leiguréttar, andlát leigutaka, hjúskaparslit o. fl.

Óhætt er að fullyrða að ákvæði þessa kafla munu, ef að lögum verða, eyða margvíslegri réttaróvissu og afstýra deilumálum. Að meginefni til eru ákvæðin í samræmi við það, sem algengast er í löggjöf annarra Norðurlandaþjóða. Þó eru að nokkru leyti farnar ótroðnar slóðir með ákvæðum 61. gr. Þar eru reistar skorður við því að leigumála um atvinnuhúsnæði sé sagt upp þegar dánarbú leigutakans eða þrotabú hans vill selja atvinnustarfsemi, sem þar var stunduð, og söluverð hennar er háð áframhaldandi afnotum húsnæðisins. Sama gildir ef ástæða söluunnar er sambúðar- eða hjúskaparslit. Skilyrði er þó að afnot húsnæðisins haldist óbreytt áfram.

Það getur oft ráðið úrslitum um söluverðmæti t. d. verslunar, sem rekin er í leiguhúsnæði, að henni geti fylgt áframhaldandi afnotaréttur samkvæmt gildandi leigumála að því húsnæði, sem hún hefur verið starfrækt í, og þar sem hún hefur aflað sér viðskiptavildar. Sama getur gilt um margvíslega aðra atvinnustarfsemi.

Nýmæli er einnig fólgið í 62. gr. Í henni felst m. a. það, að þegar afnot af leiguhúsnæði eru látin í té í tengslum við ráðningu í starf, þá er ekki heimilt að láta starfsmann víkja úr húsnæðinu fyrirvaralaust, samhliða uppsögn úr starfi, nema starfsmaðurinn hafi gerst brotlegur eða hann verið ráðinn tímabundið. Öðrum kosti verður að segja upp afnotum húsnæðisins með venjulegum hætti. Þykir rétt að girða með þessum hætti fyrir það, að menn glati samtímis bæði atvinnu sinni og húsnæði.

Um XI. KAFLA.
Úttektarmenn.

Ákvæði þessa kafla um úttektarmenn eru nýmæli í lögum um leigu húsnæðis hér á landi. Hins vegar gegna úttektarmenn ákveðnu hlutverki samkv. ábúðarlögum og hafa gert um langan tíma. Í húsaleigusamningum Vestmannaeyjakaupstaðar hafa verið ákvæði um úttektarmenn í nokkur ár og gefið þar góða raun. Einnig mun vera góð reynsla af störfum manna, sem gengt hafa áþekku hlutverki við sölur á íbúðum Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, og úttektarmönnum er ætlað með frumvarpi þessu.

Áður hefur verið vikið að störfum úttektarmanna í athugasemdum við aðra kafla frumvarpsins. Er þeim ætlað að gegna hlutverki sáttasemjara í ágreiningsmálum milli leigusala og leigutaka en leggja jafnframt, með starfi sínu, grundvöll að því, að réttar upplýsingar geti legið fyrir um ýmis þau atvik, sem eru til þess fallin að valda deilum.

Gert er ráð fyrir sömu aðferð við dómkvaðningu úttektarmanna og gildir um virðingarmenn fasteigna til brunabótamatsverðs.

Í 64. gr. eru almenn ákvæði um starfsskyldur úttektarmanna og í 66. og 67. gr. eru ítarleg ákvæði um þóknun til þeirra og greiðslu hennar. Þarfnast þessi ákvæði ekki frekari skýringa.

Um XII. KAFLA.
Leigumiðlun.

Það er nýmæli að sett séu í lögum ákvæði um skilyrði þess að mega reka leigumiðlun, og um skyldur og ábyrgð leigumiðlara. Nokkrar slíkar miðlanir

hafa þó verið starfræktar í Reykjavík á síðustu árum og mun almennt talið, að brýn þörf sé á föstum reglum um starfsemi þeirra.

Það má telja víst, að leigumiðlanir sem starfa eftir ákveðnum reglum og undir stjórn traustra aðila geti orðið til mikils gagns. Munu þær, ef vel tekst til, stuðla að auknu öryggi við gerð leigumála, tryggja betur að aðilar hans geri sér ljósa grein fyrir réttindum sínum og skyldum og stuðla að öruggri varðveislu skjala, sem að gagni mega koma við úrlausn ágreiningsmála.

Leigumiðlara er heimilt skv. 72. gr. að taka að sér umsjón með framkvæmd leigumála og eftirlit með umgengni og viðhaldi leiguhúsnæðis. Þykir slíkt til þess fallið að meira húsnæði geti komið á leigumarkað, en nú er, því vitað er að ýmsir, og þá einkum eldra fólk, skirrist við að selja ónotað húsnæði á leigu af ótta við amstur og deilumál.

Rétt er að árétta það rækilega, að þótt leigusali einn skuli greiða þóknun leigumiðlara fyrir að koma á leigumála ber honum þó að gæta í starfi sínu fyllsta hlutleysis gagnvart báðum aðilum.

Ekki hefur þótt fært að setja fastar reglur um þá þóknun, sem leigumiðlara ber fyrir að koma á leigumála. Eru í stað þess sett í 71. gr. almenn ákvæði um það, að hliðsjón skuli hafa bæði af fyrirhöfn og þeim hagsmunum, sem í húfi eru. Munu væntanlega fljótlega komast á fastar venjur í þessu efni.

Um XIII. KAFLA.

Kynning laganna o. fl.

Hér er að finna það nýmæli, að lögð er sú skylda á það ráðuneyti, sem húsnæðismál falla undir, félagsmálaráðuneytið, að kynna almenningi efni frumvarpsins, ef að lögum verður. Jafnframt er kostnaður af kynningarstarfsemi þessari lagður á ríkissjóð. Ekki hefur þótt fært að ákveða fyrirfram hversu mikið fé skuli veita til þessarar kynningar. Augljóst er þó, að kynningin verður allkostnaðarsöm fyrsta árið, en síðan mun draga úr kostnaðinum og hann verða nokkuð jafn ár hvert.

Markmiðið með frumvarpi þessu er að kveða í meginatriðum á um réttarstöðu leigutaka og leigusala og eyða þeirri réttaróvissu, sem ríkt hefur á þessu sviði. Jafnframt er það markmiðið að treysta réttarstöðu leigutaka, einkum íbúðarhúsnæðis, og reyna að skapa þeim meira öryggi sem leigutökum en þeir búa við nú. Talið er, að u. þ. b. 20% allra landsmanna búi í leiguhúsnæði og hefur samningsaðstaða þeirra verið mjög veik gagnvart leigusölum, m. a. vegna þess skorts á leiguíbúðarhúsnæði, sem ríkir í þéttbýli hvarvetna á landinu.

Um fjölda leigumála, sem gerðir eru ár hvert um íbúðarhúsnæði er ekki vitað, en augljóst er þó, að leigutakar neyðast til að skipta oft um húsnæði m. a. vegna þess, að leigumálar eru nú að jafnaði gerðir til tiltölulega skamms tíma.

Af þessu leiðir, að fjöldi leigumála, sem stofnað er til á hverju ári, er mikill. Sjaldnast njóta aðilar sérfræðilegrar aðstoðar við gerð leigumála, en nokkuð er notast við staðlaða leigumála, þar sem mismikið tillit er tekið til hagsmuna leigutaka, en þeir þekkja ekki nægilega þær reglur, sem gilda um rétt þeirra og skyldur.

Ákvæði þessa kafla er ætlað að auka þekkingu aðila leigumála á réttindum sínum og skyldum með kynningu á efni laganna, en hætt er við, að markmiðum löggjafar verði ekki náð, nema efni hennar sé komið á framfæri við þá, sem lögin snerta, á sem ljósastan og skýrastan hátt.

Ekki eru tekin upp í frumvarpið ákvæði um það á hvern hátt efni laganna skuli kynnt, heldur er það lagt á vald félagsmálaráðuneytisins. Þess er að vænta, að í kynningunni verði í upphafi lögð megináhersla á þær breytingar og nýjungar á sviði húsaleigumála, sem lagt er til að lögfestar verði með frumvarpi þessu. Einkum virðist vera brýn nauðsyn á því að kynna í upphafi skyldu aðila til að

gera leigumála á eyðublöðum, sem félagsmálaráðuneytið lætur semja og gefur út eða eyðublöðum, sem það staðfestir, en eyðublöð þessi verða sjálfkrafa leiðbeinandi um hvaða atriði aðilar þurfi að semja og taka afstöðu til áður en leigumáli er undirritaður.

Þá virðist og brýnt að kynna ítarlega í upphafi þau ákvæði er lúta að því, að séu leigumálar ekki gerðir á tilskilin eyðublöð, þá gildi um samskipti aðila ákvæði frumvarpsins, eftir því sem við á hverju sinni.

Rétt þykir að leggja áherslu á, að löggjöf sem þessi getur því aðeins tekist vel í framkvæmd, að kynning á henni takist vel í upphafi og öllum tiltækum aðferðum við að koma upplýsingum á framfæri við almenning verði beitt.

Um XIV. KAFLA.

Refsiákvæði.

Lagt er til að sektarrefsingum verði beitt við brotum gegn ákvæðum frumvarpsins, nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum. Ekki er getið lágmarks- og hámarkssektar, heldur er það lagt á mat dómstóla að ákveða fjárhæð sektar innan sektarmarka almennra hegningarlaga.

Um XV. KAFLA.

Gildistaka.

Lagt er til að ákvæði frumvarpsins taki gildi í tveimur áföngum, þannig að þau taki þegar til allra leigumála, sem gerðir verða eftir gildistöku laganna, en leigumálar, sem gerðir hafa verið fyrir þann tíma skuli halda gildi sínu þar til leigutíma lýkur, þó ekki lengur en til 1. janúar 1980. Frá þeim tíma gildi lögin um alla leigumála, bæði þá sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku laganna og þá sem síðar hafa verið gerðir.

Aðilar leigumála, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku laganna, munnlega eða skriflega, fá því nægan aðlögunartíma til 1. janúar n.k. til að gera leigumála á eyðublöð þau, sem félagsmálaráðuneytið gefur út eða staðfestir skv. II. kafla frumvarpsins. Að sjálfsögðu veitir gildistökuákvæðið aðilum leigumála, sem þegar hafa verið gerðar, enga sjálfstæða heimild til að krefjast breytts leigutíma eða leigugjalds. Þeim er hinsvegar gert skylt að koma leigumálum sínum í það form, sem mælt er fyrir um í II. kafla frumvarpsins, fyrir 1. janúar 1980. Að öðrum kosti gilda ákvæði laganna um samskipti þeirra, svo langt sem þau ná.

Bráðabirgðaákvæði.

Tiltölulega fátítt hefur verið til þessa að leigumálum sé þinglýst og þeir stimplaðir. Helst hefur það verið gert þegar um leigumála til langs tíma er að ræða. Sanngjarnt þykir, að þeir aðilar, sem greitt hafa kostnað af þinglýsingu og stimplun leigumála, sem gilda eiga lengur en til 1. janúar 1980, þurfi ekki að greiða neinn kostnað af stimplun og þinglýsingu sama samnings, sem yfirfærður hefur verið á eyðublöð þau, sem II. kafli frumvarpsins fjallar um, enda sé um að ræða leigumála til jafnlangs tíma og hann sem þinglýst hafði verið eða ótímabundinn leigumála, sem ekki hefur verið slitið fyrir 1. janúar 1980. Ákvæði þetta gildir jafnt, þótt fjárhæð húsaleigu hafi hækkað í krónum talið frá því að upphaflegum leigumála var þinglýst og hann stimplaður, enda sé um sama húsnæðið að ræða.

Rétt þykir að vekja hér athygli á ákvæði 31. gr. þinglýsingalaga nr. 39, 1978 um þinglýsingu leigumála. Þinglýsingalögin tóku gildi 1. janúar 1979.

Nd. 339. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Við leggjum til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU :

Í stað orðanna „Þingnefndum er skylt“ í 1. gr. komi orðalagið: Þingnefndum er heimilt.

Alþingi, 6. febr. 1979.

Vilmundur Gylfason, form., frsm. Árni Gunnarsson.

Nd. 340. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 6. mars 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Við leggjum til að frumvarpið verði afgreitt með eftirfarandi

BREYTINGUM :

1. Síðasta málsgrein 1. gr. falli niður.
2. Í 1., 2., 3. og 4. gr. frumvarpsins falli niður orðalagið „að fengnum tillögum þingfararkaupsnefndar“.

Alþingi, 6. febr. 1979.

Vilmundur Gylfason, form., frsm. Árni Gunnarsson. Friðrik Sophusson.

Sþ. 341. Fyrirspurnir. [178. mál]

I. Til menntamálaráðherra um stefnumörkun í menningarmálum.

Frá Helga F. Seljan.

Er þess að vænta að menntamálaráðuneytið beiti sér fyrir opinberri stefnumörkun í menningarmálum svo sem víðast er gert í okkar nágrannalöndum?

II. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um endurgreiðslu almannatrygginga vegna ferðakostnaðar sjúklinga.

Frá Helga F. Seljan og Kjartani Ólafssyni.

Hverjar eru þær höfuðreglur, sem tryggingaráð hefur sett varðandi ferðakostnað sjúklinga sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar, sbr. j.-lið 43. gr. laga um almannatryggingar?

III. Til fjármálaráðherra um skuld Landsvirkjunar við ríkissjóð vegna svokallaðra víkjandi lána og fjármögnun virkjunarframkvæmda með vísitölutryggðum lánum.

Frá Jóni G. Sólnes.

1. Hve hárri upphæð nam skuld Landsvirkjunar við ríkissjóð í árslok 1978 vegna svokallaðra víkjandi lána og hvernig er háttað greiðsluskilmálum og öðrum lánakjörum að því er snertir þessi lán?
2. Að hve miklu leyti hafa framkvæmdir neðangreindra virkjunaraðila verið fjármagnaðar með vísitölutryggðum lánum, og hve háum upphæðum nema skuldir þessara fyrirtækja í slíkum lánum í árslok 1978:
   a) Landsvirkjunar,
   b) Laxárvirkjunar,
   c) Rafmagnsveitna ríkisins,
   d) Kröfluvirkjunar?

Sþ. 342. Fyrirspurnir. [179. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um ráðstafanir vegna birgðasöfnunar mjólkurafurða.

Frá Pálma Jónssyni.

1. Til hvaða ráðstafana hyggst ríkisstjórnin grípa til þess að mæta þeim vanda, sem skapast hefur vegna gífurlegrar birgðasöfnunar á mjólkurafurðum, smjöri og ostum?
2. Hvaða upplýsingar liggja fyrir eða hvaða upplýsinga er unnt að afla með skyndikönnun á neyslu þessara vara í ýmsum stofnunum og vistheimilum á vegum hins opinbera eða félagasamtaka?

II. Til sjávarútvegsráðherra um loðnuveiðar á þessari vertíð.

Frá Guðmundi Karlssyni.

1. Verður veiði á loðnu takmörkuð við ákveðið magn á þessari vertíð?
2. Hyggst sjávarútvegsráðherra, ef svo verður, gera ráðstafanir til að unnt verði að framleiða í gerða sölusamninga á frystri loðnu og loðnuhrognum? Samningar þessir eru mjög verðmætir og mikilvægir fyrir framtíðarstöðu okkar á markaðnum og fiskvinnslu á Suðvesturlandi.

Sþ. 343. Fyrirspurn [180. mál]

til fjármálaráðherra um húseignir í eigu ríkissjóðs.

Frá Gunnlaugi Stefánssyni.

Hvaða húseignir á ríkissjóður eða hluta í húseignum og hvar eru þessar húseignir? Til hvers eru húseignirnar nýttar? Ef um útleigu er að ræða til einstaklinga eða einkaatvinnufyrirtækja á tilteknum húseignum eða hluta af húseign, hverjar voru leigutekjur og viðhalds- og rekstrarkostnaður árið 1978 og hverjir voru leigutakar? Hvert var fasteignamat húseigna í eigu ríkissjóðs árið 1978?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 344. Fyrirspurn [181. mál]

til landbúnaðarráðherra um bújarðir í eigu ríkissjóðs.

Frá Gunnlaugi Stefánssyni.

Hvaða bújarðir á ríkissjóður? Hvar eru þessar jarðir og hverjir voru leigutakar ef um ábúð var að ræða árið 1978? Hvaða hlunnindi fylgja þessum jörðum og hverjar voru tekjur af hlunnindum árið 1978 og hvert runnu þessar tekjur?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 345. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. febr. 1979.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr. Jón G. Sólnes.
Jón Helgason. Bragi Sigurjónsson. Ey. Kon. Jónsson.
Bragi Nielsson.

Ed. 346. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, sbr. lög 75/1967, um breyting á þeim lögum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. febr. 1979.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr. Jón G. Sólnes.
Jón Helgason. Bragi Sigurjónsson. Ey. Kon. Jónsson.
Bragi Nielsson.

Sþ. 347. Breytingartillaga [165. mál]

við till. til þál. um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga.

Frá Stefáni Jónssyni.

Aftan við tillögugreinina komi:

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að segja upp nú þegar, með eðlilegum fyrirvara, samningum þeim sem heimila útlendingum botnfiskveiðar á Íslandsmiðum.

Sþ. 348. Tillaga til þingsályktunar [182. mál]

um könnun á sendingu matvæla til þróunarlanda.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Pálmi Jónsson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Eyjólfur K. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna til hlítar, hvort unnt sé að auka stuðning við þróunarlönd á þann veg, að íslenska ríkið kaupi búsafurðir af framleiðendum, svo sem mjólkurduft, og sendi þangað sem þörfin er brýnust fyrir matvæli.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur oft verið á það minnst, að Íslendingum bæri skylda til að auka aðstoð sína við þróunarlöndin. Framlög þeirra á þessu sviði hafa þó verið af skornum skammti.

Ísland gekk að sáttmála hinna Sameinuðu þjóða 19. nóvember 1946 og hefur getið sér gott orð á þeim alþjóðlega samstarfsvettvangi. Þá eru Íslendingar aðilar að ýmsum sérstofnunum S. þ., svo sem Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO — Food and Agriculture Organization of the United Nations). Hjá þeirri stofnun hafa íslenskir skipstjórar starfað við að kenna fiskveiðiaðferðir í þróunarlöndum. Æðsta takmark þeirrar stofnunar er að útrýma hungri í heiminum. Í því skyni var hafin herferð gegn hungri 1. júlí 1960. Þá var og gerð samþykkt á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 1960 þess efnis, að nýta bæri umframframleiðslu matvæla í heiminum meðal þróuðu og ríku landanna til að stuðla að framförum á sviði efnahags- og félagsmála í fátækum löndum.

Takmarkið um útrýmingu hungurs er enn fjarlægt, en að því verður að stefna. Þá hlýtur að skipta meginmáli að finna hagkvæmar leiðir til að koma fæðunni þaðan sem meira en nóg er til af henni þangað sem fæðuskortur er og fólkið lifir við hungurmörkin.

Öldum saman hafði íslenska þjóðin náin kynni af hungurvofunni. Hefur svo verið tekið til orða, að núlifandi Íslendingar séu fyrsta kynslóðin í landinu, sem fengið hafi nóg að borða. En þá bregður svo við, að of mikið er orðið af matföngum í landinu. Nú er þjóðinni mikill og alvarlegur vandi á höndum vegna framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða langt umfram það, sem selst á innanlandsmarkaði. Við slíkan vanda erum við óvön að fást, þó að ýmsar aðrar þjóðir þekki þau vandamál af langri reynslu.

Í Morgunblaðinu hinn 12. janúar s. l. birtist smágrein eða ábending frá sr. Gunnari Gíslasyni í Glaumbæ. Þar sem hún er efnislega náskyld þessum hugleiðingum, er hún skv. leyfi hans felld að hluta inn í þessa greinargerð. Þar segir svo:

„Að undanförnu hafa málefni landbúnaðarins mjög verið til umræðu og hvað helst væri til úrlausnar þeim vanda, sem þessi elsti atvinnuvegur okkar hefur við að etja. Haldbestur sýnist mönnum sá kostur að draga úr framleiðslunni, minnka matvælaframleiðsluna. Það má kalla ömurlegt hlutskipti sonum þjóðar, sem svalt um aldir og hafði ekki að öllu í sig og á fyrr en um miðbik þessarar aldar, að brjóta heilann í vöku og draumi um það, hvernig draga megi úr framleiðslu matvæla og það í veröld, þar sem hundruð milljóna manna búa við skort og hungur.

Ef ég man rétt, þá eru Íslendingar aðilar að þeirri samþykkt Sameinuðu þjóðanna, að þær þjóðir, sem betur mega sín, vinni að því marki að leggja hungruðum og vannærðum þjóðum fram til bjargar svo sem einn hundraðshluta af þjóðartekjum. Ættum við ekki að taka okkur í alvöru á og reyna að standa við þessa samþykkt og stíga skref í þá átt með því, að unnin yrði þurrmjólk úr allri þeirri mjólk, sem við torgum ekki sjálfir eða vandkvæði eru á að koma í verð. Ríkið keypti síðan afurðina við grundvallarverði og sendi þeim sem svelta? Slíkt væri fagurt framlag á barnaári til sveltandi barna."

Með hliðsjón af framanrituðu leggja flutningsmenn þessarar tillögu þunga áherslu á, að stjórnvöld kanni allar færar leiðir til að ná hinu tvíþætta markmiði, að auka aðstoð við þróunarlönd og koma hollum matvælum í verð til þeirra, sem ekki hafa nóg að borða.

Sþ. 349. Nefndarálit [165. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur athugað þingsályktunartillöguna og leggur til að hún verði samþykkt. Jónas Árnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. febr. 1979.

Einar Ágústsson, form., frsm.	Árni Gunnarsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson.
Vilmundur Gylfason.	Ragnhildur Helgadóttir.	Friðjón Þórðarson.

Nd. 350. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til laga um Framkvæmdasjóð öryrkja.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og var meiri hl. sammála um að mæla með samþykkt þess með breytingartillögum sem hann flytur á sérstöku þingskjali. Eðvarð Sigurðsson skrifar undir með fyrirvara. Stefán Valgeirsson mun gera grein fyrir afstöðu sinni í umræðum. Páll Pétursson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. febr. 1979.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm.	Gunnlaugur Stefánsson.	Eggert Haukdal.
Eðvarð Sigurðsson, með fyrirvara.	Gunnar Thoroddsen.	

Nd. 351. Breytingartillögur [22. mál]

við frv. til laga um Framkvæmdasjóð öryrkja.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

1. Við 3. gr. c-liður falli niður.
2. Við 4. gr. Síðasta málsgr. orðist þannig:
   Kostnaður við starfrækslu sjóðsins greiðist af tekjum hans.
3. Við 5. gr. Aftan við b-lið komi:
   Ákvörðun sjóðsstjórnar um fjármögnun byggingaframkvæmda er þó endanlega háð samþykki viðkomandi ráðherra, sbr. 52. gr. laga nr. 63/1974 og 5. gr. laga nr. 27/1970.
4. Á eftir 15. gr. komi ný grein:
   Lög þessi skulu endurskoðuð að 6 árum liðnum frá gildistöku þeirra.

Sþ. 352. Tillaga til þingsályktunar [183. mál]

um endurskipan varnarmálanefndar utanríkisráðuneytisins.

Flm.: Gunnlaugur Stefánsson, Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að endurskipa varnarmálanefnd utanríkisráðuneytisins á þann hátt að fulltrúum frá samtökum launþega, vinnuveitenda og sveitarfélaga á Suðurnesjum verði tryggð aðild að nefndinni.

Greinargerð.

Samskipti íslenskra og bandarískra stjórnvalda vegna framkvæmdar varnarsamningsins um veru bandarísku setuliðsins á Keflavíkurflugvelli hljóta jafnan að vera í brennidepli og stöðugri endurskoðun, á meðan bandarískur her dvelur í landinu. Þessi þingsályktunartillaga er flutt til þess að tryggja það betur en hingað til, að hagsmunir Íslendinga í samskiptum þessara aðila verði ekki fyrir borð bornir, og síðast en ekki síst að tryggja það, að fólkið, sem býr í nágrenni Keflavíkurflugvallar, fái tækifæri til áhrifa á hvernig málum er skipað á flugvallarsvæðinu.

Það hefur réttilega verið gagnrýnt á undanförnum árum, að hagsmunaaðilar í nágrannasveitum Keflavíkurflugvallar hafa verið afskiptir um samráð og samstarf um mikilvægar ákvarðanir vegna Keflavíkurflugvallar og þeirrar starfsemi sem þar fer fram og í mörgum tilfellum hefur veruleg áhrif á athafnalíf, byggðaþróun og aðra mikilvæga þætti er snerta líf fólksins á Suðurnesjum. Ber því brýna nauðsyn til þess, að fulltrúum fólksins, sem býr í nágrenni flugvallarins, verði tryggður réttur til þess að fylgjast með þróun mála á flugvellinum og taka eðlilegan þátt í ákvörðunum. Þetta má tryggja með því að endurskipa varnarmálanefnd og gefa launþega-, vinnuveitenda- og sveitarfélagasamtökum á Suðurnesjum rétt til þess að eiga fulltrúa í nefndinni.

Ástæða er til að samskiptin við bandarísku setuliðið séu í stöðugri endurskoðun. Núverandi skipan mála er á margan hátt ábótavant. Skort hefur mjög á að eftirlit með starfsemi á Keflavíkurflugvelli hafi verið nægjanlegt. Hefur það verið m. a. hlutverk varnarmálanefndar að hafa á hendi þetta eftirlit. Benda má á að starfsemin á Keflavíkurflugvelli hefur m. a. leitt af sér stórfellda olíumengun í jarðvegi á undanförnum árum án þess að nokkuð hafi verið að gert. Vatnsból

sveitarfélaga í nágrenni flugvallarins eru í stórhættu vegna þess. Íbúðaröryggi og athafnalífi á Suðurnesjum hefur á þann hátt verið stefnt í stórhættu.

Engum vafa er undirorpið að íbúar Suðurnesja verða jafnan að þola margs konar rask af völdum Keflavíkurflugvallar og þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Sveitarfélög hafa t. d. orðið að veita margvíslega þjónustu, sem kostað hefur sveitarsjóði stórfé á undanförnum árum, vegna starfseminnar á Keflavíkurflugvelli. Ber brýna nauðsyn til að þetta verði tekið til gaumgæfilegrar athugunar og endurskoðunar þannig að sveitarfélög á Suðurnesjum þurfi ekki að búa við lakari kjör en önnur sveitarfélög í landinu. Þá vinnur að jafnaði fjöldi launþega af Suðurnesjasvæðinu á flugvellinum við ýmis störf og Suðurnesjafyrirtæki veita þar ýmsa þjónustu. Það hlýtur því að vera sjálfsagt lýðræðismál, að fulltrúar þess fólks, sem mestra hagsmuna á að gæta vegna starfseminnar á Keflavíkurflugvelli, hafi rétt til að vera aðilar að nefnd þeirri sem um þessi mál fjallar.

Nd. 353. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24 10. maí 1977 og lög nr. 82 18. maí 1978 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Í 14. tl. 3. gr. laganna falli orðin „ráðherra og“ brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í allmörg ár hafa verið í gildi sérstakar reglur um tollmeðferð bifreiða er ráðherrar hafa til afnota. Með lögum nr. 1/1970 um tollskrá o. fl. var veitt heimild til þess að veita undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðherra í samræmi við reglur um bifreiðamál ríkisins.

Reglur þær er nú gilda um bifreiðamál ríkisins er að finna í reglugerð nr. 6/1970. Í 10. gr. reglugerðar þessarar eru svofelld ákvæði:

„Hver ráðherra getur fengið til umráða ríkisbifreið, sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Bifreiðar þessa skulu sérstaklega auðkenndar, og er óheimil notkun þeirra nema í embættisþágu.

Ráðherra, sem ekki óskar að fá til umráða ríkisbifreið, á þess kost að fá keypta bifreið, er hann tekur við embætti, meðan sömu kjörum og gilt hafa um bifreiðakaup ráðherra, er lætur af embætti. Heimilt er að veita ráðherra í eitt skipti lán til slíkra kaupa með sömu kjörum og gilda um ríkisforstjóra, sem haft hafa ríkisbifreið til afnota.“

Ríkisstjórnin telur óeðlilegt að ráðherrar fái bifreiðar, er verða einkaeign þeirra, með öðrum kjörum en almennt gilda í landinu. Er því með frumvarpi þessu lagt til að lagaheimild til veitingar slíkra fríðinda verði felld úr gildi.

Sþ. 354. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]

um almennar skoðanakannanir.

Flm.: Páll Pétursson, Alexander Stefánsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir setningu laga um almennar skoðanakannanir.

Greinargerð.

Augljós er nauðsyn þess að sett verði sem fyrst löggjöf um almennar skoðanakannanir á Íslandi. Reynslan hefur sýnt að ekki er það lýðræðislegri stjórnskipan eða eðlilegri skoðanamyndun í þjóðfélaginu til framdráttar að óvandaðir aðilar eða pólitísk áróðursmálgögn hafi leyfi til þess að framkvæma „athuganir“ sem þeim síðan haldist uppi að kalla marktækar skoðanakannanir um hin mikilvægustu efni.

Það er tvímælalaust hægt með óvönduðum og hlutdrægum skoðanakönnunum, sem blásnar eru út í fjölmiðlum, að hafa veruleg áhrif á skoðanamyndun almennings í landinu og vekja þannig athygli á eigin áhugamálum og skoðunum eða söluvörum með óeðlilegum hætti í áróðursskyni.

Ekki ber að amast við skoðanakönnunum í þjóðfélaginu sem framkvæmdar eru á marktækan hátt og af hlutlausum og vönduðum aðilum. Því er það brýnt að settar verði skorður við því, að þjóðmálaskúmar, kaupahéðnar eða áróðursapparöt geti sett á svið hömlulaust eitthvað sem þau geti kallað almennar skoðanakannanir og unnið þannig sjónarmiðum sínum eða skjólstæðingum brautargengi.

Þess vegna er það fyllilega tímabært að sett verði löggjöf um þetta efni og ákveðin skilyrði lögfest um óhlutdrægni og vísindalega nákvæmni.

Nd. 355. Frumvarp til laga [186. mál]

um orkuiðnað á Vesturlandi.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Jósef H. Þorgeirsson.

I. KAFLI
Um Vesturlandsvirkjun.

1. gr.

Ríkissjóði Íslands, Akraneskaupstað, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu í umboði íbúa framangreindra sveitar- og sýslufélaga skal heimilt að setja á stofn orkufyrirtæki, er nefnist Vesturlandsvirkjun.

Starfssvæði félagsins er Vesturland frá Hvalfjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn.

Heimili félagsins og varnarþing er í Andakílshreppi.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að afla orku til almenningsnota, iðju og iðnaðar með eigin virkjunum eða samningum við aðra orkuframleiðendur. Skal félagið eiga, byggja og starfrækja virki til orkuvinnslu og flutnings og selja orku í heildsölu til dreifiveitna og annarra orkufyrirtækja.

Fyrirtækið annast virkjunarrannsóknir, áætlanagerð og aðrar undirbúningsrannsóknir á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Vesturlandsvirkjun tekur við öllum eignum Rafmagnsveitna ríkisins á Vesturlandi og Andakílsárvirkjunar til raforkuvinnslu og flutnings, réttindum þeirra og skyldum. Fyrirtækið yfirtekur skuldir vegna eigna þeirra, sem það tekur við, eftir nánara samkomulagi.

4. gr.

Eignarhluti ríkissjóðs í Vesturlandsvirkjun skal vera 40%, en eignarhluti framangreindra sýslu- og sveitarfélaga 60%, er skiptist eftir íbúatölu og breytist aðeins til samræmis við íbúafjölda samkvæmt þjóðskrá.

Engum sameignaraðila er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda.

5. gr.

Félagið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Sameigendur beri einfalda, óskipta ábyrgð á skuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum.

6. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 7 mönnum og jafnmörgum til vara, er kjörnir skulu af eftirtöldum aðilum til tveggja ára í senn, einn af hverjum:

a) Bæjarstjórn Akraness.
b) Sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu.
c) Sýslunefnd Mýrasýslu.
d) Sýslunefnd Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
e) Sýslunefnd Dalasýslu.
f) Fjármálaráðherra.
g) Orkumálaráðherra.

Stjórnin kýs sér formann og tvo menn að auki í framkvæmdastjórn, er skiptir með sér verkum.

Undirskrift framkvæmdastjórnar bindur félagið.

7. gr.

Stjórn Vesturlandsvirkjunar hefur á hendi yfirstjórn á framkvæmdum fyrirtækisins og rekstri. Hún ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu og annast daglegan rekstur þess.

8. gr.

Aðalfund Vesturlandsvirkjunar skal halda fyrir 1. júlí ár hvert. Stjórnin boðar til aðalfundar með a. m. k. viku fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti 3 fulltrúar frá hverjum sameignaraðila, sbr. 6. gr. a-g, og fara þeir með atkvæðisrétt í hlutfalli við eignaraðild umbjóðenda sinna.

Á aðalfundi skal fjalla um eftirgreind mál:

1. Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Lagðir skulu fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Eignarðilar skulu tilkynna um kjör manna í stjórn og varastjórn.
4. Kosinn skal einn endurskoðandi til eins árs, en fjármálaráðherra skal tilnefna annan. Tveir skulu valdir til vara með sama hætti.
5. Fjárfestingar- og framkvæmdaáætlanir, svo og stefnu fyrirtækisins í rannsóknum og orkuviðskiptum.
6. Önnur mál.

9. gr.

Stjórn Vesturlandsvirkjunar setur gjaldskrá um verð á orku í heildsölu. Ákveður hún einnig almenna skilmála um orkusölu.

Gæta skal almennra arðsemissjónarmiða við setningu gjaldskrár.

10. gr.

Heimilt er stjórn Vesturlandsvirkjunar að taka lán til þarfa fyrirtækisins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni.

Stjórnin getur ekki skuldbundið eignaraðila að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er undir á hverju ári, eru minna en 10% af brúttótekjum fyrirtækisins á næstliðnu ári.

11. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á lánum, er Vesturlandsvirkjun tekur til orkuframkvæmda. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán, er kæmi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar samkvæmt 1. mgr. Lánið endurlánar ríkisstjórnin Vesturlandsvirkjun með þeim kjörum og skilmálum, er um semst.

12. gr.

Vesturlandsvirkjun er undanþegin tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sýslu- og sveitarfélaga. Þó skal Vesturlandsvirkjun greiða sýslu- og sveitarsjóðum þau opinber gjöld, sem þeim er gert að greiða vegna húseigna Vesturlandsvirkjunar samkvæmt öðrum lögum.

13. gr.

Ráðherra getur heimilað Vesturlandsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd og mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms fer eftir lögum nr. 11/1973.

14. gr.

Orkumálaráðherra staðfestir reglugerð, er stjórn Vesturlandsvirkjunar undirbýr í samráði við eignaraðila, þar sem nánar skal ákveðið um framkvæmd þessara laga, starfsemi og orkuveitusvæði Vesturlandsvirkjunar.

15. gr.

Með lögum þessum eru felldar úr gildi allar heimildir í lögum fyrir Rafmagnsveitur ríkisins eða aðra aðila til virkjunar fallvatna á Vesturlandi. Undanskilin eru þó lög nr. 26/1977, um virkjun Hvítár í Borgarfirði, þar sem Vesturlandsvirkjun tekur við öllum réttindum og skyldum Andakílsárvirkjunar samkvæmt þeim lögum.

II. KAFLI
Um Vesturlandsveitu.

16. gr.

Sveitarfélögum í Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu, ásamt ríkissjóði Íslands, skal heimilt að setja á stofn orkudreifingarfyrirtæki, er nefnist Vesturlandsveita. Starfssvæði hennar er Vesturland allt frá Hvalfirði í Gilsfjörð að frátöldu lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar. Heimili og varnarþing er í Borgarnesi.

17. gr.

Tilgangur Vesturlandsveitu er að dreifa orku til almenningsnota um Vesturland. Hún tekur við öllum eignum Rafmagnsveitna ríkisins, Rafveitu Borgarness og annarra sveitarfélaga á sínu starfssvæði til orkudreifingar, réttindum þeirra og skyldum, eftir nánara samkomulagi.

18. gr.

Eignarhluti ríkissjóðs í Vesturlandsveitu skal vera 40%, en framangreindra sveitarfélaga 60%. Eignarhluti sveitarfélaga skiptist eftir íbúatölu og breytist aðeins til samræmis við íbúafjölda samkvæmt þjóðskrá.

Engum sameignaraðila er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda.

19. gr.

Félagið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald.

20. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 7 mönnum og jafnmörgum til vara, er kjörnir skulu af eftirtöldum eignaraðilum til tveggja ára í senn, einn af hverjum:

a) Sveitarfélögum Borgarfjarðarsýslu.
b) Sveitarfélögum Mýrasýslu.
c) Sveitarfélögum Ólafsvíkur, Neshrepps utan Ennis, Fróðárhrepps, Breiðavíkurhrepps og Staðarsveitar.
d) Sveitarfélögum Stykkishólms, Eyrarsveitar, Helgafellssveitar, Skógarstrandar, Miklaholts-, Eyjar- og Kolbeinsstaðahreppa.
e) Sveitarfélögum Dalasýslu.
f) Fjármálaráðherra.
g) Orkumálaráðherra.

Stjórnin kýs sér formann og tvo menn að auki í framkvæmdastjórn, er skiptir með sér verkum.

21. gr.

Stjórn Vesturlandsveitu hefur á hendi yfirstjórn á framkvæmdum fyrirtækisins og rekstri, svo sem nánar segir í reglugerð.

22. gr.

Aðalfund Vesturlandsveitu skal halda fyrir 1. apríl ár hvert. Stjórnin boðar til aðalfundar með a. m. k. viku fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti þrír fulltrúar frá hverjum sameignaraðila, sbr. 20. gr. a-g, og fara þeir með atkvæðisrétt í hlutfalli við eignaraðild umbjóðenda sinna.

Á aðalfundi skal fjalla um eftirgreind mál:

1. Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Reikninga félagsins, er lagðir skulu fram endurskoðaðir til samþykktar.
3. Fjárhags- og framkvæmdaáætlanir.
4. Kosning endurskoðanda, til eins árs, en fjármálaráðherra skal tilnefna annan. Tveir skulu valdir til vara með sama hætti.
5. Önnur mál.

Eignaraðilar skulu tilkynna um kjör manna í stjórn og varamanna.

23. gr.

Stjórn Vesturlandsveitu setur gjaldskrá um verð á orku til notenda og önnur gjöld. Ákveður hún einnig almenna skilmála um orkusölu.

24. gr.

Heimilt er stjórn Vesturlandsveitu að taka lán til þarfa fyrirtækisins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni.

Stjórnin getur ekki skuldbundið eignaraðila að því er varðar greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir, sem gengist er undir á hverju ári, eru minna en 10% af brúttótekjum fyrirtækisins á næstliðnu ári.

25. gr.

Vesturlandsveita er undanþegin tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sýslu- og sveitarfélaga. Þó skal Vesturlandsveita greiða sýslu- og sveitarsjóðum þau opinber gjöld, sem þeim er gert að greiða vegna húseigna Vesturlandsveitu samkvæmt öðrum lögum.

26. gr.

Ráðherra getur heimilað Vesturlandsveitu að taka eignarnámi lönd, mannvirki og réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms fer eftir lögum nr. 11/1973.

27. gr.

Orkumálaráðherra staðfestir reglugerð, er stjórn Vesturlandsveitu undirbýr í samráði við eignaraðila, þar sem nánar skal ákveðin starfsemi og orkuveitusvæði Vesturlandsveitu.

III. KAFLI

Um Orkumálanefnd Vesturlands.

28. gr.

Setja skal á stofn Orkumálanefnd Vesturlands, skipaða þrem mönnum og jafnmörgum til vara.

Einn skal tilnefndur af Vesturlandsveitu, annar af Rafveitu Akraness og sá þriðji af Vesturlandsvirkjun.

Hlutverk nefndarinnar er að stuðla að hagnýtu og traustu samstarfi framangreindra aðila í orkumálum með hagsmuni allra íbúa Vesturlands fyrir augum.

Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð.

IV. KAFLI

29. gr.

Þegar ákveðið er að nota heimild samkvæmt 1. og 16. gr. laga þessara, skal orkumálaráðherra beita sér fyrir því, að stofnfundir séu haldnir samkvæmt reglum 8. og 22. gr., eftir því sem við á, og gengið frá sameignarsamningum.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og nánar verður greint frá hér á eftir, starfaði Raforkunefnd Vesturlands á tímabilinu maí 1976 til mars 1978. Hún lauk störfum, skilaði áliti til iðnaðarráðherra með bréfi dags. 25. mars 1978. Var málið þar með lagt í hendur ráðuneytis og ríkisstjórnar.

Iðnaðarráðherra kynnti málið í fyrrverandi ríkisstjórn, en ekki náðist þar samstaða um að málið yrði flutt sem stjórnarfrumvarp. Vitað er, að frv. verður ekki flutt af núv. iðnaðarráðherra né ríkisstjórn. Er því um tvennt að velja: Að láta málið kyrrt liggja og bíða þess, er verða vill, eða hreyfa því frekar áleiðis í framhaldi af því, sem unnið hefur verið. Var seinni kosturinn valinn og öllum þingmönnum Vesturlandskjördæmis í Nd. boðið að flytja það í sameiningu. Um það náðist ekki samstaða. Var þá horfið að því ráði að flytja frv. í þeim búningi, sem nefndin varð sammála um, og láta fylgja því sömu gögn og greinargerðir og fylgdu því til iðnaðarráðherra í mars 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 4. maí 1976, skipaði iðnaðarráðherra, dr. Gunnar Thoroddsen, 7 manna nefnd til að starfa að endurskipan raforkumála í Vesturlandskjördæmi með stofnun Vesturlandsveitu fyrir augum. Þess var jafnframt óskað, að nefndin hefði í störfum sínum samráð við Rafmagnsveitur ríkisins.

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn:

1. Friðjón Þórðarson, alþm., Stykkishólmi, formaður.
2. Ásgeir Pétursson, sýslumaður, Borgarnesi.
3. Guðjón Guðmundsson, skrifstofustjóri Akranesi.
4. Gunnar Guðbjartsson, bóndi, Hjarðarfelli.
5. Húnbogi Þorsteinsson, sveitarstjóri, Borgarnesi.
6. Óskar Eggertsson, rafstöðvarstjóri, Andakílsárvirkjun.
7. Steinþór Þorsteinsson, kaupfélagsstjóri, Búðardal.

Guðjón Ingvi Stefánsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, var kjörinn ritari nefndarinnar. Ásgeir Sæmundsson, tæknifræðingur, hefur verið nefndarmönnum til ráðuneytis og setið alla fundi nefndarinnar.

Svo sem kunnugt er hafa orkumál verið ofarlega á baugi og mikið rædd í byggðum landsins á síðari árum. Við valdatöku þeirrar ríkisstjórnar, er nú situr, síðsumars 1974, var lögð áhersla á aukinn hraða í virkjun íslenskra orkugjafa, bæði til iðnvæðingar og í því skyni að gera Íslendinga óháðari en ella innfluttri orku. Var því lýst yfir, að framkvæmdir til hagnýtingar innlendra orkulinda hlytu að

hafa algeran forgang, enn fremur, að endurskoða skyldi skipulag, stjórn og eignaraðild orkuöflunar- og dreifingarfyrirtækja og stefna að auknum áhrifum strjálbýlisins og sveitarfélaga á stjórn slíkra fyrirtækja.

Að undanförnu hafa stjórnskipaðar nefndir verið að störfum í flestum kjördæmum landsins til að ræða og reifa þessi mál og kanna viðhorf heimamanna til þeirra. Auk þess hefur yfirnefnd í orkumálum starfað að heildarskipulagi og yfirstjórn orkumála að því er tekur til landsins alls.

Samkvæmt ósk iðnaðarráðherra í fyrrgreindu erindisbréfi var fljótlega leitað samstarfs við Rafmagnsveitur ríkisins og óskað eftir sjónarmiðum þeirra. Það kom strax fram hjá stjórnarformanni RARIK, að stjórn þeirra teldi það ekki hlutverk sitt að móta stefnu í raforkumálum framtíðarinnar. Það væri verkefni stjórnvalda. Á hinn bóginn væri sjálfsagt að veita nefndinni allar upplýsingar, sem óskað væri eftir, og taka þátt í skoðanaskiptum.

Raforkunefnd Vesturlands skrifaði strax öllum hrepsnefndum á Vesturlandi, 38 að tölu, öllum sýslunefndum á svæðinu, en þær eru 4, og bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, kynnti þeim verkefni nefndarinnar og óskaði eftir tillögum, sem þær kynnu að vilja koma á framfæri við nefndina. Auk þess var málið rækilega kynnt og rætt á fundum Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.

Nefndin hefur frá öndverðu fjallað um alla meginþætti raforkukerfa samkvæmt venjulegri skiptingu: (1) Orkuöflun, orkuver o. fl., (2) flutningskerfi, þ. e. háspennulínur og spennistöðvar, sem flytja raforkuna til notkunarsvæðanna og (3) dreifikerfi, sem dreifa orkunni innansvæðis til einstakra notenda. — Kemur þá til álita, að allir þessir þættir séu á einni og sömu hendi eða tveim, t. d. þannig, að einn aðili annist orkuöflun og meginflutning, en annar eða aðrir sjái um orkudreifinguna.

Sérstaklega verður að geta þess, að á Vesturlandi eru aðstæður með nokkuð sérstökum hætti í orkumálum. Um Dali, Snæfellsnes, og mikinn hluta Borgarfjarðarhéraðs hafa Rafmagnsveitur ríkisins annast alla meginþætti raforkukerfisins á undanförnum árum. Á hinn bóginn hefur Andakílsárvirkjun, sem tók til starfa 1947, aðallega selt raforku til dreifiveitnanna á Akranesi, Borgarnesi og Hvanneyri, þ. e. annast orkuöflun og flutning á ákveðnu svæði Borgarfjarðarhéraðs. Þess skal getið, að Andakílsárvirkjun annaðist alla orkuöflun fyrir Borgarfjarðarhérað til 1958, en orkuflutning frá Akranesi til Andakíls fyrir Rafmagnsveitur ríkisins hefur hún séð um fram á þennan dag. Allt frá 1970 hafa miklar umræður farið fram meðal heimamanna í þá átt að stækka athafnasvæði Andakílsárvirkjunar, þannig að það taki framvegis til alls Vesturlands, frá Hvalfirði í Gilsfjarðarbotn. Hefur þá jafnframt verið haft í huga að virkja Kljáfoss í Hvítá við hentugt tækifæri. Heimildarlög um virkjun Hvítár í Borgarfirði voru samþykkt á Alþingi 30. apríl 1977.

Andakílsárvirkjun er sameign þriggja aðila, þ. e. Akraneskaupstaðar, Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu. Skiptist sameignin milli eigenda í þrjá jafna hluti.

Ítrekaðar samþykktir eigenda Andakílsárvirkjunar, sveitarstjórna, sýslunefnda, ýmissa félagslegra heildarsamtaka, svo og Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi hafa hvatt til aukinnar samvinnu í orkumálum á þessu svæði öllu. Með hliðsjón af mikilvægi málsins og stærð og heildarskipulagi er þó talið rétt og eðlilegt, að ríkisvaldið eigi verulegan hlut að þessu máli. Fyrirtæki, sem kynnu að verða stofnsett í þesu skyni, yrðu því sameign ríkisins og sýslu- og sveitarfélaga á Vesturlandi.

Að sjálfsögðu hefur nefndin unnið að verkefni sínu með þau grundvallarsjónarmið í huga, að stefnt yrði að hagkvæmari skipan orkumála fyrir þjóðarheildina og sem lægstu og jöfnustu orkuverði um land allt, en jafnframt að auknu öryggi, bættri þjónustu og ríkari ábyrgð heimamanna í hverri byggð á þessum vettvangi.

Hér á eftir fara athugasemdir við einstakar greinar frumvarps þess, sem nefndin hefur samið. Frumvarpinu er skipt í fjóra kafla:

I. kafli fjallar um Vesturlandsvirkjun, þ. e. sameignarfyrirtæki ríkis, Akraneskaupstaðar og sýslufélaga á Vesturlandi, sem ætlað er að annast orkuöflun og orkuflutning.

II. kafli fjallar um Vesturlandsveitu, þ. e. sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaga á Vesturlandi, sem ætlað er að annast orkudreifingu til neytenda á Vesturlandi utan Akraneskaupstaðar.

III. kafli fjallar um Orkumálanefnd Vesturlands.

IV. kafli fjallar um gildistöku o. fl.

Nánari skýringa verður getið hér á eftir við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að eigendur Vesturlandsvirkjunar verði þeir, sem nú eru eigendur að Andakílsárvirkjun, þ. e. Akraneskaupstaður, Borgarfjarðarsýsla og Mýrasýsla, að viðbættum ríkissjóði Íslands og hinum sýslunum í Vesturlandskjördæmi, þ. e. Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu. Til greina kom einnig að byggja þetta fyrirtæki upp af ríkissjóði og sveitarfélögum á Vesturlandi, sem eru alls 39 að tölu. Segja má þó, að hér sé aðeins um formsatriði að ræða, þar sem sýslurnar eru hin einu lögbundnu samtök íbúanna á héraðsgrundvelli.

Um 2. gr.

Hlutverk þessa fyrirtækis er orkuöflun og meginflutningur hennar um Vesturland. Hér er fyrst og fremst átt við raforku, en orðalag frumvarpsins getur einnig náð yfir annars konar orku, t. d. fjarvarma og jarðhita, ef um það yrði samkomulag. Það verður jafnan matsatriði, hvort orkan er framleidd í héraði eða keypt annars staðar, t. d. af Landsvirkjun.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir því, að samið verði um, að hið nýja fyrirtæki, Vesturlandsvirkjun, taki við öllum eignum Andakílsárvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins á Vesturlandi að því er varðar orkuvinnslu og aðalflutning. Þessum eignum mundi að sjálfsögðu fylgja eitthvað af skuldum eftir nánara samkomulagi, enda eðlilegt og venju samkvæmt, að réttindi og skyldur fylgist að.

Um 4. gr.

Miðað er við, að um sameignarfélag verði að ræða. Eignarhluti ríkisins er ákveðinn 40%, en Akraneskaupstaðar og sýslnanna samtals 60%. — Með þessu er því alls ekki slegið föstu, að eignarhlutdeild fari eftir stofnframlagi hvers og eins. Þvert á móti byggir ákvæði þetta á þeirri hugsun, að erfitt sé að leggja sanngjarnt mat á framlagðar eignir af þessu tagi. Enn fremur hljóti það að vera miklum erfiðleikum bundið að krefjast stofnframlaga, svo að um muni, frá þeim aðilum, sem á undanförnum árum hafa greitt raforku háu verði án þess að fá hlutdeild í nokkrum eignum á þessu sviði. Þess hefur þó verið getið og á það bent, að hið háa raforkuverð, sem fólkið hefur greitt, megi í raun og veru skoða sem framlag þess til raforkuvirkja á tilteknum svæðum. Loks er þess að geta, að við ákvörðun um eignarhlutföll sameigenda var höfð hliðsjón af sambærilegum landshlutafyrirtækjum. — Bent hefur verið á, að einfaldast sé, að 60% skiptist jafnt milli heima-

aðila, Akraneskaupstaðar og sýslnanna fjögurra, hliðstætt því sem gilt hefur og vel gefist í Andakílsárvirkjun.

Eignarhluti ríkissjóðs er fastákveðinn 40%, en eignarhluti hvers sýslu- og sveitarfélags breytist til samræmis við íbúafjölda samkvæmt þjóðskrá.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 8. gr.

Hér eru ákvæði um aðalfund Vesturlandsvirkjunar. Gert er ráð fyrir, að góð samvinna takist milli sameigenda. Skerist í odda, gildir atkvæðisréttur í hlutfalli við eignaraðild hvers og eins.

Um 9. gr.

Hér er fjallað um setningu gjaldskrár.

Um 10. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um ábyrgðir og fjárskuldbindingar.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Hér er sams konar ákvæði og er í lögum um Landsvirkjun og fleiri lögum af þessu tagi.

Um 13. gr.

Þessi grein hefur að geyma eignarnámsheimild. Sjálfsagt er þó að reyna frjálsa samninga til þrautar, áður en slíkri heimild er beitt.

Um 14. gr.

Í reglugerð, sem stjórn Vesturlandsvirkjunar semur og ráðherra staðfestir, má að sjálfsögðu setja ákvæði um hvað eina, er þurfa þykir og samrýmist ákvæðum þessara laga og annarra laga um orkumál.

Um 15. gr.

Samkvæmt þessari grein falla niður allar ónotaðar lagaheimildir, sem Rafmagnsveitum ríkisins eða öðrum aðilum eru veittar til virkjunar fallvatna á Vesturlandi. Þó haldast í gildi lög nr. 36 frá 30. apríl 1977, um virkjun Hvítár í Borgarfirði, en Vesturlandsvirkjun tekur við öllum réttindum og skyldum samkvæmt þeim lögum af Andakílsárvirkjun.

Um 16. gr.

Heimilt er samkvæmt þessari grein að stofna orkudreifingarfyrirtæki, sem nær yfir allt Vesturland að frátöldu lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar. Gert er ráð fyrir, að sameigendur að slíku fyrirtæki, Vesturlandsveitu, yrðu ríkissjóður og 38 sveitarfélög á Vesturlandi.

Um 17. gr.

Tilgangur Vesturlandsveitu er að dreifa orku til almenningsnota um Vesturland. Gert er ráð fyrir, að þetta fyrirtæki verði stofnað á hliðstæðan hátt og Vesturlandsvirkjun, þ. e. að til þess renni allar eignir Rafmagnsveitna ríkisins á Vesturlandi, sem lúta að orkudreifingu til neytenda, svo og eignir Rafveitu Borgarness og annarra dreifiveitna, þó ekki Rafveitu Akraness, sem áfram starfar svo sem verið hefur.

Um 18. gr.

Ráðgert er, að ríkissjóður eigi 40% í Vesturlandsveitu, en sveitarfélögin samtals 60%. Eignarhluti sveitarfélaga skiptist milli þeirra eftir íbúatölu.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um stjórn félagsins.

Um 21. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 22. gr.

Hér eru ákvæði um aðalfund Vesturlandsveitu. Í reglugerð skal kveðið nánar á um, hverjir geti átt sæti á aðalfundi.

Um 23. gr.

Hér eru almenn ákvæði um setningu gjaldskrár.

Um 24. gr.

Grein þessi geymir venjuleg ákvæði um lántökur, ábyrgðir og aðrar skuldbindingar fyrirtækisins.

Um 25. gr.

Þessi grein fjallar um undanþágur frá opinberum gjöldum og eru þær sambærilegar við önnur fyrirmæli í lögum um orkumál.

Um 26. gr.

Rétt er að hafa eignarnámsheimild tiltæka, ef nauðsyn krefur og þurfa þykir.

Um 27. gr.

Í reglugerð, sem stjórn Vesturlandsveitu semur og ráðherra staðfestir, má skipa málum að vild eftir þörfum innan þeirra marka, sem reglugerðinni eru sett að lögum.

Um 28. gr.

Hér er fjallað um Orkumálanefnd Vesturlands og hlutverk hennar.

Samkvæmt framansögðu er gert ráð fyrir því, að tvö orkudreifingarfyrirtæki starfi á Vesturlandi, þ. e. Rafveita Akraness og Vesturlandsveita, og eitt orkuöflunar- og meginflutningsfyrirtæki, Vesturlandsvirkjun. Það er deginum ljósara, að þessi fyrirtæki verða öll að vinna vel saman, svo að æskilegum markmiðum verði náð í þágu allra íbúa í Vesturlandskjördæmi og þjóðarheildarinnar. Þess vegna er gert ráð fyrir samstarfsnefnd þriggja manna, er skipuð sé einum frá hverjum framangreindra aðila. Hlutverk hennar skal vera að efla hagnýtt og traust samstarf á sviði orkumála um allt Vesturland.

Um 29. gr.

Lög þessi eru heimildarlög að því leyti, að þau koma ekki til framkvæmda fyrr en ákveðið er að hefjast handa, eins og segir í þessari grein. Skulu þá stofnfundir haldnir og samningar gerðir, svo sem augljóst má vera og ákvæði laganna greina.

Um 30. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 25. marz 1978.

Hinn 4. maí 1976 voru undirritaðir skipaðir í nefnd til að starfa að endurskipan raforkumála í Vesturlandskjördæmi með stofnun Vesturlandsveitu fyrir augum.

Nefnd þessi hefur nú lokið störfum. Sendist álitsgerð hennar hér með , ásamt fylgiskjölum.

Virðingarfyllst.

Friðjón Þórðarson

Ásgeir Pétursson

Guðjón Guðmundsson

Húnbogi Þorsteinsson

Gunnar Guðbjartsson

Óskar Eggertsson

Steinþór Þorsteinsson

Dr. Gunnar Thoroddsen,
iðnaðarráðherra,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

STÖRF RAFORKUNEFNDAR VESTURLANDS

Hinn 4. maí 1976 skipaði iðnaðarráðherra, dr. Gunnar Thoroddsen, 7 manna nefnd til að starfa að endurskipun raforkumála í Vesturlandskjördæmi með stofnun Vesturlandsveitu fyrir augum.

Í nefndina voru valdir eftirtaldir menn:

1. Friðjón Þórðarson, alþm., Stykkishólmi, formaður.
2. Ásgeir Pétursson, sýslumaður, Borgarnesi.
3. Guðjón Guðmundsson, skrifstofustjóri, Akranesi.
4. Gunnar Guðbjartsson, bóndi, Hjarðarfelli.
5. Húnbogi Þorsteinsson, sveitarstjóri, Borgarnesi.
6. Óskar Eggertsson, rafstöðvarstjóri, Andakílsárvirkjun.
7. Steinþór Þorsteinsson, kaupfélagsstjóri, Búðardal.

Ritari nefndarinnar var kjörinn Guðjón Ingvi Stefánsson, framkvæmdastjóri, Borgarnesi. Ásgeir Sæmundsson, tæknifræðingur, hefur verið nefndarmönnum til ráðuneytis allan tímann og setið alla fundi nefndarinnar.

Í skipunarbréfi ráðherra segir svo um hlutverk nefndarinnar:

„Iðnaðarráðuneytið hefur ákveðið að skipa sjö manna nefnd til að starfa að endurskipun raforkumála í Vesturlandskjördæmi með stofnun Vesturlandsveitu fyrir augum. Er þess óskað, að nefndin hafi í störfum sínum samráð við Rafmagnsveitur ríkisins."

Raforkunefnd Vesturlands lét það verða sitt fyrsta verk að skrifa öllum sveitarstjórnum í Vesturlandskjördæmi, kynna þeim verkefni nefndarinnar og óska eftir hugmyndum eða tillögum, sem þær kynnu að hafa fram að færa í þessum efnum. Svör bárust frá 4 sveitarstjórnum.

Með vísun til erindisbréfs var óskað eftir sjónarmiðum Rafmagnsveitna ríkisins, m. a. um fyrirkomulag samstarfs við nefndina. Komu á fund nefndarinnar stjórnarformaður, Helgi Bergs, og framkvæmdastjóri Rarik, Kristján Jónsson. Stjórnarformaður sagði, að stjórn Rarik teldi það ekki hlutverk sitt að móta stefnu í raforkumálum framtíðarinnar. Það væri verkefni stjórnvalda. Rarik væru reiðubúnar til að veita nefndinni allar þær upplýsingar, sem óskað væri eftir, og taka þátt í skoðanaskiptum. Á hinn bóginn væri það sín persónulega skoðun, að aukin dreifing (decentralicering) á yfirstjórn raforkumála væri afturför og að aðalorkuver og aðallínur í landinu ættu að vera undir einni yfirstjórn.

Þegar sagt er frá störfum raforkunefndar, er skylt að hafa í huga, að hún byggir á undirbúningsstarfi ýmissa aðila á Vesturlandi frá liðnum árum. Hlutverk hennar hefur því orðið að halda því starfi áfram, móta ákveðna stefnu og markmið og láta reyna á yfirlýsingar og samþykktir, sem hvað eftir annað hafa komið fram á síðari árum frá ábyrgum aðilum á Vesturlandi um aukna „heimastjórn" í þessum málum og víðtækari samvinnu með hagsmuni allra íbúa Vesturlands fyrir augum.

Sögulegur aðdragandi verður ekki rakinn ítarlega á þessum vettvangi. Rétt er þó að nefna nokkur dæmi og viljayfirlýsingar.

Á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi haustið 1971 var samþykkt að láta fara fram athugun á hagkvæmustu lausn raforkumála í Vesturlandskjördæmi í heild. Í því skyni var skipuð nefnd, er vann að þessum málum. Formaður þeirrar nefndar var Óskar Eggertsson, rafstöðvarstjóri, en ritari Magnús Oddsson, bæjarstjóri. Skilaði nefndin greinargóðu áliti til aðalfundar Samtakanna haustið 1972. Þar voru málin rædd ítarlega. Kom þar skýrt fram sú skoðun manna, að heillavænlegast væri, að héraðsbúar séðu sem mestu í raforkumálum sínum sjálfir, og að færa ætti starfsemi Andakílsárvirkjunar út til kjördæmisins alls. — Var einróma ályktun í þessa átt samþykkt á þeim fundi.

Í sama anda er samþykkt bæjarstjórnar Akraness frá 20. okt. 1972. Hinn 15. desember 1972 var haldinn sameiginlegur aukafundur sýslunefnda Mýrasýslu og

Borgarfjarðarsýslu. Fól hann stjórn Andakílsárvirkjunar að undirbúa stofnun slíkrar Vesturlandsveitu.

Á fundi stjórnar Andakílsárvirkjunar 25. janúar 1973 var samþykkt að skrifa oddvitum sýslunefndanna á Snæfellsnesi og í Dalasýslu varðandi stofnun félags til að annast orkuvinnslu og orkuflutning á svæðinu milli Hvalfjarðar og Gilsfjarðar, þar sem öll sýslufélög á svæðinu verði aðilar að, eins og segir í bréfinu. Var óskað eftir tilnefningu þriggja manna frá hvorri sýslu til að mæta á fundi með stjórn Andakílsárvirkjunar, fulltrúum frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og fulltrúa frá iðnaðarráðuneytinu til að ræða þessi mál og undirbúa félagsstofnun.

Sýslunefndir beggja sýslnanna, Dala- og Snæfellsnessýslu, tilnefndu fulltrúa í þessa viðræðunefnd. Af hálfu Snæfellinga tóku þátt í þessum undirbúningi oddviti sýslunefndar og fulltrúar úr raforkunefnd sýslunnar, enda var afstaða sýslunefndar Snæfellinga ákveðin og eindregin frá fyrstu tíð í þessu máli, eins og ítrekaðar sýslufundasamþykktir bera með sér. Nokkrir fundir voru haldnir undir stjórn formanns Andakílsárvirkjunar, Magnúsar Guðmundssonar. Var þá rætt um, að fyrstu skref Vesturlandsveitu yrðu þau, að lögð yrði orkuflutningslína frá Andakíl að Vegamótum á Snæfellsnesi og tengilína þaðan til Stykkishólms. Tillögur þessar voru kynntar í iðnaðarráðuneytinu á þeirri tíð, en ekki náðu þær samþykki.

Áfram var þó haldið að kanna þessi mál. Nefna má í því sambandi rit um orkumál á Vesturlandi, unnið af Nirði Tryggvasyni, verkfræðingi, á vegum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 1975. Og enn bættust við yfirlýsingar um vaxandi og víðtækara samstarf.

Svo sem kunnugt er annast nú tveir aðilar öflun og meginflutning orku á Vesturlandi: Andakílsárvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins. Sagan segir, að hugmyndir að virkjun Andakílsárfossa hafi kviknað á fyrstu árum aldarinnar. Heimildarlög um virkjunina voru samþykkt 1921. Árið 1942 bundust Mýra- og Borgarfjarðarsýslur og Akraneskaupstaður samtökum um að hrinda verkinu í framkvæmd.

Aflstöðin við Andakílsá var byggð á árunum 1945—1947. Samkomulag varð um, að hver eignaraðili ætti þriðjung fyrirtækisins. Hefur samstarf þeirra verið ágætt og ágreiningslaust frá upphafi.

Á árunum 1971—1974 var orkuverið við Andakílsá stækkað í 7920 kw.

Á árinu 1948 hófst rafvæðing dreifbýlis á Vesturlandi, og aðrar framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins fylgdu á eftir, m. a. Rjúkandavirkjun í Fossá við Ólafsvík 1954. Hefur rafvæðingarframkvæmdum verið haldið áfram hingað til. Nú eru aðeins fá sveitabýli eftir á Vesturlandi, sem ekki hafa fengið rafmagn, en vænta þess í náinni framtíð. Dreifing raforku til neytenda á svæðinu er í höndum Rafmagnsveitna ríkisins og sjálfstæðra dreifiveitna, svo sem Rafveitu Akraness og Rafveitu Borgarness.

Af nefndarstörfum er það að segja, að nefndin öll hefur haldið 15 fundi um málið og 6 fundi í sérstakri undirnefnd, eða alls 21 fund, auk kynningarfunda, sjá síðar. Auk þess hafa einstakir þættir málsins og málið í heild verið rætt við fjölmarga einstaklinga, svo sem sveitarstjórnarmenn, sérfræðinga og tæknimenn. Nefna má, að á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, sem haldinn var í Munaðarnesi 5.—6. nóvember 1976, gerði formaður nefndarinnar ítarlega grein fyrir störfum og viðfangsefnum nefndarinnar.

Þá hefur nefndin safnað saman margvíslegum gögnum og upplýsingum. Rætt hefur verið um þróun raforkumála á liðnum árum, virkjunarmöguleika á Vesturlandi og um mismunandi hugmyndir um skipulag og stjórnun á virkjunum og dreifiveitum.

Snemma var því varpað fram, hvort nefndin ætti einnig að láta jarðvarmann til sín taka. Það hefur ekki verið gert beinlínis. Þó hefur nefndin jafnan haft þau mál í huga. Benda má á, að í frumvarpi því, sem nefndin hefur sett saman, er jafnan talað um orkumál, en ekki raforkumál. Er frumvarpið því þannig sniðið,

að undir það má fella fjarvarma- og hitaveitur, ef samkomulag næst um það, á hliðstæðan hátt og rafveitur.

Jakob Gíslason, fyrrv. orkumálastjóri, var fenginn til að taka saman skýrslu um eignir Rarik á Vesturlandi og fylgir hún nefndaráliti þessu.

Ákveðið var, að formaður raforkunefndar sækti aðalfund Andakílsárvirkjunar, sem haldinn var í Borgarnesi 7. janúar 1977. Á þeim fundi var engin samþykkt gerð, en í ræðum flestra kom fram, að forsenda fyrir þátttöku Andakílsárvirkjunar í Vesturlandsveitu væri sú, að lagaheimild fyrir virkjun Kljáfoss lægi fyrir. Var þá fyrirsjáanlegt, að tafir yrðu á störfum raforkunefndar um sinn.

Undirbúningur að virkjun Kljáfoss í Hvítá í Borgarfirði var fyrst gerður á árunum 1963 og 1964. Virkjunarmat, sem þá var gefið út, var unnið af þeim Rögnvaldi Þorlákssyni, verkfræðingi, og Ásgeiri Sæmundssyni, tæknifræðingi. Virkjunarrannsóknir þessar, svo og allar síðari rannsóknir af sama tagi, hafa verið unnar að frumkvæði Andakílsárvirkjunar og á hennar kostnað. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir ráðamanna í héraði 1967 og síðar tókst ekki að sigrast á andstöðu embættismanna raforkuiðnaðarins við þetta mál. Alþingismennirnir Jón Árnason og Ásgeir Bjarnason fluttu frumvarp til laga um virkjun Hvítár í Borgarfirði í efri deild Alþingis 1976, samhljóða frumvarpi, sem dagað hafði uppi á þingi 1974—1975. Frumvarp þetta var loks samþykkt á Alþingi 30. apríl 1977. Í greinargerð með frumvarpi þessu segir m. a.:

„Þess skal og getið, að fyrir hendi er algjör samstaða eigenda Andakílsárvirkjunar um, að eignaraðild að fyrirhugaðri virkjun við Kljáfoss verði aukin þannig, að Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, ásamt Dalasýslu, verði meðeigendur orkuversins og þannig stefnt að því, að öll grunnorkuvinnsla á Vesturlandi verði sameign íbúanna sem sjálfstæð Vesturlandsveita."

Á útmánuðum 1977 hafði nefndin lokið við að safna saman þeim gögnum og útreikningum, sem óskað hafði verið eftir og talin voru nauðsynleg. Má þar til nefna greinargerðir um orkuspá fyrir Vesturland, þrífasarafmagn, samanburð á gildandi töxtum raforkuverðs, verðjöfnunarsjóð, ástand dreifikerfisins og um rekstraráætlun fyrir væntanlega Vesturlandsveitu. Var ekki talin þörf á frekari gagnaöflun að sinni. Nefndarmenn höfðu og hvað eftir annað fjallað um drög að frumvarpi til laga um Vesturlandsveitu, er unnin voru haustið 1976, m. a. með hliðsjón af lögum um Landsvirkjun og Laxárvirkjun frá 1965, lögum um Hitaveitu Suðurnesja frá 1974, lögum um Orkubú Vestfjarða frá 1976, svo og orkulögum frá 1967. — Rætt hafði verið jöfnum höndum um alla meginþætti raforkukerfisins, þ. e. orkuver, flutningskerfi og dreifikerfi.

Ljóst var frá öndverðu, að forráðamenn Rafveitu Akraness vildu reka hana áfram með sama hætti og áður. Á bæjarstjórnarfundi 29. okt. 1976 var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

„Rafveitunefnd, rafveitustjóri og bæjarstjóri eru sammála um að stefna að því, að Andakílsárvirkjun útvíkki starfsemi sína og sjái um raforkuöflun og höfuðdreifingu á Vesturlandi, og að stefnt verði að virkjun Kljáfoss í því skyni. Aðilar eru sammála um, að eðlilegt og hagkvæmt sé, að Akurnesingar annist áfram sjálfir smásöludreifingu raforku á veitusvæði Rafveitu Akraness."

Á hinn bóginn kom fram sú hugmynd, að öll sveitarfélög á Vesturlandi utan Akraness sameinuðust í eina dreifiveitu.

Nauðsynlegt er, að öll framleiðsla raforku í landinu og meginflutningur hennar verði felld að einu heildarskipulagi. Sérstök nefnd vinnur nú að tillögugerð varðandi heildarskipulag og yfirstjórn orkumála að því er tekur til landsins alls. Þegar til stofnunar Vesturlandsvirkjunar kemur þarf við uppbyggingu hennar að taka fullt tillit til slíks heildarskipulags.

Með hliðsjón af framansögðu hafa tillögur nefndarinnar markast og mótast og birtast nú í þeirri mynd, sem allir nefndarmenn hafa talið sér fært að standa saman um í meginatriðum.

Að því er snertir eignaraðild að Vesturlandsvirkjun skal það sérstaklega tekið fram, að sumir nefndarmenn telja eðlilegra og réttara, að eignarhluti heimamanna, 60%, — skiptist jafnt milli Akraneskaupstaðar og sýslnanna fjögurra á þann veg, að hver af þessum eignaraðilum teljist eiga 12%, en íbúatalan sé ekki látin ráða úrslitum. Benda þeir á, að þessi regla hafi reynst vel og aldrei valdið ágreiningi í Andakílsárvirkjun.

Húnbogi Þorsteinsson óskar að leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi:

Þegar til stofnunar Vesturlandsveitu kemur og yfirtöku hennar á eignum dreifiveitna, verði sú yfirtaka gerð með samkomulagi aðila og þá fullt tillit tekið til sérstöðu Rafveitu Borgarness, sem vegna fyrirhyggju heimamanna er mjög vel stætt fyrirtæki fjárhagslega.

Samkvæmt óskum sveitar- og sýslufélaga á Vesturlandi svo og iðnaðarráðherra hafa tillögur þessar verið kynntar sérstaklega á 4 fundum, kynningarfundum um orkumál, sem nefndin hefur efnt til í Vesturlandskjördæmi að undanförnu. Voru þeir haldnir í Búðardal, Stykkishólmi, Borgarnesi og Akranesi. Á fundi þessa voru sérstaklega boðaðir allir sveitarstjórnarmenn og aðrir forustumenn í héraðsmálum. Á fundum þessum hafa málin verið rædd og reifuð og ýmsar athugasemdir og ábendingar komið fram. M. a. var lögð áhersla á, að stefnt yrði að jöfnun á raforkuverði á dreifiveitusvæði Vesturlandsveitu, að í samningum við Rafmagnsveitur ríkisins eða ríkissjóð yrði tryggt ákveðið framlag til Vesturlandsveitu af verðjöfnunargjaldi og einnig um framlög úr Orkusjóði til endurnýjunar á dreifilínum, hliðstætt því sem gert var í samningum um Orkubú Vestfjarða. Á fundunum var samhugur ríkjandi um áframhald málsins.

Hér á eftir fara tillögur þær, sem nefndin gerir til iðnaðarráðherra. Er þar um að ræða drög að frumvarpi til laga um orkuiðnað á Vesturlandi, ásamt greinargerð.

Reykjavík, 25. mars 1978.

Friðjón Þórðarson.

Ásgeir Pétursson.	Guðjón Guðmundsson.
Húnbogi Þorsteinsson.	Gunnar Guðbjartsson.
Óskar Eggertsson.	Steinþór Þorsteinsson.

Fylgiskjöl:

	Nr.
Um eignir Rafmagnsveitna ríkisins á Vesturlandi, rekstur þeirra o. fl.	1
Efnahagsreikningur Andakílsárvirkjunar 1976	2
Efnahagsreikningur Rafveitu Akraness 1976	3
Efnahagsreikningur Rafveitu Borgarness 1976	4
Raforkuver flutnings- og dreifilínur á Vesturlandi	5
Raforkuöflun og raforkusala á Vesturlandi 1973—1977 og spá um öflun og sölu raforku 1978—1990	6
Spá orkuspárnefndar um raforkuþörf á Vesturlandi	7
Lög um virkjun Hvítár í Borgarfirði	8
Landshlutaskipting	9

Fskj. 1.

Um eignir Rafmagnsveitna ríkisins á Vesturlandi, rekstur þeirra o. fl.

Inngangur.

	Andakílsár-virkjun	Rafmv. ríkisins	Samtals
1. Afl í orkuverum	kW	kW	kW
Vatnsafl	7 920	840	8 760
Dísilrafstöðvar	0	3 630	3 630
Samt. kW	7 920	4 470	12 390
2. Orkuvinnsla	kWh	kWh	kWh
Vatnsafl	35 856 000	7 157 000	43 013 000
Dísilstöðvar	0	7 981 000	7 981 000
Samt. kWh	35 856 000	15 138 000	50 994 000

Auk þessa fluttu Rafmangsv. rík. til Vesturlands raforku frá Landsvirkjun 1975 alls 40 348 000 kWh. Raforkuvinnsla innan héraðs og aðflutningur utan frá urðu því alls á því ári 91 342 000 kWh.

Sala rafmagns í smásölu á Vesturlandi varð alls 79 321 000 kWh, þar af frá Rafmv. rík. 39 171 000 kWh en frá öðrum 40 158 000 kWh. Mismunurinn 12 454 000 kWh fór í flutningstöp og önnur ódrýgindi.

Ef raforkuvinnsla fyrir Álverksmiðjuna og notkun hennar er ekki meðtalin var á Vesturlandi 1975:

a. raforkuvinnslan 4.2% af allri raforkuvinnslu landsins.
b. raforkunotkunin 7.5% af allri raforkunotkun landsins.

Íbúatala Vesturlands var í des. 1975 6.4% af íbúatölu landsins.

Eignir Rafmagnsveitna ríkisins á Vesturlandi.

Eftirfarandi tafla I veitir yfirlit yfir eignir Rafmagnsveitna ríkisins bæði í heild yfir allt landið og á Vesturlandi sérstaklega. Eignirnar eru sundurliðaðar í samræmi við ársreikninga Rafmagnsv. rík. fyrir árið 1975 í vatnsorkuver, dísilrafstöðvar, aðalorkuveitur, dreifiveitur, hús- og landareignir m. m. eins og taflan ber með sér.

Í töflu II eru eignir Rafmv. rík. á Vesturlandi teknar fyrir sérstaklega og sundurliðað nokkru nánar samkvæmt ýtarlegri upplýsingum frá skrifstofu rafmagnsveitnanna. Þannig eru tilfærðar kostnaðartölur fyrir dísilrafstöðvarnar hverja fyrir sig og dreifiveiturnar greindar í innanbæjarkerfi og sveitaveitur. Af sérstökum ástæðum hefur ekki verið hægt að tilgreina kostnaðartölur í árslok 1975 fyrir hvert innanbæjarkerfi sérstaklega, en upprunalegur stofnkostnaður er tilfærður.

Töflur þessar gefa að öðru leyti til kynna:

1. Upprunalegan stofnkostnað mannvirkjanna á verðlagi byggingarára þeirra.
2. Þann kostnað endurmetinn til verðlags ársins 1975. Endurmatið er að mestu fólgið í „uppfærslu" samkvæmt verðlagsvísitölum og hefur í því efni verið fylgt reglum, sem stillt var upp á árinu 1969 af nefnd, er þá hafði fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins sérstaklega til athugunar.
3. Afskriftir hins endurmetna stofnkostnaðar samkvæmt tillögum sömu nefndar og er þá afskrift (fyrning) miðuð við endingu („notævi") mannvirkjanna þannig:

Vatnsaflsvirkjanir	2.5 % á ári
Dísilstöðvar: hús	3.33% — —
— vélar og búnaður	6.7 % — —
Aðalorkuflutningslínur	3.33% — —
Dreifiveitur í bæjum og sveitum	4.0 % — —
Hús og landeignir	2.0 % — —

T A F L A I.

Eignir Rafmagnsv. ríkisins 31/12 '75
Í heild og á Vesturlandi sérstaklega

KKR		Rafmagnsveitur ríkisins í heild				Rafmagnsv. rík. á Vesturlandi			
		Upprunalegur stofnkostn.	Endurmetinn stofnkostn.	Afskriftir	Bókfærð eign	Upprunalegur stofnkostn.	Endurmetinn stofnkostn.	Afskriftir	Bókfærð eign
Vatnsaflsst. í rekstri		1.745.830	4.399.290	1.143.679	3.255.611	8.241	170.977	96.915	74.062
" í smíðum		15.183	15.183	0	15.183	0	0	0	0
	Samtals	1.761.013	4.414.473	1.143.679	3.270.794	8.241	170.977	96.915	74.062
Dísilstöðvar	Samtals	748.373	1.671.476	566.906	1.104.570	80.142	186.769	63.099	123.670
Aðalorkuveitur í rekstri		1.168.385	4.114.795	1.587.522	2.527.273	309.933	610.438	147.257	463.181
" í smíðum		146.014	146.014	0	146.014	16.167	16.167	-	16.167
	Samtals	1.314.399	4.260.809	1.587.522	2.673.287	326.100	626.605	147.257	479.348
Dreifiveitur í rekstri		1.925.912	7.857.359	3.402.773	4.454.586	360.340	1.439.306	598.601	840.705
" í smíðum		24.867	24.867	0	24.867	3.148	3.148	-	3.148
	Samtals	1.950.779	7.882.226	3.402.773	4.479.453	363.488	1.442.454	598.601	843.853
Hús og landareignir,	Samtals	58.177	181.763	31.456	150.307	7.128	35.915	5.926	29.989
Samtals	Samtals	5.832.741	18.410.747	6.732.336	11.678.411	785.099	2.462.720	911.798	1.550.922
Birgðahús og áhöld	Samtals		148.981	4.411	144.570				
Vörubirgðir	Samtals		203.458	0	203.458				
Sjóður og skuldunautar	Samtals		660.392	-	660.392				
Bióreikningar	Samtals		1.220.558	-	1.220.558				
Samtals	Samtals		20.644.136	6.736.747	13.907.389				
Lán, lánardr. og bióreikn.			-	7.407.487					
Eigið fé			-	6.499.901					
Samtals	samtals		20.644.136	20.644.135					

T A F L A II

Eignir Rafmagnsveitna ríkisins á Vesturlandi 31/12 1975

-KKR-

			Upprunalegur stofnkostn.	Endurmetinn stofnkostn.	Afskriftir	Bókfærð eign
Vatnsafl	Rjúkandavirkj. (840 kW)		8.241	170.977	96.915	74.062
	Í smíðum		0	0	0	0
		Samt.	8.241	170.977	96.915	74.062
Dísil-stöðvar	Ólafsvíkurstöð (1100 kW)		23.502	57.539	17.578	39.961
	Stykkishólmsstöð (1190 kW)		23.901	60.593	23.133	37.460
	Búðardalsstöð (995 kW)		24.754	54.121	18.500	35.621
	Saurbæjarstöð (345 kW)		7.985	14.516	3.888	10.628
		Samt.	80.142	186.769	63.099	123.670
Aðal-orku-veitur	Aðalorkuveitur í rekstri		309.933	610.438	147.257	463.181
	" Í smíðum		16.167	16.167	-	16.167
		Samt.	326.100	626.605	147.257	479.348
Innan-bæjar-veitur	Hellissandur		12.590			
	Ólafsvík		26.339			
	Grundarfjörður		7.512			
	Stykkishólmur		33.725			
	Búðardalur		7.017			
			87.183	318.657	143.305	175.352
Sveita-veitur	Sveitaveitur í rekstri		273.157	1.120.649	455.296	665.353
	" Í smíðum		3.148	3.148	-	3.148
		Samt.	276.305	1.123.797	455.296	668.501
Annað	Hús og landareignir	Samt.	7.128	35.915	5.926	29.989
		Samt. Samt.	785.099	2.462.720	911.798	1.550.922

4. Bókfærða eign sem mismun endurmetins stofnkostnaðar og afskrifta.

Samkvæmt tölunum í þessum töflum er endurskoðaður stofnkostnaður allra mannvirkja Rafmv. rík. til verðlags 1975 216% hærri en upprunalegur stofnkostnaður. Fyrir mannvirki Rafmv. rík. á Vesturlandi út af fyrir sig er hækkun vegna endurmatsins að kalla hin sama, 214%, en þetta fer að sjálfsögðu mjög eftir aldri mannvirkjanna.

Bæði um afskrifta- og matsreglur eru, sem kunnugt er, skoðanir manna mjög skiptar. En á því væri hin mesta þörf, að samræma reglur um afskriftir og endurmat hjá öllum fyrirtækjum í raforkuiðnaði þjóðarinnar.

Skuldir Rafmagnsveitna ríkisins.

Ársreikningar og bókhald Rafmagnsveitna ríkisins gefa lítið til kynna um skiptingu áhvílandi skulda á einstök mannvirki og jafnvel ekki um skipti milli landshluta.

Hér skal settur fram samandreginn efnahagsreikningur ársloka 1975 fyrir Rafmv. rík. í heild og Vesturland sérstaklega, þar sem áhvílandi skuldum er skipt milli heildarinnar og Vesturlands í hlutfalli við bókfærða eign (KKR).

Eignir:	Rafmv. rík. í heild	Vesturland
Stofnkostnaður mannvirkja endurmetinn til 31/12 '75	18 410 747	2 462 720
+ afskriftir	6 732 336	911 798
Bókfærð eign í mannvirkjum	11 678 411	1 550 922
Birgðahús og áhöld (bókf. verð)	144 570	19 199
Vörubirgðir	203 458	27 019
Sjóður og skuldunautar	660 392	87 700
Biðreikningar	1 220 558	0
Samtals	13 907 389	1 684 840

Skuldir:	Rafmv. rík. í heild	Vesturland
Samningsbundin lán	5 396 162	716 610
Aðrar skuldir	853 980	105 014
Biðreikningar	1 157 345	0
Eigið fé	6 499 902	863 216
Samtals	13 907 389	1 684 840

Hér er efnahagsreikningi stillt upp þannig, að Vesturlandsdeild Rafmv. rík. er reiknuð hlutdeild í eignum þeirra í Reykjavík. Er sú hlutdeild einnig miðuð við hlutfall milli bókfærðra eigna í mannvirkjum í rekstri.

Þess skal getið hér að í ársreikningum Rafmagnsv. rík. 1975 hefur sá misreikningur á afskriftum sveitaveitnanna, sem var í ársreikningi 1974, verið leiðréttur.

Eigið fé.

Fróðlegt getur verið að gera sér nokkru nánar grein fyrir eigin fjármyndun fyrirtækis eins og Rafmv. ríkisins. Skal þetta reynt hér að því er tekur til aukningar eigin fjárins samkv. ársreikningum 1975 (KKR).

	Hækkun	Lækkun	Eigið fé
Eigið fé 31/12 1974			2 882 103
Rekstrarhalli 1975		583 730	
Verðbreytingar lána 1975		1 163 697	
Endurmat virkja í rekstri 31/12 '73 úr verðlagi '73 í verðl. '74 og virkja í rekstri 31/12 '74 úr verðlagi '74 í verðl. '75	7 377 175		
Endurmat (og leiðrétt.) afskrifta		4 103 128	
Oliustyrkur 1975	27 071		
Verðjöfnunargjald frá Orkusjóði '75	575 335		
Heimtaugagjöld 1975	117 725		
Framlag Orkusjóðs til sveitarafvæð.	156 630		
Óendurkræft framlag ríkissjóðs 1975	1 214 417		
Samtals	9 468 353	5 850 555	3 617 798
Eigið fé 31/12 1975			6 499 901

Álitamál getur verið, hvort olíustyrkurinn á að færast eins og hér er gert eða reiknast til lækkunar rekstrarhallans, en það breytir ekki eiginfjárupphæðinni.

Tölur þessar um „hreyfingu“ eigin fjár gætu að sjálfsögðu gefið tilefni til margvíslegra hugleiðinga, en verða ekki ræddar nánar hér.

Rekstrarafkoman 1975

Samandreginn er rekstrarreikningur Rafmagnsveitna ríkisins í heild og fyrir Vesturlandsdeild þeirra sérstaklega á þá leið er hér segir (án söluskatts) (KKR):

Gjöld:

	Rafmv. rík. í heild	Vesturland
Almennur kostnaður	94 637	12 568
Raforkukaup	887 981	160 432
Veitugæsla	134 449	18 150
Olía	350 492	59 785
Rekstur og viðhald, beinn kostn.	377 135	59 019
Vextir	225 663	29 968
Afskriftir	386 822	42 735
	2 457 179	382 657

Tekjur:

Raforkusala:		
Heildsala	609 566	102 370
Smásala	1 144 471	192 647
Hlutdeild aukninga í sameiginl. kostnaði	116 326	15 448
Aðrar tekjur	3 086	410
Rekstrarhalli	583 730	71 782
	2 457 179	382 657

Hlutur Vesturlands í gjöldum er hér reiknaður eftir hlutfalli bókfærðra eigna að því er tekur til almenns kostnaðar og vaxta. Sama gildir tekjumegin um liðina „hlutdeild aukninga í sameiginl. kostnaði“ og „aðrar tekjur“. Að öðru leyti fer skiptingin eftir sundurliðunum, sem fyrir hendi eru í ársreikningi og bókhaldi Rafmagnsv. rík.

Rekstrarhalli Rafmv. rík. á árinu 1975 er samkvæmt framanskráðu 33.3% af tekjum af raforkusölu það árið. Fyrir „Vesturlandsdeildina“ virðist hallinn skv. þessum reikningum lægri, eða 24.3%.

Olíukaup Rafmv. rík. til dísilstöðva voru árið 1975 20.0% af heildartekjum af raforkusölu. Árið 1974 var þetta hlutfall 24.7%, 1973: 16.6% og 1972: 9.5%.

Líta verður svo á, að greiðsluhallinn 1975 583 730 þús. kr. hafi verið greiddur með olíustyrknum, sem varð 27 071 þús. kr., og 556 659 þús. kr. af verðjöfnunargjaldinu. En alls fengu Rafmv. rík. það ár verðjöfnunargjald frá Orkusjóði að upphæð 575 335 þús. kr.

Jakob Gíslason.

ANDAKÍLSÁRVIRKJUN

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1976.

Eignir:		Kr.
Veltufjármunir		
Innstæða á hlr. 4197, Landsb. Ísl.	4.947.014	
" " spsj.bók 7509, L.Í.	23.281.666	
Víxileign	4.500.000	32.728.680
Útistandandi skuldir		18.132.356
Veltufjármunir alls kr.		50.861.036
Fastafjármunir		
Matskostnaður virkjunar m/húsum, eldri háspennulínum, spennistöðvum og áhöldum skv. matsgerð dags. 24/7 1969	79.000.000	
- Fyrning alls pr. 31/12 1976	25.280.000	53.720.000
Íbúðarhús, nýrri	715.949	
- Fyrning alls pr. 31/12 1976	544.121	171.828
Geymsluhús	449.473	
- Fyrning alls pr. 31/12 1976	235.588	213.885
Háspennulína Andakíll-Akranes	5.766.867	
- Fyrning alls pr. 31/12 1976	3.114.108	2.652.759
Áhöld	411.309	
- Fyrning alls pr. 31/12 1976	370.178	41.131
Bifreið M-645	140.000	
- Fyrning alls pr. 31/12 1976	126.000	14.000
Viðbót virkjunar	107.456.219	
- Fyrning alls pr. 31/12 1976	16.453.049	91.003.170
Bifreið M-552	848.364	
- Fyrning alls pr. 31/12 1976	305.412	542.952
Aðrar eignir		
Virkjunarrannsóknir við Kláffoss		1.146.963
Vegagerð ríkisins v/ vegag. í Skorradal		1.603.307
Sýsluvegasjóður Borgarfj.		50.000
		Kr. 202.021.031

Skuldir:		Kr.
Lán til skamms tíma		
Skuldheimtumenn		1.568.142
Ógreiddir reikningar		231.809
Ógreiddir vextir		582.600
Afborganir sem gjaldfalla 1977		4.499.000
Lán til skamms tíma alls kr.		6.881.551
Lán til langs tíma		
1972 9½% Framkvæmdasj. Ísl.	2.600.000	
1975 $ lán Landsb. Ísl.	6.646.500	
	9.246.500	
Afborganir sbr. að ofan	4.499.000	4.747.500
Höfuðstóll		
Höfuðstóll 31/12 1975	141.303.026	
Nettó tekjur 1976	49.088.954	190.391.980
		Kr. 202.021.031

Akranesi, 17. apríl 1977.
Magnús Guðmundsson

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikninga Andakílsárvirkjunar fyrir árið 1976 og lýsum okkur samþykka þeim.

Akranesi, 10. maí 1977.

Jón Sigurðsson Sturla Jóhannesson
Kristján Sveinsson

RAFVEITA AKRANESS.

E F N A H A G S R E I K N I N G U R

EIGNIR:

1. Rafkerfið:				
01. Dreifistöðva hús	9.932.142.			
Afskrifað 1976	297.964.	Kr. 9.634.178,-		
02. Rafb. í sp.st.	64.196.171.			
Afskrifað 1976	3.209.809.	" 60.986.362,-		
03. Háspennukerfið	87.940.721.			
Afskrifað 1976	3.517.629.	" 84.423.092,-		
04. Aðalstrengir	87.492.017.			
Afskrifað 1976	3.499.680.	" 83.992.337,-		
05. Heimtaugakerfið	72.986.120.			
Afskrifað 1976	3.649.306.	" 69.336.814,-		
06. Götulýsingak.	69.240.104.			
Afskrifað 1976	4.154.406.	" 65.085.698,-		
07. Mælar og mælit.	27.569.403.			
Afskrifað 1976	1.929.858.	" 25.639.545,-		
08. Álagsstýring	28.713.394.			
Afskrifað 1976	2.009.938.	" 26.703.456,-		Kr.425.801.482,-
2. Þjóðbraut 7				" 9.175.000,-
3. Verkfæri og áhöld		Kr. 618.701,-		
Afskrifað 1976		" 127.688,-		" 491.013,-
4. Skrifst.áhöld. og húsg.		Kr. 461.640,-		
Afskrifað 1976		" 97.705,-		" 363.935,-
5. Efnisbirðir				" 31.390.563,-
6. Bifreiðar:				
01. Bifreið E-1576	2.665.932.			
Afskrifað 1976	659.854.	Kr. 2.006.078,-		
02. Bifreið E-1208		" 177.120,-		Kr. 2.183.198,-
7. Hlutabréf				Kr. 500,-
8. Verðbréfareikn.				" 2.385.720,-
9. Útistandandi:				
01. Viðskiptamenn		Kr. 5.481.995,-		
02. Raforka ýmsir		" 25.864.807,-		Kr. 31.346.802,-
10. Bankainnist. og sjóðir:				
01. Landsbanki Ísl.	hlr.5606	Kr. 8.851.770,-		
02. Samvinnubankinn	" 156	" 138.937,-		
03. Póstgíróreikn.	nr.12420	" 43.218,-		
04. Sparisjóðsbók	" 1677	" 730.331,-		
05. Afskr.reikn.f.minnih.rafo.		" 1.874.551,-		
06. Sjóðsreikningur		" 237.070,-		Kr. 11.875.877,-
				Kr.515.014.090,-

SKULDIR:

1. Veðskuldir:			
01. Landsb. Ísl. erl.lán	Kr.	6.201.000,-	
02. " C - 35	"	320.000,-	
03. " C - 62	"	3.750.000,-	Kr. 10.271.000,-
2. Viðskiptamenn			" 17.887.193,-
3. Ógreiddir rekstrarreikn.			" 652.823,-
			Kr. 28.811.016,-
4. Höfuðstólsreikn:			
01. Frá f.ári 87.897.496.			
02. Rekstrarafg. 1976 14.460.466.	Kr.	102.357.962,-	
Hækkun v/endurmats 1976	"	383.845.112,-	Kr.486.203.074,-
			Kr.515.014.090,-

Við undirritaðir höfum samið framan- og ofanskráða rekstrar- eignabreytinga- og efnahagsreikninga Rafveitu Akraness,1976.

Adolf Ásgrímsson — Adólf Ásgrímsson.

Óðinn S. Geirdal — Óðinn S. Geirdal.

Við undirritaðir höfum yfirfarið ofan- og framanskráða reikninga, borið saman bækur, fylgiskjöl og önnur skilríki fyrirtækisins og ekkert fundið athugavert. Einnig höfum við talið í sjóði og er hann réttur.

Akranesi 29/9 1977

Ólafur G. Gíslason

Fskj. 4.

RAFVEITA BORGARNESS

Efnahagsreikningur.

Eignir:

		Hinn 31.12.1976 kr.	Hinn 31.12.1975 í þús. kr.
02	Rafveituhús (Brunabótamat kr. 1 883 000)	1	0
05	Rafveitukerfi ÷ afskrift	18 469 823	12 909
06	Verkfæri og áhöld ÷ afsláttur	61 501	72
07	Bifreið ÷ afskrift	175 000	245
08	Stofnkostnaður vegna lageraðstöðu	412 617	
09	Efnisvörubirgðir	9 754 000	5 213
10	Sjóðseign	177 475	1 017
11	Bankainnstæður	31 150	0
12	Óinnheimtar tekjur	18 944 861	14 391
13	Viðskiptainneignir	1 959 334	491
16	Veitt víxillán	100 000	100
	Alls	50 085 762	34 438

Skuldir:

		Hinn 31.12.1976 kr.	Hinn 31.12.1975 í þús. kr.
11	Yfirdráttur á bankareikningi	0	2 364
13	Viðskiptaskuldir	13 372 408	8 298
	Andakílsárvirkjun	6 772 475	2 854
	Borgarneshreppur	2 729 974	1 073
	Aðrir aðilar	3 869 959	4 371
18	Tekin víxillán	1 750 000	2 200
96	Eignir umfram skuldir	34 963 354	21 576
	1 Höfuðstóll 1. janúar 1976 og 1975	21 576 255	10 885
	9 Tekjur umfram gjöld 1976 og 1975	13 387 099	10 691
	Alls	50 085 762	34 438

Fskj. 5.

RAFORKUKERFI Á VESTURLANDI 1978

ORKUVER

Vatnsaflstöðvar

Andakílsárvirkjun	7 920 kW	
Rjúkandavirkjun	840 —	
		8 760 kW

Díselaflstöðvar


Ólafsvík	1 800 kW	
Stykkishólmur	690 —	
Búðardalur	665 —	
Neðri Brunná	325 —	
		3 480 —
	Alls	12 240 kW

FLUTNINGSLÍNUR

66 kV Andakíll—Akranes	35 km	
66 — Andakíll—Stykkishólmur	89 —	
22 — Andakíll—Borgarnes	18 —	
		142 km

DREIFILÍNUR

11 og 19 kV þrífasa	340 km	
einfasa	890 —	
		1 230 km



Fskj. 6.

Raforkunefnd Vesturlands

Yfirlit um orkuöflun og orkusölu 1973-1977 og spá um orkuöflun og orkusölu 1978-1990.

orkuöflun —+— orkusala til notenda

	Íbúafj.	1 vatn GWh.	2 dísil GWh.	3 aðfl. GWh.	4 samt. GWh.	5 aukn. %	6 afl MW.	7 alm. GWh.	8 iðn. GWh.	9 hitun GWh	10 samt. GWh	11 Akranes GWh.	Mkr.	12 Borgarnes GWh.	Mkr.	13 Rafmv.rík. GWh.	Mkr.	14 samt. GWh.	Mkr.
1973	13.590	37	10	27	74	-	15	19	26	16	61	29	80	5,4	13	25	67	59,4	130
1974	13.862	35	14	32	81	9,5	16	20	27	23	70	31	85	5,8	26	32	124	68,8	235
1975	14.051	43	8	42	93	14,8	19	21	28	30	79	32	154	6,4	47	39	243	77,4	444
1976	14.047	45	2	55	102	9,7	20	22	29	35	86	33	181	7,5	62	44	330	84,5	573
1977	14.340	32	0	81	113	12,0	23	23	30	42	95	34	224	8,5	80	51	456	93,5	760
1978	14.534	40	1	84	125	11,0	25	24	33	50	107								
1979	14.728	40	1	97	138	10,0	28	26	35	57	118								
1980	14.922				152	10,0	30	28	37	65	130								
1981	15.117				165	9,0	33	30	39	73	142								
1982	15.311				179	8,0	36	32	42	80	154								
1983	15.506				191	7,0	38	34	45	85	164								
1984	15.701				204	7,0	41	36	48	91	175								
1985	15.896				217	6,0	43	38	52	96	186								
1986	16.090				230	6,0	46	40	56	101	197								
1987	16.285				244	6,0	49	42	60	107	209								
1988	16.479				256	5,0	51	44	63	113	220								
1989	16.672				269	5,0	54	46	67	118	231								
1990	16.866				282	5,0	56	48	70	124	242								

Dálkur 1. Andakíll 32 GWh, Rjúkandi 8 Gwh í meðalári.
" 3. Orkukaup frá Landsvirkjun.
" 6. Reiknað með 5000 h nýtingartíma.
" 14. Hvanneyri ekki meðtalin.

Fskj. 7.

Febrúar 1977 Orkuspárnefnd

ÆTLUÐ RAFORKUNOTKUN Á VESTURLANDI

Ár	Íbúa-fjöldi þús	Raf-hitun GWh	Heim-ili GWh	Þjón-ustugr. GWh	Iðn-aður GWh	Ann-að GWh	Orku-sala GWh	Töp GWh	Orku-vinnsla GWh	Aukn-ing %	Málm-bl.v. GWh	Orkuv. alls GWh	Afl-þörf MW
1975	14,1	30	14	3	28	2	78	13	91	0	0	91	18
1976	14,2	42	15	3	30	2	92	16	108	18	0	108	22
1977	14,4	53	16	4	31	2	106	18	124	15	0	124	25
1978	14,6	63	18	4	33	3	120	20	140	13	0	140	28
1979	14,8	73	19	4	35	3	133	22	156	11	200	356	62
1980	15,0	82	20	5	37	3	146	24	170	9	260	430	74
1981	15,2	90	21	5	40	3	159	26	185	9	260	445	77
1982	15,4	97	23	6	43	3	172	28	200	8	260	460	80
1983	15,6	103	24	6	46	3	183	30	213	7	260	473	83
1984	15,8	108	26	7	50	3	194	32	226	6	260	486	85
1985	16,0	112	28	7	54	3	204	33	237	5	260	497	87
1986	16,2	115	29	8	57	4	213	34	248	4	260	508	90
1987	16,4	119	31	9	60	4	223	36	259	4	260	519	92
1988	16,6	123	33	9	64	4	233	37	270	4	260	530	94
1989	16,8	127	35	10	67	4	243	39	282	4	260	542	96
1990	17,0	131	37	11	71	4	254	40	294	4	260	554	99
1991	17,2	135	39	12	75	4	265	42	307	4	260	567	101
1992	17,4	139	41	13	79	4	277	43	320	4	260	580	104
1993	17,6	144	43	14	83	5	289	45	334	4	260	594	107
1994	17,8	148	46	15	87	5	301	47	348	4	260	608	110
1995	17,9	153	48	17	92	5	314	48	362	4	260	622	112
1996	18,1	157	51	18	96	5	327	50	377	4	260	637	115
1997	18,3	162	53	19	101	5	341	52	393	4	260	653	119
1998	18,5	167	56	21	106	5	355	54	409	4	260	669	122
1999	18,7	172	59	22	110	6	369	56	425	4	260	685	125
2000	18,9	177	61	24	115	6	384	58	441	4	260	701	128

Fskj. 8.

Lög

um virkjun Hvítár í Borgarfirði.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita Andakílsárvirkjun s/f leyfi til þess að reisa og reka vatnsaflsstöð við Kljáfoss í Hvítá í Borgarfirði með allt að 13.5 MW. afli og orkuveitu til tengingar við orkuflutningskerfið í Borgarfirði.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, er Andakílsárvirkjun tekur, allt að 2 200 millj. króna, eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr.

Einnig er ríkisstjórninni heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán, er komi að hluta til eða að öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. málsgr. þessarar greinar, og endurlána Andakílsárvirkjun.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða kjör og skilmála sjálfskuldarábyrgðar og endurláns.

3. gr.

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, sbr. 1. gr.

4. gr.

Andakílsárvirkjun er undanþegin tekjuskatti, stimpilgjaldi, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóða og sveitarfélaga.

Andakílsárvirkjun skal þó greiða sýslusjóðum og sveitarsjóðum þau opinber gjöld, sem þeim er gert að greiða vegna húseigna Andakílsárvirkjunar samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvers og orkuveitna, sem um getur í 1. gr., fer eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 20. júní 1923, orkulaga, nr. 58 frá 29. apríl 1967, svo og eftir samþykktum Andakílsárvirkjunar s/f.


Setja skal Andakílsárvirkjun reglugerð, sem stjórn virkjunarinnar semur og ráðherra staðfestir. Skal þar m. a. setja ákvæði um stjórn og rekstur Andakílsárvirkjunar, orkuveitusvæði og skilmála fyrir orkusölu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 30. apríl 1977.

Fskj. 9.



Nd. 356. Frumvarp til laga [187. mál]

um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár erfðafjársjóðs.

Flm.: Pálmi Jónsson, Stefán Valgeirsson, Friðjón Þórðarson, Sighvatur Björgvinsson, Páll Pétursson.

1. gr.

Frá og með 1. jan. 1980 skal erfðafjárskattur samkv. lögum nr. 30 27. júní 1921, sbr. lög nr. 50 26. maí 1972, og arfur samkv. VIII. kafla laga nr. 8 14. mars 1962 renna í sérstaka sjóði sem nefnast erfðafjársjóðir og stofnaðir verða í öllum kaupstöðum og sýslufélögum landsins.

Borgar- og bæjarstjórnir og sýslunefndir annast vörslu erfðafjársjóða og taka ákvörðun um ráðstöfun á fjármagni þeirra innan þeirra marka, sem lög þessi heimila.

2. gr.

Fé því, sem rennur í erfðafjársjóði, skal varið til þess að koma upp heimilum fyrir öryrkja og gamalmenni, svo og vinnuaðstöðu fyrir þá, sem vinnufærir eru.

Þá er heimilt að verja fé sjóðanna til þess að koma upp barnaheimilum, einkum heimilum fyrir fötluð eða vangefin börn.

Heimilt er einnig að veita félögum eða einstaklingum styrki og lán úr sjóðunum í sama skyni.

3. gr.

Innheimtumenn ríkisins greiði sjóðunum erfðafjárskatt þann er til fellur í umdæmum þeirra mánaðarlega, og skal senda skilagrein til ríkisbókhalds eins og fyrir öðrum innheimtum tekjum.

Lögheimili arfláta við fráfall ræður hvert erfðafjárskattur rennur. Ef um er að ræða leyfi til setu í óskiptu búi, ræður lögheimili eftirlifandi maka við fráfall hans.

4. gr.

Senda skal félagsmálaráðuneytinu og ríkisendurskoðuninni árlega reikninga sjóðanna svo og nákvæma skrá um ráðstöfun fjármagns þeirra. Verði fé notað eða því ráðstafað til annarra þarfa en lög þessi gera ráð fyrir, skal félagsmálaráðuneytið láta stöðva greiðslur til viðkomandi sjóða, en taka fé í sína vörslu uns úr hefur verið bætt.

Sama gildir, ef reikningum og skilagrein um ráðstöfun fjárins er ekki skilað á eðlilegum tíma eða ekki er sinnt athugasemdum ráðuneytisins eða ríkisendurskoðunarinnar.

5. gr.

Ekki er heimilt að hefja greiðslur úr sjóðunum fyrr en viðkomandi sveitarstjórnir hafa sett þeim skipulagsskrár og þær staðfestar af félagsmálaráðuneytinu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 12 frá 30. jan. 1952 og síðari breytingar á þeim lögum, svo og öll önnur lagaákvæði sem brjóta kunna í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fé því, sem runnið hefur til erfðafjársjóðs fyrir gildistöku laga þessara, skal ráðstafað samkvæmt lögum nr. 12 frá 30. jan. 1952.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi, en varð þá eigi útrætt. Þá fylgdi frv. svo hljóðandi greinargerð:

Eins og kunnugt er greiðist skattur af öllum dánarbúum, sem ná ákveðinni lágmarkseign, erfðafjárskattur. Erfðafjárskattur er mishár, frá 5% af fyrstu 200 þús. kr. erfð til niðja og upp í 50% af arfi, þegar um útarf er að ræða. Þá falla til erfðafjársjóðs þeir fjármunir dánarbúa, sem erfingjar finnast ekki að.

Eftir gildandi lögum rennur erfðafjárskattur til erfðafjársjóðs, sem er í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins og er ráðstafað að fengnum tillögum hennar eftir ákvörðun félagsmálaráðuneytisins. Fé þessu hefur að mestu leyti verið varið til félagssamtaka, sem vinna að uppbyggingu mikilvægra þjónustustofnana, einkum fyrir fólk, sem er fatlað að einhverju leyti eða með skerta starfsgetu. Reyndin hefur orðið sú, að þessar stofnanir hafa nær einvörðungu risið á höfuðborgarsvæðinu. Þangað hefur fé sjóðsins runnið og þangað leitar þá um leið það fólk, sem þarf

á vistrúmi að halda í stofnunum af þessu tagi. Þörfin fyrir slíkar byggingar á höfuðborgarsvæðinu verður þá alltaf meiri og meiri, fjárþörfin brýnni og ekkert verður eftir af fé sjóðsins til uppbyggingar úti á landsbyggðinni.

Vegna hinna miklu fólksflutninga úr sveitum og raunar úr byggðum landsins til fárra þéttbýlisstaða, aðallega við Faxaflóa, kemur það oft fyrir, að mikið af arfi og mjög oft allur arfur fellur til fólks, sem býr ekki í heimahéraði arfláta, sem þá hefur einn orðið eftir eða af tryggð haldið heimili sínu í ættarbyggð sinni. Þannig hafa orðið gífurlegir fjármagnsflutningar frá landsbyggðinni til nokkurra þéttbýlisstaða, einkum við Faxaflóa.

Erfðafjárskatturinn er því oft á tíðum það eina úr dánarbúum, sem getur orðið eftir í heimahéraði, en þó því aðeins að ákvæðum laga um ráðstöfun erfðafjárskatts sé breytt í það horf, sem lagt er til með þessu frumvarpi. Hér er lagt til, að erfðafjárskattur, sem til fellur í hverju lögsagnarumdæmi landsins, renni þar í sérstakan sjóð, sem varðveittur sé í heimahéraði og gangi þar til uppbyggingingar á aðstöðu fyrir fatlað fólk, gamalt fólk og börn, einkanlega ef um þroskaheft börn er að ræða. Með þessu móti væri það tryggt, að alltaf yrði þó eitthvað eftir í heimahéraði af því fé, sem þar er aflað, þegar skipti verða á dánarbúum. Þörfin fyrir þetta fé heima fyrir er víðast ærin. Á nokkrum stöðum á landsbyggðinni eru til elliheimili, en áform uppi um byggingu þeirra annars staðar. Á sumum þessum heimilum eru möguleikar til að taka við fötluðu fólki, en víðar skortir þó breytingar til þess að aðstaða þess geti verið nægilega góð. Slíkri aðstöðu þarf að gera ráð fyrir við byggingu nýrra heimila. Fjármagn skortir hins vegar mjög til þessara framkvæmda.

Komist þær breytingar fram, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er ekki á nokkurn hátt verið að vinna gegn hagsmunum Reykvíkinga eða þéttbýlissvæðanna við Faxaflóa. Í fyrsta lagi getur það naumast verið keppikefli fyrir Reykjavík að draga til sín meginhlutann af öryrkjum og gamalmennum landsins. Og í öðru lagi er réttmætt að þeirri skerðingu, sem verða kann á framlögum erfðafjársjóðs til þýðingarmikilla framkvæmda á því svæði, verði mætt með öðrum hætti.

Hinn mannlegi þáttur þessa máls má ekki gleymast. Flestum þeim, sem þurfa að dveljast langdvölum í húsnæði, sem sérstaklega er byggt upp fyrir öryrkja eða gamalt fólk, er kærara að geta notið þeirrar aðstöðu í heimabyggð heldur en fjarri sínum heimakynnum. Tengslin við kunnugt umhverfi, vini og venslafólk gefur lífinu gildi, sem ekki er auðfengið annars staðar.

Ed. 357. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og fengið á sinn fund Björn Hafsteinsson, formann úthlutunarnefndar öryrkjaleyfa. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingartillögu sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. febr. 1979.

Jón Helgason, form., frsm.	Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr.	Karl Steinar Guðnason.
Jón G. Sólnes.	Ágúst Einarsson.	Ey. Kon. Jónsson.
	Geir Gunnarsson.	

Ed. 358. Breytingartillaga [63. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 1. gr. Greinin verði þannig:

27. tl. 3. gr. laganna orðist svo:

Að lækka eða fella niður gjöld af allt að 400 bifreiðum árlega fyrir bæklað fólk eða lamað svo og fólk með lungnasjúkdóma, hjartasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.

Lækkun gjalda af hverri bifreið má nema allt að 500 þúsund krónum og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 1 milljón króna.

Þó skal heimilt að lækka gjöld af allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 1 milljón króna fyrir þá sem mestir eru öryrkjar, en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má nema allt að 2 milljónum króna af hverri bifreið samkvæmt þessari málsgrein.

Aðilar, sem njóta tollívilnunar samkvæmt 41. tl., geta eigi jafnframt fengið tollívilnun samkvæmt þessum tölulið.

Fjármálaráðherra skipar fimm manna nefnd er úrskurðar umsóknir og gerir tillögur um eftirgjöf gjalda af ofangreindum bifreiðum. Skulu fjórir nefndarmenn vera læknar og skipaðir samkvæmt tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands, en sá fimmti skipaður án tilnefningar, og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk gjöld af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, svo og af áhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess samkvæmt læknisvottorði og henta ekki öðru fólki.

Sþ. 359. Fyrirspurn [188. mál]

til félagsmálaráðherra um Byggingarsjóð ríkisins og íbúðalán.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hvað er áætlað, að mikið fjármagn fari til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1979, og hvernig skiptist það milli fjármögnunarleiða?
2. Hvað er áætlað, að ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins til útlána verði mikið á árinu 1979, og hvernig skiptist það milli útlánaflokka?
3. Hvað er áætlað, að Byggingarsjóður ríkisins láni til margra íbúða á árinu 1979, og hvernig skiptist það á útlánaflokka?
4. Hvað er gert ráð fyrir, að lán Byggingarsjóðs ríkisins út á nýjar íbúðir (f. lán) á árinu 1979 nemi hárri upphæð í hlutfalli við byggingarkostnað?

Sþ. **360. Skýrsla**

ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979.

I

Inngangur

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 er fjórða árlega heildaráætlunin um lánastarfsemi í landinu sem lögð er fram á Alþingi. Fyrri áætlanir hafa í senn falið í sér stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í lána- og fjárfestingarmálum og beina áætlun um framkvæmdir og lántökur á vegum hins opinbera í tengslum við fjárlagafrumvarpið. Skýrslan, sem hér er lögð fram, fylgir þessari venju, en segja má að í henni sé lögð ríkari áhersla en áður á fjárfestingarstjórn og er það í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Hér er því ekki síður um fjárfestingaráætlun en lánsfjáráætlun að ræða.

Ríkisstjórnin telur það meðal brýnustu verkefna á sviði efnahagsmála að tryggja hæfileg fjárfestingarumsvif í landinu og greiðsluafgang á fjárlögum ríkisins en hvort tveggja er nauðsynlegt til þess að draga úr verðbólgu og koma í veg fyrir viðskiptahalla. Í þessari áætlun er mörkuð sú umgjörð fjárfestingar og útlána á þessu ári sem ríkisstjórnin telur hæfilega til þess að ná þessum markmiðum. Auk þess sýnir áætlun þessi uppruna og ráðstöfun lánsfjár og skiptingu þess eftir lánveitendum og lánþegum.

Áætlunin er samin á vegum fjármálaráðuneytisins í samvinnu fjárlaga- og hagsýslustofnunar, Framkvæmdastofnunar ríkisins, Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar. Áætlanir og spár um fjárfestinguna í heild eru gerðar af Þjóðhagsstofnun. Undirbúningsvinna að því er tekur til lánamála er að mestu unnin í hagfræðideild Seðlabankans. Efni um ríkisframkvæmdir og fjáröflun til þeirra er unnið í fjárlaga- og hagsýslustofnun. Útlánaáætlanir fjárfestingarlánasjóða eru reistar á efni frá Framkvæmdastofnun ríkisins og Húsnæðismálastofnun ríkisins. Áætlunin er reist á þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar og spá Seðlabanka um þróun greiðslujafnaðar á þessu ári, sem settar voru fram í desember 1978, en þessar spár hafa síðan verið endurskoðaðar samhliða lokafrágangi áætlunarinnar í ljósi gleggri vitneskju um framvinduna 1978.

II

Þjóðhagsleg markmið áætlunarinnar

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin tekur mið af þeirri stefnu sem mörkuð er í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en þar segir meðal annars:

— Stefnt verði að jöfnuði í viðskiptum við útlönd á árinu 1979 og dregið úr erlendum lántökum.
— Mörkuð verði gjörbreytt fjárfestingarstefna. Með samræmdum aðgerðum verði fjárfestingu beint í tæknibúnað, endurskipulagningu og hagræðingu í þjóðfélagslega arðbærum atvinnurekstri. Fjárfesting í landinu verði sett undir stjórn sem marki heildarstefnu í

fjárfestingu og setji samræmdar lánareglur fyrir fjárfestingarsjóðina í samráði við ríkisstjórnina.

Dregið verði úr fjárfestingu á árinu 1979 og heildarfjármunamyndun verði ákveðin takmörk sett.

— Aðhald í ríkisbúskap verði stóraukið og áhersla lögð á jafnvægi í ríkisfjármálum.
— Dregið verði úr verðþenslu með því að takmarka útlán og peningamagn í umferð.

Jafnframt þarf að gæta þess að atvinnuöryggi sé tryggt. Í samræmi við þessa stefnu er nauðsynlegt að halda aukningu þjóðarútgjalda í skefjum og er áhersla lögð á að draga úr fjárfestingarútgjöldum, en mikil fjárfesting er ein af ástæðum verðbólguþróunar undanfarinna ára. Þótt hlutfall fjárfestingar af þjóðarframleiðslu hafi lækkað nokkuð síðustu tvö árin er enn þörf á að draga úr fjárfestingu á þessu ári þannig að hún verði ekki meiri en sem svarar 24-25% af þjóðarframleiðslunni.

Til þess að sinna því tvíþætta verkefni að tryggja hæfileg heildarumsvif í fjárfestingarstarfsemi og beina fjármagninu að þeim verkefnum sem skila mestu í þjóðarbúið geta stjórnvöld beitt ýmsum aðferðum:

Í fyrsta lagi beinum ákvörðunum um fjárfestingu hins opinbera með framkvæmda- og fjármagnsframlögum, hvort sem framkvæmdafé er fengið með skattheimtu eða lántökum.

Í öðru lagi ákvörðunum um lánskjör bæði hjá bönkum og sparisjóðum og á lánum til fjárfestingar. Raunhæf vaxtakjör stuðla að auknum innlendum sparnaði og eru þannig forsenda þess að lánsfjárþörf til framkvæmda verði í ríkari mæli en ella mætt með innlendu fé. Lánskjörin þarf einnig að samræma milli lánastofnana.

Í þriðja lagi ráða fjárfestingarstyrkir, framlög ríkisins til fjárfestingarlánasjóða og skattmeðferð fjárfestingarfjár fyrirtækja miklu um fjárfestinguna.

Í fjórða lagi er mikilvægt að gerðar séu strangar og samræmdar kröfur til þjóðhagslegrar arðsemi þeirra framkvæmda sem framlög eða lán eru veitt til, hvort sem þær eru á vegum hins opinbera eða einkaaðila. Einnig er brýnt að erlendar lántökur verði ákveðnar innan ramma heildaráætlunar sem markast af framleiðslugetu þjóðarbúsins og endurgreiðslugetu á komandi árum.

Fjárlögin og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í sameiningu lýsa stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Í einstökum köflum áætlunarinnar verður nánar gerð grein fyrir hverju þessara atriða.

Með markmiðinu um jöfnuð í viðskiptum við útlönd á árinu 1979 er vexti þjóðarútgjalda þröngur stakkur skorinn. Hallalaus utanríkisviðskipti eru hins vegar nauðsynleg forsenda þess að unnt verði að draga úr skuldasöfnun erlendis á næstu árum. Þar sem horfur eru á að viðskiptakjör þjóðarinnar verði lakari á þessu ári en í fyrra felur þetta markmið í sér að halda verður vexti þjóðarútgjalda — og þar með innflutningi — innan þeirra marka sem möguleg útflutningsaukning setur. Í ljósi þess að áframhaldandi aðhald að þorskveiðum er ótvírætt nauðsynlegt, auk þess sem nokkurs aðhalds er þörf við loðnuveiðar, er ekki við því að búast að útflutningsframleiðslan í heild geti aukist um meira en 2-3% á þessu ári. Er þá gert ráð fyrir nokkurri aukningu annarrar útflutningsframleiðslu en sjávarafurða, m. a. á járnblendi, en gert er ráð fyrir að járnblendiverksmiðjan taki til starfa á árinu.

Í þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar, sem sett var fram í byrjun desembermánaðar, var gert ráð fyrir 9-10% samdrætti fjármunamyndunar á árinu 1979 og næmi heildarfjárfesting þá

rúmlega 24% af þjóðarframleiðslu, samanborið við tæplega 27% árið 1978, 28,4% árið 1977 og um 30% árið 1976. Áætlunin, sem hér fylgir, er í megindráttum innan þessa ramma, en samdrátturinn er þó minni en í þjóðhagsspánni, eða um 7%. Gætir hér einkum atvinnuöryggissjónarmiða.

Í þeirri fjárfestingaráætlun sem hér er lögð fram er gert ráð fyrir verulegum samdrætti í fjárfestingarframkvæmdum atvinnuveganna. Annars vegar dregur úr skipakaupum frá fyrra ári og hins vegar verða framkvæmdir við járnblendiverksmiðjuna mun minni á þessu ári en í fyrra. Auk þess má búast við samdrætti í byggingu verslunar- og skrifstofuhúsnæðis á þessu ári og áframhaldandi samdrætti í fjárfestingu í landbúnaði.

Bygging íbúðarhúsa er talin muni verða svipuð á þessu ári og í fyrra. Áætlun þessi gerir ennfremur ráð fyrir samdrætti í framkvæmdum hins opinbera eða um 5% frá fyrra ári að raungildi. Hitaveituframkvæmdir eru taldar munu dragast saman um 13-14%, enda er ýmsum stórum áföngum þar ýmist lokið eða um það bil að ljúka. Í öðrum greinum opinberra framkvæmda verður samdrátturinn minni og þannig felast í þessari áætlun veruleg umsvif á ýmsum sviðum framkvæmda, sem til framfara horfa, til dæmis á sviði orkumála og samgangna.

Samkvæmt þessari áætlun nemur heildarfjárfesting um 24,5% af þjóðarframleiðslu þessa árs ef erlendi þátturinn í framkvæmdum við álverið er undanskilinn, enda eykur hann ekki erlendar skuldir Íslendinga.

Þótt þeirri stefnu sé fylgt í þessari áætlun, að dregið verði úr fjárfestingu í heild, felur hún jafnframt í sér að fé er beint til framkvæmda í fiskvinnslu og iðnaði, fyrst og fremst til þess að bæta tæknibúnað og framleiðni. Þannig aukast útlán fjárfestingarlánasjóða til þessara greina að raunverulegu verðgildi verulega á þessu ári, einkum til fiskvinnslu, og er útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs, sem ríkisstjórnin hefur staðfest og hér er byggt á, við þetta miðuð. Í þessu skyni hefur einnig verið ákveðið að beina innlendu lánsfé, bæði frá lífeyrissjóðum og skyldusparnaðarfé ungmenna, til atvinnuveganna.

Í þjóðhagsspánni, sem til var vitnað, var aðeins gert ráð fyrir lítilsháttar aukningu samneyslu, eða um 1%, samanborið við áætlaða 2% aukningu á árinu 1978. Spáin gerði ráð fyrir að þjóðarútgjöld í heild yrðu óbreytt á þessu ári og á forsendum hennar um 9-10% samdrátt fjármunamyndunar var því búist við nokkurri aukningu einkaneyslu, líklega um 1-2% á mann og um 3% í heild. Þannig var í desemberspánni gert ráð fyrir 1—1,5% aukningu þjóðarframleiðslu og -tekna.

Nú er útlit fyrir að aukning þjóðarframleiðslunnar verði um 1,5%, meðal annars vegna heldur meiri fjárfestingarumsvifa en reiknað var með í desemberspánni, en vegna rýrnandi viðskiptakjara — ef svo fer sem nú horfir — yrði aukning þjóðartekna minni og jafnvel engin. Viðskiptakjarahorfur eru nú mjög óvissar, einkum vegna ástandsins í olíuviðskiptum í heiminum.

Framan af árinu 1978 fór verðbólga vaxandi. Í febrúar 1978 var vísitala framfærslukostnaðar 37% hærri en á sama tíma árið áður en í ágúst var árshækkunin komin upp í nær 52%, eða nær jafnmikil og hún varð mest á árinu 1975. Með niðurfærsluráðstöfununum í september var mjög dregið úr hækkun framfærsluvísitölunnar frá ágúst til nóvember en þrátt fyrir þessar aðgerðir var hækkunin um 6% og tólf mánaða hækkun frá nóvember 1977 um 47%. Verðbreytingar í nóvember og desember voru heldur minni 1978 en 1977, meðal annars vegna aukinna niðurgreiðslna í desember, og var árshækkun vísitölu framfærslukostnaðar komin niður í 38% í lok ársins. Meðalhækkun milli áranna 1977 og 1978 var um 44% en var 30% milli áranna 1976 og 1977. Áætlað er að við lok síðasta árs hafi vísitala framfærslukostnaðar verið um 15% hærri en að meðaltali á árinu öllu. Í þessari tölu gætir verulegra áhrifa niðurfærslu verðlags í september og desember; að þeim frátöldum var vísitalan um áramót rúmlega 20% hærri en ársmeðaltalið.

Í forsendum þjóðhagsspár fyrir árið 1979 er miðað við að neysluvöruverð hækki um 33% að meðaltali á þessu ári og um 30% frá upphafi til loka ársins. Þetta fæli í sér umtalsverða

verðbólguhjöðnun á þessu ári. Sá árangur næst þó ekki nema fylgt verði þeirri stefnu í kauplags- og verðlagsmálum að hækkun peningalauna verði minni en fylgir óbreyttu kerfi vísitölubindingar launa. Þessu yrði einnig að fylgja strangt aðhald í verðlagsmálum. Á sömu forsendum er fjárfestingar- og lánsfjáráætlun þessa árs miðuð við 34% hækkun byggingarvísitölu.

Til þess að ná því markmiði að draga verulega úr verðbólgu á þessu ári er ekki aðeins nauðsynlegt að móta markvissa stefnu í tekju- og verðlagsmálum. Aðgerðir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum og fjárfestingarmálum eru ekki síður nauðsynlegar. Aðhaldi í ríkisfjármálum er markaður rammi í fjárlögum fyrir árið 1979 og lánsfjáráætlunin mótast af þeirri nauðsyn að útlán og peningamagn í umferð breytist ívið minna en verðhækkun samkvæmt þessari spá. Er þá einkum nauðsynlegt að hafa hemil á peningaútstreymi úr Seðlabankanum og lántökum erlendis. Í áætluninni er gert ráð fyrir að erlendar lántökur verði takmarkaðar við 39 milljarða króna á þessu ári og miðist við að mæta afborgunum erlendra lána og nauðsyn þess að bæta gjaldeyrisstöðuna. Á þessu ári og næstu árum er nauðsynlegt að greiða niður að verulegu leyti gjaldeyrislán sem Ísland fékk hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á erfiðleikaárunum 1974 og 1975. Brýnt er að þessi lán verði greidd nú, þegar bærilega árar, til þess að eiga á ný aðgang að þeim þegar á móti kann að blása. Lántökur á næstu árum verður að miða við að greiðslubyrði erlendra lána fari ekki upp fyrir 14-15% af gjaldeyristekjum og verði þó helst lægri til jafnaðar. Þrátt fyrir að nokkuð hafi hægt á skuldaaukningunni erlendis á árinu 1978 er engu að síður ljóst að greiðslubyrðin kann að þyngjast á næstu árum, jafnvel þótt útflutningstekjur aukist jafnt og þétt, hvað þá ef afturkippur kæmi af einhverjum sökum í útflutningstekjur.

Um leið og þessi skýrsla um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 er lögð fram á Alþingi er flutt stjórnarfrumvarp til laga um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1979. Tilgangur þessa frumvarps er að gefa áætluninni og fjárfestingaráformunum, sem hún lýsir, meiri festu. Efni frumvarpsins er tvíþætt. Annars vegar fjallar það um ráðstafanir á innlenda lánamarkaðnum til þess að tryggja fjáröflun fjárfestingarlánasjóða. Hins vegar felur frumvarpið í sér heildaráætlun um lántökur erlendis til allra opinberra framkvæmda, hvort sem þær eru á vegum ríkisins eins eða sveitarfélaga, og til fjárfestingarlánasjóða. Fram úr þessari áætlun má ekki fara á þessu ári ef takast á að lækka skuldir þjóðarinnar út á við á næstu árum.

III

Opinberar framkvæmdir

Í þessum kafla er fjallað um áætlaðar framkvæmdir á vegum ríkisins (og þar með ríkisfyrirtækja) á árinu 1979. Fjallað er um fjárþörf til þessara framkvæmda og til einstakra framkvæmda á vegum sveitarfélaga, þar sem áætlað er að hlutaðeigandi aðilar fái aðgang að fjármagni, innlendu eða erlendu, sem hið opinbera hefur stjórn á.

Þá er tilgreind fjárþörf vegna skuldagreiðslna og önnur lántökuþörf á árinu 1979. Loks er gerð grein fyrir fjáröflun til þessara þarfa, bæði fjárveitingum á fjárlögum, fjáröflun sveitarfélaga og samtaka svo og á lánsfjáráætlun. Í töfluviðauka eru sýndar sundurliðaðar áætlanir um einstaka framkvæmdaliði, bæði hvað snertir ráðstöfun og fjáröflun.

Yfirlit um heildarframkvæmdir hins opinbera

Heildarframkvæmdir á vegum hins opinbera nema 59 297 milljónum króna á áætluðu verðlagi ársins 1979. Sú upphæð er 32,5% af áætlaðri heildarfjármunamyndun 1979. Framkvæmdirnar skiptast sem hér segir:

	Áætlun 1978 m. kr. (verðlag 1978)	Lánsfjáráætlun m. kr. (verðlag 1979)	Hlutfallsleg breyting [1] I	II
1. Rafvirkjanir og rafveitur	13 600	17 739	30,4	−2,7
2. Hita- og vatnsveitur	8 000	9 260	15,8	−13,6
3. Samgöngumannvirki	15 500	20 512	32,3	−1,2
4. Byggingar hins opinbera	9 500	11 786	24,1	−7,4
Samtals	46 600	59 297	27,2	−5,0

1) I — Breyting fjárhæðar á verðlagi hvers árs
II — Breyting á föstu verðlagi miðað við 34% verðhækkun milli ára

Í þessari áætlun felst um 5% samdráttur í opinberum framkvæmdum frá 1978 til 1979 og er þá reiknað með 34% meðalhækkun framkvæmdakostnaðar milli ára. Til samanburðar er þess að geta að áætlanir og spár benda til um 7% samdráttar í heildarfjárfestingu 1979.

Auk fjármögnunar á opinberum framkvæmdum er þörf fjármagns til skuldagreiðslna og annarra viðfangsefna. Í töflunni hér að neðan er sýnd heildarfjárþörf og -fjáröflun. Í töfluviðauka er að finna frekari sundurliðun framkvæmda.

	Áætlaðar framkvæmdir	Skulda-greiðslur	Önnur láns-fjárþörf	Samtals
Fjárþörf (í m. kr.)				
1. Raforkuver og rafveitur	17 739	1 250	–	18 989
2. Hita- og vatnsveitur	9 260	–	–	9 260
3. Samgöngumannvirki	20 512	1 081	–	21 593
4. Byggingar hins opinbera	11 786	640	–	12 426
Annað	–	–	1 300	1 300[1])
Samtals	59 297	2 971	1 300	63 568

	Fjárveiting á fjárlögum	Fjáröflun sveitarfélaga og fyrirtækja	Lánsfjár-áætlun 1979	Samtals
Fjáröflun (í m. kr.)				
1. Raforkuver og rafveitur	1 950	2 510	14 529	18 989
2. Hita- og vatnsveitur	65	5 535	3 660	9 260
3. Samgöngumannvirki	7 388	7 674	6 531	21 593
4. Byggingar hins opinbera	7 906	2 780	1 740	12 426
Annað	–	–	1 300	1 300[1])
Samtals	17 309	18 499	27 760	63 568

[1]) Þ. e. 600 m. kr. vegna hlutafjárframlags ríkissjóðs í Íslenska járnblendifélaginu hf. og 700 m. kr. lántaka til Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Áætlunin miðast við að heildarlántökur til opinberra framkvæmda á lánsfjáráætlun 1979 nemi alls 27 760 m. kr., samanborið við bráðabirgðatölur um lántökur á árinu 1978 að fjárhæð 26 199 m. kr. Hér er um að ræða verulega lækkun að raunverulegu verðgildi. Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1978 voru hins vegar aðeins áætlaðar lántökur að fjárhæð 15 519 m. kr. til opinberra framkvæmda og tekin lán fóru því um 10,7 milljarða króna fram úr áætlun.

Áætluð lánsfjárþörf ríkissjóðs hefur tekið nokkrum breytingum frá því fjárlagafrumvarp ársins 1979 var lagt fram. Í eftirfarandi töflu er lánsfjárþörfin sýnd m. v. fjárlagafrumvarp, fjárlög og lánsfjáráætlun. Að einstökum liðum lánsfjáráætlunar er vikið í greinargerðinni hér á eftir.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs og fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs 1979
Í millj. kr.

	Fjárlaga-frumvarp 1979	Fjárlög 1979	Lánsfjár-áætlun 1979
1. A-hluti fjárlaga			
Þjóðarbókhlaða	200	75	200
Vegagerð	2 660	2 660	3 130
Landshafnir	100	150	150
Flugöryggistæki	–	200	200
Laxastigi við Laxárvirkjun	–	–	60
Hafnargerð við Grundartanga	230	230	230
Landsvirkjun, eigin fjárframlag	180	180	180
Járnblendifélagið, hlutafjárframlag	680	536	600
A-hluti samtals	4 050	4 031	4 750
2. B-hluti fjárlaga			
Lánasjóður ísl. námsmanna	–	–	700
Flugmálastjórn	–	–	160
RARIK, almennar framkvæmdir	1 608	1 723	1 957[1])
RARIK, vegna Vestmannaeyjastrengs	290	290	290
RARIK, vegna skuldagreiðslna	–	600	600
Bessastaðaárvirkjun	–	–	600
Sveitarafvæðing	130	200	200
Byggðalínur	1 853	1 853	2 207
Kröfluvirkjun	–	–	270
Jarðvarmaveitur ríkisins vegna Kísiliðju	–	–	250
Jarðboranir ríkisins	–	–	200
Lyfjaverslun ríkisins	–	–	180
Borgartún 6	–	–	460
Orkusjóður vegna Orkubús Vestfjarða	–	–	360
Orkusjóður vegna styrkingar dreifikerfa í sveitum	–	–	225
Póstur og sími vegna jarðstöðvar o. fl.	1 364	964	1 260
Póstur og sími vegna vörukaupalána	–	400	400
Póstur og sími vegna skuldagreiðslna	–	485	485
Endurlán vegna Grundartangahafnar	176	176	176
B-hluti samtals	5 421	6 691	10 980
Samtals A- og B-hluti	9 471	10 722	15 730
3. Fyrirtæki með eignaraðild ríkisins			
Landsvirkjun	7 196	8 600	6 500
Orkubú Vestfjarða	360	360	465
Samtals	7 556	8 960	6 965
Alls (1+2+3)	17 027	19 682	22 695

[1]) Við framkvæmdir RARIK bætist 225 m.kr. lántaka Orkusjóðs vegna styrkingar dreifikerfa í sveitum.

A-hluti fjárlaga

Þjóðarbókhlaða. Gert er ráð fyrir 200 m. kr. lántöku til áframhaldandi framkvæmda við Þjóðarbókhlöðu. Afgangur fjárveitinga fyrri ára nemur 32 m. kr. og nemur því heildarframkvæmdafé 232 m. kr.

Vegagerð. Heildarútgjöld til vegamála eru áætluð alls 13 098 m. kr. Lánsfjáröflun til Vegagerðar er ráðgerð 3 130 m. kr. eða 470 m. kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum, þar af renna 130 m. kr. til greiðslu skulda vegna viðhalds á árinu 1978 og 3 000 m. kr. til vegagerðar á árinu 1979.

Landshafnir. Samtals er gert ráð fyrir 150 m. kr. lánsfjáröflun til framkvæmda við landshafnir. Til framkvæmda við höfnina á Rifi fara 50 m. kr. og til Njarðvíkurhafnar fara 100 m. kr. Framlag til Njarðvíkurhafnar hækkar um 50 m. kr. frá fjárlagafrumvarpi.

Flugöryggistæki. Ráðgerð er 200 m. kr. erlend lántaka vegna kaupa á flugöryggistækjum og er það breyting frá fjárlagafrumvarpi.

Laxastigi við Laxárvirkjun. Sú lántaka sem hér um ræðir er til áframhaldandi framkvæmda á laxastiga við Laxárvirkjun. Í lánsfjáráætlunum árin 1977 og 1978 var varið samtals 115 m. kr. til þessara framkvæmda.

Hafnargerð við Grundartanga. Heildarkostnaður við Grundartangahöfn er áætlaður 906 m. kr. Kostnaður þessi skiptist í sömu hlutföllum og gildir um almenna hafnargerð, þ. e. 75% ríki og 25% sveitarfélög. Heildarkostnaður ríkissjóðs er því 680 m. kr. og sveitarfélaga 226 m. kr. Eftirstöðvar af kostnaðarhluta ríkissjóðs er 230 m. kr. og hlutur sveitarfélaga er 176 m. kr. eins og kemur fram í yfirliti um lánsfjáröflun til B-hluta. Heildarfjárþörf á árinu 1979 nemur því alls 406 m. kr. Þar af hefur þegar verið framkvæmt fyrir um 306 m. kr.

Landsvirkjun. Fyrirhugað er að afla 180 m. kr. lánsfjár til að inna af hendi framlag ríkissjóðs til Landsvirkjunar 1979 vegna aukins eiginfjár stofnunarinnar. Mótframlag Reykjavíkurborgar nemur sömu fjárhæð.

Járnblendifélagið, hlutafjárframlag. Lánsfjáröflun vegna hlutafjárframlags ríkissjóðs í Íslenska járnblendifélaginu hf. nemur alls 600 m. kr. eða 64 m. kr. hærri fjárhæð en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Hækkun lánsfjáröflunarinnar frá fjárlögum stafar af breyttum gengisforsendum. Fjárhæðin er miðuð við að ríkissjóður inni af hendi eftirstöðvar umsaminnar greiðslu hlutafjár vegna ársins 1978 en að umsamið hlutafjárframlag ársins 1979 greiðist fyrst á árinu 1980.

B-hluti fjárlaga

Lánasjóður ísl. námsmanna. Ákveðið er að afla 700 m. kr. lánsfjár til þess að sjóðurinn geti uppfyllt gildandi reglur um lánveitingar allt að 85% umframfjárþarfar lántakenda. Sjóðnum er ætlað að taka umrætt lán og annast skil vaxta og afborgana. Þar sem útlán sjóðsins hafa verið verðtryggð er gert ráð fyrir að eiginfjárstaða sjóðsins styrkist í framtíðinni og geri sjóðnum kleift að standa undir auknu lánsfjármagni.

Flugmálastjórn. Ráðgerð er 160 m. kr. erlend lántaka vegna kaupa flugmálastjórnar á nýrri flugvél til stofnunarinnar.

RARIK, almennar framkvæmdir. Sundurliðun á framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins er sýnd í töflu 6 í töfluviðauka. Lántökur vegna almennra framkvæmda RARIK eru áformaðar 2 182 m. kr., þar af eru 225 m. kr. vegna styrkingar dreifikerfa í sveitum. Auk þess nemur framlag úr Orkusjóði til styrkingar dreifikerfa í sveitum 200 m. kr. og tekjur af heimtaugargjöldum eru áætlaðar 90 m. kr. Þannig verða 2 472 m. kr. til ráðstöfunar til þessara framkvæmda.

RARIK, vegna Vestmannaeyjastrengs. Á árinu 1978 var tekið bráðabirgðalán til greiðslu kostnaðar við lagningu sæstrengs til Vestmannaeyja. Jafnframt var ákveðið að leitað skyldi lánsfjár á lánsfjáráætlun 1979 til greiðslu lánsins.

RARIK, vegna skuldagreiðslna. Til þess að leysa úr þeim fjárhagsörðugleikum sem nú steðja að RARIK er ákveðið að taka 600 m. kr. lán. Lánsfjáröflunin er til þess ætluð að fyrirtækið geti m. a. endurgreitt Landsbanka Íslands 200 m. kr. lán frá árinu 1977. Ríkissjóður mun á næstu fimm árum leggja RARIK til árlega 120 m. kr. til endurgreiðslu lánsins en að öðru leyti annast fyrirtækið greiðslur vaxta og afborgana.

Bessastaðaárvirkjun. Til Bessastaðaárvirkjunar er áformað að afla 600 m. kr. lánsfjár. Gert er ráð fyrir að áætlanagerð og undirbúningi vegna virkjunarinnar ljúki á þessu ári. Hvenær ráðist verður í framkvæmdir ræðst af því hvenær virkjunin telst hagkvæm í heildarskipulagi orkumála landsins, þar með talin öryggissjónarmið.

Sveitarafvæðing. Áætluð er 200 m. kr. lántaka vegna sveitarafvæðingar og er það 70 m. kr. hærri fjárhæð en í fjárlagafrumvarpi.

Byggðalínur. Ráðgerð er 2 207 m. kr. lántaka vegna byggðalína og er það nokkru hærri fjárhæð en í fjárlagafrumvarpi og fjárlögum. Veigamesta verkefni ársins 1979 er bygging Vesturlínu og renna til þeirrar framkvæmdar alls 1 549 m. kr. Miðað er við að Vesturlína verði tengd samveitusvæði Mjólkárvirkjunar á árinu 1980 og er Rafmagnsveitum ríkisins heimilað að panta efni á árinu 1979 vegna framkvæmda 1980 svo að það verði unnt.

Í lánsfjáráætlun fyrir 1978 aflaði ríkissjóður lánsfjár vegna fjármagnsútgjalda af byggðalínum. Í fjárlögum er horfið frá þessari tilhögun en Byggðasjóði falið að annast lántöku vegna greiðslu vaxta og afborgana, alls 1 480 m. kr.

Kröfluvirkjun. Frekari framkvæmdum við Kröfluvirkjun verður slegið á frest og eingöngu fylgst með þróun svæðisins næstu tvö árin. Lánsfé vegna Kröfluvirkjunar verður í samræmi við þetta 270 m. kr. 1979. Af þessari fjárhæð er heimilt að verja 150 m. kr. til þess að standa undir útgjöldum vegna gæslu við virkjunina og 120 m. kr. til rannsókna á Kröflusvæðinu. Fjárveiting til rannsókna er einkum við það miðuð að afla frekari vitneskju um jarðhitasvæði í suðurhlíðum Kröflu.

Fjármagnsútgjöld Kröfluvirkjunar greiðast af Orkusjóði með beinni fjárveitingu úr ríkissjóði, alls 2 380 m. kr.

Jarðvarmaveitur ríkisins vegna Kísiliðju. Vegna jarðhræringa í Mývatnssveit hafa borholur skemmst þannig að gufuöflun til Kísiliðju hvílir nú að mestu á einni holu. Til að tryggja gufuöflun þykir óhjákvæmilegt að veita 250 m. kr. til borunarframkvæmda.

Jarðboranir ríkisins. Lánsfjár að upphæð 200 m. kr. mun verða leitað vegna kaupa stofnunarinnar á steypudælu. Tæki þetta er fyrst og fremst notað við fóðrun borhola á háhitasvæðum.

Lyfjaverslun ríkisins. Að undanförnu hefur farið fram endurskipulagning á starfsemi Lyfjaverslunar ríkisins. Liður í þessu verki er endurnýjun vélakosts fyrirtækisins til framleiðslu lyfja. Lánsfjár að fjárhæð 180 m. kr. mun verða leitað til að standa undir nauðsynlegum útgjöldum.

Borgartún 6. Árið 1975 festi ríkissjóður kaup á húseigninni Borgartún 6. Unnið er að gagngerum endurbótum á húsinu og til þess hefur verið aflað skammtímalána. Lántaka á lánsfjáráætlun, alls 460 m. kr., er til greiðslu afborgana til fyrri eigenda og til annarra skuldagreiðslna vegna hússins.

Orkusjóður. Við stofnun Orkubús Vestfjarða fóru fram skil milli Orkubúsins og RARIK vegna áhvílandi skulda á dreifikerfi og rafstöðvum á Vestfjörðum. Áætlaðar afborganir og vextir af áðurgreindum lánum, sem falla á Orkusjóð, eru 360 m. kr.

Orkusjóður vegna dreifikerfa í sveitum. Fjárveiting á fjárlögum til styrkingar dreifikerfa í sveitum nemur alls 220 m. kr. Auk þess er áformað að afla lánsfjár, alls 225 m. kr., til þessa verkefnis þannig að heildarráðstöfunarfé nemur 445 m. kr. Þar af renna 20 m.kr. til Orkubús Vestfjarða og 425 m.kr. til framkvæmda á vegum Rafmagnsveitna ríkisins.

Póstur og sími vegna jarðstöðvar o. fl. Áætlun um 1 260 m. kr. lánsfjáröflun er 296 m. kr. hækkun frá fjárlögum og er sú hækkun eingöngu vegna annarra gengis- og verðlagsforsendna í lánsfjáráætlun en í fjárlögum. Lántökuheimild til byggingar jarðstöðvar var veitt með lögum nr. 120/1978 og miðaðist við fjárþörf áður en upphaflegri framkvæmdaáætlun var breytt við afgreiðslu fjárlaga. Þar var dregið úr upphaflegum framkvæmdaáformum um 400 m. kr.

Póstur og sími vegna vörukaupalána. Á liðnum árum hefur Póstur og sími jafnan tekið nokkur vörukaupalán í tengslum við ýmsar framkvæmdir. Nú eru þessi lán talin í lánsfjáráætlun í fyrsta sinn, alls 400 m. kr. Áætlun um heildarframkvæmdir á árinu 1979 nema alls 2 385 m. kr., þar af lántökur 400 m. kr.

Póstur og sími vegna skuldagreiðslna. Á undanförnum árum hafa myndast skuldir hjá Pósti og síma vegna rekstrarhalla. Nú er ákveðið að afla á lánsfjáráætlun 485 m. kr. til þess að bæta greiðslustöðu fyrirtækisins.

Endurlán vegna Grundartangahafnar. Eins og að framan greinir mun ríkið annast lánsfjáröflun vegna hlutar viðkomandi sveitarfélaga við þessa hafnargerð. Eftirstöðvar eru áætlaðar 176 m. kr. og koma til greiðslu á árinu 1979, eða óbreytt frá fjárlagafrumvarpi.

Fyrirtæki með eignaraðild ríkisins

Landsvirkjun. Framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar eru áformaðar alls 7 230 m. kr. á árinu 1979 og verður 4 860 m. kr. varið til áframhaldandi framkvæmda við Hrauneyjarfoss. Hefur þá verulega verið dregið úr framkvæmdaáætlunum þeim sem áður giltu. Þrátt fyrir minni verkhraða 1979 en áður var áformaður er að því stefnt að virkjuninni megi ljúka haustið 1981. Til lokaframkvæmda við Sigöldu er fyrirhugað að verja 674 m. kr. Til rannsókna og til ýmissa annarra framkvæmda renna samtals 397 m. kr. Vaxtagreiðslur á árinu 1979 eru áætlaðar alls 1 299 m. kr.

Fjármögnun framkvæmda Landsvirkjunar er þríþætt. Í fyrsta lagi erlendar lántökur, alls 6 500 m. kr. Í öðru lagi 550 m. kr. eigið fé fyrirtækisins og loks 180 m. kr. eiginfjárframlag ríkissjóðs.

Orkubú Vestfjarða. Í fjárlagafrumvarpi var lánsfjáröflun vegna Orkubús Vestfjarða talin til B-hluta fjárlaga. Réttara þykir að bókfæra lánsfjármagnaðar framkvæmdir fyrirtækisins á hliðstæðan hátt og hjá Landsvirkjun.

Sundurliðun á lánsfjármögnuðum framkvæmdum Orkubúsins er að finna í töflu 8 í töfluviðauka. Samtals er ráðgerð 465 m. kr. lánsfjáröflun, þar af 400 m. kr. til raforkuframkvæmda og 65 m. kr. til fjarvarmaveitu Ísafjarðar. Lánsfjáröflun til raforkuframkvæmda er 40 m. kr. hærri en í fjárlagafrumvarpi og er það vegna nauðsynlegrar aukningar á dísilstöðvum.

Aðrar lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir

Í lánsfjáráætlun 1979 er áformað að heimila erlendar lántökur til hitaveituframkvæmda sveitarfélaga að fjárhæð 3 145 m. kr., sbr. töflu 2 í töfluviðauka. Stærsta verkefnið á þessu sviði eru áframhaldandi framkvæmdir við Hitaveitu Akureyrar, eða alls 1 800 m. kr., en til annarra hitaveituframkvæmda á vegum sveitarfélaga verður aflað alls 1 345 m. kr. Fjármögnun þessara framkvæmda verður einnig innlend, bæði úr Lánasjóði sveitarfélaga, Orkusjóði og eigin sjóðum sveitarfélaga og fyrirtækjanna. Lánveitingar eða ábyrgðir af ríkisins hálfu verða ekki veittar til einstakra hitaveitna fyrr en iðnaðarráðherra hefur veitt einkaleyfi til reksturs og skilyrðum orkulaga um einkaleyfisveitingu er fullnægt. Í orkulögum nr. 58/1967 segir að einkaleyfisumsókn skuli fylgja fullnægjandi uppdrættir af fyrirhugaðri hitaveitu, kostnaðaráætlun og rekstraráætlun. Einkaleyfi skal því aðeins veitt að ráðherra telji, að fengnu áliti Orkustofnunar, að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega rétt, hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki, fullnægi hitaþörf svæðisins og að tryggður sé eðlilegur og truflanalaus rekstur, eftir því sem aðstæður leyfa.

Í áætlun þessari er sýnd erlend lántaka vegna framkvæmda sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra. Áformuð lánsfjáröflun til Rafmagnsveitu Reykjavíkur er 680 m. kr. og til Reykjavíkurhafnar 340 m. kr. Lántökur til ýmissa framkvæmda sveitarfélaga nema alls 900 m. kr., þar af 245 m. kr. vegna fjárhagsvanda Vestmannaeyjakaupstaðar í samræmi við tillögur úttektarnefndar þeirrar er um málið fjallaði, 340 m. kr. vegna sorpeyðingarstöðvar á Suðurnesjum og 315 m. kr. vegna annarra verkefna.

Fjáröflun

Í töflu 5 í töfluviðauka er heildarlánsfjáröflun hins opinbera á lánsfjáráætlun sundurgreind. Lántökur alls nema 27 760 m. kr. en eru áætlaðar 26 199 m. kr. 1978. Lántaka ársins 1979 skiptist þannig að innlend lántaka nemur alls 5 175 m. kr. og erlend lántaka 22 585 m. kr.

Í töflunni hér að neðan eru sýndar fyrirhugaðar lántökur vegna A- og B-hluta fjárlaga. Heildarlánsfjáröflun er 15 730 m. kr., þar af eru 4 200 m. kr. útgáfa spariskírteina og happdrættisbréfa, 975 m. kr. endurgreiðsla eldri spariskírteina og 10 555 m. kr. erlend lántaka. Heimildar til erlendrar lántöku vegna ríkisframkvæmda og annarra opinberra framkvæmda verður leitað í sérstöku lagafrumvarpi.

Lánsfjáröflun A- og B-hluta ríkissjóðs
Í m.kr.

	Erlend lán	Innlend lán	Samtals
I Skipting eftir ráðstöfun			
A-hluti fjárlaga			
Þjóðarbókhlaða	–	200	200
Vegagerð	930	2 200	3 130
Landshafnir	150	–	150
Flugöryggistæki	200	–	200
Laxastigi við Laxárvirkjun	–	60	60
Hafnargerð við Grundartanga	230	–	230
Landsvirkjun, eigið fjárframlag	–	180	180
Járnblendifélagið, hlutafjárframlag	600	–	600
Samtals	2 110	2 640	4 750
B-hluti fjárlaga			
Lánasjóður ísl. námsmanna	–	700	700
Flugmálastjórn	160	–	160
RARIK, almennar framkvæmdir	1 957	–	1 957
RARIK vegna Vestmannaeyjastrengs	–	290	290
RARIK vegna skuldagreiðslu	–	600	600
Bessastaðaárvirkjun	600	–	600
Sveitarafvæðing	200	–	200
Byggðalínur	2 207	–	2 207
Kröfluvirkjun	270	–	270
Jarðvarmaveitur ríkisins	250	–	250
Jarðboranir ríkisins	200	–	200
Lyfjaverslun ríkisins	180	–	180
Borgartún 6	–	460	460
Orkusjóður vegna Orkubús Vestfjarða	360	–	360
Orkusjóður vegna styrkingar dreifikerfa í sveitum	225	–	225
Póstur og sími			
vegna jarðstöðvar	1 260	–	1 260
vegna vörukaupalána	400	–	400
vegna skuldagreiðslna	–	485	485
Endurlán vegna Grundatangahafnar	176	–	176
Samtals	8 445	2 535	10 980
Samtals A- og B-hluti	10 555	5 175	15 730

II Skipting eftir uppruna	
Verðbréfaútgáfa	4 200
Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé	975
Erlendar lántökur	10 555
	15 730

IV

Fjárfestingarlánasjóðir

Fjárfestingarlánasjóðirnir gegna veigamiklu hlutverki við framkvæmd stefnunnar í fjárfestingarmálum. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á mótun samræmdrar heildarstefnu í fjárfestingarmálum sem m. a. tæki til útlánamarkmiða og lánareglna fjárfestingarlánasjóðanna. Sérstök áhersla er lögð á tæknibúnað, endurskipulagningu og hagræðingu í þjóðhagslega arðbærum atvinnurekstri. Fyrir árið 1979 er sett það markmið að dregið verði úr fjárfestingu í heild, og er það aðhald nauðsynlegt skilyrði þess að ná jöfnuði í viðskiptum við

útlönd og draga úr erlendum lántökum. Með þessi markmið í huga er því nauðsynlegt að líta bæði til heildarumsvifa fjárfestingarlánasjóðanna og til lánveitinga einstakra sjóða, að tiltölu við fjárfestingarhlutverk þeirra. Jafnframt eru lánveitingar fjárfestingarlánasjóða veigamikill hluti heildarútlána og peningastreymis inn í þjóðarbúskapinn og ber því nauðsyn til að skoða breytingu fjárstreymis á vegum sjóðanna að tiltölu við fyrri ár.

Við setningu útlánamarkmiða fjárfestingarlánasjóða er tekið mið af spá um fjármunamyndun sem er veigamikill þáttur í þjóðhagsspá þessa árs. Sé litið á heildarfjárhæðir fjárfestingar atvinnuvega og íbúðabygginga í samanburði við lánveitingar til þessara flokka þá munu lánveitingar sjóðanna verða 28-29% af fjárfestingu árin 1978 og 1979. Slíkan samanburð verður þó að túlka með varúð, bæði vegna fjárfestingarþátta sem sjóðirnir lána almennt ekki til, svo sem stóriðju, flutningaskipa og flugvéla, og vegna mismunandi tímasetningar fjárfestingar og fjármögnunar, en það á einkum við um fiskiskipakaup. Hlutfallstölur sem þessar veita þó vísbendingu um þátt sjóðanna í stjórn fjárfestingarmála. Hlutföll lánsfjármögnunar sjóðanna eru þó að jafnaði hærri á vettvangi þeirra atvinnugreina sem sjóðirnir lána til, eða til dæmis um 50-60% í sjávarútvegi að meðtalinni vinnslu sjávarafurða og milli 35 og 40% í almennum iðnaði.

Metið eftir starfsvettvangi fjárfestingarlánasjóðanna koma fram litlar breytingar á heildina litið, en talsverðar í innbyrðis áherslum. Hlutfall lánveitinga atvinnuvega- og íbúðalánasjóða mun nema 36,7% af samsvarandi fjárfestingu samkvæmt lánsfjáráætlun 1979, í samanburði við 38,4% samkvæmt endurskoðaðri áætlun 1978. Áætlað lánshlutfall 1979 er þó nokkru hærra en hlutfall upphaflegrar lánsfjáráætlunar 1978 sem var um 34%. Í þessum samanburði er Lánasjóði sveitarfélaga sleppt svo og innfluttum fiskiskipum og lánum til þeirra og útlánum Byggðasjóðs til opinberra framkvæmda. Samanburður þessi gefur vísbendingu um að útlánaáform muni veita nokkuð strangara aðhald að fjárfestingu en fjárfestingarspáin út af fyrir sig gefur til kynna.

Einkum á þetta við um fjárfestingu atvinnuveganna sem á undanförnum árum hefur að ýmsu leyti farið út yfir eðlileg mörk þjóðhagslegrar arðsemi. Hlutfall lánveitinga á þessum vettvangi er áætlað um 43,2% 1979 á móti 46% 1978, með þeim undantekningum sem að framan greinir. Þrátt fyrir aðhald, sem í þessu felst, verður svigrúm til þess að beina fé í auknum mæli til framkvæmda í fiskvinnslu og iðnaði til þess að bæta tæknibúnað og framleiðni. Hefur lánsfé til Fiskveiðasjóðs verið aukið sérstaklega í þessu skyni svo að hann geti annað 2 000 m. kr. lánum til fiskvinnslu, auk sérstaks framlags, 1 200 m. kr. af gengismunareikningi, til hagræðingarlána, eða alls 3 200 m. kr. til fiskvinnslu á vegum Fiskveiðasjóðs. Byggðasjóði mun aflað sérstaks lánsfjár, 900 m. kr., frá Framkvæmdasjóði til að bæta stöðu sjávarútvegsfyrirtækja. Jafnframt beiti ríkisstjórnin sér fyrir því að Byggðasjóður láni af öðru fé sínu a. m. k. 1 000 m. kr. til fiskvinnslu á árinu 1979. Úthlutun þessa fjár, sem alls nemur þannig 5100 m.kr., miðist við það að greiða fyrir rekstri og stuðla að framförum þar sem ástandið er erfiðast. Þessi lánsfjáráætlun felur í sér að útlán fjárfestingarlánasjóða til fiskvinnslu 1979 munu verða meira en tvöfalt hærri að krónutölu en 1978. Þá er áformað að Framkvæmdasjóður útvegi Byggðasjóði 200 m. kr. til þess að breyta lausaskuldum bænda í löng lán.

Í því skyni að tryggja skipasmíðastöðvunum verkefni mun ríkisstjórnin beita sér fyrir erlendri lántöku Framkvæmdasjóðs og annarri fjárútvegun þannig að Framkvæmdasjóður geti lánað sérstaklega 1 250 m. kr. til skipasmíðaverkefna á árinu 1979. Þessu fé verður ráðstafað með samþykki iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra. Lánveiting þessi er háð samkomulagi við launþegasamtökin um kaup skuldabréfa af Framkvæmdasjóði og Byggingarsjóði ríkisins. Þetta fé komi til viðbótar venjulegri fyrirgreiðslu Fiskveiðasjóðs og annarra sjóða við fiskiskipasmíði innanlands, sem áætluð er 2 700 m. kr., og venjulegu lánsfé til viðgerða á fiskiskipum innanlands úr Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði.

Ráðgert er að innlendum skipasmíðastöðvum verði heimilað að taka erlend bráðabirgðalán á byggingartíma skips, sem Fiskveiðasjóður yfirtaki, og verði lánsupphæðin miðuð við sama hlutfall og Fiskveiðasjóður lánar hverju sinni. Heimildin taki bæði til nýsmíði og meiriháttar breytinga en einungis til stærri skipa, þ. e. togara og nótaskipa. Tímalengd hins erlenda láns skal miðast við það sem almennt tíðkast um útflutningslán með skipum smíðuðum erlendis. Heildarlánveitingar Fiskveiðasjóðs til þessa verkefnis verða ákveðnar síðar, m. a. með tilliti til hagræðingarfjár vegna skipasmíða, og koma til frádráttar samsvarandi lánveitingum sem innifaldar hafa verið í áætlunum Fiskveiðasjóðs og Framkvæmdasjóðs innan marka lánsfjáráætlunar þessa árs.

Ríkisstjórnin getur auk þess, sem fram er sett hér, heimilað Framkvæmdasjóði að taka 1 000 m. kr. sérstaklega að láni á árinu til hagræðingar í undirstöðugreinum atvinnulífsins.

Í fjárfestingarspá er reiknað með svipuðu magni framkvæmda við íbúðabyggingar og árið 1978 og munu útlán íbúðalánasjóða aukast sem svarar áætlaðri hækkun byggingarkostnaðar. Lánveitingar þessara sjóða munu því nema svo til sama hlutfalli af fjárfestingu í íbúðarhúsnæði, tæpum 30% bæði árin. Á móti nokkrum samdrætti almennra íbúðabygginga koma framkvæmdir á félagslegum grundvelli, sem færst hafa í aukana og bera með sér hærra lánahlutfall en almenn íbúðalán, svo og tilfærsla íbúðalána í sveitum frá Stofnlánadeild landbúnaðarins til Byggingarsjóðs ríkisins.

Heimilt er að taka fjáröflun Byggingarsjóðs ríkisins til endurskoðunar á árinu 1979 ef: a) sjóðurinn getur ekki staðið við lögbundnar og venjubundnar skuldbindingar, b) hætta er á að til alvarlegs atvinnuleysis komi í byggingariðnaði.

Heildarlánveitingar fjárfestingarlánasjóða munu verða 37,4 milljarðar króna, sem er 25,8% hækkun frá lánveitingum ársins 1978 (29,7 milljarðar króna), en upphafleg áætlun

Fjárfestingarlánasjóðir: Áætluð útlán og fjármögnun

	Í m.kr.			Breyting frá fyrra ári, %		
	Greiðsluyfirlit 1977	Bráðabyrgðayfirlit 1978	Lánsfjáráætlun 1979	Greiðsluyfirlit 1977	Bráðabyrgðayfirlit 1978	Lánsfjáráætlun 1979
Útlán (lánveitingar)						
Fjárfestingarlánasjóðir, alls	**21 024**	**30 325**	**37 391**[1])	**40,9**	**44,2**	**23,3**
Íbúðalánasjóðir	6 557	9 711	12 925	35,5	48,1	33,1
Þar af Byggingarsjóður ríkisins	6 220	9 101	12 125	41,9	46,3	33,2
Atvinnuvegasjóðir	14 467	20 614	24 466	43,5	42,5	18,7
Þar af Framkvæmdasjóður	6 357	6 232	14 075	25,0	−2,0	125,9
Byggðasjóður	2 132	2 723	3 925[1])	33,1	27,7	44,1
Fjármögnun						
Fjárfestingarlánasjóðir, alls	**21 024**	**30 325**	**37 391**[1])	**40,9**	**44,2**	**23,3**
Eigin fjármögnun, nettó	1 630	2 680	−1 050	...	...	...
Framlög og markaðir tekjustofnar	8 590	13 112	16 656	49,8	52,6	27,0
Lántökur, brúttó	**10 804**	**14 533**	**21 785**	**25,5**	**34,5**	**49,9**
Lífeyrissjóðir	3 091	6 079	9 365	50,2	96,7	54,1
Bankakerfið	1 699	1 866	1 500	33,4	9,8	−19,6
Skyldusparnaður, brúttó	2 421	4 123	4 900	47,0	70,3	18,9
Atvinnuleysistryggingasjóður	589	786	2 070	−15,5	33,5	163,4
Önnur innlend lán	110	15	–	...	...	...
Erlend lán	2 894	1 664	3 950[1])	98,6	−42,5	137,4

1) Undanskilið lán Byggðasjóðs til Orkusjóðs vegna fjármagnsútgjalda byggðalína 1 480 m.kr., fjármagnað með erlendri lántöku, en það er ósambærilegt við ráðstöfun lánsfjár á vegum sjóðanna á undanförnum árum.

þess árs nam 24,4 milljörðum króna. Er í þeim samanburði sleppt 1 480 m.kr. láni til ríkissjóðs vegna byggðalína árið 1979, en Byggðasjóður hefur milligöngu um það lán, svo og 600 m.kr. láni Framkvæmdasjóðs til ríkissjóðs árið 1978. Hér fer á eftir samandregið yfirlit lánveitinga og fjármögnunar fjárfestingarlánasjóðanna síðustu tvö árin ásamt lánsfjáráætlun 1979. Um sundurliðun á einstaka sjóði vísast til töfluviðauka.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna er í meginatriðum ákveðin með lánsfjáráætlun og fjárlögum, þó þannig að sumir liðir eru um leið áætlunaratriði. Fjármögnun hefur fallið nálægt því til helminga annars vegar á eigin fjármögnun og opinber framlög, sem verða eigið fé sjóðanna, og hins vegar á lántökur. Áætlað er að hlutföll þessi raskist nokkuð við það að eigin fjármögnun sjóðanna rýrni verulega og verði jafnvel neikvæð þegar sjóðhreyfingar eru taldar með. Þessi niðurstaða skýrist væntanlega einkum af því, að hinar miklu verðlags- og gengisbreytingar hafi til að byrja með mun meiri áhrif á útgreiddar en mótteknar afborganir sökum mun styttri tekinna en veittra lána á undanförnum árum. Ennfremur mun endurskoðun lánskjara á síðustu árum sökum örari verðbólgu ekki hafa haft svo hagstæð áhrif sem vænta mátti. Framlög hins opinbera og markaðir tekjustofnar til sjóðanna munu aukast úr 44,1% upp í 44,6% fjármögnunar. Áformað er að festa greiðslur framlaga og markaðra tekjustofna á vegum ríkissjóðs við áætlunartölur fjárlaga. Innifalið í framlögum 1979 er hagræðingarfé sjávarútvegsins af gengismunareikningi 1 200 m. kr.

Lántökur til sjóðanna munu aukast upp í 21,8 milljarða króna eða 58% af fjármögnun til samanburðar við 47% 1978. Bæði árin verða lántökurnar að yfirgnæfandi hluta af innlendum uppruna enda þótt nokkur aukning sé áætluð á erlenda hlutanum.

Af innlendum lánum vega lán lífeyrissjóðanna þyngst og er gert ráð fyrir að þau nemi um 9,4 milljörðum króna á heildina litið, þar af 8,5 milljörðum til ráðstöfunar fyrir opinbera milligöngu til Byggingarsjóðs ríkisins og Framkvæmdasjóðs. Nemur heildin 35% af áætluðu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna en sá hluti, sem ráðstafað er af hinu opinbera, 31,7%. Nú er einnig kveðið skýrar en áður á um skiptingu fjárins á atvinnuvegasjóði og íbúðalánasjóði. Er samkomulag um að skuldabréfakaup lífeyrissjóða af Byggingarsjóði ríkisins nemi 2 755 m. kr. Gert er ráð fyrir að það fé komi að mestu leyti frá ASÍ-sjóðunum og kemur það allvel heim við 20% markið frá 1974. Til Framkvæmdasjóðs munu þá ganga 5 750 m. kr. Er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir fullnægi kaupskyldu sinni gagnvart þessum tveim sjóðum áður en fé sé ráðstafað til annarra fjárfestingarlánasjóða.

Skyldusparnaðarfé ungmenna mun nú einnig koma til skiptingar milli þessara aðila með þeim hætti að Byggingarsjóður ríkisins láni Framkvæmdasjóði 2 000 m. kr. af þessu fé. Skyldusparnaður í sveitum, 400 m. kr., mun á þessu ári enn ganga til Stofnlánadeildar landbúnaðarins til þess að mæta viðbótarlánum út á íbúðarhús en er síðan ætlað að ganga til Byggingarsjóðs eins og íbúðalán til sveita. Hlutur Byggingarsjóðs af brúttósparnaði í ár verður því um 2 500 m. kr.

Skuldabréfakaup bankanna af Framkvæmdasjóði, sem fyrir ári voru lækkuð í 5% af ráðstöfunarfé, munu nú lækkuð í 4% og eru áætluð 1 500 m. kr. Skuldabréfakaup Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem mótsvara framlagi ríkissjóðs til sjóðsins, munu sem fyrr ganga að fullu til Byggingarsjóðs, 2 070 m. kr.

Erlend lántaka fjárfestingarlánasjóða, mun aukast verulega frá fyrra ári, einkum af völdum aukinna hagræðingarlána og fyrirgreiðslu við skipasmíðastöðvar. Erlend lántaka Framkvæmdasjóðs er áætluð 3 950 m. kr. Auk þess mun Byggðasjóður hafa milligöngu um útvegun erlends láns vegna fjármagnsútgjalda byggðalína sem eru á vegum hins opinbera og því ekki sambærileg við reglubundið starfssvið fjárfestingarlánasjóða.

Ljóst er að ákvarðanir um lánskjör munu ráða miklu um framgang stefnunnar í fjárfestingarmálum, og er því áformað að marka skýra stefnu í þessu efni sem miði að því að einfalda og samræma öll lánskjör, bæði að því er varðar verðtryggingu og vexti.

Hér að framan hefur í nokkrum atriðum verið vikið að breytingum áætlunarþátta frá

árinu 1978 en í töfluviðauka er sýnd endurskoðuð áætlun fjárfestingarlánasjóða árið 1978 og endanlegt greiðsluyfirlit 1977. Þar sem ýmislegt er enn í deiglunni varðandi uppgjör 1978 er ekki tímabært að leggja fullnaðarmat á útkomu ársins. Ljóst er þó, að niðurstöðunum víkur til verulegrar hækkunar frá upphaflegri áætlun. Hér sem fyrr í hliðstæðum samanburði er sleppt 600 m. kr. láni Framkvæmdasjóðs til ríkissjóðs, svo og jafn háum lántökum á móti.

Í millj. kr.	Lánsfjár-áætlun 1978	Bráðabirgða-yfirlit 1978	Hækkun %
Lánveitingar:			
Íbúðasjóðir	8 255	9 711	17,6
Atvinnuvegasjóðir	16 167	20 014	23,8
Lánveitingar alls = Fjármögnun	**24 422**	**29 725**	**21,7**
Eigin fjármögnun, nettó	2 584	2 680	3,7
Framlög og aðrir tekjustofnar	11 176	13 112	17,3
Lántökur	10 662	13 933	30,7

Sérstakt yfirlit yfir opinbera öflun lánsfjár og ráðstöfun þess á lánsfjáráætlun 1979

Í m.kr.

	Ný áætlun 1978	Lánsfjár-áætlun 1979
Fjáröflun, alls	**40 732**	**51 025**
1. Innlend fjáröflun til opinberra framkvæmda		
1.1. Verðbréfaútgáfa ríkissjóðs innanlands	3 100	4 200
1.2. Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé ríkissjóðs	2 746	975
3. Önnur innlend lán	1 826	–
Samtals	7 672	5 175
2. Innlend fjáröflun til fjárfestingarlánasjóða		
2.1. Kaup lífeyrissjóða á bréfum fjárfestingarlánasjóða	6 079	9 365
2.2. Kaup Atvinnuleysistryggingasjóðs á bréfum Byggingarsjóðs ríkisins	786	2 070
2.4. Lán bankakerfis til Framkvæmdasjóðs o. fl.	1 866	1 500
2.5. Skyldusparnaður til Byggingarsjóðs	4 123	2 900
2.6. Skyldusparnaður til Framkvæmdasjóðs	–	2 000
2.7. Annað lánsfé	15	–
Samtals	12 869	17 835
3. Erlend lán		
3.1. Erlend lán vegna opinberra framkvæmda	18 527	22 585
3.2. Erlend lán vegna fjárfestingarlánasjóða	1 664	5 430
Samtals	20 191	28 015

Ráðstöfun lánsfjár, alls	**40 732**	**51 025**
1. Opinberar framkvæmdir		
1.1. Framkvæmdir á A-hluta fjárlaga	4 351	4 750
1.2. Framkvæmdir á B-hluta fjárlaga	9 087	10 980
1.3. Landsvirkjun	6 780[1])	6 500
1.4. Orkubú Vestfjarða	486	465
1.5. Hitaveitur sveitarfélaga	4 236	3 145
1.6. Aðrar opinberar framkvæmdir	1 259	1 920
Samtals	26 199	27 760
2. Fjárfestingarlánasjóðir		
2.1. Framkvæmdasjóður	5 375	13 200
2.2. Íbúðalánasjóðir	6 213	7 325
3.2 Aðrir sjóðir	2 945	2 740
Samtals	14 533	23 265

1) Þar af skammtímalánum breytt í langtímalán 2 730 m.kr., néttólántaka 4 050 m.kr.

Yfirlit þetta sýnir þá lánsfjáröflun sem ríkið hlutast til um vegna opinberra framkvæmda og opinberra fjárestingalánasjóða, með löggjöf, stjórnarvaldsákvörðunum eða samningum, og ráðstöfun þess fjár í meginatriðum. Yfirlitið svarar nánast til frumvarps þess um lántökuheimildir og aðrar lánsfjárráðstafanir sem flutt er samhliða þessari skýrslu, auk lántökuheimilda sem samþykktar voru með fjárlögum. Yfirlitinu er hins vegar ekki ætlað að sýna alla lánastarfsemi fjárfestingalánasjóðanna eða annarra lánastofnana sem fjallað er um hér á eftir.

V

Bankakerfið

Í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að fylgt verði aðhaldsamri stefnu í peningamálum. Þar á meðal verði útlán bankanna og bindiskylda Seðlabankans ákveðin þannig að peningamagn í umferð verði í samræmi við launastefnuna. Þetta markmið hefur verið sett fram í fyrri lánsfjáráætlunum, en af ýmsum ástæðum hefur þessum áformum ekki verið fylgt fram og síðustu árin hefur þróun peningamála að ýmsu leyti verið andsnúin markmiðum um stöðugt verðlag og hallalaus viðskipti við útlönd. Vandamálin, sem við er að etja á þessu sviði, eru einkum tvíþætt. Í fyrsta lagi hefur peningalegur sparnaður farið halloka í baráttunni við eyðsluna vegna ótryggra ávöxtunarkjara peninga. Af þessum sökum hefur staðan gagnvart útlöndum stöðugt versnað og innlán í innlánsstofnunum rýrnað að sama skapi. Í öðru lagi hefur framboð peninga verið mikið og ósveigjanlegt, auk þess sem óheppilegar sveiflur hafa orðið innan hvers árs, t. d. vegna afurðalána og greiðsluafkomu ríkissjóðs.

Þau hagstjórnartæki sem stjórnvöldum eru tiltæk til þess að jafna áhrif sveiflna í hagkerfinu, svo sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins og bindiskylda Seðlabankans, hafa ekki skilað nægilegum árangri. Gagnstætt því sem til var ætlast, að hér mynduðust öflugir sjóðir í góðæri, hafa gjaldeyrisskuldir stöðugt farið vaxandi.

Til þess að náð verði traustari tökum á stjórn efnahagsmála verður stefnan í peningamálum á næstu árum að mótast af þessum vandamálum og miðast við að auka peningalegan sparnað og nýta betur þau hagstjórnartæki sem til þess eru fallin að jafna út óheppilegar sveiflur í framboði peninga, hvort sem þær eru árstíðabundnar eða ná yfir lengri tíma.

Áætlunin um þróun peningamála 1979, sem fram kemur í töfluviðauka, miðast við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að aðhaldi verði beitt á sviði peningamála, sem er mikilvægur hlekkur í viðnámsaðgerðum gegn verðbólgu, og stuðlar þannig að hagstæðari þróun gjaldeyrisviðskipta. Þótt þróun peningamála hafi vissulega áhrif á almenna eftirspurn og peningaþensla geti magnað verðbólgu benda tölfræðilegar rannsóknir hins vegar til þess, að stjórntæki á sviði peningamála séu skjótvirkari í baráttunni við viðskiptahalla en verðbólgu. Til þess að ná tökum á verðbólgunni nú verður því að tryggja að þeir þættir sem ráða framboði peninga á lánamarkaðinum — einkum lánastarfsemi Seðlabankans og útlán innlánsstofnana — samræmist aðgerðum á öðrum sviðum efnahagsmála, sem beitt er í viðnámi gegn verðbólgu, og gagnkvæmt.

Í fjárlögum fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir að ríkissjóður (A-hluti) endurgreiði Seðlabanka 5 099 m. kr. af skuldum sem myndast hafa á síðustu árum. Ennfremur er stefnt að greiðsluafgangi (2 496 m. kr.) á ríkisreikningi. Hér er reiknað með að hann leiði til frekari bata á stöðu ríkissjóðs við Seðlabanka um 1,5 milljarða króna. Þá er reiknað með að stofnanir í B-hluta endurgreiði um 800 m. kr. af eldri skuldum við bankann. Gangi þessar áætlanir eftir munu ríkisfjármálin leggja drjúgan skerf til aðhaldsemi í peningamálum og skapa svigrúm til endurgreiðslu gjaldeyrisskulda.

Stefnt er að því að takmarka aukningu almennra lána innlánsstofnana við tæp 33% og heildarútlán þeirra við rúm 30%. Náist jafnframt fyrrgreint markmið um greiðslujöfnuð ríkissjóðs verður útlánaaukning bankakerfisins í heild aðeins um 20% samanborið við 30-40% síðustu tvö ár.

Svo sem kunnugt er hafa aukin endurkaup síðustu ára ásamt hlutfallslegum samdrætti bundinna innstæðna í Seðlabankanum leitt til peningaþenslu og vaxandi skuldasöfnunar við útlönd. Á 10 ára tímabilinu fram til ársins 1973 voru bundnar innstæður 70-100% hærri en endurkaupin. Frá árinu 1973 hefur þróunin mjög færst til verri vegar og nú um nær tveggja ára skeið hafa endurkaupin verið hærri en bundnar innstæður og fer bilið stöðugt breikkandi. Brýnt er að snúa þessari þróun við en til þess þarf að tryggja eðlilega innlánamyndun, meðal annars til þess að hlutur innlánsstofnana í afurðalánum aukist frá því sem nú er. Dæmið sem sett er fram í töfluviðauka (töflum 14, 15 og 16) er við það miðað að þegar á þessu ári takist að minnka aftur bilið milli endurkaupa og bundinna innstæðna í Seðlabanka.

Spáin um þróun innlána á árinu 1979, sem hér er birt, byggist á þeirri forsendu að það takist að draga verulega úr verðbólgunni og að innlán fari því vaxandi, einkum á þeim reikningum sem njóta vaxta sem næst verðbólgustigi. Takist hins vegar ekki að draga verulega úr verðbólgu er ljóst að tryggja verður sparifjármyndunina með fyllri verðbótum eða hærri vöxtum. Til þess að leggja áherslu á þessi viðhorf er nú gerð skýrari aðgreining en fyrr milli almennra og tímabundinna spariinnlána. Gert er ráð fyrir mestri innlánaaukningu á vaxtaaukareikningum en innstæður á þeim eru bundnar til 3ja eða 12 mánaða. Með fyrirvara um ýmis óvissuatriði er spáð um 25% aukningu peningamagns í þrengri skilningi, þ. e. seðlaveltu og veltiinnlána, en um 31% aukningu almennra spariinnlána og 40% aukningu bundinna spariinnlána, þ. m. t. vaxtaaukainnlán.

Þróun peningamála árið 1978 var um margt ólík því sem að var stefnt í lánsfjáráætlun, enda voru þensluöflin sterkari en reiknað var með í upphafi, auk þess sem stjórnmálaóvissa setti svip sinn á þróunina. Mikil aukning útlána innlánsstofnana endurspeglar aukna rekstrarfjárþörf atvinnuveganna en svo virðist sem útlánaaukningin hafi verið mjög í hátt við almenna verðlagsþróun. Reikningar Seðlabanka sýna einnig að framboð peninga hefur verið mikið allt árið. Á fyrri hluta ársins stafaði það aðallega af árstíðabundinni lánanotkun ríkissjóðs en á síðari hlutanum af miklum gjaldeyriskaupum bankanna í kjölfar greiðlegrar útflutningsverslunar. Afurðalán Seðlabankans jukust tiltölulega hægt á fyrstu mánuðum ársins vegna óvenju mikilla birgða sjávarafurða í ársbyrjun. Verðhækkanir og mikil framleiðsla landbúnaðar-

afurða ollu hins vegar geysilegri aukningu endurkaupanna á seinni hluta ársins. Með hækkun almennra bankavaxta tvívegis á árinu 1977 og í febrúar 1978 var lagður grunnur að meiri innlánamyndun og betra jafnvægi á peningamarkaðinum en verið hefur um árabil. Stjórnmálaóvissa og langur aðdragandi tveggja gengisfellinga olli því hins vegar að aukning innlána lækkaði stig af stigi framan af ári þrátt fyrir mikið peningaframboð sem að framan er lýst. Þessi þróun snerist við á síðasta þriðjungi ársins eða eftir að óvissu á sviði stjórnmála lauk með efnahagsaðgerðum í byrjun september. Áberandi er þó að innlánaaukningin síðustu mánuðina var mest á hlaupareikningum og óbundnum sparifjárreikningum. Bendir það til þess annars vegar að lausafjárstaða fyrirtækja hafi rýmkast um sinn og hins vegar að almenningur bindi síður fé á bankareikningum nú en áður. Reynslan sýnir að slík innlánaaukning getur verið bankakerfinu skammæ í verðbólguástandi. Yfir árið í heild jukust innstæður á sparifjárreikningum með uppsagnarfresti um 63% en almennt sparifé um 44% og veltiinnlán um 36%.

Þegar reynt er að meta árangur af fyrri lánsfjáráætlunum verður að segjast að talsvert hefur á það skort að þróun peningamála hafi verið sveigð inn á þá braut sem æskilegust hefði verið. Engu að síður hefur áætlanagerð — og raunar ekki síður samanburður hennar við raunverulegan árangur — varpað skýrara ljósi á þau vandamál sem við er að etja á þessu sviði. Til viðbótar þeim vandamálum, sem nefnd hafa verið hér að framan, má nefna að ríkisbúskapurinn, sem samkvæmt síðustu lánsfjáráætlunum átti að veita verulegt viðnám gegn lánaþenslu, hefur þvert á móti stuðlað að þenslu, bæði með stöðugri skuldaaukningu ár frá ári og ekki síður með mikilli lánanotkun á fyrri hluta árs. Halli ríkissjóðs framan af árinu stafar af því að útgjöld eru tiltölulega mikil fyrri hluta árs en innheimta tekna er þá yfirleitt minni en á síðari hlutanum. Þessi munur hefur mjög mikil áhrif á þróun peningastærða og veldur þenslu á fyrri hluta árs en hefur samdráttaráhrif á síðustu mánuðum ársins. Ljóst er, eigi að vera unnt að halda peningaþróun innan settra marka í lánsfjáráætlun á ári hverju, að brýnt er að reynt verði að samræma tímaferil útgjalda og tekna ríkissjóðs betur en hingað til, auk þess sem halli ríkissjóðs framan af ári verði í auknum mæli fjármagnaður með innlendum lántökum utan Seðlabanka.

VI

Erlend lán

Við gerð lánsfjáráætlunar undanfarin ár hefur verið stefnt að því að draga úr erlendum lántökum eftir því sem unnt hefur verið á hverjum tíma. Óhætt mun að fullyrða að nokkur árangur hafi orðið af þeirri aðhaldssemi sem sýnd hefur verið þótt lántökur hafi jafnan farið fram úr áætlunum. Á árinu 1977 fóru erlendar lántökur 9 800 m. kr. fram úr áætlun. Nú er áætlað að erlendar lántökur til langs tíma á árinu 1978 verði 34 760 m. kr. en frá þeirri fjárhæð má draga 2 730 m. kr. vegna breytinga á skammtímalánum í lán til langs tíma. Eru því lántökur sambærilegar við spá lánsfjáráætlunar fyrir árið 1978 32 030 m. kr. en það er um 12 000 m. kr. hærra en spáð var.

Þessa miklu aukningu má rekja til meiri fjármagnsþarfar vegna aukinna framkvæmda opinberra aðila, einkum í orkumálum, og hækkunaráhrif gengis- og verðlagsbreytinga sem ekki hefur verið unnt að fjármagna með lánum innanlands. Afborganir af löngum lánum eru áætlaðar nálægt 20 000 m. kr. og verður því raunveruleg nettóaukning langra lána um 12 000 m. kr. Svarar það til 4,8% af áætluðum útflutningstekjum en 2,2% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Þannig hefur hægt á skuldaaukningunni á árinu 1978 miðað við undanfarin ár, bæði að krónutölu og í hlutfalli af útflutningstekjum og þjóðarframleiðslu. Á árinu 1977 varð nettóaukning langra erlendra lána 13,4% af útflutningstekjum en 5,3% af þjóðarframleiðslu. Samsvarandi tölur fyrir 1976 eru 10,4% og 4,2%.

Á árinu 1978 er áætlað að viðskiptajöfnuður við útlönd hafi verið hagstæður um 9 000 m. kr. Er það nálægt 23 milljarða króna bati frá árinu 1977 reiknað á áætluðu meðalgengi 1978. Meginskýringin á þessum bata er sú að birgðir sjávarvöru jukust mjög á árinu 1977 og útflutningur varð því mun minni en framleiðslan. Á árinu 1978 snerist þetta hins vegar við og birgðir minnkuðu, einkum skreiðarbirgðir, og útflutningurinn er því meiri en nemur framleiðslu ársins. Þá varð verulegur samdráttur á innflutningi sérstakra fjárfestingarvara á árinu 1978 vegna miklu minni skipainnflutnings en árið áður. Nettóaukning langra erlendra lána er samkvæmt greiðslujafnaðarspá talin 14 760 m. kr. á árinu 1978 en fjármagnsútstreymi á öðrum fjármagnsliðum er áætlað 9 075 m. kr. Verður þá fjármagnsjöfnuður í heild hagstæður (fjármagnsinnstreymi nettó) um 5 685 m. kr. sem gengur ásamt afgangi á viðskiptajöfnuði til þess að bæta gjaldeyrisstöðu um 14,5 milljarða króna reiknað á meðalviðskiptagengi ársins.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð á það áhersla að stefnt verði að jöfnuði í viðskiptunum við útlönd og dregið verði úr erlendum lántökum. Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 er þessu markmiði fylgt eftir. Brýnt er að halda lántökum á næstu árum innan þess ramma að skuldaaukning verði sem minnst og að greiðslubyrði af lánum geti fremur farið lækkandi en hið gagnstæða. Síðastliðin þrjú ár hefur greiðslubyrði vegna afborgana og vaxta af löngum erlendum lánum verið sem hér segir í hlutfalli af útflutningstekjum: 1975: 14,2%, 1976: 13,8%, 1977: 13,7%. Á árinu 1978 er áætlað að hlutfallið hafi verið nálægt 13,7% og rétt innan við 14% á árinu 1979. Þetta er þyngri greiðslubyrði en æskilegt væri, einkum þegar haft er í huga að verðlag á útflutningi hefur verið mjög hagstætt undanfarin tvö ár og í áætlunum fyrir 1979 er reiknað með að útflutningsverðlag haldist enn hagstætt. Til þess að hægt sé að draga úr erlendum lántökum verður viðskiptajöfnuður við útlönd að vera hallalaus en til þess að skuldir geti farið lækkandi þarf að verða afgangur á viðskiptum við útlönd. Í frumdrögum þjóðhagsspár fyrir árið 1979 er viðskiptajöfnuður talinn verða hagstæður um 2 milljarða króna. Þörfin fyrir erlendar lántökur á næsta ári miðast við endurgreiðslur af eldri lánum að frádregnum afgangi á viðskiptajöfnuði en að viðbættu því sem telja má æskilegan bata á gjaldeyrisstöðu. Endurgreiðslur af löngum lánum eru áætlaðar 25 500 m. kr. á árinu 1979 en auk þess er gert ráð fyrir endurgreiðslu af gjaldeyrisskuldum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að jafnvirði um 8 000 m.kr. Skuldin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er innifalin í gjaldeyrisskuldum bankanna og endurgreiðsla hennar hefur því ekki áhrif á nettógjaldeyrisstöðu en lækkar hins vegar gjaldeyrisforðann, þ. e. gjaldeyriseignina brúttó. Gjaldeyrisforðinn í árslok 1978 er ekki meiri en svo að fremur ber að stefna að aukningu hans en lækkun á árinu 1979. Til þess að ná því marki að halda gjaldeyrisforðanum óbreyttum þarf lækkun á gjaldeyrisskuldum, sem leiðir af endurgreiðslu þeirra, að koma fram í bata á gjaldeyrisstöðunni nettó. Samkvæmt framangreindum greiðslujafnaðarsjónarmiðum er ný lántökuþörf á árinu 1979 áætluð um 31 500 m. kr. og má líta á það sem lágmark enda ýmsar stuttar fjármagnshreyfingar óvissu háðar.

Heildarupphæð innkominna langra erlendra lána er áætluð 38 950 m. kr. en það er áætluð fjárþörf vegna fyrirhugaðra framkvæmda á árinu 1979 umfram það fé sem aflað verður innanlands. Auk lántöku til að mæta þessum þörfum verður aflað heimildar til að breyta tiltölulega stuttum lánum í lengri lán án þess að slík lánabreyting hafi áhrif á heildarstöðu erlendra skulda. Eins og að framan segir eru afborganir af löngum erlendum lánum áætlaðar 25 500 m. kr. og nettóaukning þeirra því 13 450 m. kr. Þetta eru lægri lántökur og minni nettóaukning lána en undanfarin ár. Á árinu 1979 munu áætlaðar nettólántökur nema 4% af útflutningstekjum og 1,8% af vergri þjóðarframleiðslu en samsvarandi tölur fyrir árið 1978 eru 4,8% og 2,2%. Í heild er áætlað að fjármagnsjöfnuður verði hagstæður (fjármagnsinnstreymi nettó) um 10 milljarða króna á árinu 1979 og gengur það ásamt hagstæðum viðskiptajöfnuði til þess að bæta gjaldeyrisstöðuna um 12 milljarða króna.

Hér á eftir er sýnd sundurliðun á fyrirhuguðum erlendum lántökum opinberra aðila 1979:

	Millj. kr.	
A-hluti fjárlaga		
Vegagerð	930	
Landshafnir	150	
Flugöryggistæki	200	
Hafnargerð á Grundartanga	230	
Hlutafjárframlag til Íslenska járnblendifélagsins hf.	600	
		2110
B-hluti fjárlaga		
Vegna flugvélakaupa flugmálastjórnar	160	
RARIK, almennar framkvæmdir	1957	
Bessastaðaárvirkjun	600	
Sveitarafvæðing	200	
Byggðalínur	2 207	
Kröfluvirkjun	270	
Jarðvarmaveitur ríkisins vegna Kísiliðju	250	
Jarðboranir ríkisins vegna steypudælu	200	
Orkusjóður vegna Orkubús Vestfjarða	360	
Orkusjóður vegna styrkingar dreifikerfa í sveitum	225	
Póstur og sími vegna jarðstöðvar	1 260	
Póstur og sími vegna vörukaupalána	400	
Endurlán vegna Grundartangahafnar	176	
Lyfjaverslun ríkisins vegna tækjakaupa	180	
		8 445
A- og B-hluti fjárlaga samtals		10 555
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs		
Landsvirkjun	6 500	
Orkubú Vestfjarða	465	
		6 965
Bæjar- og sveitarfélög		
Hitaveitur	3 145	
Rafmagnsveita Reykjavíkur	680	
Reykjavíkurhöfn	340	
Annað	900	
		5 065
Opinberir aðilar, alls		22 585

Á árinu 1978 tók Fiskveiðasjóður lán að fjárhæð 1 252 m. kr. og lántaka Framkvæmdasjóðs vegna fjárfestingarlánasjóða nam 426 m. kr. Er því áætlað að lántökur lánastofnana nemi samtals 1 678 m. kr. á árinu 1978. Á árinu 1979 er áætlað að Framkvæmdasjóður taki 3 950 m. kr. erlend lán og Byggðasjóður 1 480 m. kr. lán vegna vaxta og afborgana af byggðalínum. Erlendar lántökur lánastofnana eru því áætlaðar samtals 5 430 m. kr. 1979.

Lántökur vegna atvinnufyrirtækja eru áætlaðar 10 935 m. kr. á árinu 1979 og sýnir eftirfarandi yfirlit sundurliðun á helstu liði:

		Millj. kr.
Járnblendiverksmiðja		3 900
Skip og flugvélar		
Fiskiskip	3 000	
Önnur skip	2 100	
Flugvélar	100	
		5 200
Vélar og tæki		1 000
Ýmislegt ófyrirséð		835
Samtals		10 935

VII

Lánsfjármarkaðurinn

Í undanfarandi köflum um bankakerfið, fjárfestingarlánasjóði og opinberar og erlendar lántökur hefur verið gerð grein fyrir svo að segja allri notkun lánsfjár í þjóðarbúskapnum. Hver þessara meginþátta er metinn út frá sínum sérstöku viðmiðunum. Heildaryfirsýn fæst þó ekki yfir lánsfjármarkaðinn né notkun einstakra megingreina þjóðarbúskaparins á lánsfé, bæði til rekstrar og fjárfestingar, nema allir þessir þættir séu dregnir saman í heildarmynd. Þetta er gert í sérstökum töflukafla V um lánsfjármarkaðinn (töflur 19-22) þar sem sýnd eru samskipti lánveitenda og lánþega á markaði lánsfjár til endanlegra nota. Eru öll lánsviðskiptin færð í formi nettóhreyfinga hliðstætt hreyfingum bankakerfisins. Afborganir fastra lána eru dregnar frá samsvarandi lánveitingum, gagnstætt því sem gert er í hinum sérstöku köflum um fjárfestingarlán sem þar eru talin brúttó án frádráttar afborgana. Yfirlit lánsfjármarkaðarins sýnir þannig nettóstrauma lánsfjár milli megingreinanna, einkum frá lánastofnunum og erlendum aðilum til atvinnurekstrar og framkvæmdaaðila.

Túlkun svo samsettrar stærðar er að sjálfsögðu erfiðleikum bundin, einkum í verðbólguþróun, þar sem fjárstraumarnir eru ólíks eðlis og verðbólguáhrifin koma misjafnlega fram. Peningastærðir bankakerfisins eru starfstæki athafnalífsins og velta ört með skilum lána og endurnýjun í nýjum lánum. Aukningar þeirra, þ. e. nettóhreyfingar, eru því gjarnan metnar að tiltölu við fyrri heildarstofn sömu stærða. Fjárfestingarlánin hafa hins vegar fremur gildi fjárstrauma á móti þeim straumum raunverðmæta, þ. e. efnis, vinnu o. þ. h., sem ganga til fjárfestingar. Mat þeirra að tiltölu við stofnstærðir á því síður við nema jafnframt sé gerður samanburður við efnislegan þjóðarauð og verðbólguáhrif á fyrri lánastofna jafnframt tekin til meðferðar. Verður því hér stuðst eingöngu við samanburð þeirra nettóhreyfinga sem töflurnar fela í sér.

Lánsfjáráætlanir undanfarinna ára hafa falið í sér ásetning um strangt aðhald að lánsfjármarkaði. Í reynd hefur þó verið farið fram úr settu marki um lántökur.

Þannig var gert ráð fyrir því í lánsfjáráætlun 1978 að opinberir aðilar gætu fært nettóþörf sína fyrir nýtt lánsfé niður í tæpan þriðjung miðað við fyrra ár. Niðurstaðan hefur hins vegar orðið aukning um 40%. Lánsfjárþarfir atvinnulífsins og íbúðabyggjenda eru hins vegar mun jafnari og aukning þeirra sömuleiðis. Lánsfjárþörf þessara aðila var metin tiltölulega nærri réttu lagi í lánsfjáráætlun 1978, atvinnufyrirtækja 37,8 milljarðar króna nettó og varð sama fjárhæð, íbúðaeigenda 18,8 milljarðar króna og varð 24,1 milljarður. Endurskoðun ársins 1977 til verulegrar hækkunar olli hins vegar því að hlutfallsaukning lánastreymis til einkaaðila reyndist minni en spáð var, eða 28% til samanburðar við 43% samkvæmt spá. Þetta er þó háð fyrirvörum, m. a. um óvissar bráðabirgðatölur um stutt erlend lán árið 1978.

Heildarniðurstaðan af þessu varð sú að nettóframboð lánsfjár varð 90,2 milljarðar króna á árinu 1978 til samanburðar við 64,2 milljarða samkvæmt lánsfjáráætlun ársins og aukningin frá fyrra ári telst 31% í stað 11% samkvæmt áætlun. Þessi aukning stendur þó verðbólgustiginu verulega að baki og er innan við helming samsvarandi hlutfalls aukningar árið áður, en þá hafði lánsfjáráætlun þó fremur stefnt til samdráttar en aukningar.

Á hlið lánveitenda er aukning nettólánveitinga af hendi innlendra aðila árið 1978 metin 85 milljarðar króna, eða hækkun frá fyrra ári um 50%. Féll það æði nærri áætlaðri verðmætisaukningu þjóðarframleiðslu, um 49% í krónum talið, en var að sjálfsögðu ekki til þess fallið að lægja vind verðbólgunnar enda er hækkun þessa liðar frá lánsfjáráætlun nánast 30 milljarðar króna. Bankar og fjárfestingarlánasjóðir eiga svo að segja jafnan hlut að þessari aukningu. Í því sambandi ber að hafa í huga hina örðugu afkomu atvinnurekstrar og mikla fjárbindingu í birgðum á árinu.

Fjármagnshreyfingar gagnvart útlöndum voru samdráttarþáttur á árinu að tiltölu við fyrra ár. Það gildir þó aðeins í mjög litlum mæli um löng erlend lán, sem skýrari þýðingu hafa í þessu sambandi, með samdrátt nettóhreyfinga um 14%. Útstreymi á stuttum fjármagnshreyfingum er hins vegar í senn óviss liður og varðar ekki að öllu leyti bein skuldaskipti við erlenda aðila.

Í ljósi þessarar reynslu af framkvæmd undangenginna lánsfjáráætlana verður að undirstrika nauðsyn þess að halda fastar við upphafleg markmið en gert hefur verið. Ásetningur stjórnvalda um aðhald kemur skýrt fram í markmiðum lánsfjáráætlunar fyrir 1979. Þannig er stefnt að því að nettóframboð lánsfjár sjatni lítið eitt á heildina litið, þrátt fyrir mun hærra verðlag en að ársmeðaltali 1978, og verði 87,6 milljarðar króna til samanburðar við 90,2 milljarða 1978. Að því er varðar opinbera aðila er áætluð breyting svipuð og áður, lækkun nettólántöku um 58%, en þeirri breytingu er að miklu leyti ætlað að ná með endurgreiðslum lausaskulda ríkissjóðs sem fyrir löngu er tímabært orðið að grynna verulega á. Að auki er nú áformað að halda fastar að lánastreymi til einkaaðila, sem mun aukast um aðeins 18,5% nettó, um 15% til atvinnufyrirtækja sérstaklega.

Á upprunahlið er gert ráð fyrir nánast óbreyttu lánsfjárstreymi bæði af innlendum og erlendum uppruna. Það gildir sérstaklega um innlánsstofnanir að gert er ráð fyrir mjög lítilli hækkun nettófjárhæðar frá þeim til endanlegra lánþega, tæpum 42 milljörðum króna í samanburði við 38,7 milljarða 1978. Vert er hins vegar að benda á að í samhengi peningamála kemur þessi fjárhæð fram sem 30,5% útlánaaukning að tiltölu við lánastofn í ársbyrjun, í samanburði við tæplega 40,0% aukningu 1978. Áætluð bein minnkun nettólánveitinga frá bankakerfinu er auk þessa aðhalds niðurstaða af áformuðum og samningsbundum endurgreiðslum ríkisskulda sem Seðlabankinn hefur milligöngu um.

VIII

Fjárfesting

Í spá Þjóðhagsstofnunar sem sett var fram í desembermánuði síðastliðnum var gert ráð fyrir 9—10% samdrætti í fjárfestingu á þessu ári. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni er hins vegar gert ráð fyrir nokkru meiri fjárfestingarumsvifum eins og áður hefur verið rakið — einkum af atvinnuöryggisástæðum og eins af því að nú liggur fyrir betri vitneskja um framkvæmdaáform en haustið 1978. Samdrátturinn yrði því minni, eða um 7% að raungildi frá fyrra ári. Á forsendu þessarar áætlunar er þannig talið að á þessu ári verði rösklega 182 milljörðum króna varið til fjárfestingar. Verðlag fjármunamyndunarinnar er talið verða um 34% hærra en 1978 og hækkun byggingarkostnaðar innanlands og erlendra þátta fjárfestingarinnar er talin verða mjög áþekk.

Í lánsfjáráætlun síðasta árs var reiknað með að fjárfestingin í heild drægist saman um 3% að raunvirði og næmi um 26% af þjóðarframleiðslu ársins. Samkvæmt þjóðhagsspá fyrir árið 1978 eru nú horfur á nokkru meiri samdrætti, eða tæplega 4%, sem er heldur meira en ætlað var í fyrstu spám. Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu yrði fjárfestingin 1978 tæplega 27% samanborið við 28½% 1977, um 30% 1976 og 33—34% 1974—1975. Á þessu ári er gert ráð fyrir að þetta hlutfall lækki niður fyrir fjórðung af þjóðarframleiðslu. Lögð er rík áhersla á að halda fjárfestingarútgjöldum í skefjum, enda ljóst að hin mikla fjárfesting undangengin ár hefur átt töluverðan þátt í verðbólguþróuninni.

Í spánni fyrir árið 1979 er reiknað með að fjárfestingin dragist saman í nær öllum greinum, eða standi í stað hið mesta. Hvað stórframkvæmdir varðar er reiknað með að dregið verði úr fyrirhuguðum framkvæmdum við Hrauneyjafossvirkjun á þessu ári frá því sem áformað var og að til þeirra verði varið rétt innan við 5 milljörðum króna. Framkvæmdir við járnblendiverksmiðjuna að Grundartanga eru taldar dragast saman um nær tvo þriðju miðað við síðasta ár. Er framkvæmdakostnaður við verksmiðjuna áætlaður 5,0 milljarðar á árinu eða talsvert minna en ætlað var í desemberspánni þar sem járnblendifélagið hefur með samkomulagi við ríkisstjórnina ákveðið að hægja nokkuð á framkvæmdahraða við verksmiðjuna á þessu ári og fresta þeim að hluta fram til ársins 1980. Gert er ráð fyrir innflutningi skipa og flugvéla að verðmæti 7,4 milljarðar króna en það felur í sér rösklega þriðjungs samdrátt að raunvirði frá síðasta ári, samanborið við meira en helmings samdrátt í fyrra. Þessar tölur þarf þó að skoða með nokkrum fyrirvara þar sem líkur benda til að innflutningur skipa 1978 hafi verið nokkru minni en hér er gert ráð fyrir, en endanlegar tölur liggja ekki enn fyrir. Fyrirhuguðum framkvæmdum við lengingu kerskála í álverinu verður væntanlega að hluta frestað fram til ársins 1980 samkvæmt tilmælum ríkisstjórnarinnar. Þessar ákvarðanir um framkvæmdahraða við stóriðjuverin eru til þess ætlaðar að framkvæmdirnar valdi ekki óeðlilegri röskun innanlands, þó þannig að fullt tillit sé tekið til atvinnuástands og gjaldeyrisöflunar.

Gert er ráð fyrir að fjárfesting í öðrum atvinnuvegum dragist saman um 8% á þessu ári samanborið við rösklega 9% samdrátt á síðasta ári.

Yfirlit yfir fjármunamyndun 1977—1979

	Verðlag hvers árs í milljörðum króna			Magnbreytingar frá fyrra ári,%		
	1977	1978	1979	1977	1978	1979
Fjármunamyndun alls	**103,7**	**145,9**	**182,2**	**7,5**	**−3,7**	**−6,8**
1. Atvinnuvegir	44,4	66,7	79,3	36,7	2,4	−11,3
2. Íbúðarhús	22,0	32,6	43,6	0	2,0	0
3. Opinberar framkvæmdir	37,3	46,6	59,3	−16,0	−14,3	−5,0
4. Hlutfall fjármunamyndunar af þjóðarframleiðslu	28,5%	26,7%	24,9%	·	·	·
—m. v. að framkvæmdir álvers séu meðtaldar að hálfu	–	–	24,5%			

Þannig er gert ráð fyrir áframhaldandi samdrætti fjárfestingar í landbúnaði, og auk þess nokkrum samdrætti í byggingu verslunar- og skrifstofuhúsnæðis. Á hinn bóginn felur þessi áætlun í sér að fé er beint til framkvæmda í fiskvinnslu og iðnaði, fyrst og fremst til þess að bæta tæknibúnað og framleiðni í þessum atvinnugreinum.

Fjárfesting í íbúðarhúsum er hins vegar talin verða svipuð á þessu ári og í fyrra.

Í forsendum áætlunarinnar er gert ráð fyrir að opinberar framkvæmdir dragist saman um 5% á þessu ári, samanborið við rösklega 14% samdrátt í fyrra. Áætlað er að raforku-

framkvæmdir dragist saman um tæplega 3% en í heild er reiknað með að til þeirra framkvæmda verði varið tæplega 18 milljörðum króna. Framkvæmdir við hita- og vatnsveitur hafa verið mjög miklar nokkur undangengin ár og náðu hámarki 1977, en hafa síðan dregist nokkuð saman. Á þessu ári er áætlað að til þessara framkvæmda verði varið rúmlega 9 milljörðum, sem felur í sér nær 14% samdrátt frá fyrra ári, enda er ýmsum meiri háttar áföngum í hitaveitum ýmist lokið eða um það bil að ljúka. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við samgöngumannvirki dragist lítilsháttar saman, eða um rúmlega 1% á þessu ári. Reiknað er með að framkvæmdir við vegi og brýr verði svipaðar og í fyrra, en til samgönguframkvæmda teljast, auk vega- og brúargerðar, lagning gatna og holræsa, framkvæmdir við hafnir og vita, flugvelli, síma og dreifikerfi útvarps og sjónvarps, en áætlanir um þessa liði eru settar fram í töflum 3 og 32 í töfluviðauka. Alls er áformað að verja rúmlega 20 milljörðum króna til samgönguframkvæmda á árinu. Loks er gert ráð fyrir 7—8% samdrætti að raunvirði í byggingum hins opinbera og að til þeirra verði varið tæplega 12 milljörðum króna.

Í áætlun þessari er reiknað með að sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga dragist talsvert saman á þessu ári, eða um 8—9%, og að til þeirra verði varið tæplega 10 milljörðum króna. Ennfremur er gert ráð fyrir samdrætti í framkvæmdum á vegum sveitarfélaganna einna, sem nemur 6—7% frá fyrra ári, en til þessara framkvæmda er áformað að verja nær 20 milljörðum króna á þessu ári. Loks er reiknað með samdrætti í hreinum ríkisframkvæmdum, eða um 2—3% frá því sem var 1978. Til hreinna ríkisframkvæmda er áformað að verja rúmlega 29 milljörðum króna. Áætlanir um þessa liði er að finna í töflu 30 í töfluviðauka.

IX

Fjármögnun

Í töflukafla VI í töfluviðauka (töflum 23—29) er allri fjármögnun stillt upp á móti allri fjárfestingu, eftir því sem heimildir gera kleift. Birgðabreytingar eiga að teljast með í fjárfestingu en sökum skorts á heimildum eru aðeins taldar breytingar útflutningsvörubirgða, búvöru og bústofns. Á móti því er á fjármögnunarhlið stillt allri lánsfjármögnun, einnig skammtímalánum út á birgðir, viðskiptakröfur o.þ.h. Kemur þannig fram misræmi, sem gerir eigin sparnað atvinnurekstrarins minni en efni standa til, en raunar er geiri atvinnurekstrarins hér í blandi við einstaklinga og heimili, einnig sökum skorts á heimildum. Til þess að sneiða hjá þessum vanköntum verður reynt að lýsa hér einungis fjármögnun fjármunamyndunar í föstum verðmætum, en undir það efni falla allir kaflar lánsfjáráætlunarinnar aðrir en bankakerfið, sem að mestu snýr að rekstrarfjármögnun.

Heildaryfirlit fjárfestingar og fjármögnunar (tafla 23) felur þó ekki í sér neinar lánahreyfingar, aðrar en þær sem speglast í viðskiptajöfnuði við útlönd, heldur stillir saman fjármunamyndun og sparnaði hvers geira. Sparnaðurinn er þó vanmetinn, einkum á vegum einkaaðila, sem svarar vantali birgðabreytinga. Hlutfallsleg skipting fjármunamyndunarinnar breytist lítið árin 1977—1979, svo sem eftirfarandi yfirlit sýnir, þó með talsverðri breytingu milli ríkisins og atvinnuvega árið 1978, sem gangi að nokkru til baka á þessu ári og víki um leið fyrir hlutfallsaukningu íbúðabyggina.

	1977	1978	1979
Fjármunamyndun, alls	**100,0**	**100,0**	**100,0**
Opinberir aðilar	**36,0**	**31,9**	**32,5**
Ríki	22,5	19,3	20,6
Sveitarfélög	13,5	12,6	11,9
Einkaaðilar	**64,0**	**68,1**	**67,5**
Atvinnuvegir	42,8	45,7	43,5
Íbúðabyggingar	21,2	22,3	23,9

Sparnaðarhlutföllin eru áþekk skiptingu fjármunamyndunarinnar, þó svo að sveitarfélög spara verulega minna en þau fjárfesta, en ríki og einkaaðilar á hinn bóginn meira.

	1977	1978	1979
Innlendur sparnaður, alls	**100,0**	**100,0**	**100,0**
Opinberir aðilar	**31,0**	**26,4**	**38,0**
Ríki	23,7	20,0	23,8
Sveitarfélög	7,3	6,4	9,2
Einkaaðilar	**69,0**	**73,6**	**62,0**

Mikil umskipti eru áætluð á þessu ári í þá átt að hið opinbera, og þá einkum ríkið, eigi meiri hlut að sparnaðinum og einkaaðilar að sama skapi minni, en á heildina litið verði sparnaður umfram fjárfestingu svo að viðskiptaafgangur náist út á við. Stendur aukinn áætlaður sparnaður ríkisins einkum í sambandi við áformaðar skuldagreiðslur við Seðlabankann, sbr. kaflann um bankakerfið. Það er hins vegar engin nýlunda að sparnaður hins opinbera sé áætlaður svo mikill. Þannig var sparnaður ríkisins áætlaður fyrirfram 31,7% af heild 1977 og 32,7% 1978 en sparnaður einkaaðila aftur á móti 57,6% og 58,5% sömu ár. Aukin útgjöld ríkissjóðs af völdum verðbólgu annars vegar og verðbólguhagnaður einkaaðila hins vegar hafa svo leitt til þeirrar niðurstöðu er að framan greinir. Er því þörf meiri festu en fram til þessa eigi markmið lánsfjáráætlunar í þessu tilliti að nást.

Lánsfjármögnun má ýmist skoða brúttó, þ. e. til þeirra aðila sem standa í framkvæmdum, án frádráttar afborgana úr sömu greinum eða geirum, eða nettó, þ.e. að þeim frádregnum. Meginstofn lánsfjármögnunar fjármunamyndunar eru hin eiginlegu **fjárfestingarlán,** sem rakin eru í köflum um opinberar lántökur, fjárfestingarlánasjóði og erlend lán, og eru þar talin brúttó, og ennfremur lán lífeyrissjóða til sjóðfélaga sem teljast verða ganga til íbúðabygginga þótt það sé ekki að fullu öruggt. Við þau lán má bæta nettóaukningu stuttra lána innlánsstofnana til einstaklinga, sem teljast ganga til íbúðabygginga, og lítils háttar lánaaukningu sjóða á vegum ríkisins til atvinnuvega og sveitarfélaga. Fæst þá fram **lánsfjármögnun** alls til fjárfestingar, og er að nokkru á nettógrundvelli. Við það má enn bæta beinum fjárfestingarstyrkjum til landbúnaðar og stofnfjármagni frá útlöndum til stóriðjufyrirtækja. Fæst þá það sem kalla má **aðfengið fjármagn** alls. Þessar heildarstærðir líta þannig út, svo sem þær eiga við fjármunamyndunina í heild, ásamt skiptingu alls aðfengins fjármagns á megingreinarnar, í milljónum króna, svo og hlutföll þessara lánsfjárstærða af samsvarandi fjármunamyndun. Tölurnar gilda jafnframt um lánsfjármögnun íbúðabygginga og opinberra framkvæmda sem eru sömu stærðir og aðfengin fjármögnun.

	1977	1978	1979
Fjárfestingarlán, brúttó	58 815	83 450	94 250
Lánsfjármögnun, alls	63 335	90 880	100 320
Aðfengin fjármögnun, alls	65 595	93 620	105 085
— Atvinnuvegir	26 400	36 895	38 815
— Íbúðabyggingar	17 395	27 105	34 610
— Opinberar framkvæmdir	21 800	29 620	31 660

Hlutföll af samsvarandi fjármunamyndun %:			
Fjárfestingarlán, brúttó	56,7	57,2	51,7
Lánsfjármögnun, alls	61,0	62,3	55,0
Aðfengin fjármögnun, alls:	63,2	64,2	57,7
— Atvinnuvegir	59,4	55,5	48,9
— Íbúðabyggingar	79,0	83,2	79,3
— Opinberar framkvæmdir	58,4	63,6	53,4

Lánsfjármögnun, eða aðfengin fjármögnun yfirleitt, nemur hærra hlutfalli en menn munu almennt gera sér grein fyrir. Þetta á einkum við um íbúðabyggingar, þar sem fjárfestingarlán hafa náð um tveim þriðju fjármunamyndunar eða öll lánsfjármögnun um fjórum fimmtu, og um opinberar framkvæmdir, sem náð hafa allt að 65% lánsfjármögnun miðað við fjármunamyndun, en meginþungi fjármögnunar mun þar fyrr meir hafa fallið á beinar fjárveitingar hins opinbera. Að því er íbúðabyggingar varðar mun þó nokkur hluti lífeyrissjóðalána og aukningar bankalána ekki nýtast til nýrra íbúðabygginga né heldur lán Byggingarsjóðs ríkisins út á eldri íbúðir. Hér er þó á heildina litið komið nálægt því marki lánsfjármögnunar sem talið hefur verið æskilegt og félagsleg fyrirgreiðsla við miðuð. Að því er varðar opinberar framkvæmdir mun tiltöluleg aukning á þeim framkvæmdum hins opinbera sem rekin eru í fyrirtækjaformi, einkum í orkubúskapnum, valda miklu um lánsfjármögnun og í sumum greinum mun hún hafa verið sótt fastar en fyrrum þótti hæfa.

Atvinnuvegirnir eiga þannig ekki kost meiri lánsfjármögnunar heldur en opinberir aðilar. Til atvinnuveganna berst einkum lánsfé vegna fjárfestingar eftir tveim leiðum: um fjárfestingarlánasjóði og með lántökum beint frá útlöndum. Út á þær atvinnuvegaframkvæmdir, sem aðgang eiga að fjárfestingarlánasjóðum, var að meðaltali lánað um 46% fjármunamyndunar árið 1978 og er þá sleppt innfluttum fiskiskipum sem eru tilefni erlendrar lántöku við innflutning þeirra. Hlutfall almenns iðnaðar reyndist 40%, vinnslustöðva sjávarútvegs 43% og vinnslustöðva landbúnaðar 44%. Fiskveiðar nutu mun hærra hlutfalls, 73%, en út á innlenda nýsmíði fiskiskipa telst hafa verið lánað 76% af verðmæti. Neðan meðaltalsins eru hins vegar landbúnaður með 22% lán miðað við heildarfjármunamyndun, en bein framkvæmdaframlög bæta það upp í u.þ.b. 40%, og ennfremur verslunar-, skrifstofu- og gistihús o.þ.h., einnig með 22% lánveitingar að tiltölu við framkvæmdir. Báðir þessir síðast töldu flokkar eru þó rúmt skilgreindir í fjármunamyndunarskýrslum og verkar það til lægra lánahlutfalls en ella.

Þær atvinnugreinar sem heimild hafa til þess að leita á erlendan lánamarkað njóta við það oft rýmri lánsmöguleika en almennt gilda hjá fjárfestingarlánasjóðum, enda oft um stórar og kostnaðarsamar fjárfestingar að ræða. Lán út á flutningaskip og flugvélar nema almennt um 70% og út á fiskiskip 50%, nýlega breytt úr 67%. Lánshlutfall út á vinnuvélar og flutninga- og almenningsbifreiðar getur einnig numið 67% af innflutningsverði en sökum tolla og annars innlends kostnaðar nema lánin langtum lægra hlutfalli heildarkostnaðar. Þau lán eru einnig stytst, yfirleitt þriggja ára, en flugvélalán t.d. 5 ára og skipalán almennt til 7 ára. Þannig eru hin erlendu lán til einkaaðila yfirleitt fremur stutt, svarandi að talsverðu leyti til endingartíma tækjanna og eðlilegs endurheimtutíma verðmætis þeirra. Aðeins í tilviki innfluttra fiskiskipa taka innlend fjárfestingarsjóðslán við af hinum erlendu, til lengingar upp í 15 ár alls.

Með framkvæmda- og lánsfjáráætlun 1979 er stefnt til talsverðrar lækkunar á lánshlutfalli atvinnuvega og opinberra framkvæmda, og þar með heildarinnar. Ber þetta með sér strangara aðhald að fjárfestingu en fram kemur í áætlaðri lækkun fjárfestingarinnar. Frá þessu eru þó veigamiklar undantekningar, að því er varðar verulega aukin lán til hagræðingar og tæknibúnaðar í fiskvinnslu, fyrirgreiðslu við innlenda skipasmíði o.fl., svo sem fyrr er frá greint. Almennt verður kostað kapps um að fyrirbyggja að áætlunin fari úr böndunum.

Lánsfjármögnunina má einnig skoða nettó, svo sem gert er í töflum 24—29 um fjárfestingu og fjármögnun og fjárflæði milli stofnana eða geira. Þar er til meðferðar nettóbreyting fjárstærðanna milli áramóta svo að afborganir og hvers konar mótvægar hreyfingar koma inn í

myndina. Við þetta kemur sérstaklega sterkt fram sú lækkun lánsfjármögnunar 1979 sem áður er að vikið, einkum að því er tekur til ríkis og sveitarfélaga. Séu nettólánveitingar ríkis dregnar frá nettólántökum koma fram eftirfarandi nettólántökuhlutföll miðað við fjármunamyndun.

	1977	1978	1979
Nettólántökuhlutfall ríkis, %	43,1	51,4	11,6
Nettólántökuhlutfall sveitarfélaga, %	40,7	40,1	15,2
Nettólántökuhlutfall opinberra framkvæmda, alls %	42,2	46,9	12,9
Brúttólántökuhlutfall opinberra framkvæmda, alls %	58,4	63,6	53,4

Hér valda áætlaðar skuldagreiðslur og stöðubati ríkissjóðs mjög miklu um stórlækkað nettólántökuhlutfall ríkisins. Á vegum sveitarfélaganna munar hins vegar mestu um minni erlendar lántökur samfara auknum afborgunum. Samvegið nettóhlutfall opinberra framkvæmda hélst hátt, um 72—74% af brúttóhlutfalli árin 1977—1978, en á fyrir sér að falla mjög á þessu ári og svarar þá til 24% af brúttóhlutfalli.

Yfirlit um fjármögnun á vegum einkaaðila (tafla 26) sýnir mun blandaðri mynd. Sökum þeirra annmarka, sem greint er frá í upphafi þessa kafla, er æskilegast að hreinsa brott þá liði sem einstaklingar eiga persónulega eða fyrirtæki eiga eða skulda vegna rekstrar, þ.e. lánveitingar og innstæður, seðlar og mynt, lán frá innlánsstofnunum önnur en til íbúðabyggjenda, fjármagnshreyfingar gagnvart útlöndum vegna rekstrar og stutt erlend lán. Stendur þá eftir nettófjármögnun, sem í aðaldráttum varðar fjármunamyndun **einkaaðila,** þ.e. framkvæmdir atvinnuvega og íbúðabyggingar til samans:

	1977	1978	1979
Nettólántökuhlutfall %	46,3	43,0	37,7
Fjármagnstilfærslur og erlent stofnfé %	3,4	2,8	3,9
Hlutfall aðfenginnar fjármögnunar nettó %	49,7	45,8	41,6
Hlutfall aðfenginnar fjármögnunar brúttó %	65,9	64,5	59,7

Eins og í tilviki opinberra framkvæmda hér að ofan virðast nettóhlutföllin fremur há, þ.e. um 70—75% af samvegnu hlutfalli aðfenginnar brúttófjármögnunar atvinnuvega og íbúðabygginga. Mun þetta háa hlutfall m.a. skýrast af því hve mjög afborganir rýrna að gildi í verðbólguþróun. Bæði hlutföllin sýna áberandi lækkun milli áranna og stafar það einkum af lækkuðu lánshlutfalli atvinnuveganna, er samkvæmt hlutfalli fjármunamyndunar mun vega nálægt tveim þriðju. Nettóhlutfallið lækkar þó mun meira og bendir það til hlutfallslegrar þyngingar afborgana.

Hér fer á eftir heildaryfirlit yfir lánsfjármögnun fjármunamyndunar á brúttógrundvelli.

Lánsfjármögnun fjármunamyndunar

	1977	1978	1979
Fjármunamyndun alls:	**103 750**	**145 900**	**182 237**
Atvinnuvegir	44 430	66 730	79 300
Íbúðabyggingar	22 020	32 570	43 640
Opinberar framkvæmdir	37 300	46 600	59 297
Lánsfjármögnun:			
I Atvinnuvegir:	**24 142**	**34 159**	**34 047**
Fjárfestingarlánasjóðir	12 686	18 534	22 424
Erlendar lántökur	10 795	14 555	10 935
Fjárfestingarlán, brúttó	23 481	33 089	33 359
Ríki, nettó	641	1 040	648
Lífeyrissjóðir, nettó	20	30	40
(+Fjármagnstilfærslur frá ríki	1 227	1 537	1 766)
(+Stofnfjármagn frá útlöndum	1 030	1 200	3 000)
(=Aðfengin fjármögnun, alls	26 399	36 896	38 813)

II Íbúðabyggingar:	**17 396**	**27 103**	**34 610**
Fjárfestingarlánasjóðir	6 557	9 711	12 925
Lífeyrissjóðir	8 024	12 369	16 685
Fjárfestingarlán, brúttó	14 581	22 080	29 610
Innlánsstofnanir, nettó	2 815	5 023	5 000
III Opinberar framkvæmdir:	**21 798**	**29 618**	**31 662**
Bein lánsfjármögnun	18 972	26 199	27 760
Fjárfestingarlánasjóðir	(1 781)	2 080	3 522
Fjárfestingarlán, brúttó	20 753	28 279	31 282
Ríkið (sjóðir) til sveitarfélaga, nettó	1 045	1 339	380
Samtals:			
Fjárfestingarlán, brúttó	58 815	83 448	94 251
Lánsfjármögnun, alls	63 336	90 880	100 319
Aðfengin fjármögnun, alls	65 593	93 617	105 085
Hlutföll af fjármunamyndun %:			
Fjármunamyndun, alls:			
Fjárfestingarlán, brúttó	56,7	57,2	51,7
Lánsfjármögnun, alls	61,0	62,3	55,0
Aðfengin fjármögnun, alls	63,2	64,2	57,7
Atvinnuvegir:			
Fjárfestingarlán, brúttó	52,8	49,6	42,1
Lánsfjármögnun, alls	54,3	51,2	42,9
Aðfengin fjármögnun, alls	59,4	55,3	48,9
Íbúðabyggingar:			
Fjárfestingarlán, brúttó	66,2	67,8	67,9
Lánsfjármögnun, alls	79,0	83,2	79,3
Opinberar framkvæmdir:			
Fjárfestingarlán, brúttó	55,6	60,7	52,8
Lánsfjármögnun, alls	58,4	63,6	53,4

X

Töfluviðauki

I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

Tafla 1 Raforku- og rafveituframkvæmdir
Tafla 2 Hita- og vatnsveituframkvæmdir
Tafla 3 Samgönguframkvæmdir
Tafla 4 Opinberar byggingar og lánsfjáröflun til sérstakra verkefna
Tafla 5 Lánsfjárþörf opinberra aðila og fjármögnun hennar 1977—1979
Tafla 6 Almennar framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins 1979
Tafla 7 Framkvæmdir við byggðalínur 1979
Tafla 8 Framkvæmdir Orkubús Vestfjarða 1979

II Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 9 Útlán fjárfestingarlánasjóða 1977—1979
Tafla 10 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Lánsfjáráætlun 1979
Tafla 11 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Bráðabirgðayfirlit 1978

Tafla 12 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Greiðsluyfirlit 1977
Tafla 13 Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða 1977—1979

III Peningamál
Tafla 14 Bankakerfið 1977—1979
Tafla 15 Seðlabankinn 1977—1979
Tafla 16 Innlánsstofnanir 1976—1979

IV Erlend lán og greiðslujöfnuður
Tafla 17 Löng erlend lán flokkuð eftir notendum
Tafla 18 Greiðslujöfnuður við útlönd

V Lánsfjármarkaðurinn
Tafla 19 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra: Yfirlit 1977, 1978 og 1979
Tafla 20 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra: Lánsfjáráætlun 1979
Tafla 21 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra: Bráðabirgðatölur 1978
Tafla 22 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra: Bráðabirgðatölur 1977

VI Fjárfesting og fjármögnun
Tafla 23 Fjárfesting og fjármögnun 1977—1979: Heildaryfirlit
Tafla 24 Fjárfesting og fjármögnun 1977—1979: Ríki
Tafla 25 Fjárfesting og fjármögnun 1977—1979: Sveitarfélög
Tafla 26 Fjárfesting og fjármögnun 1977—1979: Einkaaðilar
Tafla 27 Fjárflæði lánastofnana 1977—1979
Tafla 28 Fjárflæði gagnvart útlöndum 1977—1979
Tafla 29 Fjármagnstilfærslur 1977, 1978 og 1979

VII Fjármunamyndun
Tafla 30 Byggingar og mannvirki hins opinberra 1977—1979
Tafla 31 Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga og sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga 1977—1979
Tafla 32 Fjármunamyndun 1977—1979: Heildaryfirlit

I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

Tafla 1 Raforku- og rafveituframkvæmdir 1979
Í m.kr.

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld og fjárþörf 1979	Fjármögnun		
		Fjárveiting	Úr rekstri eða sjóðum	Lánsfjár-áætlun 1979
1. Framkvæmdir Landsvirkjunar	7 230	–	(550)	6 680
2. Kröfluvirkjun	2 020	1 750	–	270
3. Bessastaðaárvirkjun	600	–	–	600
4. Byggðalínur	2 207	–	–	2 207
5. Almennar framkvæmdir RARIK	2 472	200	90	2 182
6. Sveitarafvæðing	200	–	–	200
7. Laxastigi við Laxárvirkjun	60	–	–	60
8. Orkubú Vestfjarða	450	–	50	400
9. Spá um framkvæmdir sveitarfélaga	2 500	–	(1 820)	680
Samtals fjárfesting	17 739	1 950	2 510	13 279
10. Skuld RARIK vegna Vestmannaeyjastrengs	290	–	–	290
11. Orkusjóður vegna Orkubús Vestfjarða	360	–	–	360
12. Framlag til að létta skuldabyrði RARIK	600	–	–	600
Samtals fjárþörf	18 989	1 950	2 510	14 529

I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

Tafla 2 Hita- og vatnsveituframkvæmdir 1979
Í m.kr.

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld og fjárþörf 1979	Fjármögnun			
		Fjárveiting	Úr rekstri eða sjóðum sveitarfélaga	Lánasjóðir sveitarfélaga og Orkusj.	Lánsfjár-áætlun 1979
Hitaveitur					
1. Hitaveita Reykjavíkur	1 550	–			–
2. Hitaveita Suðurnesja	1 550	–			–
3. Hitaveita Akureyrar	2 100	–			1 800
4. Jarðvarmaveitur ríkisins (vegna Kísiliðju)	250	–			250
5. Orkubú Vestfjarða (Fjarvarmaveita á Ísafirði)	150	–			65
6. Hitaveita á Höfn í Hornafirði (fjarvarmaveita)	150	–	3 290	960	65
7. Hitaveita Vestmannaeyja	500	–			300
8. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	750	–			750
9. Hitaveita Sauðárkróks	60	–			60
10. Hitaveita Þorlákshafnar	300	–			–
11. Hitaveita Egilsstaða	200	–			170
12. Hitaveita Siglufjarðar	50	–			–
13. Hitaveita Bessastaðahrepps	100	–			–
Samtals	7 710	–	3 290	960	3 460
Jarðboranir ríkisins					
14. Steypudæla	200	–	–	–	200
Vatnsveitur					
15. Vatnsveita Reykjavíkur	650	65	1 285	–	–
16. Ágiskun um aðrar vatnsveituframkvæmdir	700			–	–
Samtals fjárfesting og fjárþörf	9 260	65	4 575	960	3 660

I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

Tafla 3 Samgönguframkvæmdir 1979
Í m.kr.

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld og fjárþörf 1979	Fjármögnun: Fjárveiting	Fjármögnun: Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasj.	Fjármögnun: Lánsfjár-áætlun 1979
1. Vegir og brýr	5 957	2 957	–	3 000
2. Götur og holræsi	6 185	1 785	4 400	–
3. Hafnir og vitar	3 175	1 706	879[1])	590[2])
4. Flugvellir og öryggisbúnaður	800	600	–	200
5. Póstur og sími, útvarp[3])	4 395	340	2 395	1 660[4])
Samtals fjárfesting	20 512	7 388	7 674	5 450
6. Flugvélakaup flugmálastjórnar	160	–	–	160
7. Skuldagreiðsla vegna Pósts og síma	485	–	–	485
8. Skuldagreiðsla vegna Grundatangahafnar	306	–	–	306
9. Skuldagreiðsla vegna vegagerðar 1978	130	–	–	130
Samtals fjárþörf	21 593	7 388	7 674	6 531

[1]) Þar af Reykjavíkurhöfn 360 og sveitarfélög 519
[2]) Skiptist svo: Grundatangahöfn 100
Landshafnir 150
Reykjavíkurhöfn 340
[3]) Þar af jarðstöð 1 260
[4]) Vörukaupalán til jarðstöðvar við Úlfarsfell 1 260, vörukaupalán 400.

Tafla 4 Opinberar byggingar og önnur lánsfjáröflun 1979
Í m.kr.

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld og fjárþörf 1979	Fjármögnun: Fjárveiting	Fjármögnun: Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasj.	Fjármögnun: Lánsfjár-áætlun 1979
1. Skólar og íþróttamannvirki	6 688	4 288		200
2. Sjúkrahús	3 218	2 718	2 780	–
3. Félagsheimili og kirkjur	600	220		–
4. Aðrar opinberar byggingar	1 280	680		–
Samtals fjárfesting	11 786	7 906	2 780	200
5. Skuldagreiðsla vegna Lyfjaverslunar ríkisins	180	–	–	180
6. Skuldagreiðsla vegna Borgartúns 6	460	–	–	460
7. Lántökuþörf vegna framkvæmda sveitarfélaga	–	–	–	900[1])
Samtals fjárþörf	12 426	7 906	2 780	1 740
Önnur lánsfjárþörf				
1. Hlutafjárframlag til Járnblendifélags	600	–	–	600
2. Fjárþörf lánasjóðs ísl. námsmanna	700	–	–	700
Samtals, önnur lánsfjárþörf	1 300	–	–	1 300

[1]) Þar af 245 m.kr. til Vestmannaeyjakaupstaðar og 340 m.kr. vegna sorpeyðingarstöðvar á Suðurnesjum.

I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

Tafla 5 Lánsfjárþörf opinberra aðila og fjármögnun hennar

Í m.kr.

		Útkoma 1977	Bráðabirgða-tölur 1978	Lánsfjár-áætlun 1979
Ráðstöfun:				
1	**Ríkissjóður**	**10 995**	**13 438**	**15 730**
11	A-hluti	2 843	4 351	4 750
1101	Vegagerð	1 600	2 200	3 000
1102	Vegagerð vegna skuldagreiðslna	–	–	130
1103	Landshafnir	195	145	150
1104	Grundartangahöfn	150	263	230
1105	Dýpkunarskip	302	–	–
1106	Flugöryggistæki	77	–	200
1107	Laxastigi í Laxá	75	40	60
1108	Þjóðarbókhlaða	–	–	200
1109	Vegagerð á Grundartanga	20	–	–
1110	Járnblendifélag — hlutafjárframlag	424	1 703	600
1111	Landsvirkjun — eiginfjárframlag	–	–	180
12	B-hluti	8 152	9 087	10 980
1201	Rarik — almennar framkvæmdir	1 799	1 396	1 957
1202	Rarik til að létta skuldabyrði	–	765	600
1203	Rarik vegna Vestmannaeyjastrengs	–	–	290
1204	Bessastaðaárvirkjun	–	110	600
1205	Sveitarafvæðing	200	200	200
1206	Byggðalínur	1 978	3 398	2 207
1207	Kröfluvirkjun	3 415	2 083	270
12071	Stöðvarhús og vélar	2 424	1 064	–
12072	Borholur og aðveitukerfi	991	1 019	–
12073	Gæsla og rannsóknir	–	–	270
1208	Flugvél Landhelgisgæslu	510	–	–
1209	Flugvél Flugmálastjórnar	–	–	160
1210	Jarðvarmaveitur ríkisins vegna Kísiliðju	–	–	250
1211	Orkusjóður vegna Orkubús Vestfjarða	–	–	360
1212	Orkusjóður vegna styrkingar dreifikerfa í sveitum	–	77	225
1213	Póstur og sími	200	558	2 145
12131	Vegna jarðstöðvar o. fl.	–	178	1 260
12132	Vörukaupalán	200	380	400
12133	Vegna skuldagreiðslna	–	–	485
1214	Lánasjóður íslenskra námsmanna	–	500	700
1215	Jarðboranir ríkisins — steypudæla	–	–	200
1216	Lyfjaverslun ríkisins	–	–	180
1217	Borgartún 6	–	–	460
1218	Endurlán vegna Grundartangahafnar	50	–	176
2	**Fyrirtæki með eignaraðild ríkisins**	**3 324**	**7 266**	**6 965**
21	Landsvirkjun	3 324	6 780	6 500
22	Orkubú Vestfjarða	–	486	465
3	**Bæjar- og sveitarfélög**	**4 653**	**5 495**	**5 065**
31	Hitaveitur	3 800	4 236	3 145
311	Hitaveita Suðurnesja	2 510	2 359	–
312	Hitaveita Akureyrar	1 290	1 877	1 800
313	Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	–	–	750
314	Aðrar hitaveitur	–	–	595
32	Rafmagnsveita Reykjavíkur	517	473	680
33	Aðrar rafveitur	152	–	–
34	Reykjavíkurhöfn	150	258	340
35	Ýmsar framkvæmdir sveitarfélaga	34	528	900
4	**Ráðstöfun = fjáröflun (1+2+3=5+6+7+8)**	**18 972**	**26 199**	**27 760**

I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

Tafla 5 (frh.)

		Útkoma 1977	Bráðabirgða-tölur 1978	Lánsfjár-áætlun 1979
4	**Ráðstöfun = fjáröflun (1+2+3=5+6+7+8)**	**18 972**	**26 199**	**27 760**
Fjáröflun:				
5	**Innlend lán**	**4 124**	**6 446**	**5 175**
51	Spariskírteini	2 391	3 100	4 200
52	Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé	1 733	2 746	975
53	Önnur innlend lán	–	600	–
6	**Erlend lán**	**15 700**	**18 527**	**22 585**
7	**Bráðabirgðalán**	**–784**	**1 226**	–
8	**Breytt reikningsstaða (bætt staða = –)**	**–68**	–	–

I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

Tafla 6 RARIK, almennar framkvæmdir 1979
Í m.kr.

Virkjanir:	
Gönguskarðsá	16
	16
Stofnlínur:	
Vegamót-Ólafsvík	365
Dalvík	5
Krafla-Reynihlíð	60
Vopnafjarðarlína	100
Þverárfjall-Skagaströnd	134
	664
Aðveitustöðvar:	
Ólafsvík	146
Dalvík	58
Brúarland, Þistilfirði	39
Stuðlar, Reyðarfirði	54
Neskaupstaður	82
Hvolsvöllur	163
	542
Innanbæjarkerfi	600
Styrking dreifikerfa í sveitum	425
Dísilstöðvar	75
Vélar og tæki	75
Aðstöðusköpun	75
	1 250
Framkvæmdir alls	2 472
Fjáröflun:	
Heimtaugargjöld	90
Framlag úr Orkusjóði til styrkingar dreifikerfa í sveitum	425
Lántökur samkvæmt lánsfjáráætlun	1 957
	2 472

Tafla 7 Framkvæmdir við byggðalínur 1979
Í m.kr.

Vesturlína, aðveitustöð o. fl.	1 549
Aðveitustöð á Brennimel í Hvalfirði	265
Norðurlína, aðveitustöð og fjarstýribúnaður	120
Krafla-Skriðdalur	20
Aðveitustöð á Eyrarteig	66
Háspennusími, fjarstýribúnaður o. fl.	89
Varaspennir til byggðalína	98
	2 207

I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

Tafla 8 Framkvæmdir Orkubús Vestfjarða 1979
Í m.kr.

Virkjanir:	
Mjólkárvirkjun	7
Blævardalsvirkjun	12
	19
Stofnlínur:	
Breiðidalur-Suðureyri	62
Bassastaðir-Sandnes	26
Ísafjörður-Súðavík	22
	110
Aðveitustöðvar:	
Patreksfjörður	10
	10
Innanbæjarkerfi	168
Styrking dreifikerfa í sveitum	20
Dísilstöðvar	73
Vélar og tæki	20
Aðstöðusköpun	30
	311
Fjarvarmaveita á Ísafirði	150
Framkvæmdir alls	600
Fjáröflun:	
Heimtaugargjöld	12
Þátttaka sveitarfélaga í götulýsingu	18
Framlag úr Orkusjóði til styrkingar dreifikerfa í sveitum	20
Lántökur skv. lánsfjáráætlun vegna raforkuframkvæmda	400
Lántökur skv. lánsfjáráætlun vegna fjarvarmaveitu	65
Önnur fjáröflun til fjarvarmaveitu	85
	600

II Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 9 Útlán fjárfestingarlánasjóða 1977—1979

		Greiðsluyfirlit 1977		Bráðabirgðatölur 1978		Lánsfjáráætlun 1979	
		m.kr.	Breyting frá fyrra ári, %	m.kr.	Breyting frá fyrra ári, %	m.kr.	Breyting frá fyrra ári, %
1	**Fjárfestingarlánasjóðir, alls**	**21 024**	**40,9**	**30 325**	**44,2**	**38 871**	**28,2**
2	**Íbúðalánasjóðir**	**6 557**	**35,5**	**9 711**	**48,1**	**12 925**	**33,0**
21	Byggingarsjóður ríkisins	6 220	41,9	9 101	46,3	12 125	33,2
22	Veðdeild Landsbanka Íslands	3	−76,9	10	233,3	20	100,0
23	Byggingarsjóður verkamanna	334	−24,6	600	79,6	780	30,0
3	**Atvinnuvegasjóðir**	**14 467**	**43,5**	**20 614**	**42,5**	**25 946**	**25,9**
31	Framkvæmdasjkerfið og Byggðasjóður	13 658	44,8	19 445	42,4	24 657	26,8
3101	Stofnlánadeild landbúnaðarins	2 191	42,0	2 335	6,6	2 505	7,3
3102	Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	174	102,3	1	−99,4	–	–
3103	Fiskveiðasjóður Íslands	5 807	45,9	9 329	60,5	9 780	4,9
3104	Iðnlánasjóður	1 326	78,5	1 852	39,7	2 613	41,1
3105	Verslunarlánasjóður	234	40,1	466	99,1	476	2,1
3106	Stofnlánadeild samvinnufélaga	267	310,8	539	101,9	324	−39,9
3107	Ferðamálasjóður	87	770,0	250	187,4	365	46,0
3108	Lánasjóður sveitarfélaga	798	12,1	1 019	27,7	1 439	41,2
3109	Byggðasjóður	2 132	33,1	2 723	27,7	5 405	98,5
3110	Framkvæmdasjóður, bein lán	642	22,3	931	45,0	1 750	88,0
	Framkvæmdasjóður, lán til sjóða	(5 715)	(25,4)	(5 301)	(−7,2)	(12 325)	(132,5)
32	Aðrir atvinnuvegasjóðir	809	25,2	1 169	44,5	1 289	10,3
321	Iðnþróunarsjóður	648	16,8	930	43,5	1 000	7,5
322	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	22	340,0	19	−13,6	30	57,9
323	Veðdeild Iðnaðarbankans	82	90,7	136	65,8	149	9,6
324	Iðnrekstrarsjóður	57	32,6	84	47,4	110	19,8

Tafla 10 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Lánsfjáráætlun 1979
Í m.kr.

		Eigin fjármögnun			Lántökur, brúttó							
		Rekstur og fjármhreyfingar nettó	Sjóðs- og innstæðubreytingar	Framlög og markaðir tekjustofnar	Framkvæmdasjóður	Lífeyrissjóðir	Bankakerfið	Skyldusparnaður	Atvinnutryggingasjóður	Erlend lán	Samtals	Lánsfjáráætlun
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
1	**Fjárfestingarlánasjóðir, alls**	**482**	**−1 532**	**16 656**	–	**9 365**	**1 500**	**4 900**	**2 070**	**5 430**	**23 265**	**38 871**
2	**Íbúðalánasjóðir**	**−667**	**−501**	**6 768**	–	**2 755**	–	**2 500**	**2 070**	–	**7 325**	**12 925**
21	Byggingarsjóður ríkisins	−840	−501[1])	6 141	–	2 755	–	2 500	2 070	–	7 325	12 125
22	Veðdeild Landsbanka Íslands	20	–	–	–	–	–	–	–	–	–	20
23	Byggingarsjóður verkamanna	153	–	627	–	–	–	–	–	–	–	780
3	**Atvinnuvegasjóðir**	**1 149**	**−1031**	**9 888**	–	**6 610**	**1 500**	**2 400**	–	**5 430**	**15 940**	**25 946**
31	Framkvæmdasjóðskerfið og Byggðasjóður	−176	−814	9 807	(14 075)	6 510	1 500	2 400	–	5 430	15 840	24 657
3101	Stofnlánadeild landbúnaðarins	−1 579	–	1 634	1 800	250	–	400	–	–	2 450	2 505
3102	Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	−10	–	10	–	–	–	–	–	–	–	–
3103	Fiskveiðasjóður Íslands	−1 319	−850[2])	4 319	7 630	–	–	–	–	–	7 630	9 780
3104	Iðnlánasjóður	853	–	860	900	–	–	–	–	–	900	2 613
3105	Verslunarlánasjóður	76	–	–	100	300	–	–	–	–	400	476
3106	Stofnlánadeild samvinnufélaga	13	1	–	100	210	–	–	–	–	310	324
3107	Ferðamálasjóður	14	–	36	315	–	–	–	–	–	315	365
3108	Lánasjóður sveitarfélaga	569	–	490	380	–	–	–	–	–	380	1 439
3109	Byggðasjóður	367	–	2 458	1 100	–	–	–	–	1 480	2 580	5 405
3110	Framkvæmdasjóður, bein lán	–	–	–	1 750	–	–	–	–	–	1 750	1 750
	Framkvæmdasjóður, lán alls	840	35[3])	–	–	5 750	1 500	2 000	–	3 950	13 200	(14 075)
32	Aðrir atvinnuvegasjóðir	1 325	−217	81	–	100	–	–	–	–	100	1 289
321	Iðnþróunarsjóður	1 252	−252	–	–	–	–	–	–	–	–	1 000
322	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	−1	–	31	–	–	–	–	–	–	–	30
323	Veðdeild Iðnaðarbankans	49	–	–	–	100	–	–	–	–	100	149
324	Iðnrekstrarsjóður	25	35	50	–	–	–	–	–	–	–	110

1) Innifaldar eru 810 m.kr. til Framkvæmdasjóðs vegna óuppgerðrar tilfærslu á lífeyrissjóðafé frá árinu 1978. Sjóðslækkun verður þá 309 m.kr.
2) Þ. a. endurgreitt bráðabirgðalán 828 m.kr.
3) Innifaldar eru 810 m.kr. frá Byggingarsjóði ríkisins, sjá aths. 1.

Tafla 11 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Bráðabirgðayfirlit 1978

Í m.kr.

		Eigin fjármögnun			Lántökur, brúttó								
		Rekstur og fjármhreyfingar nettó	Sjóðs- og innstæðubreytingar	Framlög og markaðir tekjustofnar	Framkvæmdasjóður	Líf-eyrissjóðir	Bankakerfið	Skyldusparnaður	Atvinnutryggingasjóður	Önnur innlend lán	Erlend lán	Samtals	Útlán
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)	(12)
1	**Fjárfestingarlánasjóðir, alls**	**1 961**	**719**	**13 112**	–	**6 079**	**1 866**	**4 123**	**786**	**15**	**1 664**	**14 533**	**30 325**
2	**Íbúðalánasjóðir**	**−1 273**	**−206**	**4 977**	–	**1 556**	–	**3 871**	**786**	–	–	**6 213**	**9 711**
21	Byggingarsjóður ríkisins	−1 320	−279	4 487	–	1 556	–	3 871	786	–	–	6 213	9 101
22	Veðdeild Landsbanka Íslands	10	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	10
23	Byggingarsjóður verkamanna	37	73	490	–	–	–	–	–	–	–	–	600
3	**Atvinnuvegasjóðir**	**3 234**	**925**	**8 135**	–	**4 523**	**1 866**	**252**	–	**15**	**1 664**	**8 320**	**20 614**
31	Framkvæmdasjóðskerfið og Byggðasjóður	2145	1 056	8 026	(6 232)	4 421	1 866	252	–	15	1 664	8 218	19 445
3101	Stofnlánadeild landbúnaðarins	−967	40[1]	926	1 850	234	–	252	–	–	–	2 336	2 335
3102	Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	−107	97[1]	11	–	–	–	–	–	–	–	–	1
3103	Fiskveiðasjóður Íslands	1 009	1 335[2]	3 657	2 100	–	–	–	–	–	1 228	3 328	9 329
3104	Iðnlánasjóður	471	−206	751	565	271	–	–	–	–	–	836	1 852
3105	Verslunarlánasjóður	61	−11	–	60	356	–	–	–	–	–	416	466
3106	Stofnlánadeild samvinnufélaga	6	−14	–	60	487	–	–	–	–	–	547	539
3107	Ferðamálasjóður	15	18	40	175	–	–	–	–	2	–	177	250
3108	Lánasjóður sveitarfélaga	220	−28	474	340	–	–	–	–	13	–	353	1 019
3109	Byggðasjóður	395	10[3]	2 167	151	–	–	–	–	–	–	151	2 723
3110	Framkvæmdasj., bein lán	–	–	–	931	–	–	–	–	–	–	931	931[4]
	Framkvæmdasj., lán alls	1 042	−185	–	–	3 073	1 866	–	–	–	436	5 375	(6 232)
32	Aðrir atvinnuvegasjóðir	1 089	−131	109	–	102	–	–	–	–	–	102	1 169
321	Iðnþróunarsjóður	1 034	−104	–	–	–	–	–	–	–	–	–	930
322	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	−3	−12	34	–	–	–	–	–	–	–	–	19
323	Veðdeild Iðnaðarbankans	43	−9	–	–	102	–	–	–	–	–	102	136
324	Iðnrekstrarsjóður	15	−6	75	–	–	–	–	–	–	–	–	84

1) Bráðabirgðalán.
2) Þar af bráðabirgðalán 828 m.kr.
3) Þar af endurgreitt bráðabirgðalán 33 m.kr.
4) Meðaltalið er 600 m.kr. vísitölutryggt lán til ríkissjóðs, en ekki endurlánað erlent lánsfé til ríkissjóðs 1 369 m.kr. og Vestmannaeyjakaupstaðar 200 m.kr.

Tafla 12 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Greiðsluyfirlit 1977

Í m.kr.

		Eigin fjármögnun			Lántökur, brúttó								
		Rekstur og fjármhreyfingar nettó	Sjóðs- og innstæðubreytingar	Framlög og markaðir tekjustofnar	Framkvæmdasjóður	Lífeyrissjóðir	Bankakerfið	Skyldusparnaður	Atvinnutryggingasjóður	Önnur innlend lán	Erlend lán	Samtals	Útlán
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)	(12)
1	**Fjárfestingarlánasjóðir, alls**	**2 135**	**−505**	**8 590**	–	**3 091**	**1 699**	**2 421**	**589**	**110**	**2 894**	**10 804**	**21 024**
2	**Íbúðalánasjóðir**	**−819**	**−375**	**3 927**	–	**983**	–	**2 252**	**589**	–	–	**3 824**	**6 557**
21	Byggingarsjóður ríkisins	−922	149	3 169	–	983	–	2 252	589	–	–	3 824	6 220
22	Veðdeild Landsbanka Íslands	3	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	3
23	Byggingarsjóður verkamanna	100	−524	758	–	–	–	–	–	–	–	–	334
3	**Atvinnuvegasjóðir**	**2 954**	**−130**	**4 663**	–	**2 108**	**1 699**	**169**	–	**110**	**2 894**	**6 980**	**14 467**
31	**Framkvæmdasjóðskerfið og Byggðasjóður**	**2 317**	−106	4 545	(6 357)	2 030	1 699	169	–	110	2 894	6 902	13 658
3101	Stofnlánadeild landbúnaðarins	−501	48	709	1 450	305	11	169	–	–	–	1 935	2 191
3102	Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	−63	9	11	100	100	17	–	–	–	–	217	174
3103	Fiskveiðasjóður Íslands	1 137	−17	1 347	3 250	–	–	–	–	90	–	3 340	5 807
3104	Iðnlánasjóður	328	27	521	450	–	–	–	–	–	–	450	1 326
3105	Verslunarlánasjóður	29	−5	–	50	160	–	–	–	–	–	210	234
3106	Stofnlánadeild samvinnufélaga	7	−1	40	50	171	–	–	–	–	–	221	267
3107	Ferðamálasjóður	10	−1	25	53	–	–	–	–	–	–	53	87
3108	Lánasjóður sveitarfélaga	193	33	262	300	–	–	–	–	10	–	310	798
3109	Byggðasjóður	427	30	1 630	12	–	33	–	–	–	–	45	2 132
3110	Framkvæmdasj., bein lán	–	–	–	642	–	–	–	–	–	–	642	642
	Framkvæmdasj., lán alls	750	−229	–	–	1 294	1 638	–	–	10	2 894	5 836	(6 357)
32	Aðrir atvinnuvegasjóðir	637	−24	118	–	78	–	–	–	–	–	78	809
321	Iðnþróunarsjóður	634	14	–	–	–	–	–	–	–	–	–	648
322	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	−10	−11	43	–	–	–	–	–	–	–	–	22
323	Veðdeild Iðnaðarbankans	27	−23	–	–	78	–	–	–	–	–	78	82
324	Iðnrekstrarsjóður	−14	−4	75	–	–	–	–	–	–	–	–	57

II Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 13 Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða 1977—1979
Í m. kr.

		Bráðabirgða-tölur 1977	Áætlun 1978	Lánsfjár-áætlun 1979
Uppruni fjármagns				
1	Eigið framlag, nettó	5 000	7 850	12 800
11	Innborgaðar afborganir	1 700	2 500	3 900
12	Innborgaðir vextir og vísitala	4 040	6 200	9 900
13	Annað, nettó	−740	−850	−1 000
2	Framlög, nettó	7 530	11 050	14 000
21	Iðgjöld	11 135	16 500	22 000
22	— Lífeyrisgreiðslur	−3 520	−5 300	−7 700
23	— Endurgreidd iðgjöld	−85	−150	−300
3	Ráðstöfunarfé (1+2=4+5)	12 530	18 900	26 800
Ráðstöfun fjármagns				
4	Útlán, brúttó	11 515	18 000	25 800
	(þ. a. til fjárfestingarlánasjóða)	(3091)	(6 079)	(4 565)
5	Innstæðu- og sjóðsbreytingar	1 015	900	1 000

III Peningamál

Tafla 14 Bankakerfið 1977—1979

Í m. kr.

		Staða 31. des. 1978 m.kr.	Hreyfingar í m.kr. að frátöldum bókhaldsbreytingum vegna gengis 1977	Bráðb. tölur 1978	Lánsfjár-áætlun 1979
1	Erlendar eignir til skamms tíma, nettó	20 273	5 950	14 470	12 000
2	Innlendir liðir, nettó	142 764	27 569	37 440	40 000
21	Lán bankakerfisins	171 083	30 187	44 854	35 300
211	Seðlabanki	29 983	100	4 623	−7 800
212	Innlánsstofnanir	141 100	30 087	40 231	43 100
22	Sjóðir í opinberri vörslu	−19 568	−2 581	−10 061	6 000
23	Annað nettó	−8 751	−37	2 647	−1 300
3	Peningamagn og sparifé (M3)	163 037	33 519	51 910	52 000
31	Sparifé á uppsagnarreikningum	48 247	9 448	18 613	19 400
32	Peningamagn og almennt sparifé (M2)	114 790	24 071	33 297	32 600
321	Almennt sparifé	68 563	13 650	20 873	21 100
322	Peningamagn (M1)	46 227	10 421	12 424	11 500

	Hreyfingar í %		
Innlendir liðir	35,6	35,7	28,0
Lán bankakerfisins	34,3	37,9	20,6
Lán Seðlabanka	0,6	26,6	−26,0
Lán innlánsstofnana	42,5	39,9	30,5
Peningamagn (M1)	44,6	36,8	24,9
Peningamagn og almennt sparifé (M2)	41,9	40,9	28,4
Peningamagn og sparifé (M3)	43,2	46,7	31,9
Almennt sparifé	40,1	43,8	30,8
Sparifé á uppsagnarreikningum	46,8	62,8	40,2

III Peningamál

Tafla 15 Seðlabankinn 1977—1979

		Staða 31. des. 1978 m.kr.	Hreyfingar í m.kr. að frátöldum bókhaldsbreytingum vegna gengis		
			1977	Bráðab. tölur 1978	Lánsfjár-áætlun 1979
1	Erlendar eignir til skamms tíma, nettó	16 984	5 425	14 186	12 000
2	Innlendir liðir, nettó	44 677	8 545	6 372	3 700
21	Kröfur á ríkissjóð og ríkisstofnanir, nettó	27 881	455	5 042	−7 400
22	Kröfur á fjárfestingarlánasjóði	1 963	−353	−429	−400
23	Kröfur á innlánsstofnanir	44 976	11 118	12 453	9 400
231	Endurkaup	39 738	10 489	13 238	10 000
232	Aðrar kröfur	5 238	629	−785	−600
24	Kröfur á aðra aðila	140	−6	10	–
25	Sjóðir í opinberri vörslu (innstæða=–)	−19 568	−2 581	−10 060	6 000
26	Annað, nettó	−10 715	−88	−644	−3 900
3	Grunnfé	61 661	13 970	20 558	15 700
31	Innlánsstofnanir	46 463	10 261	17 261	11 500
311	Bundnar innstæður vegna bindiskyldu	32 880	6 591	10 398	11 500
312	Aðrar innstæður	13 583	3 670	6 863	–
32	Seðlar og mynt í umferð	12 193	3 141	3 496	4 200
33	Innstæður fjárfestingarlánasjóða	3 005	568	−199	–
			Hreyfingar í %		
	Endurkaup		65,5	50,0	25,2
	Grunnfé		51,7	50,5	25,5
	Seðlar og mynt í umferð		56,5	40,2	34,4
	Bundnar innstæður		41,5	46,3	35,0

III Peningamál

Tafla 16 Innlánsstofnanir 1977—1979

		Staða 31. des. 1978 m.kr.	Hreyfingar í m.kr. að frátöldum bókhaldsbreytingum vegna gengis		
			1977	Bráðb. tölur 1978	Lánsfjár-áætlun 1979
1	Lausafjárstaða gagnvart Seðlabanka	9 592	2 571	6 085	–
11	Veltufjármunir	12 688	3 696	6 071	–
12	Skuldir	−3 096	−1 125	14	–
2	Lausafjárstaða gagnvart útlöndum	3 290	526	284	–
3	Bundnar innstæður v/bindisskyldu	32 880	6 591	10 398	11 500
4	Aðrar innstæður í Seðlabanka	896	12	750	–
5	Útlán	141 100	30 087	40 231	43 100
	(Útlán án endurkaupa)	(101 362)	(19 598)	(26 993)	(33 100)
6	Eignir = skuldir	187 758	39 787	57 748	54 600
7	Heildarinnstæður	147 839	29 810	48 612	47 800
8	Endurkaup Seðlabanka	39 738	10 489	13 238	10 000
9	Verðbréfakaup Seðlabanka	2 143	−466	−813	−600
10	Eigið fé og annað, nettó	−1 962	−46	−3 289	−2 600
			Hreyfingar í %		
	Útlán		42,5	39,9	30,5
	Útlán án endurkaupa		35,8	36,3	32,7
	Heildarinnstæður		42,9	49,0	32,3
	Endurkaup		65,5	50,0	25,2

IV Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 17 Löng erlend lán flokkuð eftir notendum
Í m.kr.

	Reikningur 1977	Bráðabtölur 1978	Lánsfjáráætlun 1979
I Opinberir aðilar, nettó	12 145	10 517	11 715
Innkomin	16 535	18 527	22 585
Afborganir	−4 390	−8 010	−10 870
1. Ríkissjóður og ríkisstofnanir, nettó	1 306	1 114	1 145
Innkomin	1 922	1 964	2 110
Afborganir	−616	−850	−965
2. Ríkisfyrirtæki, nettó	7 750	5 918	9 045
Innkomin	10 450	11 068	15 410
Afborganir	−2 700	−5 150	−6 365
3. Fyrirtæki sveitarfélaga, nettó	3 325	4 000	1 935
Innkomin	3 883	5 120	4 365
Afborganir	−558	−1 120	−2 430
4. Sveitarfélög	−236	−515	−410
Innkomin	280	375	700
Afborganir	−516	−890	−1 110
II Atvinnuvegir, nettó	4 690	4 010	−335
Innkomin	10 645	14 555	10 935
Afborganir	−5 955	−10 545	−11 270
III Framkvæmdasjóður, nettó	2 220	−674	1 290
Innkomin	3 020	426	3 950
Afborganir	−800	−1 100	−2 660
IV Fiskveiðasjóður, nettó	−155	1 042	−530
Innkomin	–	1 252	–
Afborganir	−155	−210	−530
V Aðrar lánastofnanir	–	−135	1 310
Innkomin	–	–	1 480
Afborganir	–	−135	−170
VI Löng lán alls, nettó	18 900	14 760	13 450
Innkomin	30 200	34 760	38 950
Afborganir	−11 300	−20 000	−25 500
Meðtalin að ofan lán viðskiptabanka	2 055	100	−5 115
Innkomin	4 330	4 000	–
Afborganir	−2 275	−3 900	−5 115

IV Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 18 Greiðslujöfnuður við útlönd
Í m.kr.

	1977	Bráðabtölur 1978	Lánsfjáráætlun 1979
Innfluttar vörur alls, f.o.b.	−112 345	−168 500	−229 000
Sérstakur innflutningur	−21 450	−24 505	−29 800
Skip og flugvélar	−12 270	−6 990	−7 400
Vegna Þjórsárvirkjana	−585	−460	−1 500
Vegna Kröfluvirkjunar	−395	−105	−
Vegna framkvæmda við járnblendiverksmiðju	−250	−3 560	−2 200
Vegna álbræðslu	−7 950	−13 390	−18 700
Almennur innflutningur	−90 895	−143 995	−199 200
Útfluttar vörur alls, f.o.b.	101 890	176 285	230 000
(Þar af ál)	(14 933)	(23 650)	(31 000)
Vöruskiptajöfnuður	−10 455	7 785	1 000
Þjónustujöfnuður	800	1 200	1 000
Innflutt þjónusta	−42 580	−74 500	−105 000
Útflutt þjónusta	43 380	75 700	106 000
Viðskiptajöfnuður	−9 655	8 985	2 000
Viðskiptajöfnuður % af VÞF	−2,6	1,6	0,3
Framlög án endurgjalds, nettó	−10	−200	...
Fjármagnsjöfnuður	15 615	5 685	10 000
Til útlands, alls	−16 095	−30 275	−31 950
Frá útlöndum, alls	31 710	35 960	41 950
Erlent einkafjármagn, langtíma	1 030	1 200	3 000
Erlent einkafjármagn, rekstrarfé	480	−1 000	...
Langar lántökur, nettó	18 900	14 760	13 450
Innkomin löng lán, alls	30 200	34 760	38 950
Afborganir	−11 300	−20 000	−25 500
Innkomin lán einkaaðila[1])	10 645	14 555	10 935
Afborganir af lánum einkaaðila[1])	−5 955	−10 545	−11 270
Innkomin lán opinberra aðila[1])	16 535	18 527	22 585
Afborganir af opinberum lánum[1])	−4 390	−8 010	−10 870
Innkomin lán lánastofnana[1])	3 020	1 678	5 430
Afborganir af lánum lánastofnana	−955	−1 445	−3 360
Aðrar stuttar fjármagnshreyfingar, nettó	−4 795	−9 275	−6 450
Heildargreiðslujöfnuður	5 950	14 470	12 000

[1]) Flokkun er hér gerð eftir notendum.

V Lánsfjármarkaðurinn

Tafla 19 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra
Yfirlit 1977, 1978 og 1979
Nettó hreyfingar í m.kr.

		Bráðabirgðatölur		Lánsfjár-áætlun
		1977	1978	1979
Lánþegar				
1	Opinberir aðilar	17 990	25 184	**11 326**
11	Ríkissjóður og ríkisstofnanir	4 385	12 172	**−644**
12	Ríkisfyrirtæki	7 903	5 628	8 655
13	Sveitarfélög	1 796	2 410	1 180
14	Fyrirtæki sveitarfélaga	3 906	4 974	2 135
2	Einkaaðilar, alls	50 700	64 970	76 973
21	Atvinnufyrirtæki	33 333	37 801	43 403
22	Íbúðareigendur	15 365	24 135	30 460
23	Aðrir einkaaðilar	2 002	3 034	3 110
3	Lán alls (1+2=4+5)	68 690	90 154	**88 299**
Lánveitendur				
4	Innlend lán, alls	56 650	84 902	**83 369**
41	Lánastofnanir	52 342	77 414	78 150
411	Bankakerfi	29 291	43 772	34 700
412	Fjárfestingarlánasjóðir	16 018	23 730	30 250
413	Lífeyrissjóðir	7 033	9 912	13 200
42	Ríki	1 737	2 609	1 038
43	Einkaaðilar	2 571	4 879	**4 181**
5	Erlend lán, alls	12 040	5 252	4 930
51	Löng erlend lán	16 835	14 527	11 380
52	Stutt erlend lán	−4 795	−9 275	−6 450

Tafla 20 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra
Lánsfjáráætlun 1979
Nettó hreyfingar í m.kr.

Lánveitendur \ Lánþegar	Ríkissj. og ríkisst.	Ríkis-fyrir-tæki	Sveitar-félög	Fyrirtæki sveitar-félaga	Opinb. aðilar alls (1–4)	Atvinnu-fyrir-tæki	Íbúða-eig.	Aðrir einka-aðilar	Einka-aðilar alls (6–8)	Samtals (5)+(9)	Lána-stofn-anir
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
1 Innlend lán, alls	−1 789	−390	1 590	200	−389	50 188	30 460	3 110	83 758	83 369	.
11 Lánastofnanir	−5 970	−390	1 410	–	−4 950	49 540	**30 460**	3 100	83 100	78 150	.
111 Bankakerfið	−7 050	−350	–	–	−7 400	34 000	5 000	3 100	42 100	34 700	600
1111 Seðlabanki	−7 050	−350	–	–	−7 400	–	–	–	–	−7 400	−400
1112 Innlánsstofnanir	–	–	–	–	–	34 000	5 000	3 100	42 100	42 100	1 000
112 Fjárfestingarlánasjóðir	1 080	−40	1 410	–	2 450	15 500	12 300	–	27 800	30 250	−20
113 Lífeyrissjóðir	–	–	–	–	–	40	13 160	–	13 200	13 200	8 700
12 Ríki	.	.	180	200	380	648	–	10	658	1 038	1 940
13 Einkaaðilar	4 181	–	–	–	4 181	–	–	–	–	4 181	1 700
2 Erlend lán, alls	1 145	9 045	−410	1 935	11 715	−6 785	–	–	−6 785	4 930	−9 930
21 Löng erlend lán	1 145	9 045	−410	1 935	11 715	−335	–	–	−335	11 380	2 070
22 Stutt erlend lán	–	–	–	–	–	−6 450	–	–	−6 450	−6 450	−12 000
3 Samtals (1+2)	−644	8 655	1 180	2 135	11 326	43 403	30 460	3 110	76 973	88 299	.

Tafla 21 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra
Bráðabirgðatölur 1978
Nettó hreyfingar í m.kr.

Lánveitendur \ Lánþegar	Ríkissj. og ríkisst.	Ríkis-fyrir-tæki	Sveitar-félög	Fyrirtæki sveitar-félaga	Opinb. aðilar alls (1–4)	Atvinnu-fyrir-tæki	Íbúða-eig.	Aðrir einka-aðilar	Einka-aðilar alls (6–8)	Samtals (5)+(9)	Lána-stofn-anir
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
1 Innlend lán, alls	11 058	−290	2 925	974	14 667	43 066	24 135	3 034	70 235	84 902	
11 Lánastofnanir	6 179	−290	2 421	–	8 310	42 026	24 135	2 943	69 104	77 414	
111 Bankakerfið	5 979	−290	1 481	–	7 170	28 636	5 023	2 943	36 602	43 772	1 082
1111 Seðlabanki	5 332	−290	−7	–	5 035	17	–	–	17	5 052	−429
1112 Innlánsstofnanir	647	–	1 488	–	2 135	28 619	5 023	2 943	36 585	38 720	1 511
112 Fjárfestingarlánasjóðir	200	–	940	–	1 140	13 360	9 230	–	22 590	23 730	−20
113 Lífeyrissjóðir	–	–	–	–	–	30	9 882	–	9 912	9 912	5 588
12 Ríki	·	·	504	974	1 478	1 040	–	91	1 131	2 609	706
13 Einkaaðilar	4 879	–	–	–	4 879	–	–	–	–	4 879	1 825
2 Erlend lán, alls	1 114	5 918	−515	4 000	10 517	−5 265	–	–	−5 265	5 252	−14 237
21 Löng erlend lán	1 114	5 918	−515	4 000	10 517	4 010	–	–	4 010	14 527	233
22 Stutt erlend lán	–	–	–	–	–	−9 275	–	–	−9 275	−9 275	−14 470
3 Samtals (1+2)	12 172	5 628	2 410	4 974	25 184	37 801	24 135	3 034	64 970	90 154	

Tafla 22 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra
Bráðabirgðatölur 1977
Nettó hreyfingar í m.kr.

Lánveitendur \ Lánþegar	Ríkissj. og ríkisst.	Ríkis-fyrir-tæki	Sveitar-félög	Fyrirtæki sveitar-félaga	Opinb. aðilar alls (1–4)	Atvinnu-fyrir-tæki	Íbúða-eig.	Aðrir einka-aðilar	Einka-aðilar alls (6–8)	Samtals (5)+(9)	Lána-stofn-anir
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
1 Innlend lán, alls	3 050	−356	2 032	581	5 307	33 976	15 365	2 002	51 343	56 650	
11 Lánastofnanir	479	−356	1 568	–	1 691	33 335	15 365	1 951	50 651	52 342	
111 Bankakerfið	574	−220	830	–	1 184	23 341	2 815	1 951	28 107	29 291	896
1111 Seðlabanki	676	−220	−2	–	454	−4	–	–	−4	450	−353
1112 Innlánsstofnanir	−102	–	832	–	730	23 345	2 815	1 951	28 111	28 841	1 249
112 Fjárfestingarlánasjóðir	−95	−136	738	–	507	9 974	5 537	–	15 511	16 018	−12
113 Lífeyrissjóðir	–	–	–	–	–	20	7 013	–	7 033	7 033	2 783
12 Ríki	·	·	464	581	1 045	641	–	51	692	1 737	520
13 Einkaaðilar	2 571	–	–	–	2 571	·	·	·	·	2 571	940
2 Erlend lán, alls	1 335	8 259	−236	3 325	12 683	−643	–	–	−643	12 040	−3 885
21 Löng erlend lán	1 306	7 750	−236	3 325	12 145	4 690	–	–	4 690	16 835	2 065
22 Stutt erlend lán	29	509	–	–	538	−5 333	–	–	−5 333	−4 795	−5 950
3 Samtals (1+2)	4 385	7 903	1 796	3 906	17 990	33 333	15 365	2 002	50 700	68 690	·

VI Fjárfesting og fjármögnun

Tafla 23 Fjárfesting og fjármögnun 1977—1979: Heildaryfirlit
Hreyfingar í m.kr.

		Bráðabirgðatölur		Lánsfjár-áætlun
		1977	1978	1979
Fjárfesting				
1	Fjármunamyndun	103 750	145 900	182 237
11	Ríki	23 300	28 200	37 511
12	Bæjar- og sveitarfélög	14 000	18 400	21 786
13	Einkaaðilar	66 450	99 300	122 940
2	Birgðabreyting	7 030	−5 000	–
3	Viðskiptaafgangur gagnvart útlöndum	–	8 985	2 000
Fjármögnun				
4	Innlendur sparnaður	101 125	149 885	184 237
41	Ríki	23 935	30 021	52 481
42	Bæjar- og sveitarfélög	7 419	9 559	16 890
43	Einkaaðilar	69 771	110 305	114 866
5	Viðskiptahalli við útlönd	9 655	–	–

VI Fjárfesting og fjármögnun

Tafla 24 Fjárfesting og fjármögnun 1977—1979: Ríki
Hreyfingar í m.kr.

		Bráðabirgðatölur		Lánsfjár-áætlun
		1977	1978	1979
Ráðstöfun				
1	Fjármunamyndun	23 300	28 200	37 511
11	Ríkisfyrirtæki	13 140	14 000	19 184
12	Annað	10 160	14 200	18 327
2	Lánveitingar, nettó	2 257	3 315	2 978
21	Til sveitarfélaga	1 045	1 478	380
22	Til einkaaðila	692	1 131	658
23	Til lánastofnana	520	706	1 940
3	Fjármagnstilfærslur	11 344	17 213	21 614
31	Til bæjar- og sveitarfélaga	1 836	2 764	3 379
32	Til einkaaðila	1 227	1 537	1 766
33	Til lánastofnana	8 022	12 421	15 988
34	Til útlanda	259	491	481
4	Uppruni = ráðstöfun	36 901	48 728	62 103
Uppruni				
5	Sparnaður	23 935	30 021	52 481
6	Fjármagnstilfærslur	678	907	1 611
61	Frá sveitarfélögum	429	616	1 130
62	Frá útlöndum	249	291	481
7	Lántökur, nettó	12 288	17 800	8 011
71	Frá einkaaðilum	2 571	4 879	4 181
72	Frá lánastofnunum	123	5 889	−6 360
73	Löng erlend lán	9 056	7 032	10 190
74	Stutt erlend lán	538	–	–

VI Fjárfesting og fjármögnun

Tafla 25 Fjárfesting og fjármögnun 1977—1979: Sveitarfélög
Hreyfingar í m.kr.

	Bráðabirgðatölur		Lánsfjár-áætlun
	1977	1978	1979
Ráðstöfun			
1 Fjármunamyndun	14 000	18 400	21 786
11 Fyrirtæki sveitarfélaga	7 400	10 000	12 210
12 Annað	6 600	8 400	9 576
2 Fjármagnstilfærslur	957	1 307	1 798
21 Til ríkis	429	616	1 130
22 Til lánastofnana	528	691	668
3 Uppruni = ráðstöfun	14 957	19 707	23 584
Uppruni			
4 Sparnaður	7 419	9 559	16 890
5 Fjármagnstilfærslur frá ríki	1 836	2 764	3 379
6 Lántökur, nettó	5 702	7 384	3 315
61 Frá ríki	1 045	1 478	380
62 Frá lánastofnunum	1 568	2 421	1 410
63 Löng erlend lán	3 089	3 485	1 525

VI Fjárfesting og fjármögnun

Tafla 26 Fjárfesting og fjármögnun 1977—1979: Einkaaðilar
Hreyfingar í m.kr.

		Bráðabirgðatölur		Lánsfjár-áætlun
		1977	1978	1979
Ráðstöfun				
1	Fjárfesting	73 480	96 900	122 940
11	Atvinnufyrirtæki	44 430	66 730	79 300
12	Íbúðarhúsnæði	22 020	32 570	43 640
13	Birgðabreyting bústofns og útflutningsvara	7 030	−2 400	–
2	Lánveitingar, nettó	3 511	6 704	5 881
21	Til ríkissjóðs	2 571	4 879	4 181
22	Til lánastofnana	940	1 825	1 700
3	Fjármagnstilfærslur til útlanda	–	1 000	–
4	Innstæður, seðlar, mynt og eigið fé	46 217	76 008	67 784
5	Uppruni = ráðstöfun	123 208	180 612	196 605
Uppruni				
6	Sparnaður	69 771	112 905	114 866
	(þ. a. sparnaður í lánastofnunum)	(2 140)	(3 168)	(10 316)
7	Fjármagnstilfærslur	2 737	2 737	4 766
71	Frá ríki	1 227	1 537	1 766
72	Frá útlöndum vegna fjárfestingar	1 030	1 200	3 000
73	Frá útlöndum vegna rekstrar	480	–	–
8	Lántökur, nettó	50 700	64 970	76 973
81	Frá ríki	692	1 131	658
82	Frá lánastofnunum	50 651	69 104	83 100
83	Löng erlend lán	4 690	4 010	−335
84	Stutt erlend lán	−5 333	−9 275	−6 450

VI Fjárfesting og fjármögnun

Tafla 27 Fjárflæði lánastofnana 1977—1979
Hreyfingar í m.kr.

		Bráðabirgðatölur		Lánsfjár-áætlun
		1977	1978	1979
Ráðstöfun				
1	Lánveitingar	52 342	77 414	78 150
11	Til ríkis	123	5 889	−6 360
12	Til sveitarfélaga	1 568	2 421	1 410
13	Til einkaaðila	50 651	69 104	83 100
2	Erlendar eignir til skamms tíma, nettó	5 950	14 470	12 000
3	Uppruni = ráðstöfun	58 292	91 884	90 150
Uppruni				
4	Fjármagnstilfærslur	8 550	13 112	16 656
41	Frá ríki	8 022	12 421	15 988
42	Frá sveitarfélögum	528	691	668
5	Lántökur, nettó	3 525	2 764	5 710
51	Frá ríki	520	706	1 940
52	Frá einkaaðilum	940	1 825	1 700
53	Frá útlöndum	2 065	233	2 070
6	Innstæður, seðlar, mynt og eigið fé	45 217	76 008	67 784
61	Einkaaðilar	44 077	72 840	57 468
62	Eigið fé	2 140	3 168	10 316

VI Fjárfesting og fjármögnun

Tafla 28 Fjárflæði gagnvart útlöndum 1977—1979
Hreyfingar í m.kr.

		Bráðabirgðatölur		Lánsfjár-áætlun
		1977	1978	1979
Ráðstöfun				
1	Lántökur í útlöndum	8 155	−8 985	−5 000
11	Löng lán, nettó	18 900	14 760	13 450
111	Ríkissjóður og ríkisstofnanir	9 056	7 032	10 190
112	Sveitarfélög	3 089	3 485	1 525
113	Einkaaðilar	4 690	4 010	−335
114	Lánastofnanir	2 065	233	2 070
12	Stutt lán	−10 745	−23 745	−18 450
121	Ríki	538	–	–
122	Einkaaðilar	−5 333	−9 275	−6 450
123	Lánastofnanir (= breyting á gjaldeyrisstöðu)	−5 950	−14 470	−12 000
2	Framlög frá útlöndum	1 759	1 491	3 481
21	Til ríkis	249	291	481
22	Til einkaaðila vegna fjárfestingar	1 030	1 200	3 000
23	Til einkaaðila vegna rekstrar	480	–	–
3	Uppruni = ráðstöfun	9 914	−7 494	−1 519
Uppruni				
4	Viðskiptajöfnuður (halli = +)	9 655	−8 985	−2 000
5	Framlög til útlanda	259	1 491	481
51	Ríkissjóður	259	491	481
52	Einkaaðilar	–	1 000	–

VI Fjárfesting og fjármögnun

Tafla 29 Fjármagnstilfærslur 1977, 1978 og 1979

Í m.kr.

	Þiggjendur					
	Ríkið	Sveitar-félög	Einka-aðilar	Lána-stofnanir	Útlönd	Samtals
Veitendur						
1977						
Ríkið	·	1 836	1 227	8 022	259	11 344
Sveitarfélög	429	·	–	528	–	957
Einkaaðilar	–	–	·	–	–	–
Lánastofnanir	–	–	–	·	–	–
Útlönd	249	–	1 510	–	·	1 759
Samtals	678	1 836	2 737	8 550	259	14 060
1978						
Ríkið	·	2 764	1 537	12 421	491	17 213
Sveitarfélög	616	·	–	691	–	1 307
Einkaaðilar	–	–	·	–	1 000	1 000
Lánastofnanir	–	–	–	·	–	–
Útlönd	291	–	1 200	–	·	1 491
Samtals	907	2 764	2 737	13 112	1 491	21 011
1979						
Ríkið	·	3 379	1 766	15 988	481	21 614
Sveitarfélög	1 130	·	–	668	–	1 798
Einkaaðilar	–	–	·	–	–	–
Lánastofnanir	–	–	–	·	–	–
Útlönd	481	–	3 000	–	·	3 481
Samtals	1 611	3 379	4 766	16 656	481	26 893

VII Fjármunamyndun

Tafla 30 Byggingar og mannvirki hins opinbera 1977—1979
Í m.kr.

	Verðlag hvers árs			Verðlag ársins 1977		
	Bráðabtölur 1977	Áætlun 1978	Drög að spá 1979	Bráðabtölur 1977	Áætlun 1978	Drög að spá 1979
Hreinar ríkisframkvæmdir						
Rafvirkjanir og rafveitur	11 720	11 600	14 789	11 720	7 860	7 452
Þar af: Þjórsárvirkjanir	(5 020)	(4 800)	(7 230)	(5 020)	(3 200)	(3 597)
Kröfluvirkjun	(2 800)	(1 500)	(2 020)	(2 800)	(1 000)	(1 005)
Vegir og brýr	3 600	5 000	5 957	3 600	3 450	3 066
Hafnir og vitar	250	310	328	250	215	169
Flugvellir	320	620	800	320	425	406
Póstur, sími, útvarp og sjónvarp	1 420	2 400	4 395	1 420	1 635	2 187
Skólar	750	1 365	1 788	750	940	920
Sjúkrahús	520	570	728	520	395	375
Ýmsar byggingar hins opinbera	200	300	370	200	205	190
Samtals	18 780	22 165	29 155	18 780	15 125	14 765
Sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga	6 190	7 945	9 747	6 190	5 485	5 016
Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga	11 500	15 590	19 445	11 500	10 750	10 008
Framkvæmdir á vegum samtaka	830	900	950	830	620	490
Byggingar og mannvirki hins opinbera, alls	37 300	46 600	59 297	37 300	31 980	30 279

Tafla 31 Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga og sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga 1977—1979
Í m.kr.

	Verðlag hvers árs			Verðlag ársins 1977		
	Bráðabtölur 1977	Áætlun 1978	Drög að spá 1979	Bráðabtölur 1977	Áætlun 1978	Drög að spá 1979
Rafvirkjanir og rafveitur	1 500	2 000	2 950	1 500	1 380	1 518
Hita- og vatnsveitur	5 900	8 000	9 260	5 900	5 520	4 766
Gatna- og holræsagerð	3 500	4 800	6 185	3 500	3 310	3 183
Hafnarframkvæmdir	1 990	2 370	2 847	1 990	1 635	1 465
Skólar og íþróttamannvirki	2 950	3 835	4 900	2 950	2 640	2 522
Sjúkrahús	1 330	1 880	2 240	1 330	1 300	1 153
Ýmsar byggingar hins opinbera	520	650	810	520	450	417
Samtals	17 690	23 535	29 192	17 690	16 235	15 024
Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga	11 500	15 590	19 445	11 500	10 750	10 008
Sameiginlegar framkv. ríkis og sveitarfélaga	6 190	7 945	9 747	6 190	5 485	5 016
Heildarframkvæmdir	17 690	23 535	29 192	17 690	16 235	15 024

VII Fjármunamyndun

Tafla 32 Fjármunamyndun 1977—1979
Í m.kr.

	Verðlag hvers árs			Magnbreytingar frá fyrra ári %		
	Bráðab - tölur 1977	Áætlun 1978	Drög að spá 1979	Bráðab - tölur 1977	Áætlun 1978	Drög að spá 1979
Fjármunamyndun, alls	**103 750**	**145 900**	**182 237**	**7,5**	**−3,7**	**−6,8**
Þjórsárvirkjanir, Kröfluvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja	10 240	17 450	20 150	−36,8	14,1	−13,8
Innflutningur skipa og flugvéla	12 270	8 400	7 400	125,9	−54,4	−34,5
Önnur fjármunamyndun	81 240	120 050	154 687	6,0	1,7	−3,8
I Atvinnuvegir	**44 430**	**66 730**	**79 300**	**36,7**	**2,4**	**−11,3**
1. Landbúnaður	6 350	9 000	11 100	8,2	−3,0	−8,0
2. Fiskveiðar	10 130	11 100	10 000	185,3	−26,0	−32,7
3. Vinnsla sjávarafurða	4 435	6 800	9 700	49,1	4,9	6,5
4. Álverksmiðja	220	1 000	5 900	–	–	–
5. Járnblendiverksmiðja	2 200	10 150	5 000	–	–	−63,2
6. Annar iðnaður (en 3.-5.)	6 330	9 800	13 400	17,1	5,1	2,0
7. Flutningatæki	7 510	7 700	10 000	13,1	−27,6	−3,1
8. Verslunar-, skrifstofu-, gistihús o. fl.	4 120	6 280	7 700	−20,5	5,1	−8,5
9. Ýmsar vélar og tæki	3 135	4 900	6 500	17,9	4,9	0
II Íbúðarhús	**22 020**	**32 570**	**43 640**	**0**	**2,0**	**0**
III Byggingar og mannvirki hins opinbera	**37 300**	**46 600**	**59 297**	−16,0	−14,3	−5,0
1. Rafvirkjar og rafveitur	13 220	13 600	17 739	−37,0	−30,1	−2,7
2. Hita- og vatnsveitur	5 900	8 000	9 260	36,1	−6,4	−13,6
3. Samgöngumannvirki	11 080	15 500	20 512	−2,0	−3,7	−1,2
4. Byggingar hins opinbera	7 100	9 500	11 786	0	−7,7	−7,4

Aths.: Magnbreytingar 1977 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1969, 1978 við verðlag ársins 1977 og 1979 við áætlað verðlag ársins 1978. Tölur um skipainnflutning á árinu 1978 þarf að skoða með nokkrum fyrirvara þar sem líkur benda til að þessi innflutningur hafi verið nokkru minni en hér er gert ráð fyrir. Þótt þessar áætlanir fyrir árið 1978 kunni að reynast of háar, og sama gildir raunar einnig um fjárfestingu í landbúnaði, er að svo stöddu ekki ástæða til þess að leiðrétta þessar tölur sérstaklega þar sem endurskoðun á öðrum liðum leiðir sennilega einnig til breytinga, bæði til hækkunar og lækkunar, og því óvíst hvort heildarniðurstöður fjárfestingaráætlunarinnar breytist að marki við endurskoðun á næstu mánuðum.

Ed. 361. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80/1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, að 1. gr. orðist svo sem kveðið er á um í brtt. nefndarinnar á þskj. 362. Karl Steinar Guðnason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. febr. 1979.

Stefán Jónsson, form.	Ágúst Einarsson, frsm.	Alexander Stefánsson.
Geir Gunnarsson.	Oddur Ólafsson.	Guðm. Karlsson.

Ed. 362. Breytingartillaga [117. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80/1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr. frv. orðist svo:

Síðasta mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða bætur til báta, sem hafa þurft að hætta veiðum eða hafa ekki getað hafið veiðar á tilteknu veiðisvæði, sem hefur verið friðað um tiltekinn tíma vegna hrygningar nytjafiska eða hættu á seiðadrápi. Sjóðsstjórnin skal hafa hliðsjón af því, hvort friðunin hafi verið ákveðin fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið, þannig að eigendur viðkomandi báta hafi ekki getað gert ráðstafanir til veiða með sömu eða öðrum veiðarfærum á öðrum veiðisvæðum með svipuðum árangri og vænta hefði mátt á hinu friðaða svæði. Greiðslur bóta skulu í meginatriðum við það miðaðar að útgerðarmaður sleppi skaðlaus af greiðslu kauptryggingar.

Ed. 363. Frumvarp til laga [189. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

3. mgr. 10. gr. falli niður.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins.

3. gr.

2. mgr. 13. gr. orðist svo:

Ákveða má í reglugerð sérstakt gjald, er skattyfirvald ákveður á hendur þeim, sem vanrækir sparimerkjakaup, er nema má allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir. Sömuleiðis má með reglugerð ákveða, að hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessara laga um skyldusparnað, skuli skylt að gera skattyfirvaldi grein fyrir sparimerkjaeign sinni með framvísun sparimerkjabókar sinnar að viðlögðu 200 króna gjaldi. Gjöld þessi renna til Byggingarsjóðs ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagabreyting þessi er gerð vegna þess ákvæðis í 2. gr. laga nr. 60 16. maí 1978 um breyting á lögum nr. 45 16. apríl 1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum sbr. lög nr. 68 30. apríl 1973 um breyting á þeim lögum, að niður er felld lánveiting Stofnlánadeildar til nýbygginga og endurbygginga íbúðarhúsa á lögbýlum.

Nd. 364. Frumvarp til laga [190. mál]

um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1979 allt að 9 295 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfé samkvæmt 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1979.

3. gr.

2. mgr. 3. gr. laga nr. 82/1977 um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlana 1978 hljóði svo:

Að því marki sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr. er Framkvæmdasjóði Íslands og Byggingarsjóði ríkisins skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Ríkisstjórnin kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn skuli kaupa bréf af hvorum þessara fjárfestingarsjóða. Þá skal og öðrum stofnlána- og fjárfestingarsjóðum heimilt að gefa út og selja lífeyrissjóðum skuldabréf er fullnægja verðtryggingarákvæðum 1. mgr. að mati Seðlabanka Íslands, enda sé sala skuldabréfa þessara í samræmi við lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1979 að fjárhæð allt að 6 500 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á kostnaði við byggingu virkjunar við Hrauneyjarfoss og lokaframkvæmdir við Sigölduvirkjun.

5. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituframkvæmda sem hér segir:

1. Akureyrarbær, lán á árinu 1979 að fjárhæð allt að 1 800 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Lán til annarra hitaveituframkvæmda samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 1 345 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1979 svo sem hér segir:

1. Reykjavíkurborg eða Rafmagnsveitu Reykjavíkur, lán að upphæð 680 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Reykjavíkurborg eða Hafnarsjóði Reykjavíkur, lán að upphæð 340 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Öðrum sveitarfélögum, lán samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila allt að 900 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán að fjárhæð 465 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

8. gr.

Byggðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1979 að fjárhæð 1 480 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt til þess að standa undir fjármagnsútgjöldum vegna byggðalína.

9. gr.

Framkvæmdasjóði er heimilt að taka erlent lán á árinu 1979 að fjárhæð 3 950 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

10. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem tilgreindir eru í 5., 3. tl. 6., 7., 8. og 9. gr. með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði II. kafla laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, með síðari breytingum, skal húsnæðismálastjórn á árinu 1979 veita Framkvæmdasjóði Íslands lán af sparnaðarfé skv. III. kafla laganna er nemi 2 000 millj. kr. Lánskjör skulu vera hliðstæð og þau er Byggingarsjóður ríkisins nýtur að jafnaði af skyldusparnaðarfé ungmenna.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 33. gr. jarðalaga nr. 65/1976 skal framlag ríkissjóðs til Jarðasjóðs á árinu 1979 eigi fara fram úr 10 800 þús. kr.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1979 ekki fara fram úr 643 500 þús. kr.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1979 ekki fara fram úr 1 275 500 þús. kr.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-, b-, c- og d-liðar 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skulu samanlagðar tekjur Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt greindum stafliðum ekki fara fram úr 6 140 700 þús. kr. á árinu 1979. Fari tekjur skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1965 með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977, og skv. c-lið 2. mgr. 4. gr. laganna fram úr þessari fjárhæð skal það sem umfram er renna í ríkissjóð.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1979 eigi fara fram úr 297 000 þús. kr.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966, um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1979 eigi fara fram úr 152 100 þús. kr.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921, um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti á árinu 1979 ekki fara fram úr 144 000 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast á árinu 1979 af erfðafjárskatti rennur í ríkissjóð.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1979 eigi fara fram úr 83 700 þús. kr.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976, um skipulag ferðamála, skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna eigi fara fram úr 10% af skilum Fríhafnarinnar til ríkissjóðs, að viðbættum 36 000 þús.kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.

21. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán ríkissjóðs, þar sem lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Jafnframt er Landsvirkjun veitt heimild til lántöku í sama tilgangi. Skal ráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram jafnhliða skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979. Frumvarpið felur í sér lántökuheimild opinberra aðila

1979 auk heimildar Framkvæmdasjóðs Íslands og Byggðasjóðs til erlendrar lántöku. Meðfylgjandi heildaryfirlit yfir fjáröflun og ráðstöfun lánsfjár á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979 sýnir að lánsfjárþörf opinberra aðila nemur alls 27 760 m.kr., þar af eru 22 585 m.kr. erlend lán og 5 175 m.kr. innlend. Innlend lánsfjáröflun er þannig, að 4 200 m.kr. er sala ríkisskuldabréfa eða spariskírteina, en innheimta eldri spariskírteina að frádreginni innlausn skírteina nemur alls 975 m.kr. Erlend lánsfjáröflun vegna Framkvæmdasjóðs Íslands er alls 3 950 m.kr. og til Byggðasjóðs er áformað að afla erlendra lána alls 1 480 m.kr. til greiðslu á fjármagnsútgjöldum við byggðalínur.

Frumvarpið felur einnig í sér ákvæði um kaup lífeyrissjóða á verðtryggðum skuldabréfum, m. a. af Framkvæmdasjóði og Byggingarsjóði ríkisins, og húsnæðismálastjórn veiti Framkvæmdasjóði Íslands lán af skyldusparnaði ungmenna.

Um 1. og 2. gr.

Erlendar lántökur til framkvæmda vegna A- og B-hluta ríkissjóðs nema alls 9 295 m.kr. en námu 4 866 m.kr. í lögum um heimild til erlendrar lántöku fyrir árið 1978 sem afgreitt var með lánsfjáráætlun þess árs. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1979 nemur erlend lánsfjáröflun til A- og B-hluta fjárlaga alls 10 555 m.kr. Nauðsynleg lántökuheimild er 1 260 m.kr. lægri þar sem erlendrar lántökuheimildar vegna byggingar jarðstöðvar var aflað í lögum nr. 120/1978, um ábyrgðarheimildir og heimild til lántöku vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar 1978. Um ráðstöfun lánsfjárins visast til fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar og meðfylgjandi yfirlits.

Um 3. gr.

Nýmæli þessarar greinar er að inn í lög nr. 82/1977 eru nú sett ákvæði um að lífeyrissjóðir á samningssviði ASÍ kaupi skuldabréf Byggingarsjóðs ríkisins fyrir 20% af ráðstöfunarfé, innan þess ramma er lögin að öðru leyti setja. Þetta er til staðfestingar samkomulagi sem ASÍ gerði við ríkisstjórnina í febrúar 1974. Jafnframt er ákveðið að fjármálaráðuneytið setji með reglugerð ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og hefur heimild til ákvörðunar um af hvaða aðilum lífeyrissjóðirnir kaupa skuldabréf, enda séu ávöxtunarkjör sambærileg. Gert er ráð fyrir að sett verði nánari ákvæði um framkvæmd greinarinnar í reglugerð.

Um 4. gr.

Framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar eru áformaðar alls 7 230 m.kr. á árinu 1979. Framkvæmdir við Hrauneyjarfoss nema alls 4 860 m.kr. en þá hafa stjórnvöld ákveðið að dregið verði úr framkvæmdaáætlun ársins 1979 um sem svarar 2 600 m.kr. Þrátt fyrir minni verkhraða 1979 en áður var áformað er að því stefnt að virkjuninni megi ljúka haustið 1981. Til lokaframkvæmda við Sigöldu er fyrirhugað að verja 674 m.kr. og 397 m.kr. til annarra verkefna á vegum fyrirtækisins. Þá nema vaxtagreiðslur 1 299 m.kr. Erlendar lántökur nema alls 6 500 m.kr. en eigin fé fyrirtækisins og framlag ríkissjóðs nemur 730 m.kr.

Um 5. gr.

Framkvæmdir Hitaveitu Akureyrar hófust 1977 og standa enn. Til þessara framkvæmda var veitt ábyrgðarheimild að fjárhæð 4 800 m.kr. 1978. Í frumvarpi þessu er leitað heimildar til ábyrgða á erlendu láni, alls 1 800 m.kr. vegna ársins 1979.

Einnig er leitað heimildar um ábyrgð vegna lántöku alls 1 345 m.kr. en fjármagn þetta er ætlað til hitaveituframkvæmda víðsvegar um landið. Lánsfjáröflun þessi miðast við eftirtaldar framkvæmdir: Hitaveita Egilsstaða 170 m.kr., Hitaveita Vestmannaeyja 300 m.kr., Fjarvarmaveita á Höfn í Hornafirði 65 m.kr., Hitaveita Borgarfjarðar og Akraness 750 m.kr. og Hitaveita Sauðárkróks 60 m.kr. Fjármögnun þessara framkvæmda verður einnig innlend, bæði úr Lánasjóði sveitarfélaga, Orku-

sjóði og eigin sjóðum sveitarfélaga og fyrirtækjanna. Lánveitingar eða ábyrgðir af ríkisins hálfu verða ekki veittar til einstakra hitaveitna fyrr en iðnaðarráðherra hefur veitt einkaleyfi til reksturs og skilyrðum orkulaga um einkaleyfisveitingu er fullnægt. Í orkulögum nr. 58/1967 segir að einkaleyfisumsókn skuli fylgja fullnægjandi uppdrættir af fyrirhugaðri hitaveitu, kostnaðaráætlun og rekstraráætlun. Einkaleyfi skal því aðeins veitt að ráðherra telji, að fengnu áliti Orkustofnunar, að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega réttar, hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki og fullnægi hitaþörf svæðisins og að tryggður sé eðlilegur og truflanalaus rekstur, eftir því sem aðstæður leyfa.

Um 6. gr.

Í fyrri lögum um lántökur hefur ekki verið gerð sérstök grein fyrir lánsfjáröflun Reykjavíkurborgar eða borgarfyrirtækja. Þetta er nú gert enda þótt Reykjavíkurborg ábyrgist sjálf eigin skuldbindingar. Lántökuheimild til annarra sveitarfélaga nemur alls 900 m.kr. Af þessari fjárhæð eru 245 m.kr. vegna fjárhagsvanda Vestmannaeyjakaupstaðar í samræmi við tillögur úttektarnefndar þeirrar er um málið fjallaði, 340 m.kr. vegna sorpeyðingarstöðvar á Suðurnesjum og 315 m.kr. vegna annarra verkefna.

Um 7. gr.

Framkvæmdir Orkubús Vestfjarða á sviði raforkumála eru fyrirhugaðar alls 450 m.kr., þar af nemur lánsfjáröflun 400 m.kr. Einnig er heimild til lántöku alls 65 m.kr. vegna fjarvarmaveitu Ísafjarðar.

Um 8. og 9. gr.

Erlend lántaka fjárfestingarsjóða mun aukast verulega frá fyrra ári, einkum af völdum aukinna hagræðingarlána og fyrirgreiðslu við skipasmíðastöðvar. Erlend lántaka Framkvæmdasjóðs er áætluð 3 950 m.kr. Auk þess mun Byggðasjóður hafa milligöngu um útvegun erlends láns vegna fjármagnsútgjalda byggðalína.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Skyldusparnaðarfé ungmenna mun nú koma til skiptingar þannig, að til Byggingarsjóðs ríkisins renna 2 500 m.kr., til Framkvæmdasjóðs Íslands 2 000 m.kr. og Stofnlánadeildar landbúnaðarins 400 m.kr. Skyldusparnaður ungmenna í sveitum, 400 m.kr., mun enn á þessu ári ganga til Stofnlánadeildar landbúnaðarins til þess að mæta viðbótarlánum til íbúðarhúsa. Frá og með árslokum 1979 er sparnaði þessum ætlað að ganga til Byggingarsjóðs ríkisins eins og lánveitingar til íbúðabygginga í sveitum. Lántaka Framkvæmdasjóðs Íslands hjá Byggingarsjóði ríkisins af skyldusparnaðarfé verður með hliðstæðum kjörum og Byggingarsjóður nýtur að jafnaði af þessu lánsfé.

Um 12.—19. gr.

Í samræmi við markaða stefnu í fjárlögum um skerðingu á framlögum til fjárfestingarsjóða er nauðsynlegt að lögum nokkurra sjóða verði breytt.

Um 20. gr.

Lögbundnar fjárveitingar til ferðamálasjóðs voru lækkaðar um 10% eins og framlög til annarra fjárfestingarsjóða og nemur framlagið því alls 36 m.kr. Samkvæmt lögum nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal tiltekinn hluti af veltu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli renna til þessarar starfsemi. Tekjustofni þessum er nú breytt þannig að 10% af skilum Fríhafnarinnar til ríkissjóðs renna til ferðamála.

Um 21. gr.

Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum hefur yfirleitt ekki verið völ á erlendum lánum til nægilega langs tíma, miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Veldur þetta örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á næstu árum. Rétt þykir að fjármálaráðherra geti í samráði við fjárveitinganefnd tekið lán til greiðslu annarra lána sé slíkt talið heppilegt. Sams konar heimild er nú veitt stjórn Landsvirkjunar til breytingar lána.

Fylgiskjal I.

Yfirlit yfir opinbera öflun lánsfjár og ráðstöfun þess á lánsfjáráætlun 1979

Í m.kr.

	Ný áætlun 1978	Lánsfjár-áætlun 1979
Fjáröflun, alls	**40 732**	**51 025**
1. Innlend fjáröflun til opinberra framkvæmda		
1.1. Verðbréfaútgáfa ríkissjóðs innanlands	3 100	4 200
1.2. Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé ríkissjóðs	2 746	975
1.3. Önnur innlend lán	1 826	—
Samtals	7 672	5 175
2. Innlend fjáröflun til fjárfestingarlánasjóða		
2.1. Kaup lífeyrissjóða á bréfum fjárfestingarlánasjóða	6 079	9 365
2.2. Kaup Atvinnuleysistryggingasjóðs á bréfum Byggingarsjóðs ríkisins	786	2 070
2.3. Lán bankakerfisins til Framkvæmdasjóðs o. fl.	1 866	1 500
2.4. Skyldusparnaður til Byggingarsjóðs	3 871	2 500
2.5. Skyldusparnaður til Stofnlánadeildar landbúnaðarins	252	400
2.6. Skyldusparnaður til Framkvæmdasjóðs	—	2 000
2.7. Annað lánsfé	15	—
Samtals	12 869	17 835
3. Erlend lán		
3.1. Erlend lán vegna opinberra framkvæmda	18 527	22 585
3.2. Erlend lán vegna fjárfestingarlánasjóða	1 664	5 430
Samtals	20 191	28 015
Ráðstöfun lánsfjár, alls	**40 732**	**51 025**
1. Opinberar framkvæmdir		
1.1. Framkvæmdir á A-hluta fjárlaga	4 351	4 750
1.2. Framkvæmdir á B-hluta fjárlaga	9 087	10 980
1.3. Landsvirkjun	6 780[1])	6 500
1.4. Orkubú Vestfjarða	486	465
1.5. Hitaveitur sveitarfélaga	4 236	3 145
1.6. Aðrar opinberar framkvæmdir	1 259	1 920
Samtals	26 199	27 760
2. Fjárfestingarlánasjóðir		
2.1. Framkvæmdasjóður	5 375	13 200
2.2. Íbúðalánasjóðir	6 213	7 325
2.3. Aðrir sjóðir	2 945	2 740
Samtals	14 533	23 265

1) Þar af skammtímalánum breytt í langtímalán 2 730 m.kr., nettólántaka 4 050 m.kr.

Ed. 365. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt. Þorv. Garðar Kristjánsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. febr. 1979.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Guðm. Karlsson, með fyrirvara.
Stefán Jónsson.	Ágúst Einarsson.	Alexander Stefánsson.

Sþ. 366. Tillaga til þingsályktunar [191. mál]

um tollfrjálst iðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

Flm.: Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka hvort hagkvæmt er að starfrækja tollfrjálst iðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur komið fram að fyrirhugað er að reisa nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Ekki er enn ákveðið hvenær af því verður, en nauðsynlegt er að huga að hinum ýmsu atvinnutækifærum, sem unnt er að skapa í tengslum við rekstur flugstöðvarinnar.

Hlutverk tollfrjáls iðnaðarsvæðis væri í því fólgið að gefa fyrirtækjum, jafnt innlendum sem erlendum, kost á að framleiða hér eða ljúka framleiðslu tækja, véla o. s. frv., sem síðan yrðu flutt á markað, t. d. í löndum tollabandalaganna EFTA og EBE. Mætti hugsa sér að t. d. japönsk eða amerísk fyrirtæki teldu hagkvæmt að nýta þennan möguleika, einkum vegna þess að þá nytu þau tollfrelsis á mörkuðum tollabandalaganna EBE og EFTA. Hagsmunir Íslendinga yrðu hins vegar í því fólgnir að njóta atvinnunnar er þessi starfsemi skapaði.

Þá er hugsanlegt að erlend fyrirtæki gætu notað svæðið sem vörugeymslu. Vegna legu sinnar á flugleiðum Atlantshafsins er Keflavíkurflugvöllur ákjósanlegur staður til þess að geyma iðnaðarvörur og dreifa þeim síðan austur og vestur.

Ávinningurinn af því að geyma vörur á tollfrjálsu iðnaðarsvæði væri aðallega sá, að ekki er nauðsynlegt að tollafgreiða í innflutningsland fyrr en raunverulega þarf á vörunni að halda.

Á síðustu árum hefur bryddað á atvinnuleysi á Suðurnesjum, sem rekja má til aflabrests og annarra erfiðleika, m. a. afskiptaleysis stjórnvalda. Þótt aflabrögð bötnuðu má reikna með að það dugi skammt, því talið er að í framtíðinni muni sjávarútvegur engan veginn fær um að taka við því aukna vinnuafli, sem leiðir af eðlilegri fólksfjölgun.

Aukin áhersla á iðnþróun er því það ráð, sem flestir eru sammála um að verða megi til lausnar þessu vandamáli, og sökum smæðar heimamarkaðarins er líklegt að iðnaðarframleiðsla til útflutnings þurfi til að koma. Ljóst er að takist myndarlega til við rekstur tollfrjáls iðnaðarsvæðis mundi það skapa fjölda starfstækifæra jafnt fyrir faglært sem ófaglært fólk.

Árið 1959 var tollfrjálst iðnaðarsvæði sett á stofn við Shannon-flugvöll á Írlandi. Er það var gert vantaði allt til alls á staðnum og vinnuafl varð að sækja til Limerick í 25 km fjarlægð. Í nágrenni Shannon var komið upp heilum kaupstað með öllum þeim kostnaði og fyrirhöfn sem því er samfara. Ýmsar ráðstafanir voru og gerðar til að laða erlend fyrirtæki að og bar sú viðleitni góðan árangur. Nú hafa þúsundir manna atvinnu við tollfrjálsa iðnaðarsvæðið við Shannon. Afkoma þeirra, er þarna vinna, er mun betri en annars staðar gerist á Írlandi, og er af kunnugum talið, að bæði fyrir Shannon-flugvöll og írsku þjóðina í heild hafi starfsemi hins tollfrjálsa iðnaðarsvæðis á Shannon reynst jafnvel betri lyftistöng en hinir bjartsýnustu höfðu gert sér í hugarlund.

Keflavíkurflugvöllur stendur að mörgu leyti betur að vígi en Shannon er starfsemi þessi hófst þar. Í næsta nágrenni Keflavíkurflugvallar búa tæplega 13 þúsund manns og höfuðborgin í aðeins 50 km fjarlægð frá vellinum. Þá eru og hafnir í lítilli fjarlægð frá vellinum. En rétt er að hafa í huga að tollfrjálsa iðnaðarsvæðið þyrfti ekki að vera bundið við flugið eingöngu.

Auk þess má á það benda, að ef varnarliðið fer héðan losnar gífurlega mikið húsnæði sem nota mætti í sambandi við umrætt iðnaðarsvæði.

Írar hafa gert margvíslegar aðrar ráðstafanir en hér er getið til þess að auka flugumferð um Shannon. Ekki er fráleitt að um uppbyggingu tollfrjáls iðnaðarsvæðis á Keflavíkurflugvelli mætti margt læra af reynslunni á Shannon.

Að lokum skal þess getið, að samkvæmt aðalskipulagi af flugvallarsvæðinu er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði í grennd fyrirhugaðrar flugstöðvarbyggingar.

Ed. 367. Nefndarálit [108. mál]

um till. til þál. um aukin gæði fiskafla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til að þáltill. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist þannig:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því í samstarfi við hagsmunaaðila sjávarútvegsins, að gæði fiskafla verði bætt til muna.

Til þess að þetta markmið náist skal ríkisstjórnin láta framkvæma könnun á eftirtöldum atriðum:

1. Með hvaða hætti megi með fjárhagslegri og tæknilegri aðstoð af opinberri hálfu útbúa fiskiskip betur en nú er gert til geymslu á fiski.
2. Með hvaða hætti megi með fjárhagslegri og tæknilegri aðstoð af opinberri hálfu bæta geymsluþol og gæði fiskafla í fiskvinnslustöðvum, svo sem með kælingu, sjótönkum og fiskikössum.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Oddur Ólafsson og Karl Steinar Guðnason.

Alþingi, 20. febr. 1979.

Stefán Jónsson, form.	Alexander Stefánsson, fundaskr.	Ágúst Einarsson, frsm.
Guðm. Karlsson.	Geir Gunnarsson.	

Ed. 368. Nefndarálit [109. mál]

um till. til þál. um takmörkun loðnuveiða á sumar- og haustvertíð vegna öryggissjónarmiða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til að þáltill. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist þannig:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að hraðað verði útgáfu reglugerðar um hleðslu fiskiskipa, þar sem miðað verði að auknum öryggiskröfum og strangara eftirliti. Stefnt verði að því að reglugerðin taki gildi fyrir upphaf loðnuvertíðar á sumri — og eigi síðar en 1. ágúst 1979.
2. Fyrirsögnin orðist þannig:
   Tillaga til þingsályktunar um útgáfu reglugerðar um hleðslu fiskiskipa.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Karl Steinar Guðnason og Oddur Ólafsson.

Alþingi, 20. febr. 1979.

Stefán Jónsson, form., frsm. Alexander Stefánsson, fundaskr. Geir Gunnarsson.
Ágúst Einarsson. Guðm. Karlsson.

Sþ. 369. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]

um velfarnað sjómanna á siglingu og í erlendum höfnum.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að gera tillögur um ráðstafanir til að auka velfarnað íslenskra sjómanna á siglingu og í erlendum höfnum.

Nefndin skal sérstaklega athuga eftirtalin atriði:

1) Hvernig tryggja megi, að í íslenskum skipum verði ekki aðeins sjónvarp, heldur og myndsegulbandstæki.
2) Hvernig unnt verði að láta festa á segulbönd íslenskt efni, þar á meðal sjónvarpsdagskrár, og lána böndin til skipa.
3) Hvort Ísland getur með því að gerast aðili að norrænum eða alþjóðlegum samtökum tryggt sjómönnum þjónustu, þ. á m. lán á kvikmyndum og segulböndum, í erlendum höfnum.

Nefndin skal skipuð þannig, að Sjómannasamband Íslands tilnefni einn mann, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands annan, en hinn þriðji sé skipaður af ráðherra án tilnefningar.

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti Benedikt Gröndal samhljóða þingsályktunartillögu, sem ekki varð útrædd.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi tillögunni:

Skipaeign Íslendinga, bæði farskip og fiskiskip, fer stöðugt vaxandi og hefur endurnýjun verið ör. Jafnframt hefur orðið mikil framför í aðbúnaði áhafna ekki síður en í almennum tæknibúnaði skipanna.

Margt er samt sem áður ógert til að gera sjómönnum kleift að nota frjálsar stundir um borð á sem bestan og heilbrigðastan hátt, efla félagslíf áhafna og gefa þeim kost á að njóta svipaðrar þjónustu og fólk í landi hefur af sjónvarpi og kvikmyndum.

Nokkur íslensk skip hafa 16 mm kvikmyndavélar um borð, en hér á landi er mjög takmarkað úrval mynda, sem unnt er að lána til skipanna, sérstaklega ef ferðir þeirra eru langar. Helsta kvikmyndasafn landsins einbeitir kröftum sínum að skólum og fræðslu, en hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að eignast mörg eintök af myndum eða kaupa langar myndir.

Þá hafa nokkur skip fengið myndsegulbandstæki, sem tengd eru við sjónvarpstæki. Þau breiðast nú ört út í skipum um allan heim, og er sú tækni talin henta þessu verkefni mjög vel. Þegar skipin eru nærri íslenskum eða erlendum sjónvarpsstöðvum, er hægt að taka upp dagskrár, þannig að sjómenn geti notið þeirra, hvenær sem frívaktir þeirra eru. Erlendis, t. d. í Noregi, er skipulögð starfsemi til að festa alls konar efni á myndsegulbönd og lána um borð í skip, þannig að sjómenn missi ekki af besta sjónvarpsefni, þótt þeir séu fjarri heimahögum, þegar það er sent út. Einnig er hægt að setja kvikmyndir á segulbönd, svo og ýmislegt annað efni, heil fræðslunámskeið, kennslu í meðferð öryggistækja og hvað eina.

Í þessu sambandi hafa komið upp flókin vandamál varðandi höfundarrétt, en þau á að vera unnt að leysa. Ríkisútvarpið hefur að vísu sýnt því máli furðulegt áhugaleysi og hefur ekki enn komið því til leiðar, eftir 10 ára sjónvarp, að unnt sé að fá til sýninga í skólum nokkurn dagskrárlið, hversu æskilegt fræðsluefni sem hann kann að vera, eftir að sjónvarpið hefur notað hann sjálft. Verður því ekki trúað að óreyndu, að starfsfólk sjónvarpsins standi í vegi fyrir lausn á þessu máli, enda væri sjálfsagt að ákveða sameiginlega höfundargreiðslu í einhverja sjóði þess, þegar efni er tekið upp til endursýningar í skipum eða skólum, hvort sem er á filmu eða myndsegulband.

Það er svo útbreidd skoðun, að sjómenn eyði tíma sínum í erlendri höfn einungis í svall, að samtök þeirra hefðu fyrir löngu átt að gera ráðstafanir til að spyrna gegn henni. Í þeim efnum eru sjómenn án efa misjafnir eins og annað fólk, en óréttlátt að dæma þá sem heild. Hitt er sönnu nær, að þeir hafi ekki haft aðstöðu til að hagnýta sér margvíslega þjónustu, sem t. d. hin Norðurlöndin halda uppi fyrir sína sjómenn í erlendum höfnum. Þar á meðal eru lán á sýningarefni fyrir kvikmyndavélar eða myndsegulbandstæki. Þarf að kanna það mál vandlega, enda fer þeim sífellt fjölgandi, sem íslensk skip koma til, og á síðari árum hefur það gerst í vaxandi mæli, að íslensk skip með íslenskum áhöfnum séu í langvarandi siglingum milli erlendra hafna.

Margt kemur fleira til greina, og mundi könnun á viðhorfum sjómanna sjálfra án efa leiða í ljós óskir og hugmyndir. Svo mikilvæg sem sjómannastéttin er þjóðinni er ástæðulaust að útgerðarfélög leggi ekki fram þann kostnað, sem kann að verða við bætta aðstöðu í þessum efnum.

Nd. 370. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 31 28. mars 1974, um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt.
Eggert Haukdal og Stefán Valgeirsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. febr. 1979.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm. Páll Pétursson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen.
Gunnlaugur Stefánsson. Eðvarð Sigurðsson.

Sþ. 371. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]

um endurskoðun laga um almannatryggingar og undirbúning löggjafar um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Flm.: Alexander Stefánsson, Páll Pétursson, Jón Helgason, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að við heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, sem gerð verði með það markmið í huga fyrst og fremst, að tryggingalöggjöfin verndi og styðji þá þjóðfélagsþegna, sem þurfa á samfélagsaðstoð að halda hverju sinni, verði m. a. sérstaklega tekið tillit til eftirfarandi atriða:

a) Auk lífeyristrygginga, er taki til ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, barnalífeyris, ekkjubóta og ekkjulífeyris, slysatrygginga, sjúkratrygginga og annarra bóta, verði í löggjöfina sett skýr ákvæði um að almannatryggingar annist fyrirgreiðslur til lamaðra og fatlaðra, hreyfihamlaðra, blindra og heyrnarskertra, málhaltra, þroskaheftra, ofnæmissjúklinga og annarra þeirra er eiga við erfiða sjúkdóma að stríða, útvegi og greiði nauðsynleg hjálpartæki og áhöld fyrir þetta fólk, greiddur verði að fullu kostnaður vegna sjúkrameðferðar, þar með talinn allur kostnaður vegna læknismeðferðar hjá erlendum sérfræðingum og sjúkrastofnunum.
b) Almannatryggingar greiði afnotagjöld af síma, útvarpi og sjónvarpi fyrir þá þjóðfélagsþegna, sem engar tekjur hafa aðrar en lífeyrisbætur tryggingakerfisins.
c) Fæðingarorlof greiðist af almannatryggingum til allra fæðandi kvenna í landinu, hvort sem þær eru útivinnandi eða við heimilisstörf.
d) Sett verði löggjöf um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Greinargerð.

Frá því að heildarlöggjöf um almannatryggingar var lögfest 1971, hafa verið gerðar margvíslegar breytingar á lögunum á hverju ári frá gildistöku. Allar þessar breytingar hafa miðað að því að bæta tryggingakerfið í vissum þáttum. En heildarendurskoðun, ekki síst miðuð við breyttar þjóðfélagsaðstæður og ný vandamál, hefur ekki farið fram. Þess vegna teljum við flutningsmenn þessarar þingsályktunar-

tillögu, að ekki megi draga lengur að hefja þessa endurskoðun, og viljum um leið benda á mörg vandamál þjóðfélagsþegnanna, sem eiga heima í almannatryggingum.

Við teljum að tryggingalöggjöfin eigi að vera þannig gerð, að hún veiti ekki aðeins fulkomið öryggi fólks á vissu aldurskeiði, heldur ekki síður vernd og afgerandi stuðning við alla þjóðfélagsþegna, sem þurfa á samfélagsaðstoð að halda hverju sinni.

Við Íslendingar erum taldir stolt þjóð, viljum telja okkur til gildis að lífskjör okkar sem þjóðar séu með því besta sem gerist, svo og þjóðartekjur miðað við íbúa.

Vissulega viljum við stefna að því markmiði, að við og niðjar okkar getum búið við afkomuöryggi sem frjáls og fullvalda þjóð. Kapphlaupið um lífsgæðin er sjálfsagt óskráð lögmál í hinum frjálsa heimi. En vill ekki oft gleymast, að ekki hafa allir þjóðfélagsþegnar jafnan rétt eða möguleika til að fylgjast með eða njóta lífsgæðanna? Það gleymist býsna oft, að ótalinn fjöldi meðbræðra og systra hefur af ýmsum ástæðum orðið fyrir áföllum, sem skert hafa orku þeirra og getu til þátttöku í daglega lífinu og þannig útilokað frá eðlilegum samskiptum í þjóðfélaginu á mörgum sviðum. Þetta á að sjálfsögðu við hvar sem er í heiminum.

Við Íslendingar erum fámenn þjóð, þar sem segja má að allir þekki alla, og erum efnalega vel settir. Það ætti því að vera metnaður okkar og auðvelt fyrir okkur að sjá til þess, að þeir meðbræður og systur, sem hafa orðið fyrir áföllum í lífinu, fái eins góða meðhöndlun og samfélagslega hjálp og frekast er hægt að veita í nútímaþjóðfélagi. Það á virkt almannatryggingakerfi að gera. Við höfum fyrirferðarmikið tryggingakerfi og heilbrigðisþjónustu sem er yfir 40% af ársútgjöldum ríkis og sveitarfélaga. En því miður vantar stórlega á að þetta mikilvæga kerfi nái yfir það svið að aðstoða nægjanlega hinn mikla fjölda landsmanna sem eru öryrkjar, hreyfihamlaðir, blindir, heyrnarskertir, málhaltir, þroskaheftir, ellihrumir eða þjást af ýmsum alvarlegum sjúkdómum, og við rekumst daglega á þetta vandamál. Á þessu verður að ráða bót. Þess vegna má ekki draga lengur að endurskoða lögin um almannatryggingar og aðlaga þau því hlutverki að vernda og styðja alla þá, er verða fyrir áföllum og þurfa á samfélagshjálp að halda, og þess sé gætt, að sú aðstoð og hjálp komi að fullum notum og veiti öryggi til handa þessu fólki.

Við leggjum mikla áherslu á það atriði, að almannatryggingar taki til allra þarfa þessa fólks, svo að það þurfi ekki að leita annað, t. d. sjái almannatryggingar um innkaup á öllum hjálpartækjum og áhöldum fyrir hreyfihamlaða og öryrkja, kennslubókum og tækjum fyrir blinda og málhalta. Sömuleiðis verði tryggilega fyrir því séð í lögunum, að öll sjúkrameðferð og endurþjálfun sé greidd að fullu, þar með talið þegar um er að ræða sjúklinga, sem sendir eru á erlend sjúkrahús til erlendra sérfræðinga, þar með talinn allur ferðakostnaður.

Krafan um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn hefur orðið almennari með hverju ári. Löngu er ljóst að fjöldi lífeyrissjóða í landinu hafa ekki möguleika að tryggja meðlimum sínum öruggan lífeyri og fjöldi landsmanna hefur engin lífeyrissjóðsréttindi. Flutningsmenn telja eðlilegt að endurskoðun almannatryggingakerfisins spanni yfir þetta verkefni og stuðli að setningu löggjafar um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Það er von okkar, að endurskoðuð lög um almanatryggingar, sem m. a. feli í sér breytingar er hér hefur verið bent á, komi til meðferðar á Alþingi sem allra fyrst.

Ed. 372. Breytingartillaga [148. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

Frá Guðmundi Karlssyni.

Við 1. gr. Síðari efnismálsgrein falli niður.

Ed. 373. Frumvarp til laga [194. mál]

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Flm.: Ólafur Björnsson, Guðmundur Karlsson.

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Þrátt fyrir ákvæði síðustu málsgreinar gildir þetta bann ekki fyrir árin 1979 og 1980, enda kveði reglugerð á um að möskvastærð í allri dragnótinni sé 170 m/m.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Veturinn 1976 var lagt fram á Alþingi frv. til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Frumvarp þetta var að mestu byggt á undirbúningsvinnu fiskveiðilaganefndar, sem starfaði frá ársbyrjun 1975 og lauk störfum í ársbyrjun 1976. Nefnd þessi hafði mjög víðtæk samráð við hagsmunaaðila um land allt og Hafrannsóknastofnun.

Í engu af því, sem nefndin fékk til skoðunar, var rökstutt, að sérstakar reglur ættu að gilda um Faxaflóa. Hins vegar lagði Hafrannsóknastofnunin og margir fleiri áherslu á að nýta bæri skarkolastofninn, m. a. með því að leyfa dragnótaveiði í Faxaflóa. Samkvæmt því gerði nefndin víðtækar tillögur að reglugerð um dragnótaveiðar, sem að sjálfsögðu tóku til Faxaflóa. Í tillögunum var reiknað með að möskvinn í dragnót yrði stækkaður í 165 m/m. Reyndin varð sú, að möskvinn í dragnót var stækkaður í 170 mm í poka, en eftir tillögum nefndarinnar varðandi veiðisvæði og tíma hefur lítið verið farið.

Nú þegar fyrir liggur að draga verður verulega úr sókn í þorskstofninn, er enn meiri ástæða til þess að nýta skarkolann en fyrr. Þá er það ljóst, að skarkolastofninn er aðeins hálfnýttur. Við það bætist, að mikill hluti af því, sem veitt er, er veitt á þeim tíma, sem kolinn er rýrastur og gefur minnstan arð. Skarkolinn verður ekki nýttur af viti, nema leyft sé að veiða hann þar sem hann heldur sig þegar hann er í besta ástandi. Eigi að nýta skarkolann á næsta sumri þarf að hefja undirbúning sem allra fyrst.

Á markað er komin vél til þess að flaka kola með miklu betri árangri en áður hefur þekkst, en það stuðlar að meiri hagkvæmni í vinnslu og væntanlega hærra verði fyrir kolann til veiðiskipanna. Koli, sem er heilfrystur, er fyrir fram dæmdur til þess að verða annars flokks vara, hversu góður sem hann kemur á land.

Þá er rétt að geta þess, að næstu daga er væntanleg ný reglugerð um möskvastærð í dragnót, sem mun ákveða, að öll nótin sé úr 170 m/m möskva, en það mun útiloka þá misnotkun, sem brögð hafa verið að við notkun dragnótar, þ. e. að hnýta fyrir ofan við pokann.

Leyfi til dragnótaveiða eru veitt til þess að nýta vannýttan skarkolastofn. Þess vegna ætti að setja reglugerð um hvað eina, sem viðkemur veiðunum, m. a. hve mikið má vera af öðrum fiski í aflanum.

Brot á reglugerð varðandi veiðarnar ætti að varða sviptingu veiðileyfis.

Ed. 374. Frumvarp til laga [195. mál]

um breyting á lögum nr. 43 26. maí 1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

Flm.: Jón Helgason.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi:

Landgræðslustjóri fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um, fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins.

2. gr.

3. og 4. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Matsnefndir skulu semja álitsgerð um allar nauðsynlegar varnarframkvæmdir samkvæmt 1. gr. fyrir 1. maí ár hvert. Skal þar koma fram áætlaður kostnaður við fyrirhleðslur og aðrar lagfæringar á árfarvegum í sýslunni fyrir næsta ár eða fleiri, ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða. Enn fremur sé gefin stutt lýsing á tilhögun fyrirhugaðra framkvæmda á hverjum stað.

Álitsgerðina skal matsnefnd senda til landgræðslustjóra, en afrit af henni til Vegagerðar ríkisins, Búnaðarfélags Íslands, búnaðarsambands sýslunnar og þeirra landeigenda, sem hlut eiga að máli.

3. gr.

1. málsliður 8. gr. laganna orðist svo:

Vegagerð ríkisins sér um byggingu og viðhald mannvirkja samkvæmt fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni í samráði við landgræðslustjóra.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ágangur vatna hefur verið mikilvirkt afl við gróðureyðingu á liðnum öldum. Mikið starf er búið að vinna við heftingu landbrots með fyrirhleðslum, en samt er enn þá allt of algeng sjón að sjá vatnsföll eyða grónu landi og gróðurmoldina skolast burt. Þar er því víða mikið verk óunnið.

Lög um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna voru samþykkt á Alþingi vorið 1975 eftir tillögum landgræðslunefndar. Samkvæmt þeim skal skipa matsnefnd í hverri sýslu, sem á að fylgjast með hættu á landspjöllum af völdum vatna og semja álitsgerðir um varnarframkvæmdir. Vegagerð ríkisins skal annast verkfræðilegan undirbúning og sjá um byggingu og viðhald mannvirkja samkvæmt fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni. Hins vegar er engum einum aðila falið að gera heildaryfirlit, byggt á álitsgerðum matsnefndanna, um hættu á landspjöllum og nauðsynlegar varnaraðgerðir.

Samkvæmt 1. gr. þessa frv. er landgræðslustjóra falið að annast yfirstjórn þessara mála fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins. Slíkt virðist eðlilegt, þar sem þetta verkefni er nátengt öðru landgræðslustarfi og ekki síður þörf á að verja gróið land en græða það sem orðið er örfoka.

Með breytingu í 2. gr. er lögð áhersla á að matsnefndir geri áætlanir um allar nauðsynlegar varnarframkvæmdir, svo að glögg heildarmynd fáist af því verkefni sem við þarf að glíma.

Víða blasir við, að þörfin er miklu meiri en unnt hefur verið að sinna síðustu árin. Þess er vænst, að með þeirri breytingu, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, verði málin tekin fastari tökum.

Ed. 375. Frumvarp til laga [63. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. febr.)

1. gr.

27. tl. 3. gr. laganna orðist svo:

Að lækka eða fella niður gjöld af allt að 400 bifreiðum árlega fyrir bæklað fólk eða lamað svo og fólk með lungnasjúkdóma, hjartasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.

Lækkun gjalda af hverri bifreið má nema allt að 500 þúsund krónum og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 1 milljón króna.

Þó skal heimilt að lækka gjöld af allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 1 milljón króna fyrir þá sem mestir eru öryrkjar, en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má nema allt að 2 milljónum króna af hverri bifreið samkvæmt þessari málsgrein.

Aðilar, sem njóta tollívilnunar samkvæmt 41. tl., geta eigi jafnframt fengið tollívilnun samkvæmt þessum tölulið.

Fjármálaráðherra skipar fimm manna nefnd er úrskurðar umsóknir og gerir tillögur um eftirgjöf gjalda af ofangreindum bifreiðum. Skulu fjórir nefndarmenn vera læknar og skipaðir samkvæmt tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands, en sá fimmti skipaður án tilnefningar, og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk gjöld af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, svo og af áhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess samkvæmt læknisvottorði og henta ekki öðru fólki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 376. Frumvarp til laga [117. mál]

um breyting á lögum nr. 80/1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. febr.)

1. gr.

Síðasta mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða bætur til báta, sem hafa þurft að hætta veiðum eða hafa ekki getað hafið veiðar á tilteknu veiðisvæði, sem hefur verið friðað um tiltekinn tíma vegna hrygningar nytjafiska eða hættu á seiðadrápi. Sjóðsstjórnin skal hafa hliðsjón af því, hvort friðunin hafi verið ákveðin fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið, þannig að eigendur viðkomandi báta hafi ekki getað gert ráðstafanir til veiða með sömu eða öðrum veiðarfærum á öðrum veiðisvæðum með svipuðum árangri og vænta hefði mátt á hinu friðaða svæði. Greiðslur bóta skulu í meginatriðum við það miðaðar að útgerðarmaður sleppi skaðlaus af greiðslu kauptryggingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimild skv. lögum þessum skal taka til veiða rækjubáta, sem ekki gátu hafið veiðar s. l. haust vegna mikils seiðafjölda, og gilda frá 1. okt. s. l.

Sþ. 377. Tillaga til þingsályktunar [196. mál]

um stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins.

Flm.: Pálmi Jónsson, Gunnar Thoroddsen, Þorv. Garðar Kristjánsson, Eggert Haukdal, Friðjón Þórðarson, Lárus Jónsson, Albert Guðmundsson, Sverrir Hermannsson, Oddur Ólafsson, Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins skuli byggjast á eftirfarandi grundvallaratriðum:

1. Treyst verði sjálfseignarábúð bænda á jörðum og eignarréttur einstaklinga og sveitarfélaga á landi og hlunnindum verndaður.
2. Unnið verði markvisst að aukinni hagkvæmni í landbúnaðinum ásamt fjölbreytni í framleiðslu og fullvinnslu búvara.
3. Landbúnaðinum verði búin þau skilyrði, að unnt sé að tryggja bændum sambærileg lífskjör og aðrar fjölmennar stéttir þjóðfélagsins búa við.
4. Framleiðsla landbúnaðarafurða miðist fyrst og fremst við það, að ávallt verði fullnægt þörfum þjóðarinnar fyrir neysluvörur og hráefni til iðnaðar. Auk þess verði tekið fullt tillit til þjóðhagslegs gildis þeirra atvinnutækifæra annarra, sem landbúnaðarframleiðslan veitir.
5. Tryggð verði í megindráttum núverandi byggð í sveitum landsins. Komið verði í veg fyrir miklar sveiflur í landbúnaðinum, sem gætu valdið óvæntri búseturöskun. Í því skyni verði m. a. nýttir allir hagrænir möguleikar til atvinnu- og framleiðslustarfsemi, sem byggjast á nýtingu lands-, vatns- og sjávargæða. Iðnaður og þjónustustarfsemi í sveitum verði aukin.
6. Sveitafólki verði með lögum veitt sambærileg félagsleg réttindi og þorri annarra þegna þjóðfélagsins nýtur. Aukið verði jafnræði í aðstöðu til mennta og í þjónustu opinberra aðila án tillits til búsetu.
7. Gætt verði hófsemi í umgengni við landið og náttúru þess. Tryggt verði, svo sem tök eru á, að varðveitt séu sérstæð náttúrufyrirbrigði, gróður, dýralíf og hlunnindi. Öllum verði gefinn kostur á að njóta samskipta við náttúru landsins og í því skyni séð fyrir nægilega mörgum opnum svæðum til útivistar, þjóðgörðum og tjaldstæðum.

Þær leiðir, sem farnar verði til þess að ná framangreindum markmiðum, séu m. a. eftirfarandi:

a) Gerð verði úttekt á þjóðhagslegu gildi svokallaðrar umframframleiðslu í landbúnaði. Úttektin skiptist í tvennt og nái til nautgripaafurða annars vegar og sauðfjárafurða hins vegar. Enn fremur verði metin þýðing aukabúgreina og aukatekna sveitafólks og hvaða skerðingar mætti vænta í þessum þáttum, ef „umframframleiðslan“ félli niður. Tekið verði fullt tillit til þeirra tekna, sem af þessari framleiðslu spretta, þ. á m. gjaldeyristekna, tekna ríkissjóðs af innflutningi, sem fyrir þann gjaldeyri fæst, tekna ríkissjóðs í beinum og óbeinum sköttum af rekstrarvörum og vinnuafli, sem bundið er þessum hluta framleiðslunnar og úrvinnslu hennar. Á móti verði metin gjaldeyriseyðsla og útgjöld ríkissjóðs vegna þess hluta framleiðslunnar, sem hér er um að ræða.

Í úttekt þessari verði einnig metinn þáttur „umframframleiðslunnar“ í því að mæta atvinnuþörfum þjóðarinnar, skapa hráefni til iðnaðar og hvaða fjárfestingarkostnaður mundi fylgja uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og nýrra atvinnufyrirtækja, ef það fólk, sem að þessum hluta framleiðslunnar starfar, þyrfti að leita annað sér til lífsframfæris.

b) Teknir verði upp beinir samningar milli fulltrúa bænda og ríkisvaldsins. Þar verði samið um verð á búvöru, sem miðist við það, að framleiðsla tiltekins meðalbús geti skilað þeim tekjum, sem keppt er að, sbr. 3. tölulið. Samið verði um verðtryggingu ríkisins á tilteknu heildarframleiðslumagni þeirra búvara, sem nauðsyn ber til að verðtryggja. Þar verði m. a. höfð til leiðsagnar úttekt á hagrænu gildi „umframframleiðslunnar“, sbr. a-lið. Útflutningsbótakerfið falli inn í slíka samninga. Gerðir verði stefnumarkandi samningar um verðtryggt framleiðslumagn til 3—5 ára í senn, sem endurskoðist árlega. Breytingar á verðtryggðu framleiðslumagni verði hægfara og komi fram í áföngum á nokkru árabili, þannig að tóm gefist til aðlögunar. Fyrir framleiðslu, sem er umfram umsamið heildarmagn á samningstíma, fái framleiðendur enga verðtryggingu.

c) Ef grípa þarf til sérstakra aðgerða, t. d. byggðaáætlana, til þess að viðhalda eða efla byggð á tilteknum landssvæðum, þá er það hlutverk þjóðarheildarinnar. Ber að ætla til þess fé á fjárlögum, að svo miklu leyti sem um bein fjárframlög er að ræða, enda hafi þá byggðaáætlun hlotið staðfestingu Alþingis. Nú verður framleiðsluaukning í landbúnaðinum vegna slíkra aðgerða ríkisvaldsins og hækkar þá sjálfkrafa umsamið verðtryggt heildarframleiðslumagn búvara sem því nemur.

d) Á meðan framleiðsla á mjólk og kjöti er meiri en verðtryggðu magni á þessum vörum nemur, skal bústofn ríkisbúa vera í lágmarki. Þess verði þó gætt, að þau geti jafnan gegnt hlutverki sínu á sviði tilrauna, kynbóta og verkmenntunar í búfræðinámi. Tekið verði til sérstakrar athugunar, hvort unnt sé að færa hluta af slíkri starfsemi yfir á bú einstakra bænda.

e) Gert verði öflugt átak í markaðsmálum landbúnaðarins. Þess verði freistað, svo sem kostur er, að ná samningum við stjórnvöld í helstu viðskiptalöndum okkar um að fá fellda niður innflutningstolla af íslenskum landbúnaðarafurðum, m. a. í tengslum við aðra viðskiptasamninga. Fjölbreytni í vinnslu landbúnaðarafurða verði aukin í því skyni að mæta þörfum markaðarins innanlands og utan.

f) Leitast verði við að ná aukinni hagkvæmni í búrekstrinum. Rannsókna- og leiðbeiningastarfsemi verði í vaxandi mæli beint að þessu verkefni. Sérstaklega verði stuðlað að bættri fóðuröflun, votheysverkun og súgþurrkun til þess að minnka notkun á aðföngum og draga úr rekstrarkostnaði búanna.

g) Stofnlánadeild landbúnaðarins verði tryggður öruggur fjárhagsgrundvöllur. Með lánveitingum úr deildinni verði auðvelduð eigendaskipti á jörðum. Þessum og öðrum lánveitingum deildarinnar verði hagað þannig, að þau samrýmist og styðji þau markmið í framleiðslumálum og byggðamálum, sem lýst hefur verið hér að framan og samið verður um í samningum ríkisvalds og bænda.

Rekstrarlán til landbúnaðarins verði hækkuð og afurðalán við það miðuð, að bændur fái sem svarar 90% af umsömdu verði þegar eftir afhendingu afurðanna. Tryggt verði, að lán þessi komi bændum þegar að fullum notum.

Tollar og sölugjöld af vélum og rekstrarvörum til landbúnaðar verði eigi hærri en til annarra höfuðatvinnuvega þjóðarinnar.

h) Lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., nr. 101/1966, verði breytt, eftir því sem við á, til samræmis við þá stefnu, sem í tillögu þessari felst. Enn fremur öðrum lögum eftir því sem þörf krefur, svo stefna þessi nái tilgangi sínum.

Greinargerð.

Á undanförnum missirum hafa orðið miklar og vaxandi umræður um landbúnaðarmál. Ljóst er, að núverandi verðlagningar- og verðtryggingarkerfi landbúnarins dugar ekki lengur og er fjær því en nokkru sinni fyrr að tryggja kjör bændastéttarinnar eða hafa nokkra stjórn á framleiðslunni. Alvarleg vandamál blasa við. Smjörbirgðir í landinu í árslok 1978 voru 1338 tn., eða sem svaraði ársneyslu á innlendum markaði. Ostabirgðir voru álíka miklar, eða 1400 tn. Erfiðleikar eru á sölu þessara vara úr landi og útflutningsverð, einkum á smjöri, er mjög lágt, eða nál. 400 kr. kg. Útlit er fyrir, að framleiðendur þurfi að taka á sig halla af útflutningi vegna framleiðslu þessa verðlagsárs sem nemur 4.7 milljörðum kr. eða rúmlega 1 milljón kr. á bónda að meðaltali.

Það, sem að framan er rakið, sýnir, að nauðsynlegt er að taka framleiðslu- og markaðsmál landbúnaðarins nýjum og fastari tökum. Óhjákvæmilegt er að marka nýja stefnu.

Samtök bænda og ýmsir forustumenn úr þeirra röðum hafa látið frá sér fara tillögur um það, hvernig bregðast megi við hluta af þessum vanda. Athyglisverðar hugmyndir hafa einnig komið fram á bændafundum um það, hvernig vænlegast væri að breyta stefnunni til langs tíma. Þessar tillögur eru auðvitað hinar mikilvægustu. Og þó að þær séu ekki allar samhljóða, þá auðveldar sú mikla umræða, sem orðið hefur um þessar tillögur og hugmyndir, leitina að þeirri leið, sem flestir ættu að geta sameinast um.

Það er á hinn bóginn til of mikils ætlast, að bændur einir leysi þessi mál. Alþingi verður að marka stefnuna og tryggja henni framgang.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér er flutt, er þáttur í þeirri stefnumörkun, sem að undanförnu hefur verið unnið að af sjálfstæðismönnum í hinum ýmsu málaflokkum. Tilgangur flutningsmanna er að marka stefnu í málefnum landbúnaðarins, sem Alþingi getur vonandi tekið afstöðu til. Tillagan er nokkuð viðamikil, en þó er fjarri því að hún rúmi alla þætti þeirra mála, sem landbúnaðinn snerta.

Tillagan skiptist í nokkur meginmarkmið eða grundvallaratriði annars vegar og leiðir til að ná þeim markmiðum hins vegar. Þessi grundvallaratriði eru eftirfarandi:

1. Eignarrétturinn verði verndaður og sjálfseignarábúð bænda tryggð.
2. Hagkvæmni í rekstri og fjölbreytni í framleiðslu landbúnaðarins verði aukin.
3. Bændum verði tryggð lífskjör á borð við aðra þjóðfélagsþegna.
4. Framleiðsla búvara verði a. m. k. nægileg fyrir þarfir þjóðarinnar í víðtækri merkingu.
5. Byggðakeðja sveitanna verði ekki rofin. Landið verði áfram allt í byggð.
6. Sveitafólki verði tryggð félagsleg réttindi á borð við aðra og aukið jafnræði til mennta og opinberrar þjónustu.
7. Gætt verði hófsemi í umgengni við landið og þjóðinni tryggður réttur til návistar við náttúru þess.

Segja má, að sum þessi markmið séu í sjálfu sér ekki ný. En þar er þó að dómi flm. um grundvallaratriði að ræða, sem ekki má missa sjónar á, ef landbúnaðurinn á að halda velli. Leiðirnar, sem tillagan gerir ráð fyrir að farnar séu til þess að ná þessum markmiðum, fela í sér mun meiri nýmæli. Mestu breytingarnar felast í því, að samið verði milli bænda og ríkisvaldsins um verð og verðtryggingu á ákveðnu heildarframleiðslumagni af búvörum, sem byggist m. a. á hagrænu gildismati á búvöruframleiðslunni fyrir þjóðarheildina. Einstakir töluliðir og stafliðir verða skýrðir hér á eftir.

Stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins má ekki dragast. Fleiri ár mega ekki líða án þess að ný stefna verði tekin. Slík stefnumörkun er enda eðlileg forsenda fyrir því, að unnt sé að skapa þann skilning sem þarf, til þess að þjóðfélagið komi

til móts við bændastéttina til að leysa þann bráða vanda, sem nú er við að etja í birgða- og sölumálum bænda. Sá vandi mun ýmsum þykja auðleystari, þegar í sjónmáli er nýtt skipulag, sem m. a. byggir á hagrænum sjónarmiðum.

Athugasemdir og skýringar við einstaka töluliði og stafliði.

1. Hér er um grundvallaratriði að ræða, sem verður að varðveita til þess að tryggja sjálfstæði bænda. Eignarréttinum þurfa bændur þó að beita af hyggindum og sanngirni, ella er vaxandi hætta á því, að hann verði skertur.
2. Lögð er áhersla á hagkvæmni í búrekstrinum og fjölbreytni í framleiðslu og vinnslu búvara með því að skipa þessum málum á bekk grundvallarmarkmiða í landbúnaðinum.
3. Þá viðmiðun, sem málsgreinin felur í sér, þarf að skilgreina betur við framkvæmd þessarar stefnu. E. t. v. gæti komið til álita að miða við tekjur samkvæmt tilteknum launaflokki, en sú leið þarfnast þó umræðu og nánari athugunar. Gera verður ráð fyrir því, að vel rekið meðalbú af tiltekinni stærð geti skilað þeim tekjum, sem þarf svo þessu marki verði náð. Þess sé gætt, að dugnaður og hagsýni fái notið sín. Ástæða er til að árétta, að ekki dugar einvörðungu að miða við efnaleg kjör eða tekjur, heldur einnig félagsleg kjör, eins og síðar verður að vikið.
4. Í þessari málsgrein er ekki einvörðungu átt við það, að búvöruframleiðslan verði fullnægjandi fyrir innanlandsneyslu og hagsmuni iðnaðarins, heldur verði tekið fullt tillit til beinna og óbeinna áhrifa hennar á atvinnuskilyrði og afkomumöguleika bænda og þeirra þjóðfélagshópa annarra, sem í tengslum við framleiðsluna starfa.
5. Hér er átt við, að byggð í sveitum landsins megi ekki raskast í neinum verulegum atriðum frá því sem nú er. Auðvitað munu einhver býli, sem nú eru byggð, falla úr ábúð, en það má ekki hafa áhrif á heildarbúsetuna. Fólkinu í sveitum landsins má ekki fækka, því það er víðast hvar í lágmarki, svo byggðinni verði haldið. Fjölga þarf tækifærum til tekjuöflunar í sveitum, einkanlega meðan líklegt samdráttarskeið í búvöruframleiðslunni varir, svo sveitirnar tærist ekki upp af fólki frekar en orðið er.

   Eðlilegt er að taka tillit til þess öryggis, sem búsetan veitir bæði ferðamönnum, sem oft koma misjafnlega til reika ofan af hálendinu eða af fjallvegum milli byggða, og ekki síður sjómönnum, sem lenda í sjávarháska við strendur landsins.

   Enn fremur verður að líta til framtíðarinnar í sambandi við búsetuna og hvaða verðmæti færu forgörðum, ef veruleg skörð mynduðust í byggðina, — skörð, sem þyrfti síðan að fylla aftur að einum til tveimur áratugum liðnum, þegar þörfin fyrir vaxandi framleiðslu fer að segja til sín.
6. Í fyrri málslið þessa töluliðar er átt við atriði eins og orlofsmál og önnur félagsleg réttindi, sem þorri þjóðarinnar hefur aflað sér. Í síðari málslið er vikið að því, að nauðsynlegt er að auka jafnræði í viðskiptum við opinber þjónustufyrirtæki, bæði að því er öryggi snertir og verð þjónustunnar, enn fremur hvað aðstöðu til menntunar og skólamála áhrærir. Þar má t. d. benda á mikinn mismun í aðstöðu til rekstrar skóla, einkum að því er varðar upphitunarkostnað, aðstöðu til mennta, svo sem fullorðinsfræðslu o. s. frv.
7. Það er sameiginlegt hagsmunamál allra landsmanna, að hófsemi sé gætt í umgengni við landið og að öllum sé gefinn kostur á samskiptum við það og til þess tryggð tiltekin svæði. Þó fer þetta grundvallarmarkmið hvergi betur en í stefnu um landbúnaðarmál.

a) Undir þessum staflið er gert ráð fyrir því, að gerð verði úttekt á þjóðhagslegu gildi svokallaðrar umframframleiðslu í landbúnaði. Hér er átt við að „svokölluð umframframleiðsla“ sé það framleiðslumagn, sem er umfram neyslu þjóðarinnar.

Úttekt af þessu tagi hefur aldrei verið gerð, og má það merkilegt heita, jafnmikið gildi og vænta má að hún hafi í allri umræðu og ekki síst stefnumörkun í framleiðslumálum landbúnaðarins. Þessu verki þarf því að hraða. Eðlilegt væri, að úttekt af þessu tagi, sem þarf að vera ítarleg, verði gerð með nokkurra ára millibili, t. d. 5—10 ára, enda til þess ætlast, að hún verði notuð til leiðbeiningar við stefnumörkun, sem alltaf þarf að vera í endurskoðun. Nauðsynlegt er að jafnhliða sé gerð grein fyrir því og það metið, hvaða verðmæti mundu liggja óbætt hjá garði í ónotaðri fjárfestingu, ef „umframframleiðslan" félli niður. Auðvitað þarf að meta bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar „umframframleiðslunnar".

Um leið og úttekt þessi fer fram er mikilvægt, að gerð sé heildarúttekt á þjóðhagslegu og atvinnulegu gildi landbúnaðarframleiðslunnar, enda þótt ekki sé beint að því vikið í tillögugreininni.

b) Kveðið er á um að teknir verði upp beinir samningar milli ríkisvalds og bænda. Samið verði um verð og verðtryggingu á tilteknu heildarframleiðslumagni búvara, sem verðtryggingin nær til. Hér er um nauðsynlega stefnubreytingu að ræða til þess að unnt sé að koma við meiri stjórnun á framleiðslumagninu en tekist hefur eftir núverandi kerfi. Þetta gerir kleift að semja til nokkurra ára í senn um framleiðslumagnið, sem er ákaflega mikilvægt, svo ráðrúm fáist til þess fyrir bændur og stofnanir landbúnaðarins að laga sig eftir þeim framleiðslumarkmiðum, sem í samningunum felast. Nauðsynlegt er, að breytingar á framleiðslumagninu gerist hægfara. Snöggar og hastarlegar samdráttaraðgerðir í búvöruframleiðslunni geta haft í för með sér háskalegar afleiðingar, gífurlega sóun verðmæta fyrir þjóðarheildina, auk botnlausra erfiðleika fyrir bændur.

Eðlilegt er, að veitt verði svigrúm til nokkurrar birgðasöfnunar, en reistar skorður við óhóflegri söfnun birgða sem leitt geta til hættuástands í sölumálum bænda.

Verðtryggt framleiðslumagn taki m. a. mið af hagrænu gildismati „umframframleiðslunnar", svo sem fjallað er um í a-lið. Er þar um að ræða nauðsynlegar leiðbeiningar fyrir samningsaðila.

Ljóst er, að nú um sinn er óhjákvæmilegt að draga saman mjólkurframleiðsluna vegna markaðsástæðna. Líkur benda til þess, að svo kunni einnig að vera um sauðfjárframleiðsluna. Það er þó hvergi nærri eins víst, vegna þess að gildi hennar hefur ekki verið metið fyrir iðnaðinn, fyrir atvinnulífið að öðru leyti og fyrir atvinnu fólks allt í kringum landið, að ógleymdum þætti hennar til viðhalds byggðinni. Við þessum spurningum eiga að fást svör með þeirri úttekt, sem að framan er vitnað til og um er rætt í a-lið.

Verðákvörðunin í samningum þessum grundvallist á því, að vel rekið meðalbú skili rauntekjum, sem keppt er að, sbr. 3. tölulið, og að dugmiklir bændur geti haft hag af atorku sinni og hagsýni. Rétt er að leggja áherslu á gildi búreikninga til upplýsingasöfnunar. Verðtryggingu á ákveðnu heildarframleiðslumagni getur ríkisvaldið hagað nokkuð að vild sinni og eftir því sem samningar takast um. Má þar nefna t. d., að unnt er að lækka verðið með því að greiða að hluta niður frumþarfir framleiðslunnar, með niðurgreiðslum á lokastigi, eins og nú er gert, eða með því að fella slíkar greiðslur að mestu niður og greiða verðtrygginguna eftir því sem varan selst og við lokauppgjör. Þá mun þessu kerfi fylgja aukin hvatning til ríkisins til þess að fylgjast með sölumálum og markaðsmálum landbúnaðarins.

Setja þarf ákvæði í lög, sem segja fyrir um, hvernig með skuli fara, ef samningar takast ekki, t. d. kjaradómur eða yfirnefnd af einhverju tagi.

Ef meira er framleitt en verðtryggðu magni nemur þurfa Framleiðsluráð landbúnaðarins og Stéttarsamband bænda að hafa heimildir til þess að ákveða, hvernig sá halli, sem af því leiðir, deilist niður á búvöruframleiðendur. Kemur

þá m. a. sérstaklega til álita, hvort svokallaður tómstundabúskapur og ríkisbúin eigi að fá hluta af þeirri verðtryggingu, sem bændum er ætluð. Eðlilegt sýnist að reglur um þetta efni þurfi að hljóta samþykki fulltrúafundar í Stéttarsambandi bænda og staðfestingu landbúnaðarráðherra.

Það skal tekið fram að nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa ekki sannfærst um, að beinir samningar milli ríkisvaldsins og bænda séu rétta leiðin til frambúðar, eftir að komist hefur verið fram úr þeim vanda, sem nú blasir við.

c) Hér er því slegið föstu, að byggðaáætlanir og aðrar aðgerðir til þess að viðhalda eða efla byggð á vissum landssvæðum séu hlutverk þjóðfélagsins. Verði framleiðsluaukning vegna slíkra aðgerða ríkisvaldsins, hækki sjálfkrafa verðtryggt framleiðslumagn búvara sem því nemur. Þessu er slegið föstu til þess að hvetja ríkisvaldið til að haga aðgerðum sínum í byggðamálum í samræmi við þau framleiðslumarkmið, sem samið hefur verið um hverju sinni.

Ástæða er til þess að leggja áherslu á, að oft má treysta og efla byggð á tilteknum landssvæðum án þess að mikil framleiðsluaukning þurfi að fylgja. Má nefna t. d. samgöngumál, raforkumál o. s. frv., eða nýja atvinnustarfsemi án búfjárframleiðslu.

d) Eðlilegt er, að bústofn ríkisbúa verði nokkuð takmarkaður, meðan framleiðsla höfuðbúgreina landbúnaðarins er meiri en verðtryggðu magni nemur. Gætu þau samt gegnt hlutverki sínu, sem líka er nauðsynlegt. Um leið verði athugað hvort einstakir bændur geti að einhverju leyti tekið við hlutverki þeirra, enda væri það þá fært í raunverulegt búskaparumhverfi.

e) Markaðsmálin þurfa nýrrar athugunar við. Markaðsmálanefnd landbúnaðarins hefur unnið gott starf, en það er ekki á hennar færi að semja um niðurfellingu tolla af innflutningi íslenskra búvara erlendis. Það verkefni verður að færast á herðar ráðherra í ríkisstjórn Íslands og athugast sérstaklega í tengslum við aðra viðskiptasamninga. Hér er ekkert smámál á ferðinni, enda þarf að taka það föstum tökum. Fullvinnsla landbúnaðarafurða verði löguð eftir þörfum markaðarins, ekki síður innanlands en utan, m. a. með tilliti til breyttra þjóðfélagshátta. Fjölbreytni verði aukin m. a. með því að hafa á boðstólum fljótgerða og aðlaðandi kjöt- og mjólkurrétti, sem reiða mætti fram á stuttum tíma. Leggja ber áherslu á hollustu- og manneldismarkmið í vinnslumeðferð búvara.

f) Óhjákvæmilegt er að ná aukinni hagkvæmni í búrekstrinum. Stofnunum landbúnaðarins verði beint að því að sinna því verkefni í vaxandi mæli, m. a. með því að kanna á hvern hátt megi draga úr rekstrarkostnaði og fjárfestingarkostnaði búanna.

Sérstaklega verði unnið að því að bæta fóðurverkun, þ. e. verkun votheys og þurrheys, og sýna fram á hvaða sparnaði megi ná í tækjabúnaði, vinnubrögðum og aðkeyptu fóðri með nýjum aðferðum (t. d. Einars Guðjónssonar) við votheysverkun annars vegar og þurrheysverkun hins vegar. Raforkukerfi sveitanna verði styrkt, svo að orkuskortur hamli því ekki, að fullri hagkvæmni verði náð, m. a. við súgþurrkun. Einnig má benda á að þörf er leiðbeininga og e. t. v. rannsókna á nýtingu búfjáráburðar og endurræktun túna. Samdrætti í búvöruframleiðslu verður að mæta með aukinni hagkvæmni.

g) Lánveitingum Stofnlánadeildar landbúnaðarins verði fyrst og fremst beitt til þess að styðja þau framleiðslumarkmið, sem sett verða, og til að stuðla að aukinni hagkvæmni í rekstri búanna. Þegar ástæða þykir til samdráttar, verði lán til framleiðsluhvetjandi framkvæmda takmörkuð þannig að samræmi sé í landbúnaðarstefnunni með tilliti til framleiðslu- og byggðamarkmiða.

Brýnt er, að bændur geti fengið sem mest útborgunarverð fyrir framleiðslu sína, ekki síst þegar samdráttur verður. Til þess þarf aukna aðstoð, m. a. vegna þess að samdrátturinn bitnar líka á vinnslustöðvunum.

h) Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að breyta framleiðsluráðslögunum, m. a. fella burt núverandi sex manna nefndarkerfi. Enn fremur kann að þurfa að breyta öðrum þáttum í landbúnaðarlöggjöfinni til samræmis við þau stefnumið, sem hér hafa verið rakin.

Nauðsynlegt er, að allir þættir landbúnaðarlöggjafarinnar og allar stofnanir landbúnaðarins vinni með þeim framleiðslumarkmiðum, hagkvæmnismarkmiðum og byggðamarkmiðum, sem hér hafa verið sett fram og samið kann að verða um milli ríkisvaldsins og bænda.

Ed. 378. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 107 28. okt. 1970, um félagsheimili.

Frá menntamálanefnd.

Fyrir nefndinni hafa legið tvö frumvörp um breytingu á þessum lögum. Hið fyrra, 24. mál, þskj. 25, fjallar um að bæta sjómannastofum við þau mannvirki, sem styrkhæf eru samkv. 1. gr. laganna. Mælir nefndin með þeirri breytingu.

Hið síðara er 48. mál, þskj. 51. Þar er lagt til, að gerðar verði nokkrar breytingar á starfsemi Menningarsjóðs félagsheimila. Nefndin er efnislega sammála því er segir í þessu frv., en gerir tillögur um formbreytingar. Nefndin telur og rétt, að umrædd frumvörp verði felld saman í eitt. Að þessu lúta breytingartillögur nefndarinnar, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali.

Einn nefndarmanna, Ragnhildur Helgadóttir, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 22. febr. 1979.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Bragi Níelsson, fundaskr.	Alexander Stefánsson
Eiríkur Sigurðsson.	Oddur Ólafsson.	Ólafur Ragnar Grímsson.

Ed. 379. Breytingartillögur [24. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 107 28. okt. 1970, um félagsheimili.

Frá menntamálanefnd.

Á eftir 1. gr. frumvarpsins komi tvær nýjar greinar, þannig:

a. (2. gr.) 3. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Af tekjum Félagsheimilasjóðs skulu 10% renna í Menningarsjóð félagsheimila. Skal því fé varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum. Heimilt er þó að styrkja menningarstarfsemi sem fram fer utan félagsheimila, er sérstaklega stendur á. Styrkveitingar til menningarstarfsemi einstakra félagsheimila má binda því skilyrði, að tiltekinn hluti aðgangseyris af samkomum félagsheimilisins renni í sérstakan menningarsjóð þess. Skal stjórn félagsheimilisins varðveita þann sjóð og verður honum eingöngu varið til menningarstarfsemi í því félagsheimili.

b. (3. gr.) 1. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Félagsheimilasjóðs er í höndum menntamálaráðherra. Veitir hann styrki úr sjóðnum samkvæmt 2. gr. Byggingarstyrkir skulu veittir að fengnum

tillögum íþróttanefndar og deildarstjóra byggingardeildar menntamálaráðuneytisins. Styrkir úr menningarsjóðnum skulu veittir að fengnum tillögum menningarsjóðsnefndar, sem ráðherra skipar til fjögurra ára þannig: Einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Ungmennafélags Íslands og Bandalags ísl. leikfélaga, einn samkv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga og einn án tilnefningar og verður hann formaður nefndarinnar.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Umsóknir um byggingarstyrki skal senda íþróttanefnd. Ef um er að ræða umsókn um styrk til nýbyggingar skal fylgja nákvæm lýsing á húsi því, sem fyrirhugað er að byggja, ásamt greinargerð fyrir þörfinni á félagsheimili á viðkomandi stað og um fyrirhugaða notkun þess. Umsókn um styrk úr menningarsjóðnum skal senda menningarsjóðsnefnd. Í umsókn skal gerð nákvæm grein fyrir hvernig fyrirhugað er að verja styrknum. Skrá um úthlutun úr Félagsheimilasjóði skal birt árlega í Fréttabréfi menntamálaráðuneytisins.

Ed. 380. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kvatt til fundar við sig ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytisins. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Jón G. Sólnes og Ólafur Ragnar Grímsson voru fjarstaddir þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 22. febr. 1979.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Bragi Níelsson. Bragi Sigurjónsson.

Ey. Kon. Jónsson. Jón Helgason.

Ed. 381. Frumvarp til laga [197. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr tölulið ur og orðist svo:

13. Vélavinna við snjómokstur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt af því, sem við er að stríða í samgöngumálum landsmanna, er snjórinn. Þjóðvegir teppast vegna snjóa og byggðarlög og heilir landshlutar einangrast í skemmri eða lengri tíma á vetrum. Með bættri vegagerð og uppbyggðu vegakerfi verður samgöngum stöðugt betur haldið uppi þrátt fyrir snjóa. En hvað sem vel er gert í þessu efni verður aldrei hjá komist að ryðja þurfi snjó úr vegi svo að haldið

verði uppi eðlilegum samgöngum. Þess vegna hlýtur snjómokstur til að greiða fyrir samgöngum að vera mikilvægur þáttur samgöngumálanna.

Vegagerð ríkisins sér um allan snjómokstur á þjóðvegum samkvæmt sérstökum reglum. Núgildandi reglur um snjómokstur á þjóðvegum eru frá 9. febrúar 1977, sbr. fylgiskjal I. Samkvæmt reglum þessum greiðir Vegagerðin allan kostnað við snjómokstur nokkurra mikilvægra samgönguleiða. Kveðið er á um hvað snjómokstur skuli vera tíður á hinum einstöku þjóðvegum. Ef þörf er, skal moka suma vegi alla daga, aðra vegi alla virka daga, þá aðra vegi tvo daga í viku, enn aðra vegi einu sinni í viku o. s. frv. Og auk þessa skal Vegagerðin greiða helming kostnaðar við snjómokstur, sem einstakir aðilar óska eftir. Heildarkostnaður Vegargerðarinnar af snjómokstri nam árið 1978 818.9 milljónum króna, sbr. fylgiskjal II.

Til viðbótar framangreindum kostnaði af snjómokstri á þjóðvegum kemur svo sá kostnaður, sem greiddur er að hálfu á móti Vegagerðinni. Hér er um að ræða kostnað, sem borinn er af þeim aðilum sem óska snjómokstursins, svo sem einstökum sveitarfélögum, mjólkurbúum og fleiri.

En snjómokstur er ekki bundinn við þjóðvegina. Hann er einnig nauðsynlegur innan marka hinna einstöku þéttbýlisstaða. Sveitarfélögin ein hvert í sínu umdæmi standa undir þeim mikla kostnaði, sem þessum snjómokstri fylgir.

Enn er þess að geta, að um er að ræða snjómokstur á flugvöllum þegar þörf krefur vegna flugsamgangna. Kostnaður af þessum snjómokstri er greiddur af rekstrarfé flugvallanna.

Snjómokstur, hvort sem er á þjóðvegum, í þéttbýli eða á flugvöllum, er nú aðallega unninn með stórvirkum vélum. Samkvæmt lögum ber að greiða 20% söluskatt að þessari vélavinnu. Þessi skattheimta er af ýmsum ástæðum bæði óeðlileg og ranglát. Þegar ríkið í einu eða öðru formi greiðir kostnaðinn af snjómokstri er það að greiða sjálfu sér söluskatt. Niðurfelling þessa söluskatts rýrir því í sjálfu sér ekki stöðu ríkissjóðs. Þegar aðrir en ríkið greiða söluskatt af snjómokstri kemur það oft verst við þá, sem síst skyldi. Það kemur harðast niður á þeim, sem í mesta fámenninu og mestu einangruninni eiga ekki annars úrkosta en að leggja í aukakostnað fram yfir aðra landsmenn vegna snjómoksturs.

Með tilliti til framanritaðs er með þessu frumvarpi gerð tillaga um að fella niður söluskatt af snjómokstri.

Fylgiskjal I.

Reglur um snjómokstur á þjóðvegum.

1. Vegagerðin sér um allan snjómokstur á þjóðvegum, og hafa verkstjórar hennar stjórn hans á hendi. Verkstjórar greiða því ekki annan kostnað við snjómokstur en þann, sem þeir hafa stofnað til eða samþykkt.
2. Vegagerðin greiðir helming kostnaðar við snjómokstur á öllum þjóðvegum þegar beðið hefur verið um hann og greiðsla hins helmings kostnaðarins verið tryggður, enda telji verkstjóri moksturinn koma fleiri vegfarendum til góða en þeim, sem um snjómoksturinn biður. Óskir sveitarfélaga um helmingamokstur gangi að jafnaði á undan óskum einstaklinga.
3. Vegagerðin greiðir allan kostnað við mokstur nokkurra mikilvægra samgönguleiða, þó ekki nema ákveðinn fjölda daga í viku eða mánuði. Sé óskað eftir meiri mokstri á þeim vegum skal kostnaði við hann skipt skv. 2. grein. Hver verkstjóri fær skrá yfir þá vegi á hans svæði, sem þessi grein nær til.
4. Vegagerðin greiðir fyrsta mokstur á haustin (október, nóvember), svo fyrstu snjóar stöðvi ekki umferð og ökumönnum gefist kostur á að ljúka ferð sinni. Vegagerðin greiðir einnig síðasta mokstur á vorin, nema um hann hafi verið beðið áður en verkstjóri telur tímabært.

5. Vegaeftirlitið í Reykjavík hefur með hendi samræmingu snjómoksturs um allt land.
6. Verkstjórum ber að varast að moka, þegar veður er óhagstætt eins og í snjókomu eða skafrenningi eða þegar slík veður eru fyrirsjáanleg. Enn fremur skulu þeir fækka mokstursdögum eða leggja mokstur niður um lengri eða skemmri tíma í samráði við vegaeftirlitið, þegar kostnaður við hann er orðinn óhóflegur.
7. Ef vegir eru færir þann dag eða þá daga, sem moka á, verður ekki mokað aðra daga í stað þeirra. Sé ekki unnt vegna veðurs að opna á áætlunardegi, má opna næsta færan dag á eftir.
8. Þegar vegur er opnaður, skal stefnt að því, að hann sé opinn til umferðar eins fljótt og unnt er eftir kl. 8.00 að morgni. Lokist vegur eftir kl. 19.00, verður hann ekki opnaður aftur nema í undantekningartilfellum.
9. Ekki er heimilt að opna sama veg oftar en tvisvar í viku, sé hann opnaður jafnoft eða sjaldnar samkv. snjómokstursreglum.
10. Á mjög snjóþungum vetrum geta sveitarfélög, sem verða fyrir verulegum útgjöldum vegna snjómoksturs sótt um endurgreiðslu til Vegagerðar ríkisins á hluta þess kostnaðar, sem þeim ber að greiða samkvæmt 2. gr. Endurgreiðsla skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en helmingi af hluta sveitarfélaga.
11. Mánaðarlega skal senda til vegaeftirlitsins í Reykjavík upplýsingar um kostnað við snjómokstur á einstökum vegaköflum og skal haft samráð við vegaeftirlitið um það.

Samþykkt af samgönguráðherra, 9. febr. 1977.

Fylgiskjal II.

Kostnaður við vetrarviðhald eftir kjördæmum árin 1977—'78.

	Kostn. '77	á verðl. '78	kostn. '78
Suðurland	14.5 m.kr.	21.5 m.kr.	77.2 m.kr.
Reykjanes	33.1 —	49.0 —	92.2 —
Vesturland	46.1 —	68.2 —	93.0 —
Vestfirðir	101.0 —	149.5 —	167.2 —
Norðurland vestra	47.3 —	70.0 —	68.1 —
Norðurland eystra	103.1 —	152.6 —	138.5 —
Austurland	148.7 —	220.2 —	182.7 —
	493.8 m.kr.	730.9 m.kr.	818.9 m.kr.

Ed. 382. Breytingartillaga [56. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 383. Frumvarp til laga [198. mál]

um breytingu á lögum nr. 88 24. desember 1971 um 40 stunda vinnuviku.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Í hverri viku skulu ekki vera fleiri en 40 dagvinnutímar, sem vinna ber á því dagvinnutímabili á virkum dögum vikunnar, sem aðilar koma sér saman um. Heimilt er að semja um skemmri vinnuviku.

Að jafnaði skulu unnar 8 klukkustundir í dagvinnu á degi hverjum frá mánudegi til föstudags, nema annar vinnutími henti betur af sérstökum ástæðum og um það sé samið af aðilum.

Heimilt er að semja um tilfærslu á dagvinnutímum, þannig að dagvinnutímar verði fleiri en 40 á tilteknum árstímum og færri á öðrum, en að meðaltali á ári hverju ekki fleiri en 40. Þetta gildir þó aðeins í þeim tilvikum, þar sem slíkur háttur hefur verið á hafður fyrir gildistöku laga þessara.

Þegar dagvinnu er skilað með 8 stunda vinnu á dag frá mánudegi til föstudags skal næturvinna taka við á föstudögum strax og lögboðinni eða umsaminni vinnuviku er lokið.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur þessa frumvarps er tvíþættur.

Annarsvegar er því ætlað að leiðrétta þá óeðlilegu tilhögun, sem hefur orðið almenn eftir setningu laganna nr. 88/1971, að ekki greiðist fullt álag á þá yfirvinnu sem er unnin eftir að lögboðinni vinnuviku hefur verið skilað. Lögfesta að vinnuvikunni ljúki í raun kl. 17.00 á föstudögum.

Hinsvegar er svo tilgangur þess sá, að hamla gegn þeim óhóflega langa vinnutíma sem tíðkast hér á landi.

Með lögum nr. 88/1971 var vinnuvika launþega hér á landi stytt úr 44 í 40 dagvinnutíma. Við þessa breytingu skeði það, að í stað þess að næturvinna tók áður við strax er vinnuviku lauk kl. 12.00 á laugardögum gat verkafólk þurft að vinna tvær klst. í eftirvinnu, þ. e. milli kl. 17.00 og 19.00 á föstudögum, þótt vinnuvikunni væri þá þegar lokið.

Það verður að telja vafasamt, að tilætlan löggjafans hafi verið breyting af þessu tagi. Vísast í því efni til athugasemda með frumvarpinu þar sem tekið er fram, að ákvæði þess hafi öðrum þræði þann tilgang, að vernda menn gegn ofþjökun við vinnu. Í umræðum á Alþingi kom einnig skýrt fram sú ætlan, að hinn aukni frítími verkafólks, sem í frumvarpinu fólst, yrði raunverulegur þannig að það fengi meiri hvíld frá erfiðum störfum. Við þessu var þó ekki allskostar gott að gera, þar sem dagvinnutímabilið var ekki í lögunum einskorðað við ákveðna vikudaga heldur var aðilum frjálst að semja um það á hvaða virkum dögum vikunnar þessar 40 dagvinnustundir væru unnar. Aðeins var gert ráð fyrir, að þær yrðu að jafnaði ekki fleiri en 8 á hverjum degi. Þær máttu hinsvegar vera færri og lauk þá vinnuvikunni ekki fyrr en á laugardegi. Sú tilhögun að eftirvinna taki stundum við að lokinni vinnuviku en stundum ekki var að sjálfsögðu óeðlileg og ekki í samræmi við þennan tilgang.

Sú tilhögun varð fljótt almenn, að dagvinna féll niður á laugardögum og vinnuvikunni lauk kl. 17.00 á föstudögum.

Allar götur síðan hefur það verið áhuga- og baráttumál verkalýðshreyfingarinnar, að verkafólk væri að þessu leyti á sama báti og aðrir, þannig að eftirvinna

félli niður a. m. k. á föstudögum. Síðast var krafa um þetta efni sett fram við gerð kjarasamninganna árið 1977 af hálfu Verkamannasambandsins.

Nokkur verkalýðsfélög hafa þegar fengið þessa kröfu viðurkennda í kjarasamningum t. d. öll félögin innan Málm- og skipasmíðasambandsins, starfsfólk álversins í Straumsvík og starfsmenn í ríkisverksmiðjunum.

Í viðræðum núverandi ríkisstjórnar við fulltrúa A.S.Í. hafa komið fram eindregnar óskir um að eftirvinna verði alveg felld niður í áföngum þannig að föstudagurinn falli út í ár, sem sé raunar þegar orðin hrein jafnréttiskrafa, og síðan einn dagur á ári hverju þar til öll eftirvinna sé aflögð.

Má líta á þetta frumvarp sem fyrsta skrefið að því marki, þótt ekki hafi á þessu stigi verið talin ástæða til að láta frumvarpið ná lengra en til föstudagsins.

Hvað varðar styttingu vinnutíma er ljóst, að breytingin mun koma mismunandi niður í hinum ýmsu starfsgreinum. Sumsstaðar mun hún ekki leiða til raunverulegrar vinnutímastyttingar að marki og annarsstaðar ekki fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Verður þar um að ræða tekjuaukningu hjá launþegum, sem getur við ákveðnar aðstæður svarað til um 1.3% launahækkunar. Á þetta atriði hafa fulltrúar vinnuveitenda lagt áherslu í þeim viðræðum sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa átt við þá um efni frumvarps þessa.

Þó má ætla, að á meirihluta vinnustaða muni breytingin strax hafa áhrif til styttingar á raunverulegum vinnutíma og enn víðar er tímar líða fram.

Breytingin tekur til allra launþega í landinu, sem enn fá greitt sérstakt eftirvinnukaup eftir að umsaminni eða lögboðinni vinnuviku hefur verið skilað, með þeim undantekningum, sem greindar eru í stafliðum a—d í 1. gr. laganna.

Auk þeirrar breytingar, sem felst í 4. mgr. og er meginefni frumvarpsins, er gerð smávægileg orðalagsbreyting á 2. mgr. Hún felur það í sér, að alla jafna skuli að því stefnt, að dagvinnu sé skilað með 8 tíma vinnu á dag frá mánudegi til föstudags. Þykir þetta orðalag samrýmast betur því, sem hér gildir nú almennt í raun, en núverandi orðalag þar sem segir, að jafnaðarlega skuli ekki unnar fleiri en 8 klukkustundir í dagvinnu á degi hverjum.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við þau fyrirheit, sem ríkisstjórnin gaf launþegasamtökunum, samfara þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru í efnahagsmálum 1. desember s. l.

Sþ. 384. Tillaga til þingsályktunar [199. mál]

um þjóðaratkvæðagreiðslu um efnahagsfrumvarp forsætisráðherra.

Flm.: Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér þegar í stað fyrir því, að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um frumvarp það um langtímaaðgerðir í efnahagsmálum, sem forsætisráðherra kynnti í ríkisstjórninni mánudaginn 12. febúar s. l.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að gera og undirbúa ráðstafanir til að fresta þeim breytingum á efnahagskerfinu, sem verða áttu í tengslum við 1. mars, uns niðurstöður úr þjóðaratkvæðagreiðslu liggja fyrir.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er lagði forsætisráðherra fram í ríkisstjórninni hinn 12. febrúar s. l. fullbúið frumvarp um langtímaaðgerðir í efnahagsmálum. Ljóst var að tveir þingflokkar með samtals 26 þingmenn, Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur, studdu þetta frumvarp. Örfáir þingmenn úr Alþýðubandalagi hafa lýst andstöðu við frumvarpið. Á þessu stigi er ekki kunnugt um afstöðu flestra Alþýðubandalagsmanna svo og þingmanna Sjálfstæðisflokksins.

Svo sem eðlilegt er leitast ríkisstjórnin við að hafa samráð við fulltrúa helstu hagsmunahópa vinnumarkaðarins. Það er hins vegar ljóst, að slíkt samráð má ekki verða þungt í vöfum, heldur verður stjórnkerfið að ganga lipurlega fyrir sig eftir sem áður. Ljóst var, að veigamiklir þættir þessa frumvarps þurftu að verða að lögum fyrir 1. mars. Samráð hefur hins vegar tekið þann tíma, að nú er ljóst að að öðru jöfnu næst sá árangur ekki.

Stjórn efnahagsmála á Íslandi hefur verið í molum meira og minna hin síðari ár, svo sem öllum mun kunnugt. Það frumvarp, sem forsætisráðherra hefur fyrir alllöngu kynnt í ríkisstjórninni, er eina heildstæða tilraunin, sem gerð hefur verið um langa hríð til þess að ríkisvaldið hafi forustu um að ná tökum á efnahagslífi á Íslandi. Jafnljóst er hitt, að það virðist ætla að stranda á flokkspólitískum ástæðum, að frumvarp þetta verði að lögum fyrir 1. mars, án þess nokkuð sé vitað um þjóðarvilja í þeim efnum.

Þess vegna er lagt til, að þjóðin verði spurð beint og milliliðalaust og þegar í stað, hvort hún vilji þetta frumvarp að lögum. Það þarf að aðhafast skjótlega, bæði vegna þess að 1. mars er að koma og eins vegna hins, að þessi mál þola ekki öllu lengri bið.

Það er skoðun flutningsmanns, að þar sem þessar efnahagstillögur hafa verið í fæðingu um margra mánaða skeið og liggja nú fyrir í fullmótuðu frumvarpi, þá sé ástæðulaust að halda áfram því skæklatogi, sem stundað hefur verið nú um nokkra hríð. Einfaldara er að spyrja þjóðina beint og milliliðalaust. Hvort þjóðin segir já eða nei verður að koma í ljós. Þar verður hver að berjast fyrir sínum málstað.

Ed. 385. Frumvarp til laga [200. mál]

um breyting á lögum nr. 94 29. desember 1962, um almannavarnir, sbr. lög 30/1967 um breyting á þeim.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

4. grein laganna orðist svo:

Almannavarnir heyra undir dómsmálaráðherra, sbr. þó 5. gr.

Almannavarnaráð, sem dómsmálaráðherra skipar, stýrir starfsemi almannavarna. Í ráðinu eiga sæti: Forstjóri landhelgisgæslunnar, landlæknir, lögreglustjórinn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins, til þriggja ára í senn. Ráðherra getur sett almannavarnaráði starfsreglur með reglugerð.

2. gr.

6. grein laganna orðist svo:

Almannavarnaráð hefur með höndum heildarskipulagningu almannavarna í landinu. Það stýrir framkvæmdum á þeim þáttum er undir ríkisvaldið falla, þ. á m. fjarskipti milli umdæma, mælingar á geislavirkni, viðvörun, fræðslustarfsemi, kennsla yfirmanna og leiðbeinenda, skipulagning og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum. Það hefur ennfremur umsjón með almannavörnum sveitarfélaga. Almannavarnaráð skal fylgjast með og stúdla að athugunum vegna hættu af ísalögum, eldgosum, jarðskjálftum eða annarri vá.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra almannavarnaráðs, að fengnum tillögum þess. Skipunin má vera tímabundin. Almannavarnaráð setur framkvæmdastjóranum erindisbréf með samþykki dómsmálaráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar lög um almannavarnir voru fyrst sett, 1962, mótuðust þau af því, að þau tóku við af lögum stríðsáranna um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum. Er lögunum var breytt 1967 fengu þau það form er þau nú hafa. Á framkvæmd laganna hefur svo reynt sérstaklega síðustu 6 árin, þ.e. fyrst og fremst við eldgosið í Vestmannaeyjum en einnig síðan vegna eldvirkni á Kröflusvæðinu og við snjóflóðin í Neskaupstað, þannig að nokkur reynsla er nú fengin af skipulagi almannavarna ríkisins. Sú reynsla sýnir, að almannavarnaráð hefur í raun gegnt stærra hlutverki en lögin ætla því, og er tilgangur þessa frumvarps að breyta skipulagi á stjórnun almannavarna í ljósi þeirrar reynslu. Samkvæmt lögunum frá 1962 skyldi forstöðumaður almannavarna vera formaður almannavarnaráðs og skipa það ásamt 4 embættismönnum, sem allir stýrðu stofnunum með mikil mannaforráð og verkefni sem hlutu að tengjast verkefnum í sambandi við aðgerðir vegna náttúruhamfara eða sprottnar af annarri vá. Seint á árinu 1968 var starf forstöðumanns falið forstjóra Landhelgisgæslunnar og bættist þannig í almannavarnaráðið fimmti embættismaðurinn sem stýrir stofnun sem ræður miklum mannafla og tækjakosti. Hefur samstarf þessara aðila í almannavarnaráði reynst mjög áhrifaríkt og ráðið í raun orðið framkvæmdastjórn er vélegir atburðir og aðstæður hafa gengið yfir. Þess á milli er verkefni ráðsins takmarkaðra og er þá hentugt að framkvæmdastjóri annist dagleg verkefni undir umsjá og yfirstjórn ráðsins, sem hefði þá reglulega fundi, sem ekki þyrftu að vera mjög tíðir.

Um 1. gr.

Breyting greinarinnar (á 4. gr. núgildandi laga) er í því fólgin, að almannavarnaráð tekur við hlutverki forstöðumanns, svo sem núgildandi ákvæði móta það, en ráðherra skipar einn ráðsmanna til afmarkaðs tíma sem formann ráðsins.

Um 2. gr.

Í þessari grein (um breyt. á 6. gr. núgildandi laga) eru rakin verkefni almannavarnaráðs, sem í núgildandi lögum eru rakin í 4. grein sem verkefni forstöðumanns. Þá er hér sett ákvæði um framkvæmdastjóra almannavarnaráðs sem stýrir daglegum störfum skrifstofu almannavarna ríkisins undir yfirstjórn ráðsins.

Nd. 386. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um aukin gæði fiskafla.

(Eftir eina umr. í Ed., 26. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því í samstarfi við hagsmunaaðila sjávarútvegsins, að gæði fiskafla verði bætt til muna.

Til þess að þetta markmið náist skal ríkisstjórnin láta framkvæma könnun á eftirtöldum atriðum:

1. Með hvaða hætti megi með fjárhagslegri og tæknilegri aðstoð af opinberri hálfu útbúa fiskiskip betur en nú er gert til geymslu á fiski.
2. Með hvaða hætti megi með fjárhagslegri og tæknilegri aðstoð af opinberri hálfu bæta geymsluþol og gæði fiskafla í fiskvinnuslustöðvum, svo sem með kælingu, sjótönkum og fiskkössum.

Nd. 387. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]

um útgáfu reglugerðar um hleðslu fiskiskipa.

(Eftir eina umr. í Ed., 26. febr.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að hraðað verði útgáfu reglugerðar um hleðslu fiskiskipa, þar sem miðað verði að auknum öryggiskröfum og strangara eftirliti. Stefnt verði að því að reglugerðin taki gildi fyrir upphaf loðnuvertíðar á sumri — og eigi síðar en 1. ágúst 1979.

Nd. 388. Lög [117. mál]

um breyting á lögum nr. 80/1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Nd. 26. febr.)

Samhljóða þskj. 376.

Sþ. 389. Breytingartillögur [192. mál]

við till. til þál. um velfarnað sjómanna á siglingu og í erlendum höfnum.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni (félagsmálaráðherra) að skipa þriggja manna nefnd til að gera tillögur um ráðstafanir til að auka velfarnað íslenskra sjómanna á siglingu og í höfnum innanlands og utan.
   Nefndin skal skipuð þannig, að Sjómannasambad Íslands tilnefni einn mann og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands annan. Ráðherra skipar formann án tilnefningar.
   Nefndin skal sérstaklega athuga eftirtalin atriði:
   1) Hvernig tryggja megi, að í íslenskum skipum verði jafnan myndsegulbandstæki.
   2) Hvernig unnt verði að láta festa á segulbönd íslenskt efni, þ. á m. myndefni, svo sem sjónvarpsdagskrár, og lána böndin til skipa.
   3) Hvort Ísland getur með því að gerast aðili að norrænum eða alþjóðlegum samtökum tryggt sjómönnum þjónustu í erlendum höfnum, þ. á m. lán á kvikmyndum og segulböndum og aðgang að íslensku lesefni, blöðum o. fl.
   4) Hvernig nú er háttað rekstri sjómannastofa hér á landi. Einnig hvað kann að vera í undirbúningi í þeim efnum.
   5) Hversu víða þyki nauðsynlegt að koma á fót sjómannastofum, þar sem engar eru nú.
   6) Með hvaða hætti hið opinbera getur stutt að stofnun og rekstri sjómannastofa.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um velfarnað íslenskra sjómanna á siglingu og í höfnum innanlands og utan.

Sþ. 390. Fyrirspurnir. [201. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um framkvæmd laga um síldarleit úr lofti.

Frá Ólafi Björnssyni.

Hvert hefur verið verkefni síldarleitarnefndar s. l. áratug, þar sem ekki hefur verið um skipulega síldarleit að ræða úr lofti eða á annan hátt?

Hvenær var nefndin síðast skipuð?

Hverjar hafa verið tekjur og gjöld nefndarinnar á þessum tíma og hverjar eru eignir síldarleitarnefndar nú?

Hverjir eru endurskoðendur nefndarinnar og hvenær fór endurskoðun síðast fram?

Er ekki tími til kominn að leggja nefndina niður og skila eigendum eignum, ef einhverjar eru?

II. Til samgönguráðherra um niðurfellingu afnotagjalds af síma fyrir ellilífeyrisþega.

Frá Ólafi Björnssyni.

1. Hver er skýringin á því, að fjölmiðlar eru látnir telja fólki trú um að allir ellilífeyrisþegar eigi að fá eftirgjöf á ársfjórðungsgjaldi fyrir venjulegan síma, þegar ráðherra hefur með reglugerð sjálfur stórlega takmarkað fjölda þessa fólks?
2. Eftir setningu umræddrar reglugerðar 7. desember 1978 óskar ráðherra eða póst- og símamálastjórnin eftir lista frá Tryggingastofnun ríkisins yfir elli- og örorkulífeyrisþega, er njóti óskertrar uppbótar á elli- eða örorkulífeyri, og hefur að sjálfsögðu fengið hann. Póst- og símamálastofnunin notar síðan nafn Tryggingastofnunar ríkisins til afsökunar fyrir synjunum á slíkri eftirgjöf. — Hvers vegna er þessi háttur hafður á?
3. Leggur þessi deild póst- og símamálaráðuneytisins það að jöfnu til útilokunar frá eftirgjöf á fastagjaldi síma, hvort elli- og örorkulífeyrisþegar eru e. t. v. í fjárhagslega vanmegnugasta lífeyrissjóði eða þeim elsta og sterkasta?

Nd. 391. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Haldnir hafa verið 10 fundir um málið, með landbúnaðarnefndum beggja deilda sameiginlega.

Frumvarpið var sent til umsagnar til stjórnar Búnaðarfélags Íslands og til allra búnaðarsambanda í landinu. Gunnar Guðbjartsson, formaður Stéttarsambands bænda, mætti á tveimur fundum nefndanna og Hákon Sigurgrímsson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra, sat á öllum fundum nefndanna nema einum. Eðvarð Sigurðsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin, sem verður 1. gr., orðist svo:
   Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:

Nú verður búvöruframleiðsla meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fást erlendir markaðir, sem viðunandi teljast að mati Framleiðsluráðs og landbúnaðarráðuneytisins, fyrir það sem umfram er, og eru þá Framleiðsluráði með samþykki landbúnaðarráðherra heimilar eftirfarandi tímabundnar ráðstafanir:

a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Í því sambandi er m. a. heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er.

   Einnig er heimilt að ákveða framleiðendum sérstakar verðbætur ef þeir draga úr framleiðslu sinni.

   Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjárhæð af andvirði innlagðrar búvöru, sem Framleiðsluráð ákveður hverju sinni vegna framkvæmda á ákvæðum þessa stafliðar, og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs. Framleiðsluráð ákveður gjalddaga vegna þessarar heimildar.

b) Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Framleiðendur búvöru á lögbýlum og aðrir, sem hafa meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu, skulu fá tiltekið magn kjarnfóðurs gjaldfrítt miðað við framtalið magn afurða á skattframtali, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skattstjórar skulu fyrir 1. apríl ár hvert gefa Framleiðsluráði upp framtalið afurðamagn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Ákvörðun um upphæð gjaldsins skal tekin á fulltrúafundi Stéttarsambands bænda og er háð samþykki landbúnaðarráðherra.

   Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri innheimta gjaldið við innflutning.

   Sé ákvörðun tekin um að fella niður kjarnfóðurgjald, sem lagt hefur verið á samkvæmt framangreindri heimild, skal endurgreiða það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar niðurfelling er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

c) Gæsla og ráðstöfun þess fjár, sem innheimtast kann samkv. a- og b-lið þessarar greinar, skal vera í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Meðal annars er heimilt að verja því til að greiða verðbætur til þeirra sem minnka búvöruframleiðslu sína í því skyni að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, enda náist samkomulag um að ríkissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa fjárhæð, svo og til að jafna halla er verða kann á útflutningi milli söluaðila. Þá er heimilt, að fengnu samþykki fulltrúafundar Stéttarsambands bænda, að ráðstafa hluta af þessu fjármagni til að jafna búskaparaðstöðu bænda, svo sem með því að jafna flutningskostnað á framleiðslu grænfóðurverksmiðja og öðrum fóðurbæti. Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á búvöruverði að svo miklu leyti sem fjármagninu er varið til að jafna söluverð búvara milli framleiðenda.

   Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir nefnd þriggja manna til úrskurðar. Nefndina skipa fulltrúar Stéttarsambands bænda, Búnaðarfélags Íslands og formaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

   Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd heimilda er felast í þessari grein, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins og fulltrúafundar Stéttarsambands bænda.

3. Við 3. gr. Greinin falli niður.
4. Aftan við frv. komi ný grein, sem verður 2. gr. og orðast svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 26. febr. 1979.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. | Finnur Torfi Stefánsson, fundaskr. | Lúðvík Jósepsson, með fyrirvara.
Pálmi Jónsson, með fyrirvara. | Þórarinn Sigurjónsson.

Ed. 392. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til laga um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Meiri hl. n. mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. febr. 1979.

Ólafur Ragnar Grímsson, varaform. | Jón Helgason, fundaskr. | Stefán Jónsson, frsm.
Ágúst Einarsson. | Vilhjálmur Hjálmarsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson, með fyrirvara.

Ed. 393. Frumvarp til laga [202. mál]

um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald, er nemi 2.5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Olíugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjársjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 1.0% olíugjald til útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaaflaverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt, sem liður í ráðstöfunum til þess að snúast við þeim vanda, sem stórfelld hækkun olíuverðs veldur íslenskum sjávarútvegi. Frá því í desember s. l. fram til 21. febrúar s. l. var gasolíuverð til fiskiskipa hér á landi kr. 57.50 pr. lítra og svartolíuverð til fiskiskipa 39 000 kr. pr. tonn. Nú hefur gasolíuverðið verið hækkað í kr. 68.90 pr. lítra, en svartolíuverðið í 40 500 kr. pr. tonn. Reyndar má við því búast, að til frekari hækkunar þurfi að koma innan fárra mánaða, ef ekki verður veruleg lækkun á heimsmarkaði á næstunni. Litlar líkur eru á því taldar, að lækkun verði á næstunni og gæti því komið til frekari hækkunar olíuverðs til fiskiskipa. Verðið gæti jafnvel þurft að hækka í um 100 kr. á hvern lítra, með vorinu. Með öllu er ljóst að hækkun olíuverðs úr kr. 57.50 í kr. 68.90 á hvern lítra er ofviða stórum hluta fiskiskipaflotans. Óvissan í olíuviðskiptum gerir það að verkum, að ekki verður metið með vissu, hvort verðhækkun sú, sem nú blasir við, er tímabundin eða varanleg. Skynsamlegt virðist að snúast við áhrifum hennar í fyrstu þannig, að hún raski sem minnst verðlagi í landinu, en þó þannig að fullt mið sé tekið af þeirri nauðsyn, sem er á því að hvetja til olíusparnaðar þegar í stað. Af þeim sökum má ekki fara út á þá braut að greiða olíuverðið niður. Hins vegar þarf að auka tekjur útgerðarinnar til þess að hún geti yfirleitt staðið undir auknum olíukostnaði. Hlutaskiptaákvæði kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna gera það að verkum, að ekki er unnt að mæta kostnaðarauka af þessu tagi með hækkun almenns fiskverðs án þess að hlutir sjómanna hækki um leið. Þetta þýðir einfaldlega, að til þess að koma til skila fjármunum til að standa undir 10 króna olíuhækkun þarf að óbreyttu 17 króna tekjuauka hjá útgerðinni. Forystumenn sjómannasamtakanna hafa lýst því yfir, að þeir vilji ekki hagnast á því óhappi, sem olíuverðhækkunin er fyrir þjóðina. Samráð hefur verið haft við sjómannasamtökin um þetta mál, láta þau óátalið að tímabundið olíugjald af því tagi, sem lagt er til í 1. gr., og er meginefni frumvarpsins, verði á lagt. Þessi afstaða er á því byggð, að olíuhækkunin kunni að vera tímabundin og ákvæðin um olíugjald verði endurskoðuð þegar á árið líður. Fulltrúar sjómanna andmæla hins vegar ákvæði 2. gr. um 1.0% frádrátt frá söluverðmæti við landanir erlendis og benda á að útvegsmenn fái 1% lækkun útflutningsgjalda af söluverðmæti erlendis skv. frv. sem flutt sé jafnhliða þessu.

Einnig hefur frv. verið kynnt Landssambandi ísl. útvegsmanna og samtökum fiskvinnsluaðila, sem geta á þessar tillögur fallist, en benda á að mikilvægt sé að frádráttur verði skv. 2. gr. helst meiri eða a. m. k. svo hár sem hér er lagt til, til þess að skiptakjör við landanir erlendis verði ekki sjómönnum hagstæðari en við heimalöndun. Fulltrúar fiskvinnslu benda á að mikilvægt sé að takmarkaður afli verði sem mest nýttur hérlendis.

Jafnframt þessu frumvarpi er flutt annað frumvarp því tengt, sem kveður á um lækkun útflutningsgjalds af sjávarafurðum úr 6% af f.o.b.-verðmæti í 5% til þess að gera fiskvinnslunni auðveldara að rísa undir þeim kostnaðarauka, sem olíugjaldið felur í sér. Þetta er mögulegt vegna þess að sjóðir þeir, sem útflutningsgjalda njóta, eru nú vel stæðir fjárhagslega og því unnt að draga nokkuð úr tekjum þeirra án þess að það komi niður á verkefnum þeirra að svo stöddu. Með þessum hætti er því snúist við olíuvandanum án þess að stofna til niðurgreiðslna á olíu og án þess að stækka sjóðakerfi sjávarútvegsins. Hvort þessar ráðstafanir eru fullnægjandi verður tíminn að leiða í ljós.

Telja má að hækkun gasolíu í 68.90 kr. pr. lítra valdi útgerðinni um 2 000 m.kr. útgjaldaauka á ári. Álag á fiskverð fyrir einstakar veiðigreinar þyrfti því að vera:

	Bátar án loðnu	Loðnu-bátar	Minni skuttogarar	Stærri skuttogarar	Samtals
Að teknu tilliti til aflahluta	3.9%	3.5%	4.9%	6.7%	4.4%
Án tillits til aflahluta	2.4%	2.2%	3.2%	5.2%	2.9%

Gera má ráð fyrir, að olíugjald skv. frumvarpi þessu muni nema um 1 600 m.kr. fyrir útgerðina í heild þannig að til að mæta því, sem á vantar, þyrfti álag á fiskverð að verða sem hér segir:

	Bátar án loðnu	Loðnu-bátar	Minni skuttogarar	Stærri skuttogarar	Samtals
Að teknu tilliti til aflahluta	0.0%	0.0%	1.3%	3.2%	0.7%
Án tillits til aflahluta	0.0%	0.0%	0.8%	2.5%	0.5%

Fylgiskjal I.

HAGUR FISKVINNSLU OG FISKVEIÐA Í ÁRSBYRJUN 1979 OG ÁHRIF OLÍUVERÐSHÆKKUNAR Á HAG ÚTGERÐAR

Rekstraryfirlit fiskveiða m. v. verðlag í janúar 1979.

	Bátar án loðnu 21—200 brl.	Loðnu-bátar	Minni skuttogarar	Stærri skuttogarar	Samtals
Fjöldi togara			59	14	
A. Tekjur alls	25 392	16 620	26 796	8 136	76 944
1. Seldur afli hérlendis	22 771	16 295	22 033	5 303	66 402
2. Seldur afli erlendis	560	—	2 800	2 275	5 635
3. Aðrar tekjur	2 061	325	1 963	558	4 907
B. Gjöld alls	29 035	15 117	27 717	8 652	80 521
1. Aflahlutir	9 037	5 954	8 191	1 575	24 757
2. Laun og tengd gjöld	3 367	328	1 681	1 411	6 787
3. Olíur	2 669	1 462	4 284	1 452	9 867
4. Veiðarfæri	3 208	2 410	2 051	508	8 177
5. Annar breytilegur kostn. ..	3 505	1 025	3 327	1 601	9 458
Breytilegur kostnaður alls	21 786	11 179	19 534	6 547	59 046
Framlag til fasts kostnaðar	3 606	5 441	7 262	1 589	17 898
Framlag til fasts kostnaðar sem hlutfall af tekjum	14.2%	32.7%	27.1%	19.5%	23.3%
6. Viðhald	3 035	1 504	2 303	713	7 555
7. Endurmetnar afskriftir ..	2 714	1 340	3 620	731	8 405
8. Vextir	1.500	1 094	2 260	661	5 515
Hreinn hagnaður	÷3 643	1 503	÷921	÷516	÷3 577
Brúttóhagnaður	÷929	2 843	2 699	215	4 828
H/A × 100	÷14.4%	9.0%	÷3.4%	÷6.3%	÷4.6%
Meðalverð aflans, kr. á kg.					
Landað heima, skiptav. ..			125.66	105.50	
Landað erlendis, brúttóv. ..			350.00	350.00	
Aflamagn, tonn (slægður fiskur m/haus)					
Landað heima			159 400	45 700	
Landað erlendis			8 000	6 500	
Samtals			167 400	52 200	

Rekstraryfirlit fiskvinnslu m. v. verðlag í febrúar 1979.
Kaupgengi 1$ = 322.50.

	Frysting	Söltun og hersla	Mjöl-vinnsla	Samtals
A. Tekjur alls	84 689	26 916	29 930	141 535
1. Útflutningstekjur	78 634	25 363	29 930	133 927
2. Selt af hráefni	3 374	706	—	4 080
3. Aðrar tekjur	2 681	847	—	3 528
B. Gjöld alls	84 136	27 728	29 820	141 684
1. Laun og tengd gjöld	23 262	4 853	3 590	31 705
2. Hráefni	43 505	16 891	16 310	76 706
3. Umbúðir	2 399	312	470	3 181
4. Flutningskostnaður	1 424	697	970	3 091
5. Annar breytilegur kostnaður	3 751	1 673	4 300	9 724
Breytilegur kostnaður alls	74 341	24 426	25 640	124 407
Framlag til fasts kostnaðar	10 348	2 490	4 290	17 128
Framlag til fasts kostnaðar sem hlutfall af tekjum	12.2%	9.3%	14.3%	12.1%
6. Viðhald	1 856	624	2 200	4 680
7. Endurmetnar afskriftir	2 200	800	1 040	4 040
8. Vextir	5 739	1 878	940	8 557
H. Hreinn hagnaður	553	÷812	110	÷149
Brúttóhagnaður	2 753	÷12	1 150	3 891
H/A × 100	0.7%	÷3.0%	0.4%	÷0.1%
Greitt í verðjöfnunarsjóð	—	—	—	—
Greitt úr verðjöfnunarsjóði	—	1 737	2 210	3 947

Skýringar:

Byggt er á bestu vitneskju um markaðsverðlag og tilkostnað. Gert er ráð fyrir að hvorki komi til greiðslu í eða úr verðjöfnunarsjóði af söltuðum ufsaflökum og skreið.

Áhrif olíuverðshækkunar 21. febrúar á afkomu veiðigreina ásamt dæmi um frekari hækkun m. v. verðlag í janúar 1979.

	Bátar án loðnu	Loðnu bátar	Minni skuttogarar	Stærri skuttogarar	Samtals
Skv. rekstraryfirliti í janúar 1979:					
Tekjur alls	25 392	16 620	26 796	8 136	76 944
Gjöld alls	29 035	15 480	27 717	8 652	80 884
Hreinn hagnaður	÷3 643	1 140	÷921	÷516	÷3 940
Brúttóhagnaður	÷929	2 480	2 699	215	4 465
Hreinn hagnaður sem hlutfall af tekjum	14.4%	6.9%	÷3.4%	÷6.3%	÷5.1%
Dæmi um útgjaldaauka ef gasolíuverð hækkar:					
a) í 68.90 kr. pr. l.	529	362	713	276	1 880[1])
b) í 100.00 kr. pr. l.	1 970	1 349	2 700	1 032	7 051[1])
Hækkun tekna til að vega upp útgjaldaauka sem hlutfall af fiskverði:					
I. Að teknu tilliti til aflahluta					
a) m. 68.90 kr. pr. l.	3.9%	3.5%	4.9%	6.7%	4.4%
b) m v. 100.00 kr. pr. l.	14.4%	13.0%	18.5%	25.2%	16.3%
II. Án tillits til aflahluta					
a) m. v. 68.90 kr. pr. l.	2.4%	2.2%	3.2%	5.2%	2.9%
b) m. v. 100.00 kr. pr. l.	8.8%	8.3%	12.3%	19.5%	10.7%

Skýringar:

Við mat á útgjaldaauka togara hefur verið tekið tillit til þess að hluti flotans notar svartolíu í stað gasolíu

Hér er gert ráð fyrir nokkru meiri olíunotkun loðnubáta en í rekstraráætlun í janúar 1979.

---

1) Nokkuð vantar á að hér sé allur fiskiflotinn meðtalinn þannig að láta mun nærri að hækkunin kosti útgerðina í heild 2 000 m.kr. á ári.

Ed. 394. Frumvarp til laga [203. mál]

um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5 13. febrúar 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum skal vera 5% af f.o.b. verðmæti útflutnings.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. og 3. gr. og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til Aflatryggingasjóðs	
a) Almenn deild	19.5%
b) Áhafnadeild	31.0—
2. Til greiðslu á vátryggingarkostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	25.0—

3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs	
a) Lánastarfsemi	20.0—
b) Styrkveitingar Fiskimálasjóðs	1.0—
4. Til sjávarrannsókna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	2.5—
5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.5—
6. Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	0.5—
Samtals	100.0%

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1979 og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða, sem framleiddar eru eftir lok febrúarmánaðar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að auðvelda fiskvinnslunni að greiða tímabundið olíugjald til fiskiskipa, 2.5% af skiptaverðmæti, sem frumvarp er flutt um jafnhliða þessu. Nærri lætur að sú lækkun útflutningsgjalds, sem hér er ráðgerð, svari til 2 til 2.5% af skiptaverðmæti. Þannig er hér lagt til, að hluta af því fé, sem að óbreyttum lögum rynni til sjóða sjávarútvegsins, fari til þess að létta útgerðinni róðurinn eftir þá miklu hækkun olíuverðs, sem orðið hefur að undanförnu.

Hið tímabundna olíugjald nægir ekki eitt sér til þess að greiða kostnaðaraukann af hækkun olíuverðs til fiskiskipa úr kr. 57.50 í kr. 68.90 á hvern lítra af gasolíu og úr kr. 39 000 pr. tonn í 40 500 kr. pr. tonn af svartolíu, sem ákveðin hefur verið frá 21. febrúar 1979, en ætla verður að henni verði einnig mætt með öðrum hætti, bæði olíusparnaði og hækkun fiskverðs frá 1. mars n.k., en almennu fiskverði hefur verið sagt lausu frá þeim degi, þar sem launahækkun fer fyrirsjáanlega fram úr 5% þann dag. En til þess að hvetja til sparnaðar er mikilvægt að olían sé seld á fullu verði til notenda en ekki greidd niður svo miklu nemi.

Fært er talið að lækka útflutningsgjaldið úr 6% í 5%, a. m. k. að svo stöddu, vegna þess að fjárhagur mikilvægustu sjóðanna, sem útflutningsgjalda njóta, er nú traustur. Þannig átti jöfnunardeild aflatryggingarsjóðs í sjóði um áramót um 2 600 m.kr., áhafnadeild aflatryggingasjóðs átti á sama tíma um 450 m.kr. í sjóði og Tryggingasjóður fiskiskipa átti um 1 000 m.kr. á reikningi sínum í Seðlabanka um áramót, að stórum hluta er það fé þó bundið til árs í senn. Að óbreyttum reglum og miðað við núverandi gengi og verðlag gætu tekjur þessara sjóða af útflutningsgjöldum á árinu 1979, og greiðslur úr þeim að óbreyttum reglum, orðið sem hér segir:

	Afar lauslega áætlaðar tekjur af útflutningsgjöldum 1979 M.kr.	Afar lausleg áætlun um greiðslur skv. gildandi reglum 1979 M.kr.
Jöfnunardeild Aflatryggingasjóðs	2 100	1 200
Áhafnadeild Aflatryggingasjóðs	2 500	2 100
Tryggingasjóður fiskiskipa	2 600	1 900

Af þessum lauslegu áætlunum má ráða, að þessir þrír meginsjóðir þoli nokkra lækkun útflutningsgjaldsins, án þess að það þurfi að koma niður á starfsemi þeirra. Áhafnadeildin þolir þó síður lækkun en hinir sjóðirnir.

Um leið og hlutfall útflutningsgjalds er lækkað er því nauðsynlegt að breyta nokkuð skiptingu tekna af gjaldinu.

Taflan hér á eftir sýnir áætlaðar tekjur af útflutningsgjaldi miðað við 160 milljarða kr. útflutningsverðmæti gjaldskyldra afurða, og skiptingu þeirra skv. gildandi reglum annars vegar og tillögum frumvarpsins hins vegar:

	Gildandi reglur		Tillaga frv.		Breyting
	%	M. kr.	%	M. kr.	M. kr.
1. Til Aflatryggingasjóðs					
a) Almenn deild	22.0	2 112	19.5	1 560	÷ 552
b) Áhafnadeild	26.0	2 496	31.0	2 480	÷ 16
2. Til greiðslu á vátryggingarkostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	27.0	2 592	25.0	2 000	÷ 592
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs					
a) Lánastarfsemi	21.0	2 016	20.0	1 600	÷ 416
b) Styrkveitingar Fiskimálasjóðs	0.9	86	1.0	80	÷ 6
4. Til sjávarrannsókna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	2.3	221	2.5	200	÷ 21
5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.4	38	0.5	40	+ 2
6. Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	0.4	38	0.5	40	+ 2
Samtals	100.0	9 599	100.0	8 000	÷1 599

Sþ. 395. Tillaga til þingsályktunar [204. mál]

um niðurfellingu og lækkun leyfisgjalda af litlum bifreiðum.

Flm.: Árni Gunnarsson, Gunnlaugur Stefánsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fara þess á leit við ríkisstjórnina, að hún felli niður og lækki leyfisgjöld af litlum fólksbifreiðum. Af bifreiðum, sem í eru vélar með rúmmál sprengirýmis minna en 1 600 rúmsentimetra, verði 50% leyfisgjald alveg fellt niður, og lækkað um 25% af bifreiðum með vélar þar sem sprengirými er 1601—3000 rúmsentimetrar. Af bifreiðum með stærri vélar verði gjöld óbreytt.

Greinargerð.

Fyrirsjáanlegar eru miklar hækkanir á bensíni. Þær munu auka útgjöld bjóðarinnar um tugi milljarða króna á næstu mánuðum og árum. Til að auðvelda og hvetja til almenns sparnaðar í bensínnotkun er eðlilegt að gera almenningi hægara en nú er að eignast litlar og sparneytnar bifreiðar. Með því að lækka og fella niður leyfisgjöld af litlum fólksbifreiðum getur ríkisvaldið stuðlað að óbeinum og beinum sparnaði og komið til móts við almenning í tilraunum hans til að spara.

Ríkið hefur gífurlegar tekjur af innflutningi fólksbifreiða og rekstri þeirra. Niðurfelling og lækkun leyfisgjalds mundi í engu skerða tekjur ríkisins af söluskatti, og bensinsparnaður mundi vafalaust vega upp á móti tekjutapi, sem af þessari ráðstöfun mundi leiða. Með þessu eru engar hömlur settar á innflutning stórra fólksbifreiða, en þó þarf að greiða fyrir þær hlutfallslega hærra verð en litla bíla. Þetta getur varla talist óeðlileg ráðstöfun miðað við þær aðstæður, sem nú ríkja.

Um áhrif niðurfellingar og lækkunar leyfisgjalda verða nú nefnd tvö dæmi. Í fyrra tilvikinu er dæmi um bifreið, sem í er vél með minna sprengirými en 1 600

rúmsentimetra. Bíll af þessari gerð, sem kostar frá framleiðanda 2 985 dollara, eða 960 þúsund íslenskar krónur (samkvæmt gengi dollara 23. febr. 1979), kostar kominn á götu í Reykjavík 3 440 000 kr., en þá er ryðvörn ekki talin með. Tekjurnar, sem ríkið fær af bifreiðinni, eru þessar: Tollur 982 þús. kr., leyfisgjald 546 þús. kr. og söluskattur 457 þús. kr. Til ríkisins renna því samtals 1 985 000 kr. Ef leyfisgjaldið yrði fellt niður, yrði verð til kaupanda í Reykjavík 2 894 000 kr.

Ef tekið er dæmi um bíl með vél, sem hefur sprengirými á bilinu 1601 til 3000 rúmsentimetra, lítur það þannig út: Frá framleiðanda kostar bíllinn 5 000 dollara, eða 1 606 000 kr. Til kaupanda í Reykjavík yrði verðið 5 432 000 kr. fyrir utan ryðvörn. Tekjur ríkisins af þessari bifreið eru þessar: Tollur 1 578 000 kr., leyfisgjald 876 000 kr. og söluskattur 747 000 kr. Til ríkisins renna því samtals 3 201 000 kr. Ef leyfisgjaldið af þessari tegund yrði lækkað um 25%, yrði verð bifreiðarinnar um 5 000 000 kr.

Í öðrum stærðarflokkum yrði engin breyting, en sérstaka könnun yrði að gera á atvinnubílum, t. d. sendiferðabílum, þar sem rúmtak véla fer eftir burðarþoli.

Í lækkunarátt mætti jafnvel ganga enn lengra. Það er trú flutningsmanna þessarar tillögu, að þetta fyrirkomulag mundi fljótlega skila arði með minni bensíneyðslu. Af augljósum ástæðum þyrfti mál þetta að fá skjótan framgang.

Sþ. 396. Fyrirspurnir. [205. mál]

I. Til utanríkisráðherra um atvinnumál á Keflavíkurflugvelli.

Frá Gunnlaugi Stefánssyni.

1. Hve margir útlendingar vinna nú við verkamanna-, iðnaðar- og skrifstofustörf á vegum bandarískra hersins og annarra aðila á Keflavíkurflugvelli? Hver var fjöldi þessa starfsfólks í febrúar 1978?
2. Hve margir útlendingar á vegum bandarískra hersins búa nú utan Keflavíkurflugvallar?
3. Er fyrirhugað að fjöldi útlendinga við störf á Keflavíkurflugvelli fari vaxandi á þessu ári?
4. Hve mörgum Íslendingum hefur verið sagt upp störfum á Keflavíkurflugvelli frá 1. september á síðasta ári?

II. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um fæðingarorlof.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

Hvað líður könnun ríkisstjórnarinnar á því, á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni, samkv. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 28 11. maí 1977?

Ed. 397. Breytingartillaga [137. mál]

við frv. til laga um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá Eyjólfi K. Jónssyni og Hannesi Baldvinssyni.

2. mgr. 1. gr. orðist þannig:

Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og annarra rafveitna, sem við sambærilegan fjárhags- og orku-

öflunarvanda eiga að etja, samkvæmt ákvörðun ráðherra orkumála hverju sinni. Hækkun gjaldsins um 6% skal varið til að ná fram verðjöfnun á töxtum til heimilisnotkunar og iðnaðar hjá þessum aðilum. Sá hluti verðjöfnunargjaldsins, sem sameiginlega kemur í hlut Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubúsins, skiptist milli þeirra, þannig að Rafmagnsveiturnar fái 80%, en Orkubúið 20%.

Nd. 398. Breytingartillaga [125. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Lúðvík Jósepssyni.

Á eftir 3. gr. frumvarpsins komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórnin skal svo fljótt sem við verður komið taka upp samningaviðræður við Stéttarsamband bænda um þau rekstrarlegu og fjárhagslegu vandamál sem landbúnaðurinn á nú við að stríða.

Í þessum viðræðum skal að því stefnt, að gert verði samkomulag til næstu 4—5 ára um stefnuna í framleiðslumálum landbúnaðarins og um fjárhagsvandamál atvinnugreinarinnar.

Í samkomulagsumræðum þessum skal m. a. fjallað um eftirfarandi:

a) Stefnuna í framleiðslumálum landbúnaðar næstu 4—5 árin.
b) Hvernig mæta skuli þeim fjárhagsvanda sem bændastéttin stendur frammi fyrir, þar sem augljóst er að lögbundnar útflutningsuppbætur munu ekki duga til að tryggja bændum umsamið grundvallarverð.
c) Skipulag framleiðslunnar á þann veg að framboð landbúnaðarafurða verði í sem bestu samræmi við markaðsskilyrði.
d) Markaðs- og sölumál landbúnaðarafurða. Fyrirkomulag á greiðslum til verðlækkunar á landbúnaðarafurðum og útflutningsbótum.
f) Athugun á skiptingu landsins í framleiðslusvæði með það fyrir augum að beina framleiðslunni til þeirra landsvæða sem hagkvæmast er í hverju tilfelli, en draga úr framleiðslu þar sem náttúrulegrar og markaðslegar aðstæður eru óhagkvæmar.
g) Ýmis hagsmunamál bændastéttarinnar og möguleika á því að draga úr þeim mikla mun sem nú er á afkomu bænda.
h) Önnur atriði sem aðilar telja rétt að taka upp í sambandi við samkomulag á milli bændastéttarinnar og ríkisvaldsins.

Ed. 399. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Undirritaður minni hl. iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis er andvígur frumvarpinu og leggur til að það verði fellt. Til þess liggja eftirgreind rök:

1. Það er að mati minni hlutans í grundvallaratriðum röng stefna að fyrirtæki, sem fjárfest hefur með hagkvæmum hætti og vel er rekið, eigi að greiða kostnað annarra sams konar fyrirtækja, þar sem ekki hefur eins vel tekist til. Raf-

magnsveita, sem fjárfest hefur skynsamlega og vel er rekin, á vitanlega að láta eigin viðskiptamenn njóta þess.

Kostnaður annarra rafmagnsveitna, sem meiri er af einhverjum ástæðum, hlýtur að verða borinn uppi með öðru móti, fyrst og fremst með raforkuverði viðskiptavina veitunnar á hverju svæði. Ef um er að ræða mjög erfiðar, félagslegar, landfræðilegar og óhjákvæmilegar ástæður til kostnaðaraukningar, er eðlilegra að leita annarra leiða til að hlaupa undir bagga með veitunum en þeirrar, sem lögð er til í þessu frumvarpi.

2. Raforkuverðshækkun, sem yrði vegna samþykktar frv., mundi hækka vísitölu og þar með allt verðlag í landinu.
3. Fyrirkomulag samkv. frv. er hugsað svo, að það gæti eins komið þyngst niður á þeim notendum rafmagns, sem við hæst verð búa.
4. Rafmagnsveita Reykjavíkur á við fjárhagsvanda að etja vegna þess að ríkisstjórn hefur neitað henni um verðhækkunarheimild. Þess vegna varð Rafmagnsveita Reykjavíkur að taka dýr erlend lán og stendur undir miklum fjármagnskostnaði þess vegna. Hugsanleg hækkun á raforkuverði í Reykjavík væri því betur komin hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur en annars staðar.

Alþingi, 28. febr. 1979.

Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. 400. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt.
Páll Pétursson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. febr. 1979.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm. Eðvarð Sigurðsson. Gunnlaugur Stefánsson.
Eggert Haukdal. Stefán Valgeirsson.
Gunnar Thoroddsen.

Sþ. 401. Nefndarálit [32. mál]

um till. til þál. um verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsagnir ýmissa aðila, sem málið er skylt, og lýsa þeir allir yfir stuðningi við tillöguna. Nánar um það í framsögn. Nefndin mælir einróma með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 28. febr. 1979.

Páll Pétursson, form. Vilmundur Gylfason, fundaskr. Jónas Árnason, frsm.
Ellert B. Schram. Gunnlaugur Stefánsson.
Lárus Jónsson. Ólafur R. Grímsson.

Sþ. 402. Fyrirspurnir. [206. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um jarðbora.

Frá Oddi Ólafssyni.

Hverju nema eftirtaldir kostnaðarliðir við borun Kröfluholu, þar sem heildarkostnaður er áætlaður 280 milljónir króna:
a) launakostnaður og annar beinn kostnaður við mannafla,
b) flutningskostnaður á bor,
c) borkrónuslit, efni, fóðrun og steypa?

Hvað kostar jarðborinn Jötunn eigendur árlega, sé hann ekki notaður?

II. Til heilbrigðisráðherra um heilsugæslulækna.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Hve margir heilsugæslulæknar eru skipaðir í starf utan Reykjavíkur og Reykjaneskjördæma?
2. Hve margir ættu þeir að vera samkvæmt lögum?
3. Hve margir eru skipaðir á H 1 stöðvum, þ. e. í gömlu einmenningshéruðunum?
4. Hve margir ættu þeir að vera samkvæmt nýju lögunum um heilbrigðisþjónustu?
5. Hvernig hyggst ráðherra leysa læknaskort afskekktustu héraðanna?

Ed. 403. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Þetta frumvarp gerir ráð fyrir því að útflutningsgjald af sjávarafurðum verði lækkað úr 6% af fob-verðmæti útflutnings í 5%. Samkvæmt því er talið að tekjur þeirra sjóða, sem hafa tekjur sínar eða hluta af þeim af útflutningsgjaldinu, lækki um ca. 1 600 milljónir. Þeir sjóðir, sem missa verulegar tekjur við samþykkt frumvarpsins, eru:

1. Vátryggingarsjóður fiskiskipa. Sá sjóður mun þola tekjumissinn vegna þess hve staða hans er góð nú.
2. Hin almenna deild Aflatryggingasjóðs, sem þarf á vaxandi fjármagni að halda, og verði hið margrædda efnahagsfrumvarp forsætisráðherra að lögum, þá mun sjóðurinn þurfa á stórauknum tekjum að halda.
3. Fiskveiðasjóður, sem er nú þegar í mikilli fjárþröng og missir við samþykkt frumvarps þessa 416 millj. kr. tekjur. Sjóðurinn hefur undanfarin ár átt erfitt með að sinna ætlunarverki sínu til fulls, og því mun þessi tekjumissir verða þungt áfall fyrir starfsemi sjóðsins.

Við getum því engan veginn fallist á að samþykkja frumvarpið eins og það er nú og munum því sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 28. febr. 1979.

Oddur Ólafsson, frsm. Steinþór Gestsson.

Ed. 404. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin klofnaði í málinu. Meiri hlutinn, Stefán Jónsson, Ágúst Einarsson, Alexander Stefánsson, Ólafur Björnsson og Geir Gunnarsson, mælir með samþykkt þess óbreytts.

Minni hlutinn, Oddur Ólafsson og Steinþór Gestsson, skilar séráliti.

Alþingi, 28. febr. 1979.

Stefán Jónsson, form., frsm. Alexander Stefánsson, fundaskr. Ólafur Björnsson.
Ágúst Einarsson. Geir Gunnarsson.

Ed. 405. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til laga um tímabundið olíuverð til fiskiskipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með svofelldri

BREYTINGU:

4. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1979 og gilda til loka þess árs.

Alþingi, 28. febr. 1979.

Stefán Jónsson, form., frsm. Alexander Stefánsson, fundaskr. Ágúst Einarsson.
Ólafur Björnsson. Geir Gunnarsson.
Oddur Ólafsson, með fyrirvara. Steinþór Gestsson, með fyrirvara.

Nd. 406. Nefndarálit [141. mál]

við frv. til laga um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Á fundi nefndarinnar mánudaginn 26. febrúar 1979 var fyrir tekið frv. til laga um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi. Lúðvík Jósefsson, Garðar Sigurðsson og Páll Pétursson voru fjarverandi. Fyrir fundinum lá bréf utanríkisráðuneytisins, dags. 30. janúar s. l.,

þar sem þess er farið á leit, að höfðu samráði við sjávarútvegsráðuneytið, að tilteknar breytingar verði gerðar á 2. mgr. 2. gr. frv.

Nefndin féllst á tilmælin og leggur því til að frv. verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

2. mgr. 2. gr. frv. hljóði svo:
Enn fremur er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk.

Alþingi, 26. febr. 1979.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm. Matthías Bjarnason. Eiður Guðnason.
Sverrir Hermannsson.

Ed. 407. Frumvarp til laga [202. mál]

um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. febr.)

Samhljóða þskj. 393 með þessari breytingu:
4. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1979 og gilda til loka þess árs.

Sþ. 408. Tillaga til þingsályktunar [207. mál]

um þingrof og nýjar kosningar.

Flm.: Geir Hallgrímsson, Gunnar Thoroddsen, Albert Guðmundsson, Eggert Haukdal, Ellert B. Schram, Eyjólfur K. Jónsson, Friðjón Þórðarson, Friðrik Sophusson, Jón G. Sólnes, Jósef H. Þorgeirsson, Lárus Jónsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Oddur Ólafsson, Ólafur G. Einarsson, Pálmi Jónsson, Ragnhildur Helgadóttir, Steinþór Gestsson, Sverrir Hermannsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á forsætisráðherra að leggja til við forseta Íslands, að Alþingi verði rofið og efnt til nýrra almennra þingkosninga svo fljótt sem við verður komið.

Greinargerð.

Í dag, 1. mars, eru 6 mánuðir liðnir frá því núverandi ríkisstjórn tók við völdum.

Misseris ferill ríkisstjórnarinnar leiðir í ljós: Í fyrsta lagi: Að fyrirheit það, sem tveir stjórnarflokkarnir gáfu fyrir kosningar um „samningana í gildi“ og þriðji stjórnarflokkurinn tók undir við myndun ríkisstjórnarinnar, hefur ekki verið efnt. Í öðru lagi: Að samstaða hefur ekki náðst með stuðningsflokkum ríkisstjórnarinnar um neina stefnu í efnahagsmálum.

Flutt hefur verið tillaga af hálfu eins stjórnarflokksins um, að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram til þess að leysa ágreining stjórnarflokkanna um efnahagsfrumvarp forsætisráðherra, sem hefur ekki enn verið lagt fram á Alþingi. Slík tillaga ber uppgjöf og vantrausti á núverandi ríkisstjórn ljóst vitni.

Aukin skattheimta, ríkisíhlutun og eignakönnun eykur á vandann. Meðan algert stefnu- og úrræðaleysi ríkir að öðru leyti, sígur sífellt á ógæfuhlið.

Án efa hefur verulegur hluti kjósenda í síðustu alþingiskosningum ætlast til annars en nú er komið á daginn, og því þykir nauðsyn, að kjósendum gefist kostur á að kveða upp dóm sinn að nýju. Allir flokkar hafa kynnt stefnu sína í efnahagsmálum, þannig að kostirnir liggja fyrir. Með tilvísun til þess og reynslu af aðgerðum og aðgerðaleysi núv. ríkisstjórnar vilja sjálfstæðismenn með tillögu þessari greiða fyrir því, að þjóðin fái tækifæri til að kveða upp sinn dóm, hvaða efnahagsstefnu beri að fylgja á næstu árum.

Nd. 409. Breytingartillaga [202. mál]

við frv. til l. um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

Frá Lúðvík Jósepssyni og Garðari Sigurðssyni.

Við 2. gr.
Greinin falli niður.

Nd. 410. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hélt fund um frv. fimmtudaginn 1. mars, kl. 15.15, og fékk til viðræðna við sig fulltrúa L. Í. Ú., Sjómannasambands Íslands og Fiskveiðasjóðs.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. Lúðvík Jósepsson boðaði brtt. við 2. gr. frv. Boðað var, að Matthías Bjarnason, Sverrir Hermannsson, Lúðvík Jósepsson og Garðar Sigurðsson skrifuðu undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 1. mars 1979.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm.
Páll Pétursson, fundaskr.
Eiður Guðnason.
Lúðvík Jósepsson, með fyrirvara.
Garðar Sigurðsson, með fyrirvara.
Matthías Bjarnason, með fyrirvara.
Sverrir Hermannsson, með fyrirvara.

Nd. 411. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hélt fund um frv. fimmtudaginn 1. mars, kl. 15.15, og fékk til viðræðna við sig fulltrúa L. Í. Ú., Sjómannasambands Íslands og Fiskveiðasjóðs.

Nefndin öll var sammála um að flytja breytingartillögu við 3. gr. frv. og er hún flutt á þskj. 412.

Um afstöðuna til frv. varð nefndin að öðru leyti ekki sammála. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt að gerðri breytingu, sbr. þskj. 412. Minni hlutinn skilar séráliti.

Alþingi, 1. mars 1979.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm. Páll Pétursson, fundaskr. Eiður Guðnason.
Lúðvík Jósepsson. Garðar Sigurðsson.

Nd. 412. Breytingartillaga [203. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

Frá Sjávarútvegsnefnd.

Aftan við 3. gr. bætist:
Ákvæði laga þessara gilda til ársloka 1979. Frá 1. janúar 1980 gilda eldri ákvæði laga nr. 5 1976.

Nd. 413. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Með þessu frumvarpi er lagt til að útflutningsgjald af sjávarafurðum verði lækkað úr 6% í 5% af fob.-verðmæti til útflutnings. Það leiðir af sér, að tekjur þeirra sjóða og annarra verkefna, sem útflutningsgjaldið nær til, lækka um nál. 1 600 millj. króna.

Það eru aðallega þrír sjóðir sem tapa hér verulegum tekjum: Tryggingasjóður fiskiskipa 592 millj. kr., Aflatryggingasjóður 568 millj. kr. og Fiskveiðasjóður Íslands 416 millj. kr.

Eftir atvikum getum við fallist á að Tryggingasjóður og Aflatryggingasjóður láti af hendi þessar tekjur á þessu ári, en teljum að ef Aflatryggingasjóður þarf á auknu fjármagni að halda vegna óvæntra bóta, sé ríkisstjórninni skylt að útvega það fjármagn til þess að sjóðurinn standi fyrir því hlutverki, sem honum er ætlað lögum samkvæmt.

Fiskveiðasjóður Íslands er engan veginn fær um að eigin ráðstöfunarfé hans sé skert, og erum við því mótfallnir. Við getum því engan veginn fallist á að samþykkja frumvarpið eins og það er nú og munum því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. mars 1979.

Sverrir Hermannsson, frsm. Matthías Bjarnason.

Ed. 414. Frumvarp til laga [208. mál]

um breyting á lögum nr. 25 frá 22. maí 1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

1. gr.

1. töluliður 9. gr. laganna: Félagslegar ástæður, falli niður.

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Áður en fóstureyðing má fara fram, verður að liggja fyrir skrifleg rökstudd greinargerð tveggja lækna um nauðsyn aðgerðarinnar. Annar þessara lækna sé sérfræðingur í kvensjúkdómum eða almennum skurðlækningum við það sjúkrahús, þar sem aðgerðin fer fram, en hinn að jafnaði sá læknir, sem ráðlagt hefur konunni að leita sjúkrahúss þessara erinda.

Þar sem ástæða þykir til skal viðkomandi sérfræðingur styðjast við álitsgerð geðlæknis, sé um geðræna sjúkdóma að ræða.

3. gr.

2. mgr. 28. gr. laganna orðist svo:

Í nefndinni skulu eiga sæti 3 menn og jafnmargir varamenn, tveir læknar og einn lögfræðingur, og skulu þeir skipaðir af heilbrigðisráðherra til 4 ára í senn. Nefndin skal úrskurða málið innan viku frá því að henni berst það í hendur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér að þrengd er heimild til fóstureyðinga. Samkvæmt gildandi lögum er fóstureyðing heimiluð af þrenns konar ástæðum, þ. e. í fyrsta lagi af félagslegum ástæðum, í öðru lagi af læknisfræðilegum ástæðum og í þriðja lagi ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fella niður, að félagslegar ástæður geti heimilað fóstureyðingu. Af þessu leiðir aðrar breytingar, sem í frumvarpinu felast.

Það er skoðun flutningsmanns, að félagslegar ástæður eigi ekki að réttlæta fóstureyðingu. Í fyrsta lagi eru félagslegar ástæður ákaflega rúmt og teygjanlegt hugtak. Í öðru lagi á að bæta úr félagslegum ástæðum með öðrum hætti en að tortíma mannlegu lífi.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að félagslegar ástæður heimili fóstureyðingu, þegar ætla má, eins og það er orðað, „að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu of erfið vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna“. Í lögunum er svo að finna leiðbeiningar um það, til hvers skuli tekið tillit við mat á því, hvað er „of erfitt“ í þessu sambandi og hvað eru „óviðráðanlegar félagslegar ástæður“. Þar er tiltekið sem ástæða fyrir fóstureyðingu, að konan hafi alið mörg börn með stuttu millibili og skammt sé frá síðasta barnsburði. Samkvæmt þessari reglu getur fóstureyðing verið heimil, þó að heimilisástæður séu góðar og heilsufar gott á heimilinu. Ef barnið er ekki velkomið í heiminn af einhverjum öðrum ástæðum, skal lífi

þess tortímt, ef óskað er. Þá er önnur leiðbeiningarreglan sú, að fóstureyðing geti verið heimil, ef konan býr við „bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu“. Og þriðja leiðbeiningarreglan er sú, að fóstureyðing geti verið heimil „þegar konan getur ekki vegna æsku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt“.

Tvær síðustu leiðbeiningarreglurnar byggjast vissulega á félagslegum ástæðum. Enginn neitar því, að bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis á heimili eða þroskaleysi móður geti skapað félagslegt vandamál. En spurningin er, hvernig á að bregðast við þeim vanda. Það á ekki að gera með því að veita heimildir til fóstureyðingar. Félagslegan vanda á að leysa með félagslegum ráðstöfunum.

Með lögum nr. 25 frá 22. maí 1975 voru heimildir til fóstureyðingar rýmkaðar. Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa. Fóstureyðingum hefur fjölgað ískyggilega. Skráðar fóstureyðingar hér á landi á hverjar 1 000 konur á aldrinum 15—49 ára voru árið 1965 1.8, árið 1970 2.1, 1975 5.9, árið 1976 6.7, árið 1977 8.4 og á árinu 1978 um 9.3. Á tímabilinu 1962 til 1970 voru skráðar 61 til 109 fóstureyðingar á ári. Á árinu 1975 eru fóstureyðingar 308, árið 1976 367, 1977 456 og 1978 rúmlega 500. Þetta er reynsla okkar af því að heimila fóstureyðingar af svokölluðum félagslegum ástæðum.

Þegar núgildandi lagaákvæði voru sett um fóstureyðingar árið 1975 bar flutningsmaður þessa frumvarps fram breytingartillögu við frumvarpið að lögum þessum, þar sem lagt var til að fóstureyðingar yrðu ekki heimilaðar af félagslegum ástæðum. Þessi breytingartillaga náði ekki fram að ganga. Nú er þessi breytingartillaga tekin upp á ný í formi þess frumvarps, sem hér er lagt fram. Er þess nú vænst að af fenginni reynslu nái mál þetta fram að ganga.

Nú ber hátt umræður um velferð barnsins. Mætti barnaár Sameinuðu þjóðanna ekki verða okkur einhver hvatning í þessu efni? Hvað væri háleitari hugsjón en að þjóðin setti sér á þessu ári það markmið, að ekkert íslenskt barn væri óvelkomið í þennan heim af félagslegum ástæðum. Það vill svo til að í þessu landi búum við við víðtæka almenna tryggingalöggjöf og margs konar opinbera aðstoð í félagslegu tilliti. Við teljum okkur standa allframarlega í þessum efnum og erum stundum harla ánægð með það, sem áunnist hefur á síðustu áratugum til lausnar hinum ýmsu félagslegu vandamálum.

En satt er það, að mörgu er enn ábótavant og að ýmsu þarf að hyggja. Betur þarf að gera í málum barnshafandi kvenna, svo sem fæðingarorlofi og mæðraheimilum. Barnaheimilum þarf að fjölga og bæta, dagvistunarheimilum og leikskólum. Það þarf að beita almannavaldinu og samhjálp þjóðarinnar til aðstoðar við þá konu, sem býr við slæmar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu, svo að barnið, sem hún gengur með, verði velkomið í þennan heim og góður aðbúnaður þess sé tryggður. Ekkert annað er til lausnar þeim vanda, sem um er að ræða. En þetta kostar fjármagn. Samt eru það smámunir, sem ekki er til að hafa orð á, samanborið við hið óbætanlega tjón, sem blóðfórnir fóstureyðinganna valda nú hinni fámennu íslensku þjóð, sem þarfnast mest af öllu fleiri handa til að halda uppi sjálfstæðri tilveru sinni.

Frumvarp þetta varðar afstöðu til fóstureyðinga í grundvallaratriðum. Hér er gengið út frá, að félagslegar ástæður geti aldrei réttlætt fóstureyðingu. Þetta leiðir af því, að það er um mannslíf að tefla, þegar rætt er um eyðingu fósturs. Það er grundvallaratriði, að þetta mannlega líf hefur rétt til að vera borið í þennan heim. Réttinn til lífsins verður að viðurkenna. Það er siðferðileg skylda að varðveita líf, jafnvel líf ófædds barns. Fóstureyðing á því ekki að koma til greina, nema líf móður sé í fyrirsjáanlegri hættu eða telja má auðsætt að barnið verði svo vangefið, að ekki verði komist hjá að grípa til örþrifaráða, eða kona hafi verið þunguð af refsiverðu atferli. Á þessari forsendu er frumvarp þetta flutt.

Nd. 415. Frumvarp til laga [203. mál]

um breytingu á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. mars.)

Samhljóða þskj. 394 með þessari breytingu.

3. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1979 og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða, sem framleiddar eru eftir lok febrúarmánaðar 1979.
Ákvæði laga þessara gilda til ársloka 1979. Frá 1. janúar 1980 gilda eldri ákvæði laga nr. 5 1976.

Nd. 416. Lög [202. mál]

um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

(Afgreidd frá Nd. 2. mars.)

Samhljóða þskj. 407 (sbr. 393).

Sþ. 417. Tillaga til þingsályktunar [209. mál]

um könnun á vissum þáttum heilbrigðisþjónustu með tilliti til hugsanlegs sparnaðar og bættrar þjónustu.

Flm.: Oddur Ólafsson, Bragi Níelsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að fram fari könnun á skipulagi og virkni neðangreindra þátta heilbrigðisþjónustunnar:

1. heimilislækninga og heilsuverndar,
2. sérfræðilæknisþjónustu,
3. þjónustu við sérstaka sjúklingahópa,
4. rekstrar sjúkrahúsa,
5. Öldrunarþjónustu og endurhæfingar.

Í könnun þessari skulu eftirfarandi atriði sérstaklega tekin til rannsóknar:

a. Hvort aukin heilsuverndarstarfsemi og breyting á skipulagi heimilislækninga ásamt verulega auknu fjárstreymi til þessara þátta væri líkleg til þess að minnka þörfina fyrir innlagnir í sjúkrahús.
b. Hvort hentugra væri og árangursríkara að sérfræðiþjónusta við utansjúkrahússjúklinga væri í auknum mæli unnin á göngudeildum sjúkrahúsa, til hægðarauka fyrir sjúklinga, til frestunar sjúkrahúsinnlagna og styttingar sjúkrahúsdvalar.
c. Hvernig best verði komið fyrir þjónustu við sérstaka sjúklingahópa þannig að þeim sé skapað fyllsta mögulegt öryggi og fjármagn nýtt á hinn hagkvæmasta hátt.
d. Hvort ástæða sé til þess að endurskoða frá grunni áform um uppbyggingu sjúkrahúsa, þar eð forsendur hafa breyst verulega nú síðustu árin.

Enn fremur er samræming á starfi sjúkrahúsa nauðsynleg og athugun á því hvaða rekstrarform henti okkur best.

e. Athugunar er þörf á virkni endurhæfingar og meðferð öldrunarsjúkdóma.

Könnun þessi verði framkvæmd af sérfræðingum og fyrstu niðurstöður lagðar fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Á 97. löggjafarþingi lögðu þeir Sverrir Bergmann og Oddur Ólafsson fram tillögu til þingsályktunar svipaðs efnis. Þeirri tillögu var vísað til ríkisstjórnarinnar.

Í lögum þeim um heilbrigðisþjónustu, sem samþykkt voru á Alþingi 6. maí 1978, segir svo í 1. grein:

„Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu."

Hér er fast að orði kveðið og vandi heilbrigðisþjónustu okkar mikill. Heilbrigðisþjónusta kostar mikð fjármagn, enda renna nú 33% af útgjöldum fjárlaga til heilbrigðis- og tryggingamála.

Framfarir á sviði heilbrigðismála eru stórstígar og örar, þær kosta gjarnan miklar og kostnaðarsamar breytingar frá fyrri aðstöðu, endurnýjun og aukningu tækja og búnaðar, enn fremur nýjar starfsstéttir til þess að sinna hinum nýju verkefnum.

Ekkert menningarþjóðfélag afsalar sér góðri heilbrigðisþjónustu eða hættir á að dragast aftur úr í framþróun á þessu sviði, enda er þetta einn af hornsteinum þess að um menningar- og velferðarþjóðfélag verði talað.

Hins vegar er mikilvægt að meðferð mikilla fjármuna sé vel skipulögð, þannig að engu sé á glæ kastað, og því er áríðandi að kanna, hvort breytt skipulag ýmissa starfsþátta heilbrigðisþjónustunnar eða breytt vægi innbyrðis á milli helstu greinanna leiði til bættrar þjónustu án kostnaðarauka.

Fram að síðustu árum höfum við um áratugi lagt megináherslu á uppbyggingu sjúkrahúsa og breytingu þeirra í það horf að geta hagnýtt þær nýjungar, sem fram hafa komið á hverjum tíma. Á þennan hátt höfum við náð langt í okkar heilbrigðisþjónustu, en því miður kom þetta niður á öðrum ekki síður mikilvægum þáttum starfseminnar.

Heilsuvernd og heimilislæknaþjónusta hefur átt erfitt uppdráttar hjá okkur, en þessir frumþættir heilbrigðisþjónustunnar eiga nú hvarvetna vaxandi skilningi að fagna og talið, að ef verulega auknu fjármagni væri varið til heilsuverndar mætti minnka þörfina fyrir sjúkrarúm. Á sama hátt gæti vel mönnuð og vel skipulögð heimilislæknaþjónusta tryggt öryggi íbúanna og dregið úr sjúkrarúmaþörfinni, einkum ef fullkomin rannsóknaraðstaða væri fyrir hendi, bæði á hinum nýju heilsugæslustöðvum og á göngudeildum sjúkrahúsa. Með nútíma samgöngutækni ætti einnig að vera hægt að nýta mun betur sérfræðinga til starfa úti um landið, enda þótt aðalstarf þeirra væri við stóru sjúkrahúsin í Reykjavík.

Talið er, að til heilsuverndar sé nú varið um það bil 1% af þeim fjármunum, sem heilbrigðisþjónustan notar. Með því að þessi tala færi upp í 4—5% mætti örugglega gera stórvirki á heilsuverndarsviðinu og á þann hátt spara verulegt fjármagn.

Þetta væri verðugt verkefni þeirrar nefndar, sem að könnuninni ynni, því að betra er heilt en vel gróið. Verndun heilsunnar á að vera fyrsta og veigamesta verkefni heilsugæslunnar. Liður í heilsuvernd er að tryggja hverjum landsmanni þjónustu heimilislæknis. Heimilislæknirinn á að vera vörður heilsu og heilbrigðs lífernis hjá hverri fjölskyldu.

Við eigum nú nægilega mörg sjúkrarúm til þess að sinna landsmönnum. Langir biðlistar á vissum deildum benda hins vegar til þess, að þörf sé endurskipulagningar og aukinnar samvinnu.

Þetta væri eitt yfirgripsmesta verkefni könnunarinnar. Koma þyrftu til upplýsingar frá erlendum sérfræðingum, er að þessum málum vinna, og náin samvinna við heilbrigðisstéttir, er störfum gegna á sjúkrahúsum okkar.

Um endurhæfingu og eftirmeðferð er það að segja, að þetta eru yngstu svið heilbrigðisþjónustunnar, starfssvið, sem á síðustu áratugum hafa verið í örri þróun og háð síbreytingum.

Á sumum sviðum endurhæfingar stöndum við örugglega mjög vel, annars staðar er breytinga þörf, enda þetta svið fjárfrekt ekki síður en aðrar starfsgreinar heilsugæslunnar, en sérlega litlum fjármunum varið til endurhæfingar og annarrar eftirmeðferðar hér.

Með vaxandi velmegun og bættri heilbrigðisþjónustu hafa Íslendingar komist í hóp þeirra þjóða þar sem meðalaldur er hæstur. Þetta þýðir, að öldruðu fólki fer fjölgandi og vandamál þess verða stærri í sniðum. Það er því álit flutningsmanna, að vandamál þessa fólks þurfi sérstakrar athugunar við.

Það er álit flutningsmanna, að þótt sjúkrarúm og aðra aðstöðu virðist skorta, þá sé ekki sjálfsagt, að nýbyggingar séu nauðsynlegar, oft muni mögulegt að bæta ástandið verulega með því að leggja aukna áherslu á að bæta aðra ódýrari þætti þjónustunnar og nýta betur þá aðstöðu, sem fyrir hendi er.

Ed. 418. Lög [203. mál]

um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

(Afgreidd frá Ed. 2. mars.)

Samhljóða þskj. 415 (sbr. 394).

Nd. 419. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á leiklistarlögum, nr. 33 12. maí 1977.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. mars.)

1. gr.

Liður IV. í 2. gr. laganna orðist svo: Til leiklistarstarfsemi áhugaleikfélaga.
Nýr liður (verður VI. liður) orðist svo: Til annarrar leiklistarstarfsemi.
Við 2. gr. laganna bætist nýr liður: Til óperustarfsemi.

2. gr.

I. töluliður 4. gr. laganna orðist svo:
Að vera vettvangur umræðna um leiklistarmál og stuðla að því að leiklistarstarfi séu búin þroskavænleg skilyrði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 420. Lög [149. mál]

um breytingu á lögum nr. 31 28. mars 1974, um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot.

(Afgreidd frá Nd. 5. mars).

Samhljóða þskj. 228.

Sþ. 421. Breytingartillögur [207. mál]

við till. til þál. um þingrof og nýjar kosningar.

Frá Braga Sigurjónssyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á forsætisráðherra — náist ekki fyrir 17. þ. m. samkomulag milli núverandi stjórnarflokka um stjórn efnahagsmála og ráðstafanir til að draga úr verðbólgu og stuðla að framförum í þjóðarbúskapnum — að leggja til við forseta Íslands, að kannaðar verði nýjar leiðir til stjórnarmyndunar. Leiði þær kannanir ekki til árangurs fyrir 20. apríl n. k., verði Alþingi rofið og efnt til nýrra almennra þingkosninga svo fljótt sem við verður komið.
2. Fyrirsögn þáltill. verði:
   Tillaga til þingsályktunar um nýja stjórnarmyndun eða þingrof og nýjar kosningar.

Sþ. 422. Tillaga til þingsályktunar [210. mál]

um iðnnám.

Flm.: Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta endurskoða gildandi reglugerð nr. 143/1967 um iðnfræðslu, m. a. með það í huga, að símvirkjun verði talin til iðngreina og að símvirkjun verði tekin upp sem námsefni í iðnskóla.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi reglugerð um iðnfræðslu er símvirkjun ekki talin með sem iðngrein. Engu að síður er krafist bæði verklegs og bóklegs náms, sem lýkur með prófi, til þess að mega stunda þessa atvinnu.

Sérstakur skóli, Póst- og símaskólinn, annast þessa fræðslu. Skólanefnd er skipuð af póst- og símamálastjóra, sem einnig ræður skólastjóra, en skólanefndin ræður síðan kennara og prófdómara.

Ekki munu aðrir fá heimild til náms í símvirkjun en þeir, sem ráðnir eru til starfa hjá Pósti og síma. Símvirkjanám er því algjörlega lokað og engin trygging fyrir því, að þeir, sem áhuga hafa á náminu, geti nokkru sinni aflað sér þeirrar þekkingar, reynslu og réttinda sem nauðsynleg eru til að mega leggja starfið fyrir sig.

Almennt er þegnum þjóðfélagsins gert kleift með hinu almenna skólakerfi að afla sér þeirrar skólagöngu, sem hugurinn stendur til og fáanleg er hér á landi, án þess að krafist sé vinnuráðningar í starfsgreinum áður en nám er hafið. Þróun

þessara mála er sú, að nú er unnt að ljúka iðnnámi frá iðnskóla í mörgum starfsgreinum án þess að nemandinn þurfi að vera á námssamningi í greininni.

Auk þess að bæta úr ósanngjörnu misrétti, sem viðgengist hefur í þessum efnum, leiðir þessi skipan til verulegs sparnaðar fyrir ríkissjóð, þar sem sérskóla Pósts og síma mætti leggja niður þegar námið væri flutt í skóla sem þegar eru starfræktir.

Það má ætla, að einokun og hvers konar höft á athafnafrelsi eigi þverrandi fylgi að fagna, og líklegt, að einokunaraðstaða sú, er lög um fjarskipti nr. 30 frá 1941 færa Pósti og síma í hendur, verði fljótlega felld niður. Er þá nauðsyn á því, að unnt sé að leita til annarra en starfsmanna símans um verkefni er snerta símvirkjun og notendur síma þurfa að fá framkvæmd.

Sþ. 423. Tillaga til þingsályktunar [211. mál]

um starfsreglur Póst- og símamálastofnunar.

Flm.: Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um starfssvið Landssíma Íslands með það að markmiði að samræma starfsemi og verksvið símans þeim reglum er gilda um starfsemi annarra hliðstæðra þjónustustofnana, svo sem rafveitna, hitaveitna og vatnsveitna.

Greinargerð.

Í II. kafla laga nr. 30 frá 27. júní 1941, er að finna ákvæði þar sem ríkinu er, m. a. í 2. gr., veitt einokun á „að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki (tæki, taugar, búnað, o. þvl.) eða hluta þeirra“ o. s. frv. Í IV. kafla sömu laga er þessi einkaréttur framseldur póst- og símamálastjórn. Hins vegar er ráðherra, sem fer með fjarskiptamál, veitt heimild í 3. gr. laganna til að veita undanþágur frá ákvæðum 2. greinar. Í lögum nr. 36 frá 13. maí 1977 er einkaréttur Póst- og símamálastofnunar enn þá áréttaður. Í 3. gr. þeirra laga er þó nokkuð dregið í land frá fyrri ákvæðum, þar sem nú er veitt einkaleyfi til að „stofna til og starfrækja hvers konar póst-, síma- og aðra fjarskiptaþjónustu“ svo og að „hafa eftirlit með innflutningi og viðurkenningu á búnaði í því sambandi“.

Ekki eru bornar brigður á nauðsyn þess, að Póst- og símamálastofnun reki símstöðvar og annist lagnir símalína milli staða. Hins vegar á einkaleyfi símans að vera lokið þegar að því kemur sem framkvæma þarf eftir að símalögn er komin í tengil innan húsveggs notanda.

Starfsemi annarra þjónustustofnana, svo sem rafmagns-, vatns- og hitaveitna, má telja hliðstæðar starfsemi síma og ættu því að gilda um þær hliðstæð ákvæði. Rafmagnsveita og hitaveita tengja lagnir sínar við mæla notenda innanhúss, en láta þar staðar numið. Eftir að gengið er frá inntaki er notendum í sjálfsvald sett hvernig lögnum innanhúss er hagað og hvaða efni og tæki eru notuð, svo framarlega að öryggis- og gæðakröfum, sem kunna að verða settar, sé fullnægt. Með frjálsum innflutningi eykst fjölbreytni og hagkvæmni og símanum sparast fé og fyrirhöfn við innkaup og birgðahald, a. m. k. varð sú raunin á þegar Viðtækjaverslun ríkisins var lögð niður á sínum tíma. Má ætla að sú verði einnig raunin að því er símann varðar.

Sþ. 424. Fyrirspurn [212. mál]

til forsætisráðherra um djúphita í jörð og virkjunarrétt fallvatna.

Frá Braga Sigurjónssyni.

Hvað líður frumvarps- eða frumvarpagerð um að djúphiti í jörð og virkjunarréttur fallvatna verði lögbundin þjóðareign, sbr. samstarfsyfirlýsingu núverandi stjórnarflokka (bls. 9, gr. 3.13)?

Nd. 425. Frumvarp til laga [213. mál]

um breyting á lögum nr. 74/1977 um matvælarannsóknir ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Tekjur matvælarannsókna ríkisins eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar á fjárlögum. 2. Fé, sem veitt er til sérstakra verkefna. 3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru vegna heilbrigðiseftirlitsins í landinu. 4. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einkaaðila.

Ráðherra setur gjaldskrá fyrir unnin verk skv. 3. og 4. tl. að fengnum tillögum stofunarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og er ástæðan fyrir framlagningu þess sú að mjög erfiðlega hefur gengið að fá fé til starfrækslu matvælarannsókna ríkisins á fjárlögum. Þykir einsýnt, miðað við fjárveitingar á yfirstandandi ári, að draga verði stórlega úr þjónustu stofnunarinnar við heilbrigðiseftirlitið í landinu. Gæti slíkt haft í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Það er skoðun ráðuneytisins að einskis megi láta ófreistað til þess að starfsemi stofnunarinnar dragist ekki saman. Þyrfti frekar að auka hana enda var ætlunin að slíkt yrði gert er stofnuninni var tryggður sess með lögum nr. 74/1977. Þrátt fyrir ákvæði þeirra laga örlar ekkert á efnafræðilegum rannsóknum og er fyrirsjáanlegt að svo verður ekki í náinni framtíð nema til komi stefnubreyting fjármálayfirvalda.

Með frumvarpi þessu vill ráðuneytið leitast við að tryggja það að starfsemi stofnunarinnar dragist a. m. k. ekki saman. Þær rannsóknir, sem um ræðir eru gerlarannsóknir sem þjónusturannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu. Er hér með lagt til að stofnuninni verði tryggðar vissar tekjur m. a. á þann hátt að taka megi gjald fyrir rannsóknir á vegum heilbrigðiseftirlitsins í landinu. Miðað við gjaldskrá rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins fyrir árið 1979 og fjölda sýna er bárust matvælarannsóknum ríkisins árið 1978 ættu tekjur að geta orðið rúmar 20 millj. kr. án söluskatts. Þetta yrði kostnaður sem sveitarfélög yrðu þá að greiða vegna rannsóknar í þágu heilbrigðiseftirlitsins í héraði.

Það er skoðun ráðuneytisins, nái frumvarp þetta fram að ganga, verði hægt að tryggja eðlilegan rekstur stofnunarinnar miðað við óbreytt framlög á fjárlögum.

Með frumvarpi þessu fylgja tvö önnur frumvörp til laga, en þau gera ráð fyrir breytingum á 16. gr. laga nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, en hún

kveður á um skyldur rannsóknastofnana ríkisins til rannsóknar á sýnum vegna heilbrigðiseftirlitsins samkvæmt þeim lögum, og breytingum á 7. gr. 3. og 4. mgr. laga nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum. Öll ber þessi frumvörp að sama brunni.

Nd. 426. Frumvarp til laga [214. mál]

um breyting á lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

16. gr. orðist svo:

Rannsóknastofnanir ríkisins skulu annast nauðsynlegar rannsóknir á sýnishornum vegna heilbrigðiseftirlitsins skv. lögum þessum. Sveitarfélög standa undir kostnaði við rannsóknir þessar og fer um hann skv. gildandi lögum um einstakar stofnanir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu, sem er fylgifrumvarp með öðrum er snerta breytingar á lögum nr. 74/1977 um matvælarannsóknir ríkisins, og breyt. á lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum o. fl. er lagt til að kveðið verði skýrt á um greiðsluskyldu vegna rannsókna á vegum heilbrigðiseftirlitsins í landinu. Til þessa dags hefur ríkissjóður staðið undir öllum matvælarannsóknum á þessu sviði, án þess að séð verði að bein lagaskylda hvíli á ríkissjóði til þess. Hefur verið varið til þessara rannsókna ákveðinni fjárhæð á fjárlögum hvers árs. Með stofnun matvælarannsókna ríkisins, sbr. l. nr. 74/1977 var ætlunin að þessi þjónusta yrði sveitarfélögunum að kostnaðarlausu auk þess sem hún yrði stórlega aukin. Miðað við þau fjárframlög sem þeirri stofnun er ætluð á fjárlögum yfirstandandi árs stenst þetta ekki. Vísast um það til athugasemda við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 74/1977 um matvælarannsóknir ríkisins, sem lagt er fram jafnhliða þessu frumvarpi.

Samkv. lögum nr. 12/1969 16. gr. hvílir sú skylda á rannsóknarstofnunum ríkisins að annast nauðsynlegar rannsóknir á þessu sviði. Er þetta sjálfsagt ákvæði og ekki ætlunin að hrófla við því. Hins vegar er hér lagt til að lögfest verði greiðsluskylda sveitarfélaga vegna þessara rannsókna enda er það í samræmi við þá meginreglu að heilbrigðiseftirlit í héraði er á kostnað viðkomandi sveitarfélags, sbr. 1. gr. l. nr. 12/1969. Hinar ýmsu rannsóknastofnanir ríkisins hafa að lögum gjaldtökuheimildir og beita þeim. Allar aðrar rannsóknir á vegum heilbrigðiseftirlitsins en matvælarannsóknir hafa sveitarfélögin þurft að greiða nema fengist hafa sérstök heimild ráðuneytis til annars og fé sé til slíks á fjárlögum. Með þessari breytingu er því einnig reynt að samræma þessi mál.

Með frumvarpi þessu er einnig lagt til að felldur verði niður 2. ml. 16. gr. núgildandi laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit en þar er kveðið á um heimild fyrir ráðherra til þess að leyfa sveitarstjórnum að láta rannsaka sýnishorn á öðrum rannsóknastofnunum en ríkisins. Þetta ákvæði er óþarft í dag hvað snertir matvælarannsóknir með hliðsjón af tilveru matvælarannsókna ríkisins enda geyma lög um þá stofnun ákvæði er heimila ráðherra að fengnum tillögum landlæknis að fela öðrum rannsóknastofnunum að annast rannsóknir sérstakra verkefna sem stofnunin getur ekki annast sjálf, sbr. 4. gr. 3. mgr. laga nr. 74/1977. Það er skoðun

ráðuneytisins að núgildandi ákvæði varðandi þetta hafi eingöngu haft raunhæfa þýðingu hvað snertir matvælarannsóknir, eðli þeirra rannsókna vegna, en hafi verið allsendis óraunhæft varðandi aðrar rannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlitið. Slíkar rannsóknir hafa alltaf farið fram á vegum rannsóknastofnana ríkisins enda aðrir vart í stakk búnir til að sinna þeim.

Nd. 427. Frumvarp til laga [215. mál]

um breyting á lögum nr. 24 1. febrúar 1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

7. gr. 3. mgr. orðist svo:

Sveitarfélög standa straum af kostnaði við eftirlit samkv. lögum þessum, hvert á sínu svæði. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um tilhögun eftirlitsins einnig hvaða efnum megi blanda saman við matvæli og í hvaða magni.

2. gr.

Ný málsgr. er verður 7. gr. 4. mgr. orðist svo:

Ráðherra er heimilt samkv. sérstakri gjaldskrá að leggja gjald á þær vörur sem háðar eru eftirliti til þess að mæta að hluta eða fullu þeim kostnaði sem sveitarfélög verða fyrir vegna eftirlits skv. þessum lögum. Sveitarstjórnir innheimta gjöld þessi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu, sem er fylgifrumvarp tveggja annarra, eru lagðar til vissar breytingar á lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum. Samkvæmt núgildandi lögum hvílir sú skylda á ríkissjóði að standa undir kostnaði vegna eftirlitsins skv. lögunum. Þetta er órauhæft þar sem allt heilbrigðiseftirlit skv. l. nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er á kostnað viðkomandi sveitarfélaga. Jafnframt hefur þessi skylda ríkissjóðs verið túlkuð svo að rannsóknir eigi að falla undir eftirlitshlutverkið og því greiðast af ríkissjóði. Hefur verið varið til þessara rannsókna ákveðinni fjárhæð árlega. Þótt deila megi um lagaskyldu ríkissjóðs til þess að standa undir þessum kostnaði verður að ætla slíka skyldu helgaða fyrir langa venju. Það er því skoðun ráðuneytisins að breyta þurfi nefndum lögum til þess að afnema þessa venju.

Að öðru leyti eru breytingar einungis þær að gert er ráð fyrir því að setja megi í reglugerð ákvæði um aukaefni í matvælum. Er þessi heimild samhljóða heimild í lögum um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 en á betur við hér. Í núgildandi reglugerð um eftirlit með tilbúningi og dreifingu matvæla og annarra neyslu og nauðsynjavara nr. 250/1976 er sérstakur aukefnalisti. Auk þess er gert ráð fyrir því að gjöld skv. sérstakri gjaldskrá renni til viðkomandi sveitarfélaga en ekki ríkisins. Þess skal getið hér að þótt ríkið hafi haft þessa heimild frá öndverðu hefur henni ekki verið beitt.

Að öðru leyti vísast til fylgifrumvarpanna tveggja, þ. e. a. s. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 74/1977 um matvælarannsóknir ríkisins, og ennfremur til frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Sþ. 428. Tillaga til þingsályktunar [216. mál]

um nýja aðferð við áætlanagerð.

Flm.: Friðrik Sophusson, Ellert B. Schram, Lárus Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að „núllgrunns áætlanagerð“ verði tekin upp sem víðast við gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana hjá opinberum fyrirtækjum og stofnunum.

Greinargerð.

Nýlega samþykktu miðstjórn og þingflokkur Sjálfstæðisflokksins stefnuyfirlýsingu í efnahagsmálum. Í 4. kafla þeirrar yfirlýsingar er fjallað um ríkisumsvif og fjármál hins opinbera. Þar segir m. a.: „Fjárveitingar á fjárlögum verði árlega endurskoðaðar frá grunni og uppskurður gerður á ríkisbákninu.“ Þessari tillögu er ætlað að koma á framfæri við ríkisstjórn nýrri tækni við áætlanagerð, sem geri mögulegt að endurskoða fjárveitingar á fjárlögum frá grunni.

Á ráðstefnu Stjórnunarfélags Íslands um þjóðhagsleg markmið og afkomu Íslendinga, sem haldin var í Munaðarnesi 12.—14. janúar 1978, flutti Björn Friðfinnsson fjármálastjóri erindi um stjórnun í ríkiskerfinu. Í því erindi minntist Björn á nýja aðferð við áætlanagerð, sem kölluð hefur verið á íslensku núllgrunns áætlanagerð, grunnstigs áætlanagerð eða núllstigs áætlanagerð (e. Zero-Base Budgeting). Á meðan annað og betra heiti finnst ekki, verður notast við „núllgrunns áætlanagerð“.

Stjórnunarfélagið aflaði frekari upplýsinga um málið, og þegar fyrsti flutningsmaður þessarar tillögu dvaldist í Bandaríkjunum um skeið s. l. sumar átti hann viðtöl við aðila, sem vinna með þessari tækni á vegum bandarísku alríkisstjórnarinnar.

Í vetur hefur Stjórnunarfélagið svo kynnt þessa aðferð og haldið námskeið um núllgrunns áætlanagerð. Framkvæmdastjóri félagsins, Þórður Sverrisson viðskiptafræðingur, hefur samið ritgerð um málið og þar segir m. a.:

„Núllgrunns áætlanagerð er upprunnin í Bandaríkjunum og hefur rutt sér mjög til rúms á undanförnum árum, þar sem víðar um heim. Sá fræðimaður, sem hefur átt ríkastan þátt í því að kynna þessa tækni, er Peter A. Phyrr. Auk þess notaði Carter Bandaríkjaforseti þessa tækni með góðum árangri, þegar hann var ríkisstjóri í Georgíu, og hefur nú komið því til leiðar, að núllgrunns áætlanagerð er beitt í ýmsum ráðuneytum hjá alríkisstjórninni í Washington, og hefur það að sjálfsögðu haft mikil áhrif á útbreiðslu tækninnar.

En hvað er núllgrunns áætlanagerð? Peter A. Phyrr skilgreinir hana á þennan hátt:

„Núllgrunns áætlanagerð er tækni við gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana, sem gerir þær kröfur til stjórnanda að hann réttlæti fjárhagsáætlanabeiðnir sínar frá núllgrunni (þaðan er núllgrunns nafnið komið). Tækni þessi flytur yfir á stjórnanda, sem sækir um fjárveitingu, sönnunarábyrgð fyrir því, að hann eigi yfirleitt að fá nokkurt fjármagn til ráðstöfunar (og hvetur um leið til þess, að hann eða sú deild, sem hann stjórnar, sýni góðan árangur af starfsemi sinni). Við gerð fjárhagsáætlunar er öll starfsemi brotin niður í ákvörðunarpakka (decision packages), sem síðan eru metnir með kerfisbundnum hætti og raðað upp eftir mikilvægi.“

Samkvæmt þessari skilgreiningu hefur núllgrunns áætlanagerð þrjú megineinkenni:

1. Sönnunarbyrði um réttmæti fjárveitingar flyst frá æðstu stjórnendum og handhöfum fjárveitingavalds yfir til stjórnenda stofnana og deilda sem sækja um fjárveitingu.

2. Starfsemi stofnunar eða deildar verður að skoða frá grunni, en slíkt hvetur til endurbóta á rekstri og eykur því viðleitni til að bæta virkni stofnana við að ná markmiðum sínum.

3. Við gerð áætlunarinnar er allri starfsemi skipt í ákvörðunarpakka (decisions packages), sem hver fyrir sig hefur að geyma lýsingu á ákveðnu verkefni; — hvert sé markmiðið með að ráðast í það, hvernig það skuli unnið, hvað það kosti o. s. frv. Þessir ákvörðunarpakkar eru síðan metnir og þeim raðað upp eftir mikilvægi þeirra.

Lögð skal áhersla á að núllgrunns áætlanagerð er ákveðin **tækni** við gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana, en ekki heilsteypt kerfi eins og þau þrjú sem nefnd hafa verið hér að framan. Þessa tækni má hins vegar nota við gerð fjárhagsáætlunar innan flestra kerfa.

Auk þeirra megineinkenna á núllgrunns áætlanagerð, sem nefnd voru hér að framan, eru helstu markmið með beitingu þessarar tækni þau að:

1. Gera úttekt á þörf fyrir framkvæmd á og virkni (effectiveness) þeirrar starfsemi sem fram fer á stofnun eða deild og kanna hvort starfsemin sé sú sama og til var ætlast í upphafi.
2. Geta gert samanburð á tillögum um ný verkefni og á þeim verkefnum sem þegar er unnið að í stofnunum.
3. Tryggja mikla þátttöku stjórnenda á öllum þrepum innan stofnana í gerð fjárhagsáætlunar.
4. Gera æðstu stjórnendum auðveldara með að velja úr þau verkefni sem þeir telja mikilvægust."

Frekari lýsing mun koma fram í framsöguræðu, en núllgrunns áætlanagerð er mikilvægur liður í þeirri viðleitni að byggja fjárhagsáætlanir frekar á verkefnagrundvelli en stofnanagrundvelli, auk þess sem auðveldara er að koma við sparnaði en ella.

Ed. 429. Frumvarp til laga [217. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Við 1. tl. 7. gr. laganna bætist tveir nýir málsliðir er orðist svo:

Þó er fjármálaráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að frá heildarsöluverði verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa megi framleiðandi þeirra draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundraðshluta verðsins. Skal frádráttarhlutfallið ákveðið sérstaklega fyrir hin ýmsu afhendingarstig verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa og taka mið af því að sú verksmiðjuvinna verði undanþegin söluskatti er unnin hefði verið söluskattsfrjáls á byggingarstað við smíði húss á hefðbundinn hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra.

Samkvæmt ákvæðum söluskattslaga er vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð söluskattsfrjáls ef hún er unnin á byggingarstað. Vinna við aðvinnslu eða framleiðslu byggingarvara í verksmiðju eða verkstæði er hins vegar ekki undanþegin söluskatti. Hefur á undanförnum árum margsinnis verið á það bent, að gildandi söluskattsákvæði væru til þess fallin að hamla gegn fjöldaframleiðslu ein-

ingarhúsa og þeirri hagræðingu í byggingariðnaðinum og lækkun byggingarkostnaðar er af slíkri fjöldaframleiðslu gæti leitt. Með frumvarpi þessu er lagt til að sá aðstöðumunur, sem óneitanlega hefur ríkt á þessu sviði, verði jafnaður þannig að skattalega séð verði verksmiðjuframleiðendur íbúðarhúsa jafnt settir þeim er byggja með hefðbundnum hætti. Lagt er til að heimild til frádráttar á vinnuþætti verksmiðjuverðs verði bundin við verksmiðjuframleiðslu íbúðarhúsa. Með íbúðarhúsum í þessu sambandi teljast bílageymslur sem tengdar eru tilteknu íbúðarhúsnæði til nota fyrir íbúa þess, hvort sem þær eru áfastar íbúðarhúsinu eða ekki. Hins vegar nær heimildin ekki til sumarbústaða eða annarra húsa sem ekki eru samkvæmt stærð sinni, gerð eða staðsetningu ætluð til nota allt árið. Heimildin nær einungis til þeirra er verksmiðjuframleiða heil hús eða verulega stóran hluta þeirra til sölu í einni heild, en hins vegar ekki til verkstæða eða verksmiðja er framleiða tiltekna byggingarhluta, t. d. glugga, hurðir, eldhúsinnréttingar, skápa, einstakar veggeiningar o. s. frv. Undanfarin ár hefur fjöldi verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa verið sem hér segir: 1974 172 hús, 1975 182 hús, 1976 160 hús, 1977 206 hús, 1978 208 hús og áætlaður fjöldi verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa á árinu 1979 er 288 hús. Hafa þessi hús verið tæpur fjórðungur af heildarfjölda nýrra einbýlishúsa á undanförnum árum. Má ætla að markaðshlutdeild þessara framleiðenda vaxi á næstu árum en í grannlöndum okkar eru milli 30 og 40% af öllum einbýlis- og raðhúsum framleidd í verksmiðjum.

Frádráttarheimild sú, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, er hugsuð þannig, að fundið sé hversu stór hundraðshluti af kostnaðarverði hefðbundins húss á tilteknu byggingarstigi er söluskattsfrjáls vinna. Sami hundraðshluti af heildarsöluverði verksmiðjuframleidds húss á sama byggingarstigi yrði síðan leyfður til frádráttar heildarsöluverði þess áður en söluskattur er reiknaður. Að beiðni fjármálaráðuneytisins hefur Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins kannað á hvaða stigi íbúðarhús hinna ýmsu framleiðenda eru afhent. Hefur stofnunin síðan reiknað út byggingarkostnað hefðbundins húss (vísitöluhússins) á sama stigi og hlutfallið milli efnis og vinnu í því. Skattstofa Reykjavíkur hefur á grundvelli þessara útreikninga reiknað hversu stór hluti vinnu við hefðbundið hús er söluskattskyldur á hverju framangreindra byggingarstiga. Mundi frádráttarhlutfall í reglugerð byggjast á ofangreindum útreikningum. Miðað við þessar forsendur má ætla að tekjutap ríkissjóðs af frumvarpi þessu og reglugerð þeirri, er í kjölfar þess fylgdi, yrði milli 130 og 170 milljónir króna á heilu ári, miðað við verðlag ársins 1979, og að 40—45% af heildarsöluverði þeirra gerða einingarhúsa, sem nú eru algengastar, yrðu undanþegin söluskattinum.

Nd. 430. Breytingartillaga [7. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá Matthíasi Bjarnasyni, Matthíasi Á. Mathiesen, Ólafi G. Einarssyni, Sverri Hermannssyni og Albert Guðmundssyni.

Aftan við 3. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Áður en kemur til skipta á fé skv. a- og b-lið þessarar greinar, skal greiða lífeyrissjóði sjómanna 175 millj. kr. til að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur og aðrar tryggingabætur til sjómanna og 25 millj. kr. til orlofshúsa sjómannasamtakanna.

Nd. 431. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál, sem komið er frá Ed., á nokkrum fundum, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn, fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til að frv. verði samþykkt, en þar munu þó vera fyrirvarar á, enda mun formaður nefndarinnar flytja breytingartillögur.

Minni hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, getur ekki stutt frumvarpið óbreytt. Einkum eru athugasemdir gerðar við hæpna ráðstöfun fjár samkv. b-lið 3. gr. frv. Þá er lögð áhersla á að það fjármagn, sem ætlað er til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði, verði afgreitt í stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands, enda þar sérstök deild til að sinna því verkefni, stofnuð 8. júní 1978.

Einnig er eðlilegt, að það fjármagn, sem ætlað er í því augnamiði að hætta rekstri úreltra og gamalla skipa, verði afgreitt í gegnum Aldurslagasjóð fiskiskipa, sbr. lög um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og eðlilegt að stjórn þess sjóðs fjalli endanlega um úthlutun þessa fjármagns.

Minni hlutinn mun taka afstöðu til breytingartillagna, sem væntanlega verða fluttar og ganga í framangreinda átt, svo og annarra tillagna sem fluttar kunna að verða.

Alþingi, 7. mars 1979.

Ólafur G. Einarsson, frsm. Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 432. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt. Gunnar Thoroddsen og Eggert Haukdal skrifa undir nál. með fyrirvara um að þeir eru andvígir síðari málsgr. 1. gr.

Alþingi, 6. mars 1979.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm. Páll Pétursson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen, með fyrirvara.

Eggert Haukdal, með fyrirvara. Eðvarð Sigurðsson. Stefán Valgeirsson.

Gunnlaugur Stefánsson.

Nd. 433. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv. Eggert Haukdal og Gunnar Thoroddsen skila séráliti.

Alþingi, 6. mars 1979.

Jóhanna Sigurðardóttir, form. Páll Pétursson, fundaskr. Eðvarð Sigurðsson, frsm.
Gunnlaugur Stefánsson. Stefán Valgeirsson.

Nd. 434. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Með frv. þessu er lagt til að auka fjölda bifreiða til öryrkja, sem njóta eiga eftirgjafar tolla og aðflutningsgjalda, úr 350 í 400 bifreiðar á ári. Lækkun gjalda á bifreið gæti numið 1 milljón króna í stað 500 þús. kr. nú. Breyting er gerð á nefnd þeirri sem úrskurða á umsóknir og gera tillögur um eftirgjöf, þannig að í nefndinni verði fimm menn í stað þriggja áður.

Fjárhags- og viðskiptanefnd mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 7. mars 1979.

Lúðvík Jósepsson, form. Halldór E. Sigurðsson, fundaskr., frsm. Finnur Torfi Stefánsson.
Kjartan Ólafsson. Vilmundur Gylfason. Ólafur G. Einarsson.
Matthías Á. Mathiesen.

Ed. 435. Lög [137. mál]

um verðjöfnunargjald af raforku.

(Afgreidd frá Ed. 8. mars.)

Samhljóða þskj. 316.

Nd. 436. Breytingartillögur [7. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá Lúðvík Jósepssyni og Kjartani Ólafssyni.

Við 3. gr. b-liður orðist svo:

50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru undir a-lið þessarar greinar, svo og öllu því, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða, skal varið sem hér segir:

1) 50% skal veitt sem lán til hagræðingar- og framleiðniaukningar í fiskiðnaði. Lánin skulu fyrst og fremst veitt til kaupa á vélum og tækjum og til að koma upp kældum fiskmóttökum. Óheimilt er að veita lán þessi til greiðslu rekstrarskulda eða annars sem telja verður til venjulegs reksturs. Endurgreiðsla lána þessara með vöxtum skal renna til Fiskveiðasjóðs Íslands.
2) 40% skal varið til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra lána samkvæmt nánari reglum sem stjórn Fiskveiðasjóðs setur.
3) 10% skal renna í Aldurslagasjóð fiskiskipa hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Nd. 437. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá meiri hl. fjárlags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Þó áskildu einstakir nefndarmenn sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum. Minni hlutinn skilar séráliti.

Alþingi, 9. mars 1979.

Lúðvík Jósepsson, form., með fyrirvara. Halldór E. Sigurðsson, fundaskr. Finnur Torfi Stefánsson, frsm.

Kjartan Ólafsson, með fyrirvara. Vilmundur Gylfason.

Ed. **438. Frumvarp til laga** [218. mál]

um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

I
Landhelgi.

1. gr.

Landhelgi Íslands skal afmörkuð af línu sem alls staðar er 12 sjómílur frá grunnlínu sem dregin er milli eftirtalinna staða:

1.	Horn	66°27′4	n.br.,	22°24′3 v.lg.
2.	Ásbúðarrif	66°08′1	—	20°11′0 —
3.	Siglunes	66°11′9	—	18°49′9 —
4.	Flatey	66°10′3	—	17°50′3 —
5.	Lágey	66°17′8	—	17°06′8 —
6.	Rauðinúpur	66°30′7	—	16°32′4 —
7.	Rifstangi	66°32′3	—	16°11′8 —
8.	Hraunhafnartangi	66°32′2	—	16°01′5 —
9.	Langanes	66°22′7	—	14°31′9 —
10.	Glettinganes	65°30′5	—	13°36′3 —
11.	Norðfjarðarhorn	65°10′0	—	13°30′8 —
12.	Gerpir	65°04′7	—	13°29′6 —
13.	Hólmur	64°58′9	—	13°30′6 —
14.	Setusker	64°57′7	—	13°31′5 —
15.	Þursasker	64°54′1	—	13°36′8 —
16.	Ystiboði	64°35′2	—	14°01′5 —
17.	Selsker	64°32′8	—	14°07′0 —
18.	Hvítingar	64°23′9	—	14°28′0 —
19.	Stokksnes	64°14′1	—	14°58′4 —
20.	Hrollaugseyjar	64°01′7	—	15°58′7 —
21.	Tvísker	63°55′7	—	16°11′3 —
22.	Ingólfshöfði	63°47′8	—	16°38′5 —
23.	Hvalsíki	63°44′1	—	17°33′5 —
24.	Meðallandssandur I	63°32′4	—	17°55′6 —
25.	Meðallandssandur II	63°30′6	—	17°59′9 —
26.	Mýrnatangi	63°27′4	—	18°11′8 —
27.	Kötlutangi	63°23′4	—	18°42′8 —
28.	Lundadrangur	63°23′5	—	19°07′5 —
29.	Surtsey	63°17′7	—	20°36′2 —
30.	Eldeyjardrangur	63°43′8	—	22°59′4 —
31.	Geirfugladrangur	63°40′7	—	23°17′1 —
32.	Skálasnagi	64°51′3	—	24°02′5 —
33.	Bjargtangar	65°30′2	—	24°32′1 —
34.	Kópanes	65°48′4	—	24°06′0 —
35.	Barði	66°03′7	—	23°47′4 —
36.	Straumnes	66°25′7	—	23°08′4 —
37.	Kögur	66°28′3	—	22°55′5 —
38.	Horn	66°27′9	—	22°28′2 —

Landhelgin skal auk þess afmörkuð af línu sem alls staðar er 12 sjómílur frá stórstraumsfjöruborði Kolbeinseyjar (67°08′9 n.br., 18°41′3 v.lg.), Hvalbaks (64°35′8 n.br., 13°16′6 v.lg.) og ystu annesja og skerja Grímseyjar.

Hver sjómíla reiknast 1852 metrar.

2. gr.

Fullveldisréttur Íslands nær til landhelginnar, hafsbotnsins innan hennar og loftrýmisins yfir henni.

Framkvæmd fullveldisréttarins fer eftir íslenskum lögum og ákvæðum alþjóðalaga.

II
Efnahagslögsaga.

3. gr.

Efnahagslögsaga Íslands er svæði utan landhelgi sem afmarkast af línu sem alls staðar er 200 sjómílur frá grunnlínum landhelginnar, sbr. þó 7. gr.

4. gr.

Innan efnahagslögsögunnar hefur Ísland:

a. fullveldisrétt að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun auðlinda, lifrænna og ólifrænna, á hafsbotni og í honum, í hafinu yfir honum svo og aðrar athafnir varðandi efnahagslega nýtingu og rannsóknir innan svæðisins, svo sem framleiðslu orku frá sjávarföllum, straumum og vindi.
b. lögsögu að því er varðar:
   i. byggingu mannvirkja og afnot af þeim,
   ii. vísindalegar rannsóknir,
   iii. verndun hafsins.
c. önnur réttindi og skyldur samkvæmt alþjóðalögum.

Framkvæmd réttinda og skyldna innan efnahagslögsögunnar skal vera samkvæmt sérstökum lögum og í samræmi við milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að.

III
Landgrunn.

5. gr.

Landgrunn Íslands nær til hafsbotnsins og neðansjávarsvæða utan landhelgi, sem eru framlenging landssvæðisins, allt að ytri mörkum landgrunnssvæðisins, þó að 200 sjómílna fjarlægð frá grunnlínum landhelginnar þar sem ytri mörk landgrunnssvæðisins ná ekki þeirri fjarlægð, sbr. þó 7. gr.

6. gr.

Fullveldisréttur Íslands yfir landgrunninu tekur til rannsóknar og hagnýtingar á ólifrænum auðlindum, sem þar eru, svo og á lifverum, sem á nýtingarstigi eru annaðhvort hreyfingarlausar á hafsbotni eða í honum eða geta ekki hreyft sig án stöðugrar snertingar við hafsbotninn.

Stjórnvöld setja reglur um rannsóknir og hagnýtingu auðlinda landgrunnsins.

IV
Afmörkun svæða milli landa.

7. gr.

Afmörkun efnahagslögsögu og landgrunns milli Íslands og annarra landa skal eftir atvikum ákveðin með samningum við hlutaðeigandi ríki og skulu slíkir samningar háðir samþykki Alþingis.

Þar til annað verður ákveðið skulu efnahagslögsaga og landgrunn Íslands miðuð við 200 sjómílur frá grunnlínum landhelginnar að því undanskildu þó að þar sem skemmra er en 400 sjómílur milli grunnlína Færeyja og Grænlands annars vegar og Íslands hins vegar skulu efnahagslögsaga og landgrunn Íslands afmarkast af miðlínu.

V
Ráðstafanir gegn mengun.

8. gr.

Skylt er að forðast allt það sem getur mengað eða á annan hátt spillt hafinu.

Íslensk stjórnvöld skulu samkvæmt sérstökum lögum og í samræmi við milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að gera ráðstafanir til að vernda hafið gegn mengun og öðrum spjöllum.

VI
Vísindalegar rannsóknir.

9. gr.

Vísindalegar rannsóknir í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands skulu háðar samþykki íslenskra stjórnvalda.

Að því er varðar rannsóknir innan efnahagslögsögunnar eða á landgrunninu skal slíkt samþykki að jafnaði veitt, ef umsókn kemur frá erlendu ríki eða hlutaðeigandi milliríkjastofnun, enda sé um að ræða friðsamlega viðleitni til að efla þekkingu á umhverfi sjávar. Hafna má beiðni, meðal annars, ef hún:

a. stendur í beinu sambandi við rannsókn eða hagnýtingu á lífrænum eða ólífrænum auðlindum.
b. hefur í för með sér boranir á landgrunninu, notkun sprengiefna eða skaðlegra efna fyrir umhverfið.
c. leiðir til byggingar, starfrækslu eða notkunar mannvirkja.

10. gr.

Umsókn um leyfi til rannsókna skv. 9. gr. skal lögð fram eigi síðar en sex mánuðum áður en rannsókn hefst og skulu henni fylgja nákvæmar upplýsingar varðandi:

a. eðli og markmið rannsókna.
b. rannsóknaraðferð, þ. á m. nafn, stærð, tegund og gerð skipa og lýsingu á rannsóknartækjum.
c. nákvæma staðsetningu svæða, sem rannsaka á.
d. upphaf og lok rannsóknatímabils.
e. nafn stofnunar, sem að rannsóknum stendur, nafn forstjóra hennar og framkvæmdastjóra rannsóknaleiðangurs.
f. fyrirhugaða þátttöku íslenskra stjórnvalda í rannsóknum.

Íslensk stjórnvöld skulu tilkynna afstöðu sína til umsóknarinnar innan fjögurra mánaða, ef umsókn er hafnað.

VII
Ýmis ákvæði.

11. gr.

Brot á lögum þessum varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum gildandi laga.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 17 1. apríl 1969, um yfirráðarétt íslenska ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland. Svo eru og úr gildi numin önnur þau lagafyrirmæli er koma í bág við lög þessi.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til að draga saman í ein lög öll meginákvæði um landhelgi og lögsögu Lýðveldisins Íslands á hafinu umhverfis landið og á landgrunninu og lögfesta í þágu Íslands ný réttindi á þessu sviði með hliðsjón af þróun þjóðaréttar að undanförnu. Frumvarpið hefur verið undirbúið í utanríkisráðuneytinu og felast í því þessi aðalatriði:

1. Sjálf landhelgin, en með því hugtaki er átt við hafsvæði það, þar sem ríkið hefur fullveldisrétt hliðstæðan og yfir landinu, er færð úr 4 í 12 sjómílur.
2. Fiskveiðilögsaga hefur, síðan 1975, verið 200 sjómílur, og var það ákveðið með reglugerð, er byggðist á landgrunnslögunum frá 1948. Með þessum lögum mundi Ísland taka sér 200 mílna efnahagslögsögu með lögum.
3. Auk þess að fiskveiðilögsagan er staðfest, tekur Ísland sér 200 mílna lögsögu yfir vísindarannsóknum á hafsvæðum umhverfis landið.
4. Þar að auki tekur Ísland sér 200 mílna mengunarlögsögu, og veitir það íslenskum stjórnvöldum rétt til að gera ráðstafanir til að vernda hafið umhverfis landið fyrir mengun að þeim mörkum.
5. Með efnahagslögsögu tryggir Lýðveldið Ísland sér allan rétt til að ráða byggingu mannvirkja eða afnot af þeim innan 200 mílna, en þetta getur haft þýðingu í sambandi við hugsanlega olíuvinnslu.
6. Með frumvarpi þessu eru ítrekuð reglugerðarákvæði um miðlínur milli Íslands og Grænlands og Íslands og Færeyja, en ákvæði um framkvæmd 200 mílna fiskveiðilögsögu gagnvart Jan Mayen er fellt niður.

Þegar lögin um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins nr. 44 5. apríl 1948, voru sett, var við það miðað, að útfærsla fiskveiðimarkanna mundi haldast í hendur við þróun þjóðaréttar. Samkvæmt því voru mörkin færð út í 4 sjómílur 1950/52, í 12 mílur 1958, í 50 mílur 1972 og í 200 mílur 1975.

Nú er svo komið, að á vettvangi hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem hófst árið 1973 eftir margra ára undirbúning, hefur náðst víðtæk samstaða um rétt strandríkja til 12 sjómílna landhelgi, þar sem strandríkið hefur fullveldisrétt að mestu leyti hliðstæðan rétti yfir landi sínu. Þar hefur einnig náðst samstaða um 200 mílna efnahagslögsögu, þar sem miðað er við víðtækar heimildir strandríkis yfir auðlindum sjávar undan ströndum. Loks hefur einnig náðst víðtæk samstaða um rétt strandríkisins yfir landgrunni, landgrunnsbrekku og landgrunnshalla allt að endimörkum landgrunnssvæðisins („edge of the continental margin"), einnig utan 200 mílna frá grunnlínu. Er þá fjarlægðin miðuð við lögun og gerð hafsbotnsins.

Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna hefur enn eigi lokið störfum, aðallega vegna þess að ekki hefur náðst samkomulag um skipan mála á alþjóðahafsbotnssvæðinu utan lögsögu ríkja. Þrátt fyrir það þykir nú tímabært að lögfesta þau atriði, sem að ofan eru greind, og er það sjónarmið lagt til grundvallar í frumvarpi þessu.

Aðalatriðið á þessu stigi er að lögfesta þær meginreglur, sem nú liggja ljósar fyrir.

Verði frumvarp þetta að lögum mun óhjákvæmilegt að gera breytingar á nokkrum gildandi lögum til samræmis, t. d. tollalögum, sóttvarnarlögum, áfengislögum o. fl.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Með hugtakinu landhelgi er átt við það svæði næst ströndum, þar sem strandríkið hefur því sem næst sömu yfirráð og yfir landi sínu. Er miðað við, að landhelgin verði nú 12 sjómílur. Hér er um hámark slíkrar lögsögu að ræða. Nokkur ríki Suður-Ameríku hafa barist fyrir því, að landhelgin sem slík skuli ná allt að 200 sjómílum frá ströndum, en sú skoðun hefur aldrei náð fylgi. Öðru máli gegnir um sérhæfða lögsögu í tilteknu skyni.

Um 2. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Um 3. gr.

Efnahagslögsöguhugtakið er byggt á þeirri forsendu, að óþarft sé að færa út hina eiginlegu landhelgi til að tryggja verndun sérstakra hagsmuna strandríkisins vegna auðlinda hafsins undan ströndum. Það er þetta sjónarmið, sem samstaða hefur náðst um á hafréttarráðstefnunni. Hefur því sannast réttmæti þeirrar stefnu, sem mörkuð var með landgrunnslögunum íslensku frá 1948. Í þeim lögum er einmitt byggt á því, að nauðsynlegt sé að blanda ekki saman hugtökunum landhelgi og lögsögu yfir auðlindum.

Um 4. gr.

Hér eru talin upp þau yfirráð, sem strandríkinu eru heimil innan efnahagslögsögunnar. Er það í samræmi við samstöðuna á hafréttarráðstefnunni.

Um 5. gr.

Miklar deilur eru enn uppi á hafréttarráðstefnunni um skýrgreiningar á ytri mörkum landgrunnssvæðisins. Það sjónarmið, sem mest fylgi hefur, er að landgrunnssvæðið beri að skoða sem framlengingu á landinu sjálfu að meðtöldum landgrunnshalla.

Um 6. gr.

Greinin er í samræmi við samstöðuna á hafréttarráðstefnunni.

Um 7. gr.

Miklar deilur eru um það á hafréttarráðstefnunni, hvort miða eigi við miðlínu milli landa eða sanngirnissjónarmið í hverju tilviki, þegar svo er háttað, að landgrunn er sameiginlegt eða 200 mílna efnahagslögsaga eins ríkis rekst á annars. Inn í það mál blandast einnig sjónarmið varðandi eyjar og kletta. Hin ýmsu tilvik eru svo ólík, að eðlilegast er, að hvert tilvik sé skoðað fyrir sig. Kæmu þá til samningaviðræður milli hlutaðeigandi ríkja og e. t. v. gerðardómur. Í greininni er miðað við, að slíkar samningaviðræður fari fram. Árangur samningaviðræðna yrði lagður fyrir Alþingi til staðfestingar.

Um 8. gr.

Á hafréttarráðstefnunni er unnið að því, að ríki skuldbindi sig til að sjá um ráðstafanir gegn mengun sjávar. Verður þar um meginreglur að ræða, en um einstök atriði er fjallað t. d. í alþjóðasamningnum frá 12. mai 1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, Oslóarsamningnum frá 15. febrúar 1972 um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum og Lundúnasamningnum frá 29. desember 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það. Ákvæði samninga þessara hafa lagagildi hér á landi, sbr. lög nr. 77 10. maí 1966, lög nr. 20 16. apríl 1973 og lög nr. 53 30. apríl 1973. Auk þess ber að ganga frá reglum um varnir gegn mengun frá landi.

Virðist eðlilegast, að sérstök lög um varnir gegn mengun verði sett, en í 4. gr. frumvarps þessa er staðfest sú meginregla, að Ísland hafi lögsögu yfir slíkum málum innan 200 mílna markanna. Hins vegar er gert ráð fyrir því í uppkastinu að hafréttarsáttmálanum, að ríkin samræmi stefnu sína í þessum málum.

Um 9. og 10. gr.

Greinar þessar eru í samræmi við samstöðuna á hafréttarráðstefnunni.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir, að brot á ákvæðum laga þessara varði viðurlögum samkvæmt gildandi lögum. Mundi þá gildissvið hlutaðeigandi laga taka til þeirra svæða, sem greind eru í frumvarpi þessu, eftir því, sem við á.

Um 12. gr.

Skýrgreining hugtaksins landgrunn í lögum nr. 17 frá 1. apríl 1969 er miðuð við stöðu mála samkvæmt alþjóðasamningnum um landgrunn, sem gengið var frá á fyrstu hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf árið 1958. Sá samningur var aldrei fullgiltur af Íslands hálfu og er nú miðað við frekari þróun þjóðaréttarins svo sem hún hefur lýst sér á þriðju hafréttarráðstefnunni. Er því lagt til, að lögin frá 1969 verði nú úr gildi numin.

Um 13. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Nd. 439. Frumvarp til laga [219. mál]

um Kirkjubyggingasjóð.

Flm.: Gunnlaugur Finnsson, Ingvar Gíslason, Friðjón Þórðarson, Gunnlaugur Stefánsson.

1. gr.

Hlutverk Kirkjubyggingasjóðs er að veita þjóðkirkjusöfnuðum lán til kirkjubygginga í sóknum landsins og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum.

Að fengnum meðmælum sóknarnefndar er heimilt að veita lán úr Kirkjubyggingasjóði til kirkjubygginga eða endurbóta á kirkjum þótt í einkaeign séu, hafi hlutaðeigandi söfnuður neitað að taka við kirkjunni sem sóknarkirkju með sanngjörnum kjörum að dómi prófasts, enda sé kirkjan notuð í þágu þjóðkirkjusafnaðar svo sem safnaðareign væri og eignir hennar ófullnægjandi til framkvæmdanna að dómi sjóðsstjórnar.

Sjóðsstjórn setji sjóðnum starfsreglur er hljóti samþykki kirkjumálaráðherra.

2. gr.

Ríkissjóður skal árlega greiða í Kirkjubyggingasjóð eigi lægri upphæð en 35 000 000 kr. Verði sú upphæð endurskoðuð árlega með hliðsjón af byggingarvísitölu.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Biskup Íslands á sæti í stjórninni og er formaður hennar, en tveir stjórnarmenn skulu kosnir af Kirkjuþingi og jafnmargir til vara. Skal annar þeirra vera leikmaður, en hinn prestur. Kjörtímabil er fjögur ár.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í Stjórnartíðindum.

3. gr.

Ekki má veita lán úr sjóðnum samkv. 1. gr. nema teikning af kirkjubyggingu eða endurbót eldri kirkju hafi verið samþykkt af þriggja manna nefnd, er í skulu eiga sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þriðji maður, sem kirkjumálaráðherra skipar.

Árlegar tekjur kirkjunnar skulu vera til tryggingar láninu. Lánsupphæðin miðast við stærð kirkju og má nema allt að 14 000 kr. á hvern teningsmetra, þó aldrei meira en 70 000 kr. á hvern fermetra gólffletar, og breytast þessar upphæðir, sbr. 1. mgr. 2. gr.

Byggingarlánin endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 40 árum.

Til endurbóta eldri kirkna má eigi veita hærri lán en sem svarar ⅖ kostnaðar samkvæmt reikningum, sem sjóðsstjórn úrskurðar.

Lánin endurgreiðast á 20 árum með jöfnum afborgunum.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög um Kirkjubyggingasjóð, nr. 43 14. apríl 1954, með síðari breytingum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980.

Greinargerð.

Lög um Kirkjubyggingasjóð eru að stofni til frá árinu 1954 með breytingum 1962. Lágmarksframlag ríkissjóðs er þar ákveðið 1 milljón króna, og að sjálfsögðu löngu úrelt orðið.

Fjárveitingar Alþingis hafa að vísu ekki miðast við lögbundið lágmark, en ljóst er að þær eru nú að verðgildi aðeins hluti þess, sem miðað var við þegar lögunum var breytt og áðurnefnt lágmark sett árið 1962. Við athugun á skýrslu um Kirkjubyggingasjóð, sem gerð er í janúar 1979, kemur í ljós að lán til framkvæmda, sem lánshæfar eru samkvæmt lögunum, nema aðeins 9.78% af því sem þau mættu vera miðað við framreiknuð hámarksákvæði á lánum til einstakra framkvæmda samkvæmt gildandi lögum.

Að því er varðar endurbyggingar eða endurbætur kirkna hefur aðeins verið hægt að lána sem nemur 13.8% framkvæmdakostnaðar.

Til að fullnægja lánsþörfinni þyrfti Kirkjubyggingasjóður að hafa til ráðstöfunar rúmlega 500 milljónir króna. Má ljóst vera, að enda þótt þetta frv. verði samþykkt er víðs fjarri að það bil verði brúað.

Komið hefur fram tregða fjárveitingavaldsins til að efla Kirkjubyggingasjóð sem lánasjóð í samræmi við breytt verðlag. Stafar það m. a. af því, að litið er á sjóðinn sem styrktarsjóð þar sem lögbundið er að hann veiti vaxtalaus lán. Í frv. er gert ráð fyrir að þetta lagaákvæði verði fellt niður, en ákvörðun um lánakjör lögð í hendur sjóðsstjórnar og kirkjumálaráðherra.

Kirkjuþing starfar samkvæmt lögum frá 1957 og hafði því ekki tekið til starfa þegar lögin um Kirkjubyggingasjóð voru sett 1954. Þá var eðlilegt að ákveða, að Prestastefna kysi tvo menn í stjórn. Miðað við breyttar aðstæður virðist nú nær lagi að fulltrúar verði kosnir af Kirkjuþingi, enda eiga þar sæti bæði fulltrúar leikmanna og presta og kirkjubyggingar ekki síður málefni leikmanna og safnaða en þjónandi presta.

Þá er það í samræmi við breytta lánastefnu í landinu að stytta lánstíma nokkuð, þ. e. úr 50 árum í 40 ár. Er það liður í að efla sjóðinn sem lánasjóð, svo hann megi verða virkari til að mæta aðkallandi þörfum hverju sinni.

Frumvarp þetta er hér flutt í meginatriðum óbreytt eins og síðasta Kirkjuþing samþykkti það.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er það nýmæli, að numið er burt það ákvæði að lánin skuli vera vaxtalaus, en sjóðsstjórn setji sjóðnum starfsreglur, er hljóti samþykki kirkjumálaráðherra.

Um 2. gr.

Hér er tekið mið af verðlagsþróuninni frá því að lágmarksupphæð var ákveðin 1 millj. kr. í upphafi árs 1962. Enn fremur er gert ráð fyrir að tveir stjórnarmenn verði kjörnir af Kirkjuþingi í stað Prestastefnu.

Um 3. gr.

Hér eru tölur framreiknaðar í samræmi við 2. gr. og lánstími styttur.

Um 4. og 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 440. Tillaga til þingsályktunar [220. mál]

um könnun á stærð íslenska selastofnsins og áhrifum hans á fiskveiðar og vinnslu sjávarafla.

Flm.: Gunnlaugur Finnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara nánari athugun en nú liggur fyrir á eftirfarandi atriðum.

1. Stærð íslenska selastofnsins.
2. Áhrifum hans á vöxt og viðgang íslenskra fiskstofna, þ. m. t. hrognkelsi, lax og silungur.
3. Fylgni milli stærðar selastofnsins og hringormamagns í nytjafiski.
4. Kostnaðarauka fiskvinnslunnar og markaðstjóni af völdum hringorma.

Að athugun lokinni skal móta afstöðu til þess, hvort ástæða er til að halda selastofninum innan ákveðinna marka, og ef sú verður niðurstaðan, hvernig að verður staðið af hálfu hins opinbera varðandi veiðar og nýtingu afurðanna.

Skal í því sambandi haft samráð við náttúruverndarsamtök og fulltrúa þeirra, sem hlunninda njóta af selveiðum.

Greinargerð.

Í allri umræðu um verndun fiskstofna við Ísland, einkum þeirra sem ofveiddir eru, hefur fyrst og fremst verið rætt um verndun með því að takmarka sókn fiskiskipa í þessa stofna. Enda þótt enginn mannlegur máttur geti haft áhrf á ýmsa þá þætti í lífríki sjávarins, sem ákveða vöxt og viðgang einstakra fiskstofna, er rétt að athuga hver áhrif hugsanleg aukin selagengd við landið hefur á fiskstofnana og heilbrigði þeirra.

Það er öllum kunnugt, að selveiði hefur farið minnkandi hér við land á undanförnum árum í kjölfar verðhruns á selskinnamarkaði. Á þetta einkum við að því er varðar veiði útselskópa. Má heita að hún hafi lagst niður hin allra síðustu ár. Að sögn kunnugra manna, sem fylgst hafa með þessum þætti náttúrufarsins, hefur útsel fjölgað mjög mikið að undanförnu, enda afleiðing af minnkandi veiði.

Þetta mál snertir ekki aðeins aukna veiði útselsins á fiski, heldur og að samkvæmt rannsóknum vísindamanna er útselur mun meiri sýkingarvaldur nytjafiska

en landselur, þar sem í öllum tilvikum fundust kynþroska þorskormar og í meira mæli í maga útsela en í landsel, þar sem ormar fundust í 75% tilvika.

Að áliti fiskifræðinga er gróft áætlað að selastofninn neyti um 100 þús. tonna af sjávarfangi á ári, þar af um 30 þús. tonn þorskafla. Þar við bætist, að hér er yfirleitt um ungfisk að ræða og því í reynd mun meira magn, þó ekki nema hluti hans næði fullum þroska.

Allmikil rannsóknarstörf hafa verið unnin að undanförnu á þessu sviði. Hefur það ekki hvað síst verið gert í samvinnu við og á vegum nefndar, sem skipuð var í ársbyrjun 1976 til að kanna þessi mál.

Í grein, sem Björn Dagbjartsson ritar nýlega í Ægi, kemur fram að nauðsynlegt er að rannsaka þessi mál mun meir til þess að fá marktækan grundvöll til að byggja á tillögur um aðgerðir. Verði það að ráði, þarf það að gerast í samráði við þá bændur, sem hlunnindi hafa af selveiði, og taka tillit til náttúruverndarsjónarmiða, því ekki má selategundum stafa eyðingarhætta af hugsanlegum aðgerðum. Komi til þess að takmarka selastofna með veiði, þarf að skipuleggja hana og e. t. v. leita til þeirra sem mesta reynslu hafa í slíkum aðgerðum, en það munu vera Norðmenn. Þá þarf að athuga, hvort og hvernig hægt er að nýta kjöt og spik af selnum, t. d. til minkafóðurs eða í annað.

Hugsanlega yrði arðbært að verka skinnin og framleiða innanlands ýmsar vörur, minjagripi o. fl., svo eitthvað sé nefnt.

Tilgangurinn með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er sá, að haldgóðar upplýsingar fáist um það, hvort ástæða er til að takmarka aukna sókn sels í okkar sameiginlega forðabúr, bæði með tilliti til magns og heilbrigðis fisksins, og upplýsingar um áhrif sýkingar á framleiðslukostnað og markaðstjón.

Nd. 441. Breytingartillaga [148. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

Frá Gunnari Thoroddsen og Eggert Haukdal.

Við 1. gr. 2. efnismálsgr. falli burt.

Nd. 442. Frumvarp til laga [221. mál]

um breyting á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl.

Flm.: Friðrik Sophusson, Árni Gunnarsson, Ingvar Gíslason, Kjartan Ólafsson.

1. gr.

Á eftir 12. tl. 2. gr. laganna komi nýr töluliður, nr. 13, er hljóði svo:

Aðföng (hráefni, hjálparefni, rekstrarvörur, umbúðir, vélar, tæki, þ. m. t. flutningatæki til flutninga innan verksmiðjulóða, hlutar til véla og tækja, áhöld hvers konar og varahlutir) þeirra iðnfyrirtækja, sem stunda framleiðslu til útflutnings eða eiga í beinni samkeppni við vörur og þjónustu (viðgerðir og verktöku), sem heimilt er að flytja til landsins, eða óbeinni samkeppni, þegar heimill er innflutningur, sem komið getur í stað innlendrar vöru eða þjónustu skv. almennu mati notenda viðkomandi vöru. Samkvæmt skilningi þessa töluliðar merkir orðið gjöld í tollskrá toll, söluskatt, vörugjald og jöfnunargjald eftir því sem við á.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa töluliðar að höfðu samráði við iðnaðarráðuneyti og samtök iðnaðarins.

2. gr.

12. tl. 3. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarpsins er að fella endanlega niður greiðslu aðflutningsgjalda (tollur, söluskattur, vörugjald, jöfnunargjald) af aðföngum (hráefni, hjálparefni, rekstrarvörur, umbúðir, vélar, tæki, þ. m. t. flutningatæki til flutninga innan verksmiðjulóða, hlutar til véla og tækja, áhöld hvers konar og varahlutir) þeirra iðnfyrirtækja, sem stunda framleiðslu til útflutnings eða eiga í beinni samkeppni við vörur og þjónustu (viðgerðir og verktöku), sem heimilt er að flytja til landsins, eða óbeinni samkeppni, þegar heimill er innflutningur, sem komið getur í stað innlendrar vöru eða þjónustu skv. almennu mati notenda viðkomandi vöru.

Í 3. gr. laga um tollskrá, nr. 120/1976, er fjallað um undanþágu- og lækkunarheimildir. Þar segir í 12. tl., að fjármálaráðuneytinu sé heimilt: „Að endurgreiða eða fella niður gjöld af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), svo og af vélum, vélahlutum og varahlutum sem notaðir eru til aðvinnslu sömu vara. Jafnframt að lækka eða fella niður gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa töluliðar að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið og samtök iðnaðarins."

Frumvarpið gerir ráð fyrir að þessi grein breytist og hún flytjist í 2. grein, sem ber yfirskriftina „Tollfrjáls innflutningur", og verði þar 13. tl.

Upplýsinga um þetta mál var aflað hjá Félagi íslenskra iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna.

Túlkun og framkvæmd núgildandi skipunar.

Á aðlögunartímanum vegna inngöngunnar í EFTA hafa aðflutningsgjöld af aðföngum samkeppnisiðnaðar smám saman verið felld niður að mestu. Var þetta í fyrsta lagi gert með beinni niðurfellingu aðflutningsgjalda í tollskrá af þeim tollskrárnúmerum, sem aðföng iðnaðar féllu undir, og í öðru lagi með heimildarákvæðum í tollskrá og fjárlögum.

Enn eru þó of mörg dæmi um að fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisiðnaði er gert að greiða aðflutningsgjöld af aðföngum sínum, og veldur þar eftirfarandi mestu:

1. Aðföngin falla í svokölluð blönduð tollskrárnúmer, þ. e. aðföng iðnaðar falla í tollskrárnúmer, sem að verulegu leyti innifela vörur til annarra notenda en iðnfyrirtækja. Hefur því ekki verið talið fært að fella niður toll í viðkomandi tollskrárnúmerum vegna tekjusjónarmiða ríkissjóðs.
3. Túlkun 12. tl. 3. greinar bæði hvað snertir gildissvið aðfanga og skilgreiningu samkeppnisiðnaðar er of þröng til að töluliðurinn nái því að heimila niðurfellingu allra aðflutningsgjalda til samkeppnisiðnaðar.
3. Fjármálaráðuneytið hefur nýverið farið að túlka heimildarákvæðin þannig, að einungis sé heimilt að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af aðföngum sem beri jafnhá gjöld eða hærri en samkeppnisvaran.

Með þessu frumvarpi næðist það endanlega markmið, sem að hefur verið stefnt, að fella niður að fullu aðflutningsgjöld af aðföngum þeirra iðnfyrirtækja, sem eiga í samkeppni við innflutning eða selja vörur á erlendan markað.

Einstök dæmi um núverandi skipan.

Eftirfarandi upptalning gefur hugmynd um núverandi aðflutningsgjöld af ýmsum aðföngum iðnaðar. Í I. eru mismunandi flutningatæki og í II. eru örfá dæmi um önnur aðföng:

I. Flutningatæki

Heiti:	Tollnr.	Tollur %	Vörugj. %	Sölusk. %	Jöfn.gj. %
1. Gaffallyftari (sjálfknúinn)	87.07.11	18	1)	22	
2. — (handknúinn)	84.22.79	35	18	22	
3. Lyftubúnaður fyrir 1. og 2.	84.22.79	35	18	22	
4. Heyblásarar	84.22.31	6/2		22	3
5. Aðrir blásarar (fyrir ull og pappír)	84.22.39	35	18	22	
6. Færibönd og sniglar	84.22.61	11/2		22	3
7. Hlaupakettir	84.22.13	0		22	
8. Handvagnar	87.14.31	30		22	
9. Vörulyftur	84.22.41	40	18	22	

II. Önnur dæmi

Heiti:	Tollnr.	Tollur %	Vörugj. %	Sölusk. %	Jöfn.gj. %
1. Kókosfeiti	15.12.03	15[2])		22	
2. Síróp	17.02.03	70		22	
3. Rakajöfnunarkerfi	84.12.00	11/2	18	22	3
4. Álþynnur	76.04.00	0		22	
5. Sjálfvirkur opnunarbúnaður á hurðir	84.22.69	35		22	
6. Kælieimarar	84.15.42	35	18	22	
7. Ölkassar	39.07.11	11/4		22	3
8. Gosdrykkjaflöskur	70.10.01	0		22	

Þáttur í tæknivæðingu og lækkun vöruverðs.

Á síðustu mánuðum hefur mikið verið rætt um nauðsyn framleiðniaukningar á Íslandi. Margir eru hræddir við notkun þessa orðs, þar sem þeir telja framleiðniaukningu hafa í för með sér ómannúðlega meðferð vinnuafls og framleiðslu, framleiðslunnar vegna. Hér er um mikinn misskilning að ræða, þar sem framleiðniaukning getur og á að hafa í för með sér aukin lífsgæði, hærri laun, og bætt vinnuskilyrði.

Eitt af þeim atriðum, sem hér á landi hafa staðið í vegi fyrir aukinni framleiðni, eru háir tollar á tækjum til flutninga innan verksmiðja. Afleiðing þessa er sú, að vörur eru fluttar til með handafli eða á annan frumstæðan hátt, sem krefst verulegrar áreynslu af hálfu starfsmanna. Með nútíma flutningatækjum, svo sem lyfturum, færiböndum og hlaupaköttum, má auðvelda þessa flutninga til muna. Afleiðingar þessar eru eftirfarandi:

1. Bætt vinnuaðstaða vegna minnkaðs líkamlegs álags á starfsmenn.
2. Starfsmenn eyða meiri tíma við framleiðslu, en við það eykst framleiðnin.
3. Sá tími, sem það tekur að fullgera hverja einingu af vörunni, styttist, þar sem varan kemst án tafar frá einni aðgerð til annarrar. Við það, að framleiðslutíminn styttist, minnka birgðir ófullunninna vara, en verðgildi ófullunninna vara í iðnaði er um 30 milljarðar króna. 10% stytting framleiðslutíma vegna bættra flutninga getur því sparað 3 milljarða í birgðum.

---

1) Fellt niður skv. ákv. fjármálaráðherra, dags. 1. október 1978.
2) Tollur felldur niður til sælgætisiðnaðar með sérstakri auglýsingu nr. 1, dags. 5. jan. 1976.

Af þessu er ljóst, að rétt er að hvetja fyrirtæki til að koma sér upp nútíma flutningskerfum, en það má gera með niðurfellingu tolla á slík tæki. Enn fremur má benda á, að tollaniðurfellingin hlýtur að lækka vöruverðið og kemur því neytendum til góða.

Tekjutap ríkissjóðs.

Erfitt er að áætla hugsanlegt tap ríkissjóðs, ef frumvarpið nær fram að ganga. Talnalegar upplýsingar um innflutning eftir tollskrárnúmerum eru fyrir hendi, en þau aðföng, sem hér um ræðir, falla undir tollskrárnúmer, sem að verulegu leyti innifela vörur til annarra notenda en iðnfyrirtækja. Af þessum sökum er torvelt að fá upplýsingar um innflutt aðföng til iðnaðar í þessum tollskrárnúmerum, en það talnaefni verður að liggja fyrir, ef unnt á að vera að reikna út beint tekjutap ríkissjóðs.

Þegar litið er yfir þá vöruflokka, sem þetta frumvarp snertir, er ljóst, að ríkissjóður missir ekki stóran spón úr aski sínum, þótt hann verði af þessum tekjum. Bæði er um tiltölulega fá tollskrárnúmer að ræða og lítinn innflutning aðfanga til iðnaðar í hverju tilviki. Þessi aðflutningsgjöld skipta ríkissjóð þannig óverulegu máli, en þar sem þau leggjast mjög ójafnt á iðnaðarfyrirtæki geta þau bitnað illa á einstökum fyrirtækjum og iðngreinum. Þá má ennfremur benda á að öflun þessara tekna hefur kostað ótaldar vinnustundir starfsmanna ráðuneyta og fyrirtækja á s. l. árum.

Sþ. 443. Tillaga til þingsályktunar [222. mál]

um könnun á heilbrigðis- og félagslegri þjónustu fyrir aldraða.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Bragi Nielsson, Árni Gunnarsson, Gunnlaugur Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram könnun á heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða með tilliti til bæði félagslegra og heilsufarslegra sjónarmiða.

Sérstaklega skal athugað að koma á samræmdu skipulagi þessara mála, sem byggðist á samstjórn og samræmingu allra þátta heilbrigðis- og félgslegrar þjónustu við aldraða ,— sem gæti auðveldað yfirsýn yfir brýnustu þörf á sjúkrahúsvist, langlegudvöl, heimahjúkrun, heimilisþjónustu og dvalarheimilum fyrir aldraða, auk þess sem það gæti tryggt hagkvæmni á ýmsum sviðum.

Á grundvelli slíkra kannana skipi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd til að gera tillögur um umbætur og samræmingu á heilbrigðis- og félagslegri þjónustu aldraðra — og skulu þær tillögur liggja fyrir eigi síðar en í árslok 1979.

Greinargerð.

Þó að mikið hafi verið gert hér á landi til að bæta heilbrigðis- og félagslega þjónustu við aldraða, þá á enn mjög langt í land að aldraðir búi við þá heilsugæslu og ýmsa félagslega þjónustu sem þeim er nauðsynleg. Vandamál aldraðra sjúkra eru líka oft á tíðum viðkvæm og vandmeðfarin.

Þættir heilbrigðis- og félagslegrar þjónustu við aldraða geta verið margvíslegir og oft mjög samofnir. Má þar nefna öldrunarþjónustu í formi skammtíma innlagnar á öldrunardeild, sem í felst endurhæfing hvers konar svo og nauðsynleg lyfjameðferð, — göngudeildarstarfsemi, — dagspítalar þar sem sjúklingar koma nokkra tíma á dag tvisvar til þrisvar í viku og fá læknisfræðilegt eftirlit og endurhæfingu, — lengri sjúkrahúsvist, — heimahjúkrun, heimilisþjónusta, svo og langlegudvöl, auk margs konar tengdrar félagslegrar þjónustu við heilsugæslu og aðbúnað aldraðra.

Slíkt samofið heilbrigðiskerfi fyrir aldraða hlýtur að krefjast góðs skipulags og samræmingar á ýmsum sviðum til að það nýtist sem best í hverju tilfelli fyrir þá sem í brýnustu þörf eru hverju sinni, og árangur í heilbrigðisþjónustu aldraðra hlýtur að fara eftir því, að samtenging og samhæfing allra þátta þessarar þjónustu sé sem mest.

Sú staðreynd að vistrými fyrir aldraða á Íslandi er hlutfallslega mun meira en í okkar nágrannalöndum — og þrátt fyrir það langir biðlistar á ýmsum þeim þjónustu- og hjúkrunarstofnunum fyrir aldraða sem við höfum yfir að ráða, sýnir okkur ljósar en flest annað að endurskoðun á þáttum heilbrigðisþjónustu aldraðra og endurskipulagning er orðin mjög brýn.

Í ársbyrjun 1978 höfðum við yfir að ráða tæplega 1700 vistrýmum fyrir aldraða, þar af rúmlega 700 rými fyrir hjúkrunarsjúklinga. Einnig má nefna að í könnun, sem gerð var meðal heimilislækna, kom í ljós, að 450—470 aldraðir sjúkir eru á einkaheimilum í Reykjavík.

Samanburðartölur frá árinu 1976 sýna ljóslega hve við höfum yfir mun meira vistrými að ráða fyrir aldraða en nágrannaþjóðir okkar. Þær sýna að vistrýmafjöldi á elliheimilum og íbúðir fyrir aldraða á 1000 íbúa 65 ára og eldri eru mun fleiri á Íslandi en hjá nágrannaþjóðum okkar — eða 84.2 á Íslandi, í Danmörku 66.8, Finnlandi 61.1, Svíþjóð 46.9, Noregi 26.9 og Bretlandi 18.5.

Þó vistrými t. d. í Bretlandi fyrir aldraða séu hlutfallslega mun færri en á Íslandi, hefur öldrunarlækningum og þjónustu við aldraða sjúka í Bretlandi fleygt ört fram undanfarin ár. Bretar hafa lagt áherslu á öldrunarlækningardeildir, sem staðsettar eru við öll aðalþjónustusjúkrahús landsins, sem gefur greiðan aðgang að rannsóknar- og endurhæfingarþjónustu. Einnig hefur verið byggð þar upp fjölþætt þjónusta fyrir aldraða sjúka í heimahúsum, sem minnkar þörfina fyrir vistrými.

Staðreynd er, að þrátt fyrir þau tiltölulega mörgu vistrými, sem við höfum yfir að ráða, verður að telja heilbrigðisþjónustu okkar fyrir aldraða sjúka mjög ábótavant á mörgum sviðum.

Augljóst er — og er það mat flestra sérfræðinga sem um þessi mál fjalla — að til þess að hér verði ráðin bót á er nauðsynlegt að koma á samræmdri skipulagningu öldrunarlækninga, hjúkrunar- og annarrar félagslegrar þjónustu við aldraða.

Hagkvæmni í rekstri og bætt þjónusta í þessum efnum hlýtur að byggjast á samræmdu skipulagi þessara mála, þar sem til komi samstjórn allra þátta öldrunarþjónustu. Slíkt fyrirkomulag mundi auðvelda yfirsýn yfir hvar þörfin væri mest hverju sinni til sjúkrahúsvistunar, öldrunardeilda, heimahjúkrunar og heimilisþjónustu, auk þarfar fyrir dvalarheimili.

Segja má að heilsugæsla og þjónusta við aldraða sjúka hafi verið mjög dreifð og lítið skipulögð til þessa í öllum þáttum heilbrigðiskerfisins fyrir aldraða.

Til að mynda má nefna að 75% af því vistrými, sem til er fyrir aldraða, eru á sjálfseignarstofnunum, sem vinna án samvinnu við heilbrigðiskerfið eða þær félagslegu þjónustumiðstöðvar, sem við höfum yfir að ráða, og eru því lítið læknisfræðilega tengdar sjúkrahúskerfinu í heild, auk þess sem heimahjúkrun og heimilisþjónusta aldraðra er einnig verulega úr tengslum við heilbrigðiskerfið.

Vandamál öldrunarsjúklinga eru líka af margvíslegum öðrum toga spunnin en vandamál yngri sjúklingahópa, og má oft leysa hana ef til væri vel skipulögð heimahjúkrun eða öldrunardeildir, sem tækju aldraða sjúklinga til skammtímadvalar til endurhæfingar — til að viðhalda sjálfsbjargargetu sjúklingsins. Þannig væri kleift að auka möguleika aldraðra til að dveljast sem lengst í heimahúsum með því að færa eins mikinn hluta þjónustunnar inn á heimili sjúklinganna og kostur er.

Má því segja, að lélegt skipulag öldrunarþjónustu kalli á mikla vistrýmisþörf, en vel skipulögð öldrunarþjónusta minnki hana — og gefi aukna möguleika aldraðra til að dveljast sem lengst í heimahúsum.

Nd. 444. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. mars 1979.

Vilmundur Gylfason, form.	Einar Ágústsson, fundaskr., frsm.	Friðrik Sophusson.
Svava Jakobsdóttir.	Matthías Á. Mathiesen.	Gils Guðmundsson.
	Árni Gunnarsson.	

Nd. 445. Frumvarp til laga [223. mál]

um breyting á lögum nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Albert Guðmundsson.

1. gr.

Við 8. gr. laganna A-lið komi ný málsgrein, er hljóði svo:

Húsnæðismálastjórn hefur einnig heimild til að veita lán til byggingar vistheimila fyrir aldrað fólk, enda geti það eigi lengur búið á eigin heimilum og þarfnist umönnunar án þess þó að hafa þörf fyrir sjúkrahúsvist. Skal ráðherra með reglugerð setja ákvæði um fjárhæð slíkra lána, lánstíma og tryggingar þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nú munu vera um það bil 10 ár liðin frá því að Alþingi veitti Húsnæðismálastofnun ríkisins fyrstu heimild til þess að veita lán úr Byggingarsjóði ríkisins til byggingar leiguíbúða fyrir aldrað fólk í elliheimilum og byggingum Öryrkjabandalags Íslands. Með núgildandi húsnæðismálalöggjöf, sem er að stofni til frá 1970 (nr. 30/1970), var sú heimild færð mjög út. Á grundvelli hennar hafa síðan verið veitt lán úr Byggingarsjóði ríkisins til byggingar 821 íbúðar, sem velflestar eru komnar í notkun í dvalarheimilum aldraðra og öryrkja um land allt, en enn eru þó nokkrar í byggingu. Þegar mun hafa verið varið um 1.5 milljörðum króna úr Byggingarsjóði ríkisins í þessu skyni og er fyrirsjáanlegt framhald á því.

Ljóst er, að margir þeirra, sem flust hafa og dveljast nú í ofangreindum íbúðum í dvalarheimilum aldraðra, geta varla búið þar og annast sjálfir allt sitt heimilishald þegar aldurinn færist meir yfir. Þeir, sem sjúkir eru, hljóta þá að fara á sjúkrahús, en hinir, sem friskir eru án þess að geta sakir ellihrumleika annast sitt heimilishald, verða í vandræðum. Hryggilegast er þá að búa þeim stað á vistheimilum þar sem þeir njóta verulegrar umönnunar jafnframt því sem þeir hafa aðstöðu til þess að bjarga sér sjálfir, eftir því sem kraftar og heilsa leyfir.

Vistheimili þau, sem hér um ræðir, eiga ekki að óbreyttum lögum kost á fjárframlögum úr ríkissjóði. Í þeim yrðu ekki íbúðir, heldur herbergi með eldunaraðstöðu, og því eiga þau heldur ekki kost á lánum úr Byggingarsjóði ríkisins að óbreyttum lögum. Því er með tillögu þessari lagt til að húsnæðismálastjórn verði veitt heimild til þess að veita lán til bygginga af þessu tagi, sem telja má víst að bráðnauðsynlegt verði að koma á laggirnar um land allt á næstu árum.

Ed. 446. Frumvarp til laga [24. mál]

um breyting á lögum nr. 107 28. okt. 1970, um félagsheimili.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. mars.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, verkalýðsfélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög, búnaðarfélög og hvers konar önnur menningarfélög, er standa almenningi opin án tillits til stjórnmálaskoðana, eiga og nota til fundahalda eða annarrar félagsstarfsemi, enn fremur samkomuhús sveitarfélaga. Sama gildir um sjómannastofur, sem sömu aðilar eiga og reka, sjálfstætt eða í tengslum við aðra starfsemi.

2. gr.

3. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Af tekjum Félagsheimilasjóðs skulu 10% renna í Menningarsjóð félagsheimila. Skal því fé varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum. Heimilt er þó að styrkja menningarstarfsemi sem fram fer utan félagsheimila, er sérstaklega stendur á. Styrkveitingar til menningarstarfsemi einstakra félagsheimila má binda því skilyrði, að tiltekinn hluti aðgangseyris af samkomum félagsheimilisins renni í sérstakan menningarsjóð þess. Skal stjórn félagsheimilisins varðveita þann sjóð og verður honum eingöngu varið til menningarstarfsemi í því félagsheimili.

3. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Félagsheimilasjóðs er í höndum menntamálaráðherra. Veitir hann styrki úr sjóðnum samkvæmt 2. gr. Byggingarstyrkir skulu veittir að fengnum tillögum íþróttanefndar og deildarstjóra byggingardeildar menntamálaráðuneytisins. Styrkir úr menningarsjóðnum skulu veittir að fengnum tillögum menningarsjóðsnefndar, sem ráðherra skipar til fjögurra ára þannig: Einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Ungmennafélags Íslands og Bandalags ísl. leikfélaga, einn samkv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga og einn án tilnefningar og verður hann formaður nefndarinnar.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Umsóknir um byggingarstyrki skal senda íþróttanefnd. Ef um er að ræða umsókn um styrk til nýbyggingar skal fylgja nákvæm lýsing á húsi því, sem fyrirhugað er að byggja, ásamt greinargerð fyrir þörfinni á félagsheimili á viðkomandi stað og um fyrirhugaða notkun þess. Umsókn um styrk úr menningarsjóðnum skal senda menningarsjóðsnefnd. Í umsókn skal gerð nákvæm grein fyrir hvernig fyrirhugað er að verja styrknum. Skrá um úthlutun úr Félagsheimilasjóði skal birt árlega í Fréttabréfi menntamálaráðuneytisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 447. Fyrirspurn [224. mál]

til iðnaðarráðherra varðandi jarðhitaleit og fjarvarmaveitur á Snæfellsnesi og í Dalasýslu.

Frá Alexander Stefánssyni og Halldóri E. Sigurðssyni.

1. Verður gerð tilraunaborun eftir heitu vatni á norðanverðu Snæfellsnesi á þessu ári í framhaldi tilraunaborana 1977, eins og áformað var að framkvæmt yrði 1978?
2. Hvað líður athugun á fjarvarmaveitum fyrir þéttbýlisstaði á Snæfellsnesi?
3. Er fyrirhuguð tilraunaborun eftir heitu vatni í Dalasýslu á þessu ári?

Sþ. 448. Tillaga til þingsályktunar [225. mál]

um sveigjanlegan vinnutíma hjá ríkisfyrirtækjum og ríkisstofnunum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að
1) láta kanna, að hve miklu leyti sé hægt að koma við sveigjanlegum vinnutíma starfsmanna ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana og
2) koma slíkri vinnutilhögun á, þar sem slíkt þykir henta.

Greinargerð.

Í stefnuyfirlýsingu Sjálfstæðisflokksins um efnahagsmál, sem kynnt var fyrir skömmu, er í kaflanum um kjaramál komist svo að orði m. a.: „Kaupmáttur á vinnustund verði aukinn með **sveigjanlegum vinnutíma**, starfshvatningu og hagræðingu.“

Með stefnuyfirlýsingunni um sveigjanlegan vinnutíma leggur Sjálfstæðisflokkurinn áherslu á mikilvægi þess, að vinnutilhögun taki sem mest tillit til mismunandi einkaaðstæðna starfsfólks. Þessari þingsályktunartillögu er ætlað það hlutverk að leggja til við stjórnvöld að þau færi sér í nyt kosti sveigjanlegs vinnutíma, þar sem það þykir henta, þegar tekið er tillit til þjónustuhlutverks stofnana og fyrirtækja annars vegar og haft hefur verið samráð við starfsmenn og stjórnendur þeirra hins vegar.

Frumkvæði Skeljungs.

Snemma á árinu 1974 hóf Skeljungur fyrst íslenskra fyrirtækja tilraun með sveigjanlegan vinnutíma starfsfólks. Þessu nýja fyrirkomulagi kynntust forráðamenn fyrirtækisins hjá Norsk Shell, sem hafði haft þennan hátt á um hríð. Tilraun Skeljungs hlaut góðar viðtökur hjá starfsfólki fyrirtækisins, og í framhaldi af því hafa fleiri íslensk fyrirtæki, t. d. Olíuverslun Íslands, Flugleiðir, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar og Skýrsluvélar ríkis og Reykjavíkurborgar tekið upp sveigjanlegan vinnutíma.

Svo snar þáttur sem vinnan er í lífi fólks, hlýtur það að vera eðlilegt keppikefli að gera hana sem léttbærasta. Sífellt er unnið að endurbótum á þessu sviði, og á síðustu áratugum hafa rutt sér til rúms fjölmargar nýjungar, sem lúta að bættum búnaði starfsfólks. Sveigjanlegur vinnutími (Flexible Working Hours, Flextid, Gleitzeit) er mikilvægt tæki til að koma til móts við óskir fólks, sem er þrúgað af harðstjórn fasts vinnutíma, sem ekkert tillit tekur til mismunandi aðstöðu einstaklinga í einkalífinu.

Upphafið.

Fyrsta fyrirtækið, sem talið er að hafi tekið upp sveigjanlegan vinnutíma er Messerschmitt-Bölkow-Blohm í Ottobrunn, einu af úthverfum Münchenborgar í Vestur-Þýskalandi, en það var árið 1967. Ástæðurnar voru aðallega tvær: Annars vegar strjálar ferðir almenningsvagna frá íbúðarhverfum borgarinnar og hins vegar erfiðleikar á endurnýjun starfsfólks, sérstaklega útivinnandi húsmæðra. Starfsmannastjóri fyrirtækisins, Hillert, fékk hugmyndina hjá frú Christel Kaemmerer, sem tveimur árum áður kynnti tillögu sína um breytilegan vinnutíma („variable working hours"), en honum var ætlað að örva giftar konur til þátttöku í atvinnulífinu. „Variable Working Hours" er það, þegar starfsmenn sama fyrirtækis vinna mismunandi vinnudag. Sumir byrja alltaf kl. 8, aðrir alltaf kl. 9 og enn aðrir alltaf kl. 10. Vinnutíminn er 8 stundir hjá öllum starfsmönnunum.


Segja má, að sveigjanlegur vinnutími hafi farið sigurför um álfuna á undanförnum árum, og sífellt fleiri og fleiri fyrirtæki gera nú tilraunir með þetta fyrirkomulag. Fyrst í stað var aðferðin nær eingöngu hagnýtt fyrir skrifstofu- og afgreiðslufólk, en síðan hefur hún verið notuð í verksmiðjurekstri jafnframt með viðeigandi lagfæringum, þar sem vaktavinna er stunduð.

Styttra er síðan Bandaríkjamenn hófu tilraunir í einhverjum mæli með sveigjanlegan vinnutíma. Ástæðuna má öðru fremur rekja til áhuga þeirra á fjögurra daga vinnuvikunni sem mörg bandarísk fyrirtæki hafa tekið upp. Fjögurra daga vinnuvikan gerir ekki ráð fyrir vinnutímastyttingu, eins og þegar vinnuvikan var stytt úr sex dögum í fimm. Til gamans má geta þess, að sá, sem fyrstur setti fram ítarlegar hugmyndir um fjögurra daga vinnuvikuna og kannaði málið gaumgæfilega, var frú Riva Porr í bók sinni „4 Days 40 Hour". Þetta er dregið fram hér til að undirstrika framlag kvennanna tveggja, þeirra Kaemmerer og Porr, til þessara nýmæla á sviði vinnutilhögunar.


Sveigjanlegur vinnutími hefur þó unnið á í Bandaríkjunum og nú munu 6% allra launþega þar njóta þessa fyrirkomulags, en það eru tvöfalt fleiri en fyrir fjórum árum.

Lýsing á sveigjanlegum vinnutíma.


Á vinnustöðum, þar sem sveigjanlegur vinnutími er notaður, má skipta vinnutímanum í sveigjanlegan tíma og kjarna (þ. e. fastan vinnutíma, skyldutíma). Við getum hugsað okkur að skylduviðverutími (kjarni) sé á milli kl. 10—15, en starfsfólkið ráði sjálft, hvenær það kemur til vinnu milli kl. 8—10 og fer frá vinnu milli kl. 16—18. Tíminn frá kl. 8—10 og kl. 16—18 kallast sveigjanlegur vinnutími. Jafnframt er hugsanlegt að um sveigjanlegan matartíma sé að ræða, t. d. eina klukkustund milli kl. 11.30 og 13.30 (t. d. 11.30—12.30, 12—13 eða 12.30—13.30). Vinnutímauppgjör fer fram einu sinni á dag (8 stundir), einu sinni á viku (40 stundir) eða einu sinni á mánuði (173.33 stundir). Mjög mismunandi reglur gilda um þetta efni eftir fyrirtækjum og að sjálfsögðu þarf að laga kerfið að aðstæðum á hverjum vinnustað. Þannig getur verið ástæða til þess að vinnufélagar semji um vinnutíma sín á milli, einkum ef lágmarksfjöldi starfsmanna þarf að vera viðstaddur á sveigjanlega tímanum.



Dæmi um hefðbundinn vinnutíma.



Dæmi um sveigjanlegan vinnutíma með fastri viðveru frá kl. 10—12 og frá kl. 2.30—4.30.



Dæmi um sveigjanlegan vinnutíma þar sem matartími er fast ákveðinn frá kl. 1—2.

Nd. 449. Frumvarp til laga [226. mál]

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Flm.: Matthías Bjarnason, Sighvatur Björgvinsson, Gunnlaugur Finnsson, Kjartan Ólafsson.

1. gr.

Aftan við G1. í 3. gr. laganna komi nýr liður:

G2. Á tímabilinu frá 1. september til 30. nóvember er skipum, sem eru 20 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu á eftirgreindum svæðum:
A. Á svæði sem takmarkast af línum réttvísandi 300° frá punkti 65°51'5 N — 24°13'0 V og 66°04'8 N og 23°57'0 V.
B. Á svæði, sem takmarkast af línum réttvísandi 315° frá 66°23'6 N — 23°24'5 V og réttvísandi 0° frá 66°31'7 N — 23°01'0 V.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.


Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er lagt til að heimila skipum, sem eru 20 metrar að lengd eða minni, að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tveimur svæðum út af Vestfjörðum á tímabilinu 1. september til 30. nóvember. Meðfylgjandi kort sýnir þessi svæði, sem merkt eru með G2. Þessi svæði, sem hér um getur, eru viðurkennd skarkolasvæði og gáfu góða veiði á þeim árum sem botnvörpuveiðar voru þar leyfðar.

Almennt er talið að skarkolastofninn sé vannýttur og því eðlilegt að auka með þessum hætti veiðar á þekktum skarkolasvæðum. Þegar jafnframt er á það litið, að skip af þeirri stærð, sem hér er lagt til að fari að stunda veiðar á þessum svæðum, hafa takmarkaða möguleika til að stunda aðrar veiðar á þessum árstíma, þegar rækjuveiðar eru bannaðar vegna mikillar seiðagengdar á hefðbundnum rækjuveiði-

svæðum, eins og oft hefur átt sér stað, en þó alveg sérstaklega á þessum vetri hvað snertir báta sem þessar veiðar hafa stundað frá Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi.

Á sameiginlegum fundi smábátaeigenda við Ísafjarðardjúp fyrri hluta þessa vetrar var samþykkt að fara þess á leit, að umrædd svæði verði opnuð fyrir botnvörpu og flotvörpu þann árstíma, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.



Sþ. 450. Fyrirspurnir. [227. mál]

I. Til menntamálaráðherra um tolltekjur af sjónvarpstækjum og sjónvarp á sveitabæi.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hve hárri upphæð námu tolltekjur af sjónvarpstækjum árið 1978 og hefur þeim verið skilað Ríkisútvarpinu svo sem ráð var fyrir gert?
2. Hvað eru margir sveitabæir, sem enn njóta ekki sjónvarpsskilyrða?
3. Hvað var mörgum sveitabæjum komið í sjónvarpssamband á árinu 1978?
4. Hvað er ráðgert að koma mörgum sveitabæjum í sjónvarpssamband árið 1979?

II. Til samgönguráðherra um símamál í Mosfellssveit.

Frá Einari Ágústssyni.

Hvenær verða gerðar úrbætur í símamálum Mosfellinga?

Sþ. 451. Fyrirspurn [228. mál]

til iðnaðarráðherra um kostnað við hitaveitufranikvæmdir og greiðslubyrði ríkissjóðs vegna þeirra.

Frá Gunnlaugi Finnssyni og Alexander Stefánssyni.

1. Hve miklu fjármagni hefur verið varið af hálfu ríkisins til rannsókna, undirbúnings og framkvæmda við hitaveitur á árunum 1971 til 1978 að báðum árum meðtöldum?
2. Hve mikils hluta þessa fjár hefur verið aflað með erlendum lántökum?
3. Hver er árleg greiðslubyrði ríkissjóðs vegna þessara lána?
4. Hve mikinn erlendan gjaldeyri spara þessar framkvæmdir árlega miðað við núverandi olíuverð?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 452. Fyrirspurn [229. mál]

til menntamálaráðherra um námsstyrki erlendra aðila til Íslendinga.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

1. Hvaða erlendir aðilar hafa veitt Íslendingum styrki til náms á s. l. fimm árum?
2. Hverjir hafa hlotið þessa styrki hvert ár fyrir sig og hve háa upphæð?
3. Hvaða reglur eru og hafa verið við úthlutun þessara styrkja þegar menntamálaráðuneytið, starfsmenn þess eða nefndir starfandi á vegum ráðuneytisins eða í tengslum við það voru umsagnaraðilar eða réðu hver hlaut styrk?
4. Hefur orðið ágreiningur milli fulltrúa menntamálaráðuneytisins og annarra umsagnaraðila eða þeirra sem styrki hafa veitt, um það, hvaða aðilar ættu að fá styrki? Ef svo er, hver var sá ágreiningur og í hvaða tilfellum var um ágreining að ræða?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 453. Frumvarp til laga [230. mál]

um stjórn efnahagsmála o. fl.

Frá forsætisráðherra.

I. KAFLI

Um stefnumörkun í efnahagsmálum.

1. gr.

Meginmarkmið stefnunnar í efnahagsmálum eru að tryggja næga og stöðuga atvinnu, að halda verðhækkunum í skefjum, að stuðla að jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og greiða fyrir félagslegum og efnahagslegum framförum og bættum lífskjörum alls almennings.

Ráðstafanir stjórnvalda í efnahagsmálum og fjármálum skulu jafnan við það miðaðar, að stefnt sé að framangreindum markmiðum án þess að efnahagslegu jafnvægi sé raskað eða fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar út á við teflt í tvísýnu.

2. gr.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar það er saman komið, leggja til kynningar skýrslu um þjóðhagsáætlun fyrir það ár, sem í hönd fer. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir framvindu mikilvægustu þjóðhagsstærða á því ári, sem er að líða, og horfum á hinu næsta. Þá skal í skýrslunni greina frá þeim markmiðum, sem ríkisstjórnin setur sér um hagþróun á næsta ári, og helstu efnahagsráðstöfunum, sem hún hyggst beita til þess að þau náist.

Skýrslan um þjóðhagsáætlun skal lögð fram svo tímanlega, að umræður um hana geti farið fram á sama tíma og um stefnuræðu forsætisráðherra, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga nr. 115 19. nóv. 1936 um þingsköp Alþingis, sbr. lög nr. 54 29. maí 1972 um breyting á þeim lögum.

II. KAFLI

Um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda.

3. gr.

Efla skal reglubundið samráð og samstarf stjórnvalda og launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum.

4. gr.

Þátttakendur í samráði samkvæmt 3. gr. skulu vera fulltrúar launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda og opinberra aðila. Samráðsfundi má halda bæði með fulltrúum einstakra samtaka og fulltrúum ríkisstjórnarinnar og öllum samráðsaðilum í senn. Skipa skal starfshópa til að vinna að einstökum málaflokkum á vegum ríkisstjórnarinnar.

5. gr.

Verkefni samráðs þessa skal m. a. vera:

1. Að ræða meginþætti í efnahagsmálum og helstu efnahagsmarkmið ríkisstjórnarinnar frá ári til árs og til lengri tíma, í því skyni, að leggja grundvöll að samræmdum ákvörðunum á sviði opinberra fjármála, peninga- og lánamála, líf-eyrismála og verðlagseftirlits af opinberri hálfu, og á sviði kjaramála af hálfu aðila vinnumarkaðarins.

2. Að fjalla um þjóðhags-, fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir, tekjustefnu og forsendur þeirra.
3. Að fjalla um önnur þau atriði, sem horfa til framfara á sviði atvinnu-, verðlags-, kjara- og launamála og efnahagsmála almennt.

III. KAFLI
Um ríkisfjármál.

6. gr.

Frumvarp til fjárlaga skal samið með tilliti til þjóðhagsáætlunar, sem kveðið er á um í 2. gr. þessara laga. Skulu áætlanir um tekjur og gjöld í fjárlagafrumvarpi gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun sbr. 2. gr. og þær spár, sem eru hluti hennar, þar á meðal um breytingar verðlags og launa. Á sama hátt skulu þjóðhagsforsendur endanlegra fjárlaga vera í samræmi við endurskoðaða þjóðhagsáætlun fyrir fjárhagsárið, sem í hönd fer, eins og hún liggur fyrir við afgreiðslu fjárlaga.

7. gr.

Með fjárlagafrumvarpi ár hvert skal leggja fram áætlun, er lýsi í aðalatriðum meginstefnu í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs, sem fjárlagafrumvarpið tekur til.

Með áætlun þessari skal að því stefnt að sýna meðal annars:

1. Meginstefnu í ríkisfjármálum.
2. Dæmi um líklega þróun ríkisbúskaparins.
3. Samræmi heildarstefnu í efnahags- og atvinnumálum og stefnu í ríkisfjármálum.
4. Stefnumótun um öflun tekna og skiptingu gjalda ríkisins.
5. Stefnumótun um framlög á fjárlögum til fjárfestingar ríkis, fjárfestingarsjóða, sveitarfélaga og einkaaðila.

8. gr.

Fyrir árslok 1979 skulu ákvæði í lögum, sem kveða á um skyldu ríkissjóðs til fjárframlaga til sjóða og einstakra verkefna með föstum reglubundnum hætti, tekin til endurskoðunar, og það kannað, að hve miklu leyti fjárframlög til þessara þarfa verði framvegis ákveðin með fjárlögum ár hvert, og í áætlun með fjárlagafrumvarpi næstu þrjú árin eftir lok hvers fjárhagsárs, sbr. 7. gr. Við endurskoðun þessa skal höfð sérstök hliðsjón af stöðu og verkefnum einstakra sjóða, m. a. með tilliti til félagslegra markmiða. Samráð skal haft við hagsmunaaðila.

Endurskoðun þessi skal jafnframt taka til ákvæða í lögum, er kveða á um mörkun einstakra tekjustofna til sjóða og verkefna.

9. gr.

Niðurgreiðsla landbúnaðarafurða úr ríkissjóði skal ekki vera hærri en svo, að útsöluverð hverrar afurðar til neytenda verði lægra en sem svarar verði til framleiðenda sbr. 2. mgr. Þess skal jafnan gætt, að ákvarðanir um niðurgreiðslur miðist við það, að sem minnstar sveiflur verði í þeim.

Marki því, sem sett er fyrir niðurgreiðslur í 1. mgr., skal náð í áföngum á árunum 1979, 1980 og 1981. Skulu ákvarðanir um niðurgreiðslur teknar til endurskoðunar í því skyni.

10. gr.

Ráðuneyti skulu eigi síðar en 1. apríl 1979 gera tillögur til fjárlaga- og hagsýslustofnunar um lækkun ríkisútgjalda á árinu 1979 um 1000 milljónir króna frá þeirri fjárhæð, sem fjárlög kveða á um, sbr. heimild í lið XLIII í 6. gr. fjárlaga fyrir

árið 1979. Skal fjárlaga- og hagsýslustofnun síðan skila samræmdum tillögum um lækkunina til ríkisstjórnarinnar fyrir 15. apríl 1979.

11. gr.

Á árinu 1979 skulu ákvarðanir í ríkisfjármálum við það miðaðar, að heildartekjur og útgjöld á fjárlögum haldist innan marka, sem svara til 30% af vergri þjóðarframleiðslu. Svipað markmið skal gilda fyrir árið 1980. Frá þessu skal þó víkja, ef óvæntar og verulegar breytingar verða í þjóðarbúskapnum, og sérstaklega ef ætla má, að hætta sé á atvinnuleysi.

12. gr.

Ríkisendurskoðun skal fylgjast með framkvæmd fjárlaga í umboði Alþingis.

13. gr.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun skal annast hagsýslustarfsemi fyrir ríkisbúskapinn í því skyni að auka á hagkvæmni og ráðdeild í ríkisbúskapnum og í meðferð opinberra fjármuna.

Meðal þess háttar verkefna fjárlaga- og hagsýslustofnunar skulu vera, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð:

1. Mat á fyrirhuguðum ríkisframkvæmdum með tilliti til arðsemi, kostnaðar, nytja og þjóðfélagslegs gildis. Skal slíkt mat liggja fyrir áður en ákvarðanir um útgjöld eru teknar.
2. Kostnaðarmat á tillögum frumvarpa sem hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.
3. Athuganir á hagkvæmni í rekstri ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja í því skyni að bæta rekstur og draga úr útgjöldum.
4. Athuganir á hagræðingu í starfsemi ríkisstofnana og fyrirtækja og í samskiptum einstaklinga og fyrirtækja við ríkið.

Þessi verkefni sín skal fjárlaga- og hagsýslustofnun leysa í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og fjárveitinganefnd.

IV. KAFLI

Um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir ríkisstjórnarinnar.

14. gr.

Ríkisstjórnin skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn, og skulu þær fylgja fjárlagafrumvarpi. Áætlununum skal fylgja stefnumótun í meginatriðum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs, sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Markmið áætlananna er að tryggja, að heildarumsvif í fjárfestingu og þróun peningamála og lánamála samrýmist þjóðhagslegum markmiðum.

15. gr.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skulu meðal annars eftirtalin atriði koma fram:

1. Heildaráætlun um opinberar framkvæmdir og fjármögnun þeirra með framlögum á fjárlögum, eigin fjármögnun opinberra fyrirtækja og lánsfé, ennfremur um framkvæmdir annarra aðila.
2. Framlög til framkvæmda atvinnuvega og einstaklinga.
3. Framlög til fjárfestingarlánasjóða.
4. Útlánaáætlanir fjárfestingarlánasjóða og fjármögnun þeirra.
5. Útlánareglur og lánskjör fjárfestingarlánasjóða.
6. Áætlun um erlendar lántökur opinberra aðila.

Ennfremur skal gera grein fyrir þróun og horfum um fjárfestingu í einstökum atvinnuvegum. Þá skal greina frá áætlunum um lánamarkaðinn í heild, þar með

áætlun um erlendar lántökur og markmið í peningamálum og þeim tækjum, sem beita skal til þess að þeim verði náð, sbr. ákvæði 28. og 29. gr.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skal jafnan fylgja mat á mannaflaþörf áætlaðra framkvæmda í heild, og þar með mat á atvinnuástandi í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sérstaklega.

16. gr.

Með skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir skal lagt fram frumvarp um heimildir til lántöku innanlands og utan, ábyrgðarheimildir og aðrar nauðsynlegar fjáröflunarráðstafanir vegna opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða að því marki, sem slík ákvæði eru ekki í frumvarpi til fjárlaga. Lántökuheimildir eða ábyrgðarheimildir, sem veittar eru vegna opinberra framkvæmda eða fjárfestingarlánasjóða í lánsfjárlögum þessum, skulu skoðast sem hámarksákvæði á því fjárlagaári, sem þær eiga við.

Skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir skal og fylgja rammaáætlun um erlendar lántökuheimildir einkaaðila, sem langlánanefnd skal framfylgja.

17. gr.

Til undirbúnings fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skulu einstök ráðuneyti í samvinnu við fjárlaga- og hagsýslustofnun gera tillögur hvert á sínu verksviði um einstakar opinberar framkvæmdir og fjárfestingarframlög til atvinnuvega og framlög til fjárfestingarlánasjóða. Jafnframt skulu þau gera grein fyrir mati sínu á fjárfestingarhorfum og fjármögnunarþörfum atvinnugreina þeirra, sem þau fjalla um. Ríkisstjórnin ákveður nánar til hvaða verksviða tillögur þessar og greinargerðir skulu ná. Tillögur þessar og greinargerðir skulu gerðar um leið og fjárlagatillögur ráðuneyta og ákveður ríkisstjórnin skiladag þeirra til fjármálaráðuneytisins.

18. gr.

Til undirbúnings fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skal á vegum einstakra ráðuneyta og í samvinnu við Framkvæmdastofnun ríkisins eftir nánari ákvörðun þeirra gera áætlanir um þróun einstakra atvinnugreina og fjárfestingar þeirra, sbr. og II. kafla laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins og V. kafla laga þessara.

19. gr.

Undirbúningur fjárfestingar- og lánsfjáráætlana skal vera á vegum ríkisstjórnarinnar og skulu Þjóðhagsstofnun, fjárlaga- og hagsýslustofnun, Seðlabanki Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins í samvinnu við einstök ráðuneyti annast nauðsynlega undirbúningsvinnu.

20. gr.

Á árinu 1979 skulu ákvarðanir stjórnvalda samkvæmt fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum við það miðaðar, að heildarfjármunamyndun þjóðarbúsins verði innan við fjórðung af vergri þjóðarframleiðslu. Frá þessu má þó víkja, ef óvæntar og verulegar breytingar verða í þjóðarbúskapnum, og sérstaklega, ef ætla má, að hætta sé á atvinnuleysi.

21. gr.

Fyrir árslok 1979 skal ríkisstjórnin, að höfðu samráði við viðkomandi aðila, setja nýjar reglur um útlán allra fjárfestingarlánasjóða, er sérstaklega miði að því að samræma lánskjör sambærilegra lána, m. a. með tilliti til vaxta, verðtryggingar og lánstíma, sbr. VI. og VII. kafla þessara laga. Einnig skal gæta þess, að lánveitingar sjóðanna taki fyrst og fremst mið af sem hagkvæmastri nýtingu fjármagns til aukinnar framleiðni og framleiðslu og hver einstök lánveiting verði ákveðin eftir samræmdum reglum um arðsemismat. Við ákvörðun lánskjara verði kannað,

hvernig best verður fyrir komið tilliti til félagslegra sjónarmiða og þess gagns, sem af fjárfestingu er, án þess að það komi fram í peningalegum arði fjárfestingaraðila.

V. KAFLI
Um framfarir í atvinnuvegum og hagræðingu í atvinnurekstri.

22. gr.

Ráðuneyti einstakra atvinnuvega skulu hafa forgöngu um gerð atvinnuvegaáætlana hvert á sínu sviði.

Við áætlanagerðina skal sérstaklega miða að frekari vinnslu og bættri nýtingu innlendra hráefna og aukinni framleiðni atvinnuveganna og traustum rekstrargrundvelli þeirra. Jafnframt skulu kannaðar hugmyndir og gerðar áætlanir um nýjar atvinnugreinar, er treyst gætu undirstöðu þjóðarbúskaparins. Við undirbúning og skipulagningu áætlana skal leggja áherslu á skynsamlega og hagkvæma ráðstöfun auðlinda og skipuleggja landnýtingu til lengri tíma. Ennfremur skal hafa í huga æskilegt jafnvægi milli einstakra atvinnugreina auk þess sem áætlanir stuðli að skipulegri byggðastefnu og eflingu atvinnustarfsemi á félagslegum grundvelli.

23. gr.

Nauðsynleg samræming við gerð atvinnuvegaáætlana skal tryggð sameiginlega af ráðherrum viðkomandi atvinnugreina ásamt forsætisráðherra. Jafnframt skulu þessir aðilar sjá til þess, að samræmi sé milli atvinnuvegaáætlana og fjárfestingar- og lánsfjáráætlana sbr. IV. kafla laganna og áætlunar þeirrar um meginstefnu í ríkisbúskapnum, sem mælt er fyrir um í 7. gr. laganna.

Fela má opinberum stofnunum, sem starfa að áætlanagerð og tengdum verkefnum, vinnu við gerð atvinnuvegaáætlana eftir því, sem við á. Við undirbúning atvinnuvegaáætlana og aðgerða til hagræðingar í atvinnurekstri skal leita álits og tryggja samráð við samtök í viðkomandi greinum.

24. gr.

Ríkisstjórnin leggur atvinnuvegaáætlanir fyrir Alþingi sem þingsályktunartillögur eða lagafrumvörp, eftir því sem við á.

25. gr.

Til stuðnings áætlanagerðar um atvinnuvegina skal efla rannsóknastarfsemi í þeirra þágu með hliðsjón af langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um það efni, eins og hún verður staðfest af stjórnvöldum.

26. gr.

Til hagræðingar í undirstöðugreinum atvinnulífsins mun ríkisstjórnin á árinu 1979 útvega sérstaklega 1000 m. kr. að láni. Á árinu 1980 mun ríkisstjórnin beita sér fyrir sérstakri fjáröflun í sama skyni, að upphæð 2000 m. kr.

Setja skal reglur um skiptingu þessa fjármagns til atvinnuveganna með tilliti til þess heildarfjármagns, sem til hagræðingarmála er ætlað.

27. gr.

Efla skal skýrslugerð um fjárfestingu í atvinnuvegunum og tengja hana fjárfestingaráætlun hvers árs og stefnumarkandi áætlunum fyrir atvinnuvegina.

Framkvæmdastofnun ríkisins skal fylgjast með framkvæmd atvinnuvegaáætlana.

VI. KAFLI

Um peninga- og lánamál.

28. gr.

Seðlabanki Íslands skal sjá um að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar í efnahags- og verðlagsmálum eins og það er sett fram í skýrslu ríkisstjórnarinnar um þjóðhagsáætlun skv. 2. gr. þessara laga.

29. gr.

Samin skal í tengslum við gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlana sbr. 14. gr. áætlun til tveggja ára í senn um útlán bankakerfisins og um þróun lánamarkaðarins í heild, þar með taldar erlendar lántökur.

30. gr.

Á árinu 1979 skal að því stefnt, að aukning peningamagns í umferð fari ekki fram úr 25% frá upphafi til loka árs að teknu tilliti til árstíðabundinna sveiflna. Á sama hátt skal að því stefnt að vöxtur peningamagns verði að minnsta kosti 5% hægari á árinu 1980 en á árinu 1979. Frá þessum markmiðum má þó víkja, ef óvæntar breytingar verða á þjóðarbúskapnum t. d. þannig, að atvinnuöryggi sé í hættu eða ef séð er, að forsendur þjóðhagsspár um verðþróun á árinu 1979 standist ekki.

31. gr.

Við 18. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands bætist ný málsgrein á þessa leið:

Ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skulu miðast við að halda sem stöðugustu gengi og að ná settu markmiði um viðskiptajöfnuð en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisgreina.

32. gr.

Við 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands skal bæta eftirfarandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Vaxtaákvarðanir á árunum 1979 og 1980 skulu við það miðaðar, að fyrir árslok 1980 verði í áföngum komið á verðtryggingu sparifjár og inn- og útlána, sbr. VII. kafla þessara laga um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Meginreglan verði sú, að höfuðstóll skuldar breytist með verðlagsþróun en jafnframt verði nafnvextir lækkaðir. Afborganir og vextir reiknist af verðbættum höfuðstól. Verðtrygging verði reiknuð í hlutfalli við verðbreytingar. Samhliða verðtryggingu verði lánstími almennt lengdur og skal setja um þetta efni almennar reglur, þar á meðal um heimildir til skuldabréfaskipta af þessu tilefni.

VII. KAFLI

Um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

33. gr.

Stefna skal að því að verðtryggja sparifé landsmanna og almannasjóða. Í því skyni er heimilt, eins og nánar greinir í þessum kafla, að mynda sparifjárreikninga og stofna til lánsviðskipta í íslenskum krónum eða öðrum verðmæli með ákvæðum þess efnis, að greiðslur, þar með taldir vextir, skuli breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða gengi erlends gjaldeyris, sbr. 38. gr.

34. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda um skriflegar skuldbindingar, þar sem skuldari lofar að að greiða peninga, hvort sem um er að ræða lánað fé, endurgjald eða eftirstöðvar endurgjalds fyrir verðmæti, sem hafa verið seld eða afhent.

35. gr.

Seðlabanki Íslands skal hafa umsjón með framkvæmd ákvæða þessa kafla. Hann veitir heimildir til verðtryggingar, nema hún sé heimiluð sérstaklega í lögum.

Reglur um verðtryggingu skulu einkum við það miðaðar að tryggja allt sparifé, sem bundið er til þriggja mánaða eða lengur, gegn verðrýrnun af völdum verðhækkana.

36. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hvaða reglur skuli gilda um rekstrar- og afurðalán atvinnuveganna að fengnum tillögum Seðlabankans.

37. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til þeirra skuldbindinga, sem innlendir aðilar taka á sig gagnvart aðilum búsettum erlendis, að öðru leyti en því, er kveðið er á um í þessari og 38. grein.

Heimilt er þeim, sem endurlánar erlent lánsfé, að áskilja, að hið innlenda lán ásamt vöxtum endurgreiðist miðað við sama gengi og gildir um endurgreiðslu hins erlenda láns.

Sé hið erlenda lánsfé, sem þannig hefur verið endurlánað innanlands, endurgreitt fyrr eða á styttri tíma en innlenda lánið, er óheimilt að innheimta hið síðara eða vexti af því, miðað við hærra gengi en gilti, þegar erlenda lánið var greitt.

38. gr.

Það eru skilyrði verðtryggingar samkvæmt lögum þessum:

1) að verðtryggðir sparifjárreikningar, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráðar á nafn;
2) að við endurlán verðtryggðra peningalána standist verðtryggingarákvæði í aðalatriðum á í báðum samningum;
3) að Seðlabankinn ákveði vexti og dráttarvexti af verðtryggðum skuldbindingum skv. 13. gr. laga nr. 10/1961;
4) að grundvöllur verðtryggingar sé sem hér segir:
   a) miðað sé við opinbera skráða verðvísitölu eins og hún er reiknuð á hverjum tíma;
   b) gengi erlends gjaldeyris þar sem slíkt er heimilt samkvæmt lögum eða reglugerð.

Seðlabankinn skal birta vísitölur, sem heimilt er að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við, ásamt vaxtakjörum.

Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um endurlán erlends lánsfjár samkvæmt 37. gr.

39. gr.

Bönkum og öðrum innlánsstofnunum er heimilt að taka á móti sparifé og öðrum innistæðum gegn verðtryggingu og lána út samsvarandi fé, auk jafnvirðis eigin fjár með verðtryggingu, í samræmi við ákvæði þessa kafla.

Heimilt er að ákveða verðtryggingu í því formi, að sérstakur verðbótaþáttur vaxta, sem sé tengdur verðlagsbreytingum með formlegum hætti, leggist við höfuðstól láns eða sé hluti forvaxta.

Ákvarðanir samkvæmt þessari grein ber að tilkynna opinberlega á sama hátt og vaxtaákvarðanir, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961.

40. gr.

Ákvæði 39. gr., um verðtryggingarkjör við banka og aðrar innlánsstofnanir, gilda einnig í sambærilegum viðskiptum utan banka og innlánsstofnana á grundvelli auglýsinga Seðlabankans þar um, sbr. 38. og 39. gr.

Önnur verðtryggð viðskipti utan banka og innlánsstofnana fara eftir þeim reglum, sem Seðlabankinn setur, skv. ákvæðum þessa kafla.

41. gr.

Opinberir fjárfestingarlánasjóðir hafa heimild til að veita verðtryggð lán af eigin fé sínu og endurlána verðtryggt fé. Lánskjör slíkra lána eru ákveðin á þann hátt, sem greinir í 11. gr. laga nr. 13/1975.

Öðrum fjárfestingarlánasjóðum er og heimilt að veita verðtryggð lán af eigin fé sínu og endurlána verðtryggt fé. Lánskjör slíkra lána skulu vera í samræmi við reglur samkvæmt 2. mgr. 40. gr.

42. gr.

Viðurkenndum lífeyrissjóðum skal heimilt að ávaxta sjóði sína í verðtryggðum lánum, tryggðum með veði í íbúðarhúsum og með hliðstæðum vaxta- og verðtryggingarkjörum og gilda um íbúðalán Húsnæðismálastofnunar ríkisins við Veðdeild Landsbankans á hverjum tíma. Kjör annarra verðtryggðra lána lífeyrissjóða skulu vera í samræmi við reglur er Seðlabankinn setur, sbr. 2. mgr. 40. gr.

43. gr.

Rísi ágreiningur um grundvöll og/eða útreikning verðtryggingar, getur hver málsaðili vísað honum til þriggja manna nefndar, en hún fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Verði gerð breyting á grundvelli einhverrar vísitölu, sem leyfð hefur verið í verðtryggðum samningum, skal nefndin fella úrskurð um það, hvernig umreikna skuli milli hinna tveggja vísitölugrundvalla. Hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar, en auk hans tilnefnir Hæstiréttur mann í nefndina og Seðlabankinn annan.

44. gr.

Við skráningu veðtryggðra skuldbindinga með ákvæðum um verðtryggingu hjá hlutaðeigandi embættismönnum, er þinglýsingar annast, skal þess gætt, að verðtryggingar sé getið í veðmálaskrám og að þær komi fram á veðbókarvottorðum.

45. gr.

Eftirtalin lagaákvæði um vaxtakjör og verðtryggingarákvæði í lánssamningum skulu halda gildi sínu eftir að þessi lög taka gildi:

Lög nr. 68/1967, 6. gr., um Iðnlánasjóð
Lög nr. 9/1970, 3. liður fylgiskjals um Iðnþróunarsjóð.
Lög nr. 97/1976, 22. gr. um Framkvæmdastofnun ríkisins.
Lög nr. 44/1976, 16. gr., um Fiskveiðasjóð Íslands.
Lög nr. 60/1976, 3. og 4. mgr. 31. gr., um skipulag ferðamála.
Lög nr. 10/1964, 3. gr., um Seðlabanka Íslands.
Lög nr. 59/1964, 2. gr. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán með áorðnum breytingum í lögum nr. 23/1965. Hið sama gildir um hliðstæðar yngri heimildir ríkissjóðs til útgáfu og sölu spariskírteina og happdrættislána ríkissjóðs, skv. fjárlögum eða öðrum lögum, sbr. lög nr. 7/1974.

Lög nr. 30/1970, 5. og 10. gr., um Húsnæðismálastofnun ríkisins.
Lög nr. 13/1975, 11. gr., um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl.
Lög nr. 114/1978 um breyting á lögum nr. 10 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands, sbr. 3. gr. laga nr. 10 13. maí 1964.

46. gr.

Með gildistöku ákvæða þessa kafla falla úr gildi lög nr. 71 frá 6. maí 1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga svo og önnur ákvæði í lögum, sem fara í bága við ákvæði þessa kafla. Þegar áunnin réttindi og skyldur skv. fyrri lögum skulu þó halda gildi sínu.

VIII. KAFLI

Um verðbætur á laun.

47. gr.

Greiða skal verðbætur á laun hinn 1. júní 1979 og síðan á þriggja mánaða fresti miðað við breytingar sérstakrar verðbótavísitölu, sem Kauplagsnefnd reiknar (með tveimur aukastöfum) á sama tíma og vísitölu framfærslukostnaðar.

48. gr.

Verðbótavísitala reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar og hefur grunntöluna 100 miðað við febrúarvísitölu 1979.

49. gr.

Við útreikning verðbótavísitölu samkvæmt 48. gr. skal draga frá framfærsluvísitölu þá hækkun hennar eða lækkun, er leiðir af eftirtöldum breytingum milli útreikningsdaga verðbótavísitölu:

1. Breytingar búvöruverðs, er leitt hafa af breytingum á vinnulið verðlagsgrundvallar búvöru og stafa af launahækkun á almennum vinnumarkaði. Gildir þetta eins, þótt slík verðhækkun komi ekki fram í útsöluverði, sökum þess að hún hefur verið jöfnuð með niðurgreiðslu úr ríkissjóði að einhverju eða öllu leyti.
2. Breytingar á sköttum eða gjöldum eða álagning sérstakra skatta í því skyni að afla fjár til þess að draga úr áhrifum hækkunar olíuverðs á árunum 1979 og 1980 á framfærslukostnað þeirra heimila, sem hita hús sín með olíu, eða til annarra ráðstafana til þess að milda áhrif hækkunar olíuverðs innanlands. Verði fé varið úr ríkissjóði umfram áætlun fjárlaga 1979 til þessara þarfa án þess að skattar eða gjöld séu hækkuð af þeim sökum, eða á lagður sérstakur skattur, skal einnig draga jafngildi slíkrar fjárveitingar frá hækkun framfærsluvísitölu við útreikning verðbótavísitölu. Kauplagsnefnd skal meta þennan frádráttarlið sérstaklega hverju sinni, í fyrsta sinn við útreikning verðbótavísitölu frá 1. júní 1979.
3. Breytingar á áfengis- og tóbaksverði.

Leiðréttingar samkvæmt þessari grein eru gerðar sérstaklega hverju sinni og safnast ekki upp sem sérstakur vísitöluliður.

50. gr.

Rýrni viðskiptakjör þjóðarbúsins á gildistíma þessara laga frá viðskiptakjarastigi ársins 1978 þannig, að innflutningsverð hækki umfram útflutningsverð, skal draga frá hækkun verðbótavísitölu 30% þeirrar hlutfallstölu, sem viðskiptakjararýrnuninni nemur. Við mat á viðskiptakjaraviðmiðun verðbóta frá 1. júní 1979 skal byggt á viðskiptakjaravísitölu Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar fyrir fyrsta

ársfjórðung 1979 að tveimur þriðju, en að einum þriðja á mati á viðskiptakjörum á grundvelli dagverðs á helstu útflutnings- og innflutningsvörum eftir miðjan apríl 1979. Hliðstæð tímaviðmiðun skal gilda fyrir viðskiptakjaramat við síðari verðbótaútreikning.

Á sama hátt og í 1. málsgrein segir, skal viðskiptakjarabati koma til hækkunar verðbótavísitölu við verðbótaútreikning. Ekki skal taka tillit til breytinga á viðskiptakjörum samkvæmt þessari grein, nema breytingin nemi 1% eða meira milli útreikningsdaga verðbótavísitölunnar.

51. gr.

Kauplagsnefnd setur nánari reglur um framkvæmd 47.—50. gr. þessara laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðbætur samkvæmt ákvæðum 47.—50. gr. greiðast á grunnkaup sem svo er ákveðið: Greitt kaup í mars 1979, þ. e. grunnlaun, verðbætur og verðbótaauki samkvæmt þágildandi samningum og lögum, telst grunnkaup við upphaf gildistíma þessara laga.

IX. KAFLI

Um vinnumarkaðsmál.

52. gr.

Setja skal á fót sérstaka vinnumálaskrifstofu innan félagsmálaráðuneytisins. Verkefni sín skal vinnumálaskrifstofan leysa í samráði og samvinnu við samtök launafólks og vinnuveitenda, eftir því sem kostur er.

53. gr.

Verkefni vinnumálaskrifstofunnar skal meðal annars vera:

1. Að afla og koma á framfæri upplýsingum um atvinnutækifæri á landinu öllu og samræma það starf að vinnumiðlun, sem nú fer fram á vegum sveitarfélaganna.
2. Að beita sér fyrir ráðstöfunum í því skyni að greiða fyrir tilfærslum starfsmanna milli atvinnugreina og landshluta og jafnframt veita öryrkjum og unglingum aðstoð við að finna vinnu við hæfi eftir því sem kostur er.
3. Að bæta og samræma upplýsingasöfnun um atvinnuleysi og birta mánaðarlegar skýrslur um skráð atvinnuleysi á landinu öllu.
4. Að kanna ástand og horfur í atvinnumálum og birta niðurstöður sínar ársfjórðungslega.
5. Að gera tillögur um úrbætur í atvinnumálum.

54. gr.

Atvinnurekendum er skylt að tilkynna vinnumálaskrifstofunni og viðkomandi verkalýðsfélagi með tveggja mánaða fyrirvara ráðgerðan samdrátt eða aðrar þær varanlegar breytingar í rekstri, er leiða til uppsagnar 4 starfsmanna eða fleiri.

55. gr.

Nánar skal kveðið á um verkefni vinnumálaskrifstofunnar og starfsháttu í reglugerð, er félagsmálaráðherra setur.

X. KAFLI

Um verðlagsmál.

56. gr.

Skrifstofa verðlagsstjóra (Verðlagsstofnunin) skal í því skyni að örva verðskyn neytenda, efla verðsamkeppni, og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun, rannsaka verð og álagningarhætti á einstökum vörum og vöruflokkum og birta greinargerðir og fréttatilkynningar þar um. Í þessu efni skal taka upp samstarf við samtök neytenda og launafólks, m. a. um eftirlit og skýrslugjöf.

57. gr.

Skrifstofa verðlagsstjóra (Verðlagsstofnunin) skal gera reglulega athuganir á innflutningsvöruverði og bera það saman við verð í öðrum löndum eftir því sem kostur er og birta niðurstöður slíkra athugana almenningi.

58. gr.

8. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti orðist svo:

Þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra verðlagningu, sem í gildi eru, þegar lög þessi koma til framkvæmda, skulu gilda áfram þar til verðlagsráð ákveður annað.

Það skal vera meginregla að vöruverð sé háð verðlagseftirliti og verðlagsákvæðum. Þó getur verðlagsráð, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, heimilað að fella einstaka vöruflokka undan verðlagsákvæðum. Hafi slík heimild verið veitt, getur verðlagsstofnun engu að síður skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir.

Verðlagsráð getur við sérstakar aðstæður einnig ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki, sem um getur í 1. gr.:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir ákveðnum reglum.
3. Verðstöðvun allt að 6 mánuði í senn.
4. Aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör, sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.

59. gr.

12. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti orðist svo:

Verðákvarðanir samkvæmt 8. gr. skulu miðaðar við afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu.

XI. KAFLI

Um jöfnunarsjóði sjávarútvegsins.

60. gr.

9. gr. laga nr. 72 28. maí 1969 með áorðnum breytingum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins orðist svo:

Fyrir upphaf hvers árs eða framleiðslutímabils skal sjóðsstjórnin að fenginni staðfestingu sjávarútvegsráðherra ákveða verðgrundvöll þann, sem miða skal við verðhækkun samkv. 7. gr. eða verðlækkun samkv. 8. gr. Skal hún þá einkum hafa hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarinna ára, svo og af mati á markaðs- og aflahorfum fyrir næstu ár, meðal annars með tilliti til þess, hvernig þær hafi verið metnar af Verðlagsráði sjávarútvegsins, þó þannig, að tekið sé tillit til sérstakra ástæðna, svo sem óeðlilegra breytinga á erlendum mörkuðum, gengisbreytinga og annarra hliðstæðra atvika. Við ákvarðanir sínar skal sjóðsstjórnin einnig líta til

afkomu viðkomandi sjávarútvegsgreina eftir því sem það getur samrýmst tilgangi sjóðsins og raunverulegri verðjöfnun.

61. gr.

2. gr. laga nr. 80 16. september 1971 með áorðnum breytingum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins orðist svo:

Hlutverk sjóðsins er að bæta aflahluti skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum, eða þegar brýna nauðsyn ber til að draga úr sókn til verndar mikilvægum nytjafiskstofnum á Íslandsmiðum.

62. gr.

Í 1. málsgrein 4. gr. laga nr. 80 16. september 1971 með áorðnum breytingum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins bætist nýr töluliður og málsgrein á eftir 4. tölulið á þessa leið:

5. Við ákvörðun meðalveiðimagns, sem bætur miðast við, er heimilt að taka sérstakt tillit til sóknartakmarkana, sem stjórnvöld ákveða, og til langvarandi aflaleysis á einstökum svæðum vegna breytinga á fiskgengd og veiðisókn við landið, þannig að meðalveiðimagn miðist við aflabrögð, þegar sókn og ástand fiskstofna er með eðlilegum hætti. Leita skal álits Hafrannsóknastofnunar um þetta atriði.

Verði ágreiningur um einstök atriði reglugerðarinnar sker sjávarútvegsráðherra úr.

63. gr.

Á árinu 1979 verði lög um Aflatryggingasjóð tekin til gagngerrar endurskoðunar með það fyrir augum, að sjóðurinn gegni því hlutverki sínu að jafna aflasveiflur sem best við þær aðstæður, sem nú eru, m. a. vegna takmarkana á sókn í mikilvæga fiskstofna. Í þessu sambandi verði m. a. heimilað að beita fjármagni sjóðsins til þess að bæta upp verð á þeim tegundum, sem vannýttar kunna að vera, og leggja í því skyni sérstakt gjald á afla af þeim tegundum, sem taldar eru ofnýttar.

XII. KAFLI

Reglugerðarheimild, gildistaka o. fl.

64. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd I., II., V. og VIII. kafla og almenna framkvæmd laga þessara.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd III. og IV. kafla.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd VI., VII. og X. kafla.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd IX. kafla.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd XI. kafla.

65. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

66. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, sem samþykkt var sem lög nr. 103 í lok nóvembermánaðar síðastliðins, var tekið fram, að lagasetningunni væri ætlað að vera liður í þeirri viðleitni að ná fram varanlegum breytingum í efnahagsmálum, sem kæmi til framkvæmda þegar á árinu 1979. Þar sagði meðal annars:

„Ríkisstjórnin er sammála um, að mótun samræmdrar stefnu um aðgerðir á öllum sviðum efnahagsmála, sem ráðið geti úrslitum um verðbólguþróun á næstu misserum, skuli vera algjört forgangsverkefni. Fyrir utan langtímastefnu í verðlags- og launamálum verður að marka samsvarandi stefnu í ríkisfjármálum, peningamálum, fjárfestingarmálum og skattamálum.“

Í athugasemdum með viðnámslagafrumvarpinu var einnig vikið að þeim meginaðgerðum, sem ríkisstjórnin hyggðist beita á árinu 1979. Var því lýst, að beita þyrfti víðtæku aðhaldi að breytingum verðlags og launa og að nauðsynlegt væri, að vísitöluviðmiðun launa yrði breytt í því skyni að draga úr víxlhækkun verðlags og kaupgjalds og þar með úr verðbólgu.

Ennfremur var í athugasemdunum lögð áhersla á nauðsyn jafnvægis í ríkisfjármálum og niðurskurðar á rekstrarútgjöldum og tekið fram, að heildarfjárfesting á árinu 1979 skyldi ekki vera meiri en sem næmi 24—25% af vergri þjóðarframleiðslu. Jafnframt var í greinargerðinni lýst yfir aðhaldssamri stefnu í peningamálum, þar sem útlánaþök bankanna og bindiskylda Seðlabankans yrðu ákveðin þannig, að peningamagn í umferð yrði í samræmi við stefnuna í launa- og verðlagsmálum almennt.

Með viðnámslagafrumvarpinu frá nóvembermánuði síðastliðnum var þannig boðuð samræmd heildarstefna í efnahagsmálum þjóðarinnar fyrir árið 1979 og næstu ár. Á grundvelli þessarar stefnumörkunar lögðu stjórnarflokkarnir á fyrstu vikum þessa árs fram tillögur sínar í efnahagsmálum. Sérstök ráðherranefnd, sem forsætisráðherra skipaði, vann mikið starf að því að samræma tillögur flokkanna. Í febrúarmánuði síðastliðnum lagði forsætisráðherra fram í ríkisstjórn drög að frumvarpi til laga um stjórn efnahagsmála og ráðstafanir til þess að tryggja atvinnuöryggi og draga úr verðbólgu og stuðla að jafnvægi og framförum í þjóðarbúskapnum. Þessi frumvarpsdrög voru samin á grundvelli þeirrar stefnu, sem mörkuð var í greinargerð viðnámslagafrumvarpsins, og þeim tillögum sem ráðherranefndin lagði fram. Jafnframt hafði forsætisráðherra hliðsjón af tillögum formanns vísitölunefndar, en nefndin lauk störfum um miðjan febrúar.

Ríkisstjórnin leitaði umsagnar aðila vinnumarkaðarins um frumvarpsdrögin og á grundvelli þess samráðs og umfjöllunar í ríkisstjórn og stjórnarflokkunum voru gerðar á þeim nokkrar breytingar, einkum að því er varðar ákvörðun verðbóta á laun. Einnig var bætt við sérstökum kafla um þróun atvinnuvega og hagræðingu í atvinnurekstri.

Markmið stefnunnar í efnahagsmálum og þessa frumvarps er að tryggja næga og stöðuga atvinnu, að halda verðhækkunum í skefjum, að stuðla að jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og greiða fyrir félagslegum og efnahagslegum framförum og bættum lífskjörum alls almennings. Frumvarpið stefnir jafnframt að því, að ráðstafanir stjórnvalda í efnahagsmálum séu jafnan við það miðaðar, að stefnt sé að framangreindum markmiðum án þess að efnahagslegu jafnvægi sé raskað eða fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar út á við teflt í tvísýnu.

Frumvarpið sem hér er flutt, fjallar um stjórn efnahagsmála og ráðstafanir til þess að tryggja atvinnuöryggi og draga úr verðbólgu og stuðla að jafnvægi og framförum í þjóðarbúskapnum. Áhersla er lögð á eflingu hagstjórnartækja og samræmda og bætta stjórn efnahagsmála, meðal annars með gerð þjóðhagsáætlana, sem tengi saman mat á efnahagshorfum og ákvarðanir um markmið og leiðir í efnahagsmálum.

Með þeim ráðstöfunum, sem frumvarpið kveður á um, er stefnt að því að draga úr verðbólgu án þess að atvinnuöryggi sé stefnt í hættu. Jafnframt er stefnt að jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar án þess að kaupmáttur launa sé skertur. Hér er því um að ræða samræmdar aðgerðir á flestum sviðum efnahagsmála, sem ekki horfa einungis til næstu mánaða heldur næstu missera og ára. Þótt mikilvægt sé að draga úr verðbólgu verður árangur á því sviði einungis mikils verður, ef jafnframt er tryggð full atvinna. Þetta er meginsjónarmiðið, sem frumvarp þetta er á byggt. Frumvarpið kveður á um róttækar breytingar á stjórn ríkisfjármála og fjárfestingar, á sviði peningamála, launa- og kjaramála og verðlagsmála og stuðlar að aukinni sveiflujöfnun í sjávarútvegi. Ennfremur er gert ráð fyrir því að endurskoða þá sjálfvirkni, sem færst hefur í aukana á ýmsum sviðum efnahagsmála á undanförnum árum og kann að hafa átt verulegan þátt í aukningu verðbólgunnar og gert skynsamlega stjórn í efnahagsmálum erfiðari en ella.

Veigamikið atriði þeirrar heildarstefnu, sem mótuð var í greinargerð með viðnámslagafrumvarpinu er að dregið verði að mun úr verðbólgu á þessu ári og hinu næsta. Meginatriði þess frumvarps, sem hér er lagt fram, felst í markvissri tilraun til þess að hamla gegn verðhækkunum á þessu ári og raunar næstu árum með kerfisbreytingum og aðgerðum á mörgum sviðum efnahagsmála.

Í desembermánuði síðastliðnum setti Þjóðhagsstofnun fram spá um þjóðarhag á árinu 1979, og var spáin meðal annars byggð á grundvelli þeirrar verðlags- og launastefnu, sem sett var fram í viðnámslagafrumvarpinu í nóvember. Niðurstaða þessarar spár Þjóðhagsstofnunar var sú, að vöxtur þjóðarframleiðslu yrði 1—1½% á árinu 1979 og vöxtur þjóðartekna yrði svipaður, þar sem þá var gert ráð fyrir óbreyttum viðskiptakjörum á þessu ári.

Horfurnar fyrir árið 1979 um aukningu þjóðarframleiðslu og tekna eru nú tvísýnni en þegar desemberspáin var gerð. Viðskiptakjör hafa snarsnúist til hins verra á síðustu vikum, og veldur þar mestu mikil hækkun olíuverðs umfram það, sem reiknað var með á síðustu mánuðum ársins 1978. Síðustu áætlanir benda til þess, að viðskiptakjör séu um þessar mundir mun lakari en þau voru á árinu 1978 og hefur þó verið tekið tillit til verðhækkunar á frystum fiskflökum á Bandaríkjamarkaði og verðhækkunar á frystum fiskafurðum til Sovétríkjanna. Þótt hin stórfellda hækkun olíuverðs kunni að ganga til baka að einhverju leyti síðar á árinu og viðskiptakjörin gætu skánað, bendir flest til þess, að viðskiptakjörin verði til muna lakari að meðaltali á þessu ári en í fyrra, e. t. v. um 6—7%. Því eru horfur á, að þjóðartekjur muni standa í stað hið mesta og gætu jafnvel dregist saman á þessu ári, þótt framleiðsluaukning verði svipuð og áður var spáð. Brýnt er að tekið verði tillit til þessara atriða við ákvörðun verðbóta á laun þannig að öfugþróun viðskiptakjara valdi ekki hækkun launa. Í frumvarpinu er lagt til, að tekið verði tillit til breytinga á viðskiptakjörum við ákvörðun verðbóta. Þetta andstreymi í ytri skilyrðum þjóðarbúsins gerir enn brýnna en áður að traustu jafnvægi sé náð í hagkerfinu og búið í haginn fyrir framfarir, sem byggja á innlendum auðlindum.

Í þjóðhagsspánni í desember var reiknað með 2% aukningu sjávarafla og hefur þeirri spá ekki verið breytt. Hins vegar er ljóst, að til þess að þessi spá gangi eftir, þurfa að verða verulegar breytingar á sókn í hina ýmsu fiskstofna, einkum ef gripið verður til strangari takmarkana á þorskveiðum en var í fyrra eins og boðað hefur verið. Miðað við að þessi aukning sjávarafla náist mætti reikna með 2—3% aukningu á framleiðslu til útflutnings, en á hinn bóginn sýnist líklegt, að útflutningur aukist ekki, vegna þess að útflutningur ársins 1978 var meiri en framleiðslan og birgðir minnkuðu. Um þessa spá getur þó brugðið til beggja vona.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir, að fjármunamyndun dragist saman um 7% að raungildi frá fyrra ári. Í þessari áætlun er reiknað með að á þessu ári verði rösklega 182 milljörðum króna varið til fjárfestingar. Er það innan við fjórðung af áætlaðri þjóðarframleiðslu ársins og því innan þeirra marka, sem að er stefnt með frumvarpi þessu. Þessi spá felur í sér 11% samdrátt í fjárfestingu atvinnuveganna, sem skýrist fyrst og fremst af því, að

fiskiskipainnflutningur minnkar mikið og framkvæmdir við járnblendiverksmiðju verða aðeins helmingur þess, sem var 1978. Þótt spáð sé samdrætti í fjárfestingu, fellur hann að svo miklu leyti á innflutning, einkum skipainnflutning, að minna dregur úr byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð innanlands. Bygging íbúðarhúsa er þannig talin munu verða svipuð á þessu ári og í fyrra. Ennfremur er í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni gert ráð fyrir um 5% samdrætti í framkvæmdum hins opinbera. Þó er gert ráð fyrir verulegum umsvifum á ýmsum sviðum framkvæmda, sem til framfara horfa, til dæmis á sviði orkumála og samgangna.

Í fjárfestingaráætlun þessari er reiknað með 34% hækkun byggingarvísitölu milli 1978 og 1979. Í ljósi þeirrar miklu verðhækkunar á olíuvörum, sem orðið hefur að undanförnu og þeirrar launastefnu sem m. a. er fylgt í þessu frumvarpi má hins vegar búast við að verðhækkunin verði meiri en áður var reiknað með og gæti þetta orkað að nokkru leyti til rýrnunar á raungildi framkvæmdafjár og þar með ívið meiri samdráttar í fjárfestingu eða e. t. v. um 7—7½%. Í frumvarpinu eru hins vegar settir fyrirvarar þess efnis, að jafnan skuli horft til þess, að ráðstafanir þær, sem í því felast, stefni atvinnuöryggi ekki í hættu.

Forsendur desemberspárinnar um þróun kauptaxta voru þær, að hækkun kauptaxta færi ekki fram úr 5% á þriggja mánaða fresti. Við endurskoðun áætlunar um breytingar verðlags og verðbótagreiðslna á laun hefur bæði verið tekið mið af hinni stórfelldu hækkun olíuverðs, sem nú er fram komin, og ákvæðum þessa frv. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að rýrnun viðskiptakjara á árinu valdi ekki verðbótahækkun launa. Er talið, að áhrif olíuverðhækkunarinnar einnar gætu leitt til að viðskiptakjör versni um 7—8% á þessu ári m. v. 1978, en sé reiknað með nokkurri hækkun útflutningsverðs umfram verð á öðrum innflutningi en olíu, yrði viðskiptakjararýrnunin nokkru minni en sem nemur áhrifum olíuverðhækkunarinnar, eða 6—7% milli 1978 og 1979. Viðskiptakjarafrádráttur frá hækkun verðbóta mun hafa áhrif á verðbótagreiðslur í júní og yrðu þær af þeim sökum 2½—3% minni en ella, en ekki er gert ráð fyrir frekari viðskiptakjaraáhrifum síðar á árinu. Í frv. þessu eru einnig gerðar tillögur um að þær ráðstafanir, sem gerðar kynnu að verða til að jafna þann aðstöðumun, sem olíuverðhækkunin veldur, skuli ekki valda launahækkun. Hins vegar eru ekki settar beinar skorður við verðbótahækkun á árinu. Í ljósi þeirra breytinga, sem orðið hafa á þjóðarhag að undanförnu telur ríkisstjórnin óráðlegt að hækka grunnlaun á árinu 1979 og hyggst beita sér fyrir því í samkomulagi við samtök launafólks að fallið verði frá 3% hækkun grunnkaups hjá opinberum starfsmönnum sem ráðgerð er 1. apríl n. k.

Ofangreindar forsendur um þróun verðlags og launa eru á ýmsan hátt óvissar, ekki síst vegna þeirrar óvissu, sem ríkir um framvindu verðlagsmála, einkum olíuverðs, en samkvæmt þeim má ætla, að kauptaxtar hækki um 34—35% að meðaltali á árinu. Að meðtalinni fjölgun fólks í vinnu gætu atvinnutekjur því hækkað um 36—37% en ráðstöfunartekjur sennilega ívið minna, eða um 35%.

Áðurnefndar forsendur um launabreytingar svo og ákveðnar forsendur um hækkun innflutningsverðlags benda til þess, að framfærslukostnaður geti e. t. v. hækkað um 32—33% frá upphafi til loka árs en meðalhækkun milli 1978 og 1979 yrði þá um 33—34%. Samkvæmt þessu má ætla, að kaupmáttur ráðstöfunartekna í heild aukist um 1% en í fyrri spám var reiknað með að hann stæði í stað frá fyrra ári.

Í ljósi þessarar kaupmáttaraukningar mætti búast við því, að einkaneysla yrði nokkru meiri að magni en á árinu 1978. Sé litið á þróun kaupmáttar og einkaneyslu árin 1977 og 1978, virðist líklegt að um nokkra aukningu verði að ræða á þessu ári, e. t. v. um 2—3% á mann og 3—4% í heild. Einkaneysla jókst minna en kaupmáttur á árinu 1977 og í fyrra fylgdust breytingar kaupmáttar og einkaneyslu sennilega nokkurn veginn að. Kaupmáttur jókst nokkuð á síðari hluta árs 1978 miðað við það sem var á fyrri hluta ársins og er líklegt, að það hafi áhrif á einkaneysluútgjöld á þessu ári, þannig að þau aukist ívið meira en kaupmáttur. Þessi spá er nú öllu óvissari en fyrr vegna olíuverðhækkunar.

Séu þessar lauslegu spár um einstaka þætti þjóðarútgjalda, útflutning og innflutning dregnar saman, verður niðurstaðan sú, að þjóðarframleiðsla gæti aukist um 1½%, en vegna versnandi viðskiptakjara sé í mesta lagi unnt að reikna með, að þjóðartekjur standi í stað. Gangi þessar spár eftir virðist mega halda sem næst jöfnuði í viðskiptum við útlönd á árinu 1979, en sá jöfnuður gæti hæglega snúist í halla, ef sjávarafli verður minni en hér er reiknað með eða útflutningur tregari eða ef innflutningseftirspurn eykst að mun með vaxandi kaupmætti.

Sú óvissa sem einkennir marga þætti þessarar spár nú, m. a. um sjávarafla og útflutning, þróun innflutningsverðs og áhrif þess á innlent verð og þar með á verðbætur á laun og kaupmátt tekna almennings, gerir þá niðurstöðu sem hér er lýst ótraustari en ella. Áhersla skal á það lögð, að lítið má út af bera til þess að útkoman á árinu verði önnur og lakari en hér er gert ráð fyrir. Ljóst er, að víða er teflt á tæpasta vað, ekki síst um að jafnvægið í utanríkisviðskiptum og afkomu atvinnuvega. Þau umsvif, sem hér er að stefnt í þjóðarbúskapnum á árinu 1979, ættu að nægja til þess að tryggja fulla atvinnu, ef marka má fyrri reynslu. Hætta er hins vegar á, að hugsanlegt framhald öfugþróunar verðlags, m. a. af völdum olíuverðhækkunar, grafi undan rekstrargrundvelli atvinnuveganna og valdi atvinnubresti. Ríkisstjórnin mun vera á varðbergi gagnvart þessum hættum í atvinnumálum og snúast við þeim eftir því sem þörf krefur.

Þetta mat á efnahagshorfunum á þessu ári sýnir glöggt þann búskell, sem þjóðarbúið hefur beðið vegna stórhækkunar olíuverðs að undanförnu. Ekki síst af þessum sökum verður sá árangur, sem að er stefnt með þessu frumvarpi, minni en ella á þessu ári, einkum hvað varðar hjöðnun verðbólgunnar. Mikilvægara er þó í þessu sambandi, að þær ráðstafanir og ekki síður þær breytingar á stjórnarháttum í efnahagsmálum, sem felast í tillögum þessa frumvarps, horfa til mun lengri tíma en til loka þessa árs og fela í sér að ná megi varanlegum árangri í baráttunni við verðbólguna og stjórn efnahagsmála almennt, ef vel er á haldið.

Meginefni þessa frumvarps er:

Að marka stefnu í efnahagsmálum til næstu ára.
Að bæta skipulag og stjórntæki efnahagsmála í landinu.
Að grípa til ráðstafana þegar í stað á sviði fjármála, peningamála, launamála, verðlagsmála og sveiflujöfnunar í sjávarútvegi, sem svari kalli á líðandi stund.
Að búa í haginn fyrir efnahagslegar framfarir og bætt lífskjör í landinu á grundvelli auðlinda lands og sjávar.

Frumvarpið skiptist í eftirfarandi kafla:

I. kafli: Um stefnumörkun í efnahagsmálum.
II. kafli: Um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda.
III. kafli: Um ríkisfjármál.
IV. kafli: Um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir ríkisstjórnarinnar.
V. kafli: Um framfarir í atvinnuvegum og hagræðingu í atvinnurekstri.
VI. kafli: Um peninga- og lánamál.
VII. kafli: Um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.
VIII. kafli: Um verðbætur á laun.
IX. kafli: Um vinnumarkaðsmál.
X. kafli: Um verðlagsmál.
XI. kafli: Um jöfnunarsjóði sjávarútvegsins.
XII. kafli: Reglugerðarheimild, gildistaka o. fl.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir meðal annars, að vinna skuli að gerð þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar, sem marki stefnuna í atvinnumálum, fjárfestingarmálum, tekjuskiptingu og kjaramálum. Jafnframt verði mörkuð stefna

um hjöðnun verðbólgu í áföngum og ráðstafanir ákveðnar, sem nauðsynlegar eru í þessu skyni, meðal annars endurskoðun á vísitölukerfinu, aðgerðir í skattamálum og mótun nýrrar stefnu í fjárfestingar- og lánamálum. Þær ráðstafanir, sem gripið var til í september síðastliðnum, mörkuðu fyrsta áfanga þessa verks. Með ráðstöfunum í nóvember og desember síðastliðnum var þessu verki fram haldið og í reynd þá hafinn annar áfangi þess starfs, sem um var fjallað í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Þær aðgerðir og þá stefnumörkun, sem í þessu frumvarpi felst, ber að skoða sem þriðja og um leið veigamesta áfangann á þeirri braut að móta og síðan fylgja samræmdri aðhaldsstefnu í launa- og verðlagsmálum í samhengi við heildarstefnuna í skattamálum og efnahagsmálum almennt. Forsenda þess, að unnt verði að koma á bættri skipan við stjórn efnahagsmála er sú, að dregið verði úr verðbólgunni með samræmdum aðgerðum, sem þannig séu valdar að hvorki sé atvinnuöryggi teflt í tvísýnu né efnahagslegu jafnvægi eða fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar út á við raskað. Til þess að slíkar ráðstafanir beri tilætlaðan árangur þarf víðtækt samráð og samstarf allra þeirra, sem hlut eiga að máli. Verðbólgan hefur á undanförnum árum fært íslenskt efnahagslíf og ýmsan opinberan rekstur svo úr skorðum, að lífskjör hafa ekki batnað í kjölfar batnandi ytri skilyrða, þar sem hún rýrir beinlínis vöxt þjóðartekna og þar með þjóðarhag, og til lengdar geta kjör launþega því aðeins batnað, að þjóðartekjur vaxi. Verðbólgan og fylgifiskar hennar hafa þannig valdið því, að Íslendingar hafa að nokkru dregist aftur úr nálægum þjóðum hvað lífskjör snertir. Afleiðingar verðbólgunnar bitna á þjóðfélaginu í heild, en þegar til lengdar lætur, fyrst og fremst á launþegum og sparifjáreigendum. Til þess að tryggja örugga undirstöðu farsældar og framfara í landinu þarf að koma á varanlegu jafnvægi í efnahagsmálum. Það er megintilgangur þessa frumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. KAFLI

Um stefnumörkun í efnahagsmálum.

Í þessum kafla er fjallað um almenna stefnumörkun í efnahagsmálum, þar sem annars vegar er kveðið svo á, að ráðstafanir stjórnvalda í efnahags- og fjármálum skuli jafnan miðaðar við helstu markmið efnahagsstefnunnar, án þess að efnahagslegu jafnvægi sé raskað eða fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar út á við teflt í tvísýnu. Hins vegar er þar kveðið á um skipulega gerð þjóðhagsáætlunar á hverju ári til viðmiðunar við stefnumótandi ákvarðanir í efnahagsmálum.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru sett fram helstu markmið stefnunnar í efnahagsmálum. Þessi markmið hafa almennt gildi og eru hér fyrst og fremst sett til þess að til þeirra megi vísa, þegar fjallað er um einstaka málaflokka.

Um 2. gr.

Í þessari grein er ákveðið, að leggja skuli fram á Alþingi við upphaf þings skýrslu um þjóðhagsáætlun næsta árs. Þjóðhagsáætlanir eru nauðsynlegt hjálpartæki við mótun stefnunnar í efnahagsmálum, við undirbúning fjárlaga og árlegra framkvæmdaáætlana hins opinbera. Sama gildir um gerð fjárfestingaráætlana og áætlana um peninga- og lánamál. Slíkar áætlanir verða að tengjast heildarstærðum og stefnu í þjóðarbúskapnum öllum til þess að koma að tilætluðum notum. Í greininni er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin leggi fram skýrslu um þjóðhagshorfur og stefnu sína til árs í senn, en að því er stefnt, að jafnframt verði gerð grein fyrir horfum nokkur ár fram í tímann um meginstærðir, m. a. í tengslum við langtímaáætlanir um ríkisbúskapinn og fjárfestingaráætlanir til nokkurra ára í senn.

Það er verkefni Þjóðhagsstofnunar að undirbúa þjóðhagsáætlanir fyrir ríkisstjórnina, en gerð þeirra byggist á og er nátengd gerð þjóðhagsreikninga fyrir liðna tíð, sem einnig er verkefni stofnunarinnar.

Forsætisráðherra mun fyrir hönd ríkisstjórnarinnar gera grein fyrir þjóðhagsáætlun þeirri, sem ríkisstjórnin leggur til grundvallar stefnu sinni í efnahagsmálum á sama tíma og stefnuræða hans er flutt á þingi. Með þessu móti fæst skýr undirstaða undir umræðu og ákvarðanir á einstökum sviðum efnahags- og fjármála í störfum þingsins.

II. KAFLI

Um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda.

Í þessum kafla er mælt fyrir um reglubundið samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum. Er það í samræmi við þá meginstefnu ríkisstjórnarinnar, að árangursríkri og farsælli stjórn efnahagsmála verði ekki á komið nema í nánu samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Um 3. gr.

Með greininni er fylgt eftir þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar, sem fram kom í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna í september síðastliðnum, að traust samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda, sem miði meðal annars að því að tryggja vinnufrið, jafna lífskjör og treysta jafnframt varanlegan kaupmátt launatekna, sé hyrningarsteinn farsæls stjórnarsamstarfs.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um það hverjir skuli vera þátttakendur í samráði því, sem mælt er fyrir um í 3. gr. Ákvæði greinarinnar gera ráð fyrir því, að unnt sé að haga samráðsfundum með margvíslegum hætti, þannig að efnt sé bæði til funda með einstökum aðilum og þeir allir komi saman til sameiginlegs fundar. Þá kemur einnig fram, að ríkisstjórnin er til þess búin, að settir verði á fót starfshópar, sem sinni sérstaklega einstökum málaflokkum á hennar vegum.

Eftirtalin samtök og e. t. v. fleiri verða kölluð til samráðs samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar: Alþýðusamband Íslands, Verkamannasamband Íslands, samtök sjómanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna, Samband íslenskra bankamanna, Stéttarsamband bænda, Samband íslenskra sveitarfélaga, Vinnumálasamband Samvinnufélaganna og Vinnuveitendasamband Íslands.

Um 5. gr.

Meginverkefni á samráðsfundum yrði að fjalla um helstu þætti efnahagsmálanna og mörkun efnahagsstefnunnar í því skyni að leggja grundvöll að samræmdri ákvörðunartöku á öllum sviðum efnahagsmála. Þá yrði einnig fjallað um þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir hins opinbera, tekjustefnu og forsendur þeirra. Loks yrði fjallað um önnur þau atriði, sem horfa til framfara á sviði atvinnu- og kjaramála og raunar efnahagsmála almennt.

III. KAFLI

Um ríkisfjármál.

Í þessum kafla er fjallað um ríkisfjármál og skiptast ákvæði hans í þrjá þætti; í fyrsta lagi ákvæði er lúta að gerð fjárlaga og heildarstjórn ríkisfjármála; í öðru lagi eru ákvæði um beitingu ríkisfjármála á árunum 1979 og 1980 í því skyni að setja ríkisumsvifum hæfileg mörk til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og þar með draga úr verðbólgu; í þriðja lagi eru ákvæði, er varða eftirlit með fram-

kvæmd fjárlaga og hagsýslustarfsemi, í því skyni að auka aðhald og hagkvæmni í ríkisrekstri og draga úr útgjöldum.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru byggð á 42. gr. stjórnarskrárinnar um fjárlög. Hér er lagt til, að fjárlagafrumvarp verði samið með tilliti til þeirrar þjóðhagsáætlunar, sem er undirstaða mótunar heildarstefnu í efnahagsmálum og stefnan í ríkisfjármálum miðast við. Segja má, að undirbúningur og gerð fjárlaga hafi mjög færst í þetta horf undangengin ár og með þessu ákvæði sé fyrst og fremst að því stefnt að styrkja fjárlagagerðina og þátt hennar í heildarstjórn efnahagsmála. Bætt samræmi milli þjóðhagsáætlunar og þeirra þátta hennar, sem byggjast á spá, svo sem um þróun verðlags, launa og gengis, og fjárlaga eykur mjög á möguleika til raunhæfs eftirlits með framvindu ríkisfjármálanna á fjárlagaárinu.

Um 7. gr.

Hér er lagt til, að með fjárlagafrumvarpi ár hvert verði lögð fram áætlun til næstu þriggja ára eftir lok þess fjárlagaárs, sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Áætlun þessi skal vera vísir að langtímafjárlögum. Ekki er þó ætlast til, að áætlunin verði bindandi, heldur er henni ætlað að sýna þá meginstefnu, sem móta á í ríkisfjármálum og fjárlagafrumvarpið er hluti af. Með þessu móti fengist betri yfirsýn yfir stefnuna í ríkisfjármálum, sem styrkir þær ákvarðanir, er varða tekjuöflun og skiptingu útgjalda á fjárlögum. Jafnframt verður gleggra, hvaða mörk þarf að setja ríkisfjármálunum og hvaða svigrúm er fyrir hendi til framkvæmda, uppbyggingar og endurbóta á sviði opinberrar þjónustu. Áætlunargerð sem þessi er að auki ein meginforsenda þess, að raunhæft sé að taka á föstum og reglubundnum eða sjálfvirkum fjárframlögum samkvæmt öðrum lögum en fjárlögum, svo og mörkuðum stofnum eins og tillaga er gerð um í 8. grein.

Um 8. gr.

Sú tillaga, sem hér er gerð, miðar fyrst og fremst að því að auka svigrúm ríkisstjórnar og Alþingis til að hafa áhrif á fjárfestinguna í landinu. Þau sjálfvirku framlög og þær mörkuðu tekjur, sem hér um ræðir, hafa í reynd bundið hendur fjárveitingavaldsins og skert möguleika þess til að marka og framfylgja ákveðinni stefnu í efnahagsmálum og fjárfestingarmálum sérstaklega með virkri beitingu ríkisfjármálanna. Hér er að því stefnt, að ákvarðanir um þessi fjárframlög verði teknar til endurskoðunar og það kannað, að hve miklu leyti fjárframlög til þessara þarfa skuli framvegis ákveðin með fjárlögum ár hvert og til frambúðar í langtímaáætluninni samkv. 7. gr.

Þau fjárframlög, sem verið hafa lögbundin, og hér um ræðir, nema samtals 14.2 milljörðum króna á fjárlögum ársins 1979. Þeir tekjustofnar, sem ráðstafað hefur verið til sérstakra þarfa nema alls 18.1 milljarði króna á fjárlögum ársins 1979. Eru þá undanskilin ýmis framlög og stofnar, og má þar nefna framlög atvinnurekenda til almannatrygginga og gjaldskrár þjónustufyrirtækja.

Í greininni er lögð áhersla á að tillit sé tekið til félagslegra markmiða, og samráð haft við hagsmunaaðila við endurskoðunina.

Með athugasemdum þessum er lögð fram skrá (Fylgiskjal) yfir þau framlög og tekjustofna, sem hér er um að ræða. Ekki er öruggt, að skráin sé alveg tæmandi.

Um 9. gr.

Hér er gerð tillaga um, að niðurgreiðslum landbúnaðarafurða verði sett ákveðið hámark fyrir hverja afurð, og miðist hámarkið við verð til framleiðenda. Ljóst er, að niðurgreiðslur fela jafnan í sér röskun á verðhlutföllum gagnvart öðrum vörum auk þess sem mismiklar niðurgreiðslur á einstökum búvörum raska verðhlutföllum innbyrðis. Í þessu er fólgin sú hætta, að hvatt sé til framleiðslu á vörum, sem of-

framboð er á, og að niðurgreiðslurnar seinki og torveldi þær breytingar, sem þurfa að eiga sér stað í samsetningu framleiðslunnar, eigi hún að geta staðist til lengdar. Með þessari tillögu er leitast við að ráða hér nokkra bót á, bæði hvað snertir röskun verðhlutfalla gagnvart öðrum vörum og eins gagnvart öðrum búvörum.

Er gert ráð fyrir, að þessu marki verði náð í áföngum á árunum 1979, 1980 og 1981.

Sú viðmiðunarregla, sem hér er gert ráð fyrir, er einföld í meðförum þegar um er að ræða afurðir, svo sem mjólk og kjöt, þar sem unnt er að hafa beina viðmiðun við verð til bænda. Um aðrar afurðir, sem meira eru unnar, svo sem rjóma, smjör og ost, er gert ráð fyrir, að niðurgreiðslur megi mest nema sama hlutfalli af heildarkostnaðarverði og á mjólk og kjöti.

Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að fjárhæðum, sem verja skal til niðurgreiðslna á þessu ári samkvæmt fjárlögum, verði ekki breytt.

Miðað við niðurgreiðslustigið í marsbyrjun 1979 myndu niðurgreiðslur á ári væntanlega þurfa að lækka um 5 400—6 700 m.kr. til þess að markmiði frumvarpsgreinarinnar yrði náð. Eins og fram kemur í greininni, er ætlunin að þetta gerist í áföngum á næstu þremur árum. Tímasetning áfanganna er ekki ákveðin, en rétt er að benda á, að hverju sinni sem vinnslu- og dreifingarkostnaður er hækkaður við verðlagningu búvöru, minnkar munurinn á útsöluverði og verði til bænda að óbreyttum niðurgreiðslum. Þannig kynni aðlögun að markmiði þessarar greinar að vera auðveldari þegar fram í sækir.

Um 10. gr.

Hér er að finna ákvæði um framkvæmd þeirrar lækkunar ríkisútgjalda um 1000 m.kr., sem heimild var veitt fyrir í fjárlögum. Gert er ráð fyrir, að ráðuneyti geri tillögur um lækkun útgjalda hvert á sínu sviði til fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem síðan móti endanlegar tillögur til ríkisstjórnarinnar í samráði við fjárveitinganefnd og undirnefnd hennar.

Um 11. gr.

Í þessari grein er stefnumarkandi ákvæði um heildarumfang ríkisfjármálanna á árunum 1979 og 1980. Lögð er áhersla á, að við núverandi efnahagsástand verði ríkisfjármálunum beitt til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Um 12. og 13. gr.

Í þessum greinum eru tillögur um endurbætur á eftirliti með framkvæmd fjárlaga og aukna hagsýslustarfsemi í því skyni að auka aðhald í ríkisrekstri og tryggja sem hagkvæmasta meðferð opinberra fjármuna. Þessi ákvæði yrðu til fyllingar gildandi ákvæðum laga nr. 61/1931 um ríkisendurskoðun og laga og reglugerðar um Stjórnarráð Íslands frá 1969. Gert er ráð fyrir, að ríkisendurskoðun fylgist með framkvæmd fjárlaga í umboði Alþingis. Í framhaldi af þessari tillögu hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir því á þessu þingi, að sett verði ný lög um ríkisendurskoðun, er feli í sér grundvallarbreytingu á stöðu stofnunarinnar og hlutverki hennar. Gert er ráð fyrir, að ríkisendurskoðunin starfi í nánum tengslum við fjárveitinganefnd og undirnefnd hennar. Lögð er aukin áhersla á hagsýslustarfsemi ríkisins í því skyni að auka hagkvæmni og sparnað í ríkisrekstri. Tillögur þessara greina munu hafa í för með sér til muna aukin umsvif þeirra stofnana, sem í hlut eiga, þar sem til þessara verka þarf að ráða sérmenntað starfsfólk, en ávinningurinn réttlætir fyllilega þann kostnaðarauka, sem það hefur í för með sér. Ríkisstjórnin hyggst jafnframt skipa nefnd til þess að endurskoða lög um skipan opinberra framkvæmda nr. 63/1970 og gera tillögur um framkvæmd þeirra í því skyni að tryggja vandlega undirbúning og eftirlit með slíkum framkvæmdum.

IV. KAFLI

Um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir ríkisstjórnarinnar.

Í fjórða kafla frumvarpsins er fjallað um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir ríkisstjórnarinnar, er lagðar skulu fyrir Alþingi í tengslum við fjárlagafrumvarp. Verða þær lagðar fram samtímis væntanlega í einu lagi eins og gert var fyrir árið 1979. Í kaflanum eru ákvæði um, að í fjárfestingar- og lánsfjáráætlununum skuli settar fram heildaráætlanir um opinberar framkvæmdir og fjármögnun þeirra og ákvarðanir um framkvæmdaframlög og framlög til fjárfestingarlánasjóða og útlánaáætlanir fjárfestingarlánasjóða, auk þess sem ákvæði eru um undirbúning áætlananna og nauðsynleg atriði vegna framkvæmdar þeirra. Einnig eru í kaflanum ákvæði, sem ætlað er að leggja áherslu á nauðsyn þess að draga úr fjárfestingarútgjöldum og þau verði innan við fjórðung af þjóðarframleiðslu á þessu ári. Einnig eru ákvæði, er stefna að meira aðhaldi í erlendum lántökum en verið hefur á undanförnum árum. Í kaflanum eru einnig ákvæði um að útlánareglur og lánskjör fjárfestingarlánasjóða verði samræmd á þessu ári.

Um 14. gr.

Markmið fjárfestingarstjórnar er tvíþætt, annars vegar að tryggja að heildarumsvif í fjárfestingu samrýmist efnahagslegu jafnvægi á hverjum tíma og hins vegar að fjármagni sé beint til þeirra framkvæmda, sem eru þjóðfélagslega hagkvæmar. Þetta eru hvort tveggja viðhorf, sem ekki verður gefið gildi nema í samhengi við heildarstærðir og stefnu í þjóðarbúskapnum öllum. Til þess að fjárfestingaráætlunargerð komi að gagni verður hún að vera í tengslum við þjóðhagsáætlanagerð og taka mið af þeim þjóðhagslegu markmiðum, sem sett eru í þjóðhagsáætlun og nánar er lýst í I. kafla frumvarpsins. Hlutverk fjárfestingaráætlunar er fyrst og fremst að skilgreina markmið um æskilega fjárfestingu út frá þjóðhagslegu sjónarmiði, beinar ákvarðanir um fyrirætlanir hins opinbera á sviði framkvæmda og lánveitinga og ákvarðanir um beitingu annarra stjórntækja hins opinbera til þess að stýra fjárfestingu einkaaðila í æskilegan farveg.

Nauðsynlegt er að fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir séu lagðar fram um leið og fjárlagafrumvarp til þess að fyrir liggi heildaryfirlit yfir fjármunamyndun og fjármögnun í samhengi þjóðhagsáætlunar, þegar fjárlagafrumvarp er til meðferðar á Alþingi. Áætlanirnar eru gerðar til eins árs í senn, en þegar fram í sækir er nauðsynlegt að þær verði gerðar til nokkurra ára í senn en verði jafnframt endurskoðaðar árlega. Að þessu verður stefnt á árunum 1979 og 1980. Þá er gert ráð fyrir því, að áætlununum fylgi stefnumótun í meginatriðum fyrir næstu þrjú árin eftir gildistíma þeirra og er þetta til samræmis við ákvæðin um langtímafjárlög í 7. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Í þessari grein eru skilgreindir nánar einstakir þættir fjárfestingar- og lánsfjáráætlana í samræmi við þau markmið, sem sett eru í 14. gr. Hér er því lýst í mikilvægum atriðum, hvernig ríkisvaldið hyggst beita þeim tækjum, sem það hefur yfir að ráða, til þess að hafa áhrif á fjárfestinguna. Er þar meðal annars um að ræða beinar ákvarðanir um eftirfarandi atriði:

1. Fjárveitingar til opinberra framkvæmda.
2. Lántökur til opinberra framkvæmda innanlands og erlendis. ,
3. Framlög til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna.
4. Fjárfestingarstyrkir og framlög til atvinnuvega.
5. Lánskjör stofnlánasjóða og banka.
6. Íhlutun um ráðstöfun ráðstöfunarfjár innlánsstofnana og lífeyrissjóða.
7. Heimildir til erlendrar lántöku einkaaðila og samtaka.

Til viðbótar þessu má nefna skattlagningu fjárfestingar og skattmeðferð fjárfestingarfjár fyrirtækja, sem ákveðin er með skattalögum og við afgreiðslu fjárlaga.

Ennfremur er gert ráð fyrir, að í lánsfjáráætlun sé gerð grein fyrir markmiðum í peningamálum og þeim tækjum, sem beitt verði til þess að þeim markmiðum verði náð, eins og nánar er kveðið á um í VI. kafla frumvarpsins.

Loks er mælt fyrir um mat á mannaflaþörf áætlaðra framkvæmda í heild og að sérstaklega verði metið atvinnuástand í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, þar sem sveiflur í atvinnustigi koma yfirleitt fyrst fram.

Um 16. gr.

Í þessari grein er kveðið á um lagasetningu um lántökuheimildir, ábyrgðarheimildir og aðrar nauðsynlegar fjáröflunarráðstafanir, sem nauðsynleg er fyrir framkvæmd fjárfestingar- og lánsfjáráætlana hvers árs. Einnig er skýrt kveðið á um, að þessar heimildir beri að skoða sem hámarksákvæði á því fjárhagsári, sem þær eiga við. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skal einnig fylgja rammaáætlun um erlendar lántökuheimildir einkaaðila, sem langlánanefnd skal framfylgja, en á undanförnum árum hefur skort á, að erlendar lántökur einkaaðila væru metnar út frá slíkri rammaáætlun.

Með ákvæðum þessarar greinar er stefnt að meira aðhaldi í erlendum lántökum en verið hefur á undanförnum árum. Erlendar skuldir þjóðarbúsins hafa vaxið ört á þessum áratug, þótt nokkuð hafi dregið úr aukningunni á síðasta ári. Þetta hefur leitt til þess að greiðslubyrði vegna erlendra lána hefur þyngst og er nú um 14% allra tekna af útflutningi vöru og þjónustu varið til þess að greiða afborganir og vexti af erlendum lánum. Til þess að draga úr erlendum skuldum og létta greiðslubyrði á næstu árum er fyrst og fremst nauðsynlegt, að afgangur náist í viðskiptum við útlönd, m. a. með því að draga úr fjárfestingu sbr. ákvæði 20. gr., en einnig þarf að setja erlendum lántökum ákveðin mörk og tryggja það, að við þau verði staðið. Tilgangur ákvæða þessarar greinar er, að lántökuheimildir samkvæmt lánsfjáráætlun verði bindandi á þessu ári.

Um 17. gr.

Aðkallandi er að efla áætlanagerð um einstakar greinar opinberra framkvæmda. Hér er gert ráð fyrir, að einstök ráðuneyti undirbúi slíkar áætlanir hvert á sínu verksviði, en fjárlaga- og hagsýslustofnun samræmi undirbúning og gerð þessara áætlana. Aðrar stofnanir, svo sem Framkvæmdastofnun, Orkustofnun og Þjóðhagsstofnun, munu einnig geta lagt lið í þessum efnum, en frumkvæðið er hjá ráðuneytunum. Nauðsynlegt er, að því verði sem fyrst komið á, að áætlanir hvers árs verði gerðar innan ramma áætlana til nokkurra ára, til þess að unnt verði að marka stefnu í fjárfestingarmálum og ríkisfjármálum til lengri tíma en árs. Samhliða þarf að leggja áherslu á að bæta tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning einstakra verka.

Um 18. gr.

Áætlanir um þróun einstakra greina atvinnulífsins eru á verksviði Framkvæmdastofnunar samkvæmt núverandi skipulagi, en frumkvæði og þátttaka frá hlutaðeigandi ráðuneytum er hér einkar mikilvæg. Þróun atvinnulífsins er í ríkum mæli háð stefnu og aðgerðum stjórnvalda ekki síst, þar sem lánveitingar bæði til stofnlána og rekstrarlána eru að mestu leyti á vegum banka og fjárfestingarlánasjóða í opinberri eigu. Mikilvægt er, að settir séu upp könnunarreikningar um þróun einstakra greina á næstu árum, til þess að taka megi ákvarðanir um lánveitingar og önnur atriði, er hagi atvinnugreinanna varða, með yfirsýn yfir stöðu og þróun greinanna og gildi einstakra verka og framkvæmda. Nokkurt starf hefur verið unnið á þessu sviði bæði af Framkvæmdastofnun, Rannsóknaráði ríkisins og einstökum ráðuneytum. Virðist eðlilegt, að frumkvæði og ábyrgð á áætlunargerð um einstakar atvinnugreinar sé hjá viðkomandi ráðuneytum í samvinnu við samtök greinanna

sjálfra, en þau njóti aðstoðar Framkvæmdastofnunar og Þjóðhagsstofnunar við verkið. Hlutverk Þjóðhagsstofnunar væri þá fyrst og fremst að láta í té upplýsingar og sjónarmið varðandi almenna efnahagsþróun og tengja áætlanir annarri áætlunargerð. Verkefni Framkvæmdastofnunar væri hins vegar að gera sérstakar kannanir og áætlanir fyrir einstakar greinar, en einnig, í samvinnu við Seðlabankann, að semja fjáröflunar- og útlánaáætlanir fyrir fjárfestingarlánakerfið, sem gera mætti markvissari, væru þær tengdar atvinnuvegaáætlun.

Um 19. gr.

Fjárfestingaráætlanir og fjárfestingarstjórn eru svo almenns eðlis, að þær verða ekki slitnar frá almennri stjórn efnahagsmála og því eðlilegast að slíkar áætlanir séu unnar á vegum ríkisstjórnarinnar sjálfrar. Flest þeirra áhrifatækja, sem fjallað er um í 15. gr., eru á vegum fjármálaráðuneytisins og því virðist eðlilegast, að undirbúningur fjárfestingar- og lánsfjáráætlana sé á vegum ríkisstjórnarinnar og Þjóðhagsstofnun, fjárlaga- og hagsýslustofnun, Seðlabanki og Framkvæmdastofnun ríkisins í samvinnu við einstök ráðuneyti annist nauðsynlega undirbúningsvinnu.

Um 20. gr.

Í samræmi við þau markmið í efnahagsmálum, sem ríkisstjórnin hefur sett sér, að draga úr verðbólgu og ná afgangi í viðskiptum við útlönd og tryggja þannig fjárhagslega stöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum, er nauðsynlegt að draga úr heildarfjárfestingu á árinu 1979, frá því sem verið hefur á undanförnum árum. Til þess að leggja áherslu á þetta markmið er í þessari grein mótuð sú stefna, að fjárfestingarútgjöld verði innan við fjórðung af vergri þjóðarframleiðslu á árinu 1979. Á síðastliðnu ári er talið, að fjármunamyndun hafi verið tæplega 27% af þjóðarframleiðslu og árin á undan var hlutfallið enn hærra og fór hæst í 34% árið 1975. Ákvæði þessarar greinar ber að skoða með tilliti til núverandi aðstæðna í þjóðarbúskapnum og gæti því þurft að taka til endurskoðunar, ef aðstæður breyttust að marki, t. d. þannig að ætla megi, að hætta sé á atvinnuleysi.

Um 21. gr.

Ákvarðanir um útlánareglur og lánskjör fjárfestingarlánasjóða ráða miklu um framgang stefnunnar í fjárfestingarmálum og því er nauðsynlegt að marka skýra stefnu í þessu efni, sem miði að því að einfalda og samræma öll lánskjör sambærilegra lána einkum að því er varðar nafnvexti, verðtryggingu og lánstíma. Með ákvæði þessarar greinar er stefnt að því að ljúka þessu starfi á þessu ári. Starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna hefur einkennst af því, að útlán þeirra hafa í of miklum mæli ráðist af sjálfvirkum reglum, t. d. sem ákveðinn hundraðshluti af framkvæmd, ef vissum formlegum skilyrðum er fullnægt, en í of litlum mæli af kröfum um arðsemi einstakra framkvæmda. Þessu verður að breyta með því að afnema sem mest hinar sjálfvirku útlánareglur en koma í staðinn á samræmdum reglum um arðsemismat á einstökum framkvæmdum. Með sama hætti þarf að kanna lagaákvæði um framlög ríkissjóðs til fjárfestingarlánasjóða eftir sjálfvirkum reglum, og athuga hvort ekki eigi að taka í staðinn upp beinar fjárveitingar á fjárlögum. Í þessu sambandi þarf einnig að skoða verkefni einstakra sjóða með tilliti til félagslegra markmiða — einnig í sambandi við lánskjör — en afmarka þarf opinskátt fjármögnun, útlán og lánskjör, er taka tillit til félagslegra sjónarmiða.

V. KAFLI

Um framfarir í atvinnuvegum og hagræðingu í atvinnurekstri.

Í þessum kafla frumvarpsins eru ákvæði um atvinnuvegaáætlanir til nokkurra ára í senn og frumkvæði ráðuneyta að gerð þeirra; mælt er fyrir um, hvernig

samræma skuli áætlanagerð, form áætlananna á Alþingi og rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Þá eru ákvæði um fjáröflun til hagræðingar í undirstöðugreinum atvinnulífsins og skýrslugerð um fjárfestingu í atvinnuvegunum.

Um 22. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um það, að ráðuneyti atvinnuveganna hafi forgöngu um gerð atvinnuvegaáætlana, hvert á sínu sviði. Þessi ráðuneyti eru sjávarútvegs-, landbúnaðar-, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Þá er í greininni almennt ákvæði um hvert skuli vera efni atvinnuvegaáætlana og hvaða meginsjónarmið skuli hafa í huga við gerð þeirra, og er í því sambandi lögð sérstök áhersla á skipulega byggðastefnu og atvinnustarfsemi á félagslegum grundvelli.

Um 23. gr.

Í greininni er fjallað nánar um vinnubrögð við gerð atvinnuvegaáætlana og mælt fyrir um samvinnu ráðuneyta til samræmingar á áætlununum undir stjórn forsætisráðherra. Þá er ítrekuð nauðsyn þess, að samræmi sé milli atvinnuvegaáætlana, fjárfestingar- og lánsfjáráætlana og áætlunarinnar um meginstefnu í ríkisbúskapnum. Loks er heimild veitt til þess, að þeim opinberu stofnunum, sem starfa að áætlanagerð og tengdum verkefnum, sé falin vinna við gerð atvinnuvegaáætlana, og mælt fyrir um samráð við samtök í viðkomandi atvinnugreinum við undirbúning atvinnuvegaáætlana og aðgerða til hagræðingar í atvinnurekstri.

Um 24. gr.

Með greininni er tryggt, að Alþingi hafi hið endanlega ákvörðunarvald um atvinnuvegaáætlanir.

Um 25. gr.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna eru mikilvægur þáttur til að tryggja að atvinnuþróunin verði skynsamleg og hagnýt. Greininni er ætlað að tryggja, að við gerð atvinnuvegaáætlana verði ekki litið framhjá rannsóknastarfi, og það eflt með hliðsjón af langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins, eins og hún verður staðfest af stjórnvöldum.

Um 26. gr.

Hér er mælt fyrir um sérstakar fjárútveganir á þessu ári og því næsta til þess að greiða fyrir hagræðingu í undirstöðugreinum atvinnulífsins.

Um 27. gr.

Með þessu ákvæði á að tryggja, að ávallt séu fyrirliggjandi haldgóðar upplýsingar um fjárfestingu í atvinnuvegunum, sem byggt verði á við gerð fjárfestingaráætlana og stefnumarkandi áætlana fyrir atvinnuvegina.

Í ársskýrslu þeirri, sem flutt er um störf Framkvæmdastofnunar ríkisins á Alþingi, mundi verða sérstakur kafli um framkvæmd atvinnuvegaáætlana.

VI. KAFLI

Um peninga- og lánamál.

Efni þessa kafla er þríþætt. Í fyrsta lagi eru settar fram almennar viðmiðanir fyrir stjórn peningamála og ákvörðun gengis og vaxta. Í öðru lagi eru stjórntæki peningamála efld. Í þriðja lagi eru gerðar ákveðnar tillögur um, hvernig beita skuli stjórntækjum peningamála gegn verðbólgu til jafnvægis í efnahagsmálum á þessu og næsta ári.

Um 28. og 29 gr.

Í þessari grein er áréttuð sú skylda Seðlabankans að vinna að því að peningamagn í umferð og heildarútlán séu í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í

efnahagsmálum. Þá er ákveðið, að Seðlabankinn skuli gera áætlun til tveggja ára um breytingar helstu peningastærða og um lánamarkaðinn í heild á grundvelli þjóðhagsáætlunar, sbr. I. kafla lagafrumvarps þessa.

Um 30. gr.

Hér er gerð tillaga um viðmiðun fyrir aukningu peningamagns á næstu tveimur árum. Peningamagn má skilgreina með ýmsum hætti. Í þrengstu skilgreiningu er átt við samtölu seðla og myntar í umferð og veltiinnlána, þ. e. innstæðna á sparifjárávísanareikningum og hlaupareikningum. Er einkum miðað við það hugtak hér. Auk þess má svo víkka hugtakið og bæta þá við innstæðum á almennum sparifjárbókum. Í víðasta skilningi er svo loks bætt við bundnum sparifjárinnstæðum. Vegna þess að ýmsar utanaðkomandi breytingar geta haft áhrif á þessa stærð, verður hér að vera um stefnuyfirlýsingu að ræða, fremur en alveg ákveðið mark. Hins vegar er það ákveðinn vilji ríkisstjórnarinnar, að peningamálum verði beitt á virkari hátt en verið hefur til viðnáms gegn verðbólgu. Til þess að svo megi verða þarf að gera breytingar á nokkrum helstu stjórntækjum peningamála, auk þess sem jafnvægi í ríkisfjármálum er mikilvæg forsenda þess að aukning peningaframboðs sé hófleg.

Í lok greinarinnar er settur sá fyrirvari, að víkja megi frá markmiðum hennar, ef óvæntar breytingar verði í þjóðarbúskapnum.

Um 31. gr.

Í þessari grein er lagt til að bætt verði í Seðlabankalögin ákvæði um viðmiðun gengisskráningar íslensku krónunnar á hverjum tíma. Brýnt er að þessi almenna viðmiðun sé bundin í lög, þegar um jafnmikilvægt hagstjórnartæki og gengisskráning er að ræða.

Um 32. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga um það, að tekin verði upp í áföngum á þessu og næsta ári almenn verðtrygging, en vextir verði jafnframt lækkaðir. Hin öra verðbólguþróun hérlendis að undanförnu hefur eðlilega leitt til þess, að leitað er leiða til þess að leiðrétta skekkju af völdum verðbólgunnar á ýmsum sviðum efnahagslífsins. En tilfærsla eigna frá þeim, sem skulda í peningum með vöxtum, sem liggja undir hraða verðbólgunnar, til hinna, sem geyma fé sitt á vöxtum undir verðbreytingum, er ef til vill einn alvarlegasti fylgikvilli verðbólgunnar. Auk eignatilfærslu fylgir því ástandi, sem hér hefur ríkt, óhófleg eftirspurn eftir lánsfé og jafnframt brenglar verðbólga mat á framtíðargildi fjárfestingar, þegar raunverulegur vaxtakostnaður kemur ekki fram í lánskjörum. Leiðirnar til þess að verjast þessu eru tvær: Hækkun nafnvaxta eða verðtrygging með lágum vöxtum. Hækkun nafnvaxta og lækkun eftir verðbólgustigi hefur ýmsa ókosti, sem verðtrygging hefur ekki, einkum ef hraði verðbólgunnar er breytilegur. Á hinn bóginn er ljóst, að verðtrygging eftir á hentar ekki í öllum lánsviðskiptum til skamms tíma. Í þessari grein er lagt til, að stefnt verði að verðtryggingu — og þar með jákvæðum en lágum raunvöxtum — með vaxtaákvörðun Seðlabankans á næstunni. Hér er um vandasamt verk að ræða, sem hlýtur að taka nokkurn tíma að koma á, en í frumvarpi þessu er mörkuð skýr stefna í þessu efni.

VII. KAFLI

Um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

Það er eitt af markmiðum ríkisstjórnarinnar í peningamálum, að tryggja örugga ávöxtun sparifjár með því að verðtryggja sparifé landsmanna og almannasjóða. Í lögum um verðtryggingu fjárskuldbindinga nr. 71/1966 er gert ráð fyrir verulegum takmörkunum á notkun verðtryggingarákvæða í lánsviðskiptum. Í tillögum þessa kafla felst, að þau ákvæði, sem hér er gert ráð fyrir komi, í stað laga nr. 71/1966.

Það er meginstefna þessara tillagna, að tekin verði upp sem almennust verðtrygging á inn- og útlánum. Með samþykkt þeirra væru því sett almenn lagaákvæði um ákvörðun verðtryggingar, bæði í viðskiptum innlánsstofnana og utan þeirra, en nánari reglur varðandi verðtryggingu yrðu settar af Seðlabankanum með sama hætti og vextir eru ákveðnir. Gert er ráð fyrir því, að verðtrygging útlána verði einkum með þeim hætti, að verðbótaþáttur vaxta leggist við höfuðstól láns í lok hvers vaxtatímabils. Þetta hefur þau áhrif, að raunverulegri greiðslubyrði afborgana og vaxta er dreift sem jafnast á lánstímann. Þessi aðferð er þó ekki framkvæmanleg, að því er varðar viðskiptavíxla, og verður því að taka tillit til verðtryggingar við ákvörðun forvaxta og verðbótaþáttar þeirra.

Þau lánskjör, sem þannig yrðu ákveðin fyrir innlánsstofnanir, yrði einnig heimilt að nota í öllum sambærilegum viðskiptum aðila utan bankakerfisins. Í reynd yrði því heimilt að taka upp almenna verðtryggingu í lánsviðskiptum t. d. sem tengd eru kaupum og sölu á fasteignum, framleiðslutækjum eða öðrum varanlegum verðmætum. Slík verðtryggð viðskipti yrðu háð þeim reglum, sem Seðlabankinn setur um þau efni. Í tillögunum er gert ráð fyrir sérstökum reglum um lánskjör fjárfestingarlánasjóða og um heimildir lífeyrissjóða til að veita verðtryggð lán, en lífeyrissjóðum yrði að sjálfsögðu einnig heimilt að veita lán með sömu kjörum og innlánsstofnanir.

Í tillögunum eru almenn ákvæði um helstu skilyrði, sem reglur um verðtryggingu verða að fullnægja. Gert verður ráð fyrir því sem meginstefnu, að verðtrygging miðist við opinbera, skráða verðvísitölu, en einnig yrði heimilt að leyfa verðtryggingu, er miðist við gengi erlends gjaldeyris.

Meðal formskilyrða, sem sett eru fyrir verðtryggingu, má nefna, að verðtryggt sparifé, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráðar á nafn, og að getið sé verðtryggingar þegar skuldbindingar eru færðar í veðmálaskrár og á veðbókarvottorð.

Almenn upptaka verðtryggingar sparifjár og lánsfjár hefur áhrif á ýmis önnur atriði, sem taka verður til endurskoðunar. Má þar nefna, að verðtrygging krefst samræmingar á ákvæðum skatta- og bókhaldslaga um endurmat eigna og meðferð verðbóta. Þá verður nauðsynlegt að heimila endurmat vörubirgða í samræmi við verðlag.

Um 33. gr.

Það er meginstefna þessara tillagna að heimila verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, eftir þeim reglum, sem koma fram í tillögum þessa kafla og ætlað er að tryggja sanngjarna og örugga framkvæmd. Í 33. gr. er veitt almenn heimild til verðtryggingar og þar með fallið frá þeirri neikvæðu framsetningu, sem einkennir 1. gr. l. 71/1966. Einnig er fallið frá hinni rúmu skilgreiningu fjárskuldbindinga, sbr. 1. gr. l. 71/1966, og gildissvið takmarkað við hreinar fjárskuldbindingar eða peningalánsviðskipti, án íhlutunar í verðmyndun raunverðmæta, sbr. og 1. mgr. 34. gr. frumvarpsins, og öll slík viðskipti við banka, þ. m. t. innlán.

Hugtakið verðtrygging er tekið í víðri merkingu og á við hvers konar tilvik, þar sem um er að ræða, að greiðsla eða fullnæging fjárkröfu sé tengd breytingu á verðvísitölu og gengi gjaldeyris, þegar það á við í endurlánum eða annarri viðmiðun.

Um 34. gr.

Gildissvið ákvæða þessa kafla er takmarkað við skriflegar skuldbindingar, sem tilgreindar eru í peningum, hvort sem stofnað er til þeirra með beinni lántöku, óviðkomandi öðrum lögskiptum aðila, eða þá að þær standa eftir að afloknum skilum efnislegra verðmæta eða þjónustu, er aðilar hafa samið um, t. d. eftirstöðvar kaupverðs húsnæðis eða bifreiðar.

Um 35. gr.

Ljóst er, að með tillögunum, ef að lögum verða, er farið inn á svið, þar sem erfitt er að sjá fyrir um ýmis tæknileg atriði. Er óumflýjanlegt að fela opinberum

aðila eftirlit með framkvæmd laganna og veitingu heimilda um verðtryggingu. Seðlabankanum er áfram falið að hafa þetta verkefni með höndum. Honum hefur verið falin yfirumsjón peningamála og fengið í því sambandi m. a. ákvörðunarvald um vexti, bæði innan bankakerfisins sem utan. Líkt er farið um vexti og verðbætur. Við framkvæmd laganna yrði bankinn að ákveða vaxtakjör í verðtryggðum samningum með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni, þ. á m. verðtryggingu þeirri, sem um er að ræða og tímalengd samninga. Ætla má, að vextir í verðtryggðum samningum verði aðrir og mun lægri en í óverðtryggðum samningum.

Um 36. gr.

Með þessari grein eru sett sérstök ákvæði um rekstrar- og afurðalán atvinnuveganna, þannig að ríkisstjórnin skuli ákveða hvaða reglur um þau gilda að fengnum tillögum Seðlabankans.

Um 37. gr.

Hér er heimilað að endurlána erlent lánsfé með gengiskvöð, en áratuga löggjafarhefð er um ákvæði þetta. Sambærileg ákvæði voru t. d. í 11. gr. laga nr. 80/1961, 6. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál og 2. gr. l. nr. 71/1966. Er hér veitt almenn heimild til þeirrar verðtryggingar, sem hér um ræðir, án sérstakrar heimildar Seðlabankans. Grundvöllur ákvæðisins er, að hinn innlendi kröfuhafi hvorki hagnist né skaðist af gengisbreytingum, sem eiga sér stað á lánstímanum, en skv. almennum reglum er heimilt að reikna gengismun, og bankar, sem endurlána slíkt, reikna sér vaxtamun.

Um 38. gr.

Í þessari grein er að finna grundvallaratriði varðandi framkvæmd verðtryggingar.

1) Nafnskráning verðtryggðra skuldbindinga er áfram gerð að skilyrði.
2) Grundvöllur þessa ákvæðis er, að sem mest jafnræði sé með kröfuhafa og lántaka vegna breytinga á verðmælisgrundvelli, sem kunna að eiga sér stað á lánstímanum.
3) Eðlilegt þykir að taka það fram hér, að Seðlabankinn ákveði vexti og dráttarvexti af verðtryggðum skuldbindingum skv. 13. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands.
4) Ætla má, að meginreglan verði sú, að vísitala framfærslukostnaðar eða vísitala byggingarkostnaðar verði notaðar sem verðmælir í verðtryggðum samningum og skuldbindingum. Þessar vísitölur eru nú algengasti verðlagsmælirinn. Í b-lið þessa tölulíðs er einnig heimilað að miða við gengi erlends gjaldeyris, þar sem það er heimilt samkvæmt lögum eða reglugerð.

Önnur atriði þessarar greinar skýra sig sjálf.

Um 39. gr.

Í fyrstu málsgrein er innlánsstofnunum heimilað að verðtryggja sparifé. Við það er miðað, að útlán með verðtryggingu samsvari að fjárhæð og vaxtakjörum þeim verðtryggðu innlánum, sem skapast. Um vaxtamismun verður að sjálfsögðu að ræða vegna rekstrar stofnunarinnar.

Eðlilegt er, að innlánsstofnanir megi lána út eigið fé sitt með verðtryggingu, enda séu skilyrði um lánstíma og vexti þau sömu og koma til með að gilda um önnur verðtryggð útlán.

Önnur málsgrein gerir ráð fyrir, að heimilt sé að ákveða verðtryggingu útlána með þeim hætti, að verðbótaþáttur vaxta, sem ákveðinn er af bankanum með hliðsjón af verðlagsþróun, leggist við höfuðstól láns í lok hvers vaxtatímabils, sem hefur þau áhrif að dreifa raunverulegri greiðslubyrði afborgana og vaxta sem jafnast á lánstímann. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum þessa kafla, er

þessi aðferð ekki framkvæmanleg í öllum tilvikum og vísast til þess, sem þar er frekar sagt um þau tilvik. Með grein þessari eru mynduð tengsl milli stjórnvaldssviða um ákvörðun vaxta annars vegar og heimilda til verðtryggingar hins vegar.

Um 40. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Fyrsta málsgrein gerir ráð fyrir, að þau verðtryggingarkjör, sem ákveðin yrðu fyrir innlánsstofnanir, verði einnig heimilt að nota í öllum sambærilegum viðskiptum aðila utan innlánsstofnana.

Önnur verðtryggð viðskipti verða háð almennum reglum, sem Seðlabankinn setur skv. ákvæðum þessa kafla.

Um 41. gr.

Fyrsta málsgrein er efnislega samhljóða 6. gr. l. 71/1966, að því undanskildu að beita skal ákvæðum 11. gr. l. nr. 13/1975 við ákvörðun lánskjara opinberra sjóða.

Önnur málsgrein er nýmæli. Nokkur hagsmunasamtök hafa stofnað fjárfestingarlánasjóði, sem ekki má telja opinbera sjóði í skilningi laga nr. 13/1975. Eðlilegt þykir, að sjóðir þessir hafi möguleika á að veita verðtryggð lán, eftir þeim almennu reglum, sem Seðlabankinn setur.

Um 42. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 7. gr. laga 71/1966.

Um 43. gr.

Ýmis vafaatriði geta komið upp í sambandi við notkun verðtryggingarákvæða í samningum, einkum ef um það verður að ræða, að verðtryggingargrundvelli er breytt, t. d. með setningu nýrrar löggjafar um opinberar vísitölur. Þykir nauðsynlegt, að nefnd sérfróðra manna fjalli um þessi mál, eins og gert er ráð fyrir í greininni, sem er samhljóða 8. gr. laga nr. 71/1966.

Um 44. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði þinglýsingarlaga og reglugerðar nr. 438/1978.

Um 45. gr.

Hér eru tilgreind þau ákvæði laga um ýmsa fjárfestingarlánasjóði, Seðlabanka og heimildarákvæði um útgáfu verðtryggðra lána ríkissjóðs, sem nauðsynlegt þykir að haldi gildi sínu. Rétt þykir, að hér komi skýrt fram, að þau lagaákvæði, sem í greininni eru talin og þegar áunnin réttindi og skyldur skv. þar greindum lögum, haldi gildi sínu þrátt fyrir gildstöku ákvæða þessa kafla.

Um 46. gr.

Verði ákvæði þessa kafla að lögum, falla jafnframt úr gildi lög nr. 71 frá 6. maí 1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

VIII. KAFLI

Um verðbætur á laun.

Í þessum kafla er fjallað um greiðslu verðbóta á laun. Tillögur þessa kafla eru byggðar á athugasemdum viðnámslagafrumvarpsins frá í nóvember 1978, á starfi vísitölunefndar og samráði við samtök launafólks. Með tillögum frumvarpsins eru settar almennar reglur um verðtryggingu launa. Hins vegar er gert ráð fyrir, að um grunnkaup verði samið í kjarasamningum. Kveðið er á um greiðslu verðbóta á þriggja

mánaða fresti miðað við breytingar sérstakrar verðbótavísitölu, sem reiknast eftir framfærsluvísitölu. Þó er dregin frá framfærsluvísitölu sú hækkun hennar eða lækkun, er leiðir af breytingum búvöruverðs — vegna breytinga á vinnulið verðlagsgrundvallar búvöru —, breytingum vegna áhrifa olíuverðshækkana umfram beina rýrnun viðskiptakjara og breytingum á áfengis- og tóbaksverði. Auk þess er nýmæli í þessum kafla, að gert er ráð fyrir sérstökum, tímabundnum frádrætti frá breytingum verðbótavísitölu, ef viðskiptakjör þjóðarbúsins rýrna frá viðskiptakjarastigi ársins 1978, en frádráttur þessi fellur niður ef viðskiptakjör batna, og gæti þá snúist í viðbót.

Um 47. gr.

Í þessari grein er fjallað um gildistíma og tíðni verðbótagreiðslna og kveðið á um greiðslu verðbóta á þriggja mánaða fresti miðað við breytingar sérstakrar verðbótavísitölu, sem Kauplagsnefnd reiknar á sama tíma og vísitölu framfærslukostnaðar.

Um 48. gr.

Hér er fjallað um grunn verðbótavísitölunnar, þar sem kveðið er á um, að hún skuli reiknuð eftir framfærsluvísitölu og miðast við grunntöluna 100 miðað við febrúarvísitölu 1979. Hér er grunnur verðbótavísitölu settur á 100 í eitt skipti miðað við vísitöluna í febrúar.

Um 49. gr.

Í þessari grein er fjallað um hugsanleg frávik við útreikning verðbótavísitölu eftir framfærsluvísitölu. **Í fyrsta lagi** skal draga frá framfærsluvísitölu þá hækkun hennar eða lækkun, er leiðir af breytingum búvöruverðs milli útreikningsdaga vísitölunnar, er leitt hafa af breytingum á vinnulið verðlagsgrundvallar búvöru og stafa af launahækkun á almennum vinnumarkaði. Hér er um það að ræða að takmarka víxlhækkanr launa og verðlags, þar sem þær eru augljósastar og reyndar lögboðnar, en þessi leiðréttingarliður hefur verið í gildi að meira eða minna leyti allt frá 1950. **Í öðru lagi** skal draga frá framfærsluvísitölu þá hækkun, sem verða kynni á sköttum — eða jafngildi annarra fjármálaráðstafana — annars vegar til að draga úr áhrifum olíuverðhækkunar á hag þeirra heimila, sem helst verða fyrir barðinu á henni, og hins vegar til að draga úr því öryggisleysi, sem olíuverðhækkunin veldur um atvinnu í þeim greinum, sem hvað mest eru háðar olíu. Þykir það sanngirnismál, að ráðstafanir til þess að jafna nokkuð aðstöðumun, sem af þessu hlýst, valdi ekki hækkun verðbóta. Gert er ráð fyrir, að eftir því sem þörf krefur verði flutt sérstök lagafrumvörp um ráðstafanir í því skyni að jafna aðstöðumun heimila og einstaklinga og draga úr áhrifum olíuverðhækkunarinnar á afkomu fyrirtækja og atvinnugreina til þess að tryggja að hún valdi ekki atvinnubresti. Ríkisstjórnin hefur þegar gert grein fyrir almennum viðhorfum til olíuvandans, og hefur þegar beitt sér fyrir lagasetningu vegna fyrstu áhrifa hans á hag fiskveiða. Á næstunni mun hún leggja fram tillögur um fleiri ráðstafanir á þessu sviði. **Í þriðja lagi** er lagt til, að breytingar á áfengis- og tóbaksverði hafi ekki áhrif á verðbætur og hafa svipuð ákvæði verið um nokkurt skeið í kjarasamningum.

Gert er ráð fyrir, að Kauplagsnefnd setji nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

Um 50. gr.

Í þessari grein er að finna það nýmæli, að við útreikning verðbótavísitölu skuli tekið tillit til versnandi ytri aðstæðna í þjóðarbúskapnum, er leiðir af hækkun innflutningsverðs umfram hækkun útflutningsverðs. Hér er kveðið svo á um útreikning verðbótavísitölu, að rýrni viðskiptakjör þjóðarbúsins frá viðskiptakjarastigi ársins 1978, þannig að innflutningsverð hækki umfram útflutningsverð, skal draga frá hækkun verðbótavísitölu 30% þeirrar hlutfallstölu, sem viðskiptakjararýrnuninni nemur. Hlutfallstalan 30% er valin með tilliti til hlutfalls vöruinnflutnings af þjóðarframleiðslunni, að áli undanskildu. Við mat á viðskiptakjaraviðmiðun verð-

bóta frá 1. júní 1979 skal byggt á viðskiptakjaravísitölu Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar fyrir fyrsta ársfjórðung 1979 að tveimur þriðju, en að einum þriðja á mati á viðskiptakjörum á grundvelli dagverðs á helstu útflutnings- og innflutningsvörum eftir miðjan apríl 1979. Hliðstæð tímaviðmiðun skal gilda fyrir síðari verðbótaútreikning á gildistíma laganna. Batni viðskiptakjörin, eiga þau með hliðstæðum hætti að verka til hækkunar verðbótavísitölu sbr. 2. mgr. 50. gr.

Til grundvallar ákvæðum þessarar greinar liggur sú skoðun, að eðlilegt sé að taka tillit til ytri skilyrða þjóðarbúsins vegna versnandi eða batnandi viðskiptakjara við útreikning verðbótavísitölu. Að vísu gæti komið til álita, að viðskiptakjarabati eða útflutningsaukning ætti fremur að vera tilefni til annars hvors eða hvors tveggja, að fé safnaðist í jöfnunarsjóði, eða til grunnkaupsbreytingar, sem hvorki virðist gerlegt né æskilegt að binda í sjálfvirkt vísitölukerfi.

Gert er ráð fyrir, að Kauplagsnefnd setji nánari reglur um tilhögun viðskiptakjaraviðmiðunar verðbótavísitölu. Drög að slíkum reglum voru samin á vegum svonefndrar vísitölunefndar og birt í skýrslu um störf hennar dags. 14. febrúar 1979. Væntanlega yrði á þessum drögum byggt, er Kauplagsnefnd setur reglurnar endanlega.

Um 51. gr.

Í þessari grein er kveðið svo á, að Kauplagsnefnd setji nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa kafla.

IX. KAFLI

Um vinnumarkaðsmál.

Í þessum kafla er fjallað um vinnumarkaðsmál. Þar er kveðið á um stofnun sérstakrar vinnumálaskrifstofu innan félagsmálaráðuneytisins, þar sem samræmd verði upplýsingasöfnun og skýrslugerð um atvinnumál launafólks á landinu öllu. Ennfremur beiti vinnumálaskrifstofan sér fyrir ráðstöfunum í því skyni að greiða fyrir tilfærslum starfsmanna milli atvinnugreina, veiti öryrkjum og unglingum aðstoð við að finna vinnu við þeirra hæfi og geri tillögur um úrbætur á sviði atvinnumála. Loks er það nýmæli í þessum kafla, að atvinnurekendum er gert skylt að tilkynna vinnumálaskrifstofunni og viðkomandi verkalýðsfélagi með fyrirvara ráðgerðar breytingar í rekstri, er leiði til uppsagnar 4 starfsmanna eða fleiri.

Um 52. gr.

Ákvæði þessarar greinar kveða á um stofnun sérstakrar vinnumálaskrifstofu innan félagsmálaráðuneytisins í því skyni annars vegar að auka og samræma það starf, sem nú fer fram á sviði atvinnumála, og koma því á fastari grundvöll, og hins vegar að beita sér fyrir nýjungum á þessu sviði eins og nánar er kveðið á um í 53. gr. Vinnumálaskrifstofan skal starfa í nánu sambandi við samtök launafólks og vinnuveitenda.

Um 53. gr.

Hér er fjallað um verkefni vinnumálaskrifstofunnar. Hún skal afla og koma á framfæri upplýsingum um atvinnutækifæri á landinu öllu og samræma það starf við vinnumiðlun, sem nú fer fram á vegum sveitarfélaganna. Jafnframt er kveðið á um, að atvinnumál öryrkja og unglinga verði skoðuð sérstaklega. Vinnumálaskrifstofan á jafnframt að taka við því verki, sem nú er unnið í félagsmálaráðuneytinu, að safna upplýsingum um skráð atvinnuleysi á landinu öllu og birta mánaðarlega yfirlit yfir þau mál. Ennfremur er kveðið svo á, að þessi upplýsingasöfnun verði bætt þannig að hún komist sem næst því að gefa mynd af raunverulegu ástandi á þessu sviði. Þá er skrifstofunni falið að kanna ástand og horfur í atvinnumálum ársfjórðungslega og birta niðurstöður sínar opinberlega hverju sinni.

Loks er vinnumálaskrifstofunni falið að fylgjast náið með þróun atvinnumála og gera tillögur um úrbætur í þeim efnum. Þannig er í þessari grein sumpart um

að ræða nánari útfærslu á starfi sem þegar hefur verið hafið, en einnig kveðið á um ýmis nýmæli á þessu sviði í því skyni að koma á samræmdri og bættri skipan atvinnumála.

Um 54. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, þar sem atvinnurekendum er gert skylt að tilkynna vinnumálaskrifstofunni og viðkomandi verkalýðsfélagi með tveggja mánaða fyrirvara fyrirhugaðan samdrátt eða aðrar þær varanlegar breytingar á rekstri, er leiða til uppsagnar 4 starfsmanna eða fleiri, þannig að úrræða megi leita í tæka tíð. Með þessu ákvæði er leitast við að tryggja betur en nú er unnt atvinnuöryggi launafólks, en svipuð ákvæði er til dæmis að finna í sænsku vinnumálalöggjöfinni.

Um 55. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að félagsmálaráðherra setji reglugerð, þar sem nánar yrði kveðið á um verkefni vinnumálaskrifstofunnar og starfsháttu.

X. KAFLI

Um verðlagsmál.

Í þessum kafla er fjallað um verðlagsmál, en þar eru gerðar tillögur um hvernig styrkja megi verðlagseftirlit og verðskyn neytenda, jafnframt því sem lagaákvæði eru sett um athuganir á innflutningsverðlagi. Þessar tillögur eru liður í undirbúningi að gildistöku laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Þá er lagt til, að 8. og 12. gr. þeirra laga verði breytt, þannig að það verði meginregla, að vöruverð sé háð verðlagseftirliti og verðlagsákvæðum. Auk þeirra tillagna í verðlagsmálum, sem gerðar eru í þessum kafla, hefur ríkisstjórnin í hyggju að taka ýmsa þætti verðlagsmála til gagngerrar endurskoðunar. Hér má m. a. nefna, að þegar á þessu þingi er ætlunin að flutt verði frv. til nýrra laga um skipan gjaldeyrismála og gjaldeyriseftirlit, þar sem m. a. verði hert á heimildum gjaldeyriseftirlits til skýrslutöku og rannsóknar og til stöðvunar á gjaldeyrisyfirfærslum. Ríkisstjórnin beitir sér einnig fyrir nýrri tilhögun afborganaviðskipta með hagsmuni neytenda í huga. Þá er og ætlunin, að sérstök athugun fari fram á olíuviðskiptum og vátryggingarmálum svo og á vöruflutningum í utanríkisviðskiptum, en athuganir þessar eiga einkum að beinast að því hvernig unnt sé að draga úr kostnaði og auka hagkvæmni í þessari starfsemi í því skyni að lækka vöruverð. Í framhaldi tillagna verðlagsstjóra í skýrslu hans um innflutningsmál mun einnig verða hafist handa um endurskoðun laga um verslunaratvinnu.

Um 56. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að til undirbúnings að gildistöku laganna nr. 56/1978 verði þegar í stað hafist handa um að styrkja raunhæft verðlagseftirlit og verðskyn neytenda. Lagt er til, að verðlagsskrifstofan rannsaki verð og álagningarhætti og birti almenningi niðurstöður sínar í formi greinargerða, frétta og auglýsinga. Þá er lagt til, að hið almenna verðlagseftirlit verði styrkt með samvinnu við samtök neytenda og launafólks, eins og þegar er vísir að og góð reynsla hefur fengist af.

Um 57. gr.

Hér er lagt til í framhaldi af skýrslu verðlagsstjóra um innflutningsverslun, að gerðar verði reglulega athuganir á innflutningsvöruverði, m. a. með samanburði við innkaupsverð í öðrum löndum, og niðurstöður þeirra athugana verði birtar almenningi.

Um 58. gr.

Í 8. gr. laganna um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti segir nú, að þegar samkeppnin sé nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun

og sanngjarnt verðlag, skuli verðlagning vera frjáls. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er það gert að meginreglu, að vöruverð sé háð verðlagseftirliti og verðlagsákvæðum, en þó geti verðlagsráð, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, heimilað að fella einstaka vöruflokka undan verðlagsákvæðum. Samkvæmt upphafsákvæði greinarinnar skulu þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra verðlagningu, sem í gildi eru, þegar verðlagslögin koma til framkvæmda 1. nóv. 1979, gilda áfram þar til verðlagsráð ákveður annað. Lokaákvæði greinarinnar er samhljóða lokaákvæðinu í núgildandi 8. gr.

Um 59. gr.

Með greininni er lagt til, að 2. mgr. 12. gr. verðlagslaganna falli niður, því þörf er á að taka tillit til fleiri sjónarmiða en þar er getið.

XI. KAFLI

Um jöfnunarsjóði sjávarútvegsins.

Í þessum kafla er fjallað um jöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Þar er annars vegar kveðið á um, að verðákvarðanir stjórnar Verðjöfnunarsjóðs skuli einkum miðast við verðlagshorfur en ekki við afkomu einstakra greina sjávarútvegsins, nema í undantekningartilvikum. Hins vegar eru ákvæði um að greiðslur úr Aflatryggingasjóði skuli ekki einungis miðast við að bæta almennan aflabrest heldur einnig þegar nauðsyn ber til að draga úr sókn til verndar mikilvægum nytjafiskstofnum. Auk þess er ákvæði um heimild til þess að taka sérstakt tillit til langvarandi aflaleysis og sóknartakmarkana á einstökum svæðum vegna breytinga á fiskgengd og veiðisókn við landið.

Breytingar á lögum um Aflatryggingasjóð snúa eingöngu að almennum reglum um bótarétt, en á vegum sjávarútvegsráðuneytisins er nú unnið að endurskoðun á starfsemi Aflatryggingasjóðs í heild og þar með á tekjuöflun sjóðsins, sem ef til vill ætti að vera breytileg eftir aflabrögðum innan vissra marka. Reglur um bótarétt verða og endurskoðaðar almennt.

Um 60. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæðum í 9. gr. laganna um Verðjöfnunarsjóð frá 1969 eru tvö meginsjónarmið, sem ráða ákvörðun um verðlagsgrundvöll þann, sem miða skal við hækkun eða lækkun útflutningsverðlags. Annars vegar er gert ráð fyrir að miða við verðlag næstliðinna þriggja ára á erlendum mörkuðum, en hins vegar er einnig heimilt að taka mið af afkomu framleiðslunnar. Þessi tvö sjónarmið geta verið ósamrýmanleg og hafa raunar oft verið það á undanförnum árum og hafa stjórnvöld og þá einnig stjórn sjóðsins í mörgum tilvikum látið hið síðara sjónarmið ríkja. Þótt með því hafi verið leystur tímabundinn vandi fiskvinnslunnar, hefur það tvímælalaust dregið úr þeim áhrifum til sveiflujöfnunar, sem var megintilgangur stofnunar sjóðsins. Í þessari grein er gerð sú meginbreyting, að einkum skuli höfð hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarinna ára, en ekki horft beinlínis til afkomu fiskvinnslunnar, þótt sjóðsstjórn sé einnig falið að líta til afkomu viðkomandi sjávarútvegsgreina eftir því sem það getur samrýmst tilgangi sjóðsins og raunverulegri verðjöfnun. Með því að rjúfa það samband, sem verið hefur milli fiskverðsákvörðunar og verðjöfnunarákvörðunar, gæti sjóðnum verið skapað nauðsynlegt svigrúm til sveiflujöfnunar. Með hliðsjón af þessu er einnig lagt til, að ákvörðun stjórnar Verðjöfnunarsjóðs um verðgrundvöll liggi fyrir áður en Verðlagsráð sjávarútvegsins fjallar um fiskverð.

Um 61. gr.

Í þessari grein felst það nýmæli, að Aflatryggingasjóður skuli bæta aflahluti skips og áhafnar, þegar brýna nauðsyn beri til að draga úr sókn til verndar mikil-

vægum nytjafiskstofnum á Íslandsmiðum. Kemur þessi kvöð til viðbótar hinni hefðbundnu kvöð sjóðsins að bæta aflahluti, þegar almennan aflabrest ber að höndum. Með þessu nýja ákvæði er þannig í reynd aukið svigrúm stjórnvalda til aðgerða í fiskveiðimálum, sem brýn þörf er á um þessar mundir.

Um 62. gr.

Hér er kveðið á um heimild Aflatryggingasjóðs til að taka sérstakt tillit til sóknartakmarkana í verndarskyni og langvarandi staðbundins aflaleysis, er stafar af breytingum á fiskgengd og sókn, þannig að aflabætur miðast við meðalafla á svæðinu, þegar ástand fiskstofna er með eðlilegum hætti. Með þessu móti er reynt að mæta staðbundnum og tímabundnum vandamálum í sjávarútvegi með ákveðnari hætti en unnt hefur verið.

Um 63. gr.

Í greininni er mælt fyrir um gagngera endurskoðun laga um Aflatryggingasjóð á þessu ári, og í hverju endurskoðunin skuli m. a. felast. Greinin geymir einnig það nýmæli að beita megi Aflatryggingasjóði til að beina sókn frá ofnýttum til vannýttra fiskstofna bæði með styrkjum og álögum, mismunandi eftir fisktegundum.

XII. KAFLI

Reglugerðarheimild, gildistaka o. fl.

Um 64., 65. og 66. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

SKRÁ YFIR FRAMLÖG OG MARKAÐA TEKJUSTOFNA, SEM VÍSAÐ ER TIL Í 8. GREIN FRUMVARPSINS.

Helstu fjárframlög, sem verið hafa bundin og hér um ræðir eru:

Jarðasjóður 2. mgr. 33. gr. jarðalaga nr. 65/1976.
Stofnlánadeild landbúnaðarins 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 68/1973.
Fiskveiðasjóður Íslands c og d liður 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands.
Byggingarsjóður verkamanna 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. 5. gr. laga nr. 72/1972.
Lánasjóður sveitarfélaga b-liður 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga sbr. b-lið 1. gr. laga nr. 99/1974.
Bjargráðasjóður c-liður 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð sbr. lög nr. 110/1976.
Jarðræktarframlög 10. gr. jarðræktarlaga nr. 79/1972.
Atvinnuleysistryggingasjóður c-liður 1. gr. laga nr. 57/1973 um atvinnuleysistryggingar, sbr. 12. gr. sömu laga.
Hafnabótasjóður 21. gr. hafnalaga nr. 45/1973 sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976.
Iðnrekstrarsjóður 5. gr. laga nr. 61/1973 um Iðnrekstrarsjóð.
Byggingarsjóður ríkisins b-liður 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins.
Byggðasjóður 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins.
Til framræslu 10. gr. jarðræktarlaga nr. 79/1972, sbr. 12. gr. sömu laga.

Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 2. og 3. mgr. 12. gr. laga nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl.
Búfjárrækt. Búfjárræktarlög nr. 31/1973 ýmis ákvæði sbr. og 1. gr. laga nr. 46/1976.
Kirkjubyggingasjóður 2. gr. laga nr. 43/1954 um Kirkjubyggingasjóð sbr. lög nr. 26/1962.
Kirkjugarðssjóður 27. gr. laga nr. 21/1963 um kirkjugarða.
Eftirlaun aldraðra í stéttarfélögum 1. gr. laga nr. 63/1971 um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögunum.
Ferðamálasjóður 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála.
Iðnlánasjóður 5. gr. laga nr. 68/1967 um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 50/1973.
Styrktarsjóður vangefinna lög nr. 97/1971, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 108/1978. Ath. binding fjárframlags gildir einungis fyrir árið 1979.
Tekjur hinna ýmsu rannsóknarstofnana sbr. 2. mgr. 55. gr. laga nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.
Til framkvæmdar skipulagsmála sbr. 35. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 sbr. lög nr. 42/1974.

Meðal tekjustofna sem ráðstafað er til sérstakra þarfa má nefna eftirtalin gjöld:

Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti félaga og einstaklinga skv. c-lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Gjaldið rennur í Byggingarsjóð ríkisins.
Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti félaga og einstaklinga skv. c-lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Gjaldið rennur í Byggingarsjóð ríkisins.
Byggingarsjóðsgjald af innflutningi skv. c-lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Gjaldið rennur í Byggingarsjóð ríkisins.
Launaskattur til Byggingarsjóðs ríkisins skv. 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977 um breyting á þeim lögum og a-lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins.
Miðagjald til Menningarsjóðs skv. 3. gr. laga nr. 50/1957 um Menningarsjóð og Menntamálaráð, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt, sbr. og 5. flokkur 2. gr. sömu laga.
Skemmtanaskattur til Sinfóníuhljómsveitar skv. 7. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt.
Skemmtanaskattur til Félagsheimilasjóðs skv. 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt.
Hluti af ágóða ÁTVR til Gæsluvistarsjóðs skv. 17. gr. laga nr. 39/1974 um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.
Útflutningsgjald af sjávarafurðum sbr. 2.—4. gr. laga nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Gjaldið skiptist milli allmargra aðila sbr. ákvæði 4. gr. laga nr. 5/1976. (Hér er eingöngu átt við þann hluta gjaldsins sem rennur til opinberra stofnana og sjóða, en ekki það fé sem rennur til greiðslu útgerðarkostnaðar eða fæðiskostnaðar áhafna.)
Gúmmígjald sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 79/1974 um fjáröflun til vegagerðar. Tekjum af gjaldinu skal varið til vegagerðar skv. vegaáætlun.
Bensíngjald sbr. 1. og 3. gr. laga nr. 79/1974 um fjáröflun til vegagerðar sbr. 1. gr. laga nr. 78/1977 um breyting á þeim lögum.
Þungaskattur sbr. 5.—7. gr. laga nr. 79/1974 um fjáröflun til vegagerðar og 3. gr. s. l., sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 78/1977 um breyting á þeim lögum.
Erfðafjárskattur 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt sbr. lög nr. 50/1972. Skatturinn rennur í Erfðafjársjóð.

Einkaleyfisgjald af Happdrætti Háskóla Íslands skv. 1. gr. laga nr. 13/1973 um Happdrætti Háskóla Íslands og 60. gr. laga nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.
Byggingariðnaðarsjóðsgjald skv. 53. gr. laga nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. (Bindingin er ekki algjör).
Sérleyfisgjald skv. 6. gr. laga nr. 83/1966 um skipulag fólksflutninga með bifreiðum.
Iðnlánasjóðsgjald sbr. 5. gr. laga nr. 68/1967 um Iðnlánasjóð.
Iðnaðarmálagjald sbr. lög nr. 48/1975 um iðnaðarmálagjald.
Flugvallargjald sbr. lög nr. 8/1976 um flugvallargjald og lög nr. 110/1978 um breyting á þeim lögum (gjaldið er markað frá og með 1. janúar 1980).
Gjald af söluverðmæti Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli til Ferðamálaráðs sbr. 8. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála.
Jöfnunargjald sbr. 3. gr. laga nr. 83/1978 um jöfnunargjald og 9. gr. laga nr. 41/1978 um Iðntæknistofnun Íslands (Kveðið á um ráðstöfun hluta gjaldsins til tiltekinna verkefna en ekki fastmótað hversu hár sá hluti skuli vera).
Gjald af tekjum vatnsaflsstöðva til Fiskræktarsjóðs sbr. 91.—93. gr. laga nr. 76/1970 um lax og silungsveiði.
Gjald af skírum veiðitekjum er innheimtist af veiðifélögum til Fiskræktarsjóðs sbr. 91.—93. gr. laga nr. 76/1970 um lax og silungsveiði.
Vörugjald af vörum sem umskipað er, útskipað eða uppskipað utan löggiltra hafnarsvæða skv. 13. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. lög nr. 83/1976.
Gjald af brúttsöluverði tóbaks 7. gr. laga nr. 63/1969 um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, sbr. lög nr. 59/1971.
Vitagjald sbr. lög nr. 61/1972 um vitagjald.
Skipulagsgjald sbr. 35. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, sbr. lög nr. 42/1974 um breyting á þeim lögum.
Síldarsölugjald sbr. 2. gr. laga nr. 62/1962 um Síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.
Fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum sbr. lög nr. 48/1972 um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sbr. 3. gr. laga nr. 25/1978 um breyting á þeim lögum.
Lyfsölusjóðsgjald sbr. 42. gr. Lyfjalaga nr. 49/1978.
Búnaðarmálasjóðsgjald sbr. lög nr. 38/1945 um stofnun Búnaðarmálasjóðs sbr. lög nr. 34/1948.
Gjald til Stofnlánadeildar landbúnaðarins sbr. lög nr. 45/1971 sbr. 4. gr. laga nr. 68/1973.

Auk framangreindra gjalda eru ýmsir markaðir gjaldastofnar þess eðlis að hugsanlegt er að líta á þá sem endurgjald fyrir þjónustu. Má þar nefna: **fóðureftirlitsgjald, öryggiseftirlitsgjald, rafmagnseftirlitsgjald, rafstöðvagjald, sérlyfjagjald til Lyfjaeftirlits.** Mörkin milli þeirra gjalda sem hér eru talin og hinna sem eru í hinni almennu upptalningu á mörkuðum gjöldum hljóta þó alltaf að verða mjög óskýr.

Sþ. **454. Tillaga til þingsályktunar** [231. mál]

um auknar framkvæmdir í orkumálum á árinu 1979.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Gunnar Thoroddsen, Friðjón Þórðarson, Eggert Haukdal, Albert Guðmundsson, Jón G. Sólnes, Ólafur G. Einarsson, Ellert B. Schram, Pálmi Jónsson, Oddur Ólafsson, Sverrir Hermannsson, Matthías Bjarnason.

Vegna gífurlegrar hækkunar olíuverðs, sem nú er skollin á, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að endurskoða fyrirætlanir um framkvæmdir í orkumálum á árinu 1979 til þess að hraða megi sem mest, að

1) innlendir orkugjafar komi í stað olíu,
2) nýttur verði ódýrari innfluttur orkugjafi í stað dýrari,
3) hagnýtt verði betur afgangsorka.

Endurskoðunin skal sérstaklega ná til eftirfarandi verkefna:

1. Hraðað verði lagningu aðalháspennulína rafmagns til að draga úr vinnslu raforku með dísilvélum og hagnýta megi meira en orðið er rafmagn til upphitunar húsa.
2. Hraðað verði styrkingu rafdreifikerfis í sveitum, svo að það megi anna aukinni rafhitun.
3. Lokið verði sveitarafvæðingunni.
4. Aukin verði jarðhitaleit og hagnýttir verði til fulls jarðborar ríkisins í því skyni.
5. Hraðað verði framkvæmdum við hitaveitur og fjarvarmaveitur.

Fjármagn það, sem þarf á árinu 1979 til aukinna framkvæmda í orkumálum, skal fá með lántökum og beinum framlögum úr ríkissjóði, enda verði beitt niðurskurði á öðrum útgjöldum ríkissjóðs í því skyni.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar er flutt vegna válegra atburða í orkumálum landsins. Þar er um að ræða hina gífurlegu verðhækkun á olíu, sem nú hefur skollið á. Markaðsverð á olíu í Rotterdam, sem ræður innflutningsverði til Íslands, var í febrúar 1979 100% til 150% hærra en að meðaltali árið 1978. Þó að vonir standi til að verðið lækki þegar á árið líður, er við því að búast, að verulegur hluti hækkunarinnar verði langvarandi.

Þessi mikla hækkun olíuverðs hefur að sjálfsögðu margháttuð og alvarleg áhrif. Viðskiptakjörin versna og slíkt skerðir þjóðartekjurnar. Harðast kemur þetta svo niður á fiskveiðum og þeim fjórðungi þjóðarinnar, sem kyndir hús sín með gasolíu.

Þessi alvarlega olíuverðshækkun kallar á margvísleg viðbrögð, sem þurfa að miða að því að draga úr áhrifum hennar á almenna verðþróun í landinu. Skattlagningu ríkisins á olíu þarf að breyta svo að hún nái ekki til þeirrar verðhækkunar á olíu, sem nú hefur orðið. Olíustyrki til þeirra, sem búa við olíukyndingu, þarf að hækka svo að þeir standi að minnsta kosti ekki verr að vígi en fyrir olíuverðshækkunina. Gera verður sérstakar ráðstafanir til þess að gera útgerðinni kleift að rísa undir hækkun olíuverðsins, en í því efni hefur þegar komið til aðgerða, svo sem kunnugt er. Átak þarf að gera til orkusparnaðar frekar en orðið er, bæta nýtingu orkugjafa, skipta á ódýrari innfluttum orkugjafa fyrir annan dýrari, hagnýta afgangsorku, bæta einangrun húsa o. fl. Í tilefni af olíuverðshækkuninni nú ættu olíuviðskiptasamningar landsins og ákvæði þeirra um verðtengingu og afhendingu að koma til endurskoðunar þegar við næstu samningsgerð. Þannig mætti áfram telja, svo mörg verkefni sem eru óleyst á þessum vettvangi. Og eru þá ótalin viðfangsefni, sem þingsályktunartillaga þessi fjallar um og varða grundvöllin í orkubúskap Íslendinga.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér er lögð fram, snýr að tilteknum verkefnum í orkumálum þjóðarinnar og varðar framkvæmdir á árinu 1979. Um einstaka liði tillögunnar skal tekið fram eftirfarandi:

1. Eitt meginverkefnið í orkumálum á undanförnum árum hefur verið samtenging landsins í eitt raforkukerfi. Af hagkvæmni- og öryggisástæðum þarf að tengja saman orkuver landsins í eitt aðalorkuflutningskerfi og reka þau í fulkomnum samrekstri með fyllstu nýtingu orkugjafa, mesta rekstraröryggi og lægsta vinnslu- og flutningskostnað fyrir augum. Mikið hefur áunnist í þessum efnum með tilkomu Norðurlínu og Austurlínu. En mikið er enn ógert er varðar aðalorkulínur í einstökum byggðarlögum. Allur dráttur í þessum efnum veldur miklum þjóðhagslegum skaða og leggur óheyrilegar byrðar á íbúa einstakra byggðarlaga. Keyrir nú um þverbak í þessum efnum við olíuverðshækkunina sem nú er orðin. Gleggsta dæmið um þetta er drátturinn á tengingu Vestfjarða við aðalorkukerfi landsins með lagningu Vesturlínu. Við stofnun Orkubús Vestfjarða árið 1977 var gert ráð fyrir að Vesturlínu yrði lokið 1/10 1979. Nú er ætlunin að víkja frá þessari tímasetningu og framkvæma verkið á lengri tíma. Miðað við að þessu verki verði lokið í árslok 1980 er áætlað að kostnaður Orkubúsins vegna dísilkeyrslu, sem komist hefði verið hjá ef verkinu hefði verið lokið á tilsettum tíma, nemi nálega 1 500 millj. kr. miðað við verð á gasolíu í lok febrúar 1979. Þá er ótalið það tjón fyrir íbúa þessa landshluta að vera án þess rafmagns sem Vesturlína hefði getað flutt á þessum tíma til fjarvarmaveitna og annarrar upphitunar húsa. Það eru slíkar staðreyndir sem þessi sem krefjast að allt kapp sé lagt á að hraða lagningu aðalháspennulína.
2. Nú er styrking rafveitukerfis orðin aðkallandi og brýnt verkefni. Þetta er forsenda þess, að sveitir landsins geti notið upphitunar húsa með rafmagni og innlendur orkugjafi geti leyst gasolíuna af hólmi. Hér er því á ferðinni verkefni, sem hraða verður svo sem nokkur kostur er.
3. Nú er aðeins eftir að rafvæða í sveitum 50 býli, sem gert er ráð fyrir að fái rafmagn frá samveitum, en það er 50 býlum of mikið. Því er lagt til, að þessu verki verði lokið á árinu 1979 svo að linni gasolíunotkun á þessum býlum til dísilkeyrslu og innlendur orkugjafi taki við.
4. Jarðvarminn er hagkvæmasti orkugjafinn til upphitunar húsa. Því má einskis láta ófreistað að leita hans, þar sem hann kann að vera. Eins og nú horfir verður ekki sagt, að nóg sé að gert á árinu 1979. Ekki er einu sinni séð fyrir nægilegu fjármagni til að fullnýta þá jarðbora, sem eru í eigu ríkisins. Slíkt er með öllu óviðunandi. Jarðhitaleitin er undanfari nýrra hitaveitufframkvæmda og aukningar þeirra, sem fyrir eru. Þá þarf meiri hraða á jarðhitaleitinni við Kröflu en nú er ráðgerður svo að hagnýtt verði sem fyrst þau miklu mannvirki, sem þar hefur verið komið upp. Með tilliti til þessa alls er lagt til að aukin verði jarðhitaleit.
5. Ekkert er mikilvægara en að jarðvarminn verði hagnýttur sem fyrst til upphitunar húsa og leysi gasolíuna af hólmi. Þjóðhagslega er því ekkert brýnna en að hraða þeim hitaveitufframkvæmdum, sem standa yfir, og hefja nýjar framkvæmdir. Og þó að jarðvarminn sé ekki fyrir hendi, er verk að vinna, þar sem til þurfa að koma fjarvarmaveitur með kyndistöð. Slíkar framkvæmdir eru einnig mjög mikilvægar þjóðhagslega, þar sem fjarvarmaveiturnar geta hagnýtt afgangsrafmagn frá orkuverum landsins og afgangsvarma frá verksmiðjum og kælivatn dísilvéla, auk þess sem svartolía er tekin sem orkugjafi í stað gasolíu. Allt þetta kallar á aukinn hraða í hitaveitufframkvæmdum, hver sem orkugjafinn er.

Tillaga þessi fjallar um auknar framkvæmdir í orkumálum á árinu 1979 vegna hækkunar olíuverðs. En auðvitað var þörf fyrir meiri framkvæmdir en ráðgerðar eru, þótt olíuverðshækkunin hefði ekki komið til. Það var þörf á að veita t. d. til Vesturlínu um 4 000 millj. kr. á árinu 1979 og ljúka henni á því ári, í stað þess að veita ein-

ungis 1 549 millj. kr. og ljúka henni ekki fyrr en á árinu 1980. Orkuráð gerði að tillögu sinni til fjárlaga 1979, að framlag til styrkingar dreifikerfa í sveitum yrði 1 000 milljónir króna, en á fjárlögum eru veittar aðeins 220 millj. kr. Tillaga var gerð um 500 millj. kr. til sveitarafvæðingar, en ekkert veitt nema 200 millj. kr. á lánsfjáráætlun, sem aðallega gengur til heimtauga. Lagt var til, að til jarðhitaleitar færu 450 millj. kr., en veittar voru aðeins 350 millj. kr. Og þá var gerð tillaga um 1 000 millj. kr. til hitaveituframkvæmda, en aðeins veittar 330 millj. kr. Tillögur Orkuráðs, sem gerðar voru í júní 1978 um fjármagn til þessara framkvæmda og ætlað var Orkusjóði, námu samtals 2 950 millj. kr., en á fjárlögum 1979 voru veittar aðeins 900 millj. kr.

Olíuverðshækkunin, sem nú er við að fást, kom til hálfu ári eftir að Orkuráð gerði framangreindar tillögur. Óskum Orkuráðs var mjög stillt í hóf, ef menn vilja á annað borð viðurkenna þörfina og að framkvæmdir í orkumálum skuli hafa forgang. En því miður var ekki fallist á þessar tillögur og framlög á fjárlögum ársins 1979 eru ekki einu sinni þriðjungur þeirrar heildarupphæðar, sem Orkuráð lagði til. Þetta var fráleit niðurstaða, þó að olíuverðshækkuninni nú hefði ekki verið til að dreifa, hvað þá heldur eins og nú er komið.

Tillaga þessi til þingsályktunar er flutt í því trausti, að hinn mikli vandi, sem olíuverðshækkunin nú veldur í ofanálag á það sem fyrir var, ýti við stjórnvöldum þannig að ekki einungis verði á árinu 1979 veitt það fjármagn til framkvæmda í orkumálum, sem tillögur höfðu verið gerðar um, heldur að enn meira verði að gert.

Hér er um að ræða framkvæmdir á því ári, sem nú er að líða. Samt sem áður hefur þingsályktunartillaga þessi mikla raunhæfa þýðingu. Í fyrsta lagi er meginhluti ársins eftir og aðalframkvæmdatíminn enn ekki hafinn. Í öðru lagi þarf undirbúningur og hönnun framkvæmda ekki að tefja aðgerðir í þessum efnum. Verkefnin, sem hér er um að ræða, eru í framkvæmd eða undirbúin til að hefja framkvæmd. Það er um að tefla að veita auknu fjármagni til þessara verkefna, svo að framkvæmdum verði hraðað á árinu og þær komi fyrr þjóðarbúinu að notum. Tillaga þessi gerir ráð fyrir að allra ráða sé leitað til að útvega þetta fjármagn, hvort heldur er með lántökum eða beinum framlögum úr ríkissjóði, enda verði beitt niðurskurði á öðrum útgjöldum ríkissjóðs í því skyni.

Tilaga þessi er flutt á þeirri forsendu, að engan tíma megi missa til að mæta þeim mikla vanda, sem olíuverðshækkunin nú veldur. Of mikið er í húfi þjóðhagslega og of miklar byrðar þeirra landsmanna, sem þyngst verða fyrir barðinu á olíuverðshækkuninni, til þess að ekki sé þess freistað að gera allt sem mögulegt er til úrbóta.

Að sjálfsögðu er tillaga þessi og flutt í trausti þess, að málum þessum verði fylgt eftir á næstu árum og framvegis með þeim hraða og fyrirhyggju, sem mikilvægi orkumálanna fyrir þjóðarbúskap Íslendinga krefur.

Nd. 455. Nefndarálit [19. mál]

um dómvexti, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Á tímabilinu frá stefnubirtingu til greiðsludags í dómsmáli skal dómari ákveða, að vextir af dómkröfu séu eigi lægri en nemur byggingarvísitölu eða annarri sambærilegri viðmiðun, sem taki sem fyllst tillit til varðveislu á verðgildi fjármagns.

Dómara er þó heimilt að gera frávik frá þessari reglu ef atvik þau, sem getið

er um í 1. og 3. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, eiga við um stefnanda eða ef tekið hefur verið tillit til verðbólgu á ofangreindu tímabili við endanlega kröfugerð í málinu. Sama gildir í útivistarmálum, ef stefndi skilaði ekki greinargerð.

Alþingi, 13. mars 1979.

Vilmundur Gylfason, form., frsm.	Einar Ágústsson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.
Gils Guðmundsson.	Árni Gunnarsson.	Friðrik Sophusson.
	Svava Jakobsdóttir.	

Nd. 456. Frumvarp til laga [232. mál]

um veitingu prestakalla.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

I. KAFLI
Um val á sóknarpresti.

1. gr.

Þegar prestakall losnar og prestur er eigi kallaður til embættis, sbr. 7. gr., auglýsir biskup kallið með hæfilegum umsóknarfresti.

2. gr.

Að liðnum umsóknarfresti sendir biskup prófasti hlutaðeigandi prófastsdæmis, sé hann eigi umsækjandi, svo og sóknarnefndarmönnum prestakallsins, skrá yfir þá, er sótt hafa, ásamt skýrslu um aldur þeirra, náms- og embættisferil og störf. Jafnframt sendir hann prófasti nægilega marga atkvæðaseðla með nöfnum umsækjenda og felur honum að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan tiltekins tíma.

Kjörmenn eru sóknarnefndarmenn í hlutaðeigandi prestakalli. Varamenn taka sæti aðalmanna, ef forfallaðir eru.

Sé prófastur héraðsins umsækjandi um kallið, nefnir biskup til annan prófast í hans stað.

3. gr.

Kjörmannafundur er lokaður og stýrir prófastur honum.

Á fundinum skulu umsóknir ásamt umsögnum biskups liggja frammi til athugunar og eru umsagnirnar algjört trúnaðarmál.

Að lokinni athugun gagna fer fram val á umsækjanda þegar á þeim fundi eða í síðasta lagi innan tveggja sólarhringa, ef ósk um frestun kemur fram frá kjörmanni eða prófasti.

Atkvæðagreiðslan er leynileg.

Prófastur afhendir hverjum kjörmanni atkvæðaseðil og setur kjörmaður kross fyrir framan nafn þess, er hann velur. Að loknu vali eru atkvæði talin á kjörmannafundi. Ef umsækjandi er einn, telst val hans bindandi, hafi hann hlotið ⅔ atkvæða.

Ef umsækjendur eru fleiri, nægir helmingur atkvæða.

Nú eru umsækjendur þrír eða fleiri og enginn hefur hlotið helming greiddra atkvæða. Skal þá endurtaka valið bundið þannig, að sá, sem fæst atkvæði hefur hlotið við síðustu atkvæðagreiðslu, fellur úr.

Nú er valið milli tveggja umsækjenda og hvorugur hlýtur helming greiddra atkvæða, er þá valið ekki bindandi.

Nú vill meiri hluti kjörmanna hafna umsækjendum, með því að skila auðum atkvæðaseðli, og er þá ráðherra óheimilt að veita embættið.

4. gr.

Að loknum kjörmannafundi skal prófastur hlutast til um, að sóknarnefnd eða nefndir hlutaðeigandi prestakalls kynni á almennum safnaðarfundi eða á annan sannanlegan hátt, innan sjö daga frá því að fundi lauk, hver hafi verið valinn eða hverjir hafi hlotið flest atkvæði, sé valið eigi bindandi.

5. gr.

Nú berst skrifleg ósk um það, frá minnst 25 af hundraði atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakallinu, innan 7 daga frá því að niðurstöður voru kynntar sbr. 4. gr., að almennar prestskosningar fari fram í prestakallinu og er þá skylt að verða við því. Fjöldi atkvæðisbærra manna miðast við þá, sem eru skráðir í þjóðkirkjunni í prestakallinu samkvæmt þjóðskrá 1. desember næst á undan. Ef ágreiningur rís um, hvort almenn kosning eigi að fara fram, úrskurðar yfirkjörstjórn, sbr. 9. gr., um það. Framkvæmd kosningar fer fram eftir ákvæðum III. kafla laga þessara.

6. gr.

Nú er ekki óskað eftir almennum kosningum sbr. 5. gr. og skal þá prófastur senda biskupi afrit af gerðabók kjörmannafundar ásamt staðfestingu þess, að niðurstöður hafi verið kynntar sbr. 4. gr.

Biskup sendir kirkjumálaráðherra niðurstöður kjörmannafundar ásamt umsögn sinni.

Ráðherra veitir þeim embættið, sem hlotið hefur bindandi val, en ákvarðar að öðrum kosti veitingu, að fenginni umsögn biskups.

II. KAFLI

Um köllun.

7. gr.

Heimilt er kjörmönnum að kalla prest.

Ef ¾ kjörmanna prestakallsins eru einhuga um að kalla tiltekinn prest eða guðfræðikandidat án umsóknar, gera þeir prófasti viðvart um það í tæka tíð, en hann tilkynnir biskupi, sem felur þá prófasti að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan viku og er þá embættið eigi auglýst.

Samþykki ¾ kjörmanna að kalla tiltekinn mann til embættis, sem lögum samkvæmt á rétt til prestsembættis í íslensku þjóðkirkjunni, skal biskup birta köllunina þeim presti eða kandidat, sem í hlut á. Taki hann köllun, skal veita honum embættið tímabundið, en eigi lengur en til fjögurra ára í senn.

III. KAFLI

Um kosningu.

8. gr.

Jafnskjótt og prófastur hefur fengið í hendur óskir frá lögboðnum fjölda atkvæðisbærra manna í prestakallinu um almenna kosningu, sbr. 5. gr. skal hann hefja kosningarundirbúning.

Biskup ákveður í samráði við prófast, hvenær kosning skuli fara fram. Biskup annast prentun kjörseðla. Sendir hann prófasti hæfilegan fjölda kjörseðla. Prófastur sendir síðan kjörstjórnum. Á kjörseðla skal prenta nöfn umsækjenda í stafrófsröð.

Prófastur auglýsir, hvenær og hvar kosning skuli fara fram og hverjir séu í kjöri. Nú er prófastur í kjöri og tilnefnir þá biskup annan í hans stað. Í prestakalli, þar sem eru fleiri en ein sókn, skal kosning fara fram í öllum sóknum á sama degi.

9. gr.

Í hverri sókn skal vera kjörstjórn skipuð þremur mönnum, kjörnum af sóknarnefnd á fyrsta fundi eftir hverjar kosningar til sóknarnefnda. Sóknarnefnd kýs formann kjörstjórnar.

Heimilt er sóknarnefnd að skipta sókn í kjördeildir. Skal þá kjósa 3ja manna undirkjörstjórnir er annist framkvæmd kosninga í hverri kjördeild.. Ennfremur er sóknarnefndum heimilt að sameinast um kjördeild, að fengnu samþykki prófasts.

10. gr.

Í hverju prófastsdæmi skal vera yfirkjörstjórn skipuð prófasti og tveimur mönnum kjörnum af héraðsfundi til 4 ára í senn, ásamt jafnmörgum varamönnum. Að jafnaði skal vera löglærður maður í yfirkjörstjórn.

11. gr.

Kjörstjórn annast gerð kjörskrár í hverri sókn. Skal hún lögð fram eigi síðar en fjórum vikum fyrir kjördag.

Kjörskrá skal liggja frammi til sýnis hið minnsta í tvær vikur á hentugum stað, er kjörstjórn auglýsir samkvæmt því, sem venja er að birta opinberar auglýsingar á þeim stað.

12. gr.

Hver sá, sem kæra vill, að einhvern vanti á kjörskrá eða sé ofaukið þar, þarf að hafa afhent formanni kjörstjórnar kæru sína, ásamt rökum og gögnum máli sínu til stuðnings, eigi síðar en tveimur vikum fyrir kjördag. Sé kæran um það, að einhver sé á skrá tekinn, sem ekki hafi rétt til að standa þar, skal formaður senda þeim, sem yfir er kært eftirrit af kærunni.

13. gr.

Aðfinnslum þeim við kjörskrána, sem fram eru komnar skal hlutaðeigandi kjörstjórn úrskurða í síðasta lagi viku fyrir kjördag. Skal gefa þeim, er kæran varðar, kost á að tjá sig og koma að gögnum, áður en kæran er úrskurðuð.

Úrskurði kjörstjórnar má áfrýja til yfirkjörstjórnar. Hún skal hafa úrskurðað framkomnar kærur degi fyrir kjördag. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörkjörskránni.

14. gr.

Á kjörskrá skal taka þá, sem voru í íslensku þjóðkirkjunni og áttu lögheimili í prestakallinu 1. desember næst á undan og hafa náð 18 ára aldri, þegar kosning fer fram.

15. gr.

Þeir, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að vera staddir utan sinnar sóknar, þegar kosning fer fram og af þeim sökum geta ekki sótt kjörfund, hafa heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

16. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram hjá formönnum kjörstjórna eða öðrum úr kjörstjórn er formaður tilnefnir.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar getur hafist þá er tvær vikur eru til kjördags.

Kjörstjórn auglýsir í samráði við prófast, hvar og hvenær atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fari fram.

Heimilt er að binda atkvæðagreiðslu við ákveðinn tíma á degi hverjum þó eigi skemur en klukkustund. Tilgreina skal í fundargerðarbók, hverjir greiði atkvæði utan kjörfundar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið ákveður gerð atkvæðaseðla fyrir atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og kveður nánar á um framkvæmd hennar.

17. gr.

Þegar að lokinni kosningu sendir kjörstjórn yfirkjörstjórn kjörkassa, fundargerðir og önnur kjörgögn. Talning atkvæða fer fram hjá yfirkjörstjórn er hún hefur fengið öll kjörgögn í hendur. Yfirkjörstjórn tilkynnir biskupi úrslit kosningar og sendir honum afrit úr gjörðabók. Biskup sendir kirkjumálaráðherra úrslitin ásamt umsögn sinni.

Hafi helmingur kjósenda í prestakallinu greitt atkvæði og fái einhver umsækjenda meirihluta greiddra atkvæða, er kosningin bindandi og fær kjörinn prestur veitingarbréf ráðherra fyrir prestakallinu. Að öðrum kosti ákvarðar ráðherra veitingu.

18. gr.

Nú er aðeins einn umsækjandi í kjöri og fer þá fram kosning með sama hætti. Kjósendur, sem hafna vilja honum, skila auðum atkvæðaseðli.

Greiði helmingur kjósenda atkvæði, en umsækjandi fær ekki fullan helming greiddra atkvæða, er óheimilt að veita honum embættið.

19. gr.

Prestskosningar má kæra skriflega fyrir yfirkjörstjórn innan vikuk frá því kosning fór fram. Getur yfirkjörstjórn ógilt kosninguna og fyrirskipað nýja, ef verulegir gallar eru á undirbúningi eða framkvæmd hennar.

Áður en yfirkjörstjórn úrskurðar, skal hún leita umsagna kjörstjórna. Úrskurði yfirkjörstjórnar má áfrýja til nefndar, er í eiga sæti biskup og tveir menn tilnefndir af kirkjumálaráðherra.

20. gr.

Með þeim frávikum, sem lög þessi ákveða og eftir því sem við getur átt, skulu lög um kosningar til Alþingis nr. 52 frá 14. ágúst 1959 gilda um framkvæmd prestskosninga.

21. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 32 frá 3. nóvember 1915 um veitingu prestakalla.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið af nefnd, er skipuð var 20. júlí 1977, af þáverandi kirkjumálaráðherra, Ólafi Jóhannessyni.

Fer hér á eftir greinargerð nefndarinnar ásamt nefndaráliti.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, er skipuð var af kirkjumálaráðherra Ólafi Jóhannessyni, með bréfi dags. 20. júlí 1977. Um skipun nefndarinnar, vinnubrögð og niðurstöðu vísast til meðfylgjandi meirihlutanefndarálits.

Frumvarpið gerir í fyrsta lagi ráð fyrir því sem aðalreglu, að svokallaðir kjörmenn, sem eru sóknarnefndarmenn í hverri sókn, velji presta með leynilegu vali. Að meginefni til er byggt á sömu hugmynd og fram kemur í frumvarpi Kirkjuþings um veitingu prestakalla, sem samþykkt var á Kirkjuþinginu 1972 og síðan aftur 1976. Í þessu frumvarpi er þó vikið frá ákvæðum frumvarps Kirkjuþings í einstökum atriðum. Gert er t. d. ráð fyrir að talning atkvæða fari fram heima í héraði. Sé prestur ekki kallaður, sbr. II. kafla frumvarpsins, skal kjörmannafundur í öllum

tilfellum velja prest. Skylt er að endurtaka kosningu á kjörmannafundi, ef fleiri en tveir umsækjendur eru í framboði og enginn fær meirihluta greiddra atkvæða. Slíkt ákvæði var eigi í frumvarpi Kirkuþings.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að unnt sé að kalla prest til þjónustu, ef ¾ kjörmanna óska þess. Svipað ákvæði var í frumvarpi Kirkjuþings. Hins vegar er það nýmæli, að embættið sé veitt tímabundið, þegar prestur er kallaður.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir, að almennar prestskosningar geti farið fram, ef 25 af hundraði atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakallinu krefjast þess, að loknu vali kjörmanna.

Í III. kafla frumvarpsins eru ákvæði um almennar prestskosningar. Fylgt er að mestu ákvæðum núgildandi laga um prestskosningar, en hér eru þó nokkur nýmæli. Í núgildandi lögum eru fábrotin ákvæði um gerð kjörskrár. Úr þessu er bætt og settar skýrar og ótvíræðar reglur um það, hverjir eigi rétt á að kjósa í prestskosningum. Í frumvarpinu eru ákvæði um utankjörfundaratkvæðagreiðslu og er það nýmæli. Ýmsum ákvæðum núgildandi laga um framkvæmd sjálfrar kosningarinnar er sleppt og vísað þess í stað til laga um kosningar til Alþingis.

Á kjörmannafundi þarf umsækjandi að fá helming greiddra atkvæða, séu umsækjendur fleiri en einn, en ⅔ ef einn er í kjöri, ef valið á að vera bindandi fyrir ráðherra.

Í almennum kosningum þarf kosningaþátttaka að vera 50 af hundraði og einhver umsækjenda að fá helming greiddra atkvæða, til þess að kosning sé bindandi.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við núgildandi lög að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir, að köllun geti átt sér stað og er þá prestsembættið ekki auglýst.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um aðdraganda og undirbúning kjörmannafunda, sbr. 3. gr.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Hér er gert ráð fyrir, að kjörmenn velji prest í embætti. Kjörmenn eru sóknarnefndarmenn. Að meginstefnu til er hér um samskonar ákvæði að ræða og eru í frumvörpum Kirkjuþings frá 1972 og 1976. Í þessu frumvarpi er þó miðað við, að talning atkvæða fari fram á kjörmannafundi, en svo er ekki í frumvörpum Kirkjuþings. Eins er það nýmæli, að gert er ráð fyrir, að valið verði endurtekið, ef þrír eða fleiri umsækjendur eru í kjöri og enginn fær helming greiddra atkvæða. Sá, sem fæst atkvæði hlýtur við síðustu atkvæðagreiðslu fellur út.

Um 4. gr.

Hér segir, að prófastur skuli hlutast til um, að niðurstaða kjörmannafundar verði kynnt á almennum safnaðarfundi eða á annan sannanlegan hátt.

Ákvæði þetta ber að skoða í samhengi við 5. gr.

Um 5. gr.

Hér er opnuð leið fyrir ákveðinn fjölda sóknarmanna eða 25 af hundraði til þess að krefjast almennra kosninga, ef þeir una ekki niðurstöðu kjörmannafundar. Hér er farið inn á nýja leið, er ætti að verða til málamiðlunar og sætta hin ólíku sjónarmið þeirra, er vilja afnema alfarið prestskosningu og þeirra, er vilja óbreytt ástand.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Í öllum frumvörpum, er Kirkjuþing hefur samþykkt á undanförnum árum um veitingu prestakalla hafa verið ákvæði um köllun.

Ákvæði þessarar greinar er að því leyti frábrugðið ákvæðum Kirkjuþings, að gert ráð fyrir, að prestur, sem er kallaður, fái tímabundna veitingu.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nánast í samræmi við núverandi framkvæmd. Eins og nú er, auglýsir biskup kosningu, en hér er gert ráð fyrir, að prófastur auglýsi, hvar og hvenær kosning fari fram. Er það í samræmi við það, að framkvæmd kosninganna hvílir fyrst og fremst á prófasti.

Um 9. gr.

Hér er það nýmæli, að kjörstjórn er kosin sérstaklega, en sóknarnefnd sér ekki um framkvæmd kosningar, eins og nú er. Telja verður það heppilegra, þar sem sóknarnefnd hefur þegar haft afskipti af vali sóknarprests, sbr. 3. gr.

Um 10. gr.

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn. Hlutverk hennar er m. a. að úrskurða kjörskrármál. Komið getur upp ágreiningur um lagatúlkun. Þykir því rétt að hafa það sem meginreglu, að löglærður maður sitji í yfirkjörstjórn.

Um 11. gr.

Lengdir eru frestir til framlagningar kjörskrár frá því, sem nú gildir. Kjörskrá skal leggja fram fjórum vikum fyrir kjördag og skal hún liggja frammi til sýnis í tvær vikur.

Um 12. gr.

Þessi grein fjallar um kæru út af kjörskrá og er samsvarandi 3. gr. núgildandi laga, þótt efnislega sé hún breytt. Kjörstjórn ber að hafa lokið störfum í síðasta lagi viku fyrir kjördag.

Um 13. gr.

Hér er það nýmæli, að unnt er að áfrýja úrskurði kjörstjórnar um kjörskráratriði til yfirkjörstjórnar.

Eftir að yfirkjörstjórn hefur gengið frá kjörskránni verður henni ekki breytt.

Um 14. gr.

Samkvæmt 1. gr. laga um veitingu prestakalla hafa sóknarmenn atkvæðisrétt í prestskosningum, sem hafa atkvæðisrétt á safnaðarfundi. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 36/1907 um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda hefur hver sóknarmaður, sem telst til þjóðkirkjunnar og er lögráða, kosningarrétt á safnaðarfundi.

Rétt þykir að tiltaka nánar en nú er í lögum, hverjir eigi kosningarrétt.

Um trúfélagsskráningu og búsetu í prestakallinu er hér alfarið miðað við skráningu Hagstofu 1. desember næstliðinn. Hér er einnig það nýmæli, að kosningaraldur er miðaður við 18 ár.

Um 15. gr.

Ákvæði um utankjörfundaratkvæðagreiðslu er nýmæli. Ýmsir hafa bent á nauðsyn þess, að þeir, sem fjarverandi eru á kjördegi, fái tækifæri til þess að kjósa t. d. þeir, sem stunda atvinnu fjarri heimili á kjördegi.

Um 16. gr.

Hér er tekið nánar fram um, hvernig atkvæðagreiðsla fari fram.

Ekki þótti tækt að hafa sama hátt á og í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna.

Hér er gert ráð fyrir, að atkvæðagreiðsla fari fram hjá kjörstjórnum, formanni eða öðrum kjörstjórnarmanni. Að öðru leyti fer atkvæðagreiðsla fram á sama hátt og við venjulega utankjörstaðaatkvæðagreiðslu.

Um 17. gr.

Hér er gerð breyting á núverandi fyrirkomulagi. Samkvæmt núgildandi lögum fer talning atkvæða fram hjá yfirkjörstjórn í Reykjavík að þremur dögum liðnum frá kosningu. Ekki er talin ástæða til að hafa annan hátt á um talningu, en er í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna og er því gert ráð fyrir að talning fari fram í héraði og geti hafist strax að kosningu lokinni.

Um 18. gr.

Ákvæði greinarinnar er að mestu í samræmi við núgildandi lög.

Um 19. gr.

Samkvæmt ákvæðum greinarinnar má kæra kosningu til yfirkjörstjórnar, er leggur úrskurð á málið. Þeim úrskurði má áfrýja til nefndar, er í eiga sæti biskup og tveir menn tilnefndir af kirkjumálaráðherra. Hér er um svipað ákvæði að ræða og er í almennum kosningalögum.

Um 20. gr.

Í frumvarpi þessu eru fá ákvæði um sjálfa framkvæmd kosninganna. Í þessari grein er vísað til laga um kosningu til Alþingis um framkvæmd, eftir því sem við getur átt. Á það einkum við um kosningaathöfnina sjálfa, kjörklefa og kjörstað, talningu atkvkæða og úrskurðun á atkvæðum o. fl. þess háttar.

Fylgiskjöl með nefndaráliti.

Fylgiskjal I.

Spurningarseðill, er nefndin sendi til allra sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa:

Vinsamlegast merkið við þá kosti, sem yður þykja bestir sbr. bréf.

1. ☐ *Óbreytt ástand verði frá því sem nú er um veitingu prestakalla.*
2. ☐ *Ráðherra veiti eða skipi presta að fenginni umsögn sóknarnefnda og biskups.*
3. ☐ *Lögfest verði frumvarp, sem samþykkt var á Kirkjuþingi 1972 og 1976, lítið eða ekkert breytt.*
4. ☐ *Sett verði lög, sem geri ráð fyrir því að sú meginregla gildi, sem fram kemur í frumvarpi Kirkjuþings 1972 og 1976, en skylt verði að láta kosningar fara fram, ef þess er krafist af ákveðnum hluta sóknarbarna (t. d. 25%).*

Sérstaklega er spurt um, hvort þér teljið að lögleiða beri ákvæði um heimild til að kalla prest, sbr. 6. gr. frumvarps Kirkjuþings, hver hinna ofangreindra kosta, sem verður valinn.

JÁ ☐
NEI ☐

Fylgiskjal II.

Bréf er nefndin sendi með spurningaseðlinum til allra sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa landsins:

Reykjavík, 1. desember 1977.

Til sóknarnefndarmanna
og safnaðarfulltrúa.

Svo sem yður mun kunnugt hafa átt sér stað allmiklar umræður á undanförnum árum um veitingu prestakalla samkvæmt lögum nr. 32 frá 5. nóvember 1915.

Ekki hafa menn verið á einu máli um breytingar.

Nokkrum sinnum hefur málið verið lagt fyrir Alþingi án þess að það tæki endanlega afstöðu til þess.

Hinn 20. júlí s. l. skipaði Ólafur Jóhannesson, dómsmálaráðherra nefnd til að endurskoða lögin um veitingu prestakalla. Nefndin er þannig skipuð:

Gunnlaugur Finnsson, alþm., formaður
Friðjón Þórðarson, alþm.
Frú Geirþrúður Hildur Bernhöft, cand. theol., Reykjavík
Frú Guðrún Ásgeirsdóttir, Mælifelli, Skagafirði
Séra Sigurður H. Guðmundsson, Hafnarfirði
Starfsmaður nefndarinnar er Þorleifur Pálsson, deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Nefndin hefur ákveðið að leita álits allra sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa í landinu varðandi einstök efnisatriði í von um góðar undirtektir, svo það megi verða til þess að auðvelda störf nefndarinnar.

Könnun þessi er leynileg.

Þér eruð vinsamlega beðin(n) að merkja með bókstafnum A í auða reitinn við þann valkost, sem þér teljið bestan og með B við þann sem þér teljið næstbestan, en setja X í annan hvorn reitinn varðandi aukaspurninguna. Síðan að setja spurningablaðið inn í útanáritaða umslagið og loka því vandlega. Rita svo nafn yðar á meðfylgjandi seðil, svo hægt sé að fylgjast með kosningaþátttöku og setja loks hvorutveggja inn í áritaða umslagið.

Varðandi einstakar spurningar skal þetta tekið fram: 1. og 2. liður skýra sig sjálfir. 3. liður. Meðfylgjandi er frumvarpið sem Kirkjuþingið samþykkti 1972 og 1976, svo menn geti kynnt sér það. 4. liður. Megintilgangurinn með þessari spurningu er að kanna, hvort vilji er fyrir hendi að einfalda leiðir til vals á sóknarpresti, án þess að útiloka almennar kosningar, ef þess er óskað af tilteknum fjölda sóknarbarna í viðkomandi sókn eða sóknum.

Hægt er í lagasetningu að ákveða, hvaða form yrði á haft, en sú hugmynd hefur komið fram hjá nefndinni, að val sóknarnefndar eða nefnda öðlist ekki gildi fyrr en í fyrsta lagi eftir að það hefur verið tilkynnt á almennum safnaðarfundi og útrunninn er nánar tiltekinn frestur fyrir sóknarbörn að setja fram kröfu eða ósk um kosningar.

Þess er óskað að þér bregðist vel við og endursendið svör yðar við fyrsta tækifæri og póstleggið þau fyrir 20. desember n. k.

Þeir sem kynnu að vera hættir störfum sem sóknarnefndarmenn eða safnaðarfulltrúar, en fá þetta bréf, eru vinsamlega beðnir að koma þessum gögnum í hendur eftirmanna sinna. Eru sóknarnefndarmenn sérstaklega beðnir að fylgjast með því.

Virðingarfyllst,
f. h. nefndarmanna
Gunnlaugur Finnsson, alþm.

Fylgiskjal III.

Skýrsla um prestaköll, sem auglýst hafa verið og sótt hefur verið um frá og með árinu 1965 og til 30. október 1978 og um fjölda umsækjenda:

Prestaköll	Fjöldi umsækjenda
1965:	
1. Stóra-Núpsprestakall, Árn.	1
2. Valþjófsstaðaprestakall, Múl.	1
3. Stafholtsprestakall, Borg.	1
4. Víkurprestakall, Skaft.	1

	Prestaköll	Fjöldi umsækjenda
	5. Stykkishólmsprestakall, Snæf.—Dala.	3
	6. Æsustaðaprestakall, Hún.	1
	7. Bíldudalsprestakall, Barð.	1
1966:		
	8. Möðruvallaklaustursprestakall, Eyj.	2
	9. Garðaprestakall, Kjal.	4
	10. Miklabæjarprestakall, Skag.	1
	11. Laufásprestakall, Þing.	2
	12. Bíldudalsprestakall, Barð. (aftur)	1
	13. Hofsprestakall, Vopnafirði, Múl.	1
	14. Vallanesprestakall, Múl.	1
	15. Hofsósprestakall, Skag.	1
	16. Hríseyjarprestakall, Eyj.	1
1967:		
	17. Saurbæjarprestakall, Borg.	1
	18. Mosfellsprestakall, Árn.	1
	19. Sauðanesprestakall, Þing.	1
	20. Skinnastaðaprestakall, Þing.	1
	21. Eskifjarðarprestakall, Austfj.	1
	22. Hallgrímsprestakall, Rvík	6
	23. Laugalandsprestakall, Eyj.	1
	24. Siglufjarðarprestakall, Eyj.	1
	25. Bíldudalsprestakall, Barð. (aftur)	1
	26. Holtsprestakall, Rang.	1
	27. Þingeyrarklaustursprestakall, Hún.	1
	28. Seyðisfjarðarprestakall, Múl.	1
	29. Möðruvallaklaustursprestakall, Eyj.	1
	30. Ólafsfjarðarprestakall, Eyj.	1
	31. Hveragerðisprestakall, Árn.	3
1969:		
	32. Holtsprestakall, Önundarfirði, Ísafj.	1
	33. Norðfjarðarprestakall, Austfj.	1
	34. Stafholtsprestakall, Borg.	1
1970:		
	35. Kirkjuhvolsprestakall, Rang.	1
	36. Grensásprestakall, Rvík.	1
	37. Stóra-Núpsprestakall, Árn.	2
	38. Patreksfjarðarprestakall, Barð.	1
	39. Ólafsvíkurprestakall, Snæf.-Dala.	1
	40. Hveragerðisprestakall, Árn. (aftur)	1
	41. Reykhólaprestakall, Barð.	1
	42. Árbæjarprestakall, Rvík.	2
1971:		
	43. Hjarðarholtsprestakall, Snæf.-Dala.	1
	44. Siglufjarðarprestakall, Eyj. (aftur)	1
	45. Sauðárkrókprestakall, Skag.	1
	46. Digranesprestakall, Rvík.	4
	47. Kársnesprestakall, Rvík.	3
	48. Selfossprestakall, Árn.	3

	Prestaköll	Fjöldi umsækjenda
1972:		
49.	Söðulholtsprestakall, Snæf.-Dala.	1
50.	Mælifellsprestakall, Skag.	1
51.	Breiðholtsprestakall, Rvík.	2
52.	Nesprestakall, Rvík	3
53.	Reykholtsprestakall, Borg.	1
54.	Vopnafjarðarprestakall, Múl. (aftur)	1
1973:		
55.	Eyrarbakkaprestakall, Árn.	1
56.	Dómkirkjuprestakall, Rvík.	2
57.	Eskifjarðarprestakall, Austfj.	1
58.	Ólafsvíkurprestakall, Snæf.-Dala.	1
59.	Vallanesprestakall, Múl.	1
60.	Ólafsfjarðarprestakall, Eyj.	1
61.	Grensásprestakall, Rvík.	2
62.	Hvanneyrarprestakall, Borg.	1
63.	Bolungarvíkurprestakall, Ísafj.	1
64.	Kirkjuhvolsprestakall, Rang.	1
65.	Norðfjarðarprestakall, Austfj.	1
1974:		
66.	Seyðisfjarðarprestakall, Múl.	1
67.	Staðastaðsprestakall, Snæf.	1
68.	Bjarnanesprestakall, Skaft.	2
69.	Hallgrímsprestakall, Rvík.	2
70.	Stóra-Núpsprestakall, Árn.	1
71.	Akranesprestakall, Borg.	3
1975:		
72.	Njarðvíkurprestakall, Kjal.	1
73.	Keflavíkurprestakall, Kjal.	1
74.	Fellaprestakall, Rvík.	1
75.	Raufarhafnarprestakall, Þing.	1
76.	Staðarfellsprestakall, Þing.	1
77.	Reynivallaprestakall, Kjal.	1
78.	Setbergsprestakall, Snæf.-Dala.	1
89.	Bergþórshvolsprestakall, Rang.	1
80.	Nesprestakall, Rvík.	2
81.	Bíldudalsprestakall, Barð.	1
1976:		
82.	Mosfellsprestakall, Kjal.	4
83.	Vestmannaeyjaprestakall, Kjal.	1
84.	Mosfellsprestakall, Kjal.	2
85.	Dómkirkjuprestakall, Rvík	2
86.	Háteigsprestakall, Rvík.	3
87.	Reykhólaprestakall, Barð.	1
88.	Laugarnesprestakall, Rvík.	2
89.	Sauðárkróksprestakall, Skag.	1
90.	Stykkishólmsprestakall, Snæf.-Dala.	1

	Prestaköll	Fjöldi umsækjenda
1977:		
91.	Hafnarfjarðarprestakall, Kjal.	2
92.	Víðistaðaprestakall, Kjal.	1
93.	Siglufjarðarprestakall, Eyj.	1
94.	Ólafsfjarðarprestakall, Eyj.	1
95.	Eskifjarðarprestakall, Austfj.	2
96.	Vallanessprestakall, Múl.	1
97.	Hálsprestakall, Þing.	1
98.	Bólstaðarhlíðarprestakall, Hún.	1
99.	Hjarðarholtsprestakall, Snæf.-Dala.	1
100.	Ísafjarðarprestakall, Ísafj.	1
101.	Norðfjarðarprestakall, Austfj.	1
1978:		
102.	Melstaðarprestakall, Hún.	1
103.	Hólaprestakall, Skag.	1
104.	Miklabæjarprestakall, Skag.	1
105.	Reykholtsprestakall, Borg.	1

Niðurstaða:

		Fjöldi umsækjenda
79	prestaköll	1
15	—	2
7	—	3
3	—	4
0	—	5
1	—	6

Fylgiskjal IV.

Umsögn 11. Kirkjuþings 1978.

Umsögn Kirkjuþings á drögum að frumvarpi meirihluta og tillögur minnihluta nefndar, sem endurskoðar lög um veitingu prestakalla:

Kirkjuþing 1978 hefur fengið til umsagnar Frumvarp til laga um veitingu prestakalla, samið af nefnd sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði 20. júlí 1977 til að endurskoða lög um veitingu prestakalla.

Kirkjuþing áréttar fyrri ályktanir sínar um breytta skipan á veitingu prestakalla, að almennar prestskosningar verði afnumdar. Álit meirihluta nefndarinnar tekur að verulegu leyti tillit til þessa sjónarmiðs, þótt þar sé enn haldið möguleika til almennra kosninga, ef verulegur hluti sóknarfólks óskar. Þótt þessi tillaga gangi skemur en Kirkjuþing óskar, er augljóst, að hér er um málamiðlun að ræða, sem vænta má, að nái samþykki. Þess vegna mælir Kirkjuþing með samþykkt þessa frumvarps, meðan Alþingi getur ekki fallist á fyrri ályktanir Kirkjuþings. Þá telur Kirkjuþing rétt að vekja athygli á, að fram hafa komið tillögur um breytta skipan á ráðningu presta til starfa, sem mundu gjöra prestskosningar óþarfar, ef fram næðu að ganga.

Kirkjuþing gjörir eftirfarandi athugasemdir við téð nefndarfrumvarp:

A. Um álit meirihluta nefndarinnar.

1. Kirkjuþing telur varhugavert ákvæði 5. gr., að hægt sé að krefjast almennrar kosningar, eftir að kjörmenn hafa lokið kosningu sinni, og telur, að slík krafa verði að koma fram áður en kjörmenn ljúka kosningu. Annars er hætta á deilum og úlfúð innan sóknarinnar, ef rifta á kosningu kjörmanna.
2. Kirkjuþing telur nægjanlegt að ákveða, að allt sóknarfólk, sem náð hefur 17 ára aldri, hafi kosningarrétt við prestskosningar, Óþarft virðist að þrengja þetta ákvæði til samræmis við lög um kosningar til Alþingis.
3. Kirkjuþing bendir ennfremur á, að í frumvarpi Kirkjuþings um sóknir er gjört ráð fyrir fjölgun sóknarnefndarmanna í fjölmennari sóknum. Rétt væri fyrir nefndina að athuga, hvort þær tillögur nægja til að tryggja eðlilegt vægi atkvæða fulltrúa þéttbýlis, þar sem mjög fámennar sóknir eru í sama prestakalli og þéttbýli.

B. Kirkjuþing hafnar þeirri meginstefnu, sem fram kemur í áliti minnihlutans.

ÁLIT MEIRIHLUTA NEFNDARINNAR

1. Inngangur.

Hinn 20. júlí 1977 skipaði Ólafur Jóhannesson dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd til að endurskoða lög um veitingu prestakalla.

Nefndin var þannig skipuð:

Gunnlaugur Finnsson, þáv. alþingismaður, formaður,
Friðjón Þórðarson, alþingismaður,
frú Geirþrúður Hildur Bernhöft, cand. theol., Reykjavík,
frú Guðrún L. Ásgeirsdóttir, Mælifelli, Skagafirði,
séra Sigurður H. Guðmundsson, sóknarprestur, Hafnarfirði.

Starfsmaður nefndarinnar var Þorleifur Pálsson, deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Nefndarskipun þessi kom í kjölfar allmikilla umræðna á Alþingi 1975—1976 og 1976—1977 vegna þingsályktunartillögu þess efnis, að Alþingi kysi nefnd til að endurskoða lögin um veitingu prestakalla frá 1915, sem flutt var á báðum þessum þingum, en hlaut ekki afgreiðslu. Umræður þessar snérust ekki aðeins efnislega um tillöguna, heldur og almennt um málið og voru skoðanir skiptar.

Ennfremur hafði frumvarpi því, sem menntamálanefnd Ed. flutti á Alþingi 1973—1974 og síðan verður getið, verið vísað til ríkisstjórnarinnar.

Kirkjuþing hefur og látið málið til sín taka og knúið á um breytingar. Var sérstaklega fjallað um það á fyrstu fjórum þingunum 1958 til 1964, sem og þremur hinum síðustu.

Nefndin tók til starfa 19. september 1977 og hélt 14 sameiginlega fundi. Hún kallaði á fund sinn starfsháttanefnd þjóðkirkjunnar og milliþinganefnd kjörna af kirkjuþingi. Hún skilaði áliti 14. nóvember 1978.

2. Sögulegt yfirlit.

Veiting prestakalla á umliðnum öldum hefur verið með ýmsum hætti. Í rómverskum sið var veiting almennt talað í höndum biskupa, með nokkrum undantekningum þó. Þannig höfðu erkibiskupar heimild til veitingar í vissum tilfellum og hinir gildari bændur, svo og þeir, sem kirkjur létu gera á jörðum sínum, höfðu gjarnan tillögurétt um veitingu embætta við heimakirkjur.

Við siðaskiptin hverfur landskirkjan rómverska úr sögunni og samband ríkis og kirkju gjörbreytist. Til grundvallar lá sú hugsun að fela þeim mönnum kirkjunnar, sem veraldlega stjórnsýslu önnuðust hvort sem var, hina veraldlegu stjórn

kirkjunnar sem stofnunar. Í raun varð reyndin hins vegar sú, að kirkjan varð ríkiskirkja, stofnun innan ríkisins.

Í kirkjuskipaninni var gert ráð fyrir vali sóknarbænda á prestum, þótt ekki kæmist það til framkvæmda, heldur var veitingin fyrst og fremst í höndum biskupa, síðar amtmanna, eða amtmanna og biskupa, en konungur gat þó sjálfur veitt embætti eftir eigin höfði í krafti yfirstjórnar sinnar.

Með konungsbréfum frá 1737 og 1740 tekur konungur sér í framkvæmd veitingavald það, er forðum var í höndum erkibiskupa, með nokkurri útvikkun þó. Miðlungsembætti hvað tekjur snertir, skyldu veitt af stiftamtmönnum, að tillögum biskupa, en konungur staðfesti veitinguna. Slíka staðfestingu þurfti hins vegar ekki, væru embætti rýr.

Eftir Júlíbyltinguna í Frakklandi 1830, fór mikil ólga um Norðurálfu. Leiddi þetta til afnáms erfðaeinveldis í Danmörku og stjórnarskrárlaganna 1849. Til grundvallar lá sú skoðun, að fólkið væri ríkið. Fram kemur á þessu tímabili nýtt hugtak, hugtakið þjóðkirkja. Í hugtakinu fólst í senn aðgreining frá ríkiskirkjufyrirkomulaginu og áhersla á sjálfstæði kirkjunnar. Með stöðulögunum 1871 og stjórnarskránni 1874 er hugtakið lögfest og hverfur þá ríkiskirkjufyrirkomulagið úr sögunni. Í kjölfar stjórnarskrárlaganna 1849 kom tilskipun frá 14. maí 1850, þar sem kveðið er á um, að biskup og stiftamtmaður skuli í sameiningu veita rýr og miðlungs embætti, en kirkjumálaráðherrann danski úrskurða, ef þeim kæmi ekki saman.

Með tilskipun frá 15. desember 1865 er svo kveðið á, að stiftamtmaður veiti embætti, sem metin séu til árslauna undir 700 rd., enda leiti hann staðfestingar konungs, nema á hinum rýrustu. Önnur embætti veitti konungur sjálfur. Valdi stiftamtmanns var svo framvísað í hendur landshöfðingja með auglýsingu dagsettri 3. október 1884.

8. janúar 1886 eru sett lög um prestskosningar, þar sem ákveðið er, að söfnuðir sjálfir kjósi presta. Skal landshöfðingi með ráði biskups velja 3 úr hópi umsækjenda, sem kosið skal um. Væru umsækjendur hins vegar þrír, skyldi kjósa um tvo þeirra. Kosningaaldur var 25 ár. Lögmæt kosning var bundin við, að einn umsækjandi fengi helming greiddra atkvæða, en veitingavaldið óbundið ella, enda hafi helmingur atkvæðisbærra manna eða fleiri, kosið. Kosning skyldi fara fram jafnt þó að umsækjandi væri einn.

Með lögum nr. 28, 16. nóv. 1907 var sú breyting gerð á lögum þessum, að kosið skyldi milli allra umsækjenda, og með lögum nr. 32 frá 3. nóv. 1915, er sú breyting gerð að kjörstaðir skuli vera í hverri sókn, en hafði verið einn fyrir allt prestakallið áður. Þessi lög eru enn í gildi með breytingu, sem samþykkt var á Alþingi 1941, þess efnis að raða megi kjósendum eftir götunöfnum, í stað þess að raða þeim niður eftir stafrófsröð.

Ekki voru menn á eitt sáttir um ágæti þessara laga. Fóru snemma að heyrast óánægjuraddir og 1930 er lagt fyrir Alþingi lagafrumvarp dómsmálaráðherra, þar sem gert er ráð fyrir breyttri skipan á kosningu og köllun á pesti geti átt sér stað. Frumvarpinu var vísað til annarrar umræðu og allsherjarnefndar, en kom ekki þaðan. Frumvarp þetta var endurflutt 1931, en fékk sömu afgreiðslu.

1941 flutti Magnús Jónsson frumvarp til laga, þar sem áhersla er lögð á köllunarrétt safnaða. Frumvarpinu var vísað til 2. umræðu og menntamálanefndar, sem ekki skilaði áliti.

1945 flutti menntamálanefnd Alþingis, að beiðni kirkjumálaráðherra, frumvarp til laga um veitingu prestakalla. Frumvarpið var aldrei tekið á dagskrá.

1946 fluttu Gylfi Þ. Gíslason og Sigurður Bjarnason frumvarp til laga um veitingu prestakalla, þar sem gert er ráð fyrir því að forseti Íslands skipi presta íslensku þjóðkirkjunnar. Frumvarpinu var vísað eftir nokkrar umræður til menntamálanefndar. Nefndarálit kom ekki og málið var ekki tekið aftur á dagskrá. Sömu útreið fengu sams konar frumvörp, flutt af sömu mönnum 1947 og 1949.

1952 fluttu Magnús Jónsson, Sigurður Bjarnason og Jónas Rafnar tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um veitingu prestakalla. Tillögunni var vísað til síðari umræðu og allsherjarnefndar. Nefndarálit kom ekki og tillagan var ekki á dagskrá tekin framar.

1962 flutti menntamálanefnd að beiðni kirkjumálaráðherra frumvarp til laga um veitingu prestakalla. Þar er gert ráð fyrir því að sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar kjósi prest. Frumvarpinu var vísað til 2. umræðu og menntamálanefndar. Nefndarálit kom ekki og var málið ekki tekið aftur á dagskrá. Sömu sögu er að segja um samskonar frumvarp að stofni til, sem flutt var af sömu aðilum 1964.

1972—1973 er enn á ferðinni frumvarp svipaðs eðlis, flutt af menntamálanefnd, að beiðni dóms- og kirkjumálaráðherra. Var með frumvarpinu birt skrá um fjölda umsækjenda um prestaköll, sem sótt hafði verið um frá árinu 1965. Kom þar fram, að af þeim 55 skiptum, sem um var að ræða, hafði í 42 tilfellum verið um 1 umsækjanda að ræða, en í 13 tilfellum 2 eða fleiri. Frumvarpið var ekki útrætt. Frumvarpið var endurflutt á þinginu 1973—1974 og var þá vísað til ríkisstjórnarinnar.

3. Vinnubrögð nefndarinnar.

Nefndin ákvað í upphafi að viðhafa þau vinnubrögð að kynna sér á hvern hátt veiting prestakalla fer fram á Norðurlöndum og í annan stað að láta fara fram skoðanakönnun meðal allra sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa á Íslandi um ákveðin efnisatriði, sbr. fylgiskjal II.

Samkvæmt ályktun Kirkjuþings 1960 var leitað til héraðsfunda í landinu um álit á frumvarpi, sem fyrir því þingi lá um nýskipan þessara mála. Svör bárust frá 13 héraðsfundum á árunum 1961 og 1962 og voru á þann veg, að 1 fundur vildi óbreytt fyrirkomulag, 4 vildu afnema allar kosningar, 6 studdu frumvarp það, sem fyrir Kirkjuþingi lá, 2 vildu vísa breytingartillögum til almennings.

Þær raddir höfðu heyrst, að könnun þessi hafi ekki verið nógu víðtæk. Ennfremur má á það líta að á Alþingi 1977 kom fram tillaga um að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort afnema skuli beinar og almennar prestskosningar. Nefndin taldi sig koma til móts við þessar raddir með því að framkvæma svo víðtæka könnun og vonaðist til, að hún yrði marktæk og leiðbeinandi fyrir nefndina við mótun endanlegrar afstöðu hennar.

4. Fyrirkomulag á Norðurlöndum.

Í rómverskum sið og framan af eftir siðaskipti var veiting prestsembætta með líku sniði á Norðurlöndum og á Íslandi. Þróun mála var hins vegar nokkuð með öðrum hætti, einkum eftir að fram í sótti.

Í Danmörku og í Noregi er fyrirkomulagið nú á þann veg, að umsækjendur um prestsembætti senda umsóknir sínar til kirkjumálaráðuneytanna, sem sendir þær viðkomandi safnaðarráðum. Safnaðarráð greiðir atkvæði um umsækjendur og sendir niðurstöður til viðkomandi biskups, sem sendir kirkjumálaráðuneyti ásamt umsögn, en ráðherra veitir.

Í Svíþjóð skiptast á almennar safnaðarkosningar, líkt og hér nú, og bein veiting. Með því er reynt að gefa veitingavaldinu möguleika á að færa menn til í embættum eftir því, sem þörf er á.

Finnland hefur sérstöðu meðal Norðurlanda, hvað snertir samband ríkis og kirkju og samanburður hvað veitingu prestsembætta áhrærir því ekki raunhæfur.

5. Framkvæmd og niðurstaða skoðanakönnunar.

Sendir voru spurningaseðlar til sem næst 1070 sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa. 621 seðill barst nefndinni aftur og voru 597 gildir en 24 auðir og ógildir.

Sýnishorn af spurningaseðli er á fylgiskjali I og bréf er sent var með seðlinum á fylgiskjali II.

Niðurstaða skoðanakönnunar var sem hér segir:

Nr. á spurningu sjá fylgiskjal I	A	B
1.	267	51
2.	115	123
3.	76	113
4.	104	176

(Merkja átti með bókstafnum A við þann kost er viðkomandi taldi bestan en með bókstafnum B við næstbesta kostinn, sbr. fylgiskjal II.)

328 vildu heimila köllun, en 209 voru á móti.

Nefndin gerði nokkra athugun á því, hvað menn töldu næstbesta kostinn og hvort fylgni væri milli vals á einstökum kostum og þess hvort heimila ætti köllun. Þar kom m. a. þetta fram.

Af þeim sem vildu óbreytt form, þ. e. völdu 1. kostinn, vildu 92 taka upp köllun. Af þeim sem vildu óbreytt form töldu 109 4. kostinn næstbestan en 72 töldu 2. kostinn, þ. e. beina veitingu, næstbestan.

Ekki er einhlítt, hvernig túlka ber niðurstöðuna og geta skoðanir um það verið skiptar.

Á það má benda annars vegar, að sá kosturinn, að viðhalda óbreyttu ástandi fær flest atkvæði, og hins vegar, að þeir, sem vilja breytingu, eru fleiri, þótt misjafnt sé, að hverju þeir vilja hverfa. Afgerandi meiri hluti virðist þó vera fyrir því, að heimild til köllunar verði upp tekin.

6. Niðurstaða meirihluta nefndarinnar.

Nefndin varð ekki sammála um niðurstöður. Guðrún L. Ásgeirsdóttir skilar sértillögum um breytingar á l. nr. 32 frá 3. nóv. 1915. Meiri hluti nefndarinnar, Friðjón Þórðarson, Geirþrúður Hildur Bernhöft, Gunnlaugur Finnsson og Sigurður H. Guðmundsson, telur, að forsendur séu brostnar fyrir því, að almennar prestskosningar verði undantekningarlaus aðalregla við veitingu prestakalla. Vísast þar m. a. til þess, sem áður kemur fram um fjölda umsækjenda við prestskosningar, svo sem fram kemur í fylgiskjali með frv. 1972—1973. Síðan sú skýrsla var samin hafa prestskosningar farið fram 50 sinnum og í 37 skipti hefur umsækjandi verið einn en í 13 skipti 2 eða feiri. Er það svipað htlutfall og á árunum frá 1965—1973 og má segja, ag valið sé á milli manna í eitt skipti af hverjum fjórum.

Meiri hluti nefndarinnar taldi rétt að semja frv. að nýju, þar sem tekið væri upp einfaldara form við val á presti en nú er lögum samkvæmt, án þess þó að færa ákvörðunarvald úr héraði.

Frumvarp meirihlutans gerir í fyrsta lagi ráð fyrir því, að kjörmenn, sem eru sóknarnefndarmenn og prófastur hlutaðeigandi prófastsdæmis, velji prest. Er hér lagt til grundvallar frv. Kirkjuþings, en á því gerðar nokkrar breytingar. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að heimild til köllunar verði upp tekin. Er það í samræmi við samhljóða vilja Kirkjuþings og samkvæmt skoðanakönnuninni.

Hér er þó gert ráð fyrir því, að köllun verði tímabundin í mesta lagi til fjögurra ára í senn. Verður að telja það eðlilegt með tilliti til þess, að við köllun fá aðrir, sem eiga rétt á að sækja um prestsembættið, ekki tækifæri til að sækja um brauðið.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því, að 25 af hundraði sóknarbarna geti krafist kosningar og á þann veg komið til móts við þá, sem ekki vilja afnema prestskosningar.

Ekki bótti rétt að láta hin gömlu lög frá 1915, sem að stofni til eru frá 1886, gilda um kosningar heldur vísa til almennra kosningalaga um framkvæmd þeirra, en semja sérstakan kafla um það, sem afbrigðilegt er, þegar um kosningar er að ræða á vegum safnaða.

Nefndin sendi drög að frumvarpi meirihlutans og breytingartillögur minnihluta nefndarinnar til umsagnar Kirkjuþings 1978 og fylgir umsögnin á sérstöku fylgiskjali. Meirihluti nefndarinnar féllst ekki á að gera breytingar á frumvarpinu skv. 1. lið athugasemda Kirkjuþings. Tengist sú afgreiðsla ákvörðun nefndarinnar að því er varðar 3. lið og síðar verður að vikið.

Athugasemdir varðandi 2. lið tók nefndin að mestu til greina og hefur fellt þær inn í frumvarpið. Nefndin fellst á, að kosningaréttur til prestskosninga sé rýmri en í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, og er það í samræmi við gildandi lagaákvæði .

Nú hafa þeir atkvæðisrétt við prestskosningar, sem atkvæðisrétt hafa á safnaðarfundum, en það eru þeir, sem skráðir eru í þjóðkirkjunni og búsettir eru í prestakallinu, þótt þeir hafi ekki íslenskan ríkisborgararétt, og þeir, sem eru lögráða, þótt þeir hafi ekki náð 20 ára aldri (þ. e. verða lögráða við stofnun hjúskapar). Þá er ekki talið eðlilegt, að kirkjan svipti þá áhrifum í kirkjulegu starfi, sem með dómi eru sviptir kosningarétti og kjörgengi til Alþingis og sveitarstjórna.

Nefndin féllst á, að lækka kosningaaldur í 18 ár og binda kosningarétt þá alfarið við aldur. Nefndin tekur fram, að með þessu viðhorfi er hún ekki að taka afstöðu til þess, hvort lækka eigi kosningaaldur almennt, þar sem hún telur eðlismun á því, hvort verið er að taka ákvarðanir innan safnaðar og kjósa starfsmann annars vegar eða hvort verið er að framselja vald með kosningu fulltrúa í sveitarstjórnir eða á Alþingi hins vegar.

Varðandi 3. lið athugasemda Kirkjuþings leggur nefndin áherslu á, að forsendur fyrir fjölda kjörmanna sbr. 2. gr. er, að jafnhliða lögfestingu þessa frumvarps verði lögfest frumvarp Kirkjuþings 1978 um kirkjusóknir.

Ljóst er, að í nokkrum tilvikum verða áthrif fulltrúa þéttbýlisstaða óeðlilega lítil miðað við fulltrúafjölda nærliggjandi sókna. Er hér einkum um að ræða eftirtalda þéttbýlisstaði: Borgarnes, Stykkishólm, Dalvík, Höfn í Hornafirði og Selfoss. Er þó ekki fulltalið.

Nefndin lítur svo á, að prestakall sé félagsleg heild og að saman fari hagsmunir fjölbýlli sem fámennari sókna við sameiginlegt val á presti. Forsendur séu því ekki fyrir hendi um togstreitu milli þéttbýlis og stjálbýlis. Komi það hins vegar á daginn, að vinnubrögð kjörmanna teljist í einhverju tilliti óeðlileg, geta sóknarbörn að loknum störfum kjörmanna hnekkt niðurstöðu þeirra með kröfu um kosningar.

1.7. Álit minnihluta nefndarinnar.

Tillögur
um breytingar á lögum um veitingu prestakalla.

Minnihluti nefndar um endurskoðun laga um veitingu prestakalla ályktar, að eftirfarandi breytingar skuli gerðar á lögum um veitingu prestakalla nr. 32, 3. nóv. 1915:

1. gr. Fyrri hluti fyrstu málsgreinar orðist svo: Þegar prestakall losnar og prestur er eigi kallaður til embættisins sbr. 22. gr., auglýsir biskup það.....

2. gr. Nöfnum kjósenda skal raðað eftir stafrófsröð eða heimilisfangi skv. manntali. Viðauki greinarinnar nr. 27. 27. júní 1941 falli niður.

5. gr. Eftirfarandi setning falli niður: „Svo leggur landsstjórnin til..... ónotaðir og ónýttir seðlar".

11. gr. Fyrsta málsgreini falli niður. Í staðinn komi: Þeir, sem neyta vilja atkvæðisréttar síns, en geta ekki sótt kjörfund vegna fjarvista á kjördegi, skulu eiga þess kost að greiða atkvæði utan kjörfundar. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram hjá sóknarnefndarformanni eða prófasti síðustu tvær vikur fyrir kjördag. Kirkjumálaráðuneytið skal láta prenta atkvæðaseðla fyrir utankjörstaðaatkvæðagreiðslu. Á kjörfundi ganga kjósendur.....

13. gr. Falli niður.

14. gr. verði 13. gr. og orðist svo: Enda þótt kærufrestur yfir kosningu skuli vera allt að 3 dagar, skal talning atkvæða fara fram þegar að kosningu lokinni. Sóknarnefnd í hverri sókn færir formanni yfirkjörstjórnar atkvæðakassa, afrit gerðabókar, umsóknargögn öll og umsögn sína um kærur, ef fram eru komnar. Berist kærur síðar, skal yfirkjörstjórn einnig fjalla um þær, en úrskurði hennar má vísa til kirkjumálaráðherra.

15. gr. verði 14. gr. og orðist svo: Yfirkjörstjórn skipa htéraðsprófastur, en til kvaddur nágrannaprófastur, ef viðkomandi prófastur er meðal umsækjenda, og 2 menn aðrir, er héraðsfundur prófastsdæmisins kýs til 4 ára í senn og jafnmarga varamenn .

16. gr. verði 15. gr.

17. gr. verði 16. gr. og orðist svo: Hafi helmingur kjósenda í prestakallinu greitt atkvæði í prestskosningunni, er sá rétt kjörinn prestur, sem flest atkvæði hlýtur, og fær hann veitingabréf ráðherra.

18. gr. verði 17. gr. Aftan við hana bætist: Veitingu fyrir prestakalli getur enginn fengið nema meirihluti atkvæðisbærra manna hafi tekið þátt í henni.

18. gr. Óheimilt er að setja prest að kandidat í prestsembætti nema prestakallið sé fyrst auglýst með a. m. k. tveggja mánaða fyrirvara, enda þótt prestakallið hafi verið prestlaust í ár eða meira og enginn sótt um það síðast, er það var auglýst. Skylt er að auglýsa óveitt embætti innan þjóðkirkjunnar árlega.

20. gr. Orðin „þó eiki undir 20 kr.“ falli niður. Sömuleiðis síðasta málsgrein gr.

22. gr. Sóknarnefndum ásamt safnaðarfulltrúum er heimilt að kalla prest, er prestakall losnar. Ef ¾ sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa eru einhuga um að kalla tiltekin prest eða guðfræðikandidat til starfa án umsóknar, er kvatt til safnaðarfunda í hverri sókn prestakallsins í samráði við prófast, sem tilkynnir biskupi um það. Skal fundarefni auglýst í fundarboði. Samþykkt meirihluta atkvæðisbærra manna í prestakallinu köllunina á fundunum, skal biskup birta hana þeim presti eða kandidat, sem í hlut á. Taki hann köllun, skal veita honum embættið tímabundið, eigi lengur en 4 ár í senn. Hljóti viðkomandi ekki tilskilið fylgi eða taki hann ekki köllun, skal prestakallið auglýst og efnt til almennra kosninga.

Greinargerð
með áliti minnihluta nefndar um endurskoðun laga um veitingu prestakalla.

2. gr. Óeðlilegt er, að aðrar reglur gildi um kosningar í þéttbýli en dreifbýli, enda augljóst hagræði að raða nöfnum á kjörskrá eftir manntali, en þar eru bæjarnöfn í stafrófsröð.

5. gr. að hluta til og 13. gr. falla niður, þar sem atkvæðakassar fari beint til yfirkjörstjórnar heima í héraði.

11. gr. Það hlýtur að teljast takmörkun á kosningarétti, að ekki skuli nú heimiluð utankjörstaðaatkvæðagreiðsla í prestkosningum.

14.—15. gr. sem verða 13.—14. gr. Þar sem heimilt er að telja strax atkvæði við alþingis- og sveitarstjórnakosningar, sýnist undarleg ráðstöfun, að atkvæðatalning í prestskosningum skuli dregin um 3—4 daga. Hitt er einnig furðulegt, að yfirkjörstjórn skuli ekki skipuð prófasti og heimamönnum, heldur biskupi og mönnum í Reykjavík. Skal lögð áhersla á, að atkvæðatalning í prestskosningum fari fram þegar að lokinni kosningu, er atkvæði hafa borist á einn stað, sem yfirkjörstjórn ákveður hverju sinni, enda sé hann í viðkomandi prestakalli.

18. gr. sem verði 17. gr. Prestkosning, þegar umsækjandi er aðeins einn, er venjulega til málamynda og honum veitt kallið, þótt ýmist sé þátttaka lítil (Vestmannaeyjar vorið 1961) eða auð atkvæði verði til þess að gera kosningu lögmæta (Vallanes 1966). Þetta fyrirkomulag hefur orðið til þess að gera prestskosningar ólýðræðislegar og síður marktækar.

18. gr. Nauðsynlegt er, að lögfest sé, að hvert óveitt embætti skuli árlega auglýst laust til umsóknar með svo löngum fresti, að öruggt sé, að vitneskja berist í

tæka tíð til afskekktra prestssetra. Mikil brögð eru á því, að Lögbirtingablaðið komi svo seint út á land, að umsóknarfrestur sé nær útrunninn. Skrá um lausu embættin ætti einnig að senda í kennslustofu guðfræðideildar háskólans.

22. gr. Að því er séð verður færist nú í það horf, að stöður hjá hinu opinbera eru ekki veittar svonefndri æviráðningu. Er sú skipan kemst á um embættisveitingar ríkisins yfirleitt, er sjálfgert, að æviráðningar presta leggist af, og þá ekki síður skipun biskups. En telja verður galla á kosningalögum, þar sem kosning gildir til ófyrirsjáanlegrar framtíðar. Væri t. d. hæfilegt, að prestar fengju veitingu til 4—6 ára í senn, en endurkosning mikil traustyfirlýsing og tvímælalaust aflvaki þjónustu og kirkjulífs. Að hinu leytinu er æskilegt, að prestar þjóni ekki alltof lengi sama prestakalli og gefst þá kjörið tækifæri til að skipta um brauð, er veitingatíminn rennur út.

Í miklum umræðum um prestskosningar undanfarin ár hafa raddir verið háværar bæði með og á móti. Einkum hafa þó yfirmenn kirkjunnar og ýmsir prestar hennar verið andvígir kosningunum og viljað afnám þeirra. Virðast þeir þjónar kirkjunnar hafa gleymt þjónustuhlutverkinu, er þessi mál voru rædd, enda aðrir andstæðingar prestskosninga látið sem prestarnir séu aðalatriðið, jafnvel sem þeir séu sjálf kirkjan. En þar í liggur hinn afleiti misskilningur, sem hefur komið þvílíku róti á hugi sumra manna, að þeir vilja svipta flesta þegna lýðveldisins hluta lýðræðislegra kosninga. Söfnuðurinn er félag innan íslensku þjóðkirkjunnar, sem einstaklingurinn getur gengið í eða sagt sig úr, því að á Íslandi ríkir trúfrelsi. Þegar söfnuðurinn kýs sér prest, er hann að kjósa sér leiðtoga, líkt og gert er í öðrum félögum, og er þá venjulega kosinn sá maður, sem flestir félagsmenn vilja standa saman um.

Lög um kosningu presta eru frá 1886 og er fróðlegt að lesa þingskjöl frá áratugunum þar á undan. Barist var fyrir þessari þörfu breytingu langa hríð, en áður veitti konungur og stiftsyfirvöld brauðin. Þegar litið er svo langt til baka með gát, getur hver rétthugsandi maður séð, hvílík afturför væri, ef þessi réttindi yrðu af tekin, þótt ekki beri yfirvald kirkju lengur tignarheitið konungur. Eða því er ekki rætt um að afnema aðrar kosningar íslenska lýðveldisins um leið? Hik alþingismanna gagnvart kröfu Kirkjuþings um afnám prestskosninga eykur vonir um, að enn veljist réttlátir og frjálshuga menn í forystulið þjóðarinnar. Hvernig eiga líka 60 alþingismenn að geta svipt 150 þús. safnaðarmenn kosningarétti? Örlítill hluti almennings stendur á bak við frumvarp Kirkuþings, og ekki hefur álit héraðsfunda verið einróma móti kosningum, þótt stundum sé látið í veðri vaka.

Andstaða við ágæti tillögu fyrrv. alþingisforseta um þjóðaratkvæði er greinileg hræðsla fárra manna við að láta vilja þjóðarinnar koma í ljós. Þeir þora ekki að leggja málið undir dóm fólksins í landinu, heldur vinna bak við tjöldin við að rífa niður það, sem uppbyggt var.

Gott samstarf prests og safnaða er undirstaða kristnilífs og kristilegrar menningar í landinu. Leyfi ég mér að vitna í umsögn ástsæls biskups, herra Sigurgeirs Sigurðssonar, en hana er að finna í fskj. II í þingskjali nr. 86 frá árinu 1947 og segir þar:

„Ennfremur er á það minnst, að engum embættismanni ríkisins er það slík lífsnauðsyn, ef starfið á að bera árangur, að eiga traust og tiltrú fólksins eins og einmitt prestunum. Án slíks trausts er og hlýtur starf þeirra að verða ófullnægjandi. Þess vegna tel ég, að sérstök ástæða sé fyrir hendi til þess að koma í veg fyrir það, að söfnuðum verði skipaður sá prestur, sem ekki er vitað um, að meiri hluti safnaðar muni bera traust til eða geti að minnsta kosti sæmilega sætt sig við. Þessu mikilsverða marki verður naumast náð nema með því, að söfnuðirnir sjálfir hafi verulega íhlutun um það, hvaða prest þeir hverju sinni fá sér skipaðan.

Enn kemur það til, að jafnan eru uppi misjafnar stefnur í trúmálum, og er á þeim vettvangi deilt eigi síður en á öðrum sviðum, og skiptast menn þar og í flokka með eða móti. Nú mun það svo, að í hinum ýmsu prestaköllum landsins geta menn

í einu einkum fylgt þessari trúarstefnu, en í öðru hinni. Sýnist því eðlilegast og farsælast að fólkið fái sjálft að velja sér þann umsækjendanna, er það telur sér vera best að skapi í trúarskoðunum".

Í yfirlýsingu guðfræðinema frá fundi þeirra 5. des. 1977 segir, að ekki hafi verið aðalsmerki kirkjunnar að fara með ófriði. En einhver kynni að spyrja, er það ekki einmitt vilji meirihluta Kirkjuþings? Að segja söfnuðunum stríð á hendur, svipta þá rétti sínum og færa veitingu prestakalla aftur til hins neikvæða og bága tíma í þjóðfélaginu, þegar prestskosningar voru lagðar niður 1692. Væri það illa farið, og eru því vonir almennings í þessu máli bundnar skynsemi og einurð alþingismanna.

Andstæðingar prestskosninga færa gjarnan þau rök, að gallar séu miklir á framkvæmd kosninganna, jafnvel meiri en annarra kosninga. Áunnum göllum, rógi og illu umtali má eyða með ákveðnari reglum í siðalögmáli presta (codes ethicus). Þá kröfu má sannarlega gera til forvígismanna kristninnar í landinu, að þeir virði hver annan og sýni góðan vilja sinn í verki. Gætu prestskosningar orðið fyrirmynd annarra almennra kosninga.

Vankantar eru ýmsir á lögunum um veitingu prestakalla og fylgja hér með tillögur um breytingar á þeim, en fleiri smávægilegar orðalagsbreytingar og styttingar þurfa raunar til að koma. Endurskoðun laganna hefur nefnd sú með höndum, er kirkjumálaráðherra skipaði 20. júlí 1977 og undirrituð á sæti í. Skoðanakönnun, sem nefndin gerði í nóv. s. l. meðal sóknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa, sýndi ótvírætt, að þeir, sem kjörnir eru til starfa í söfnuðunum, vilja, að safnaðarmenn ráði sjálfir vali presta sinna.

Bið ég því háttvirta alþingismenn að taka þessar breytingartillögur við lög um veitingu prestakalla til gaumgæfilegrar íhugunar og bið þá virða vilja mikils meirihluta þjóðarinnar um, að þau mikilvægu lýðréttindi, sem prestskosningar eru, megi haldast.

Reykjavík, 25. okt. 1978.

Guðrún L. Ásgeirsdóttir.

Sþ. 457. Þingsályktun [165. mál]

um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga.

(Afgreidd frá Sþ. 14. mars.)

Samhljóða þskj. 320.

Ed. 458. Lög [95. mál]

um breyting á leiklistarlögum, nr. 33 12. maí 1977.

(Afgreidd frá Ed. 14. mars.)

Samhljóða þskj. 419.

Nd. 459. Breytingartillögur [190. mál]

við frv. til l. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979.

Frá Ingvari Gíslasyni og Lárusi Jónssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „9 295 millj. kr.“ komi: 9 955 millj. kr.
2. Við 4. gr. Við gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 660 millj. kr. til borunar tveggja vinnsluhola fyrir Kröfluvirkjun árið 1979.

Ed. 460. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 15. mars 1979.

Jón Helgason, form., frsm.	Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr.	Jón G. Sólnes.
Ey. Kon. Jónsson.	Ágúst Einarsson.	Karl Steinar Guðnason.
	Geir Gunnarsson.	

Fylgiskjal.

Frumdrög að reglugerð

um breyting á reglugerð nr. 169/1970, um söluskatt, með áorðnum breytingum.

1. gr.

Við 1. tl. 14. gr. reglugerðarinnar (sbr. 1. tl. 2. gr. reglugerðar nr. 316/1978) bætist ný málsgrein er verði 6. mgr. og orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. til. 5. mgr. þessa töluliðs skal þeim aðilum, sem framleiða íbúðarhús í verksmiðjum, heimilt að draga við söluskattskil eftirtalda hundraðshluta frá heildarsöluverði uppsettra húsa, áður en söluskattur er reiknaður:

a) Sé verksmiðjuframleitt íbúðarhús afhent tilbúið undir málningu og innréttingar án allra lagna eða án verulegs hluta þeirra..... 43%
b) Sé verksmiðjuframleitt íbúðarhús afhent fokhelt og auk þess séu útveggjir tilbúnir undir málningu og þak frágengið að utan..... 42%
c) ...
d) ...

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960, um söluskatt sbr. l. nr. .../1979 öðlast gildi 1. júlí 1979.

Ed. 461. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 36 frá 23. maí 1975, um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingartillögu sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. mars 1979.

Jón Helgason, form., frsm. Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr. Karl Steinar Guðnason.
Jón G. Sólnes. Ey. Kon. Jónsson. Ágúst Einarsson.
Geir Gunnarsson.

Ed. 462. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 36 frá 23. maí 1975, um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „gefur út“ kemur: er heimilt að gefa út.
2. Á eftir 1. gr. kemur ný grein, sem orðist svo:
   4. gr. laganna orðist svo:
   Skuldabréfin eru verðtryggð eða gengistryggð og undanþegin framtalsskyldu, vextir og vinningar eru skattfrjálsir.

Sþ. 463. Tillaga til þingsályktunar [233. mál]

um aðstoð við aldraða og öryrkja við lagfæringar á gömlum íbúðum.

Flm.: Bragi Níelsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hið bráðasta þarfir aldraðs fólks og öryrkja, sem búa við ólíukyndingu íbúða, fyrir lagfæringar og hitaeinangrun þeirra. Jafnframt verði leitað ráða til að aðstoða þetta fólk með beinum fjárstyrkjum eða mjög hagkvæmum lánum til þessara framkvæmda.

Greinargerð.

Sú almenna skoðun er ríkjandi, að heppilegt sé fyrir aldrað fólk að það dveljist í eigin íbúðum svo lengi sem heilsufar og félagslegar aðstæður frekast leyfa. Nú er það vitað, að margt gamalt fólk býr í gömlum og illa einangruðum húsum. Viðhaldi þessara húseigna er oft mjög ábótavant, auk þess sem mörg þessara húsa voru af vanefnum gerð í upphafi, meðan þjóðin bjó almennt við mun lakari lífskjör en nú gerist. Heppileg einangrunarefni voru ekki til, þegar húsin voru byggð, og gluggar voru með einföldu gleri sem leiddi vel kulda og skapaði mikinn raka og

fúa. Mörg þessara húsa eru því hálfgerðir hjallar, og gamla fólkið hefur ekki efni á að betrumbæta þau. Af þessu leiðir að kyndingarkostnaður verður feikilega mikill. Þetta er erfiður baggi fyrir fólk, sem hefur lítið eða ekkert annað en ellilífeyri sér til framfærslu.

Nú þegar sjáanlegt er að olíuverð mun stórlega hækka á næstu tímum, jafnvel svo mjög að hitunarkostnaður meðalíbúðar getur hækkað um 240 þús. kr. á ári, þá gefur það auga leið að þjóðfélagið verður að koma þessu fólki til aðstoðar, og það sem allra fyrst.

Augljóst er, að mörgu gömlu fólki hrýs hugur við að hleypa sér í skuldir á efri árum, enda margt lítt vant slíkum leiðum. Því er hér hreyft þeirri hugmynd, að jafnframt því sem lánakerfi Húsnæðismálastofnunar kæmi þarna til aðstoðar yrði einnig athugað um beina styrki til þessa fólks.

Sþ. 464. Breytingartillaga [78. mál]

við till. til þál. um smíði brúar yfir Ölfusá við Óseyrarnes.

Frá Eggert Haukdal.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar ljúka hönnun og undirbúningi að smíði brúar yfir Ölfusá við Óseyrarnes, þannig að framkvæmdir við brúargerðina geti hafist strax og aðalframkvæmdum við Borgarfjarðarbrúna er lokið.

Sþ. 465. Tillaga til þingsályktunar [234. mál]

um ný samvinnufélagalög.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hefja undirbúning nýrrar löggjafar um samvinnufélög og samvinnusambönd.

Greinargerð.

Á síðasta þingi voru sett ný lög um hlutafélög. Með þeirri löggjöf er lagður grunnur að öflugri og heilbrigðri starfrækslu hlutafélaga, en hluatfélagalögin frá 1921 voru að ýmsu leyti ófullkomin, eins og eðlilegt er. Sama er að segja um samvinnufélagalögin. Ef samvinnufélög eiga að dafna, er þörf verulegra umbóta, enda gera stjórnendur þeirra margir hverjir sér grein fyrir því. Sama er að segja um samband samvinnufélaga.

Meðal þeirra, sem vakið hafa athygli á nauðsynlegri nýbreytni, er Erlendur Einarsson, forstjóri S.Í.S. Í erindi, sem hann flutti á ráðstefnu 2. sept. 1972, sagði hann m. a.:

„Nú langar mig til að varpa fram þeirri spurningu, hvernig þetta gæti litið út hjá okkur í dag, ef við færum að gefa út stofnbréf. Við skulum taka Sambandið sem dæmi. Við skulum hugsa okkur að Sambandið gæfi kaupfélögunum kost á stofnbréfum og við skulum taka árið í fyrra, 1971. Þegar við lítum á efnahagsreikning Sambandsins 31. des. 1971, þá er eigið fé, það sem við köllum eigið fé, um 607 milljónir króna. Þar eru ekki meðtaldar aukaafskriftir af eignum, vörubirgðum og öðru, þannig að það mætti bæta við þetta hundrað milljónum, þannig að þetta yrði þá um 700 milljónir.“

Síðar segir Erlendur Einarsson:

„Ég vil koma að því, — ég gleymdi því alveg áðan, — að til þess að koma þessu í kring, að byggja upp svona almenningsþátttöku, þá verður að sjálfsögðu að breyta lögunum. Það verður að breyta samvinnulögunum og einnig að breyta skattalögunum.

Skattfrelsi sparifjár í innlánsstofnunum hefur, að mínu áliti, m. a. stuðlað að því að fjármagn hefur frekar leitað í banka, sparisjóði og innlánsdeildir heldur en ella og kannske komið í veg fyrir það, að við séum að leita að nýjum leiðum til að fá þátttöku almennings til að koma með fjármagn inn í samvinnufélögin. Og þótt skattfrelsið hafi eitthvað hjálpað, þá hefur það í sumum tilfellum orðið bjarnargreiði.

Hér verður því að breyta lögunum og ég veit, að Eyjólfur Konráð Jónsson verður mér hjálplegur, ég vona það, þegar að því kemur, að fá lagabreytingar um þetta."

Tímabært er nú að hefja endurskoðun samvinnufélagalaga, og að sjálfsögðu yrði samráð haft við forustumenn samvinnufélaga og samvinnusambandsins.

Nd. 466. Breytingartillögur [125. mál]

við brtt. á þskj. 391 [Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.].

Frá Pálma Jónssyni og Eggert Haukdal.

a. Við 2. tölulið (2. gr., sem verður 1. gr.).

1. 1. málsgr. orðist svo:

Nú verður búvöruframleiðsla meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fást erlendir markaðir, sem viðunandi teljast, fyrir það sem umfram er, að mati Framleiðsluráðs og landbúnaðarráðuneytisins, og eru þá Framleiðsluráði, að fengnu samþykki fulltrúafundar í Stéttarsambandi bænda og staðfestingu landbúnaðarráðherra, heimilar eftirfarandi ráðstafanir:

2. a-liður orðist svo:

a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda á lögbýlum og annarra, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Er það m. a. heimilt með því:

Að greiða með samþykki ríkisstjórnarinnar hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn allt að ákveðnu marki, en án tillits til framleiðslumagns þar fyrir ofan.

Að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er. Heimilt er að ákveða að skerðing grundvallarverðs sé engin eða hlutfallslega minni hjá bændum með meðalbú og minna.

Að innheimta framleiðslugjald til verðjöfnunar, sem getur verið mishátt eftir bústærð ef ástæða þykir til.

Að ákveða framleiðendum sérstakar verðbætur ef þeir draga úr framleiðslu sinni um ákveðinn hundraðshluta.

Heimilt er að nota samtímis tvær eða fleiri af ofangreindum leiðum.

Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjárhæð af andvirði innlagðrar búvöru, sem Framleiðsluráð ákveður hverju sinni vegna framkvæmda á ákvæðum þessa stafliðar, og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs. Framleiðsluráð ákveður gjalddaga vegna þessarar heimildar.

Reglur um framkvæmd þessa stafliðar gilda til eins árs í senn.

3. b-liður orðist svo:
   b) Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður og innlendar fóðurblöndur, sem erlent fóður er notað í að hluta. Framleiðendur búvöru á lögbýlum og aðrir, sem hafa meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu, skulu, án þess að greiða gjaldið, fá tiltekið magn kjarnfóðurs miðað við framtalið magn afurða og bústofns á skattframtali, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skattstjórar skulu fyrir 1. maí ár hvert gefa Framleiðsluráði upp framtalið afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Ákvarðanir, sem varða gjaldtöku af kjarnfóðri, skulu teknar af fulltrúafundi Stéttarsambands bænda og vera háðar samþykki landbúnaðarráðherra.
   Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri innheimta gjaldið.
   Sé ákvörðun tekin um að fella niður kjarnfóðurgjald, sem lagt hefur verið á samkvæmt framangreindri heimild, skal endurgreiða það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar niðurfelling er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.
4. 1. málsgr. c-liðar orðist svo:
   Gæsla og ráðstöfun þess fjár, sem innheimtast kann samkv. a- og b-lið þessarar greinar, skal vera í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Meðal annars er heimilt að verja því til að greiða verðbætur til þeirra sem minnka búvöruframleiðslu sína í því skyni að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, enda náist samkomulag um að ríkissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa fjárhæð, svo og til að jafna halla er verða kann á útflutningi milli söluaðila. Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á búvöruverði að svo miklu leyti sem fjár magninu er varið til að jafna söluverð búvara milli framleiðenda.
5. 2. málsgr. c-liðar orðist svo:
   Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir nefnd fimm manna til úrskurðar. Nefndina skipa tveir fulltrúar Stéttarsambands bænda, tveir fulltrúar Búnaðarfélags Íslands og ráðuneytisstjórinn í landbúnaðarráðuneytinu og sé hann formaður.

b. Aftan við frv. komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1979 er heimilt að leggja fram nauðsynlegt fé úr ríkissjóði til þess að greiða fyrir sölu á óverðtryggðri framleiðslu búvara á þessu verðlagsári og birgðum búsafurða sem til eru í landinu þegar lög þessi öðlast gildi.

Sþ. 467. Nefndarálit [51. mál]

um till. til þál. um úttekt á verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála í afstöðu til tillögunnar. Meiri hlutinn leggur til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að beina því til utanríkismálanefndar að hún láti fara fram ítarlega úttekt á fyrirtækinu Íslenskir aðalverktakar, enda hafi nefndin vald til þess að kalla þá fyrir sig, sem hún telur eiga hlut að máli.

Utanríkismálanefnd skal kanna viðskipti félagsins og dótturfyrirtækja þess frá upphafi, umfang viðskipta, verðákvarðanir, ágóða og skiptingu arðs. Þá skal nefndin kanna önnur viðskipti við varnarliðið.

Nefndin skal gefa almenningi kost á að fylgjast með þessari upplýsingaöflun.

Nefndin leggi niðurstöður sínar fyrir Alþingi í formi skýrslu eða tillögugerðar.

Alþingi, 19. mars 1979.

Árni Gunnarsson, fundaskr. Vilmundur Gylfason, frsm. Gils Guðmundsson.

Jónas Árnason.

Sþ. 468. Fyrirspurn [235. mál]

til sjávarútvegsráðherra um álit Hafrannsóknastofnunarinnar á mikilli þorskgengd við landið.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hefur sjávarútvegsráðuneytið óskað eftir sérstöku áliti Hafrannsóknastofnunarinnar á mikilli þorskgengd og þorskveiðum sem verið hefur undanfarið umhverfis allt land?

Ef svo er:

Hvaða árgangar eru uppistaðan í þorskaflanum nú?

Hver er meginástæða aflahrotunnar?

Er hér um að ræða þorsk frá Grænlandi?

Hvaða rannsóknir hafa átt sér stað á þorski sem hrygnt hefur við Grænland undanfarin ár?

Sþ. 469. Tillaga til þingsályktunar [236. mál]

um heildarúttekt á fiskiskipaflota landsmanna.

Flm.: Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera heildarúttekt á fiskiskipaflota landsmanna, samsetningu hans eftir landssvæðum, aldri skipa, veiðiaðferðum, afkastagetu og efnahagslegu gildi.

Niðurstöður verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Með tilliti til hins alvarlega ástands fiskstofna við landið hafa umræður gengið inn á það svið, að fiskiskipafloti landsmanna sé of stór og óhagkvæmur. Háværar raddir heyrast um að tafarlaust verði að minnka fiskiskipaflotann um 20—30 þúsund lestir, sumir telja um helming. Með tilliti til þessara umræðna og fullyrðinga hlýtur að teljast nauðsynlegt að gera sér grein fyrir hvernig fiskiskipafloti okkar er samsettur í dag, — þar sem fram komi stærð og gerð skipa, aldur og afkastageta fyrir hvers konar veiðar, úthaldsdagar á ári og á hvaða landssvæðum hann er skráður.

Þessar upplýsingar hljóta að vera grundvallaratriði þegar rætt er um takmörkun veiða og skynsamlega sókn miðað við afkastagetu fiskstofnanna og nýtingu.

Engar upplýsingar eru aðgengilegar um hversu stór hluti fiskiskipaflotans liggur bundinn í höfn eða stundar veiðar aðeins hluta úr ári.

Það er skoðun flutningsmanns, að þegar verið er að ræða um takmörkun sóknar í fiskstofna og skipulag og stjórnun fiskveiða þurfi þessar upplýsingar að liggja fyrir svo hægt sé að gera sér grein fyrir endurnýjunarþörf og ekki síður samsetningu hans og þýðingu miðað við atvinnuuppbyggingu og afkastagetu fiskvinnslustöðva víðs vegar í landinu. Kemur þar til skoðunar staðsetning miðað við nálægð fiskimiða.

Með hliðsjón af ofangreindum þáttum hlýtur að vera eðlilegt að meta efnahagslegt gildi fiskiskipaflotans fyrir viðkomandi byggðarlög og þjóðfélagið í heild.

Viðurkennt er að mestur hluti útflutningsframleiðslu landsins fer fram í hinum mörgu sjávarþorpum og bæjum víðs vegar um landið. Víða er framleiðslan svo mikil, að miðað við íbúafjölda er hægt að nefna útflutningsverðmæti 2—5 milljónir á hvern íbúa staðarins. Það er því ekki ofmælt, að tilvera og framtíð þessara byggðarlaga stendur og fellur með fiskveiðum og fiskvinnslu og er um leið undirstaða efnahags þjóðarinnar í heild. Allar ákvarðanir um samdrátt í sjávarútvegi eru því stórmál, sem verður að byggja á samræmdum aðgerðum sem byggjast á niðurstöðum sem hefur verið komist að eftir vandlega athugun, þar sem tillit er tekið til ekki aðeins vísindalegra þátta, heldur ekki síður efnahagslegrar og félagslegrar uppbyggingar víðs vegar um landið.

Það er skoðun flutningsmanns, að við eigum að flýta okkur hægt í að minnka fiskiskipaflota okkar, þörf sé á að endurskoða samsetningu fiskiskipaflotans, taka tillit til nýrrar tækni og reynslu, sem sífellt er að þróast í tæknivæddum heimi. Benda má á þá staðreynd, að bylting hefur orðið í tækniútbúnaði við fiskveiðar, sem meðal annars hefur orðið til þess að íslenski loðnuskipaflotinn afkastar mjög miklu við veiðarnar.

Ef íslenskir útgerðarmenn og sjómenn hefðu ekki verið svo opnir fyrir því að tileinka sér þessar nýjungar og tækni, væri floti okkar í dag vanbúinn við þessar veiðar.

Skuttogaravæðing er mesta framþróun í fiskveiðum okkar fyrr og síðar.

Við erum fiskveiðiþjóð í fararbroddi. Þess vegna má aldrei draga úr því, að við tileinkum okkur þá tækni, sem best reynist við fiskveiðar hverju sinni, bæði hvað varðar gerð skipa, tækjabúnað og veiðarfæri. Endurnýjun er nauðsyn, en innan hæfilegra marka. Skip og bátar ganga úr sér á árabili, og er sjálfsagt að meta vandlega hvort hagstæðara er að byggja ný skip frekar en að endurbyggja gömul eða leggja þeim fyrir fullt og allt.

Framkvæmd þessarar þingsályktunartillögu auðveldar ákvörðunartöku í þessu stóra vandamáli þjóðarinnar.

Nd. 470. Lög [63. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 19. mars.)

Samhljóða þskj. 375.

Sþ. 471. Nefndarálit [16. mál]

um till. til þál. um beinar greiðslur til bænda.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Undirritaðir nefndarmenn hafa kynnt sér tillöguna og mæla með samþykkt hennar.

Alþingi, 15. mars 1978.

Vilmundur Gylfason, fundaskr. Ellert B. Schram, frsm. Gunnlaugur Stefánsson.

Jónas Árnason. Lárus Jónsson.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Nd. 472. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Minni hluti félagsmálanefndar telur, að ýmsar réttarbætur fengjust verkafólki til handa, ef frv. yrði að lögum og kæmist í framkvæmd. Undirbúningur málsins hefur hins vegar verið með öðrum hætti en vera ætti um slík mál. Samráð af hálfu stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins hefur verið of lítið og er þó hér um að ræða vandasöm og kostnaðarsöm framkvæmdaratriði.

Vinnumálasamband samvinnufélaganna segir í umsögn sinni 16. febrúar 1979:

„Frumvarp það, sem hér um ræðir, fjallar um mjög flókin og vandmeðfarin samskiptamálefni á vinnumarkaðinum, auk þess aukna tilkostnaðar, sem það hefur í för með sér fyrir atvinnureksturinn. Það er þess vegna mjög misráðið af hálfu ríkisvaldsins að setja fram frumvarp sem þetta, án þess að aðilar vinnumarkaðarins hafi fengið aðstöðu til þess að fjalla um efni þess sameiginlega. Höfum við áður kynnt félagsmálaráðherra og samráðherrum hans þessi viðhorf og m. a. farið fram á að skipuð yrði nefnd, sem í ættu sæti fulltrúar launþega, atvinnurekenda og ríkisvalds, sem fjölluðu um efni frumvarpsins. Af þeirri nefndarskipan hefur enn ekki orðið og ítrekum vér hér með ósk um að slík nefnd verði skipuð."

Vinnuveitendasamband Íslands segir í bréfi 25. jan. 1979:

„Við viljum ítreka þá kröfu okkar, að nú þegar verði skipuð nefnd frá vinnuveitenda- og launþegasamtökunum til að fjalla um framangreind frumvörp og freista þess að ná samkomulagi um efni þess."

Bæði samböndin benda á margvíslega annmarka á frv., óljós ákvæði og vafaatriði í framkvæmd.

Minni hl. félagsmálanefndar telur það miður farið, að ekki skuli hafa verið fallist á eðlilega athugun á þessu vandasama máli, til þess að freista þess að ná samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og reyna að tryggja að verkafólk fengi í reynd og með viðráðanlegum hætti fyrir atvinnureksturinn þær réttarbætur, sem að er stefnt.

Alþingi, 19. mars 1979.

Gunnar Thoroddsen, frsm. Eggert Haukdal

Ed. 473. Breytingartillaga [56. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. mgr. 4. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1979.

Nd. 474. Frumvarp til laga [141. mál]

um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. mars.)

Samhljóða þskj. 196 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:
Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skulu varða sektum, 2000—40 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.
Enn fremur er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk.
Auk þess má láta brot varða skipstjóra fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.
Lagt skal löghald á skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákæruvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður greiddur að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.
Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.
Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Ed. 475. Frumvarp til laga [56. mál]

um breyting á lögum nr. 75, 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. mars.)

Samhljóða þskj. 62 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1979.
Ákvæði 3. gr. taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

Ed. 476. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 36 frá 23. maí 1975, um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. mars.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóði er heimilt að gefa út happdrættisskuldabréf að upphæð allt að 2000 milljónum króna árlega næstu fjögur ár til sölu innanlands. Skal fénu varið til viðbótar fjárframlögum skv. vegáætlun til framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Skuldabréfin eru verðtryggð eða gengistryggð og undanþegin framtalsskyldu, vextir og vinningar eru skattfrjálsir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 477. Lög [104. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu.

(Afgreidd frá Nd. 21. mars.)

Samhljóða þskj. 115.

Nd. 478. Lög [148. mál]

um breytingu á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof.

(Afgreidd frá Nd. 22. mars.)

Samhljóða þskj. 227.

Sþ. 479. Þingsályktun [32. mál]

um verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar.

(Afgreidd frá Sþ. 22. mars.)

Samhljóða þskj. 35.

Sþ. **480. Tillaga til þingsályktunar** [237. mál]

um notkun farstöðva.

Flm.: Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta endurskoða fjarskiptareglur Pósts og síma að því er varðar notkun farstöðva í bifreiðum og öðrum farartækjum, á vinnustöðum, í heimahúsum og á víðavangi. Endurskoðunin taki mið af þeim tæknilegu framförum, sem orðið hafa í framleiðslu fjarskiptatækja að undanförnu, og stefni að því að um notkun farstöðva gildi raunhæfar reglur, sem dragi ekki úr gildi stöðvanna sem öryggistækja.

Greinargerð.

Framfarir í fjarskiptatækni hafa verið undraðrar síðustu árin. Meðal þess, sem þessar framfarir hafa haft í för með sér, er að litlar handhægar talstöðvar, svonefndar farstöðvar (CB-stöðvar), er notaðar eru í 27 MHz tíðnisviðinu, eru nú orðnar mjög algengar bæði í bifreiðum og ýmsum öðrum farartækjum og vinnuvélum, í heimahúsum og vinnustöðum, og til notkunar á ferðalögum, svonefnd labb-rabb tæki.

Samkvæmt upplýsingum Pósts og síma höfðu hinn 1. september sl. verið skráðar hér 10 400 stöðvar. Þar af var vitað að um eitt þúsund voru ekki lengur í notkun. Í greinargerð, sem flutningsmaður aflaði sér um þessi mál frá Pósti og síma s. l. haust, segir orðrétt er fjallað er um fjölda stöðvanna: „Auk þess er í umferð fjöldinn allur af smygluðum stöðvum og telja ýmsir að þær skipti þúsundum.“

Greinilegt er að reglur þær, sem nú eru í gildi um notkun þessara stöðva, eru úr samhengi við veruleikann, og þess vegna eru þær þverbrotnar, einkum að því er varðar sendiafl, en einnig að því er rásafjölda varðar. Nú munu til dæmis eingöngu framleiddar 40 rása stöðvar í Bandaríkjunum, en þær eru vegna úreltra reglna ólöglegar hér á landi. Flestar stöðvanna koma hingað með meiri sendistyrk en leyfilegt er samkvæmt reglum Pósts og síma, og því þarf að draga úr styrknum, og sér Póstur og sími um það. Það mun hins vegar vera lítið verk að færa styrkinn í upprunalegt horf, þegar skírteini og skráning er fengin.

Ástæðan til þess, að Póstur og sími hefur viljað draga úr sendistyrk stöðvanna, er sú að þær munu hafa átt það til að valda truflunum einkum í sjónvarpstækjum. Slíkt mun nú að mestu úr sögunni með nýjustu og fullkomnustu gerðum slíkra stöðva.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það, hver öryggistæki talstöðvar af þessu tagi eru. Þess vegna er nauðsynlegt að um þær gildi reglur er séu í samræmi við raunveruleikann og reglur sem farið sé eftir. Það er tilgangurinn með flutningi þessarar tillögu, að efnt verði til endurskoðunar á gildandi reglum um þessi mál í því skyni að koma þar á betri skipan en verið hefur til þessa.

Ed. 481. Frumvarp til laga [238. mál]

um námsgagnastofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Hlutverk námsgagnastofnunar er að sjá grunnskólum fyrir sem bestum og fullkomnustum náms- og kennslugögnum. Uppeldis- og kennslufræðileg markmið námsgagnastofnunar eru í samræmi við 2. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

Heimilt er að fela námsgagnastofnun að annast verkefni, hliðstæð þeim sem tilgreind eru í lögum þessum, fyrir framhaldsskóla. Enn fremur er heimilt að fela námsgagnastofnun að annast alhliða þjónustu fyrir skóla- og almenningsbókasöfn skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Námsgagnastofnun heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Námsgagnastofnun annast framleiðslu, útgáfu og miðlun hvers konar námsgagna og kennslutækja, fylgist með nýjungum á því sviði og kynnir þær.

Stofnunin skal hafa samstarf við þá aðila sem vinna að endurskoðun námsefnis og nýjungum í skólastarfi á vegum menntamálaráðuneytisins, við fræðsluskrifstofur, svo og Kennaraháskóla Íslands og aðrar stofnanir sem veita kennaramenntun.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn sjö manna námsgagnastjórn og jafnmarga til vara:

a) einn fulltrúa tilnefndan af Félagi skólastjóra og yfirkennara,
b) tvo tilnefnda af samtökum kennara á grunnskólastigi,
c) einn tilnefndan af samtökum kennara á framhaldsskólastigi,
d) einn tilnefndan af Kennaraháskóla Íslands,
e) einn tilnefndan af fræðslustjórum,
f) einn fulltrúa menntamálaráðuneytisins.

Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna og ákveður laun stjórnarinnar.

4. gr.

Námsgagnastjórn gerir framkvæmdaáætlanir og endurskoðar þær reglulega. Hún staðfestir fjárhagsáætlanir og ber ábyrgð á starfsemi og fjárreiðum stofnunarinnar. Hún ræður starfslið stofnunarinnar að fengnum tillögum námsgagnastjóra, sbr. þó 5. grein laga þessara.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar námsgagnastjóra að fengnum tillögum námsgagnastjórnar. Hann á sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti og sér um framkvæmd á ákvörðunum hennar.

Námsgagnastjóri annast daglega stjórn og fjárreiður stofnunarinnar og samhæfir störf deilda.

6. gr.

Námsgagnastofnun skiptist í tvær aðaldeildir: framleiðsludeild og afgreiðslu- og söludeild. Að öðru leyti skal starfsskipting innan stofnunarinnar ákveðin í reglugerð, sbr. 11. gr.

Verkefni deilda eru í megindráttum þessi:

a) Framleiðsludeild framleiðir náms- og kennslugögn miðað við íslenskar þarfir og aðstæður. Hún annast útgáfu námsbóka, handbóka, kennsluleiðbeininga og ítarbóka. Deildin gefur út íslenskt nýsiefni og erlent í íslenskri aðlögun. Hún lætur gera fræðslumyndir eða er aðili að gerð þeirra svo og setja íslenskt tal eða texta við erlendar myndir.
b) Afgreiðslu- og söludeild annast öflun og dreifingu náms- og kennslugagna. Hún vinnur að hagkvæmri notkun nýsitækja í skólum landsins og veitir leiðbeiningar um notkun þeirra. Deildin hefur einnig með höndum kynningar- og fræðslustarfsemi fyrir skóla um námsgögn og kennslutækni í samstarfi við þá aðila sem taldir eru í 2. gr.

Námsgagnastofnun er heimilt að hafa þau náms- og kennslugögn, sem hún framleiðir, til sölu á frjálsum markaði samkvæmt nánari ákvörðun námsgagnastjórnar.

7. gr.

Nemendur í skyldunámi skulu fá ókeypis námsgögn samkvæmt ákvörðun námsgagnastjórnar.

Á þeim tíma árs, er námsgagnastjórn ákveður, skulu skólanefndir sjá um að námsgagnastofnun berist greinargerð um þau náms- og kennslugögn sem þörf er á til kennslu næsta skólaár. Greinargerðinni skal fylgja skýrsla um fjölda skólaskyldra barna og unglinga í skólahverfinu ásamt skilagrein fyrir síðastliðið ár. Námsgagnastofnun hlutast síðan til um að námsgögn, miðað við pöntun og rétt skólans samkvæmt gildandi úthlutunarreglum, séu send til réttra aðila. Nemendur fá námsgögnin til afnota eða eignar samkvæmt reglum sem námsgagnastjórn setur.

8. gr.

Kostnaður við starfsemi námsgagnastofnunar greiðist úr ríkissjóði og af eigin tekjum stofnunarinnar sem eingöngu má verja í þágu þeirra verkefna sem lög þessi mæla fyrir um.

Námsgagnastjórn gerir áætlun til allt að 5 ára um útgáfu náms- og kennslugagna. Áætlunina skal endurskoða árlega og skal hún fylgja tillögum stofnunarinnar um fjárveitingu í fjárlögum.

9. gr.

Eigi er skylt að úthluta skólum námsgögnum umfram það sem ákveðið er í lögum þessum, sbr. 7. gr. Þó er skólum heimilt að nota námsbækur og námsgögn, sem hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðuneytis, þess efnis að þau fari ekki í bága við gildandi námsskrá.

Nánar skal kveðið á um veitingu slíkrar viðurkenningar í reglugerð.

10. gr.

Námsgagnastofnun skal stuðla að varðveislu gamalla skólagagna.

Heimilt er, að fenginni fjárveitingu, að fela sérstökum starfsmanni umsjón þessa verkefnis.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51/1956, um Ríkisútgáfu námsbóka, lög nr. 54/1961, um Fræðslumyndasafn ríkisins, og 21. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, svo og önnur ákvæði sem fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp um þetta efni hefur fimm sinnum legið fyrir Alþingi en eigi orðið útrætt. Frumvarpið í sinni upprunalegu mynd var samið af nefnd sem Magnús Torfi Ólafsson, menntamálaráðherra, skipaði hinn 27. júlí 1972 til þess að endurskoða lög um Ríkisútgáfu námsbóka, Fræðslumyndasafn ríkisins og fleira.

Um helstu breytingar frá núgildandi lögum sem frumvarpið í núverandi mynd felur í sér skal þetta tekið fram:

1. Ríkisstofnanir sem starfa að útgáfu, miðlun og framleiðslu námsefnis og kennslugagna eru sameinaðar í námsgagnastofnun er lúti daglegri stjórn eins forstjóra, námsgagnastjóra.
2. Í stað námsbókanefndar og stjórnar Fræðslumyndasafns ríkisins kemur óskipt námsgagnastjórn og skal hún hafa með höndum yfirstjórn á starfsemi og fjárreiðum námsgagnastofnunar.
3. Ákvæði eru um náið samstarf námsgagnastofnunar og þeirra aðila er vinna að endurskoðun námsefnis og nýjungum í kennslustarfi á vegum menntamálaráðuneytisins, við Kennaraháskóla Íslands og aðrar þær stofnanir er kennaramenntun veita.
4. Námsgagnastofnun mun framleiða ýmiss náms- og kennslugögn miðað við íslenskar þarfir og aðstæður önnur en prentað mál.
5. Lögfest er að auk eiginlegra námsbóka skuli gefnar út handbækur og kennsluleiðbeiningar handa kennurum, svo og ítarbækur, þ. e. viðbótarbækur fyrir nemendur, auk hverskonar nýsigagna.
6. Ákvæði er um að námsgagnastofnun skuli stuðla að varðveislu skólaminja.
7. Ákvæði um fjármögnun deilda námsgagnastofnunar eru einfölduð og samræmd miðað við það sem nú er. Er miðað við að allt ríkisfé til stofn- og rekstrarkostnaðar verði í formi venjulegra fjárveitinga í fjárlögum. Aðrar tekjur stofnunarinnar verði eðlilegar sölu- og leigutekjur af efni og tækjum.

Þær stofnanir sem nú gegna því hlutverki, sem námsgagnastofnun er ætlað, eru Ríkisútgáfa námsbóka, Skólavörubúðin og Fræðslumyndasafn ríkisins. Horfur eru á að unnt verði að tengja starfsemi þessara stofnana í sameiginlegu húsnæði áður en langt um líður.

Um þróun náms- og kennslutækni á Íslandi og um þróun fyrrnefndra stofnana verður ekki fjallað í þessum athugasemdum. Þess í stað er vísað til álits hinnar stjórnskipuðu nefndar en það hefur áður fylgt frumvarpinu í heild.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um meginhlutverk námsgagnastofnunar. Hún skal vinna að því að grunnskólar hafi jafnan sem best og fullkomnust námsgögn.

Þá er kveðið á um uppeldis- og kennslufræðilegt markmið stofnunarinnar. Í lögum nr. 63/1974 um grunnskóla (sbr. 2. og 42. gr.) og í Aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á að skólinn skapi hverjum nemanda viðfangsefni sem hæfa þroska hans og reynslu. Jafnframt er lögð áhersla á að nemendur fái þjálfun í að vinna með öðrum, þjálfun í að vinna sjálfstætt og geti aflað sér þekkingar af eigin rammleik.

Orðið námsgögn er í frumvarpinu notað í víðtækri merkingu um hvers kyns efni sem nemendur vinna með: þar má nefna prentað og fjölritað mál, hljóð- og myndritað efni, hluti og tæki sem notuð eru við nám og kennslu. Námsbækur gegna veigamiklu hlutverki, ekki síst handbækur af ýmsu tagi sem vekja áhuga nemenda

og örva þá til að afla sér fróðleiks og þekkingar. Sýnt er þó að útgáfa annarra námsgagna en bóka mun aukast verulega. Ýmiss kennslufræðileg rök draga athyglina æ oftar að myndefni og öðrum hjálpartækjum. Hér má nefna ljósmyndir, myndspjöld, litskyggnur, myndræmur, glærur, hljómbönd, líkön og aðra hluti til skýringa og athugana, námsspil, vinnuspjöld, efni til mynd- og handmennta auk verkefna og gagna sem gera nemendum kleift að gera tilraunir og athuganir í skólastofum og í vettvangsferðum.

Smæð íslensks skólavörumarkaðar sníður því stakk hvaða möguleikar eru á þessu sviði hér á landi. Þannig má ætla að gerð dýrra námsgagna, s. s. myndsegulbanda og kvikmynda, verði ekki stór í sniðum. Í þeim efnum mun henta betur að aðlaga erlent efni sem er þá lánað skólunum.

Það verður eitt meginhlutverk námsgagnastofnunar að auðvelda skólunum að afla sér námsgagna og jafnframt að veita þeim upplýsingar og sérfræðilega aðstoð varðandi tækjakaup. Ber hér sérstaklega að nefna þjónustu við skóla í hinum dreifðu byggðum landsins.

Þá mun námsgagnastofnunin sinna útgáfu margs konar námsgagna sem sniðin eru að þörfum nemenda með sérþarfir, en á undanförnum árum hefur verið mikill skortur á námsgögnum fyrir sérkennslu.

Þó er skv. greininni heimilt að fela námsgagnastofnun gerð og dreifingu náms- og kennslugagna fyrir framhaldsskóla, en sem stendur er enginn einn aðili sem sinnir þessum verkefnum fyrir skóla á framhaldsskólastigi.

Varðveisla, notkun og miðlun alls konar námsgagna og kennslutækja fer í vaxandi mæli fram í skólasöfnum. Námsgagnastofnun hlýtur að koma til með að veita skólasöfnum verulega þjónustu. Almenningsbókasöfn þurfa einnig að koma inn í þessa mynd vegna vaxandi hlutverks þeirra í upplýsingamiðlun og menntun og vegna tengsla almenningsbókasafnanna og samvinnu við skóla og aðrar menntastofnanir. Þjónusta við söfn er nú á mörgum stöðum og lítil eða engin samvinna á milli þeirra sem hana annast. Nauðsynlegt er að sameina þessa þjónustu sem mest á einum stað og efla hana.

Ljóst er af þessu að námsgagnastofnun er ætlað vítt og mikilvægt starfssvið.

Með námsgagnastofnun eru tengd saman í eina heild verkefni sem fram að þessu hafa tilheyrt fleiri stofnunum. Slíkri heildarsamhæfingu er ætlað að stuðla að markvissum vinnubrögðum, hagræðingu, sparnaði og aukinni þjónustu.

Greinin kveður á um að námsgagnastofnun skuli heyra undir menntamálaráðuneytið. Samkvæmt því er stofnunin ríkisfyrirtæki, sbr. einnig 8. gr. Ljóst er að stofnun, sem ætlað er að tryggja nemendum og kennurum sem best og fullkomnust námsgögn, hlýtur að verða á vegum ríkisins, eigi hún að veita öllum grunnskólum (sjá einnig 19. gr.) viðhlítandi þjónustu. Er hér raunar um að ræða eðlilegt framhald þeirrar stefnu til aðstöðujöfnunar á þessu sviði sem löggjafarvaldið hefur markað frá og með árinu 1936 er fyrst voru sett lög um Ríkisútgáfu námsbóka.

Um 2. gr.

Verkefni námsgagnastofnunar eru hér tilgreind í aðalatriðum. Hún skal annast útgáfu og miðlun námsgangna, fylgjast með nýjungum á því sviði og kynna þær.

Þá er í greininni ákvæði sem leggur stofnuninni þær skyldur á herðar að hafa jafnan samstarf við:

1) þá sem vinna að endurskoðun námsefnis og nýjungum í kennslustarfi á vegum menntamálaráðuneytisins,
2) fræðsluskrifstofur, en þeim er nú smám saman að vaxa ásmegin og eru þar að skapast möguleikar á leiðbeiningum og þróunarstarfi í tengslum við námstjórn menntamálaráðuneytisins. Jafnframt þessu eru hjá fræðsluskrifstofum saman komnar ýmsar upplýsingar um rekstur skóla en þær eru nauðsynlegar við áætlanagerð og starfsemi námsgagnastofnunar,
3) stofnanir sem veita kennaramenntun.

Það gefur augaleið að námsgagnastofnun þarf að hafa samvinnu við marga aðila aðra en þá sem hér eru nefndir. Hins vegar er ljóst að starf námsgagnastofnunar er mjög háð samstarfi við hina tilgreindu aðila, eigi átak hins opinbera á þessu sviði að vera skilvirkt og í tengslum við þá þróun sem á sér stað í grunnskólum.

Á vegum menntamálaráðuneytisins hefur á undanförnum árum verið unnið mjög mikið starf við námskrárgerð og endurskoðun námsefnis í grunnskólum. Er talsvert nýtt námsefni nú þegar komið út í kjölfar þessarar endurskoðunar og hefur verið náið samstarf milli menntamálaráðuneytisins, skólarannsóknadeildar og Ríkisútgáfu námsbóka um þá útgáfustarfsemi. Einnig hefur farið vaxandi samstarf deildarinnar og Fræðslumyndasafns ríkisins og nauðsynlegt að efla það. Stöðug samvinna milli menntamálaráðuneytisins og námsgagnastofnunar á þessu sviði er ófrávíkjanleg nauðsyn og koma þar til m. a. ákvarðanir um meiri háttar verkefni, skýr verkaskipting og gott heildarskipulag allrar starfseminnar. Jafnframt slíku samstarfi um útgáfumál er samvinna þessara aðila um kynningu á námsgögnum og notkun þeirra brýnt nauðsynjamál, sbr. athugasemdir við 6. grein frumvarpsins.

Náin samvinna námsgagnastofnunar við kennaraskóla landsins er augljós en í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að Kennaraháskóli Íslands sé eins konar samnefnari kennaraskólanna varðandi skipulegt samstarf við námsgagnastofnun.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til að sjö manna námsgagnastjórn verði skipuð til að hafa yfirumsjón með störfum námsgagnastofnunar. Er hér um að ræða fækkun frá því sem nú er, því að samkvæmt gildandi lögum eiga samtals 10 manns sæti í námsbókanefnd og stjórn fræðslumyndasafns.

Ekki þykir vænlegt að námsgagnastjórn sé skipuð færri mönnum en hér er gert ráð fyrir, enda er henni ætlað yfirgripsmikið og vandasamt hlutverk.

Gert er ráð fyrir að fulltrúar frá samtökum skólastjóra og kennara á grunnskólastigi verði þrír í námsgagnastjórn. Er þessi kostur valinn með hliðsjón af því að nemendur og kennarar á grunnskólastigi eru þeir aðilar sem námsgagnastofnun er einkum ætlað að þjóna og því mikilvægt að sem mest og best tengsl séu milli þessara aðila. Einn fulltrúi tilnefndur af samtökum kennara á framhaldsskólastigi skal og eiga sæti í stjórninni. Eins og sakir standa eru ekki til heildarsamtök kennara á grunnskólastigi og ekki heldur kennara eða skólastjóra á framhaldsskólastigi. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að þau félagasamtök sem hér eiga hlut að máli tilnefni fulltrúa í námsgagnastjórn og ætlast til að þau hafi samráð um tilnefninguna. Þá verður einn fulltrúi frá Kennaraháskóla Íslands, einn fyrir fræðslustjóra og einn úr menntamálaráðuneytinu, og vísast um rökstuðning fyrir því til athugasemda við síðari málsgrein 2. greinar. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi áðurgreindra sjö stjórnarmanna.

Um 4. gr.

Hér er tilgreint hlutverk námsgagnastjórnar. Er það að mestu í samræmi við tíðkanlegar venjur, en vert er þó að taka eftirfarandi sérstaklega fram:

a) Svo er ráð fyrir gert að stjórnin marki heildarstefnu og geri framkvæmdaáætlanir (sbr. 8. gr.), taki ákvarðanir um meiriháttar framkvæmdir og megindrætti í verkefnum deilda. Rétt er að slík stjórn beri einungis ábyrgð á meginatriðum sem fela í sér stefnumörkun og áætlanagerð, en starfsmenn stofnunarinnar stjórni framkvæmdum að öðru leyti.
b) Menntamálaráðherra ræður námsgagnastjóra, þ. e. forstjóra stofnunarinnar, að fengnum tillögum stjórnarinnar. Allt annað starfslið ræður námsgagnastjórn að fengnum tillögum námsgagnastjóra.

Greinin miðar öll að því að námsgagnastjórn verði virkur aðili í stefnumörkun með eðlileg tengsl við starfslið stofnunarinnar.

Um 5. gr.

Þessi grein fjallar um forstjóra námsgagnastofnunar sem verði skipaður af menntamálaráðherra að fenginni umsögn námsgagnastjórnar. Starfsheiti forstjórans verði námsgagnastjóri. Talið er nauðsynlegt að námsgagnastjóri sé sérfróður á sviði kennslufræði og/eða rekstrarfræði.

Um 6. gr.

Hér eru taldar upp deildir námsgagnastofnunar, þ. e. **framleiðsludeild og afgreiðslu- og söludeild.** Þar sem starfsemi stofnunarinnar er mjög fjölþætt er talið nauðsynlegt að setja reglugerð um starfsskiptingu innan hennar.

Nýjar aðferðir við nám og kennslu og ný námsgögn hafa leitt til þess að nú er mun meiri þörf en áður á ýmiss konar kennsluleiðbeiningum. Einnig þarf að auka verulega útgáfu hvers konar handbóka fyrir kennara og nemendur. Í slíkum handbókum má fá meiri og nákvæmari vitneskju um tiltekið námsefni en í sjálfum námsbókunum. Starf skóla beinist nú mjög í þá átt að nemendur læri að afla sér fróðleiks á eigin spýtur, geti á sjálfstæðan hátt aukið þekkingu sína. Einnig má minna á að nú er verið að efla skólasöfn, en hérlendis er verulegur skortur á handbókum um margvísleg fræðileg efni við hæfi barna og unglinga.

Í námsgagnastofnun þarf að vera viðunandi aðstaða til að gera filmur, glærur og skyggnur. Þar þarf einnig að vera aðstaða til hljóðritunar og fjölritunar. Í mörgum tilvikum verður heppilegra að bjóða slík verkefni út á frjálsum markaði en sérfróðir aðilar innan námsgagnastofnunar verða að annast högun og hönnun slíkra verkefna.

Eðlilegt er að námsgagnastofnun annist útlán námsgagna sem eru það dýr að skólar geta ekki eignast þau. Má hér nefna myndsegulbönd og kvikmyndir. Aðkallandi er að auka þjónustu við skólana á þessu sviði. Einnig þarf mun oftar en kleift hefur verið á undanförnum árum að setja íslenska texta við fræðslukvikmyndir. Eins og málum er nú háttað eru fáar kvikmyndir í eigu Fræðslumyndasafns með íslenskum texta og rýrir það notagildi þeirra. Einnig er nauðsynlegt að gerðar séu leiðbeiningar um notkun einstakra kvikmynda til að auðvelda kennurum að nota þær í kennslu.

Útvegun hvers konar námsgagna bæði utanlands og innan verður mikilvægur þáttur í starfseminni. Krefjast þau störf sífellt sérhæfðari þekkingar á þörfum skólanna og þeim vörum sem kostur er á hverju sinni.

Þess má geta að kaup skóla á dýrum kennslutækjum og námsgögnum hafa í mörgum tilvikum verið óhagkvæm. Það mun koma í hlut námsgagnastofnunar að veita nauðsynlegar leiðbeiningar í þessu efni, bæði tæknilegar og kennslufræðilegar.

Mikilvægt viðfangsefni námsgagnastofnunar verður stöðug kynningarstarfsemi. Í húsakynnum stofnunarinnar þarf því að vera aðstaða þar sem kennarar, kennaranemar og aðrir geta kynnt sér námsgögn og kennslutæki og fengið upplýsingar um notkun þeirra.

Vísir að slíkri kynningarstarfsemi er nú fyrir hendi í þeim stofnunum sem námsgagnastofnun er ætlað að leysa af hólmi. Þessi starfsemi hefur verið rekin við ófullkomnar aðstæður og hefur af þessu leitt verulegt óhagræði fyrir kennara. Það er mikilvægt að samræma þetta starf, efla það til muna og fá því fastan samastað.

Í kynningarmiðstöð þarf að vera aðstaða til kvikmyndasýninga, umræðufunda, stuttra námskeiða og annarrar fræðslustarfsemi fyrir skólana. Kennarar þurfa að hafa aðstöðu til að safna hugmyndum, vinna og fjölfalda verkefni, athuga námsgögn, kennslutæki og aðrar skólavörur. Í kynningarmiðstöð þurfa að liggja frammi vöru- og bókaskrár, handbækur, upplýsingarit og tímarit um námsgögn og kennslutæki.

Kynningarstarf verður að fara fram í náinni samvinnu við námstjóra menntamálaráðuneytisins og þá aðila sem vinna að endurskoðun námsefnis og kennslu.

Námstjórar munu einnig leggja sitt af mörkum varðandi öflun námsgagna, mat á þeim og kynningu. Þessi þáttur hefur verið fastur liður í starfi námstjóra á undanförnum árum en aðstöðuleysi hefur gert það að verkum að þessi þjónusta hefur ekki nýst sem skyldi.

Á undanförnum árum hafa á vegum menntamálaráðuneytisins verið gerðar margháttaðar tilraunir með kynningarstarfsemi. Efnt hefur verið til funda og námskeiða þar sem aðferðir og verkefni hafa verið kynnt og aðstaða sköpuð til umræðna og verkefnagerðar. Þessar tilraunir hafa mælst vel fyrir og leitt í ljós að veruleg þörf er fyrir slíka starfsemi.

Um 7. gr.

Við það er miðað að nemendur í skyldunámi fái ókeypis námsgögn sem ýmist verða eign þeirra eða skólans.

Í samræmi við grunnskólalög skal unnið að því að skólar eigi kost á fjölbreyttum og fullnægjandi námsgögnum sem til staðar verði í skólunum og dreift til nemenda eftir því sem nauðsynlegt er talið. Miðað skal við að unnt sé að velja milli vandaðra námsgagna í hverri námsgrein.

Sá háttur hefur verið á frá upphafi (1936) að nemendur í barnaskólum hafa fengið námsbækur sínar ókeypis og til eignar frá Ríkisútgáfunni og eftir 1956 hefur hið sama gilt um nemendur í unglingaskólum. Fyrstu áratugina voru bækurnar svo litlar og ódýrar að ekki þótti taka því að ætla fleiri en einum nemanda að nota hverja bók. Þá söfnuðust stundum á heimilum hlaðar af nothæfum bókum sem hvergi virtist vera þörf fyrir og er svo enn að nokkru leyti.

Á síðustu árum hefur úthlutunarfyrirkomulagi Ríkisútgáfu námsbóka verið breytt þannig að skólar fá bækur til eignar og nemendur svo aftur að láni meðan bókin endist. Gildir þetta nú ekki eingöngu um dýrar og stórar bækur heldur einnig önnur námsgögn, vinnuspjöld og ítarefni ýmiss konar sem nemendur vinna með í skólanum en eignast ekki.

Nú er gengið lengra í þessa átt. Hver skóli fær í sinn hlut ákveðið ráðstöfunarfé í stað tiltekinna námsgagna. Þetta ætti að stuðla að betri nýtingu námsgagna. Meðferð námsgagna batnar og hefur þetta — ekki síður en sparnaður — uppeldislegt og menningarlegt gildi.

Nauðsynlegt er að ákveða í reglugerð hvernig úttektarheimild skuli ákveðin. Þarf þar að taka tillit til margra þátta, svo sem námskrár, stærðar skóla og stöðu, skiptingar í bekkjardeildir, aldurs nemenda o. fl.

Um 8. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að allur kostnaður við námsgagnastofnun verði greiddur úr ríkissjóði og ákvarðaður á fjárlögum hverju sinni.

Jafnframt er gert ráð fyrir því að stjórn stofnunarinnar geri langtímaáætlanir og starfi eftir þeim. Slíkt er brýn nauðsyn, ekki síst í útgáfumálum.

Með langtímaáætlun sem fylgt er eftir í starfi verður verkefnaskipting námsgagnastjórnar og starfsfólks stofnunarinnar skýrari og greinilegri og hægt er að framkvæma verk á hagkvæmari hátt. Slíkar langtímaáætlanir fá þó að sjálfsögðu ekki staðist nema fullt tillit sé tekið til þeirra við gerð fjárlaga.

Þá er tekið fram í greininni að tekjum stofnunarinnar megi aðeins verja í þágu þeirra verkefna sem lögin mæla fyrir um. Með tekjum stofnunarinnar er hér átt við væntanlegan hagnað af sölu margvíslegra námsgagna umfram það sem skólar fá samkvæmt úttektarheimild.

Verði frumvarp þetta að lögum er ljóst að námsgagnastofnun verður einhver mikilvægasta þjónustustofnun skólanna í landinu. Mjög brýna nauðsyn ber því til þess að fjárveiting til starfseminnar verði í samræmi við þarfir og starfsáætlanir sem gerðar eru á grundvelli þeirra.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að nemendur fái námsgögn samkvæmt ákvörðun námsgagnastjórnar, sbr. 7. gr. Hér er fyrst og fremst um að ræða kennslugögn sem námsgagnastofnun lætur framleiða, enda er það hennar hlutverk að sjá skólum fyrir kennslugögnum, en hins vegar er alltaf eitthvað um það að námsbækur og önnur námsgögn séu framleidd af einkaaðilum.

Greinin kveður á um að skólar geti notað slík gögn svo framarlega sem þau fara ekki í bága við gildandi námskrá og hafi hlotið viðurkenningu menntamálaráðuneytisins eða einhvers aðila, t. d. námsgagnastofnunar, í umboði þess.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um varðveislu skólaminja. Á hverjum tíma eru í notkun námsgögn sem úreldast smám saman og hverfa þegar ný koma til sögunnar. Hliðstætt má segja um starfshætti í skólum og ýmsar venjur og siði sem hafa skapast. Hér er um að ræða fjölmargt sem hefur bæði menningarlegt og sögulegt gildi og er hætt við að þessi verðmæti glatist, ef ekki er að gert. Hjá Ríkisútgáfu námsbóka hefur minjum verið haldið til haga um langt skeið og má því segja að þar sé að finna verulegan vísi að skólaminjasafni. Námsgagnastofnun mun og í framtíðinni eiga öðrum auðveldast með að safna slíkum minjum, en fram til þessa hefur ekki verið bundið í lögum hverjum beri að annast slíkt. Óhætt mun að fullyrða að nauðsyn er nú að bregðast skjótt við svo margt það sem mótað hefur íslenskt skólastarf undanfarna áratugi og lengur hverfi ekki í hít gleymskunnar.

Í greininni er heimilað að við námsgagnastofnun starfi skólaminjavörður er hafi það meginverkefni að stuðla að varðveislu skólaminja. Nánar yrði kveðið á um verksvið skólaminjavarðar í reglugerð.

Snemma á síðasta áratug var hafin, fyrir frumkvæði Gunnars M. Magnúss kennara og rithöfundar, söfnun skólaminja á vegum Fræðslumálaskrifstofunnar. Vann Gunnar að söfnun og skráningu skólaminja. Á árunum 1966—72 var nokkru fé ráðstafað á fjárlögum til þessarar starfsemi. Áætlanir voru um að setja á fót sérstaka stofnun, Skólaminjasafn ríkisins, og skyldi það fá inni í húsakynnum Kennaraháskóla Íslands. Þessar hugmyndir náðu ekki fram að ganga.

Eins og að var vikið í athugasemdum við 2. gr. þessa frumvarps hefur á vegum Ríkisútgáfu námsbóka verið aflað eintaka af gömlum skólabókum, einkum fyrir frumkvæði og áhuga Jóns Emils Guðjónssonar, fyrrv. forstjóra útgáfunnar. Ekki hefur verið unnið skipulega að söfnun annarra skólaminja s. s. kennslutækja, skólabúnaðar, skólaskýrslna, verkefna, prófa og vinnubóka svo fátt eitt sé nefnt. Ýmis þau gögn sem haldið hefur verið til haga eru geymd við afar bágbornar aðstæður út um hvippinn og hvappinn og í sumum tilvikum liggja þau undir skemmdum. Því má fullyrða að merkar skólasögulegar minjar fari forgörðum ef ekki verður brugðist skjótt við.

Um 11. gr.

Nauðsynlegt er að kveða nánar á í reglugerð um framkvæmd þessara laga. Sem dæmi um slík framkvæmdaatriði má nefna verkaskiptingu, greiðsluskyldur, samráð og samstilltar ákvarðanir námsgagnastofnunar og menntamálaráðuneytis, skólarannsóknadeildar, varðandi undirbúning að nýju námsefni, sbr. 2. grein þess frumvarps.

Þá er einnig nauðsynlegt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptingu starfa innan námsgagnastofnunar og ýmiss atriði önnur er varða starfsemi stofnunarinnar.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 482. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., sbr. lög nr 24 10. maí 1977 og lög nr. 82 18. maí 1978 um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Í frumvarpinu felst sú breyting frá gildandi lögum að fella niður heimild um að ráðherrar geti keypt bifreiðar án þess að greiða aðflutningsgjöld.

Fjárhags- og viðskiptanefnd varð sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 19. mars 1979.

Lúðvík Jósepsson, form., frsm. — Halldór E. Sigurðsson, fundaskr.

Matthías Á. Mathiesen. — Ólafur G. Einarsson. — Kjartan Ólafsson.

Vilmundur Gylfason, með fyrirvara. — Finnur Torfi Stefánsson, með fyrirvara.

Nd. 483. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til laga um upplýsingaskyldu banka og annarra lánastofnana.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meiri hluti fjárhags- og viðskiptanefndar leggur til að frumvarpið verði samþykkt, en Lúðvík Jósepsson skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara.

Minni hluti nefndarinnar mun skila séráliti.

Alþingi, 22. mars 1979.

Lúðvík Jósepsson, form., með fyrirvara. — Kjartan Ólafsson, frsm. — Finnur Torfi Stefánsson.

Vilmundur Gylfason.

Ed. 484. Frumvarp til laga [239. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist:

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal starfrækja útibú frá stofnuninni á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og eystra, Austurlandi og Suðurlandi. Útibúin skulu veita alla sömu þjónustu og stofnunin sjálf veitir, hvað snertir upplýsingar, teikningar og fyrirgreiðslu hvers konar.

Þau taka við umsóknum hvert af sínu svæði, yfirfara þær og afgreiða í samráði við yfirstjórn stofnunarinnar. Þau skulu einnig annast þá þætti, er lúta að byggingu verkamannabústaða og leiguíbúða sveitarfélaga á sínu starfssvæði, svo og aðra þá þætti félagslegra framkvæmda, er til greina koma, enda hljóti þeir samþykki yfirstjórnar stofnunarinnar.

Útibúin skulu hafa nána samvinnu við skipulagsskrifstofur landshlutanna eða þjónustumiðstöðvar, er þeim verður komið á. Afgreiðsla og útborgun lána skal fara fram í samvinnu við útibú Landsbankans á hverju svæði eða útibú annars ríkisbanka, og skulu bankaútibúin ganga frá öllum skilmálum og veðtryggingum.

Húsnæðismálastofnun ríkisins sér útibúunum fyrir nægilegu fé til afgreiðslu umsókna hverju sinni með tilliti til heildarútlána stofnunarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er nú flutt í fjórða sinn. Það var fyrst flutt á þinginu 1973, þegar staðarvalsnefnd var að störfum, og var hugsað þá sem viss prófsteinn á hugmyndir og vilja Alþingis varðandi stofnun útibúa af þessu tagi. Staðarvalsnefnd tók einróma undir hugmyndir frv., en síðan hefur lítið markvert gerst í þeim málum í heild og frv. um heildarframkvæmd þessara stofnanamála mun lagt fram nokkuð samhliða þessu. En vegna forsögu þessa sérstaka þáttar þykir rétt að láta hér á reyna.

Á sínum tíma komu fram kröfur um samþykkt frv. af þessu tagi utan af landsbyggðinni, enda hlaut það vegna þess þrýstings m. a. afgreiðslu til ríkisstjórnar með mjög jákvæðri umsögn á þinginu 1975—76.

Ekki er vitað til neinna viðbragða til beinna aðgerða í þessum efnum, þó vitað sé að Húsnæðismálastofnunin hefur allmikið fjallað um möguleika af þessu tagi, og hlýtur viðkomandi nefnd að fá þar um allar upplýsingar um athuganir og hugsanlegar niðurstöður. Um ástæður frv. segir svo í fyrri greinargerð:

Sú krafa verður æ háværari og almennari úti á landsbyggðinni, að hvers konar þjónusta á vegum hins opinbera verði stóraukin, hún færð frá Reykjavík út í héruðin sem allra mest. Íbúarnir úti á landi una því eðlilega illa að þurfa að sækja flest stórt sem smátt til höfuðborgarinnar, oftast með ærnum kostnaði. Hinir ýmsu þjónustuþættir eru um margt ólíkir, sumir eru þess eðlis, að erfitt er að koma þjónustunni hvarvetna við, þó að þörf sé brýn og þjónustan eigi fullan rétt á sér.

Að þeim ber að stefna engu að síður, þó að róðurinn kunni að vera þungur.

Ýmsir þættir opinberrar þjónustu eru hins vegar þess eðlis, að fátt mælir því í gegn, að þeir séu sem víðast ræktir.

Hér er staðnæmst við húsnæðismálin, einkum af tveim ástæðum.

Í fyrsta lagi eru húsnæðismálin meir í brennidepli á landsbyggðinni en nokkru sinni. Þar er nú meira byggt og af meiri fjölbreytni en áður.

Auk hinna almennu húsbygginga einstaklinga eru verkamannabústaðir, leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga og byggingar á vegum almennra byggingarfélaga.

Þessi gróska og hin öra uppbygging í kjölfar aukinnar atvinnu kallar blátt áfram á betri þjónustu, þjónustu, sem veitt er heima í landshlutunum.

Hún fæst ekki nema með einhverju því fyrirkomulagi, sem ráð er fyrir gert í frv.

Í öðru lagi hefur þess orðið átakanlega vart, hve erfitt er um vik, einkum einstökum húsbyggjendum, að þurfa allt hingað að sækja, og af því hafa sprottið margs konar erfiðleikar, mikil mistök, sem oft hafa reynst hlutaðeigandi mjög dýr.

Ríkisvaldinu ber tvímælalaust skylda til að létta þeim álögum og kostnaðarauka af landsbyggðarfólki sem framast er kostur, og hér er inn á einn þátt þeirrar skyldu komið.

Síðan frv. var vísað til ríkisstjórnar hafa verið samþykkt frá Alþingi ný byggingarlög, sem gera ráð fyrir mun fastari skipan byggingarmála á landsbyggðinni hvað byggingarfulltrúa snertir, enda í samræmi við þróun síðustu ára.

Byggingarfulltrúar hafa tekið að sér æ viðameiri verkefni varðandi alla ráðgjöf og fyrirgreiðslu fyrir húsbyggjendur. Húsnæðismálastofnunin hefur gert verulegt átak í þeim efnum að efla samskipti og fræðslu fyrir byggingarfulltrúa, og segja má með miklum rétti að þróun og aðgerðir þessar hafi auðveldað mjög þá skipan, sem lögð er til með frv. þessu.

Um fyrirkomulag og starfssvið þessara útibúa má lengi deila, þ. e. hvert á að vera vald þeirra og hvað á að vera í höndum yfirstjórnar Húsnæðismálastofnunarinnar.

Hér er lagt til, að vald og ákvarðanatekt verði sem mest í höndum útibúanna sjálfra, þó að samráð við yfirstjórn sé sjálfsagt og samþykki hennar þurfi til að koma, ef nýir þættir bætast í útlánakerfið.

Um yfirstjórn hvers útibús fyrir sig er engu slegið föstu, heldur yrði það að ákveðast af yfirstjórn stofnunarinnar og viðkomandi ráðherra og yrðu um það sett nánari ákvæði t. d. í reglugerð.

Hér er lagt til, að útibú verði í öllum kjördæmum utan Reykjaneskjördæmis, sem er í nálægð við höfuðstöðvar stofnunarinnar.

Í frv. er beinlínis miðað við það, að skipulags- og verkfræðiskrifstofur komist á í landshlutunum, enda er það ákveðin stefna landshlutasamtakanna að hrinda því í framkvæmd. Milli útibúsins í hverju þessara kjördæma og skipulagsskrifstofu þarf að takast sem nánust samvinna og samstarf.

Til viðbótar þessu má nefna þær hugmyndir, sem komið hafa fram æ ákveðnar frá sveitarfélögunum í landinu um þjónustumiðstöðvar, þar sem húsnæðismálin yrðu einn af forgangsþáttunum.

Verður í framsögu vitnað sérstaklega til ýtarlegra hugmynda um þetta efni, sem Logi Kristjánsson bæjarstjóri í Neskaupstað hefur sett fram og fengið hafa mjög góðan hljómgrunn sveitarstjórnarmanna um allt land.

Í núgildandi lögum er kveðið svo á, að veðlánakerfið skuli starfrækt undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands.

Varðandi afgreiðslu lánanna er því lagt til, að útibú Landsbankans eða útibú annars ríkisbanka sjái um þann þátt mála undir yfirstjórn veðdeildar Landsbankans í Reykjavík.

Eðlilegast hlýtur þá að teljast, að útibú Húsnæðismálastofnunarinnar skuli verða á sama stað og viðkomandi bankaútibú, og ætti það að fyrirbyggja togstreitu um staðarval.

Ráð er fyrir því gert, að Húsnæðismálastofnunin sjái útibúunum fyrir fé til afgreiðslu lána með tilliti til heildarútlána, og þá átt við það, að heildarfjárþörf og heildarlánsupphæð fyrir landið allt verði skoðuð af yfirstjórn og ákvörðun hennar verði útibúin að lúta. En auðvitað verður að ætla yfirstjórninni það eitt, að hún skipti lánsfénu á hverjum tíma af fullkomnu réttlæti.

Sumir hafa bent á þann möguleika, að hvert útibú hefði lágmarkskvóta af heildarfé því, sem til ráðstöfunar væri á hverjum tíma. Slíkt er ókleift, svo miklar sveiflur sem eru í húsbyggingum í hinum einstökum landshlutum.

Hér verður þörfin fyrst og fremst að skera úr um fjármögnun alla.

Að öðru leyti þarfnast frv. þetta ekki skýringa.

Ed. 485. Frumvarp til laga [240. mál]

um breytingu á lögum nr. 47, 16. apríl 1971, um náttúruvernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79)

1. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Náttúruverndarráð hefur umsjón með því, að sumarbústöðum sé valinn staður og frágangi hagað þannig að samræmist 1. gr. laganna.

Sumarbústaður telst hver sú bygging, sem reist er til að búa í að sumri til og dveljast þar endrum og eins á öðrum tímum, t. d. um helgar, sbr. og 5. mgr. þessarar greinar.

Sumarbústað má reisa, þar sem slíkt er sýnt á staðfestu skipulagi, og fer þá um leyfi til slíks samkvæmt byggingarreglugerð, sbr. þó 5. mgr.

Nú er ekki fyrir hendi staðfest skipulag sveitarfélags eða hluta þess, og má þá ekki reisa þar sumarbústað nema þar sem hlutaðeigandi náttúruverndarnefnd heimilar. Náttúruverndarráð má þó velja sérstakan trúnaðarmann búsettan á ákveðnu svæði (landshluta) og getur veitt honum umboð til að veita slíkt leyfi og skal það jafnan vera skriflegt. Ef ágreiningur rís um leyfi samkvæmt þessari málsgrein, sker Menntamálaráðuneytið úr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að setja reglugerð um sumarbústaði, svo og veiðihús, fjallaskála, hjólhýsi og aðrar slíkar vistarverur að því leyti, sem við getur átt samkvæmt þessari grein og skal þar mælt fyrir um þá þætti, sem nauðsynlegir þykja umfram það, sem segir í byggingarreglugerð og heilbrigðisreglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan Náttúruverndarráðs og er efnislega í samræmi við tillögur þess, en orðalagi verið lítillega breytt.

Svohljóðandi greinargerð fylgir frá Náttúruverndarráði:

Hugmynd um bein afskipti Náttúruverndarráðs af sumarbústöðum virðist fyrst koma fram í frv. því að núgildandi náttúruverndarlögum, sem lagt var fyrir Alþingi 1969—1970. Ákvæði um þetta efni verður með lítilsháttar viðaukum að lögum, þ. e. 21. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Samkvæmt þessu ákvæði eru afskipti ráðsins af sumarbústaðabyggð fyrst og fremst miðuð við sveitarfélög, sem ekki eru skipulagsskyld. Hér virðist því það hefðbundna sjónarmið ríkjandi, að skipulagsstarf sé nánast einskorðað við þéttbýli, svo hefur líka verið í raun. Skipulagslögin nr. 19/1964 gera þó ráð fyrir, að sveitarfélög í strjálbýli geti orðið skipulagsskyld. Hafa allmargar sveitarstjórnir í strjálbýli óskað eftir skipulagsskyldu, og á hana verið fallist. Sú skoðun er líka orðin nokkuð viðurkennd, að síst minni þörf sé á skipulagningu í strjálbýli en þéttbýli, þótt með öðrum hætti sé að vissu marki. Löggjafinn hefur líka viðurkennt þetta í raun með setningu laga nr. 31/1978. Þar er skrefið stigið til fulls og ákveðið, að frá og með 1. janúar 1979 séu öll sveitarfélög landsins skipulagsskyld.

Með þessum lögum verða ákvæði 21. gr. náttúruverndarlaga í raun óvirk og mjög óljóst, hver réttarstaða Náttúruverndarráðs gagnvart sumarbústaðabyggð verður að öllu óbreyttu.

Hér þykir þörf á að taka af öll tvímæli. Að sjálfsögðu verður að því stefnt, að öll bygging sumarbústaða eins og önnur byggð geti fram farið samkvæmt staðfestu skipulagi. En það má ljóst verða að slíkt á langt í land, og ætla má, að ýmis þau

svæði, sem eftirsóknarverðust þykja til byggingar sumarbústaða, verði tæplega forgangsverkefni skipulagsyfirvalda, enda verkefni framundan geysimikil.

Nauðsynlegt er hinsvegar, að unnt sé að koma til móts við óskir almennings um leyfi til byggingar sumarbústaða, þó þannig, að náttúruverndarsjónarmiða verði gætt.

Aðalreglan samkvæmt frumvarpinu er, eins og áður er bent á, sú að í skipulagi verði sýnt, hvar sumarbústaði megi reisa, en þar sem það er ekki fyrir hendi, verði ákvörðunarvaldið um staðsetningu hjá yfirvöldum náttúruverndarmála, eins og nánar er lýst í greininni.

Það er vitað mál, að náttúruverndarnefndir eru misjafnlega athafnasamar og því þykir rétt að Náttúruverndarráð geti tilnefnt trúnaðarmann til að fara með umboð sitt í þessum málum. Með því ynnist það, ef umdæmi trúnaðarmanns væri nokkuð víðáttumikið, að meiri trygging ætti að vera fyrir samræmi í afgreiðslum.

Ætla verður að varla sé hægt að hafa einfaldara og kostnaðarminna stjórnkerfi á þýðingarmiklu sviði en hér er lagt til.

Að öðru leyti virðist greinin varla þurfa skýringar við, enda er hún í samræmi við markmið núgildandi greinar eins og því er lýst í frv. frá 1969—1970."

Nd. 486. Frumvarp til laga [19. mál]

um dómvexti, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. mars.)

1. gr.

Á tímabilinu frá stefnubirtingu til greiðsludags í dómsmáli skal dómari ákveða, að kröfu stefnanda, að vextir af dómkröfu séu eigi lægri en nemur hækkun byggingarvísitölu eða annarri sambærilegri viðmiðun, sem taki sem fyllst tillit til verðveislu á verðgildi fjármagns.

Dómara er þó heimilt að gera frávik frá þessari reglu ef atvik þau, sem getið er um í 1. og 3. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, eiga við um stefnanda eða ef tekið hefur verið tillit til verðbólgu á ofangreindu tímabili við endanlega kröfugerð í málinu. Sama gildir í útivistarmálum, ef stefndi skilaði ekki greinargerð.

2. gr.

Lög þessi taka gildi nú þegar.

Sþ. 487. Fyrirspurnir [241. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum.

Frá Helga F. Seljan.

Hvaða ráðstafanir eru helstar á döfinni varðandi mengunarvarnir (loft- og lagarmengun) í fiskimjölsverksmiðjum?

II. Til landbúnaðarráðherra um Skógrækt ríkisins.

Frá Helga F. Seljan.

Hvaða áætlanir eru uppi um flutning höfuðstöðva Skógræktar ríkisins austur að Hallormsstað í ljósi ákvæða í stjórnarsamningi um stofnanaflutning og athuganir ráðuneytisins á s. l. ári um möguleika á flutningi þessarar stofnunar?

Ed. **488. Frumvarp til laga** [242. mál]

um Flutningsráð ríkisstofnana.

Flm.: Helgi F. Seljan, Ólafur Ragnar Grímsson.

1. gr.

Eftir hverjar alþingiskosningar kýs sameinað Alþingi hlutfallskosningu sjö menn í Flutningsráð ríkisstofnana. Varamenn skulu kjörnir með sama hætti.

Forsætisráðherra skipar formann og varaformann Flutningsráðs ríkisstofnana úr hópi ráðsmanna.

2. gr.

Hlutverk Flutningsráðs ríkisstofnana er:

a) að vera Alþingi, ríkisstjórn, ráðuneytum og einstökum ríkisstofnunum til ráðuneytis um staðarval og flutning ríkisstofnana, þar með taldar deildir og útibú slíkra stofnana,
b) að gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og breytingar á staðarvali eldri stofnana,
c) að annast a. m. k. einu sinni á áratug heildarendurskoðun á staðsetningu ríkisstofnana og gera á grundvelli þeirrar endurskoðunar tillögur um breytingar, sbr. b-lið,
d) að fylgjast með framkvæmd ákvarðana um flutning ríkisstofnana og staðsetningu nýrra stofnana og stuðla að því að auðvelda aðgerðir á þessu sviði.

3. gr.

Alþingi og einstök ráðuneyti skulu leita umsagnar Flutningsráðs ríkisstofnana, áður en ákvarðanir eru teknar um staðarval nýrra ríkisstofnana eða breytingar á staðsetningu eldri stofnana, aðalstöðvum þeirra, deildum eða útibúum.

4. gr.

Flutningsráð skal við tillögugerð leita samráðs við hlutaðeigandi ráðuneyti og ríkisstofnanir, áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga og samtök opinberra starfsmanna og aðra aðila sem hlut eiga að máli.

5. gr.

Flutningsráði er heimilt að setja á stofn samstarfsnefndir hinna ýmsu aðila sem tillögugerð ráðsins snertir eða annast eiga framkvæmd á ákvörðunum um flutning ríkisstofnana.

6. gr.

Flutningsráði er heimilt að ráða sérstaka starfskrafta til að annast tiltekin verkefni.

7. gr.

Flutningsráð ríkisstofnana heyrir undir forsætisráðuneytið og skal kostnaður við störf þess greiðast úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í apríl 1972 var með bréfi forsætisráðuneytisins skipuð nefnd „til að kanna staðarval ríkisstofnana og athuga hverjar breytingar komi helst til greina í því efni“. Nefndin kynnti sér alls 243 stofnanir og stofnanategundir og athugaði 157 þeirra sérstaklega, aflaði gagna um skipulag þeirra, starfsfólk, starfshætti og aðbúnað. Nefndin skilaði áliti 28. október 1975, þar sem lagður var til heildarflutningur 25 stofnana, deildaflutningur sem snerti 12 stofnanir, stofnun útibúa 36 stofnana og efling útibúa 11 stofnana.

Í álitinu var ítarlega rakið hvernig Norðmenn og Svíar hefðu staðið að þessum málum. Raunar hafa sams konar nefndir starfað á öllum Norðurlöndunum, en í Noregi og Svíþjóð lögðu stofnananefndir grundvöll að viðamiklum flutningi ríkisstofnana frá höfuðborgunum, sem framkvæmdur var í mjög veigamiklum atriðum.

Svo vitnað sé til Noregs voru samþykkt lög 1967 frá Stórþinginu um flutning 10 ríkisstofnana frá Osló. Var í þeim lögum kveðið á um fasta ráðgjafarnefnd, staðsetningarnefnd ríkisstofnana, til að fjalla um staðsetningu ríkisstofnana. Sú nefnd starfar á vegum byggðarjafnvægisdeildar sveitarstjórnarráðuneytisins.

Þangað fyrst og fremst sótti nefndin hér hugmyndir sínar um það Flutningsráð ríkisstofnana, sem hér er flutt frumvarp um. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir hefur enn ekkert verið aðhafst í þessu efni, en það var og er skoðun þeirra tveggja nefndarmanna, er frumvarp þetta flytja, að frumforsenda skipulegs átaks í þessum efnum sé einhver sú skipan, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Ekki þarf að tíunda hér, hversu miklu nauðsynlegra slíkt átak er hér en nokkurn tíma í þeim löndum, sem vitnað er til hér að framan og hafa unnið stórvirki á þessu sviði. Það litla, sem gert hefur verið hér á landi í þessa átt, hefur verið án allrar beinnar skipulagningar, ýmist með ákvörðunum ráðuneyta, svo sem í ráðherratíð Lúðvíks Jósepssonar um útibú Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, eða af hálfu ákveðinna stofnana, svo sem Vegagerð ríkisins er hvað gleggst dæmi um.

Stofnanaflutningur sem slíkur hefur hins vegar ekki komist á dagskrá og m. a. s. hefur sú stofnun, sem þar telst sjálfsögðust til flutnings, Skógrækt ríkisins, tæpast enn komið til alvarlegra álita í þeim efnum hjá æðstu stjórnvöldum.

Allt frá því að hið ítarlega og um margt vel rökstudda nefndarálit kom fram, en nú er komið á fjórða ár frá því, hefur sorglega lítið verið aðhafst, og er þá í raun sama til hvaða þátta er litið: flutnings, deildaskiptinga eða útibúastofnana.

Það ætti þó að vera öllum ljóst, að hér kallar á bein þjóðhagsleg nauðsyn, auk þess sjálfsagða réttar sem íbúar landsbyggðarinnar eiga til aukinnar þjónustu, aukinnar hlutdeildar í því opinbera kerfi, sem hefur aðsetur sitt á höfuðborgarsvæðinu. Flm. hljóta nú að vekja á þessu vissa athygli og auka beinan þrýsting á aðgerðir í þá átt, sem þeir ásamt öðrum lögðu til í nefndaráliti sínu, ekki síst þegar engin hreyfing virðist sjáanleg í þessa átt. Þeir eru enn sem fyrr þeirrar skoðunar, að í engu megi rasa um ráð fram, en skipulega og markvisst skuli að þessu vinna og þar sé einhvers konar stofnun af þessu tagi alger forsenda, og því flytja þeir frumvarp þetta.

Frumvarpið er í öllum greinum eins og það var sett fram í áliti nefndarinnar 1975 og frumvarpsgreinarnar það ljósar, að þær skýra sig algerlega sjálfar.

Að lokum vilja flm. vitna í rökstuðning nefndarinnar fyrir Flutningsráðinu, en þar segir orðrétt í nefndarálitinu:

„Stofnanaflutningur í þeim mæli, sem tillögur nefndarinnar fela í sér, er meiri háttar stjórnkerfisaðgerð. Nefndinni þykir að athuguðu máli rétt að benda á stofnsetningu sérstaks aðila sem annaðist yfirstjórn stofnanaflutningsins. Slíkur aðili gæti heitið Flutningsráð ríkisstofnana. Það yrði skipað sjö mönnum kosnum hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi. Verksvið Flutningsráðs ríkisstofnana væri í stórum dráttum tvíþætt.

Í fyrsta lagi gæti Flutningsráðið annast heildarskipulagningu og yfirumsjón á flutningi ríkisstofnana. Á vegum ráðsins gætu starfað margvíslegar samstarfsnefndir, t. d. með fulltrúum stofnana sem flytja eiga til sama svæðis, með fulltrúum skyldra stofnana sem eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, o. s. frv. Auk þeirra samstarfsnefnda, sem tengdar eru einstökum stofnunum (sbr. 2.5.1), gæti slíkt kerfi samstarfsnefnda fleiri stofnana á vegum ráðsins auðveldað heildarframkvæmd stofnanaflutnings. Flutningsráðið gæti á þennan hátt og með almennum umræðum á fundum sínum samhæft aðgerðir á þessu sviði, greitt úr erfiðleikum og auðveldað stofnanaflutning á margvíslegan hátt.

Í öðru lagi mætti fela Flutningsráði ríkisstofnana að veita umsögn eða gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og taka staðsetningu alls ríkiskerfisins til endurskoðunar með reglulegu millibili, t. d. einu sinni á hverjum áratug. Þótt nefndin hafi leitast við að taka til meðferðar alla þætti ríkiskerfisins mun þróunin næstu áratugi örugglega knýja á um endurskoðun á einstökum atriðum. Einhliða staðarval nýrra stofnana getur einnig skekkt hlutföllin á ný. Nefndin er því þeirrar skoðunar, að staðarval ríkisstofnana sé stöðugt verkefni og réttast að fela það ákveðnum aðila.

Verði fallist á þessi sjónarmið nefndarinnar er nauðsynlegt að setja lög um Flutningsráð ríkisstofnana. Til greina kæmi að fela ráðinu að loknum almennum umræðum um tillögur nefndarinnar að semja frumvörp að lögum og reglugerðum í samræmi við þann stofnanaflutning sem fallist verður á að framkvæma. Stofnsetning Flutningsráðs ríkisstofnana gæti þannig orðið fyrsti áfangi verulegs stofnanaflutnings.“

Nd. 489. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Stefán Valgeirsson skrifar undir nál. með fyrirvara. Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. mars 1979.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm.	Páll Pétursson, fundaskr.	Gunnlaugur Stefánsson.
Stefán Valgeirsson, með fyrirvara.	Eggert Haukdal.	Gunnar Thoroddsen.

Ed. 490. Frumvarp til laga [243. mál]

um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 79/1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Fyrirsögn II. kafla orðist svo:
Um ríkisframlag til jarðræktar, húsabóta og hagræðingar.

2. gr.

1. málsgrein 10. gr. orðist svo:

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði, sem hér segir, enda séu framkvæmdir þær sem um ræðir í samræmi við stærðarmörk í lánareglum Stofnlánadeildar landbúnaðarins og búrekstraráætlun fyrir viðkomandi jörð, þegar gerðar eru.

3. gr.

Við 10. gr. bætist nýr liður, nr. IX, svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða:

Heimilt er landbúnaðarráðherra í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands að ákveða eftirgreind frávik frá ákvæðum þessarar greinar á næstu 5 árum:

a) Að skerða framlög til nýrra vélgrafinna skurða samkvæmt lið I a) á jörðum sem hafa 35 ha. túnstærð eða framræst ræktunarland allt að 50%. Framlög vegna dýpkunar skurða og endurframræslu túna haldist óbreytt.
b) Að skerða á sama hátt framlög til plógræsa samkvæmt lið I c).
c) Að skerða framlög til túnræktar samkvæmt lið II a) og b) á jörðum sem hafa 35 ha. túnstærð allt að 50%.
d) Að skerða framlög til grænfóðurræktar samkvæmt lið II d), allt að 50%.
e) Að fella niður framlög til hagræktar samkvæmt lið II e) nema grætt sé upp gróðurvana land.
f) Að skerða framlög til áburðargeymslna samkvæmt V. lið.

Ákvæði þessi gilda um framlög til framkvæmda sem unnar kunna að verða á árunum 1979—1984.

Landbúnaðarráðherra gerir, að höfðu samráði við stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, tillögu til ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á því fé sem sparast samkvæmt stafliðum a)—f) til annarra verkefna sem lúta að framkvæmd þeirrar stefnu sem mörkuð er fyrir landbúnaðinn, svo sem:

a) Til að styrkja nýjar tekjuöflunarleiðir bænda og auka fjölbreytni í framleiðslu búvara.
b) Til að stuðla að bættri heyverkun.
c) Til hverskonar hagræðingar sem orðið getur til að bæta tekjur bænda án framleiðsluaukningar í nautgripa- og sauðfjárrækt.
d) Til annarra verkefna er stuðla að því að ná framleiðslu- og tekjumarkmiðum.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins sér um úthlutun fjárins í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar að því leyti sem það fellur innan verksviðs hans.

4. gr.

Við 12. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða:

Á árunum 1980—1985 skal í fjárlögum ætla til framkvæmda samkvæmt ákvæðum 10. gr., fjárhæð sem nemur meðaltali slíkra framlaga árin 1978 og 1979. Á þá fjárhæð skal árlega greiða verðlagsuppbót í samræmi við ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar.

Greinargerð.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið svo á, að stefnt skuli að því að framleiðsla landbúnaðarvara miðist fyrst og fremst við innanlandsmarkað.

Nú hafa skapast þær aðstæður að framleiðsla nautgripa- og sauðfjárafurða er orðin mun meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fást erlendis markaðir fyrir umframmagn sem viðunandi teljast. Eru því ekki um sinn rök til að hvetja til aukinnar framleiðslu í þessum búgreinum.

Í samræmi við ákvæði samstarfsyfirlýsingarinnar er í frumvarpi þessu lagt til að dregið verði um sinn úr þeim framlögum samkvæmt 10. gr. jarðræktarlaga sem mest hvetja til aukningar í nautgripa- og sauðfjárrækt.

Samdráttur í þessum framleiðslugreinum skapar margvísleg vandamál og leiðir óhjákvæmilega til tekjuskerðingar hjá bændastéttinni um sinn. Er því hætta á að slíkur samdráttur valdi röskun í byggð landsins ef ekkert er að gert.

Því er í frumvarpi þessu lagt til að landbúnaðarráðherra, að höfðu samráði við stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, geri tillögu til ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á því fé sem sparast samkvæmt stafliðum a)—f), til annarra þarfa í þágu landbúnaðarins. Er þar um að ræða framlög til ýmiskonar hagræðingar og nýjunga í landbúnaði sem til þess væru fallnar að draga úr neikvæðum áhrifum samdráttar í nautgripa- og sauðfjárrækt og skapa nýjar tekjuöflunarleiðir fyrir bændur.

Frumvarp þetta var sent Búnaðarþingi 1979 til umsagnar. Hefur í flestum atriðum verið tekið tillit til þeirra ábendinga sem það gerði við endanlegan frágang frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Lagt er til að framlög samkvæmt jarðræktarlögum nái einnig til framkvæmda á sviði hagræðingar.

Um 2. gr.

Lagt er til að framlög til húsabóta séu ávallt í samræmi við þær reglur sem Stofnlánadeild landbúnaðarins setur um hámarksstærð útihúsa er hún lánar til, á hverjum tíma.

Einnig er lagt til að framlög til jarðræktar og húsabóta verði framvegis í samræmi við áætlanir sem gerðar kunna að verða fyrir einstök framleiðslusvæði á landinu og búrekstraráætlanir fyrir hvert býli. Hafinn er undirbúningur að þessari áætlanagerð og komi þetta ákvæði til framkvæmda eftir því sem verkinu miðar.

Um 3. gr.

Liðir a)—e).

Lagt er til að dregið verði úr framlögum til framræslu, til nýræktunar túna og grænfóðurræktar. Heildarstærð ræktaðs lands mun nú gefa nægilegt heyfóður handa bústofni landsmanna í meðalári.

Þegar fyrir liggur að fækka þurfi bústofninum og draga úr framleiðslunni eru ekki rök til að halda áfram ræktunarframkvæmdum í sama mæli og áður.

Ræktun grænfóðurs hófst að marki hér á landi á kalárunum 1968—1970. Síðan hefur grænfóðurræktin aukist jafnt og þétt.

Eftirfarandi tafla sýnir þróunina í stærð grænfóðurakra síðustu 11 árin:

Ár:	Ha:
1966	911
1968	1 706
1970	3 460
1976	3 976
1977	4 768[1])

1) Þar af 901 ha. hjá grænfóðurverksmiðjum.

Samkvæmt niðurstöðum búreikninga var notkun ræktaðs grænfóðurs hjá bændum sem hér segir árið 1977. 4.1% gaf enga uppskeru, 9% fóru til fóðurverkunar, 51.2% voru nýtt til beitar fyrir nautgripi og 35.7% til beitar fyrir sauðfé.

Ljóst er af þessu að mestur hluti grænfóðursins fer til að lengja beitartíma nautgripa og sauðfjár, og er grænfóðurrækt að því leyti hagkvæm. Grænfóðurbeit

er jafnframt að verulegu leyti viðbótarfóðrun og virðist að nokkru mega rekja framleiðsluaukningu í nautgripa- og sauðfjárrækt á síðustu árum til aukinnar grænfóðurræktar. Er því ástæða til að draga um sinn úr stuðningi við hana. Árið 1978 voru greiddar kr. 131 732 791 í framlög til grænfóðurræktar eða 12.40% af heildarframlögum samkvæmt jarðræktarlögum.

Þá er í e) lið lagt til að felld verði niður framlög til hagræktar nema grætt sé upp gróðurvana land.

Liður f). Lagt er til að framlög til áburðargeymslna verði skert.

Lagt er til að framangreind frávik frá ákvæðum 10. greinar verið heimiluð vegna framkvæmda sem unnar kunna að verða árin 1979—1983.

Gert er ráð fyrir því að landbúnaðarráðherra, að höfðu samráði við stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, geri tillögu til ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á því fé, sem sparast kann samkvæmt stafliðum a)—f) árin 1980—1984, til annarra verkefna er lúta að framkvæmd þeirrar stefnu sem mörkuð er fyrir landbúnaðinn. Er þar m. a. átt við stuðning við að koma upp nýjum búgreinum og auka þannig fjölbreytni landbúnaðarframleiðslunnar.

Einnig að stuðla að bættri heyverkun, m. a. með sérstökum styrk til að koma upp súgþurrkun og votheysgeymslum. Þá er lagt til að verja megi fé til ýmiskonar hagræðingar við búrekstur sem til þess er fallin að auka tekjur bænda án framleiðsluaukningar í nautgripa- og sauðfjárrækt, og til annarra verkefna er að stuðla að því að framleiðslu- og tekjumarkmið þau, sem sett eru fyrir landbúnaðinn, náist.

Lagt er til að Framleiðnisjóður landbúnaðarins annist úthlutun fjárins í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar, að því leyti sem það fellur innan verksviðs hans.

Um 4. gr.

Á fjárlögum ár hvert er veitt fé til framkvæmda í jarðrækt og húsabótum sem unnar hafa verið næsta ár á undan.

Búnaðarfélag Íslands gerir árlega áætlun um þær framkvæmdir, sem byggir á niðurstöðum um framkvæmdamagn næsta ár á undan. Á þeirri áætlun er upphæð fjárveitingar reist.

Þegar dregið verður úr framlögum má gera ráð fyrir að verulega dragi úr framkvæmdum og þar með skerðist sá grunnur sem fjárveitingin er reist á.

Með tilliti til þess hver nauðsyn er nú á fjármagni til hagræðingar og nýjunga í landbúnaði í kjölfar ráðgerðs samdráttar í aðalframleiðslugreinunum, er lagt til að næstu 5 ár verði á fjárlögum ætluð til framkvæmda á ákvæðum 10. greinar fjárhæð sem nemur meðaltali framlaga til þessara framkvæmda árin 1978 og 1979. Á þá fjárhæð verði árlega greidd verðlagsuppbót í samræmi við ákvæði 1. málsgreinar 12. greinar jarðræktarlaganna.

Framlög til jarðræktar og húsabóta námu kr. 1 061 213 668 árið 1978 og á yfirstandandi ári eru ætlaðar kr. 1 100 979 000 í þessu skyni á fjárlögum.

Sþ. 491. Skýrsla

um störf Norðurlandaráðs árið 1978.

Íslandsdeildin og verkaskipting hennar.

Hinn 20. desember 1977 voru fulltrúar í Íslandsdeild Norðurlandaráðs kosnir í sameinuðu þingi. Þessir alþingismenn hlutu kosningu: Ragnhildur Helgadóttir, Jón Skaftason, Sverrir Hermannsson, Magnús Kjartansson, Halldór Ásgrímsson og Gylfi Þ. Gíslason. Varamenn voru kjörnir: Axel Jónsson, Jón Helgason, Sigurlaug Bjarnadóttir, Gils Guðmundsson, Páll Pétursson og Sighvatur Björgvinsson.

Verkefnum var skipt á þennan hátt á fundi 4. janúar 1978. Formaður Jón Skaftason, varaformaður Ragnhildur Helgadóttir, í vinnunefnd Jón Skaftason, Ragnhildur

Helgadóttir og Gylfi Þ. Gíslason, í laganefnd Halldór Ásgrímsson, í menntamálanefnd Gylfi Þ. Gíslason, í félags- og umhverfismálanefnd Sverrir Hermannsson, í samgöngumálanefnd Magnús Kjartansson, í efnahagsmálanefnd Ragnhildur Helgadóttir og Jón Skaftason og í upplýsinga- og ritnefnd Ragnhildur Helgadóttir og Gylfi Þ. Gíslason.

Á 26. þingi Norðurlandaráðs í Osló var Jón Skaftason kjörinn í forsætisnefnd ráðsins og Ragnhildur Helgadóttir kjörin varaformaður hans í nefndinni. Í efnahagsmálanefnd voru kjörin Ragnhildur Helgadóttir og Jón Skaftason, í menntamálanefnd Gylfi Þ. Gíslason, í félags- og umhverfismálanefnd Sverrir Hermannsson, í samgöngumálanefnd Magnús Kjartansson og í laganefnd Halldór Ásgrímsson. Gylfi Þ. Gíslason og Halldór Ásgrímsson voru kjörnir í upplýsinganefnd og jafnframt ritnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt. Gylfi Þ. Gíslason og Ragnhildur Helgadóttir voru kjörin í fjárlaganefnd. Í nefnd til að athuga rekstur Norræna menningarsjóðsins var kjörinn Gylfi Þ. Gíslason og til vara Ragnhildur Helgadóttir.

Eftir alþingiskosningarnar 25. júní 1978 hurfu af þingi og úr Íslandsdeildinni: Gylfi Þ. Gíslason, Halldór Ásgrímsson, Jón Skaftason og Magnús Kjartansson. Varamenn tóku sæti þeirra. Jafnframt voru gerðar nokkrar breytingar á skipun í nefndir, þannig: í laganefnd Páll Pétursson, í menntamálanefnd Ragnhildur Helgadóttir, í félags- og umhverfismálanefnd Sighvatur Björgvinsson, í samgöngumálanefnd Gils Guðmundsson, í efnahagsmálanefnd Sverrir Hermannsson og Jón Helgason.

Fulltrúar Íslands á 26. þingi Norðurlandaráðs.

Þing Norðurlandaráðs var kvatt saman 18. febrúar. Þingið var haldið í Stórþingshúsinu í Osló og var því slitið 22. febrúar. Aðalmenn Íslandsdeildar ráðsins sátu þingið. Af hálfu ríkisstjórnarinnar sátu þingið Geir Hallgrímsson, Einar Ágústsson og Ólafur Jóhannesson. Ritari Íslandsdeildarinnar var Friðjón Sigurðsson.

Málaskrá.

Á málaskrá 26. þings Norðurlandaráðs voru 19 þingfulltrúatillögur (A-mál), 4 stjórnartillögur (B-mál), 5 skýrslur frá samstarfssamtökum Norðurlanda (C-mál) og 49 greinargerðir frá ríkisstjórnum Norðurlanda (D-mál). Auk þess voru bornar fram á þinginu og svarað 8 fyrirspurnum (E-mál).

Á þinginu voru 12 fulltrúatillögur og 3 stjórnartillögur samþykktar sem ályktanir. Enn fremur voru samþykktar 10 yfirlýsingar byggðar á skýrslu ráðherranefndarinnar um norrænt samstarf. Almennar umræður fjölluðu um skýrslur ráðherranefndarinnar og skýrslu forsætisnefndar Norðurlandaráðs.

Almennar umræður.

Af Íslands hálfu tóku þátt í almennu umræðunum Geir Hallgrímsson, Ólafur Jóhannesson, Einar Ágústsson, Jón Skaftason, Ragnhildur Helgadóttir, Magnús Kjartansson og Halldór Ásgrímsson. Geir Hallgrímsson ræddi um efnahagssamstarf Norðurlandaþjóðanna, Fríverslunarbandalag Evrópu, aðstoð einstakra landa við eigin landbúnað og iðnað og aðstoð við þróunarlöndin og samstarf um íþróttir. Jón Skaftason ræddi um efnahagssamvinnu, aðstoð við iðnað og sjávarútveg og nauðsyn á þátttöku ríkisstjórna í samningum um kjaramál. Ragnhildur Helgadóttir ræddi efnahagsvanda Norðurlandaþjóðanna, verðbólgu og atvinnuleysi og ráð til að vinna gegn þessari þróun. Fagnaði hún hugmynd um ráðstefnu um þessi mál á vegum ráðsins. Ræddi hún um hina nýju starfsaðferð ráðherranefndar, sem fælist í gerð framkvæmdaáætlana í einstökum málaflokkum. Nauðsyn bæri til að hrinda þeim í framkvæmd. Þá ræddi hún um sjónvarpsgervihnött og sérstöðu íslenskrar tungu í samstarfi Norðurlandaþjóðanna. Ólafur Jóhannesson ræddi um efnahagsvandamál Norðurlandaþjóðanna og um sérstöðu okkar á því sviði. Hér væri ekkert atvinnuleysi, en hins vegar meiri verðbólga en annars staðar á Norðurlöndum. Hann

ræddi um óhagstæðan viðskiptajöfnuð Íslands og annarra Norðurlanda, aukið samstarf Norðurlandaþjóðanna, stofnun Fjárfestingarbanka Norðurlanda og samstarf á sviði löggjafar. Einar Ágústsson ræddi um þýðingarmikla aðstoðarályktun Norðurlandaráðs, er við stækkuðum fiskveiðilögsögu okkar, þýðingu samstarfs Norðurlanda fyrir okkur og studdi aðild Færeyja að Norðurlandaráði. Halldór Ásgrímsson ræddi um þýðingu norræns samstarfs til að auka skilning og efla vináttubönd milli Norðurlandaþjóðanna og vaxandi samstarf á sviði efnahagsmála, framkvæmdaáætlanir ráðherranefndarinnar, aukin viðskipti milli Norðurlanda og óhagstæðan viðskiptajöfnuð okkar í því sambandi. Þá ræddi hann nauðsyn aukins samstarfs í gjaldeyrismálum og óæskilegan fjárhagsstuðning jafnaðarmannaflokka á Norðurlöndum við íslenska jafnaðarmenn. Magnús Kjartansson ræddi um nýlenduástand á Grænlandi.

Laganefnd.

Laganefnd fékk til meðferðar hluta af skýrslu ráðherranefndarinnar. Í sérstakri yfirlýsingu eru endurtekin fyrri tilmæli, að ráðherranefndin hafi frumkvæði að samræmingu nýrra laga um fjárhagsleg réttaráhrif hjónabands. Jafnframt er mælst til að samræmdar verði réttarreglur um fjármál sambúðarfólks utan hjónabands.

Í sömu yfirlýsingu segir, að ráðherranefndinni beri að athuga möguleika á því að koma á sama lögræðisaldri á Norðurlöndum.

Í yfirlýsingunni er einnig hvatt til samvinnu milli aðila sem annast upplýsingasöfnun fyrir tölvuskrár.

Þá er hvatt til nánari samvinnu varðandi refsingar.

Stjórnartillaga um skipulag löggjafarsamstarfs var til meðferðar í nefndinni. Samkvæmt tillögunni var samþykkt yfirlýsing um þetta efni.

Fjallað var um þingmannatillögu um sérstakan dómstól til að skera úr deilum varðandi norrænar stofnanir og starfsmenn þeirra, sem ekki féllu undir lögsögu dómstóla hlutaðeigandi ríkja. Samþykkt var bæði í nefnd og á þinginu að gera ekkert í þessu máli.

Tillaga var um sjálfstæða aðild Færeyinga að Norðurlandaráði. Samþykkt var bæði í nefnd og á þinginu að gera ekkert í málinu.

Þingmannatillaga um endurskoðun á starfsreglum Norðurlandaráðs var felld í nefnd og frestað í þinginu.

Menntamálanefnd.

Menntamálanefnd fékk til meðferðar hluta af skýrslu ráðherranefndarinnar og var formaður nefndarinnar, Gylfi Þ. Gíslason, framsögumaður hennar. Tillaga nefndarinnar um yfirlýsingu var samþykkt með 64 gegn 2 atkv. á þinginu. Í yfirlýsingunni var látið í ljós að auka beri menntun 16—19 ára ungmenna, m. a. vegna atvinnuleysis hjá þeim, auka beri kennslu í máli grannríkja. Gera þurfi framkvæmdaáætlanir um samstarf á sviði rannsókna, sem styrktar eru með framlögum á menningarfjárlögunum. Auka beri stuðning úr menningarsjóði Norðurlanda við norrænar menningarvikur. Auka beri stuðning við menningarsamskipti Grænlendinga og Norðurlandaþjóða.

Stjórnartillaga um stefnu ráðherranefndarinnar í menningarmálum var til meðferðar í nefndinni. Samþykkt var yfirlýsing, þar sem m. a. var lögð áhersla á aukið samstarf um útvarp og sjónvarp.

Samþykkt var tillaga um samnorræna menntun kennara daufdumbra.

Enn fremur var samþykkt tillaga um aukið norrænt samstarf um framhaldsmenntun í skógrækt.

Nefndin fjallaði um greinargerð um ályktun 13/1973 um norrænt samstarf í sjónvarpsmálum. Nefndin lét í ljós þá skoðun, að halda verði áfram athugun málsins. Fram að þessu hafði hún verið framkvæmd af embættismönnum með aðstoð

sérfræðinga á sviði tækni og laga. Enn fremur lét hún í ljós þá skoðun, að hér eftir færi fram athugun vandamála í sambandi við höfundarétt. Haft verði samráð við samtök höfunda. Þá verði einnig athuguð menningaráhrif og atriði er varða dagskrárgerð.

Félags- og umhverfismálanefnd.

Félags- og umhverfismálanefnd fékk til meðferðar hluta af skýrslu ráðherranefndarinnar. Í sérstakri yfirlýsingu er mælst til að ráðherranefndin geri áætlun um að vinna bug á notkun sterkra deyfilyfja. Endurskipulagður verði sameiginlegur vinnumarkaður á ýmsum sviðum félags- og heilbrigðismála. Unnið skuli gegn atvinnuleysi ungs fólks.

Nefndin fjallaði um stjórnartillögu um manninn og lífsgæði á Norðurlöndum. Í yfirlýsingu, sem samþykkt var í málinu, segir að ráðherranefndinni beri að hraða gerð framkvæmdaáætlunar um norrænt samstarf til að útrýma atvinnuleysi ungs fólks, kanna möguleika á að samræma félagsmálalöggjöf Norðurlanda og vinna að raunverulegu jafnrétti kvenna og karla.

Vinna ber að bættum aðstæðum á vinnustöðum.

Samþykkt var þingmannatillaga um áskorun til ráðherranefndarinnar um að semja sameiginlegar reglur um bætt vinnuskilyrði og heilsugæslu þeirra sem vinna við landbúnað á Norðurlöndum.

Samþykkt var þingmannatillaga um áskorun til ríkisstjórna Norðurlanda að beita sér fyrir alþjóðasamþykkt um vinnutíma á þingi Alþjóðavinnumálasambandsins.

Samþykkt var þingmannatillaga um að ráðherranefndin beiti sér fyrir norrænu samstarfi um upplýsingar varðandi skaðsemi tóbaksreykinga og að koma á alþjóðaráðstefnu á árinu 1979 um reykingar og heilbrigði.

Samþykkt var þingmannatillaga um að ráðherranefndin láti kanna orsakir fötlunar barna og á grundvelli árangurs könnunarinnar verði gerð áætlun um að koma í veg fyrir fötlun þeirra.

Í greinargerð sinni lýsti nefndin ánægju yfir aðgerðum ráðherranefndarinnar á sviði umhverfismála. Samþykkt var að tillögu nefndarinnar yfirlýsing um að ráðherranefndin geri framkvæmdaáætlun á grundvelli stjórnartillögunnar og í samráði við Norðurlandaráð um að efla norrænt samstarf í umhverfismálum.

Samþykkt var sem ályktun þingmannatillaga um að ríkisstjórnir Norðurlanda vinni að gerð umhverfismálasamþykktar fyrir Evrópu.

Samþykkt var þingmannatillaga um að mæla með því við ráðherranefndina að skipa nefnd til að fylgjast með skaðlegum áhrifum á háloftshjúp jarðar. Þá var samþykkt ályktun um að skora á ríkisstjórnir Norðurlanda að beita sér fyrir gerð alþjóðasáttmála til verndar háloftshjúp jarðar.

Nefndin fjallaði um stjórnartillögu um framkvæmdaáætlun um norrænt samstarf í jafnréttismálum kvenna og karla. Samþykkt var ályktun í málinu um gerð framkvæmdaáætlunar og — að höfðu samráði við félags- og umhverfismálanefnd — gerð skrár um nauðsynlegar aðgerðir.

Samgöngumálanefnd.

Samgöngumálanefnd fékk til meðferðar hluta af skýrslu ráðherranefndarinnar. Í yfirlýsingu nefndarinnar var m. a. fjallað um að flýta bættum flugsamgöngum milli norðurhéraða Skandinavíu, hraða undirbúningi skipaferða milli Íslands og Færeyja annars vegar og Skandinavíu hins vegar.

Samþykkt var stjórnartillaga um norrænt samstarf á sviði ferðamála.

Fram var lögð bráðabirgðaskýrsla um samgöngur milli Íslands, Færeyja og annarra norrænna landa. Endanlega ákvörðun í málinu var ekki unnt að taka á grundvelli skýrslunnar. Nefndin lét í ljós þá skoðun, að of langur tími liði frá frumkvæði til lokaafgreiðslu mála.

Samþykkt var þingmannatillaga um að ráðherranefndin veiti nægilegt fé til að kanna möguleika á því að laga almenningssamgöngutæki meira eftir þörfum fatlaðra.

Efnahagsmálanefnd.

Efnahagsmálanefndin fékk til meðferðar hluta af skýrslu ráðherranefndarinnar. Í yfirlýsingu nefndarinnar var fjallað um að Norðurlöndin gætu bætt efnahag einstakra þjóða með sameiginlegum aðgerðum til langs tíma. Auka beri viðskipti Norðurlanda, auka samvinnu í viðskipta- og gjaldeyrismálum. Ráðgert sé að gera framkvæmdaáætlun í neytendamálum.

Samþykkt var yfirlýsing vegna stjórnartillögu um manninn og lífsgæði á Norðurlöndum, sem nefndin fjallaði um. Í yfirlýsingunni var m. a. fjallað um aukið samstarf á sviði orku- og iðnaðarmála, bætta nýtingu hráefnis og fjármuna. Norræni iðnþróunarsjóðurinn hefði miklu hlutverki að gegna til að stuðla að bættri tækni- og iðnþróun. Auka þurfi aðstoð við þróunarlöndin. Lögð var áhersla á þýðingu norræns samstarf í alþjóðastofnunum. Auka þyrfti slíkt samstarf.

Samþykkt var þingmannatillaga um endurvinnslu úrgangsefna.

Samþykkt var þingmannatillaga um að beina því til ráðherranefndarinnar að aðstoða þróunarlöndin til betri nýtingar á gæðum hafsins og verka fiskifang á Norðurlöndum meira eftir þörfum þróunarlanda.

Nefndin fjallaði um skýrslu um starfsemi Fjárfestingarbankans fyrir tímabilið 1. júlí 1976 til ársloka 1977.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs.

Norski rithöfundurinn Kjartan Fløgstad hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs á árinu 1978.

Finnska tónskáldið Aulis Sallinen hlaut tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir árið 1978.

Næsta þing Norðurlandaráðs.

Ákveðið var að næsta þing ráðsins yrði haldið í Stokkhólmi á þeim tíma er forsætisnefndin ákvæði síðar.

Forsætisnefndin ákvað á fundi 12. apríl 1978 að 27. þing Norðurlandaráðs skyldi háð dagana 19.—23. febrúar 1979.

Ályktanir.

Á 26. þingi Norðurlandaráðs voru samþykktar ályktanir um

1) samstarf á sviði ferðamála,
2) menntun kennara daufdumbra,
3) framhaldsmenntun í skógrækt,
4) að laga almenningssamgöngutæki eftir þörfum fatlaðra,
5) framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum,
6) samstarf í umhverfismálum,
7) umhverfissáttmála Evrópu,
8) skaðleg áhrif á háloftshjúp jarðar,
9) alþjóðasamþykkt til verndar háloftshjúp jarðar,
10) vinnuskilyrði og heilbrigði þeirra, er vinna við landbúnað,
11) varnir gegn tóbaksreykingum,
12) alþjóðasamning um vinnutíma,
13) ráðstafanir gegn fötlun barna,
14) betri nýtingu gæða hafsins fyrir þróunarlöndin,
15) endurvinnslu úrgangsefna.

Í mars 1979.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ed. 492. Frumvarp til laga [244. mál]

um breyting á lögum nr. 26 9. maí 1949 um hvalveiðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Rétt til að stunda hvalveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 299 15. júlí 1975, til að landa hvalafla, þótt utan þeirrar landhelgi sé veitt, og til að verka slíkan afla í landi eða í fiskveiðilandhelgi Íslands, hafa þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Slík leyfi má aðeins veita íslenskum ríkisborgurum. Áður en leyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða ákvæðum leyfisbréfa settum samkvæmt þeim skulu varða sektum 2000—40 000 gullkrónum sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Auk þess má láta brot varða fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

Brot samkvæmt framansögðu skulu og varða upptöku á veiðitækjum skipsins, byssum, skotlínu, skutlum og skotfærum, svo og öllum afla skipsins.

Lagt skal löghald á skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákæruvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður hefur verið greitt að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr, ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

Til tryggingar greiðslu sektar skv. þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í þau þrjátíu ár sem Íslendingar hafa stundað hvalveiðar hér við land hefur verið unnt að takmarka veiðarnar og stjórna þeim eftir því sem þurfa hefur þótt á grundvelli laganna um hvalveiðar frá árinu 1949. Lögin þykja að þessu leyti enn í jafn góðu gildi og þau voru þegar þau voru sett fyrir tæpum þrjátíu árum. Samkvæmt 1. gr. laganna taka þau til íslenskrar landhelgi. Þegar lögin voru sett var ekki gerður greinarmunur á fiskveiðilandhelgi og landhelgi.. Þykir því rétt að taka af allan vafa um það að lögin taki til fiskveiðilandhelgi Íslands eins og hún er nú ákveðin í reglugerð nr. 299 15. júlí 1975.

Meginástæða þess að frumvarp þetta er lagt fram er að ein grein laganna er orðin úrelt á þeim langa tíma sem þau hafa verið í gildi. Hér er um að ræða 10. gr. sem fjallar um viðurlög við brotum á lögunum og er ljóst að sektir að fjárhæðum 1000—100 000 krónum hafa ekki sömu varnaðaráhrif nú og árið 1949. Þykir því rétt að breyta þessari grein og er í frumvarpi þessu lagt til að sektarákvæðin verði í samræmi við sektarákvæði laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Í þeim lögum eru sektir miðaðar við gullkrónur og refsirammar við brot

á lögunum eru 4000—20 000 gullkrónur og 14 000—40 000 gullkrónur eftir stærð skipa og fyrir brot á ákvæðum leyfisbréfa eða reglum settum skv. lögunum svo og fyrir hlutdeild er refsiramminn 2000—14 000 gullkrónur.

Í frumvarpi þessu eru sektarákvæði ekki í þremur flokkum eins og í lögum nr. 81/1976 en refsiramminn 2000—40 000 gullkrónur er að öðru leyti miðaður við sömu fjárhæðir.

Frumvarp þetta hefur og að geyma ákvæði um upptöku afla og veiðarfæra sem eru ítarlegri en ákvæði núgildandi laga og í samræmi við ákvæði 17. gr. laga nr. 81/1976 sem eru strangari t. d. að því leyti að þau gera ráð fyrir því að allur afli skips í þeirri veiðiferð sem skip er staðið að broti, sé gerður upptækur en ekki einungis sá afli sem hægt er að sanna að sé ólöglegur eins og núgildandi hvalveiðilög gera ráð fyrir.

Loks gerir frumvarp þetta ráð fyrir að brot á lögum, reglugerðum eða leyfisbréfum geti varðað fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða. Samkvæmt gildandi lögum er skylt að dæma þann sem brýtur lögin í allt að 6 mánaða fangelsi. Þykir eðlilegt með hliðsjón af því að sektir eru hækkaðar til muna í frumvarpi þessu og ennfremur með hliðsjón af sambærilegum ákvæðum laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, að dómari geti metið það hvort brot gefi tilefni til fangelsisdóms.

Fullkomlega tímabært þykir nú að breyta lögunum á þann hátt sem hér er gerð tillaga um til samræmis við breytt verðgildi peninga og sambærileg ákvæði laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Er skemmst að minnast þess að skipstjóri norsks hvalfangara, sem staðinn var að ólöglegum hrefnuveiðum fyrir Norðurlandi í sumar var dæmdur í aðeins 50 000 kr. sekt og 45 daga fangelsi sem hann getur væntanlega losnað undan með tilvísun til tryggingarfjárhæðar kr. 1 000 000 sem honum var gert að inna af hendi. Þá var aðeins gerð upptæk ein hrefna sem hann var talinn sannur að hafa skotið í íslenskri fiskveiðilögsögu, en báturinn var að sögn að koma af Grænlandsmiðum og var hlaðinn hrefnukjöti sem var mörgum sinnum verðmætara en sekt, tryggingarfjárhæð og andvirði upptæks afla til samans. Er því hætt við að dómurinn hafi ekki orðið hinum norska skipstjóra til varnaðar heldur frekar til freistingar að endurtaka brotið á næstu hrefnuvertíð að ári.

Nd. 493. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til laga um upplýsingaskyldu banka og annarra lánastofnana.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaður minni hluti fjárhags- og viðskiptanefndar bendir á, að löggjöf um ríkisbanka er í endurskoðun, og leggur því til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 28. mars 1979.

Halldór E. Sigurðsson, fundaskr., frsm. Ólafur G. Einarsson. Matthías Á. Mathiesen.

Ed. 494. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 26. maí 1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, Þorv. Garðar Kristjánsson, var fjarstaddur þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 28. mars 1979.

Helgi F. Seljan, form.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr., frsm.	Bragi Sigurjónsson.
Bragi Níelsson.	Ey. Kon. Jónsson.	Stefán Jónsson.

Sþ. 495. Tillaga til þingsályktunar [245. mál]

um greiðslu orlofsfjár sveitafólks.

Flm.: Páll Pétursson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram könnun á því, hvort ekki væri heppilegast að greiða orlofsfé beint til bænda.

Greinargerð.

Íslensk bændastétt á við mikinn vanda að etja í framleiðslumálum. Ríkisstjórnin, Alþingi og samtök bænda eru að leita leiða til þess að bægja þessum vandræðum frá. Einn alvarlegasti hluti vandans er sá, hve kjör bænda eru misjöfn, þannig að þeir, sem verst eru settir og minnsta hafa framleiðsluna, eiga við mjög alvarlega erfiðleika að etja. Verðlagskerfi landbúnaðarins er þannig uppbyggt að laun bænda eru reiknuð út frá áætluðu vísitölubúi og við það er verð búvara miðað. Orlofsfé bænda, 8.3%, er nú hluti af afurðaverðinu. Flm. vilja láta kanna hvort ekki væri heppilegra að ríkið greiddi hverjum bónda um sig ákveðna upphæð sem meðalorlof, samkvæmt verðlagsgrundvelli 1/3 1979 kr. 483 000. Með því yrði stuðlað að jöfnuði meðal bænda innbyrðis, jafnframt því sem stuðlað væri að lækkun afurðaverðs og þar með lækkun framfærslukostnaðar. Þannig mundi hluti þess fjár, sem nú er varið til niðurgreiðslna, e. t. v. nýtast betur.

Vegna eðlis búskapar á Íslandi er að sjálfsögðu ekki hægt að binda greiðslur orlofsfjár við það að bændafólk hafi tekið sér frí svo sem gert er í Noregi. Aðstæður einstakra bænda geta verið slíkar að þeim sé ekki unnt að yfirgefa bú sín árlega, og er þá óeðlilegt að svipta þá orlofsfé, sem þeir eiga rétt á, vegna örðugra aðstæðna. Þá verður að gera ráð fyrir að þær bændafjölskyldur, sem hafa verulegan hluta tekna sinna af öðru en landbúnaði, fái einungis hluta orlofsgreiðslunnar.

Sþ. 496. Tillaga til þingsályktunar [246. mál]

um lúkningu Laxárvirkjunar III.

Flm.: Bragi Sigurjónsson, Árni Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að samkomulag náist um að ljúka Laxárvirkjun III við Brúar í Aðaldal.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er varð að hætta við lúkningu Laxárvirkjunar III fyrir nokkrum árum vegna ósamkomulags, sem um framkvæmd verksins stóð. Er þarflaust að rekja þær deilur hér. Lokaágreiningurinn stóð um það, hvort reisa mætti 20—22 m stíflu í Laxárgljúfrum ofan Brúa í Aðaldal, en ef svo fengist yrði virkjunin 10 mw stærri en nú er, auk þess sem framleiðsluöryggi virkjunarinnar ykist að miklum mun við það að fá nokkurt miðlunarlón ofan stíflunnar, en nú er einvörðungu um rennslisvirkjun að ræða. Fullbúin vatnsgöng eru fyrir hendi, einnig fullbúið stöðvarhús, en eina vélasamstæðu vantar, sem stöðvarhúsið var ætlað fyrir, miðað við fulllúkningu Laxárvirkjunar III. Með því að byggja stífluna og kaupa og setja umrædda vélasamstæðu niður fengist 10 mw raforkuaukning, sem væri langt undir kostnaðarverði nokkurrar annarrar 10 mw raforkuaukningar í landinu. Enn er svo að geta þess, að talsverður sandburður er inn á vélar Laxárvirkjananna eins og nú er, vegna þess að þær eru alfarið rennslisvirkjanir, og er því slit á vélunum meira en góðu hófi gegnir, t. d. er reiknað með allt að 6 vikna vinnu við upptöku og viðgerð véla í virkjununum í sumar komandi, en með tilkomu stíflu mundi sandburður árinnar inn á vélar virkjananna stórum minnka, og þannig mundi allt gerast í senn við byggingu stíflunnar: raforkuframleiðslan ykist, stöðugleiki hennar yrði meiri og slit á vélum mundi minnka.

Íbúum á orkuveitusvæði Laxár er orðin gagnsemd umræddrar stíflugerðar ljósari með hverju árinu sem hefur liðið, og má því ætla að um mál þetta, lúkningu Laxárvirkjunar III, ætti að geta náðst heilshugar samkomulag, ef ríkisstjórnin beitti sér fyrir því af einbeitni og lagni. Eins og fyrr getur, er hér um langódýrustu og fljótvirkustu virkjunaraukningu að ræða sem völ er á, og þessi 10 mw aukning, sem þarna mætti fá, yki stórlega öryggi Norðlendinga og Austlendinga í raforkumálum, meðan beðið væri eftir stærri og umfangsmeiri virkjunum á öðrum stöðum.

Sþ. 497. Nefndarálit [16. mál]

um till. til þál. um beinar greiðslur til bænda.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins á fundi sínum 20. mars. Meiri hluti nefndarinnar — hvorki meira né minna en sex alþingismenn — hefur skilað nál., dags. 15. mars, þar sem þeir leggja til að tillagan verði samþykkt óbreytt. Í tilefni af þessum áfanga þykir minni hluta við hæfi að rifja upp þróunarsögu hugmyndar þeirrar er að baki tillögunnar liggur.

Hugmyndin mun hafa kviknað í sláturtíðinni haustið 1976 norður á Sauðárkróki í sambandi við aftöku lambhrúts sem Sveinn Nikodemusson átti. Eyjólfur Konráð Jónsson var þá í nokkru uppnámi og taldi að bændur í Skagafirði, samtök þeirra og heilbrigðisyfirvöld í landinu legðu hömlur á umsvif sín við sláturstörf og iðnrekstur. Síðan flutti hann á 98. löggjafarþingi, 1976, aleinn, svo hljóðandi tillögu til þingsályktunar, 108. mál, þskj. 127:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að viðskiptabankar greiði rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins beint til bænda."

Tillaga þessi varð að sjálfsögðu ekki útrædd.

Á 99. löggjafarþingi, 1977, endurflutti hann þó tillögu þessa og nú í félagi við Jóhann Hafstein.

Tillagan fór til allsherjarnefndar Sþ. og var send til umsagnar. Um tillöguna bárust margar umsagnir. Búnaðarþing mælti gegn því að tillagan yrði samþykkt. Í gerinargerð með ályktun Búnaðarþings sagði m. a.:

„Búnaðarþing bendir á, að ýmsir örðugleikar, aukin skriffinnska og kostnaður í formi lántöku- og stimpilgjalda fylgir því að taka upp breytingu á því greiðslufyrirkomulagi, sem nú gildir varðandi rekstrar- og afurðalán til landbúnaðarins. Í því sambandi má benda á, að hluti rekstrarlánanna er greiddur sem fóðurbirgðalán, en ná til hluta landsins, og til áburðarverksmiðju ríkisins, sem verksmiðjan endurlánar með greiðsluskilmálum vegna áburðarkaupa. Þau lán eru því jafnt til mjólkurframleiðenda og þeirra, sem framleiða sauðfjárafurðir.

Þá má benda á, að ekki hafa enn komið fram neinar almennar óskir um breyting á greiðslufyrirkomulagi lánanna, hvorki afurða- né rekstrarlána, og síður en svo líklegt, að hún mundi í reynd stuðla að umbótum í lánamálum landbúnaðarins."

Í umsögn Mjólkursamsölunnar segir:

„Mjólkurbúin, Mjólkursamsalan og mjólkurframleiðendur hafa engin ákveðin kerfisbundin rekstrarlán fengið úr bankakerfinu, en æskilegt væri að úr því yrði bætt.

Ekki er stjórnin reiðubúin til að segja til um hvaða kerfi ætti að hafa á afgreiðslu slíkra lána ef upp yrði tekin. Um afurðalánin gildir annað. Þar hafa mjólkurbúin fengið lán út á vinnsluvörubirgðir. Æskilegt væri að þau lán yrðu hækkuð í 90% heildsöluverðs varanna. En útilokað er að breyta greiðslufyrirkomulagi þessara lána, því mjólkurbúin ein geti veðsett birgðirnar."

Í umsögn Sláturfélags Suðurlands segir m. a.:

„Af þessu tilefni vill stjórn Sláturfélags Suðurlands taka fram, að hún telur ekki þörf skipulagsbreytingar á fyrirkomulagi afurðalánagreiðslna frá Sláturfélaginu til bænda. Í áratugi hefur sá háttur verið á hafður hjá Sláturfélagi Suðurlands, að andvirði afurða er greitt til bænda með þeim hætti, að peningar eru lagðir inn á bankareikninga á nöfnum framleiðanda, sem þeir geta síðan að sjálfsögðu ráðstafað að vild. Það, sem einkum hefur háð því, að þetta fyrirkomulag teljist fullnægja þörfum búvöruframleiðenda innan Sláturfélagsins, er að lán út á afurðabirgðir hafa verið allt of lág hlutfallslega miðað við verðmæti afurðanna. Af þeim sökum hafa framleiðendurnir orðið að bíða eftir fullnaðaruppgjörum of lengi eða þar til að afurðirnar eru að fullu seldar og getur þetta vegna eðlis framleiðslu sauðfjárafurða oft tekið á annað ár. Því ber að leggja höfuðáherslu á hækkun afurðalánanna hlutfallslega miðað við verðmæti, svo að framleiðendur geti fengið sem mestan hluta afurðanna greiddan í bankareikninga sína sem fyrst eftir afhendingu afurðanna til vinnslustöðvanna. Stjórn Sláturfélags Suðurlands telur, að það fyrirkomulag, að bankar mundu greiða afurðaandvirði beint til bænda, yrði mjög þungt í vöfum, einkanlega þegar kæmi að endurgreiðslum lánanna frá framleiðendum til viðskiptabankanna.

Ef um væri að ræða, að bændur fengju afurða- og rekstrarlán beint til sín, mundu greiðslur til þeirra frá afurðafélögunum ekki geta farið fram fyrr en jafnóðum eftir sölu, væntanlega þá mánaðarlega."

Landsbanki Íslands (undirritað: Jónas H. Haralz, Helgi Bergs) sendi svo hljóðandi umsögn:

„Með bréfi, dags. 21. febrúar 1978, hafið þér sent oss til umsagnar tillögu til þingsályktunar um greiðslu rekstrar- og afurðalána til bænda (108. mál).

Í tillögunni er fjallað jöfnum höndum um rekstrarlán og afurðalán og er rétt að gera hér grein fyrir ólíku eðli þessara lána.

Afurðalánin eru tryggð með veði, sjálfsvörsluveði, í afurðunum og greiðast jafnóðum og birgðir minnka eftir því sem þær seljast. Þetta er því aðeins framkvæmanlegt að lánin séu veitt þeim aðila, sem hefur birgðirnar í sinni vörslu. Þessi aðferð er hliðstæð því sem tíðkast í sjávarútvegi, þar sem afurðalánin eru veitt frystihúsum og fiskverkendum (ekki útvegsmönnum) út á birgðir þeirra. Breytingar á þessu fyrirkomulagi mundu hafa í för með sér vandamál í sambandi við tryggingar og eftirlit með endurgreiðslu.

Rekstrarlánin eru annars eðlis. Í landbúnaði eru þau aðeins veitt út á sauðfjárafurðir á þeim tíma, sem ær eru á fóðrum og lömb vaxa, og út á ýmsar tryggingar, en eiga það sameiginlegt að verða að greiðast af afurðalánunum, þegar þau koma. Af þeirri ástæðu er það til þæginda að það sé sami aðili sem tekur rekstrarlánin og afurðalánin.

Hliðstæð rekstrarlán sjávarútvegsins eru útgerðarlánin, en þau eru veitt beint til útvegsmanna, en endurgreiðast samkvæmt sérstökum samningi af afurðalánum þess frystihúss eða fiskverkanda, sem útvegsmaðurinn leggur upp hjá. Með sama hætti er framkvæmanlegt að veita rekstrarlánin beint til bænda, en algert skilyrði fyrir því væri þó að fyrir lægi fullnægjandi samningur milli bóndans og afurðasölufyrirtækis um að það ábyrgðist endurgreiðslu lánsins á þeim tíma, þegar afurðalán eru veitt. Þessi framkvæmd yrði hin erfiðasta í vöfum, og sérstakar aðstæður gætu valdið einstökum bændum erfiðleikum með að fá lán yfirleitt.

Af því, sem hér hefur verið sagt, er ljóst, að í framkvæmd eru miklir annmarkar á þeirri tilhögun, sem tillagan gerir ráð fyrir, og hafa þeir ekki verið kannaðir til hlítar. Rétt þykir því að varpa fram þeirri spurningu, hvort ekki megi ná þeim tilgangi, sem tillagan stefnir að, með því að setja um það reglur á hvern hátt lánaandvirði skuli renna til bændanna. Gætu þessar reglur falið það í sér, að lántakandi yrði að greiða rekstrarlán inn á viðskiptareikninga bænda eða inn á reikninga þeirra hjá banka eða sparisjóði, samkvæmt tilvísun þeirra sjálfra. Skipting lánsfjárins á milli bænda gæti t. d. farið eftir því verðmæti sláturafurða, sem þeir hefðu lagt fram á s. l. sláturtíð. Um afurðalánin gætu gilt hliðstæðar reglur."

Í umsögn Búnaðarbankans, undirritaðri af Magnúsi Jónssyni og Þórhalli Tryggvasyni, segir m. a.:

„Þótt látin séu liggja milli hluta vandkvæði bankanna að lána hverjum einstökum bónda, er rétt að benda á, að þessi aðferð gæti valdið bændum, sem erfitt eiga um tryggingar, verulegum erfiðleikum. Afurðalán bænda eru veitt gegn tryggingu í afurðum á sama hátt og afurðalán í sjávarútvegi, og endurgreiðsla þeirra er tengd sölu afurðanna. Bændum er ógerlegt að tryggja afurðalánin á þennan hátt eftir að þeir hafa afhent afurðirnar. Það er því ekki sjáanleg leið til að framkvæma núverandi afurðalánakerfi, ef greiða ætti lánin beint til bænda án milligöngu þeirra fyrirtækja, sem hafa afurðirnar í sinni vörslu og annast sölu þeirra."

Seðlabankinn sendi einnig neikvæða umsögn, undirritaða af Davíð Ólafssyni og Guðmundi Hjartarsyni.

Í umsögn SÍS segir m. a. svo um afurðalánin:

„Hvað varðar Sambandskaupfélögin þá hafa þau greitt afurðalánin beint til bænda (og annarra innleggjenda) og í svo til öllum tilfellum hafa þau sjálf bætt við bankalánin með því að greiða 75—85% af innleggi í lok sláturtíðar og eftirstöðvarnar þegar afurðir eru seldar. Kaupfélögin hafa greitt þessar upphæðir inn á viðskiptareikninga innleggjenda, sem er hliðstætt því að fjárhæðirnar hefðu verið greiddar inn á bankareikninga viðkomandi aðila. Kaupfélögin eru hluti af bankakerfinu, og staðfestir Seðlabankinn þann skilning með því að gera innlánsdeildum skylt að greiða í Seðlabankann bindingu af spariinnlánum. Ekki virðist ástæða til að gera greinarmun á reikningsinnstæðu í Sambandskaupfélögunum, sem nú annast slátrun, og innstæðu í viðskiptabanka.

Þingsályktunartillagan er því óþörf hvað varðar afurðalán Sambandskaupfélaganna.

Fyrsta spurningin verður sú, hvort bankakerfið sé reiðubúið að taka að sér að leysa rekstrarlánin, sem mundi þýða margföldun lánanna frá því sem nú er. Yrði þá lágmarkið að vera það, að bændur ættu kost á rekstrarlánunum, sem svaraði 65% af heildsöluverði sauðfjárafurða, og væru þau lán veitt á tímabilinu mars til september, og afurðalánin yrðu þá einnig að hækka mjög verulega. Önnur spurning er trygging til viðskiptabankanna. Þriðja spurningin er stóraukinn kostnaður fyrir bændur vegna breytts fyrirkomulags. Lánafyrirgreiðsla kaupfélaganna til bænda hefur verið ódýr, að henni hefur verið tímasparnaður fyrir bændur, þeir hafa verið, í flestum tilfellum, leystir undan því að sitja í biðstofum til lánsútvegunar og þeir hafa ekki þurft að greiða lántökukostnað. Fjórða spurningin hlýtur þó að vega mest: Vilja bændur sjálfir gera á þessu breytingu, treysta á að bankakerfið leysi rekstrarlánin, en kaupfélögin hætti að lána út á haustinnlegg?"

Lýkur hér tilvitnun í umsagnir.

Þrátt fyrir að allar þær umsagnir, sem um málið bárust, væru mjög neikvæðar lagði meiri hl. allsherjarnefndar til, að till. yrði samþ. með svo hljóðandi breytingu:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að settar verði reglur um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins, sem tryggi að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt.

Jafnframt láti ríkisstjórnin fara fram athugun á því, hvernig heppilegast sé að koma við breytingum á greiðslum útflutningsbóta og niðurgreiðslna, þannig að þær nýtist betur."

Minni hl., Jón Helgason, Magnús Torfi Ólafsson og Jón Skaftason, lagði til að till. væri afgr. með rökstuddri dagskrá.

Tillagan hlaut ekki afgreiðslu. Þó var hún flutt á 100. löggjafarþingi í þeirri mynd sem meiri hl. á 99. löggjafarþingi lagði til að hún yrði. Nú var flm. kominn með tvo vaska meðreiðarsveina, þá Jónas Árnason og Sighvat Björgvinsson.

Fyrsti flm. hafði fengið hugljómun varðandi það að greiða beint til bænda hluta niðurgreiðslna og útflutningsbóta. Stéttarsamband bænda hefur látið athuga þessa hugmynd eftir fyrirsögn Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Þar er skemmst frá að segja að fjármagnið nýtist verr heldur en með núverandi hætti. Hins vegar mundi þarna opnast mjög kröftug leið til þess að draga úr framleiðslunni þar sem stærri bændur fengju aðeins 70—80% grundvallarverðs fyrir afurðir sínar og yrðu væntanlega gjaldþrota. Þetta er harðvítugsta kommúnistatillaga sem hingað til hefur komið fram um landbúnaðarmál á Alþingi.

Þótt vandlega sé leitað í samþykktum bændafunda undanfarinna þriggja ára finnast þess ekki nokkur dæmi að bændur hafi tekið undir hugmynd tillögunnar. Hugmyndin er ekki frá bændum sjálfum komin og þeir óska ekki eftir þeirri tilhögun sem hún gerir ráð fyrir. Hugmynd Eyjólfs leiðir til aukins kostnaðar og framleiðslukostnaður vex ef hún verður að veruleika. Nær væri að nýta betur það fjármagn, sem fer til þessara mála. Árið 1978 voru t. d. stimpilgjöld til ríkisins af afurðalánum 170 milljónir, og hver og einn þáttur sem sparast skilar sér í lægra afurðaverði. Því verður ekki trúað að flm. og þeir, sem gerast þeirra ábekingar, vilji vinna bændum tjón, heldur vaki fyrir þeim að klekkja á samtökum þeirra (sjá grg. till. og framsöguræður), en með því að reiða til höggs að sölusamtökum bænda lendir höggið að sjálfsögðu beint á bændum og síðan á neytendum í landinu.

Til þess að sefa flm. og ábekingana og gleðja þá leggur minni hl. til að till. verði samþ., en með þessum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:

   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að settar verði reglur um að rekstrar- og afurðalánum verði breytt þannig, að bændur geti fengið laun sín greidd og óhjákvæmilegan rekstrarkostnað svipað og aðrir aðilar fá nú.

Jafnframt láti ríkisstjórnin fara fram athugun á því, hvernig heppilegast sé að koma við breytingum á greiðslum útflutningsbóta og niðurgreiðslna, þannig að þær nýtist betur.

2. Fyrirsögn till. verði:
Tillaga til þingsályktunar um greiðslur til bænda.

Alþingi, 28. mars 1979.

Páll Pétursson,
form.

Sþ. 498. Nefndarálit [51. mál]

um till. til þál. um úttekt á verktakastarfsemi við Keflavíkurflugvöll.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn, þingmenn Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins, leggur til að tillagan verði samþykkt með veigamiklum breytingum.

Minni hluti nefndarinnar bendir á, að skv. 39. grein stjórnarskrár lýðveldisins sé kveðið skýrt á um rannsóknarnefndir Alþingis. Ljóst sé, að tillaga þessi uppfylli ekki þau skilyrði, sem þar eru talin.

Þá er minni hlutinn andvígur því, að utanríkismálanefnd gerist rannsóknaraðili að þessu leyti.

Minni hluti nefndarinnar leggur til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að utanríkisráðuneytið hefur þegar stofnað til athugunar og endurskoðunar á fyrirkomulagi framkvæmda á vegum varnarliðsins og í trausti þess, að greinargerð ráðuneytisins um slíka athugun verði lögð fyrir utanríkismálanefnd, tekur Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. mars 1979.

Einar Ágústsson, form., frsm. Ragnhildur Helgadóttir. Friðjón Þórðarson.

Ed. 499. Nefndarálit [230. mál]

um frv. til l. um stjórn efnahagsmála o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Haldnir voru 5 fundir um málið með fjárhags- og viðskiptanefndum beggja deilda sameiginlega.

Farið var ítarlega yfir frv. Nefndinni bárust umsagnir þeirra aðila, sem drög að frumvarpinu, er lögð voru fram í ríkisstjórninni í febrúar, höfðu verið send til. Tekið hafði verið tillit til ýmissa athugasemda, sem þar komu fram, við endanlega gerð frumvarpsins.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands, Verslunarráðs Íslands, Sjómannasambandsins, Farmanna- og fiskimannasambandsins, Sambands ísl. bankamanna, Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna.

Meiri hlutinn leggur fram nokkrar breytingartillögur á sérstöku þingskjali og leggur til að frv. verði samþ. þannig breytt.
Minni hlutinn mun skila séráliti.

Alþingi, 30. mars 1979.

Jón Helgason, form., frsm. Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr. Karl Steinar Guðnason,
Geir Gunnarsson. Ágúst Einarsson.

Ed. 500. Breytingartillögur [230. mál]

við frv. til l. um stjórn efnahagsmála o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 1. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Ráðstafanir stjórnvalda í efnahagsmálum og fjármálum skulu jafnan við það miðaðar, að stefnt sé að framangreindum markmiðum á þann hátt, að þeirra á milli sé hæfilegt jafnvægi og fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar sé ekki teflt í tvísýnu.
2. Við 6. gr. Síðasti málsliður orðist svo:
   Á sama hátt skulu þjóðhagsforsendur fjárlaga miðast við endurskoðaða þjóðhagsáætlun fyrir fjárhagsárið, sem í hönd fer, eins og hún liggur fyrir við afgreiðslu fjárlaga.
3. Við 7. gr. Upphaf síðari málsgr. orðist svo:
   Með áætlun þessari skal sýna meðal annars:
   1. Meginstefnu í ríkisfjármálum og þróun ríkisbúskaparins.
   2. Samræmi milli stefnunar í ríkisfjármálum og í efnahags- og atvinnumálum.

   4. liður greinarinnar verði 3. liður og 5. liður 4. liður.
4. Við 10. gr. Í stað „1. apríl“ komi: 1. maí, og í stað „15. apríl“ komi: 15. maí.
5. a. Við 13. gr. Síðari málsliður 1. tl. falli niður.
   b. Við 2. tl. bætist eftirfarandi:
   Skal slíkt mat liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar, enda sé því skilað til þingnefndar á tilskildum tíma.
6. Við 16. gr. Aftan við greinina bætast orðin: sem hámarksáætlun.
7. Á eftir 30. gr., í VI. kafla, bætist ný grein, 31. grein, sem hér fer á eftir (greinaröð frv. breytist til samræmis):

   Í stað 2. tl. 5. mgr. 11. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, komi eftirfarandi:

   Enn fremur skulu innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. gr., eiga fé á bundnum reikningi í Seðlabankanum sem svarar tilteknum hundraðshluta af innstæðufé viðkomandi stofnunar. Innstæðubindingin má hæst nema 28% af heildarinnstæðufé hjá hverri stofnun.

   Seðlabankinn getur ákveðið, að tiltekinn hluti innlánsaukningar skuli bundinn á reikningi hjá honum, enda fari heildarinnstæða, sem viðkomandi stofnun sé skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki, sem sett er í 2. málsgrein.

   Seðlabankinn setur nánari reglur um framkvæmd innlánsbindingar samkvæmt 2. og 3. málsgrein, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, en bindiskyldan skal vera hin sama fyrir allar stofnanir.

8. Við 36. gr. Greinin orðist svo:
Seðlabankinn gefur út, hvaða reglur skuli gilda um rekstrar- og afurðalán atvinnuveganna að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.
9. Við 38. gr. 4. tl. orðist svo:
4) að grundvöllur verðtryggingar sé sem hér segir:
a) miðað sé við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma;
b) miðað sé við gengi erlends gjaldeyris þar sem slíkt er heimilt samkvæmt lögum eða reglugerð.
10. Við 49. gr. Lokaorð 1. málsl. í 2. tl. „eða til annarra ráðstafana til þess að milda áhrif hækkunar olíuverðs innanlands“ falli niður.
11. Við ákvæði til bráðabirgða á eftir 51. gr. bætist eftirfarandi:

I.

Grunnkaup þetta skal haldast óbreytt þar til um annað hefur verið samið. Ákvæði þessara laga breyta í engu rétti til að gerðir séu nýir kjarasamningar, jafnt um grunnlaun sem verðlagsbætur á laun.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 50. greinar skal frádráttur frá verðbótavísitölu hinn 1. júní 1979 vegna rýrnandi viðskiptakjara hæst nema 2% af verðbótavísitölu þann dag. Það, sem umfram 2% frádrátt kann að reynast, skal tekið til greina þegar reiknuð verður verðbótavísitala frá 1. september 1979.

Þó skal frádráttur frá hækkun verðbóta skv. ákvæðum 50. gr. ekki breyta rétti til verðbóta hinn 1. júní 1979 á laun, sem lægri eru en 210 000 krónur á mánuði fyrir fulla dagvinnu, sbr. 1. mgr. þessara ákvæða til bráðabirgða. Hinn 1. september 1979 skal breyting verðbóta frá 1. júní vegna viðskiptakjaraáhrifa vera hin sama fyrir þessi laun og aðra launataxta. Hinn 1. desember 1979 skal síðan gilda sama vísitala við ákvörðun verðbóta á öll laun eins og hún verður ákveðin skv. 47. til 50. gr. þessara laga. Kveða skal nánar á með reglugerð um framkvæmd þessara ákvæða, þar með hvað telja skuli laun fyrir fulla dagvinnu og hvernig tryggja skuli, að ákvæði þessi valdi ekki óeðlilegri röskun milli launataxta, og má í því skyni setja reglur um það, hvernig fara skuli með verðbætur á laun sem eru allt að 220 000 krónum á mánuði, sbr. hér að framan.

Þess skal gætt, þegar metin er hæð kauptaxta fyrir fulla dagvinnu, að jafnan sé miðað við endanlegan kauptaxta að meðtöldum hvers konar álögum, þó ekki erfiðis- og óþrifaálagi. Sama skal gilda um kauptaxta, sem ákveðnir eru sem hlutfall af öðrum kauptaxta, að miða skal við hinn endanlega taxta, en ekki grunninn, sem hann er á reistur. Með taxta skal telja hvers konar álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna. Með taxta skal einnig telja vaktaálag að því leyti sem það kann að vera hærra en svarar til eftirvinnu-, næturvinnu- og helgidagaálags.

Þegar metin er hæð mánaðarlauna fyrir fula dagvinnu skv. ákvæðisvinnutöxtum til ákvörðunar verðbóta skv. þessu ákvæði, skal m. a. taka tillit til þess vinnuálags, sem fylgja kann ákvæðisvinnu, og fyrirliggjandi upplýsinga Kjararannsóknarnefndar um tekjur ákvæðisvinnufólks.

III.

Þá skulu elli- og örorkulaun og aðrar hliðstæðar tryggingabætur njóta sömu meðferðar og laun undir 210 000 markinu og frá sama tíma.
12. Við 58. gr. Greinin orðist svo:
8. gr. laga nr. 56 1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti orðist svo:

Þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra verðlagningu, sem í gildi eru þegar lög þessi koma til framkvæmda, skulu gilda áfram. Þegar samkeppni er nægjanleg getur verðlagsráð að fengnu samþykki ríkisstjórnar vikið frá þessum reglum og meðal annars heimilað að fella einstaka flokka vöru og þjónustu undan verðlagsákvæðum. Hafi slík heimild verið veitt, getur verðlagsstofnun engu að síður skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir. Verðlagsráð getur við sérstakar aðstæður einnig ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki sem um getur í 1. gr:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir ákveðnum reglum.
3. Verðstöðvun allt að 6 mánuði í senn.
4. Aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör, sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.

Ed. 501. Nefndarálit [218. mál]

um frv. til l. um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Orðið „stöðugrar“ í niðurlagi 1. mgr. 6. gr. falli brott.

Alþingi, 29. mars 1979.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Ólafur R. Grímsson, fundaskr.	Bragi Nielsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Jón Helgason.	Jón G. Sólnes.

Ed. 502. Nefndarálit [230. mál]

um frv. til laga um stjórn efnahagsmála o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Aðdragandi frv. þessa og breytingartillagna meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar við það er með undarlegum hætti. Á þetta bæði við um það sem gerst hefur utan þings og innan.

Núverandi ríkisstjórn var mynduð til að leysa þann stjórnmálavanda, sem stuðningsflokkar hennar höfðu magnað að höfði sér með óraunsæjum kosningaloforðum á s. l. sumri. Í starfslýsingu hennar kom fram, að ekki var hugsað um efnahagsmál þjóðarinnar nema nokkra mánuði fram í tímann og því heitið að langtímastefna yrði birt síðar.

Þær bráðabirgðaráðstafanir, sem gripið var til í byrjun september og desember s. l., urðu annaðhvort til þess að fresta vanda eða skapa nýjan. Ljóst er, að stóraukin skattheimta og þær millifærslur, sem stofnað hefur verið til, hafa ekki megnað að hamla gegn verðbólgunni og árangur er mun minni í þeim efnum en orðið hefði skv. febrúar- og maílögunum 1978. Hið sama er að segja um kaupmátt launa.

Ýmsir þingmenn Alþýðuflokksins létu sem þeim væri ljóst, að ekki yrði sífellt undan því vikist að móta alvörustefnu í efnahagsmálum og sýna hana í verki. Upp-

runa þessa frv. má rekja til þeirra, en þeir lögðu fram drög í Alþýðublaðinu fyrir jól. Þótt þar væri sumt sýndarmennska og annað rangt, eins og enn er í núverandi gerð frv., var um nokkur snörp ákvæði að ræða varðandi stjórn efnahagsmála, kjaramál o. fl. Í meðförum ráðherranefndar, forsætisráðherra og nú síðast ýmissa einkaráðgjafa stjórnarflokkanna er upphaflega gerðin orðin svo útþynnt og bragðdauf, að frv. leysir engan vanda og ber úrræðaleysi hæstvirtrar ríkisstj. órækt vitni. Má með sanni segja að nú taki steininn úr. Uppgjöf ríkisstjórnarinnar við mótun árangursvænlegrar stefnu í efnahagsmálum er algjör. Jafnframt er opinberað, svo að ekki verður um villst, að verið er að knýja fram kjaraskerðingu og taka þannig aftur það, sem stjórnarliðið þóttist veita s. l. haust til að kaupa sér stundarfrið.

Fyrstu 32 greinar frv. í I.—VI. kafla eru með öllu óþarfar. Er þar fjallað um atriði, sem þegar eru framkvæmd eða unnt er að framkvæma án lagasetningar. Sumar greinar eru hreinar stefnuyfirlýsingar eða loforð, sem ekki á að setja lagaákvæði um.

33.—46. gr. í VII. kafla og ákvæði til bráðabirgða í VI. kafla varða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Nauðsynlegt er að endurskoða lagaákvæði, er varða þessi málefni. Þetta væri eðlilegt að gera með sérstakri lagasetningu. Margt í þessum kafla frv. gæti verið til bóta, þótt annað sé varhugavert. Stefna sjálfstæðismanna er skýr í þessum málum. Þeir hafa þegar á Alþingi lagt fram tillögur um að gefa verðtryggingu frjálsa og færa ákvörðunarvald um kjör almennra útlána og innlána frá Seðlabankanum til viðskiptabanka, sparisjóða og annarra fjármagnsstofnana. Þetta yrði mun haganlegra í framkvæmd en sá máti, sem frv. gerir ráð fyrir.

VIII. kafli ber heitið „Verðbætur á laun“. Hér er verið að setja ákvæði um endurkröfu á hendur launþegum vegna fyrri óráðsíu stjórnarflokkanna. Hljóta þeir einir að bera ábyrgð á slíkri lagasetningu. Jafnframt er um þann reginmun að ræða nú og á löggjöf fyrrv. ríkisstjórnar í febrúar og maí á s. l. ári, að kjarasamningar eru nú lausir. Auk þess er með breytingartillögu meiri hl. við frv. teknar aftur þegar umsamdar grunnkaupshækkanir. Þetta eru miklu alvarlegri afskipti af kjarasamningum en skerðing verðbóta.

Sjálfstæðismenn telja eðlilegt og sjálfsagt, að leið frjálsra samninga um kaup og kjör sé reynd, áður en gengið er til lagasetningar um þau atriði. Þeir telja einnig, að taka eigi upp nýtt verðbótakerfi, kjaravísitölu, þar sem hvorki sé tekið tillit til óbeinna skatta né niðurgreiðslna og miðað sé við breytingu viðskiptakjara.

IX. kafli frv., um vinnumarkaðsmál, orkar tvímælis svo að ekki sé meira sagt. Í þessu sambandi er sérstök athygli vakin á vafasömu ákvæði í 54. gr. um skyldu atvinnurekenda til að tilkynna með tveggja mánaða fyrirvara ráðgerðan samdrátt, sem yrði mjög erfitt í framkvæmd, ef ekki óframkvæmanlegt. Þess vegna leggst minni hl. á móti 54. gr.

X. kafli, um verðlagsmál, kollsteypir þegar samþykktum lögum. Minni hl. leggst því gegn þessum kafla frv. Sjálfstæðismenn vilja að lögin um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti komi sem fyrst til framkvæmda.

60. gr. í XI. kafla, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, felur ekki í sér marktæka breytingu. Sjálfstæðismenn vilja, að Verðjöfnunarsjóður verði virkt hagstjórnartæki, þar sem farið verði eftir verðlagi á erlendum markaði og horfum í þeim efnum. XI. kafli frv. fjallar að öðru leyti um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Í því sambandi er minni hl. andvígur því ákvæði 63. gr., að gefin séu fyrirheit um viðtækar bætur, þegar draga þarf úr sókn til verndar mikilvægum fiskstofnum. Hér gæti verið ávísað á milljarða króna útgjaldaaukningu með hliðsjón af þeim aðgerðum, sem þegar hafa verið boðaðar, sbr. einnig reglugerð sjávarútvegsráðuneytisins frá 27. mars s. l. Minni hl. telur hins vegar eðlilegt, að lög um Aflatryggingasjóð séu endurskoðuð, en um það þarf ekki að kveða á í lögum.

Frv. er ætlað að vera umgerð um stjórn efnahagsmála o. fl. á næstu árum. Það rís þó engan veginn undir því nafni. Þar er t. d. sleppt að minnast á jafn-

mikilvæga málaflokka og skattamál og gjaldeyrismál. Auk þess er sárafátt bitastætt í því um atvinnumál.

Minni hl. gerir ekki sérstakar breytingartillögur við frv., þar sem þvílíkt klambur getur ekki verið uppistaða heilbrigðrar löggjafar.

Frv. er einnig í mikilvægum atriðum í andstöðu við þá stefnu frjálshyggju, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur markað í efnahagsmálum.

Alþingi, 2. apríl 1979.

Jón G. Sólnes, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 503. Frumvarp til laga [247. mál]

um Rafmagnseftirlit ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Eftirlit af hálfu ríkisins með vörnum gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum skal vera í höndum stofnunar, er nefnist Rafmagnseftirlit ríkisins.

Skal Rafmagnseftirlit ríkisins rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi.

Rafmagnseftirlit ríkisins heyrir undir ráðherra þann, sem fer með orkumál.

2. gr.

Ráðherra skipar og ræður starfsmenn stofnunarinnar, að fengnum tillögum rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins.

Rafmagnseftirlitsstjóri skal veita stofnuninni forstöðu og jafnframt vera ráðunautur ráðherra um allt, sem að lögum þessum lýtur.

Ráðherra setur rafmagnseftirlitsstjóra erindisbréf.

3. gr.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Rafmagnseftirlits ríkisins. Nefnist hann rafmagnseftirlitsstjóra.

4. gr.

Raforkuvirki, hvort heldur til vinnslu, umbreytingar, flutnings eða nýtingar raforku, með svo hárri spennu, þeim straumstyrk eða þeirri tíðni, að lífshætta eða hætta á heilsutjóni eða eignatjóni geti stafað af, skulu vera þannig úr garði gerð, notuð, haldið við og eftir þeim litið, að hætta af þeim verði svo lítil sem við verður komið.

5. gr.

Raforkuvirki mega ekki hafa í för með sér hættu fyrir eignir manna eða hættu á truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru. Sé unnt að afstýra slíkum truflunum með öryggisráðstöfunum, skulu þær gerðar á kostnað eiganda hinna nýju virkja. Þó má skylda eiganda hinna eldri virkja til að bera nokkurn hluta kostnaðarins, ef framkvæmd öryggisráðstafana er til verulegra hagsbóta fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða, að eigandi eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti þær öryggisráðstafanir, sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess, að hin eldri virki hafa verið ófullkomnari

eða miður trygg en venja er til eða krafist verður um ný virki á þeim tíma þegar ráðstafanirnar koma til framkvæmda.

Rafmagnseftirlitsstjóri sker úr ágreiningi um:

a. hvort raforkuvirki hafa í för með sér hættu fyrir eignir manna eða hættu á truflunum við starfrækslu eldri virkja,
b. hvaða öryggisráðstafanir skuli framkvæma til að afstýra slíkum hættum og truflunum,
c. hver eigi að koma þeim í verk og
d. hvort, og að hve miklu leyti, eigandi hinna eldri virkja skuli taka þátt í kostnaðinum við þær.

Úrskurði rafmagnseftirlitsstjóra má áfrýja til ráðherra.

Áfrýjun frestar ekki framkvæmd aðkallandi öryggisaðgerða.

6. gr.

Rafmagnseftirlit ríkisins skal ætíð hafa óhindraðan aðgang að þeim raforkuvirkjum, sem það hefur eftirlit með, og rétt til að gera þær athuganir og rannsóknir, er það telur nauðsynlegar. Því er heimilt að kanna tæki og aðra hluta raforkuvirkja hjá verslunum, framleiðendum og öðrum, er hafa þau til sölu eða leigu.

Rafmagnseftirlitið getur hvenær sem er tekið í sína vörslu eða innsiglað viðurkenningarskyld tæki og aðra hluta raforkuvirkja, sem ekki eru færðir til prófunar í tæka tíð eða ástæða er til að ætla, að notaðir verði án heimildar Rafmagnseftirlitsins.

7. gr.

Ráðherra setur í reglugerð um raforkuvirki ákvæði til varnar gegn hættu og tjóni af þeim og til varnar gegn truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru eða síðar kunna að koma.

Í reglugerð skal setja ákvæði um:

a. Gerð, setningu og starfrækslu raforkuvirkja og annarra mannvirkja, sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjum, að tjón, hætta eða tilfinnanleg truflun geti stafað af.
b. Takmörkun á eða bann við innflutningi, sölu og notkun tækja og einstakra hluta raforkuvirkja, sem fullnægja ekki settum skilyrðum.
c. Skyldu til þess að gefa skýrslu um raforkuvirki, sem fyrir hendi eru, um ný virki og aukningu eldri virkja, svo og að hlíta fyrirmælum ráðherra um rannsókn á slíkum virkjum.
d. Eftirlit með raforkuvirkjum af hálfu ríkisins, þar með talið eftirlit með innflutningi og sölu raforkuvirkja og hluta þeirra og með smíði þeirra innanlands. Má ákveða, að raforkuvirki, hlutar þeirra og efni til þeirra skuli merkt sérstöku viðurkenningarmerki. Er engum heimilt að nota merkið nema með leyfi Rafmagnseftirlits ríkisins og eftir þeim reglum, sem það setur um notkun þess.
e. Prófun og viðurkenningu raffanga, sem flutt eru til landsins eða smíðuð innanlands.
f. Löggildingu til rafvirkjunarstarfa og um menntun og hæfni eftirlitsmanna með raforkuvirkjum.
g. Skyldu stjórna rafveitna til að hafa eftirlit með því, að rafmagnslagnir og tæki, sem notuð eru í sambandi við rafveitur þeirra, brjóti eigi í bága við ákvæði laga og reglugerða, og um heimild handa Rafmagnseftirliti ríkisins, eða rafveitum í umboði þess, að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuvirkja og loka fyrir rafstrauminn hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum, sem hlíta ekki ákvæðum reglugerðarinnar, svo og að taka löggildingu um lengri eða skemmri tíma af þeim, sem hafa gerst brotlegir við reglugerðina.
h. Ábyrgð eigenda, umráðamanna og notenda raforkuvirkja á ástandi og meðferð þeirra.

i. Í reglugerð skal einnig setja ákvæði um hönnun og frágang raforkuvirkja með tilliti til umhverfis, endurbætur á raski við nýlagnir og samstarf við náttúruverndaraðila þar að lútandi.
j. Í reglugerð má einnig setja ákvæði um fræðslu og upplýsingar til almennings um hættur af rafmagni og leiðir til að verjast þeim.

8. gr.

Undanþegin eftirliti Rafmagnseftirlits ríkisins eru raforkuvirki í farartækjum, svo sem skipum, bifreiðum og flugvélum.

Ef ágreiningur verður um, hvort tiltekin raforkuvirki falla undir Rafmagnseftirlit ríkisins eða ekki, sker ráðherra úr.

9. gr.

Til rekstrar Rafmagnseftirlits ríkisins skal fjár aflað á eftirfarandi hátt:

1. Eigendur raforkuvera og rafveitna skuli árlega greiða til Rafmagnseftirlits ríkisins gjald allt að 1.5% af heildartekjum þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku, söluskatti og verðjöfnunargjaldi. Ef eigandi raforkuvers notar sjálfur alla þá orku, sem þar er unnin, eða verulegan hluta hennar, og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu, skal hann greiða gjald af áætlaðri notkun.
2. Fyrir eftirlit með uppsetningu nýrra raforkuvirkja skal eftirlitinu greiðast kostnaður þess.
3. Þeir, sem flytja inn til landsins eftirlitsskyld rafföng og hluta þeirra eða framleiða þau innanlands, greiði til eftirlitsins gjald, sem miðast við innkaupsverð þeirra eða söluverð þeirra frá innlendum framleiðanda. Má gjald þetta nema allt að ¾% af verðinu.
4. Sérstök prófunar- og skrásetningargjöld af slíkum eftirlitsskyldum rafföngum.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjöld þessi. Heimil er stöðvun á rekstri og notkun virkjanna, ef gjaldið er ekki greitt á réttum gjalddaga.

10. gr.

Með dómi er heimilt að gera upptæk þau rafföng, sem framleidd eru, seld, afhent eða notuð andstætt öryggisfyrirmælum Rafmagnseftirlits ríkisins.

11. gr.

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

13. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga skal setja í reglugerð.

14. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, jafnframt fellur úr gildi VI. kafli orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 um varnir gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum og eftirlit með þeim.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 17. janúar 1977 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra, Gunnar Thoroddsen, nefnd til að endurskoða orkulög og gera tillögur um heildarskipulag og yfirstjórn orkumála. Í nefnd þessa voru skipaðir: Aðalsteinn Guðjohnsen, formaður Sambands ísl. rafveitna; Gísli Blöndal, hagsýslustjóri; Helgi Bergs, formaður stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins; Jakob Björnsson, orkumálastjóri; Magnús Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga; Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri; Steingrímur Hermannsson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins; Þorvaldur Garðar Kristjánsson, formaður Orkuráðs, og var hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Nefndin skilaði í október 1978 tillögum til iðnaðarráðuneytisins, m. a. um frumvarp til orkulaga, frumvarp um Jarðboranir ríkisins og frumvarp um Rafmagnseftirlit ríkisins. Um þær tillögur var full samstaða í nefndinni.

Nefndarálitið var sent alþingismönnum og ýmsum fleiri aðilum og óskað ábendinga um efni þess. Varðandi Rafmagnseftirlitið bárust ráðuneytinu nokkrar tillögur og athugasemdir, m. a. frá starfsmönnum Rafmagnseftirlitsins. Var yfir þær farið á vegum ráðuneytisins og gerðar nokkrar breytingar á frumvarpsdrögum þeim, sem nefndin hafði gert tillögur um, en meginstofninn er að mestu óbreyttur.

Í tillögum sínum hafði nefndin m. a. hliðsjón af hugmyndum og tillögum, sem starfshópur innan Rafmagnseftirlits ríkisins hefir sett fram um skipulag og framkvæmd eftirlits með orkuvirkjum, en hann starfaði á árunum 1976—1977.

Í frumvarpi þessu er sú megin efnisbreyting, að Rafmagnseftirlit ríkisins er tekið undan Orkustofnun, sem hefir haft yfirumsjón með eftirliti af hálfu ríkisins með því, að fullnægt sé ákvæðum laga um varnir gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum. Þykir þetta umsjónarstarf ekki lengur eiga heima í verkahring Orkustofnunar og ekki samræmast breytingum, sem fyrirhugað er að gera á starfsemi hennar.

Sú formbreyting felst í frumvarpi þessu, að nú er gert ráð fyrir sérlögum um Rafmagnseftirlit ríkisins, en ákvæði um þau efni hefur verið að finna í almennum orkulögum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 2. gr.

Hér er að finna þá breytingu frá núgildandi lögum, að gert er ráð fyrir, að ráðherra skipi rafmagnseftirlitsstjóra, en í núgildandi lögum gerir Orkustofnun tillögur til ráðherra um skipun hans.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin er óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 5. gr.

Hér er m. a. kveðið á um vald rafmagnseftirlitsstjóra til að ákveða um tiltekin efni, jafnframt því, að tekið er fram, að þessum ákvörðunum megi áfrýja til ráðherra. Þó hér sé um breytta framsetningu að ræða frá núgildandi lögum, er grein þessi efnislega óbreytt frá því, sem verið hefir.

Um 6. gr.

Óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 7. gr.

Efnislega óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 8. gr.

Óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 9. gr.

Efnislega óbreytt. Gjaldtökuheimild samkv. 1. tl. er hækkuð úr 1% í 1.5%. Þá segir að áætla skuli gjald samkv. síðari hluta 1. tl. í stað þess að í núgildandi lögum segir að það megi meðal annars miða gjaldið við stærð rafala í raforkuverum. Þessi breyting er í samræmi við framkvæmd þessa ákvæðis nú.

Um 10. gr.

Óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 11. gr.—15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Felld er niður grein í núgildandi lögum, sem kveður á um þagnarskyldu starfsmanna Rafmagnseftirlitsins, en almenn ákvæði um þagnarskyldu opinberra starfsmanna er að finna í lögum nr. 38/1954. (Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 32. gr.).

Sþ. 504. Skýrsla

fjármálaráðherra um afkomu ríkissjóðs 1978 samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds.

1. Afkoma ríkissjóðs 1978, yfirlit.

Í skýrslu þessari er lýst meginþáttum þróunar ríkisfjármálanna á árinu 1978. Áhersla er lögð á að sýna og skýra frávik frá fjárlögum og áætlun, sem gerð var um ríkisfjármálin í september sl.

Á árinu 1978 voru áætlanir um gjöld og tekjur ríkissjóðs endurskoðaðar í heild nokkrum sinnum. Í kjölfar efnahagsaðgerðanna í febrúar og síðan í mars/apríl voru áætlanir endurmetnar. Upp úr miðju ári 1978, skömmu fyrir ríkisstjórnskiptin, var heildarniðurstaða ríkissjóðs tekin til endurskoðunar, bæði hvað varðar tekjur og gjöld og einnig að því er snertir lánsfjáráætlun og stöðu ríkissjóðs við Seðlabanka. Loks er þess að geta, að jafnhliða efnahagsaðgerðum í september voru fjármál ríkissjóðs endurmetin.

Meðfylgjandi tölur um afkomu ríkissjóðs árið 1978 eru á grundvelli bráðabirgðauppgjörs ríkisbókhaldsins um fjármál ríkisins 1978 sem unnið var síðari hluta janúar sl. og byggt er á greiðslugrunni. Tölur endanlegs ríkisreiknings verða eitthvað frábrugðnar því uppgjöri, sem hér er kynnt, en rekstrargrunnur er notaður í uppgjöri prentaðs ríkisreiknings.

Svo sem eftirfarandi töfluyfirlit sýnir hafa orðið nokkrar breytingar á áætlunartölum fjárlaga eins og þær voru afgreiddar af Alþingi í des. 1977.

	Bráðabirgðat. 31.12.78	Áætlun sept. 78	Fjárlög 1978
1. Tekjur	154 861	154 165	139 496
2. Gjöld	159 898	158 490	138 473
3. Rekstrarjöfnuður	÷5 037	÷4 325	+1 023
4. Lánahreyfingar, Seðlabanki meðtalinn	÷693	+921	÷670
5. Viðskiptareikningar	÷1 042	÷250	–
6. Greiðsluafgangur/halli	÷6 772	÷3 654	+353

Almennt eru orsakir frávika á gjöldum og tekjum frá fjárlögum þær að forsendur um þróun verðlags og launa stóðust ekki, jafnvel þótt fjárlögin hafi verið byggð á áætlun um þróun verðlags og verðbótavísitölu 1978. Bæði var að vísitala reyndist hærri en spáð var og einnig gerðu stjórnvöld breytingar á verðbótaákvæðum. Ýmsar aðrar aðgerðir stjórnvalda í efnahagsmálum vega ekki síður þungt til skýringar á frávikum, t. d. ákvarðanir um niðurgreiðslur, verðjöfnunargjald bænda og gengisfelling í febrúar og síðan aftur í september.

Tekjur reyndust alls 15 400 m.kr. hærri en í fjárlögum og 700 m.kr. hærri en í septemberáætlun. Stafar það m. a. af minni sölu ÁTVR en áætlað var en innheimta óbeinna skatta, sérstaklega söluskatts, reyndist umfram áætlun. Þá er þess að geta að á árinu 1978 var skyldusparnaður einstaklinga og félaga í áætlun hækkaður frá fjárlögum um 1 600 m.kr. og nam alls 2 600 m.kr. Þar sem skil á skyldusparnaði eru langt undir álagningu og eðlilegri innheimtu er ekki ólíklegt að endanleg uppgjör innheimtumanna leiði til breytinga á niðurstöðum um innheimtu tekjuskatts og lántökum í formi skyldusparnaðar. Í töflu 1 er gerð grein fyrir innheimtu tekna ríkissjóðs skipt eftir tekjustofnum og í kafla 2 hér á eftir er nánar vikið að þessum þætti ríkisfjármálanna.

Gjöld reyndust alls 21 400 m.kr. hærri en í fjárlögum og 1 400 m.kr. umfram septemberáætlun. Af öðrum liðum en launum og framlögum til almannatrygginga, sem háð eru launa- og verðlagsþróun, má nefna að aðgerðir í efnahagsmálum í september leiddu til um 3 000 m.kr. aukinna útgjalda vegna niðurgreiðslna og um 1 300 m.kr. vegna verðjöfnunargjalds bænda. Í kafla 3 hér að neðan er fjallað nánar um gjaldahliðina.

Lánahreyfingar sýndu 693 m.kr. nettó-útstreymi í stað áætlaðs innstreymis að fjárhæð 921 m.kr. og eru þá greiðslur til Seðlabankans meðtaldar. Í fjárlögum var gert ráð fyrir nettó-útstreymi lánahreyfinga að fjárhæð 670 m.kr.

Í fjárlögum var ekki gert ráð fyrir breytingum á stöðu **viðskiptareikninga.** Í endurskoðun fjárlagaáætlunar á miðju árinu 1978 var talið að nettóútstreymi viðskiptareikninga yrði um 250 m.kr. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhaldsins reyndist nettóútstreymi 1 042 m.kr. og skýrir það að nokkru greiðsluafkomu ársins.

Stöðu ríkissjóðs í árslok má skoða á tvennan hátt eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

	Bráðabirgðat. 31.12.78	Áætlun sept. 78	Fjárlög 1978
6. Greiðsluhalli	÷6 772	÷3 654	+353
7. Tekið tillit til afborgana í Seðlabanka	+3 399	+3 245	+3 245
8. Greiðsluafkoma ríkissjóðs að Seðlab.viðsk. frátöldum	÷3 373	÷409	+3 598

Samtala tekna, gjalda, lánahreyfinga utan Seðlabankans og viðskiptareikninga myndar neikvæða greiðsluafkomu ríkissjóðs að fjárhæð 3 373 m.kr. Í greiðsluáætlun var gert ráð fyrir 409 m.kr. halla en í fjárlögum 3 598 m.kr. bata. Afkoman við bankakerfið varð því 2 964 m.kr. verri en í greiðsluáætlun og 6 971 m.kr. lakari en í fjárlögum.

Þegar litið er á greiðsluafkomuna sem mælikvarða á efnahagslegt jafnvægi þarf að taka tillit til 4 milljarða kr. vaxtagreiðslu til Seðlabanka og 2 milljarða kr. erlendrar lántöku. Samkvæmt þessu verður sú stærð sem hefði áhrif til þenslu 2,4 milljarðar króna. Nánar er vikið að þessu atriði í kafla 6. Í þessu sambandi ber samt að hafa í huga að stærðirnar, sem hér eru nefndar, eru stöðutölur í lok ársins. Tölur á öðrum árstíma hafa ekki síður áhrif, þegar fjalla á um áhrif ríkisfjármála á efnahagslegt jafnvægi.

2. Tekjur.

Frá ársbyrjun til ársloka reyndust innheimtar tekjur ríkissjóðs 154 861 m.kr. eða 696 m.kr. hærri en í endurskoðaðri tekjuáætlun frá því í september. Tekjur eru hins vegar 15 365 m.kr. hærri en í fjárlögum eða 11,0% sbr. töflu 1.

Beinir skattar námu alls 27 181 m.kr. eða 334 m.kr. hærri fjárhæð en áætlað var. Innheimta iðgjalda atvinnurekenda er 94 m.kr. undir áætlun en tekju- og eignarskattar fóru aftur á móti 1 475 m.kr. fram úr áætlun. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að skyldusparnaður einstaklinga og félaga leggst á sama gjaldstofn og tekjuskatturinn, þó svo að þar sé um lántöku ríkissjóðs að ræða. Í áætlun var m.v. að skyldusparnaðurinn næmi 2 600 m.kr. 1978 en álagður skyldusparnaður var 2 469 m.kr. samkvæmt gögnum ríkisskattstjóra. Á lánareikningi kemur fram að ný skyldusparnaðarlán nema einungis 1 448 m.kr. eða 58,6% álagningarinnar. Þar eð skyldusparnaður og tekjuskattur eiga eðli sínu samkvæmt að innheimtast í sömu hlutföllum virðist ýmislegt benda til þess að reiknistölur fyrir innheimtan tekjuskatt séu of háar og lántökur í formi skyldusparnaðar of lágar um sömu fjárhæð. Óljóst verður þar til ríkisreikningur fyrir 1978 verður saminn hver skiptingin milli skatts og lántöku er.

Óbeinir skattar eru 667 m.kr. hærri en áætlað var í sept. Stærsta frávik reiknings og áætlunar er það að tekjur af sölugjaldi (söluskatti) eru 1 098 m.kr. hærri en áætlað var en hagnaður af ÁTVR er 923 m.kr. undir áætlun. Aðrir liðir víkja ekki umtalsvert frá áætlun.

3. Gjöld.

Um samanburð gjalda samkvæmt reikningi og áætlun fyrir árið 1978 í heild er eftirfarandi að segja: Í september s. l. voru gjöld ríkissjóðs fyrir árið 1978 talin mundu verða 158 490 m.kr. en reyndust 159 898 m.kr. í reikningi eða 1 408 m.kr. hærri. Gjöld alls fara því um 0,9% fram úr áætlun og 21 425 m.kr. eða 15,5% fram úr fjárlögum. Í töflu 2 eru sýnd frávik gjalda samkvæmt fjárlögum og reikningi fyrir einstök ráðuneyti.

Launa- og verðlagsbreytingar á árinu 1978 reyndust aðrar en áætlað var í fjárlögum. Hækkanir launa vegna verðbóta urðu nokkru hærri en áætlað var, auk þess sem útgjöld vegna almannatrygginga hækkuðu verulega af sömu ástæðu. Tilefni til sérstakra athugasemda gefa vaxtagjöld ríkissjóðs, en þau fóru 1 121 m.kr. fram úr áætlun, en hér valda fyrst og fremst hærri vaxtagjöld vegna yfirdráttar á hlaupareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum en áætlað var. Útgjöld vegna útflutningsuppbóta fóru fram úr áætlun um 765 m.kr. Það var í höfuðdráttum vegna flýtingar greiðslna, sem tilheyra árinu 1979. Þar er bæði um að ræða flýtingar á greiðslu útflutningsuppbóta og verðjöfnunargjalds bænda. Þá áttu sér stað auknar niðurgreiðslur í samræmi við efnahagsráðstafanir í september, en talið var að þær leiddu til 3 000 m.kr. aukaútgjalda.

4. Lánahreyfingar.

Í fjárlagaáætlun var gert ráð fyrir nettóútstreymi lánahreyfinga að fjárhæð 670 m.kr. Eru þá meðtaldar afborganir af lánum í Seðlabanka, samtals 3 245 m.kr., en að þeim frátöldum var nettóinnstreymi 2 575 m.kr.

Aukning á lánsfjáröflun í tengslum við endurmat á stöðu ríkissjóðs á miðju ári 1978 leiddi til 3 710 m.kr. áformaðrar lántöku.

Lánsfjáröflun þessi var fjórþætt, 1 500 m.kr. aukin útgáfa verðbréfa ríkissjóðs, 1 600 m.kr. aukinn skyldusparnaður einstaklinga og félaga, 500 m.kr. erlend lántaka og 110 m.kr. innlend lánsfjáröflun.

Lánsfénu var áformað að verja þannig að 2 035 m.kr. rynnu til framkvæmda hjá B-hluta stofnunum ríkissjóðs, 75 m.kr. til framkvæmda vegna A-hluta fjárlaga og 1 600 m.kr. til þess að bæta stöðu ríkissjóðs og standa undir 84 m.kr. auknum afborgunum. Samkvæmt þessu voru lánahreyfingar í heild áætlaðar jákvæðar um 921 m.kr. og er þá meðtalin afborgun af láni í Seðlabanka 3 245 m.kr.

Samkvæmt bráðabirgðatölu ríkisbókhalds er nettó-útstreymi á lánahreyfingum 693 m.kr. í stað áætlaðs innstreymis að fjárhæð 921 m.kr. og er því staða lánajafnaðar 1 714 m.kr. lakari en áætlað var. Þá eru greiðslur til Seðlabanka meðtaldar.

Til skýringar á þessu er á eftirfarandi að líta. Annars vegar reyndist útstreymi á lánahreyfingum 4 063 m.kr. meira en talið var að yrði og hins vegar innstreymi 2 349 m.kr. umfram áætlun. Þeir þættir sem einkum leiddu til útstreymis umfram áætlun eru: afborganir til Seðlabankans 2 484 m.kr., sem stafar fyrst og fremst af gengismun, hlutafjárframlag til Ísl. járnblendifélagsins 964 m.kr. vegna tilfærslu á útgreiðslu á framlagi ríkissjóðs af árunum 1977 og 1978 og afborganir annarra lána og stofnframlög alls 615 m.kr. Þeir þættir sem einkum leiddu til aukins innstreymis voru lántökur vegna hlutafjárframlags ríkissjóðs í Ísl. járnblendifél. 1 198 m.kr., lántökur hjá Seðlabanka Íslands 2 330 m.kr., sem að meginstofni til er vegna yfirdráttaskuldar ríkissjóðs við Seðlabankann 31. desember 1977, og önnur lán 274 m.kr. Til frádráttar koma síðan 1 152 m.kr. vegna minna innstreymis af skyldusparnaðarlánum en áætlað var, en skyldusparnaðurinn var áætlaður 2 600 m.kr. en reyndist aðeins 1 448 m.kr. Loks voru ekki nýttar 301 m.kr. af lánsfjáráætlun sem leiðir til minna innstreymis en áætlað var.

5. Viðskiptareikningar.

Í fjárlögum ársins 1978 var ekki gert ráð fyrir breytingum á stöðu viðskiptareikninga. Í endurskoðun fjárlagaáætlunarinnar á miðju árinu 1978 var talið að nettóútstreymi viðskiptareikninga yrði 250 m.kr. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhaldsins reyndist nettóútstreymi 1 042 m.kr. og eru helstu frávikaliðir útstreymis vegna geymds innheimtufjár ýmissa sjóða 223 m.kr., skuldaviðurkenningar vegna sveitarfélaga, byggingarvöru innflytjenda, útgerðarfélaga, hraðfrystihúsa og annarra 645 m.kr. Þá varð útstreymi á viðskiptareikningi vegna jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 387 m.kr. og nettóinnstreymi á öðrum viðskiptareikningum 13 m.kr. Nettóhreyfing á öðrum liðum viðskiptareikninga sýndi innstreymi að fjárhæð 200 m.kr.

6. Greiðsluafkoma.

Í fjárlögum ársins 1978 voru tekjur umfram gjöld áætluð 1 023 m.kr. og útsreymi á lánahreyfingum 670 m.kr. þannig að greiðsluafgangur var áætlaður 353 m.kr. Hér eru afborganir lána til Seðlabankans taldar á úthlið lánahreyfinga, alls 3 245 m.kr., en að þeim frátöldum væri innstreymi á lánahreyfingum 2 575 m.kr.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri urðu gjöld umfram tekjur 5 037 m.kr., nettóútstreymi á lánahreyfingum 693 m.kr. að Seðlabanka meðtöldum og nettóút-

streymi á viðskiptareikningum 1 042 m.kr. Greiðsluhalli samkvæmt framangreindu reyndist því 6 772 m.kr. samanborið við 353 m.kr. greiðsluafgang í fjárlögum 1978. Í endurskoðaðri útgjaldaáætlun fyrir ríkissjóð var talið að greiðsluhalli yrði 3 654 m.kr. Afkoman varð því 3 118 m.kr verri en áætlað var og 7 125 m.kr. verri en gert var ráð fyrir í fjárlögunum.

Gagnlegt er að líta á greiðsluafkomu ríkissjóðs með heildareftirspurnaráhrif í huga. Ljóst er að engan veginn einfalt samband er milli afgangs eða halla í ríkisfjármálum og þenslu- eða samdráttaráhrifa í efnahagslífinu í heild. Venjulega er litið svo á að sé jöfnuður á tekjum og gjöldum séu nettóáhrif ríkisfjármálanna á heildareftirspurn engin. — Þá er ekki greint milli einstakra tekjuöflunarleiða eða útgjaldaflokka. — Með öðrum orðum dragi ríkið jafnmikið úr eftirspurn einkageirans og það sjálft eykur eftirspurnina með eigin ráðstöfun. Í þessu efni skiptir þó veigamiklu máli við hvaða aðila ríkissjóður á viðskipti og hvernig samskiptum Seðlabanka og ríkissjóðs er háttað. Lántökur í Seðlabanka eða erlendis, sem varið er til að standa undir ríkisútgjöldum umfram endurgreiðslur til sömu aðila, hafa eftirspurnaraukandi áhrif í efnahagskerfinu. Megin munurinn á lántöku í Seðlabankanum annars vegar og erlendis hins vegar er fyrst og fremst mismunandi áhrif á gjaldeyrisstöðuna. Bráðabirgðauppgjör ríkisbókhaldsins sýnir að greiðsluhreyfing við bankakerfið þ. e. Seðlabankann og innlánsstofnanir, fól í sér skuldaaukningu eða halla að fjárhæð 3 373 m.kr. Í greiðsluáætlun var gert ráð fyrir 409 m.kr. halla en í fjárlögum 3 598 m.kr. bata. Afkoman við bankakerfið varð því 2 964 m.kr. verri en í greiðsluáætlun og 6 971 m.kr. lakari en í fjárlögum.

Greiðsluhreyfing við Seðlabankann var óhagstæð um 4 355 m.kr. samkvæmt bókum ríkisbókhaldsins en um 3 896 m.kr. samkvæmt gögnum Seðlabankans. Mismunurinn 459 m.kr. stafar af óinnleystum tékkum um áramót. Aðrar bankahreyfingar voru jákvæðar um 982 m.kr.

Á greiðsluafkomuna þannig skilgreinda má líta sem mælikvarða á peningaleg áhrif ríkisfjármálanna og þar af leiðandi áhrif þeirra á efnahagslegt jafnvægi. Þessi mælikvarði er þó ekki einhlítur og má benda á að til rekstrarútgjalda eru taldar vaxtagreiðslur til Seðlabankans, alls um 4,0 milljarðar kr. Þessar greiðslur eru sama eðlis og aðrar greiðslur ríkissjóðs til Seðlabankans m. t. t. heildareftirspurnaráhrifa, og ættu raunar ekki að teljast til útgjalda þegar fjallað er um eftirspurnaráhrif ríkisfjármálanna á árinu. Á hliðstæðan hátt ætti erlendar lántökur vegna A-hlutans ekki að vera til þess að bæta greiðsluafkomu ríkissjóðs þar sem eftirspurnaráhrif þeirra eru í reynd sama eðlis og lántaka í Seðlabankanum eins og áður er vikið að. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri ríkisfjármálanna námu erlendar lántökur vegna A-hluta 2,0 milljörðum kr. á síðasta ári. Séu vaxtagreiðslur til Seðlabankans dregnar frá rekstrargjöldum og innstreymi á lánahreyfingum minnkað um sem nemur erlendum lántökum vegna A-hlutans, batnar greiðsluafkoma ársins um 2,0 milljarða kr. og verður niðurstaðan greiðsluhalli um 2,4 milljarðar kr.

7. Lánsfjármagnaðar framkvæmdir ríkissjóðs og annarra opinberra aðila 1978.

Með skýrslu um lánsfjáráætlun 1979, sem birt var í febrúarmánuði s. l., kom fram bráðabirgðayfirlit um útkomu lánsfjáráætlunar 1978. Samkvæmt þeim niðurstöðum hækka áætlaðar lántökur opinberra aðila úr 15 519 m.kr. í 26 199 m.kr., shr. töflu 6. Hækkunin skýrist í grófum dráttum þannig: Lántökur vegna A- og B-hluta fjárlaga hækkuðu um 3 504 m.kr. eða 22,6%. Þar veldur mestu hækkun á framlagi ríkissjóðs til Ísl. járnblendifélagsins 883 m.kr., lántaka Lánasjóðs ísl. námsmanna 500 m.kr., 748 m.kr. vegna framkvæmda við Kröfluvirkjum, 684 m.kr. vegna byggðalína og 830 m.kr. vegna framkvæmda og skuldabyrði RARIK. Nettólækkun annarra lánsfjárliða í A- og B-hluta nemur 141 m.kr.

Lántökur vegna Landsvirkjunar reyndust 5 013 m.kr. hærri en áætlað var, og er það veigamesti liðurinn til skýringar á aukinni lánsfjárþörf 1978. Loks ber að nefna að lánsfjármagnaðar framkvæmdir vegna bæjar- og sveitarfélaga reyndust 2 195 m.kr. meiri en áætlað var, en því valda aðallega mikil umsvif í hitaveituframkvæmdum.

Í júlí birtist skýrsla „Fjármál ríkissjóðs 1978. Endurskoðuð áætlun", en þar voru lántökur til framkvæmda auknar um 2 110 m.kr. Er þar um að ræða almennar framkvæmdir RARIK, 65 m.kr. og vegna rekstrarhalla 470 m.kr., framkvæmdir við byggðalínur 425 m.kr., sæstrengur til Vestmannaeyja 290 m.kr. og hönnun Bessastaðaárvirkjun 110 m.kr. Ennfremur var samþykkt viðbótarfjármögnun vegna endurvinnslu borholu við Kröfluvirkjun allt að 500 m.kr. og vegna eldri borana 150 m.kr. Að öðru leyti er um að ræða viðbótarfjármagn til hafnargerðar á Grundartanga 100 m.kr. Ríkisstjórnin ákvað samtímis að mæta lánsfjárþörfinni með eftirfarandi hætti: Nýtt yrði heimild í lögum um efnahagsráðstafanir frá febrúar um 1 500 m.kr. nýja verðbréfaútgáfu, 110 m.kr. yrðu fengnar að láni hjá Framkvæmdasjóði til hönnunar Besssastaðaárvirkjunar og 500 m.kr. yrðu fjármagnaðar á vegum Seðlabankans.

Breytingar á lánsfjáráætlun sem áttu sér stað síðar á árinu voru m. a. þær að í lögum nr. 120/1978 var fengin heimild til lántöku vegna rekstrarhalla RARIK 295 m.kr., vegna skulda RARIK sem stöfuðu af byggingu byggðalína 259 m.kr. og loks 77 m.kr. vegna aukins fjármagns til styrkingar dreifikerfa í sveitum. Loks skal geta sérstakrar ákvörðunar fjármálaráðuneytisins um afgreiðslu sérstaks láns til Lánasjóðs ísl. námsmanna, 500 m.kr., í samræmi við heimild í fjárlögum 1978 og lögum nr. 120/1978.

8. Efnahagsafkoman 1978.

Í lánsfjáráætlun ársins 1978 var mörkuð stefna um að bægja frá hættunni á vaxandi viðskiptahalla og skuldasöfnun við útlönd og á aukinni verðbólgu. Þá var stefnt að auknum hlut innlends sparnaðar í heildarfjármögnun framkvæmda og rekstrarlána svo að lántökur færu ekki fram úr settu marki.

Í samræmi við þessa stefnu var að því miðað í lánsfjáráætlun ársins 1978 að þjóðarútgjöld ykjust ekki um meira en 3—4% á árinu eða um svipað hlutfall og aukning þjóðarframleiðslu og þjóðartekna. Til þess að þessum markmiðum yrði náð fól lánsfjáráætlunin í sér bæði fjármálalegar og peningalegar aðgerðir. Auk aðhalds í ríkisfjármálum var stefnt að takmörkun lánsfjár auk nauðsynlegs hemils á peningaútstreymi úr Seðlabankanum. Bráðabirgðaniðurstöðum um efnahagsafkomu ársins 1978 og samanburði útkomu og áætlunar þess árs skal nú lýst í stuttu máli.

Í lánsfjáráætlun síðasta árs var reiknað með að fjárfestingin í heild drægist saman um 3% að raunvirði og næmi um 26% af þjóðarframleiðslu ársins. Samkvæmt þjóðhagsspá fyrir árið 1978 eru nú horfur á nokkru meiri samdrætti, eða tæplega 4%. Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu yrði fjárfestingin 1978 þá tæplega 27%.

Framan af árinu 1978 fór verðbólga vaxandi. Í febrúar 1978 var vísitala framfærslukostnaðar 37% hærri en á sama tíma árið áður en í ágúst var árshækkunin komin upp í nær 52%. Með niðurfærsluráðstöfunum í september var mjög dregið úr hækkun framfærsluvísitölunnar frá ágúst til nóvember og tólf mánaða hækkun frá nóvember 1977 var um 47%. Verðbreytingar í nóvember og desember voru heldur minni 1978 en 1977, meðal annars vegna aukinna niðurgreiðslna í desember, og var árshækkun vísitölu framfærslukostnaðar komin niður í 38% í lok ársins. Meðalhækkun milli áranna 1977 og 1978 var þá um 44% en var 30% milli áranna 1976 og 1977.

Verðlagsþróun á árinu olli því m. a. að forsendur lánsfjáráætlunarinnar röskuðust. Útkoma ársins vék því að ýmsu leyti nokkuð frá upprunalegum markmiðum og áætlunum, eins og rætt er um í kaflanum um lánsfjármagnaðar framkvæmdir ríkissjóðs.

Þar sem endanlegt uppgjör ársins 1978 varðandi heildarlánveitingar fjárfestingarsjóða liggur ekki fyrir, er ekki tímabært að leggja fullnaðarmat á útkomu ársins. Ljóst er þó að niðurstöður víkja til verulegrar hækkunar frá uphaflegri áætlun. Í lánsfjáráætlun 1978 námu heildarlánveitingar fjárfestingarsjóðanna 24,4 milljörðum kr. en nú benda bráðabirgðayfirlit til þess að lánveitingar nemi um 29,7 milljörðum kr. eða verði um 22% hærri en áætlað var.

Mikil aukning útlána innlánsstofnana endurspeglar aukna rekstrarfjárþörf atvinnuveganna en svo virðist sem útflutningsaukningin hafi verið mjög í hátt við almenna verðlagsþróun.

Þróun peningamála árið 1978 var um margt ólík því sem að var stefnt í lánsfjáráætlun. Reikningar Seðlabanka sýna að framboð peninga hefur verið mikið allt árið. Á fyrri hluta ársins stafaði það aðallega af árstíðabundinni lánanotkun ríkissjóðs en á síðari hlutanum af miklum gjaldeyriskaupum bankanna í kjölfar greiðlegrar útflutningsverslunar. Afurðalán Seðlabankans jukust tiltölulega hægt á fyrstu mánuðum ársins vegna óvenjumikilla birgða sjávarafurða í ársbyrjun. Verðhækkanir og mikil framleiðsla landbúnaðarafurða höfðu hins vegar í för með sér aukin endurkaup afurðalána á seinni hluta ársins. Með tvívegis hækkun almennra bankavaxta, á árinu 1977 og í febrúar 1978, var lagður grunnur að meiri innlánamyndun og betra jafnvægi á peningamarkaðinum en verið hefur um árabil. Áberandi er, að innlánaaukningin síðustu mánuðina var mest á hlaupareikningum og óbundnum sparifjárreikningum. Bendir það til þess annars vegar að lausafjárstaða fyrirtækja hafi rýmkast um sinn og hins vegar að almenningur bindi síður fé á bankareikningum nú en áður.

Við gerð lánsfjáráætlunar undanfarin ár hefur verið stefnt að því að draga úr erlendum lántökum. Óhætt mun að fullyrða að nokkur árangur hafi orðið af þeirri aðhaldssemi, jafnvel þótt lántökur hafi jafnan farið fram úr áætlunum. Nú er áætlað að erlendar lántökur til langs tíma á árinu 1978 verði 34 760 m.kr. en frá þeirri fjárhæð má draga 2 730 m.kr. vegna breytinga á skammtímalánum í lán til langs tíma. Lántökur 1978 eru því áætlaðar 32 030 m.kr. eða um 12 000 m.kr. hærra en spáð var.

Þessa aukningu má rekja til meiri fjármagnsþarfar vegna aukinna framkvæmda opinberra aðila, einkum í orkumálum, og hækkunaráhrif gengis- og verðlagsbreytinga sem ekki hefur verið unnt að fjármagna með lánum innanlands. Afborganir af löngum lánum eru áætlaðar nálægt 20 000 m.kr. og verður því raunveruleg nettóaukning lána til langs tíma um 12 000 m.kr. Svarar það til 4,8% af áætluðum útflutningstekjum en 2,2% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Þannig hefur hægt á skuldaaukningu á árinu 1978 miðað við undanfarin ár, bæði að krónutölu og í hlutfalli af útflutningstekjum og þjóðarframleiðslu. Á árinu 1977 var nettóaukning langra erlendra lána 13,4% af útflutningstekjum en 3,5% af þjóðarframleiðslu. Samsvarandi tölur fyrir 1976 eru 10,4% og 4,2%.

Þegar litið er á lánsfjármarkað ársins 1978 í heild er niðurstaðan sú að nettóframboð lánsfjár varð 90,2 milljarðar króna á árinu til samanburðar við 64,2 milljarða samkvæmt lánsfjáráætlun ársins.

Aukningin frá fyrra ári telst því 31% í stað 11% samkvæmt áætlun. Þessi aukning stendur þó verðbólgustiginu verulega að baki. Bætt gjaldeyrisstaða 1978 um 14.5 milljarða kr. miðað við meðalviðskiptagengi ársins stafar einkum af tvennu. Annars vegar er um að ræða hagstæðan viðskiptajöfnuð um 9,0 milljarða króna. Í því sambandi er rétt að geta að birgðir sjávarafurða jukust mjög á árinu 1977 og útflutningur varð því mun minni en framleiðslan. Á árinu 1978 snérist þetta hins

vegar við og birgðir minnkuðu, einkum skreiðarbirgðir og útflutningurinn er því meiri en nemur framleiðslu ársins. Þá varð verulegur samdráttur á innflutningi sérstakra fjárfestingarvara á árinu 1978 vegna minni skipainnflutnings en árið áður. Hins vegar reyndist fjármagnsjöfnuður í heild hagstæður í árslok um 5,7 milljarða kr. og nam aukning erlendra lána til langs tíma 14,8 milljörðum kr. en fjármagnsútstreymi á öðrum liðum 9,1 milljarði kr. Afgangur á viðskipta- og fjármagnsjöfnuði bætir gjaldeyrisstöðuna.

Töfluviðauki

Tafla 1 Tekjur ríkissjóðs, A-hluti 1978. Greiðslugrunnur

Tafla 2 Gjöld ríkissjóðs, A-hluti 1978. Greiðslugrunnur

Tafla 3 Afkoma ríkissjóðs árin 1970—1978, A-hluti

Tafla 4 Jöfnuður tekna og gjalda ríkissjóðs árin 1969—1978, A-hluti. Greiðslugrunnur

Tafla 5 Ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 1969—1978

Tafla 6 Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir 1978

Tafla 1.

Tekjur ríkissjóðs A-hluti 1978. Greiðslugrunnur.
Í milljónum króna.

	Reikningur 1978	Fjárlög 1978	Frávik frá fjárlögum	%
1. Beinir skattar	27 181	25 324	1 857	7
a) Iðgjöld atvinnurekenda	3 330	4 241	÷911	÷21
b) Tekju- og eignaskattar	20 551	17 193	3 358	20
c) Erfðafjárskattur	180	90	90	100
d) Sjúkratryggingagjald	3 120	3 800	÷680	÷18
2. Gjöld af innflutningi	35 617	29 353	6 264	21
a) Almenn aðflutningsgjöld[1])	26 863	21 751	5 112	24
b) Bensín- og gúmmígjald	4 722	4 550	172	4
c) Innflutningsgjald af bílum	3 942	3 000	942	31
d) Annað	90	52	38	73
3. Skattar af framleiðslu	9 286	8 430	856	10
a) Sérstakt vörugjald	8 599	7 800	799	10
b) Annað	687	630	57	9
4. Skattar af seldum vörum og þjónustu	73 281	68 387	4 894	7
a) Söluskattur	51 898	48 400	3 498	7
b) Launaskattur	8 041	7 600	441	6
c) ÁTVR	12 577	11 376	1 201	11
d) Annað	765	1 011	÷246	÷24
5. Aðrir óbeinir skattar	7 205	6 217	988	16
6. Aðrar greiðslur úr B-hluta	401	383	18	5
7. Ýmsar tekjur	1 890	1 402	488	35
Samtals	154 861	139 496	15 365	11

1) Byggingarsjóðsgjald og aðflutningsgjald af sjónvarpstækjum meðtalið.

Tafla 2.

Gjöld ríkissjóðs A-hluti 1978. Greiðslugrunnur.
Í milljónum króna.

	Reikningur 1978	Fjárlög 1978	Frávik frá fjárlögum	%
Ráðuneyti:				
Æðsta stjórn ríkisins	1 173	928	245	26
Forsætisráðuneytið	2 245	2 235	10	–
Menntamálaráðuneytið	26 093	19 942	6 151	31
Utanríkisráðuneytið	1 920	1 362	558	41
Landbúnaðarráðuneytið	9 747	6 840	2 907	43
Sjávarútvegsráðuneytið	3 744	3 100	644	21
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	10 579	7 226	3 353	46
Félagsmálaráðuneytið	5 547	5 941	÷394	÷7
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	54 850	45 005	9 845	22
Fjármálaráðuneytið	6 422	16 938[1])	÷10 516	–
Samgönguráðuneytið	14 994	13 784	1 210	9
Iðnaðarráðuneytið	4 091	3 659	432	12
Viðskiptaráðuneytið	11 622	7 827	3 795	48
Hagstofa Íslands	126	98	28	29
Ríkisendurskoðun	167	129	38	29
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	6 578	3 460	3 118	90
Samtals	159 898	138 474	21 424	15

1) Á sérstökum lið undir fjármálaráðuneytinu, vegna launamála, voru 11 414 m.kr. sem deilt var á árinu á einstakar stofnanir í samræmi við launahækkanir hverju sinni.

Tafla 3.

Afkoma ríkissjóðs árin 1970—1978, A-hluti.[1]
Í milljörðum króna.

	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978
I Greiðsluafkoma:									
Jöfnuður gjalda, tekna og lána, án lána við Seðlabanka									
Gjöld	÷9,2	÷13,2	÷18,2	÷24,8	÷40,3	÷57,4	÷68,4	÷98,3	÷159,9
Tekjur	9,5	13,0	17,8	24,0	35,8	49,3	68,3	95,5	154,9
Samtals	+0,3	÷0,2	÷0,4	÷0,8	÷4,5	÷8,1	÷0,1	÷2,8	÷5,0
Lánahreyfingar utan Seðlab.	+0,1	+0,2	+0,6	+0,7	+0,8	+1,7	−1,2	+2,0	+2,7
Samtals	+0,4	0,0	+0,2	÷0,1	÷3,7	÷6,4	+1,1	÷0,8	÷2,3
Jöfnuður greiðslufjárreikninga að meðtöldum lánareikningum við Seðlabanka									
Greiðsluhreyfing við Seðlab.	+0,5	÷0,2	+0,1	÷0,4	÷3,5	÷5,4	÷0,8	÷2,2	÷4,4
Sjóður og bankareikningar utan Seðlabanka	+0,1	+0,1	+0,1	+0,1	+0,1	+0,1	+0,3	+0,1	+1,0
Greiðsluhr. við bankakerfið	+0,6	÷0,1	+0,2	÷0,3	÷3,4	÷5,3	÷0,5	÷2,1	÷3,4
Ýmsir viðskiptamenn	÷0,2	+0,1	0,0	+0,2	÷0,3	÷1,1	+1,6	+1,3	+1,1
Samtals	+0,4	0,0	+0,2	÷0,1	÷3,7	÷6,4	+1,1	÷0,8	÷2,3
II Rekstrarafkoma:									
Rekstrarjöfnuður tekna og gjalda	+0,4	÷0,3	+0,1	÷0,3	÷3,5	÷7,5	+0,8	÷2,5	...

1) Tölur fyrir árin 1970—1975 eru samkvæmt ríkisreikningi en 1976—1978 eru tölur samkvæmt bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhalds.

Tafla 4.

Jöfnuður tekna og gjalda ríkissjóðs árin 1969—1978, A-hluti. Greiðslugrunnur.
Í milljörðum króna.

	TEKJUR				GJÖLD				TEKJUAFGANGUR		
			Reikn. umfr. fjárl.				Reikn. umfr. fjárl.				
	Fjárlög	Reikn.		%	Fjárlög	Reikn.		%	Fjárlög	Reikn.	Reikn. umfram fjárlög
1969	7,1	7,4	0,3	4,2	7,0	7,6	0,6	8,6	+0,1	÷0,2	÷0,3
1970	8,4	9,5	1,1	13,1	8,2	9,2	1,0	12,2	+0,2	+0,3	+0,1
1971	11,5	13,0	1,5	13,0	11,0	13,2	2,2	20,0	+0,5	÷0,2	÷0,7
1972	16,9	17,8	0,9	5,3	16,5	18,2	1,7	10,3	+0,4	÷0,4	÷0,8
1973	22,0	24,0	2,0	9,1	21,5	24,8	3,3	15,3	+0,5	÷0,8	÷1,3
1974	29,2	35,8	6,6	22,6	29,4	40,3	10,9	37,1	÷0,2	÷4,5	÷4,3
1975	47,6	49,3	1,7	3,6	47,2	57,4	10,2	21,6	+0,4	÷8,1	÷8,5
1976	60,3	68,3	8,0	13,3	58,9	68,4	9,5	16,1	+1,4	÷0,1	÷1,5
1977	90,0	95,5	5,5	6,1	89,2	98,3	9,1	10,2	+0,8	÷2,8	÷3,6
1978	139,5	154,9	15,4	11,0	138,5	159,9	21,4	15,5	+1,0	÷5,0	÷6,0

Tafla 5.

Ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 1969—1978.
Útgjöld samkvæmt A-hluta ríkisreiknings.[1])

	Heildar-útgjöld %	Þar af framlög til almannatr. og niðurgr. %	Útgjöld að frátöldum framlögum til almannatr. og niðurgr. %
1969	22,2	7,0	15,2
1970	21,7	7,2	14,5
1971	24,9	9,3	15,6
1972	27,2	11,0	16,2
1973	26,7	10,6	16,1
1974	29,6	11,3	18,3
1975	31,4	12,1	19,3
1976	27,4	10,0[2])	17,4
1977	28,1	8,3[3])	19,8
1978	29,3	9,7	19,6

1) Tölur fyrir árin 1969—1977 eiga við útgjöld samkvæmt rekstrarreikningi en 1978 er um að ræða greidd útgjöld, en búast má við að gjöld samkvæmt rekstrarreikningi verði nokkru hærri.
2) Hlutfallsleg lækkun framlaga til almannatrygginga og niðurgreiðslna á árinu 1976 var að mestu leyti vegna þess að dregið var úr niðurgreiðslum auk þess sem fjölskyldubætur hurfu þá endanlega úr reikningum tryggingakerfisins. Á árinu 1977 var kostnaður við ríkisspítalana greiddur beint úr ríkissjóði en var áður færður sem framlag til sjúkratrygginga og var því meðtalinn í framlögum til almannatrygginga. Ákvörðun stjórnvalda síðla árs 1978 um auknar niðurgreiðslur skýrir hlutfallslega hækkun 1978.
3) Miðað við verga þjóðarframleiðslu 1978, 545,5 milljarða kr.

Tafla 6.

Lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir 1978.
Í milljörðum króna.

	Lánsfjáráætlun 1978		Útkoma 1978	
Ráðstöfun:				
1. Ríkissjóður				
A-hluti		3 678		4 351
Vegagerð	2 200		2 200	
Landshafnir	145		145	
Grundartangahöfn	188		263	
Flugöryggistæki	80		80	
Laxastigi í Laxá	40		40	
Þjóðarbókhlaða	205		205	
Járnblendifélag – hlutafjárframlag	820		1 703	
÷ óafgreiddar heimildir			÷285	
B-hluti		6 256		9 087
RARIK – almennar framkvæmdir	1 331		1 396	
RARIK til að létta skyldabyrði	–		475	
RARIK v/Vestmannaeyjastrengs	–		290	
Bessastaðaárvirkjun	–		110	
Sveitarafvæðing	200		200	
Byggðalínur	2 714		3 398	

	Lánsfjáráætlun 1978		Útkoma 1978	
Krófluvirkjun:				
Stöðvarhús og vélar	1 301		1 064	
Borholur og aðveitukerfi	278		763	
Endurvinnsla borhola	–		500	
Orkusjóður vegna styrkingar dreifikerfa í sveitum	–		77	
Póstur og sími:				
Vegna jarðstöðvar o. fl.	370		178	
Vörukaupalán	–		380	
Lánasjóður ísl. námsmanna	–		500	
Endurlán v/Grundartangahafnar	62		62	
÷ ónýttar heimildir			÷306	
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkisins		2 285		7 266
Landsvirkjun	1 767		6 780	
Orkubú Vestfjarða	518		486	
3. Bæjar- og sveitarfélög		3 300		5 495
Hitaveita Suðurnesja	1 600		2 359	
Hitaveita Akureyrar	800		1 877	
Rafmagnsveita Reykjavíkur	400		473	
Reykjavíkurhöfn	200		258	
Ýmsar framkvæmdir sveitarfélaga	300		528	
4. Ráðstöfun .. fjáröflun (1+2+3=5+6+7)		15 519		26 199
Fjáröflun:				
5. Innlend lán		5 836		6 446
Spariskírteini	3 100		3 100	
Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé	2 316		2 746	
Önnur innlend lán	420		600	
6. Erlend lán		9 683		18 527
Vörukaupalán	–		858	
Önnur erlend lán	9 683		17 669	
7. Bráðabirgðalán		–		1 226

Sþ. 505. Nefndarálit [30. mál]

um till. til þál. um útgáfu kortabókar Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur haft tillöguna til athugunar. Umsagnir um málið bárust frá Rannsóknaráði ríkisins, verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands, Menntamálaráði, Náttúruverndarráði, menntamálaráðuneyti og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Gylfi Már Guðbergsson dósent í landafræði kom á fund nefndarinnar. Samkv. upplýsingum hans mundi verk þetta sennilega kosta 150 milljónir króna, en kostnaður dreifast á nokkur ár.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hafa forgöngu um útgáfu kortabókar Íslands.

Alþingi, 2. apríl 1979.

Páll Pétursson, form., frsm. | Vilmundur Gylfason, fundaskr. | Ellert B. Schram.

Gunnlaugur Stefánsson. | Ólafur R. Grímsson. | Jónas Árnason.

Halldór Blöndal.

Nd. 506. Frumvarp til laga [22. mál]

um Framkvæmdasjóð öryrkja.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. apríl.)

I. KAFLI
Skipulag og stjórn.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Framkvæmdasjóður öryrkja, og er hann í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að greiða fyrir fjármögnun þeirra framkvæmda, sem gert er ráð fyrir í lögum, reglugerðum og áætlunum um sérkennslu og endurhæfingu (sbr. þó ákvæði 11.—13. og 14. gr.).

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a) Tappagjald af áfengi, sem hækkar útsöluverð þess sem hér segir:
200 kr. á hverja heilflösku af sterku víni.
100 kr. á hverja hálfflösku af sterku víni.
100 kr. á hverja heilflösku af léttu víni.
50 kr. á hverja hálfflösku af léttu víni.

b) Gjald, sem hækkar útsöluverð tóbaks sem hér segir:
20 kr. á hvern vindlingapakka.
2 kr. á hvern vindil.
20 kr. reyktóbak (pr. 50 gr. pakkningu).
Tekjustofnar þessir hækki hlutfallslega til samræmis við verðhækkanir á áfengi og tóbaki á hverjum tíma.
Ríkissjóði ber að gera skil á þessum tekjustofnum ársfjórðungslega.

c) Fé, sem veitt er á annan hátt úr ríkissjóði.

d) Frjáls framlög og aðrar tekjur, er til kunna að falla.

e) Vaxtatekjur.

4. gr.

Félagsmálaráðherra skipar 5 manna sjóðsstjórn og jafnmarga til vara til tveggja ára í senn, þar af fjóra eftir tilnefningu eftirtalinna aðila, einn frá hverjum:

Öryrkjabandalagi Íslands, Landssamtökum Þroskahjálpar, menntamálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Ráðherra skipar einn mann án tilnefningar og skal hann vera formaður sjóðsstjórnar.

Kostnaður við starfrækslu sjóðsins greiðist af tekjum hans.

5. gr.

Hlutverk sjóðsstjórnar er:

a) að hlutast til um, að ávallt séu fyrir hendi áætlanir um sérkennslu og endurhæfingu, sem sjóðurinn gæti unnið eftir, sbr. 52. gr. laga nr. 63/1974 og 3. og 4. gr. laga nr. 27/1970;
b) að taka ákvörðun um fjármögnun þeirra verkefna, sem þessar áætlanir taka til, að fengnum tillögum viðkomandi ráðuneytis, sbr. 10. og 12. gr.; ákvörðun sjóðsstjórnar um fjármögnun byggingarframkvæmda er þó endanlega háð samþykki viðkomandi ráðherra, sbr. 52. gr. laga nr. 63/1974 og 5. gr. laga nr. 27/1970;
c) að hafa eftirlit með þeim verkefnum, er sjóðurinn veitir fjárframlög til, þannig að fjármagnið verðtryggist sem fyrst í þeim verkefnum, sem það er ætlað til.

6. gr.

Formaður sjóðsstjórnar annast daglegan rekstur sjóðsins á skrifstofu félagsmálaráðuneytisins eða annars staðar, telji ráðuneytið það æskilegt.

7. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins skal skipt til helminga í tvo sjóðshluta, sérkennslusjóð og endurhæfingarsjóð.

Ef sjóðsstjórn er hins vegar sammála um, að nauðsynlegt sé að víkja frá þessu ákvæði, þá er það heimilt, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra.

8. gr.

Ráðstöfunarfénu skal veitt ársfjórðungslega til verkefna, nema annað sé talið æskilegt að mati sjóðsstjórnar.

9. gr.

Fjármögnun verkefna skal fyrst og fremst ráðast af þeim brýnustu þörfum, sem leysa þarf hverju sinni.

Sérstakt tillit skal taka til þess fjölda einstaklinga, sem úrlausnar þurfa við á hverju sviði, og í hverju byggðarlagi, sbr. 10. og 12. gr. þessara laga.

Sjóðsstjórn skal hlutast til um, að við úthlutun fjármagns sé ekki ráðist í of mörg verkefni samtímis.

II. KAFLI

Sérkennslusjóður.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur sjóðsstjórn í té áætlun þá, er um getur í 5. gr. a, og tillögur um fjármögnun hennar.

Menntamálaráðuneytið lætur enn fremur fara fram reglulega endurskoðun hennar með tilliti til þess, sem gert hefur verið.

Menntamálaráðuneytið veitir sjóðsstjórn allar upplýsingar um sérkennslu, og þar á meðal reglulega könnun á sérkennsluþörf hvers byggðarlags sem og í landinu öllu.

11. gr.

Fjármagni sérkennslusjóðs skal jöfnum höndum varið til að standa straum af stofnkostnaði greiningarstöðva, sérskóla, sérdeilda, forskóladeilda sérskóla, dagvistunarstofnana (sérdeildir og almennar), starfsfræðslu- og starfsþjálfunardeilda að grunnskólanámi loknu, fjölskylduheimila eða heimavista í tengslum við sérstofn-

anir. Heimilt skal þó að nýta allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra sérkennsluverkefna, sem ríki eða sveitarfélög greiða ekki, sbr. þó ákvæði 14. gr.

III. KAFLI
Endurhæfingarsjóður.

12. gr.

Félagsmálaráðuneytið í samráði við endurhæfingarráð lætur sjóðsstjórn í té áætlun þá, er um getur í 5. gr. a, og tillögur um fjármögnun hennar.

Félagsmálaráðuneytið lætur enn fremur fara fram reglulega endurskoðun hennar með tilliti til þess, sem gert hefur verið.

Félagsmálaráðuneytið í samráði við endurhæfingarráð lætur gera reglulega könnun á þörfinni fyrir endurhæfingar- og vinnustöðvar, með tilliti til hvers byggðarlags sem og í landinu öllu. Könnunin skal einnig ná til dvalarheimila.

13. gr.

Fjármagni endurhæfingarsjóðs skal jöfnum höndum varið til að standa straum af stofnkostnaði endurhæfingarstöðva, vinnustöðva og dvalarheimila sem ekki er eða fyrirsjáanlegt er að verði veitt til úr þeim lána- og styrktarsjóðum, er um getur í endurhæfingarlögum, nr. 27/1970, eða á annan hátt. Lána- og styrktarsjóðum þeim, sem um getur í endurhæfingarlögum, er skylt að veita sjóðsstjórn reglulega yfirlit yfir það fé, sem er til ráðstöfunar og fyrirhugað er til þessara framkvæmda. Heimilt skal þó að nýta allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra endurhæfingarverkefna, sem ríki eða sveitarfélagi ber sannanlega ekki að greiða, sbr. þó ákvæði 14. gr.

IV. KAFLI
Önnur ákvæði.

14. gr.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita fjármagni til annarra sérkennslu- og endurhæfingarverkefna umfram heimildarákvæði 11. og 13. gr., sé sjóðsstjórn sammála um, að slík verkefni séu þýðingarmeiri, og ef fjármagn sjóðsins nægir að öðru leyti til að standa undir hlutverki hans, sbr. 2. gr.

15. gr.

Ríkisendurskoðun skal sjá um endurskoðun á reikningum sjóðsins.

16. gr.

Lög þessi skulu endurskoðuð að 6 árum liðnum frá gildistöku þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 507. Tillaga til þingsályktunar [248. mál]

um löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslur.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar í stað undirbúa löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslur. Í löggjöfinni verði ákveðið, að einfaldur meiri hluti Alþingis geti ákveðið þjóðaratkvæðagreiðslu um þá spurningu eða þær spurningar, sem Alþingi ákveður. Sett verði tímamörk, þannig að þjóðaratkvæðagreiðsla verði að fara fram eigi síðar en tveimur mánuðum frá því að Alþingi tekur slíka ákvörðun. Alþingi geti ákveðið, hvort þjóðaratkvæðagreiðsla verði bindandi eða leiðbeinandi.

Greinargerð.

Þjóðaratkvæðagreiðsla hefur ekki verið höfð á Íslandi síðan 1944, þegar ákveðið var með þjóðaratkvæði að stofna hér lýðveldi. Hins vegar hafa oft verið uppi kröfur á Íslandi um þjóðaratkvæðagreiðslu. Einkum hafa verið uppi kröfur um slíkt vegna varnar- og öryggismála. Þegar deilur stóðu sem hæst vegna inngöngunnar í Atlantshafsbandalagið árið 1949, kröfðust andstæðingar þeirrar inngöngu þess stöðugt, að málið yrði lagt undir þjóðaratkvæði. Á þeim árum var allveruleg skekkja í fulltrúalýðræðinu á þjóðþinginu — sennilega mun meiri en nú er — vegna þess hve einmenningskjördæmi vógu þungt. Víst er að því verður aldrei svarað til hlítar eða með nákvæmni hver raunverulegur þjóðarvilji var í þessu máli á þessum tíma. Gera má ráð fyrir, að einhverjir stuðningsmenn aðildarinnar að Atlantshafsbandalaginu á þessum tíma hafi verið þeirrar skoðunar að Alþingi væri betur til þess fallið að taka ígrundaða og yfirvegaða afstöðu í þessu máli heldur en allur almenningur, sem byggt gæti rök sín meira eða minna á óyfirveguðum tilfinningum augnabliksins. Segja má, að þessi „aristókratíska“ afstaða til fólks og þjóðar skini í gegnum umræður um þjóðaratkvæðagreiðslu á þessum tíma.

Síðan þá hafa kröfur um þjóðaratkvæðagreiðslur nokkrum sinnum komið fram, en ekki hlotið náð fyrir augum mætra landsfeðra.

Umræður um þjóðaratkvæðagreiðslur hafa fengið á sig ýmsar myndir. Áberandi einkenni á samfélaginu í dag er það, að hagstjórn undanfarinna ára hefur verið meira eða minna í molum. Ástæðan er meðal annars sú, að skiptar skoðanir eru um það meðal þjóðarinnar, hvert sé eðlilegt samráð löggjafarvalds og forustumanna þrýstihópa. Hluti Alþingis virðist líta svo á, að löggjafarvaldinu sé óheimilt að setja lög um tiltekin svið efnahagsmála nema fá fyrst uppáskrift og samþykki forustumanna þrýstihópa, þetta þýðir með öðrum orðum: ofan við Alþingi, löggjafarvaldið samkvæmt stjórnarskrá, er komið eins konar yfiralþingi þrýstihópaforingja. Þó verður ekki séð í fljótu bragði að þetta yfiralþingi hafi verið kosið til þess að setja þjóðinni almennar leikreglur, en það kann að vera missýn

Leiða má að því þung rök, að sá skilningur, að eðlilegt samráð eða kjarasáttmáli þýði valdaafsal Alþingis til forustumanna þrýstihópa, vinnuveitenda, launþega eða bændasamtaka, hafi mjög torveldað alla almenna hagstjórn hér á landi á undanförnum árum. Skoðanakannanir dagblaða sem auðvitað er skylt að taka með miklum fyrirvara, hafa sýnt, að þó fólki mislíki stórlega tilteknar ákvarðanir stjórnvalda, þá á sama tíma mislíkar jafnstórum meiri hluta ólögmætar aðgerðir, sem framkvæmdar eru í mótmælaskyni. Óvissan um valdmörk Alþingis og forustumanna þrýstihópa hefur hins vegar mjög dregið úr getu stjórnvalda til skarpra aðgerða, hversu nauðsynlegar sem slíkar aðgerðir kunna að hafa verið frá sjónarhóli heildarinnar séð.

Bæði má hugsa sér að þjóðaratkvæðagreiðslur fari fram um tiltölulega einfaldar spurningar, eins og til dæmis áfengan bjór, og eins að þjóðaratkvæðagreiðslur fari fram um flóknari mál, eins og heildstæð lagafrumvörp um efnahagsmál. Þegar fólk kýs stjórnmálaflokk með því að setja X fyrir framan bókstaf (sem er vissulega umdeilanleg aðferð) er það með einföldum hætti að taka ákvörðun um flókið málefni. Stjórnmálaflokkur er flókin samsetning, þar sem mörgum skoðunum er raðað saman eftir flóknum leiðum. Samt er fólki gert að svara með einum og einföldum krossi. Og ef svona má spyrja um stjórnmálaflokka, því má ekki spyrja eins um lagafrumvörp?

Óskýr valdmörk hins kjörna ríkisvalds annars vegar og forustu þrýstihópa hins vegar hafa skapað mikla óvissu í efnahagsmálum á undanförnum árum og áratugum. Ákveðin löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslur, þar sem einfaldur meiri hluti Alþingis getur ákveðið með tiltölulega skömmum fyrirvara að viðhafa þjóðaratkvæðagreiðslu, sem yrði þá í reynd eins konar skoðanakönnun, sem Alþingi aftur

skuldbindi sig til þess að fara eftir, gæti höggvið á margan hnútinn, sem upp hefur komið í samfélaginu á undanförnum árum.

Þróun margra fjöldasamtaka hefur verið í þá veru, að upphaflega eru þau samtök hins venjulega manns, tiltölulega einföld í sniðum og með ljós og mörkuð verkefni. Þegar stundir líða fram, breytist hins vegar svipur og yfirbragð. Þá geta þessi sömu fjöldasamtök fjarlægst upphaflegt markmið sitt með miklum hraða. Þá verða þau að valdakerfi með flóknu þrepalýðræði, miklu skrifstofuhaldi og margslungnu kosningakerfi. Slíkar flækjur hafa iðulega leitt til firringar; það verður félagslegur óravegur frá hinum venjulega félagsmanni til forustu- og valdahóps. Fráleitt er auðvitað að alhæfa um slíka þróun, en fullyrða má hins vegar, að slíkrar þróunar sér víða stað.

Hlutverk ríkisvaldsins, til dæmis að því er tekur til stjórnar almennra efnahagsmála, hefur orðið býsna óljóst, meðal annars vegna þessarar þróunar. Það er skoðun flutningsmanna að skýr og einföld löggjöf um þjóðaratkvæði höggvi að hluta á þennan hnút. Vitneskja þrýstihópa um það, að sú leið er til að skjóta umdeildum málum til þjóðarinnar, beint og milliliðalaust, ætti að gera öllum skylt að huga að fjöldavilja í ríkari mæli en gert hefur verið. Eins yrði það til bóta, að viðkvæm deilumál yrðu leyst með þessum hætti — til skemmri eða lengri tíma eftir atvikum.

Nd. 508. Frumvarp til laga [249. mál]

um afborgunarkaup.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Það eru afborgunarkaup samkvæmt lögum þessum, þegar lausafjárkaup fara fram með þeim hætti, að kaupverðið greiðist í hlutum og einn eða fleiri hlutar þess falla í gjalddaga, eftir að söluhluturinn hefur verið afhentur kaupanda og seljandi hefur áskilið sér rétt til þess að endurheimta hlutinn, ef kaupandi efnir ekki skuldbindingar sínar eða hefur áskilið sér eignarrétt að hlutnum, þar til greiðsla hefur verið innt af hendi að fullu eða að hluta.

Ef kaupverðið er að öllu eða einhverju leyti greitt með lánsfé, sem kaupandi hefur vegna kaupanna fengið fyrir milligöngu seljanda eða með vitund hans frá einhverjum þeim, sem seljandi hefur fjárhagsleg tengsl við, skal afborgun af láninu skoðast sem afborgun kaupverðs.

Leigusamningar eða samningar, þar sem greiðslan annars er endurgjald fyrir notkun hlutar, teljast einnig afborgunarkaup, ef ætla má, að fyrirhugað hafi verið, að viðtakandi hlutar öðlist eignarrétt að honum.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eiga ekki við um samninga, sem gerðir eru um atvinnutæki eða milli tveggja eða fleiri atvinnurekenda.

Afborgunarverð er samkvæmt lögum þessum samanlagðar umsamdar greiðslur kaupanda.

2. gr.

Seljandi getur ekki svo gilt sé áskilið sér eignarrétt að söluhlut eða rétt til að endurheimta hlutinn, nema hann hafi fengið minnst 20% afborgunarverðs greidd við afhendingu hlutar til kaupanda, ef síðustu greiðslu samkvæmt samningnum á að greiða minnst ári eftir afhendingartíma, ella tólfta hluta afborgunarverðs. Útborgun skal þó ávallt nema minnst 15 000 kr.

3. gr.

Vanræki kaupandi greiðsluskyldur sínar, hefur seljandi ekki af þeirri ástæðu rétt til að endurheimta hlutinn, krefjast greiðslu þess, sem ógjaldfallið er eða bera fyrir sig önnur réttaráhrif vanefndanna, nema greiðsludráttur kaupanda hafi

varað minnst 20 daga frá gjalddaga og fjárhæð sú, sem greiðsludráttur hefur orðið á, sé annaðhvort minnst 1/10 hluti afborgunarverðs, eða minnst 1/20 hluti afborgunarverðs, felist fleiri en ein afborgun í greiðslunni eða um sé að ræða lokakröfu seljanda.

Hafi kaupandi greitt fjárhæð þá, sem greiðsludráttur varð á, ásamt vöxtum og kostnaði seljanda, áður en hluturinn er tekinn úr vörslum hans, getur seljandi ekki borið fyrir sig réttaráhrif þau, sem um ræðir í 1. mgr.

4. gr.

Taki seljandi hlutinn aftur, skal telja verðmæti hlutarins á þeim tíma, er honum er skilað, kaupanda til tekna við uppgjör aðilanna.

Með verðmæti hlutar er átt við þá upphæð, sem seljandi getur fengið fyrir hlutinn við eðlilega endursölu, að lokinn nauðsynlegri lagfæringu á honum, gerist hennar þörf.

5. gr.

Nú endurheimtir seljandi söluhlut og er honum þá heimilt að telja sér til tekna:

1. Þær afborganir, sem ógreiddar eru, þegar endurheimtan fer fram og komnar eru í gjalddaga samkvæmt samningnum.
2. Þann hluta annarra ógreiddra afborgana, sem samsvarar hlutfalli staðgreiðsluverðs af afborgunarverði.
3. Vexti.
4. Óhjákvæmilegan kostnað vegna endurheimtunnar.

Með staðgreiðsluverði er átt við það verð, sem unnt hefði verið að fá fyrir hlutinn við sölu gegn staðgreiðslu á þeim tíma, er samningur var gerður. Þegar afborgunarverðið er 200 000 kr. eða lægra, telst staðgreiðsluverð nema 9/10 hlutum afborgunarverðs, sé annað ekki sannað.

6. gr.

Fari verðmæti hlutar fram yfir það, sem seljandi getur talið sér samkvæmt 5. gr., getur hann ekki endurheimt hlutinn, nema hann greiði kaupanda samtímis mismuninn eða í þeim tilvikum, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 13. gr., setji tryggingu fyrir greiðslunni.

Sé verðmæti hlutarins minna en krafa seljanda samkvæmt 5. gr., getur hann ekki krafist hærri upphæðar en mismunarins.

7. gr.

Hafi seljandi krafist endurheimtu hlutar, getur kaupandi gert upp viðskipti sín við seljanda með því að greiða lokakröfu hans eftir reglum 5. gr. Geri kaupandi það, getur seljandi ekki endurheimt hlutinn.

8. gr.

Þegar fleiri en einn hlutur eru seldir með afborgunarkjörum samkvæmt einum og sama samningi og seljandi vill endurheimta þá, hefur kaupandi rétt til að halda einum hlut eða fleirum eftir eigin vali gegn því að greiða fjárhæð, er svarar til þess, sem lokakrafa seljanda samkvæmt reglum 5. gr. er hærri en verðmæti hinna hlutanna.

Sé lokakrafan lægri en verðmæti þetta, hefur kaupandi rétt til að fá það greitt, sem umfram er, um leið og endurheimtan fer fram.

9. gr.

Seljandi getur ekki áskilið sér, að réttur kaupanda í afborgunarkaupum skuli háður því, að kaupandi efni skuldbindingar sínar í öðrum kaupum eða greiði fjárhæð, sem seljandi á ekki rétt á samkvæmt 5. gr.

Ennfremur er seljanda óheimilt að áskilja sér, að fjárhæð, sem kaupandi greiðir, renni til greiðslu annarra krafna kaupunum óviðkomandi, nema þær eigi rætur að rekja til viðgerðar á söluhlut eða annarra ráðstafana honum viðvíkjandi.

Ákvæði í samningi um afborgunarkaup má víkja til hliðar að öllu eða að hluta, ef það yrði talið óheiðarlegt eða andstætt góðum viðskiptaháttum að bera það fyrir sig.

Hafi verið samið um ósanngjarnt afborgunarverð, skal verðið lækkað í það, sem telst vera sanngjarnt. Sé svo, skal þá lækka síðustu afborgun eða afborganir, er greiða skal samkvæmt samningnum. Hafi seljandi krafist óhæfilegs endurgjalds fyrir að veita kaupanda greiðslufrest eða aðrar tilslakanir á samningi, skal lækkun fara fram með sama hætti og að framan greinir.

Í viðskiptum, sem lög þessi taka til, er óheimilt að nota víxla til tryggingar eða greiðslu þess hluta afborgunarverðs, sem gjaldfrestur er veittur á.

Kaupandi hefur þó ekki rétt til þess að halda hlut, sem er tengdur hlut þeim, er seljandi tekur, á þann hátt, að aðskilnaðurinn hefði í för með sér verulega verðrýrnun þess, sem endurheimt er.

10. gr.

Sé svo kveðið á í samningi um afborgunarkaup, að vanefndir kaupanda leiði til þess, að ógreiddar afborganir falli í gjalddaga, fyrr en um hafði samist, og krefji seljandi þar af leiðandi kaupanda um hærri fjárhæð en ella væri gjaldfallin, skal reikna kröfu seljanda eftir reglum 5. gr.

Seljandi getur ekki gert fjárnám fyrir kröfu sinni í hinu selda. Hins vegar getur seljandi gert fjárnám í öðrum eignum kaupanda.

11. gr.

Nú vill seljandi endurheimta hlutinn og skal hann þá snúa sér til fógeta um það, að fullnægðum eftirtöldum skilyrðum:

1. Um kaupin hafi verið gerður skriflegur samningur, sem undirritaður er af kaupanda.
2. Í samningnum sé fyrirvari um eignarrétt seljanda eða um rétt seljanda til endurheimtu.
3. Tilgreint sé í samningnum, hvað kaupandi á að greiða svo og gjalddagi hverrar greiðslu.

Beiðni til fógeta skal vera skrifleg og með henni skal fylgja fyrrnefndur kaupsamningur og krafa seljanda, útreiknuð samkvæmt 4. gr.

12. gr.

Fógeti getur boðað kaupanda til skrifstofu sinnar. Ef seljandi krefst þess, getur slík boðun farið fram, áður en fógetagerð hefst.

Nú mætir kaupandi ekki á síðari stigum fógetagerðar samkvæmt lögum þessum og skal þá fógeti allt að einu taka málið til úrskurðar. Eiga þá reglur 3.—10. gr. laga þessara við, eftir því sem við verður komið.

13. gr.

Meðan á fógetagerð stendur, ber fógeta að leiðbeina aðilum, séu þeir ólöglærðir og hafi ekki atvinnu af málflutningsstörfum.

Fógeti ákveður verðmæti hlutar og, ef nauðsyn ber til, með aðstoð sérfróðra manna.

Ef annarhvor aðila sættir sig ekki við ákvörðun fógeta, getur fógeti tekið fyrri ákvörðun sína til endurskoðunar að undangengnu mati. Beiðni um slíkt mat verður að vera fram komin, áður en fógetagerð er lokið og skal matsbeiðandi setja tryggingu fyrir matskostnaði. Fógeti ákveður við uppgjör á viðskiptum aðila, hvor þeirra skuli bera kostnað af gerðinni.

Telji fógeti, að fjárhæð sú, sem seljandi hefur talið sér til kostnaðar við endurheimtu hlutarins, sé hærri en sanngjarnt getur talist, getur hann lækkað hana í það, er honum finnst hæfilegt.

14. gr.

Leiki vafi á því, hvort seljandi hefur rétt til þess að endurheimta hlutinn, getur fógeti gert það að skilyrði fyrir gerðinni, að seljandi setji tryggingu fyrir því tjóni, sem ólögmæt endurheimta kann að valda kaupanda.

Nú leikur vafi á því, hvort seljandi á að greiða kaupanda eitthvað vegna endurheimtu hlutarins eða hversu mikið hann skuli greiða, og getur fógeti þá gert það að skilyrði fyrir gerðinni, að seljandi setji tryggingu fyrir hinni umdeildu fjárhæð.

Sama regla gildir, þegar annar aðila lýsir yfir því, að hann muni véfengja ákvörðun um verðmæti samkvæmt 13. gr. við áfrýjun.

Þegar um tryggingar er að ræða, ber fógeta að benda kaupanda á ákvæði 13. gr.

15. gr.

Hafi fógeti fengið seljanda vörslur hlutarins samkvæmt 1. eða 2. mgr. 14. gr. gegn því að setja tryggingu, getur hvor aðila um sig krafist þess, að fógeti úrskurði, að hve miklu leyti fjárhæð sú, sem sett er til tryggingar, skuli renna til kaupanda eða afhent seljanda aftur. Beiðni um þetta skal leggja fram innan viku frá því, að seljandi fékk vörslur hlutarins. Meðan á meðferð málsins fyrir fógetarétti stendur, ber fógeti sömu leiðbeiningarskyldu sem við fógetagerðina sjálfa. Fógeti skal tilkynna aðilum eða umboðsmönnum þeirra, hvenær úrskurður verði kveðinn upp. Framfylgja má úrskurði eftir að 15 dagar eru liðnir frá uppkvaðningu hans, enda hafi úrskurðinum ekki verið áfrýjað.

Nú líða 4 vikur frá lokum fógetagerðar án þess að kaupandi hafi hafist handa um lögsókn gegn seljanda vegna endurheimtu hlutarins eða uppgjörs viðskiptanna, og verður þá tryggingarféð afhent seljanda. Véfengi seljandi hins vegar ákvörðun á verðmæti hlutarins, sbr. 3. mgr. 14. gr., verður tryggingarféð afhent kaupanda, hafi seljandi ekki hafist handa um lögsókn innan frests þess, er áður greinir.

16. gr.

Óheimilt er kaupanda og seljanda að semja fyrirfram sín á milli um lakari kjör kaupanda til handa en kveðið er á um í þeim ákvæðum laga þessara, sem sett eru til verndar rétti kaupanda.

17. gr.

Ef sá, sem í atvinnuskyni selur eða á þátt í sölu hluta með afborgunarkjörum, hefur í þeim viðskiptum gerst sekur um óhæfilega viðskiptahætti gagnvart kaupendum, má svipta hann rétti til að stunda slík viðskipti um tiltekinn tíma eða ævilangt, sé um ítrekuð brot að ræða.

Réttindasvipting samkvæmt 1. mgr. getur farið fram með dómi í refsimáli eða í sérstöku máli.

Sá, sem í atvinnuskyni selur eða á þátt í sölu hluta með afborgunarkjörum andstætt ákvörðun samkvæmt 1. mgr., skal sæta sektum.

18. gr.

Heimilt er ráðherra að breyta með reglugerð ákvæðum 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. að því er varðar upphæðir.

Ennfremur er ráðherra heimilt að breyta með reglugerð ákvæði 2. gr. að því er varðar hundraðshluta, almennt eða að því er varðar einstakar vörutegundir.

19. gr.

Allir úrskurðir og ákvarðanir fógetaréttar í málum, sem rekin eru með heimild í lögum þessum skulu sæta kæru til Hæstaréttar. Um kærumál þessi og meðferð þeirra skulu gilda hin almennu ákvæði hæstaréttarlaga um kærur.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1980 og gilda um samninga, sem gerðir verða eftir þann tíma.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennt.

Hér á landi, sem og víðast annars staðar, er alltítt, að lausafjárkaup fari fram með þeim hætti, að seljandi lánar kaupanda kaupverðið eða hluta þess um vissan tíma, t. d. þannig að kaupandi greiðir hluta kaupverðsins þegar í stað en greiðir síðan eftirstöðvarnar með tilteknum afborgunum á ákveðnum gjalddögum. Algengt er, að seljandi leitist við að tryggja skilvísa greiðslu eftirstöðva kaupverðsins með því að halda eignarrétti sínum yfir söluhlut, þar til kaupverðið er að fullu greitt, enda þótt kaupandi fái afnot söluhlutar þegar við kaupin. Þegar svo háttar, reynir að sjálfsögðu á margvísleg lögfræðileg vandamál, sem ekki koma til varðandi þau kaup þar sem kaupverðið er greitt út í hönd.

Víða um lönd hefur verið sett löggjöf um afborgunarkaup og mótast sú löggjöf yfirleitt af vilja löggjafans til að vernda hagsmuni kaupenda eða neytenda í þess háttar kaupum. Í upphafi þessarar aldar höfðu Danir, Norðmenn og Svíar með sér samvinnu um samningu laga um þetta efni. Árangur þess samstarfs kom fram í því, að í þessum löndum voru sett lög um afborgunarkaup, sem voru að verulegu leyti efnislega samhljóða. Á fundi dómsmálaráðherra Norðurlanda í nóvember 1946 var ákveðið, að tekin skyldi upp endurskoðun á hinum norrænu lögum um afborgunarkaup, þar sem m. a. yrði tekið enn meira tillit til sjónarmiða neytenda en áður hafði verið. Frá því um 1950 hafa síðan verið gerðar ýmsar lagabreytingar í þessa átt á Norðurlöndum.

Hérlendis hefur engin löggjöf verið sett um afborgunarkaup með eignarréttarfyrirvara. Ákvæði l. 39/1922 um lausafjárkaup veita enga stoð um úrlausn margvíslegra og mikilvægra atriða, sem á reynir í kaupum af þessu tagi og vafasamt er að hve miklu leyti fastar viðskiptavenjur hafa myndast á þessu sviði. Með frumvarpi þessu er stefnt að því að ráða hér bót á. Er leitast við að skýra sem best réttarstöðu og úrræði kaupanda og seljanda við afborgunarkaup og er um margt höfð hliðsjón af norrænum lögum um þetta efni. Að nokkru leyti beinast ákvæði frumvarpsins að því að vernda kaupanda gegn ósanngjörnum kröfum eða harkalegu framferði seljanda, einkum við endurheimtu söluhlutar, en jafnframt er lagt til að seljanda verði tryggð fullnægjandi úrræði vegna vanefnda kaupanda.

Athugasemdir um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. eru afborgunarkaup skilgreind og verða eftirfarandi atriði að vera fyrir hendi til þess að um afborgunarkaup geti verið að ræða:

a. Um sé að ræða lausafjárkaup.
b. Kaupverðið sé greitt í hlutum.
c. Einn eða fleiri hlutar kaupverðs falli í gjalddaga eftir afhendingu söluhlutar.
d. Seljandi hafi áskilið sér endurheimtu eða eignarrétt.

Í 2. mgr. eru ákveðin viðskipti, sem fjármögnuð eru af þriðja aðila, lögð að jöfnu við afborgunarkaup.

3. mgr. felur það í sér, að leigusamningar og hliðstæðir afborgunarsamningar falla undir ákvæði frumvarps þessa, ef ætla má, að fyrirhugað hafi verið, að við-

takandi hlutar öðlaðist eignarrétt að honum og leigugreiðslur því í eðli sínu aðeins afborganir af hinum leigða hlut. Nauðsynlegt er að hafa ákvæði þetta til þess að koma í veg fyrir, að farið sé í kringum ákvæði frumvarpsins með þeim hætti, sem hér greinir, en í 4. mgr. er þó sérstaklega tekið fram, að ákvæði 2. og 3. mgr. eigi ekki við um samninga, sem gerðir séu um atvinnutæki eða milli tveggja eða fleiri atvinnurekenda.

Um 2. gr.

Með ákvæði þessarar greinar er komið í veg fyrir, að unnt sé að áskilja endurheimtu eða eignarrétt, nema útborgun við afhendingu sé minnst 20% afborgunarverðs, ef síðustu greiðslu samkvæmt afborgunarsamningum á að greiða minnst ári eftir afhendingu. Sé afborgunartímabilið hinsvegar skemmra en eitt ár miðast lágmarksútborgun við einn tólfta hluta afborgunarverðs þó þannig, að útborgun má aldrei vera lægri en 15 000 kr.

Um 3. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er kveðið á um, að óverulegar vanefndir kaupanda á greiðsluskyldum sínum í afborgunarviðskiptum, veiti seljanda ekki rétt til þess að endurheimta hlutinn, krefjast greiðslu þess, sem gjaldfallið er eða bera fyrir sig önnur réttaráhrif vanefndanna. Síðan er skilgreint nánar, hversu miklar vanefndir kaupanda verða að vera til þess, að seljandi geti beitt réttaráhrifum þeirra og kemur í því efni til álita bæði tími sá, sem greiðsludrátturinn hefur varað, og fjárhæð sú, sem greiðsludráttur hefur orðið á. Greiðsludrátturinn verður að hafa varað minnst 20 daga frá gjalddaga og fjárhæð sú, sem greiðsludráttur hefur orðið á verður að vera annaðhvort minnst 1/10 hluti afborgunarverðs eða minnst 1/20 hluti afborgunarverðs, felist fleiri en ein afborgun í greiðslunni eða um sé að ræða lokakröfu seljanda. Að því er lokakröfu seljanda varðar verður hér að taka tillit til tveggja sjónarmiða. Annarsvegar er um að ræða það sjónarmið kaupanda að fá að halda hlutnum, þegar hann hefur greitt mestan hluta verðsins, enda þótt greiðsludráttur verði á síðustu greiðslu. Hinsvegar verður að hafa í huga hagsmuni seljanda og nauðsyn á virkum úrræðum honum til handa til að fá kröfu sína greidda. Ef kveðið yrði svo á um, að greiðsludráttur á lokakröfu veitti ekki heimild til að beita réttarúrræðum frumvarpsins, er hætt við, að seljendum yrði í mörgum tilvikum mjög torvelduð innheimta síðustu greiðslna. Því er lagt til, að farinn verði meðalvegur í þessum efnum og sama regla verði látin gilda um lokakröfu og um greiðslu, sem fleiri en ein afborgun felst í, þ. e. a. s. nægilegt er, að lokakrafan svari til minnst 1/20 afborgunarverðs til þess að unnt sé að beita réttarúrræðum frumvarpsins að fullnægðum öðrum skilyrðum.

Í 2. mgr. er réttur seljanda til að beita réttarúrræðum vegna vanefnda kaupanda enn frekar takmarkaður. Hér er um það að ræða, að greiðsludráttur hafi orðið, en kaupandi greiðir allt að einu, áður en endurheimta fer fram. Er þá kveðið svo á að seljandi geti ekki borið fyrir sig réttaráhrif þau, sem um ræðir í 1. mgr.

Um 4. gr.

Grein þessi kveður á um það, hvernig með skuli fara, ef seljandi endurheimtir hlut. Skal miða verðmæti hlutarins við söluverðs hans á þeim tíma, er honum er skilað, en jafnframt er gert ráð fyrir því, að seljandi geti aukið verðmæti hlutarins með viðgerðum og smærri lagfæringum sé þess þörf og skuli það koma kaupanda til góða. Með þessu er tekið tillit til þess aðstöðumunar, sem er á milli kaupanda og seljanda, því að gera verður ráð fyrir, að seljandi geti með auðveldum hætti, kunnáttu sinnar vegna og aðstöðu, aukið verðmæti hlutar, og er því ekki nema sanngjarnt og í anda þessa frumvarps að slíkt komi kaupanda til góða. Samkvæmt þessu er verðmæti hlutar það, sem ætla má, að seljanda takist að fá fyrir hann í endursölu að frádregnum kostnaði við lagfæringar eða viðgerð á hlutnum, en að söluhagnaði ófrádregnum, sbr. orðalag greinarinnar sjálfrar, „sem seljandi getur fengið fyrir hlutinn við eðlilega endursölu“.

Um 5. gr.

Í fyrri málsgrein þessarar greinar er fjallað um það, sem seljanda er heimilt að telja sér til tekna við uppgjör aðilanna samkvæmt frumvarpi þessu.

Í 1. tl. 1. mgr. er kveðið svo á um, að seljandi geti við endurheimtu talið sér til tekna „þær afborganir, sem ógreiddar eru, þegar endurheimtan fer fram og komnar eru í gjalddaga samkvæmt samningnum“. Hér er átt við hina eiginlegu gjalddaga, sem ákveðnir eru í afborgunarsamningnum sjálfum, þannig að ekki á að taka tillit til ákvæðis um, að vanefndir kaupanda leiði til þess, að allar afborganir séu gjaldfallnar.

Í 2. tl. 1. mgr. segir, að seljandi geti talið sér til tekna „þann hluta annarra, ógreiddra afborgana, sem samsvarar hlutfalli staðgreiðsluverðs af afborgunarverði“. Ákvæði þetta leiðir til þess, að við uppgjör aðila verður að finna, hvert hlutfall staðgreiðsluverðs er af afborgunarverði og lækka ógreiddar og ógjaldfallnar afborganir, sem nemur því hlutfalli. Rök til þessa lækkunarákvæðis eru þau, að seljandi fær greiðslu alls þess, sem eftir stendur af afborgunarverði á því tímamarki, þegar endurheimtan fer fram og verður því að sætta sig við, að fjárhæð sú, er hér um ræðir, og honum hefði ekki verið unnt að krefjast greiðslu á samkvæmt samningnum, þar sem hún var ekki gjaldfallin, verði lækkuð um upphæð, sem svarar til áðurgreinds hlutfalls staðgreiðsluverðs af afborgunarverði. Þetta ætti að vera ljóst, þar sem mismunur afborgunarverðs og staðgreiðsluverðs er fólginn í vöxtum, áhættuþóknun o. þ. h.

Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. er seljanda heimilt að telja sér vexti til tekna við endurheimtu söluhlutar.

4. tl. 1. mgr. heimilar seljanda að telja sér til tekna óhjákvæmilegan kostnað vegna endurheimtunnar. Með þessu ákvæði er átt við allan nauðsynlegan og beinan kostnað við endurheimtuna sjálfa þ. á m. kostnað við vörslusviptingu hlutarins svo og þóknun fyrir lögfræðilega aðstoð.

Í 2. mgr. greinar þessarar er skilgreint, hvað átt sé við með staðgreiðsluverði. Einnig er sett sú viðmiðunarregla til þess að létta afgreiðslu þessara mála að telja staðgreiðsluverð nema 9/10 hlutum afborgunarverðs, þegar afborgunarverðið er 200 000 kr. eða lægra, ef ekki er unnt að færa sönnur á annað. Ástæðan til þess, að lagt er til, að viðmiðunarreglan skuli einungis gilda, þegar um er að ræða hluti, sem kosta eiga, með afborgunarverði 200 000 kr. eða minna, er sú, að ýmsir annmarkar eru á slíkri viðmiðunarreglu, sem valda því, að ekki þykir fært að láta hana gilda almennt, enda þótt það myndi eflaust létta framkvæmd þessara mála. Má í því sambandi nefna, að hætt er við, að afborgunarviðbótin yrði ákveðin minnst sem fjárhæð, er svarar til 10% lækkunar, þ. e. a. s. við kaupin yrði bætt við fjárhæð, sem síðan er unnt að draga frá, ef um endurheimtu verður að ræða. Almenn viðmiðunarregla gæti þannig leitt til verðhækkunar, sem ella þyrfti ekki að verða. Einnig má benda á, að torvelt er að beita viðmiðunarreglunni í þeim tilvikum, þegar greiða skal, auk afborgunarverðs, vexti af þeim hluta kaupverðsins, sem greiðslufrestur er veittur á.

Með hliðsjón af því, sem að framan greinir, er því lagt til, að farinn sé meðalvegur í þessum efnum og viðmiðunarreglan gildi einungis að tilteknu verðmætismarki.

Um 6. gr.

Með 1. mgr. þessarar greinar er verið að vernda rétt kaupanda í því tilviki, þegar verðmæti hlutarins reynist hærra en krafa seljanda samkvæmt 5. gr. Ber þá seljanda, ef hann vill endurheimta hlutinn, að greiða kaupanda mismun á verðmæti hlutarins og kröfu sinnar samtímis, en í þeim tilvikum, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 14. gr., þ. e. a. s. þegar vafi leikur á því, hvort seljandi á að greiða kaupanda eitthvað vegna endurheimtu hlutarins eða hversu mikið svo og þegar verðmætisákvörðun fógeta er vefengd, er nægilegt, að seljandi setji tryggingu fyrir greiðslunni.

2. mgr. þessarar greinar þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Með ákvæði 1. mgr. greinar þessarar er kaupanda veittur réttur til að koma í veg fyrir endurheimtu hlutar, enda þótt skilyrði endurheimtu séu fyrir hendi og seljandi hafi krafist hennar, með því að greiða lokakröfu seljanda samkvæmt 5. gr. og gera þannig endanlega upp viðskiptin.

Um 8. gr.

Grein þessi fjallar um það tilvik, þegar fleiri en einn hlutur eru seldir með afborgunarkjörum samkvæmt sama samningi. Ef seljandi vill endurheimta hlutina undir þessum kringumstæðum, hefur kaupandi heimild til þess að halda eftir einhverjum hlutanna með því að greiða fjárhæð, þannig að seljandi fái eftir sem áður full skil kröfu sinnar samkvæmt 5. gr.

Í 2. mgr. er verið að vernda hagsmuni seljanda í þeim tilvikum, þegar aðskilnaður hluta hefur í för með sér verulega verðrýrnun þess, sem endurheimt er.

Um 9. gr.

Með ákvæðum 1. mgr. er komið í veg fyrir að unnt sé að blanda öðrum viðskiptum inn í samning um afborgunarkaup eða að öðru leyti að gera rétt kaupanda háðan viðskiptum, óviðkomandi afborgunarsamningum.

Á þetta getur sérstaklega reynt, þegar nýjum viðskiptum milli sömu aðila er bætt inn í áður stofnuð afborgunarviðskipti þeirra, sem ekki er lokið. Er þá um það að ræða, að tveimur eða fleiri sjálfstæðum kaupum er blandað þannig saman, að ætlast er til þess, að á þau sé litið sem eina heild í öllum atriðum. Slíkur háttur er ósanngjarn og óhæfilegur gagnvart kaupanda, m. a. vegna þess, að hann öðlast ekki eignarrétt þess, sem fyrst var selt, fyrr en allir hlutirnir eru greiddir, og kann því að þurfa að bíða óhóflega lengi, þar til hann verður eigandi þess, er selt var samkvæmt fyrsta samningi. Ennfremur má á það benda, að kaupandi getur orðið mjög háður seljanda í þeim tilvikum, þegar viðskiptum er blandað saman svo sem að framan greinir. Nauðsynlegt er því, að viðskiptum á grundvelli afborgunarsamnings sé haldið algerlega aðgreindum frá öðrum viðskiptum aðilanna, þannig að réttur kaupanda samkvæmt tilteknum afborgunarsamningi verði ekki gerður háður öðrum skuldbindingum.

Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar er í tengslum við bann 1. mgr. við því að blanda saman fleiri en einum samningi. Samkvæmt gildandi íslenskum rétti getur sá, sem skuldar sama kröfuhafa fleiri en eina skuld, yfirleitt ákveðið sjálfur til hvaða skuldar greiðsla sú, sem hann innir af hendi skuli renna. Hafi skuldari ekki lýst því yfir, þegar greiðsla fer fram, hvaða kröfur hann óskar að greiða, er talið, að kröfuhafi geti þá sjálfur tekið ákvörðun um það, þó þannig, að hagsmuna skuldara sé gætt. Hafi kaupandi fleiri en einn afborgunarsamning við sama seljanda á sama tíma, væri unnt að nokkru leyti að fara í kringum bann 1. mgr. við að blanda saman ólíkum skuldbindingum með því að seljandi áskildi sér í nýjum samningi rétt til að ákveða einhliða til hvaða skuldbindingar greiðsla kaupanda skuli renna. Sama og að framan greinir gildir um allar kröfur, sem eru málinu óviðkomandi, ella væri unnt með auðveldum hætti að fara í kringum hin almennu ákvæði um afborgunarkaup. Reglan er ennfremur í samræmi við ákvæði 8. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um rétt kaupanda til að innleysa hluta af hinu selda samkvæmt sama samningi og láta afborgunarsamning þannig haldast að hluta.

Sú undantekning er þó gerð frá aðalreglunni, að seljandi getur áskilið sér, að kröfur, sem eiga rætur að rekja til viðgerða, endurbóta eða annarra ráðstafana á söluhlut, verði fyrst greiddar.

Í ýmsum tilvikum öðrum en þeim, sem sérstaklega er um fjallað hér að framan, kann að vera hætta á því, að seljandi notfæri sér það, að hann hefur yfirleitt sterkari aðstöðu en kaupandi og áskilji sér því þau kjör í afborgunarsamningum, sem kaupanda kann oft að yfirsjást í hinum prentuðu formum, að óheiðarlegt gæti

talist og andstætt góðum viðskiptaháttum að bera þau fyrir sig. III. kafli l. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga veitir kaupanda að vísu vernd, en þó ekki nógu víðtæka. Í 26. gr. laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti er almenn regla um bann við því að hafast nokkuð það að í atvinnustarfsemi, sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti, sem tíðkaðir eru í slíkri starfsemi eða er óhæfilegt gagnvart neytendum. Þessa grein er unnt að nota til þess að leiðrétta óhæfilega samningsskilmála, hvort sem er í einstökum tilfellum eða almennt óhæfileg samningsform. Hér á landi eru hins vegar ekki sérstök lög um óhæfilega samningsskilmála eins og í gildi eru í nágrannalöndunum. Það þykir rétt að leggja áherslu á og taka fram um þetta, að því er afborgunarkaup varðar sérstaklega. Einnig má benda á til samanburðar 34. gr. laga 20/1954 um vátryggingasamninga, en sú grein fjallar um ógildi ósanngjarnra samningsákvæða í vátryggingarsamningum. Skv. III. kafla l. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga verða flestir þeir löggerningar, sem undir þau atvik falla, sem þar er lýst, í heild sinni óskuldbindandi, en hér er lagt til, að ákvæði í afborgunarsamningi megi víkja til hliðar að öllu eða að hluta.

Ákvæði 4. mgr. þessarar greinar tryggja kaupanda möguleika til að fá ósanngjarnt afborgunarverð lækkað. Slíkt getur gerst bæði, þegar um er að ræða lögsókn af hálfu seljanda samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps eða í almennu dómsmáli og í sérstöku viðurkenningarmáli, sem kaupandi höfðar til hækkunar verðs. Um mat á verðmæti söluhluta, þegar um er að ræða málssókn fyrir almennum dómstólum, gilda almennar réttarfarsreglur. Í síðasta málslið 4. mgr. 9. gr. er sett sú viðbótarregla við hina almennu lækkunarheimild 4. mgr., að skylt er að lækka óhæfilegt endurgjald, sem seljandi hefur krafist utan sjálfs afborgunarsamningsins fyrir að veita kaupanda greiðslufrest eða aðrar tilslakanir. Um slíka lækkun fer með sama hætti og um lækkun afborgunarverðsins sjálfs.

Í 5. mgr. þessarar greinar er kveðið svo á að óheimilt sé að nota víxla í afborgunarviðskiptum. Ef víxlanotkun sú, sem tíðkast hefur í viðskiptum þessum, verður eftir sem áður heimil, ef frumvarp þetta verður að lögum, ná ákvæði þess alls ekki tilgangi sínum. Brýn nauðsyn ber til að koma í veg fyrir það, að víxlaviðskiptum sé blandað inn í afborgunarviðskipti. Ef frumvarp þetta verður að lögum, verða seljendur að velja um það, hvort þeir kjósa fremur víxlaréttinn eða fyrirkomulag það, sem kveðið er á um í frumvarpi þessu. Ekki verður unnt að hafa hvorn tveggja háttinn á, svo sem nú tíðkast. Flestir munu sammála um, að víxlanotkun keyri úr hófi fram hér á landi og nauðsynlegt sé að úr henni verði dregið. Ákvæði þetta miðar að því, að svo verði.

Um 10. gr.

Með 1. mgr. þessarar greinar frumvarpsins er verið að koma í veg fyrir það, að seljandi geti farið í kringum ákvæði 5. gr., sem mæla fyrir um það, sem honum er heimilt að telja sér til tekna við uppgjör aðilanna.

Ákvæði 2. mgr. eru sett til þess að hindra það, að seljandi freistist til þess að fara í kringum þau ákvæði þessa frumvarps, sem sett eru til verndar rétti kaupanda, með því að leita fullnustu kröfu sinnar á annan hátt en með endurheimtu söluhlutar. Með því að gera fjárnám í hinu selda gæti hann þannig komist hjá skilyrðum 3. gr. frumvarpsins um það, að vanefndir kaupanda þurfi að vera verulegar svo og ákvæði 4. gr. um það, hvernig meta skuli verðmæti söluhlutar, sem ætla má, að yfirleitt yrði hærra en það verð, sem fengist fyrir hlutinn við nauðungarsölu. Spyrja mætti, hvort ekki væri eðlilegast og í mestu samræmi við tilgang frumvarpsins að seljanda sé aðeins heimilt að leita fullnustu kröfu sinnar í söluhlut með endurheimtu hans í samræmi við ákvæði frumvarpsins, þannig að honum sé ekki unnt að leita fullnustu kröfunnar í öðrum eignum kaupanda. Slík skipan myndi tryggja kaupanda þá vernd, sem fólgin er í ákvæðum frumvarps þessa um uppgjör aðila. Þegar litið er til hagsmuna bæði kaupanda og seljanda, sýnist sú leið sem ákvæðið gerir ráð fyrir, eðlilegust, þ. e. að seljandi geti ekki gert fjárnám fyrir kröfu sinni í hinu selda, en geti hins vegar leitað fullnustu í öðrum eignum kaupanda.

Um 11. gr.

Þar sem hér er um beina fógetagerð að ræða og kappkosta verður að hraða málum þessum til þess að tilgangi laganna verði náð, ber nauðsyn til að setja ákveðin lágmarksskilyrði bæði um form og efni afborgunarsamnings. Öll sönnunaratriði í málum þessum verða með þessu móti mun auðveldari og skilyrði öll betri fyrir fógeta til að afgreiða þessi mál. Einnig hvetja slíkar reglur til nákvæmari samningsgerðar milli aðila, en slíkt stuðlar að bættum viðskiptaháttum.

Ef samningurinn fullnægir ekki skilyrðum greinarinnar, getur seljandi ekki endurheimt hlutinn með beinni fógetagerð, en verður að fá aðfararhæfan dóm yfir kaupanda. Rétt er að taka fram að samningur er ekki ógildur, hvorki milli aðila né gagnvart þriðja manni, þótt formskilyrða þeirra, sem hér ræðir, hafi ekki verið gætt.

Ekki er talið rétt að setja frekari formskilyrði en hér greinir, svo sem um opinbera skrásetningu afborgunarsamninga eða annað af því tagi. Slík skilyrði myndu að öllum líkindum valda allt of mikilli skriffinnsku og óhagræði.

Um 12. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Í 2. mgr. er fjallað um það tilvik, þegar kaupandi hefur mætt í upphafi, en hættir síðan að mæta á síðari stigum fógetagerðar. Er þá ekki um annað að ræða en fógeti taki mál til úrskurðar. Til þess að hagsmunir kaupanda verði ekki fyrir borð bornir er hins vegar mælt svo fyrir, að ákvæða 3.—10. gr. laganna skuli gætt, eftir því sem við verður komið

Um 13. gr.

Ákvæði 1. mgr. greinar þessarar er í samræmi við almennar reglur um leiðbeiningarskyldu dómara.

Samkvæmt 2. mgr. greinar þessarar er það lagt á vald fógeta að ákveða verðmæti hluta. Hann getur kvatt til sérfróða menn til þess að meta hlut, ef þörf þykir vera á því. Verðmætisákvarðanir fógeta verða ekki bornar undir hliðsett dómstig, en þeim er að sjálfsögðu unnt að skjóta til æðra dóms. Nauðsyn ber til þess, að ákvarðanir á verðmæti hluta, sem seldir eru með afborgunarkjörum, séu sem einfaldastar, þannig að þessi mál geti gengið sem fljótast fyrir sig. Ætla má, að fljótlega myndist ákveðnar reglur um framkvæmd mats í málum þessum. Auk þess er líklegt, að fógeti kveðji til sérfróða menn, þegar um vafatilvik er að ræða.

Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. eru möguleikar á því að fá verðmætisákvörðun fógeta tekna til endurskoðunar að undangengnu mati og að fullnægðum ákveðnum skilyrðum, sem tilgreind eru í greininni.

4. mgr. þarfnast ekki sérstakra skýringa, sbr. það sem segir um 9. gr.

Um 14. gr.

Eðlilegt þykir og í samræmi við almennar reglur, að seljandi setji tryggingu fyrir því tjóni, sem ólögleg endurheimta kann að valda kaupanda. Kemur að sjálfsögðu ekki til slíkarar tryggingar, nema í þeim tilvikum, þegar vafi leikur á um endurheimturétt seljanda, en endurheimta allt að eina heimiluð. Það er að sjálfsögðu fógeti, sem hefur ákvörðunarvald um það, hvort það skuli gert að skilyrði fyrir gerðinni, að seljandi setji tryggingu.

Í 2. mgr. er fógeta einnig heimilað að gera það að skilyrði fyrir gerðinni, að seljandi setji tryggingu, þegar óljóst er, hvort eða hve mikið seljandi kann að skulda kaupanda vegna endurheimtunnar.

Í 3. mgr. er fjallað um véfengingar á verðmætisákvörðunum fógeta samkvæmt 13. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. er hvorum aðila um sig veittur réttur, þegar svo stendur á, sem greinir í 1. og 2. mgr. 14. gr., að krefjast úrskurðar fógeta um það, að hve miklu leyti tryggingarfé skuli renna til kaupanda eða skilað seljanda. Með þessu ákvæði er

fógeta veitt heimild til þess, eftir kröfu aðila, að taka þau vafatilvik, sem hér um ræðir, til sérstakrar meðferðar og úrskurðar og nota tryggingarféð til jöfnunar milli aðila. Úrskurði fógeta í þessum efnum má jafna við dóm og er aðfararfrestur hans ákveðinn 15 dagar frá uppkvaðningu, hafi úrskurðinum ekki verið áfrýjað.

Í 2. mgr. eru ákvæði um hvernig fógeti skuli ráðstafa tryggingarfénu í þeim vafa- og ágreiningstilvikum, sem um ræðir og leitt hafa (samkvæmt ákvæðum 14. gr.) til þess, að fógeti hefur gert það að skilyrði fyrir gerð, að trygging sé sett. Sú meginregla er sett í þessum efnum, að hafi aðili, kaupandi eða seljandi eftir atvikum, ekki hafist handa um lögsókn innan 4 vikna frá því, að fógetagerðinni lauk, þá afhendir fógeti tryggingarféð, eftir þeim reglum, sem kveðið er á um í greininni.

Um 16. gr.

Grein þessi felur í sér, að þau ákvæði frumvarpsins, sem sett eru til verndar rétti kaupanda, eru ófrávíkjanleg að því leyti, að óheimilt er að semja fyrirfram um lakari kjör kaupanda til handa en kveðið er á um í frumvarpinu. Ekkert er hins vegar því til fyrirstöðu að semja um betri rétt kaupanda til handa. Greinin tekur til samkomulags milli kaupanda og seljanda, sem gert er áður en þau atvik gerast, er veita kaupanda heimild til að bera fyrir sig rétt þann, sem ákvæði frumvarps þessa veita honum. Þegar atvikin hafa gerst, er hins vegar ekkert því til fyrirstöðu, að kaupandi falli frá rétti sínum.

Ekki verður komist hjá því að gera ákvæði frumvarpsins ófrávíkjanleg með þessum hætti og þar með takmarka samningsfrelsi aðila í afborgunarkaupum, því yfirleitt má gera ráð fyrir því, að seljandi hafi stöðu sinnar vegna meiri möguleika til að ráða efni afborgunarsamnings en kaupandi.

Um 17. gr.

Fordæmi eru fyrir því erlendis, að réttur til að stunda afborgunarviðskipti sé háður sérstökum leyfum. Slíkt fyrirkomulag sýnist of umfangsmikið, en hins vegar er nauðsynlegt, að heimild sé til þess að svipta þann rétti til að stunda afborgunarviðskipti, sem gerist sekur um óhæfilega viðskiptahætti gagnvart kaupendum. Heimild til slíkra úrræða ætti að hafa varnaðaráhrif og stuðla að heilbrigðri þróun þessara viðskipta. Tæpast kemur til réttindasviptingar, þótt seljandi í einstaka tilfelli gerist sekur um ámælisvert atferli. Líta verður svo á, að hann verði að ástunda viðskiptaaðferðir andstæðar góðum viðskiptaháttum að meira eða minna leyti að staðaldri til þess að unnt sé að hefjast handa gegn honum. Óhæfilegir viðskiptahættir í þessum viðskiptum sem öðrum falla undir ákvæði V. kafla laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og ólögmæta viðskiptahætti. Gæti komið til banns samkvæmt ákvörðun samkeppnisnefndar eftir þeim lögum. Aðgerðir og afskipti verðlagsstofnunar og samkeppnisnefndar og sakaferill aðila þar koma til með að skipta miklu máli við mat á því hvort réttindasvipting verður ákveðin.

Hvað skoða beri óhæfilega viðskiptahætti er túlkunaratriði, sem dómstólar verða að meta. Framkvæmd laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti mun skipta megin máli í þessum efnum. Nokkur dæmi má þó nefna um háttsemi, sem kynni að flokkast undir óhæfilega viðskiptahætti, svo sem það, þegar seljandi hefur hvað eftir annað sett skilyrði í afborgunarsamninga, sem andstæð eru ákvæðum laganna, hefur krafist óhæfilegs verðs, gefið villandi upplýsingar t. d. í auglýsingum o. s. frv.

Ákvarðanir um réttindasviptingu á þessu sviði eru í höndum dómstóla, enda eru hér mikilvægir hagsmunir í húfi, sem gera það nauðsynlegt, að málsmeðferðin verði sem allra tryggust. Er því eðlilegra, að dómstólar fjalli um málin heldur en handhafar framkvæmdavalds.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er ráðherra veitt heimild til þess að breyta tilteknum ákvæðum varðandi fjárhæðir með reglugerð. Nauðsynlegt er, að tök séu á því að færa upphæðir

þessar til samræmis við almennar verðbreytingar, án þess að til lagabreytingar þurfi að koma hverju sinni.

Um 2. mgr. gegnir að nokkru leyti sama máli og um 1. mgr. Verið er að afla heimildar til þess að breyta með tiltölulega skjótvirkum hætti hundraðshluta útborgunar í afborgunarkaupum. Ýmsar breytingar í efnahagslífinu geta leitt til þess, að nauðsynlegt kunni að reynast að breyta ákvæðum frumvarpsins um lágmarksútborgun í afborgunarkaupum.

Um 19. gr.

Hér er lagt til, í samræmi við markmið frumvarpsins, að hraða úrlausn þessara mála og gera hana sem brotaminnsta. Því verður best náð með því, að láta alla úrskurði og ákvarðanir fógeta í málum samkvæmt lögum þessum sæta kæru, en ekki áfrýjun.

Um meðferð mála þessara skulu gilda ákvæði 22.—33. gr. hæstaréttarlaga.

Um 20. gr.

Hér er lagt til, að aðilum þeim, sem lög um afborgunarkaup snerta helst (einkum seljendum og samtökum þeirra), verði gefinn allríflegur frestur til að kynnast lögunum og aðlaga viðskiptahætti sína ákvæðum þeirra. Er því gildistaka miðuð við 1. júlí 1980. Þá er gert ráð fyrir, að lögin taki ekki til samninga, sem gerðir eru fyrir þann tíma.

Sþ. 509. Fyrirspurn [250. mál]

til félagsmálaráðherra um málefni þroskaheftra.

Frá Alexander Stefánssyni.

Verður frumvarp til laga um aðstoð við þroskahefta lagt fyrir yfirstandandi Alþingi?

Nd. 510. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin, sem verði 1. gr., orðist svo:

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, sem orðist svo:

Nú verður búvöruframleiðsla meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fást erlendir markaðir sem viðunandi teljast fyrir það sem umfram er að mati Framleiðsluráðs og landbúnaðarráðuneytisins, og eru þá Framleiðsluráði, að fengnu samþykki fulltrúafundar Stéttarsambands bænda og staðfestingu landbúnaðarráðherra, heimilar eftirfarandi tímabundnar ráðstafanir:

a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Í því sambandi er m. a. heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er.

Að greiða með samþykki ríkisstjórnarinnar hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn allt að ákveðnu marki, en síðan stiglækkandi eftir því sem framleiðsla vex þar fyrir ofan. Heimilt er að ákveða rétt frumbýlinga í samræmi við bústofn þeirra.

Að innheimta framleiðslugjald til verðjöfnunar, sem má vera mishátt eftir bústærð ef ástæða þykir til.

Réttur þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvöruframleiðslu eða hætta búskap, skal tryggður með ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er að nota samtímis ofangreindar heimildir.

Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjárhæð af andvirði innlagðrar búvöru, sem Framleiðsluráð ákveður hverju sinni vegna framkvæmdar ofangreindra heimilda, og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs. Framleiðsluráð ákveður gjalddaga vegna þessara heimilda.

b) Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjaldið má vera allt að 100% á innkaupsverð vörunnar. Framleiðendur búvöru á lögbýlum og aðrir, sem hafa meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu, skulu án þess að greiða gjaldið fá tiltekið magn kjarnfóðurs miðað við framtalið magn afurða og bústofn á skattframtali, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp í því formi, sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi, eftir sérstakri kröfu Framleiðsluráðs. Ákvarðanir, sem varða gjaldtöku af kjarnfóðri, skulu teknar af fulltrúafundi Stéttarsambands bænda og vera háðar samþykki landbúnaðarráðherra.

Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri innheimta gjaldið við innflutning.

Sé ákvörðun tekin um að fella niður kjarnfóðursgjald, sem lagt hefur verið á samkvæmt framangreindri heimild, skal endurgreiða það, sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar niðurfelling er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

Innlendir aðilar, sem framleiða fóðurmjöl, skulu senda Framleiðsluráði ársfjórðungslega skrá yfir alla sölu á þeirri framleiðslu innanlands. Skal tilgreina hverjir kaupendur eru, heildarmagn til hvers aðila og einingarverð.

c) Gæsla og ráðstöfun þess fjár, sem innheimtast kann samkvæmt heimildum þessarar greinar, skal vera í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Meðal annars er heimilt að verja því til að greiða verðbætur til þeirra, sem minnka búvöruframleiðslu sína í því skyni að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, enda náist samkomulag um að ríkissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa fjárhæð, svo og til að jafna halla, er verða kann á útflutningi, milli söluaðila.

Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á búvöruverði að svo miklu leyti sem fjármagninu er varið til að jafna söluverð búvara milli framleiðenda.

Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir nefnd fimm manna til úrskurðar. Nefndina skipa tveir fulltrúar Stéttarsambands bænda, tveir fulltrúar Búnaðarfélags Íslands og formaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd heimilda er felast í þessari grein, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins og fulltrúafundar Stéttarsambands bænda.

3. Við 3. gr. Greinin falli niður.

4. Aftan við frv. komi ný grein, sem verði 2. gr. og orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

5. Aftan við frv. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:
Fram til þess tíma, er tekist hefur að afla nauðsynlegra gagna, er heimilt að gjald skv. b-lið verði lagt á allt kjarnfóður, en endurgreiðist síðan eftir ákvæðum b-liðar.

Ed. 511. Frumvarp til laga [230. mál]

um stjórn efnahagsmála o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 453 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Meginmarkmið stefnunnar í efnahagsmálum eru að tryggja næga og stöðuga atvinnu, að halda verðhækkunum í skefjum, að stuðla að jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og greiða fyrir félagslegum og efnahagslegum framförum og bættum lífskjörum alls almennings.

Ráðstafanir stjórnvalda í efnahagsmálum og fjármálum skulu jafnan við það miðaðar, að stefnt sé að framangreindum markmiðum á þann hátt, að þeirra á milli sé hæfilegt jafnvægi og fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar sé ekki teflt í tvísýnu.

6. gr. hljóðar svo:

Frumvarp til fjárlaga skal samið með tilliti til þjóðhagsáætlunar, sem kveðið er á um í 2. gr. þessara laga. Skulu áætlanir um tekjur og gjöld í fjárlagafrumvarpi gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun sbr. 2. gr. og þær spár, sem eru hluti hennar, þar á meðal um breytingar verðlags og launa. Á sama hátt skulu þjóðhagsforsendur fjárlaga miðast við endurskoðaða þjóðhagsáætlun fyrir fjárhagsárið, sem í hönd fer, eins og hún liggur fyrir við afgreiðslu fjárlaga.

7. gr. hljóðar svo:

Með fjárlagafrumvarpi ár hvert skal leggja fram áætlun, er lýsi í aðalatriðum meginstefnu í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs, sem fjárlagafrumvarpið tekur til.

Með áætlun þessari skal sýna meðal annars:

1. Meginstefnu í ríkisfjármálum og þróun ríkisbúskaparins.
2. Samræmi milli stefnunnar í ríkisfjármálum og í efnahags- og atvinnumálum.
3. Stefnumótun um öflun tekna og skiptingu gjalda ríkisins.
4. Stefnumótun um framlög á fjárlögum til fjárfestingar ríkis, fjárfestingarsjóða, sveitarfélaga og einkaaðila.

10. gr. hljóðar svo:

Ráðuneyti skulu eigi síðar en 1. maí 1979 gera tillögur til fjárlaga- og hagsýslustofnunar um lækkun ríkisútgjalda á árinu 1979 um 1000 milljónir króna frá þeirri fjárhæð, sem fjárlög kveða á um, sbr. heimild í lið XLIII í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1979. Skal fjárlaga- og hagsýslustofnun síðan skila samræmdum tillögum um lækkunina til ríkisstjórnarinnar fyrir 15. maí 1979.

13. gr. hljóðar svo:

Fjárlaga- og hagsýslustofnun skal annast hagsýslustarfsemi fyrir ríkisbúskapinn í því skyni að auka á hagkvæmni og ráðdeild í ríkisbúskapnum og í meðferð opinberra fjármuna.

Meðal þess háttar verkefna fjárlaga- og hagsýslustofnunar skulu vera, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð:

1. Mat á fyrirhuguðum ríkisframkvæmdum með tilliti til arðsemi, kostnaðar, nytja og þjóðfélagslegs gildis.
2. Kostnaðarmat á tillögum frumvarpa sem hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Skal slíkt mat liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar, enda sé því skilað til þingnefndar á tilskildum tíma.

3. Athuganir á hagkvæmni í rekstri ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja í því skyni að bæta rekstur og draga úr útgjöldum.
4. Athuganir á hagræðingu í starfsemi ríkisstofnana og fyrirtækja og í samskiptum einstaklinga og fyrirtækja við ríkið.

Þessi verkefni sín skal fjárlaga- og hagsýslustofnun leysa í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og fjárveitinganefnd.

16. gr. hljóðar svo:

Með skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir skal lagt fram frumvarp um heimildir til lántöku innanlands og utan, ábyrgðarheimildir og aðrar nauðsynlegar fjáröflunarráðstafanir vegna opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða að því marki, sem slík ákvæði eru ekki í frumvarpi til fjárlaga. Lántökuheimildir eða ábyrgðarheimildir, sem veittar eru vegna opinberra framkvæmda eða fjárfestingarlánasjóða í lánsfjárlögum þessum, skulu skoðast sem hámarksákvæði á því fjárlagaári, sem þær eiga við.

Skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir skal og fylgja rammaáætlun um erlendar lántökuheimildir einkaaðila, sem langlánanefnd skal framfylgja sem hámarksáætlun.

31.—67. gr. og ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

Í stað 2. tl. 5. mgr. 11. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, komi eftirfarandi:

Enn fremur skulu innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. gr., eiga fé á bundnum reikningi í Seðlabankanum sem svarar tilteknum hundraðshluta af innstæðufé viðkomandi stofnunar. Innstæðubindingin má hæst nema 28% af heildarinnstæðufé hjá hverri stofnun.

Seðlabankinn getur ákveðið, að tiltekinn hluti innlánsaukningar skuli bundinn á reikningi hjá honum, enda fari heildarinnstæða, sem viðkomandi stofnun sé skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki, sem sett er í 2. málsgrein.

Seðlabankinn setur nánari reglur um framkvæmd innlánsbindingar samkvæmt 2. og 3. málsgrein, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, en bindiskyldan skal vera hin sama fyrir allar stofnanir.

32. gr.

Við 18. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands bætist ný málsgrein á þessa leið:

Ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skulu miðast við að halda sem stöðugustu gengi og að ná settu markmiði um viðskiptajöfnuð en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisgreina.

33. gr.

Við 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands skal bæta eftirfarandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Vaxtaákvarðanir á árunum 1979 og 1980 skulu við það miðaðar, að fyrir árslok 1980 verði í áföngum komið á verðtryggingu sparifjár og inn- og útlána, sbr. VII. kafla þessara laga um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Meginreglan verði sú, að höfuðstóll skuldar breytist með verðlagsþróun en jafnframt verði nafnvextir lækkaðir. Afborganir og vextir reiknist af verðbættum höfuðstól. Verðtrygging verði reiknuð í hlutfalli við verðbreytingar. Samhliða verðtryggingu verði lánstími almennt lengdur og skal setja um þetta efni almennar reglur, þar á meðal um heimildir til skuldabréfaskipta af þessu tilefni.

VII. KAFLI
Um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

34. gr.

Stefna skal að því að verðtryggja sparifé landsmanna og almannasjóða. Í því skyni er heimilt, eins og nánar greinir í þessum kafla, að mynda sparifjárreikninga og stofna til lánsviðskipta í íslenskum krónum eða öðrum verðmæli með ákvæðum þess efnis, að greiðslur, þar með taldir vextir, skuli breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða gengi erlends gjaldeyris, sbr. 39. gr.

35. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda um skriflegar skuldbindingar, þar sem skuldari lofar að greiða peninga, hvort sem um er að ræða lánað fé, endurgjald eða eftirstöðvar endurgjalds fyrir verðmæti, sem hafa verið seld eða afhent.

36. gr.

Seðlabanki Íslands skal hafa umsjón með framkvæmd ákvæða þessa kafla. Hann veitir heimildir til verðtryggingar, nema hún sé heimiluð sérstaklega í lögum.

Reglur um verðtryggingu skulu einkum við það miðaðar að tryggja allt sparifé, sem bundið er til þriggja mánaða eða lengur, gegn verðrýrnun af völdum verðhækkana.

37. gr.

Seðlabankinn gefur út, hvaða reglur skuli gilda um rekstrar- og afurðalán atvinnuveganna að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

38. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til þeirra skuldbindinga, sem innlendir aðilar taka á sig gagnvart aðilum búsettum erlendis, að öðru leyti en því, er kveðið er á um í þessari og 39. gr.

Heimilt er þeim, sem endurlánar erlent lánsfé, að áskilja, að hið innlenda lán ásamt vöxtum endurgreiðist miðað við sama gengi og gildir um endurgreiðslu hins erlenda láns.

Sé hið erlenda lánsfé, sem þannig hefur verið endurlánað innanlands, endurgreitt fyrr eða á styttri tíma en innlenda lánið, er óheimilt að innheimta hið síðara eða vexti af því, miðað við hærra gengi en gilti, þegar erlenda lánið var greitt.

39. gr.

Það eru skilyrði verðtryggingar samkvæmt lögum þessum:

1) að verðtryggðir sparifjárreikningar, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráðar á nafn;
2) að við endurlán verðtryggðra peningalána standist verðtryggingarákvæði í aðalatriðum á í báðum samningum;
3) að Seðlabankinn ákveði vexti og dráttarvexti af verðtryggðum skuldbindingum skv. 13. gr. laga nr. 10/1961;
4) að grundvöllur verðtryggingar sé sem hér segir:
   a) miðað sé við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma;
   b) miðað sé við gengi erlends gjaldeyris þar sem slíkt er heimilt samkvæmt lögum eða reglugerð.

Seðlabankinn skal birta vísitölur, sem heimilt er að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við, ásamt vaxtakjörum.

Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um endurlán erlends lánsfjár samkvæmt 38. gr.

40. gr.

Bönkum og öðrum innlánsstofnunum er heimilt að taka á móti sparifé og öðrum innistæðum gegn verðtryggingu og lána út samsvarandi fé, auk jafnvirðis eigin fjár með verðtryggingu, í samræmi við ákvæði þessa kafla.

Heimilt er að ákveða verðtryggingu í því formi, að sérstakur verðbótaþáttur vaxta, sem sé tengdur verðlagsbreytingum með formlegum hætti, leggist við höfuðstól láns eða sé hluti forvaxta.

Ákvarðanir samkvæmt þessari grein ber að tilkynna opinberlega á sama hátt og vaxtaákvarðanir, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961.

41. gr.

Ákvæði 40. gr., um verðtryggingarkjör við banka og aðrar innlánsstofnanir, gilda einnig í sambærilegum viðskiptum utan banka og innlánsstofnana á grundvelli auglýsinga Seðlabankans þar um, sbr. 39. og 40. gr.

Önnur verðtryggð viðskipti utan banka og innlánsstofnana fara eftir þeim reglum, sem Seðlabankinn setur, skv. ákvæðum þessa kafla.

42. gr.

Opinberir fjárfestingarlánasjóðir hafa heimild til að veita verðtryggð lán af eigin fé sínu og endurlána verðtryggt fé. Lánskjör slíkra lána eru ákveðin á þann hátt, sem greinir í 11. gr laga nr. 13/1975.

Öðrum fjárfestingarlánasjóðum er og heimilt að veita verðtryggð lán af eigin fé sínu og endurlána verðtryggt fé. Lánskjör slíkra lána skulu vera í samræmi við reglur samkvæmt 2. mgr. 41. gr.

43. gr.

Viðurkenndum lífeyrissjóðum skal heimilt að ávaxta sjóði sína í verðtryggðum lánum, tryggðum með veði í íbúðarhúsum og með hliðstæðum vaxta- og verðtryggingarkjörum og gilda um íbúðalán Húsnæðismálastofnunar ríkisins við Veðdeild Landsbankans á hverjum tíma. Kjör annarra verðtryggðra lán lífeyrissjóða skulu vera í samræmi við reglur er Seðlabankinn setur, sbr. 2. mgr. 41. gr.

44. gr.

Rísi ágreiningur um grundvöll og/eða útreikning verðtryggingar, getur hver málsaðili vísað honum til þriggja manna nefndar, en hún fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Verði gerð breyting á grundvelli einhverrar vísitölu, sem leyfð hefur verið í verðtryggðum samningum, skal nefndin fella úrskurð um það, hvernig umreikna skuli milli hinna tveggja vísitölugrundvalla. Hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar, en auk hans tilnefnir Hæstiréttur mann í nefndina og Seðlabankinn annan.

45. gr.

Við skráningu verðtryggðra skuldbindinga með ákvæðum um verðtryggingu hjá hlutaðeigandi embættismönnum, er þinglýsingar annast, skal þess gætt, að verðtryggingar sé getið í veðmálaskrám og að þær komi fram á veðbókarvottorðum.

46. gr.

Eftirtalin lagaákvæði um vaxtakjör og verðtryggingarákvæði í lánssamningum skulu halda gildi sínu eftir að þessi lög taka gildi:

Lög nr. 68/1967, 6. gr., um Iðnlánasjóð.
Lög nr. 9/1970, 3. liður fylgiskjals um Iðnþróunarsjóð.
Lög nr. 97/1976, 22. gr. um Framkvæmdastofnun ríkisins.
Lög nr. 44/1976, 16. gr., um Fiskveiðasjóð Íslands.
Lög nr. 60/1976, 3. og 4. mgr. 31. gr., um skipulag ferðamála.

Lög nr. 10/1964, 3. gr., um Seðlabanka Íslands.
Lög nr. 59/1964, 2. gr. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán með áorðnum breytingum í lögum nr. 23/1965. Hið sama gildir um hliðstæðar yngri heimildir ríkissjóðs til útgáfu og sölu spariskírteina og happdrættislána ríkissjóðs, skv. fjárlögum eða öðrum lögum, sbr. lög nr. 7/1974.
Lög nr. 30/1970, 5. og 10. gr., um Húsnæðismálastofnun ríkisins.
Lög nr. 13/1975, 11. gr., um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl.
Lög nr. 114/1978 um breyting á lögum nr. 10 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands, sbr. 3. gr. laga nr. 10 13. maí 1964.

47. gr.

Með gildistöku ákvæða þessa kafla falla úr gildi lög nr. 71 frá 6. maí 1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga svo og önnur ákvæði í lögum, sem fara í bága við ákvæði þessa kafla. Þegar áunnin réttindi og skyldur skv. fyrri lögum skulu þó halda gildi sínu.

VIII. KAFLI
Um verðbætur á laun.

48. gr.

Greiða skal verðbætur á laun hinn 1. júní 1979 og síðan á þriggja mánaða fresti miðað við breytingar sérstakrar verðbótavísitölu, sem Kauplagsnefnd reiknar (með tveimur aukastöfum) á sama tíma og vísitölu framfærslukostnaðar.

49. gr.

Verðbótavísitala reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar og hefur grunntöluna 100 miðað við febrúarvísitölu 1979.

50. gr.

Við útreikning verðbótavísitölu samkvæmt 49. gr. skal draga frá framfærslu vísitölu þá hækkun hennar eða lækkun, er leiðir af eftirtöldum breytingum milli útreikningsdaga verðbótavísitölu:

1. Breytingar búvöruverðs, er leitt hefur af breytingum á vinnulið verðlagsgrundvallar búvöru og stafa af launahækkun á almennum vinnumarkaði. Gildir þetta eins, þótt slík verðhækkun komi ekki fram í útsöluverði, sökum þess að hún hefur verið jöfnuð með niðurgreiðslu úr ríkissjóði að einhverju eða öllu leyti.
2. Breytingar á sköttum eða gjöldum eða álagning sérstakra skatta í því skyni að afla fjár til þess að draga úr áhrifum hækkunar olíuverðs á árunum 1979 og 1980 á framfærslukostnað þeirra heimila, sem hita hús sín með olíu. Verði fé varið úr ríkissjóði umfram áætlun fjárlaga 1979 til þessara þarfa án þess að skattar eða gjöld séu hækkuð af þeim sökum, eða á lagður sérstakur skattur, Skal einnig draga jafngildi slíkrar fjárveitingar frá hækkun framfærsluvísitölu við útreikning verðbótavísitölu. Kauplagsnefnd skal meta þennan frádráttarlið sérstaklega hverju sinni, í fyrsta sinn við útreikning verðbótavísitölu frá 1. júní 1979.
3. Breytingar á áfengis- og tóbaksverði.

Leiðréttingar samkvæmt þessari grein eru gerðar sérstaklega hverju sinni og safnast ekki upp sem sérstakur vísitöluliður.

51. gr.

Rýrni viðskiptakjör þjóðarbúsins á gildistíma þessara laga frá viðskiptakjarastigi ársins 1978 þannig, að innflutningsverð hækki umfram útflutningverð, skal draga frá hækkun verðbótavísitölu 30% þeirrar hlutfallstölu, sem viðskiptakjararýrnuninni nemur. Við mat á viðskiptakjaraviðmiðun verðbóta frá 1. júní 1979 skal byggt á viðskiptakjaravísitölu Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar fyrir fyrsta ársfjórðung 1979 að tveimur þriðju, en að einum þriðja á mati á viðskiptakjörum á grundvelli dagverðs á helstu útflutnings- og innflutningsvörum eftir miðjan apríl 1979 Hliðstæð tímaviðmiðun skal gilda fyrir viðskiptakjaramat við síðari verðbótaútreikning.

Á sama hátt og í 1. málsgrein segir, skal viðskiptakjarabati koma til hækkunar verðbótavísitölu og verðbótaútreikning. Ekki skal taka tillit til breytinga á viðskiptakjörum samkvæmt þessari grein, nema breytingin nemi 1% eða meira milli útreikningsdaga verðbótavísitölunnar.

52. gr.

Kauplagsnefnd setur nánari reglur um framkvæmd 48.—51. gr. þessara laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Verðbætur samkvæmt ákvæðum 48.—51. gr. greiðast á grunnkaup sem svo er ákveðið: Greitt kaup í mars 1979, þ. e. grunnlaun, verðbætur og verðbótaauki samkvæmt þágildandi samningum og lögum, telst grunnkaup við upphaf gildistíma þessara laga. Grunnkaup þetta skal haldast óbreytt þar til um annað hefur verið samið. Ákvæði þessara laga breyta í engu rétti til að gerðir séu nýir kjarasamningar, jafnt um grunnlaun sem verðlagsbætur á laun.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 51. greinar skal frádráttur frá verðbótavísitölu hinn 1. júní 1979 vegna rýrnandi viðskiptakjara hæst nema 2% af verðbótavísitölu þann dag. Það, sem umfram 2% frádrátt kann að reynast, skal tekið til greina þegar reiknuð verður verðbótavísitala frá 1. september 1979.

Þó skal frádráttur frá hækkun verðbóta skv. ákvæðum 50. gr. ekki breyta rétti til verðbóta hinn 1. júní 1979 á laun, sem lægri eru en 210 000 krónur á mánuði fyrir fulla dagvinnu, sbr. 1. mgr. þessara ákvæða til bráðabirgða. Hinn 1. september 1979 skal breyting verðbóta frá 1. júní vegna viðskiptakjaraáhrifa vera hin sama fyrir þessi laun og aðra launataxta. Hinn 1. desember 1979 skal síðan gilda sama vísitala við ákvörðun verðbóta á öll laun eins og hún verður ákveðin skv. 48. til 51. gr. þessara laga. Kveða skal nánar á með reglugerð um framkvæmd þessara ákvæða, þar með hvað telja skuli laun fyrir fulla dagvinnu og hvernig tryggja skuli, að ákvæði þessi valdi ekki óeðlilegri röskun milli launataxta, og má í því skyni setja reglur um það, hvernig fara skuli með verðbætur á laun sem eru allt að 220 000 krónum á mánuði, sbr. hér að framan.

Þess skal gætt, þegar metin er hæð kauptaxta fyrir fulla dagvinnu, að jafnan sé miðað við endanlegan kauptaxta að meðtöldum hvers konar álögum, þó ekki erfiðis- og óþrifaálagi. Sama skal gilda um kauptaxta, sem ákveðnir eru sem hlutfall af öðrum kauptaxta, að miða skal við hinn endanlega taxta, en ekki grunninn, sem hann er á reistur. Með taxta skal telja hvers konar álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíræðum þætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna. Með taxta skal einnig telja vaktaálag að því leyti sem það kann að vera hærra en svarar til eftirvinnu-, næturvinnu- og helgidagaálags.

Þegar metin er hæð mánaðarlauna fyrir fulla dagvinnu skv. ákvæðisvinnutöxtum til ákvörðunar verðbóta skv. þessu ákvæði, skal m. a. taka tillit til þess vinnuálags, sem fylgja kann ákvæðisvinnu, og fyrirliggjandi upplýsinga Kjararannsóknarnefndar um tekjur ákvæðisvinnufólks.

III.

Þá skulu elli- og örorkulaun og aðrar hliðstæðar tryggingabætur njóta sömu meðferðar og laun undir 210 000 markinu og frá sama tíma.

IX. KAFLI
Um vinnumarkaðsmál.

53. gr.

Setja skal á fót sérstaka vinnumálaskrifstofu innan félagsmálaráðuneytisins. Verkefni sín skal vinnumálaskrifstofan leysa í samráði og samvinnu við samtök launafólks og vinnuveitenda, eftir því sem kostur er.

54. gr.

Verkefni vinnumálaskrifstofunnar skal meðal annars vera:

1. Að afla og koma á framfæri upplýsingum um atvinnutækifæri á landinu öllu og samræma það starf að vinnumiðlun, sem nú fer fram á vegum sveitarfélaganna.
2. Að beita sér fyrir ráðstöfunum í því skyni að greiða fyrir tilfærslum starfsmanna milli atvinnugreina og landshluta og jafnframt veita öryrkjum og unglingum aðstoð við að finna vinnu við hæfi eftir því sem kostur er.
3. Að bæta og samræma upplýsingasöfnun um atvinnuleysi og birta mánaðarlegar skýrslur um skráð atvinnuleysi á landinu öllu.
4. Að kanna ástand og horfur í atvinnumálum og birta niðurstöður sínar ársfjórðungslega.
5. Að gera tillögur um úrbætur í atvinnumálum.

55. gr.

Atvinnurekendum er skylt að tilkynna vinnumálaskrifstofunni og viðkomandi verkalýðsfélagi með tveggja mánaða fyrirvara ráðgerðan samdrátt eða aðrar þær varanlegar breytingar í rekstri, er leiða til uppsagnar 4 starfsmanna eða fleiri.

56. gr.

Nánar skal kveðið á um verkefni vinnumálaskrifstofunnar og starfsháttu í reglugerð, er félagsmálaráðherra setur.

X. KAFLI
Um verðlagsmál.

57. gr.

Skrifstofa verðlagsstjóra (Verðlagsstofnun) skal í því skyni að örva verðskyn neytenda efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun rannsaka verð og álagningarhætti á einstökum vörum og vöruflokkum og birta greinargerðir og fréttatilkynningar þar um. Í þessu efni skal taka upp samstarf við samtök neytenda og launafólks, m. a. um eftirlit og skýrslugjöf.

58. gr.

Skrifstofa verðlagsstjóra (Verðlagsstofnun) skal gera reglulega athuganir á innflutningsvöruverði og bera það saman við verð í öðrum löndum eftir því sem kostur er og birta niðurstöður slíkra athugana almenningi.

59. gr.

8. gr. laga nr. 56 1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti orðist svo:

Þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra verðlagningu, sem í gildi eru þegar lög þessi koma til framkvæmda, skulu gilda áfram. Þegar samkeppni er nægjanleg getur verðlagsráð að fengnu samþykki ríkisstjórnar vikið frá þessum reglum og meðal annars heimilað að fella einstaka flokka vöru og þjónustu undan verðlagsákvæðum. Hafi slík heimild verið veitt, getur verðlagsstofnun engu að síður skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir. Verðlagsráð getur við sérstakar aðstæður einnig ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki sem um getur í 1. gr.:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir ákveðnum reglum.
3. Verðstöðvun allt að 6 mánuði í senn.
4. Aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör, sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.

60. gr.

12. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti orðist svo:

Verðákvarðanir samkvæmt 8. gr. skulu miðaðar við afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu.

XI. KAFLI
Um jöfnunarsjóði sjávarútvegsins.

61. gr.

9. gr. laga nr. 72 28. maí 1969 með áorðnum breytingum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins orðist svo:

Fyrir upphaf hvers árs eða framleiðslutímabils skal sjóðsstjórnin að fenginni staðfestingu sjávarútvegsráðherra ákveða verðgrundvöll þann, sem miða skal við verðhækkun samkv. 7. gr. eða verðlækkun samkv. 8. gr. Skal hún þá einkum hafa hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarinna ára, svo og af mati á markaðs- og aflahorfum fyrir næstu ár, meðal annars með tilliti til þess, hvernig þær hafi verið metnar af Verðlagsráði sjávarútvegsins, þó þannig, að tekið sé tillit til sérstakra ástæðna, svo sem óeðlilegra breytinga á erlendum mörkuðum, gengisbreytinga og annarra hliðstæðra atvika. Við ákvarðanir sínar skal sjóðsstjórnin einnig líta til afkomu viðkomandi sjávarútvegsgreina eftir því sem það getur samrýmst tilgangi sjóðsins og raunverulegri verðjöfnun.

62. gr.

2. gr. laga nr. 80 16. september 1971 með áorðnum breytingum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins orðist svo:

Hlutverk sjóðsins er að bæta aflahluti skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum, eða þegar brýna nauðsyn ber til að draga úr sókn til verndar mikilvægum nytjafiskstofnum á Íslandsmiðum.

63. gr.

Í 1. málsgrein 4. gr. laga nr. 80 16. september 1971 með áorðnum breytingum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins bætist nýr töluliður og málsgrein á eftir 4. tölulið á þessa leið:

5. Við ákvörðun meðalveiðimagns, sem bætur miðast við, er heimilt að taka sérstakt tillit til sóknartakmarkana, sem stjórnvöld ákveða, og til langvarandi afla-

leysis á einstökum svæðum vegna breytinga á fiskgengd og veiðisókn við landið, þannig að meðalveiðimagn miðist við aflabrögð, þegar sókn og ástand fiskstofna er með eðlilegum hætti. Leita skal álits Hafrannsóknastofnunar um þetta atriði.

Verði ágreiningur um einstök atriði reglugerðarinnar sker sjávarútvegsráðherra úr.

64. gr.

Á árinu 1979 verði lög um Aflatryggingasjóð tekin til gagngerrar endurskoðunar með það fyrir augum, að sjóðurinn gegni því hlutverki sínu að jafna aflasveiflur sem best við þær aðstæður, sem nú eru, m. a. vegna takmarkana á sókn í mikilvæga fiskstofna. Í þessu sambandi verði m. a. heimilað að beita fjármagni sjóðsins til þess að bæta upp verð á þeim tegundum, sem vannýttar kunna að vera, og leggja í því skyni sérstakt gjald á afla af þeim tegundum, sem taldar eru ofnýttar.

XII. KAFLI

Reglugerðarheimild, gildistaka o. fl.

65. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd I., II., V. og VIII. kafal og almenna framkvæmd laga þessara.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd III. og IV. kafla.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd VI., VII. og X. kafla.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd IX. kafla.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd XI. kafla.

66. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

67. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 512. Frumvarp til laga [251. mál]

um breyting á lögum nr. 68 10. okt. 1967 um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi þrjár nýjar greinar:

Í stað 9. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Stofna skal í Iðnlánasjóði lánadeild iðngarða, er hafi þann tilgang að lána stofnlán til sveitarfélaga, félagasamtaka og einstaklinga, sem reisa iðnaðarmannvirki í því skyni að efla íslenskan iðnað eða skapa með öðrum hætti starfsaðstöðu til handa iðnfyrirtækjum, sem greiða iðnlánasjóðsgjald skv. 5. grein, enda öðlist þau á fullnægjandi hátt að mati stjórnar Iðnlánasjóðs leigu- og/eða kauprétt að þeirri aðstöðu eða mannvirki, sem lánað er til.

Í stað 10. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:
Tekjur lánadeildar iðngarða eru:

1. Framlög, er veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt.
2. Á fyrstu fjórum starfsárum lánadeildarinnar renni allt að 250 milljónum króna á ári af umráðafé Iðnlánasjóðs til deildarinnar.
3. Andvirði sérstakra lána, sem stjórn Iðnlánasjóðs, að fengu samþykki iðnaðar ráðherra, aflar til deildarinnar, sbr. 6. grein.
4. Vextir og vísitöluálag.

Í stað 11. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:
Almenn lánakjör Iðnlánasjóðs skulu gilda um lán úr lánadeild Iðngarða, en að öðru leyti setur iðnaðarráðherra með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar.

2. gr.

9., 10. og 11. gr. laganna verða 12., 13. og 14. gr. og röð annarra greina breytist í samræmi við það

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Bygging iðngarða eða iðnaðarmiðstöðva hefur verið til umræðu um nokkurt skeið. Á árunum upp úr 1960 voru byggðir svokallaðir iðngarðar í Reykjavík. Þar var um að ræða staðlaðar verksmiðjubyggingar, sem byggðar voru með sameiginlegu skipulagsátaki fyrirtækja, sem hvert og eitt átti sinn hluta framkvæmdanna og ábyrgðist fjármögnun hans. Misjöfn fjárhagsgeta og fjárfestingarstefna eigenda þessara bygginga hefur þó orðið til þess, að margar þeirra eru nú komnar undir verslunarstarfsemi.

Á síðari árum hafa svo þróast hugmyndir um iðngarða, sem reistir væru fyrir opinbert frumkvæði á vegum ríkis eða sveitarfélaga og jafnvel félagasamtaka en yrðu síðan leigðir til iðnfyrirtækja með hagstæðum kjörum, sem gætu verið breytileg eftir aðstæðum, allt frá leiguundanþágu eða mjög vægri leigu til ungs og fjármagnslítils áhættufyrirtækis, og upp í fulla leigu eða leigukaupakjör fyrir gróið fyrirtæki, sem gæti borið fullan fjármagnskostnað. Mikilvægur þáttur iðngarða af þessari tegund er auk fyrrgreindra atriða stefnumótandi í þeim skilningi, að reynt yrði að koma á fót margvíslegu samstarfi og sameiginlegri þjónustu meðal fyrirtækja í hverri slíkri miðstöð og stuðlað að bættri aðbúð af hálfu sveitarfélaga til hagsbóta fyrir slík fyrirtæki. Gætu mörg smærri fyrirtæki þannig notið rekstrarhagræðis og aðbúnaðar, sem aðeins stærri fyrirtæki njóta venjulega. Hagræðið getur þannig m. a. komið fram í eftirtöldu:

1. Minnkuð fjárfestingarbyrði og fjármagnsþörf. Fyrirtæki geta einbeitt fjármunum að framleiðslubúnaði og tækjum. Þetta er ekki síst mikilvægt fyrir fyrirtæki, sem eru að fara af stað.
2. Minnkað átak við skipulagningu hjá nýstofnuðum fyrirtækjum. Sú framkvæmdaorka, sem fer í húsbyggingar, sparast, og jafnframt getur fyrirtækið strax notið hagræðis af heppilegu húsnæði.
3. Lægri rekstrarkostnaður, sem leiðir af hagkvæmum byggingum og lægri húsnæðiskostnaði.
4. Möguleikar á samstarfi um ýmsa rekstrarþætti:
   — hráefniskaup — útvegun aðflutninga
   — framleiðslusamstarf
   — sölusamstarf — afurðaflutning
   — bókhalds- og skrifstofuþjónustu og erindrekstur (bankamál, tollamál)

— matar- og kaffiaðstöðu og annan aðbúnað starfsliðs
— bætt umhverfi innanhúss og utan
— viðhaldsþjónustu
— rekstrarráðgjöf.

5. Hægt er að koma við skipulögðum aðgerðum til að efla reksturinn með fræðslu og námskeiðahaldi fyrir stjórnendur og starfslið og bæta félagslega aðstöðu þeirra, sem starfa á slíkum stöðum.

Gildi iðngarða er ekki hvað síst fyrir hinar dreifðari byggðir landsins, þar sem erfiðast er að fá þá samverkan í framleiðslu og þjónustu, sem oftast kemst auðveldlega á, og nánast af sjálfu sér í þéttbýlinu. Er því ljóst, að hér getur verið um mikilvægt byggðastefnumál að ræða. Á hinn bóginn getur þetta einnig orðið þáttur í því að styðja iðnþróun innan sömu greinar eða skyldra greina, þar sem stuðlað yrði að framleiðslusamvinnu fleiri fyrirtækja, t. d. innan málm- og skipasmíðaiðnaðarins og þeirra greina, er þjóna skipasmíðum og skipaviðgerðum. Miðstöð slíkra fyrirtækja mætti skipuleggja í tengslum við sameiginlega dráttarbraut og viðleguaðstöðu svo eitthvað sé nefnt.

Þess ber að sjálfsögðu að gæta, að með aðstöðu innan iðngarða sé fyrirtækjum, sem eiga í samkeppni í sömu grein, ekki mismunað eða stuðlað að neikvæðri samkeppni innan byggðarlaga eða á landsvísu. Iðngörðum er ætlað að stuðla að nýjum atvinnutækifærum í iðnaði með áherslu á framleiðsluiðnað, og er æskilegt að með þeim verði stuðlað að útflutningi í iðnaði eða umbótum, sem opni nýjar leiðir í iðnþróun. Þessi margþætti stefnumótandi tilgangur iðngarða, sem hér er lýst, gerir það að verkum, að vanda þarf og huga vel að eignar- og rekstrarformi þeirra og setja lög og reglur í því sambandi.

Mun verða unnið að undirbúningi lagafrumvarps um það efni á næstunni á vegum iðnaðarráðuneytisins.

Fjallað var um stefnumótandi hlutverk iðngarða í skýrslum sérfræðinga UNIDO, sem hér störfuðu á fyrri hluta þessa áratugs, og í skýrslu Iðnþróunarnefndar „Efling íslensks iðnaðar 1975—1985", var á sínum tíma bent á það hagræði, sem fyrirtæki gætu haft af samvinnu um hina ýmsu þætti framleiðslunnar og þjónustu við reksturinn. Á ráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga um sveitarstjórnir og iðnþróun, sem haldin var haustið 1977, var þessi hugmynd aftur töluvert rædd og þar lýst þeirri ágætu reynslu, sem fengist hefur af þessu fyrirkomulagi á Bretlandseyjum og í Noregi.

Í Noregi var árið 1968 stofnað fyrirtæki í ríkiseign, sem hefur það hlutverk að reisa iðngarða. Á fyrirtækið SIVA (Selskapet for industrivekstanlegg) nú 14 iðngarða, en hefur byggt 2 aðra, sem seldir hafa verið leigutökum. Alls störfuðu í þessum fyrirtækjum 2 700 manns árið 1977, og gólfflötur bygginganna var 157 500m^2. Í Bretlandi hafa margir tugir iðngarða verið reistir frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar og gegnt mikilvægu hlutverk í iðnaðar og atvinnuþróun þar í landi, ekki síst í tengslum við eflingu byggðar og efnahagslífs í Skotlandi, Wales og á Norður-Írlandi.

Í framhaldi af umræðum á þingi Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa ýmsir aðilar sýnt málinu verulegan áhuga. Meðal annars hefur Byggðadeild Framkvæmdastofnunnar tekið málið upp í tillögum sínum um iðnþróun í Rangárvallasýslu, og ýmsar sveitarstjórnir hafa leitað eftir stuðningi hins opinbera í málinu. Fyrir Alþingi liggur og þingsályktunartillaga um stuðning við þetta mál með setningu löggjafar. (100. löggjafarþing, mál 5).

Á fyrrnefndri ráðstefnu sveitarfélaganna var upplýst, að Iðnlánasjóður hefði í reynd enga möguleika á að lána bæjar- eða sveitarfélögum til slíkra bygginga, þar sem sjóðurinn veitir samkvæmt lögum forgang þeim fyrirtækjum, sem greiða eða koma til með að greiða iðnlánasjóðsgjald. Í hinum stöðuga lánsfjárskorti útilokar þetta forgangsréttarákvæði lán til sveitarfélaga.

Til að þetta ákvæði standi ekki í vegi fyrir því, að tekið verði af alvöru til við að móta hugmyndir um iðngarða af þessar tegund, og að athuganir og annar undirbúningur gæti hafist hjá þeim sveitarfélögum, sem áhuga hafa á þessu máli, hefur ríkisstjórnin ákveðið að leggja fram þetta frumvarp um breytingar á lögunum um Iðnlánasjóð. Er gert ráð fyrir að stofnuð verði sérstök deild innan sjóðsins, er gegni því hlutverki að lána til byggingar iðngarða. Getur Alþingi m. a. ákveðið þeirri deild sérstakt framlag, til að efla þennan þátt í starfi Iðnlánasjóðs og þannig haft áhrif á uppbyggingu iðnaðar í landinu. Gæti þessi deild Iðnlánasjóðs þá gegnt svipuðu hlutverki við fjármögnun undirstöðufjárfestinga í iðnaði víða um land eins og Fiskveiðasjóður hefur haft við fjármögnun skuttogarakaup og uppbyggingu hraðfrystihúsa í sjávarútvegi og fiskvinnslu. Á móti lánum Iðnlánasjóðs gæti Byggðasjóður þá með sínum framlögum haft áhrif á staðsetningu og uppbyggingarhraða í samræmi við stefnuna í byggðamálum. Mikilvægt er að náin samvinna takist um meðferð málsins hjá þessum sjóðum og samkomulag um þær reglur, sem miðað skuli við.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í þessari grein er fólgin öll sú breyting á lögunum um Iðnlánasjóð, sem stefnt er að með frumvarpi þessu. Heildarlögin um Iðnlánasjóð eru nr. 68/1967, en á þeim hafa síðan 5 sinnum verið gerðar breytingar, 1968, 1971, 1973, 1974, og 1977.

Samkvæmt 10. gr. laganna er það meginregla, að þeir aðilar, sem greiða iðnlánasjóðsgjald, skv. 5. gr. laganna, skulu að öðru jöfnu hafa forgang að lánum úr Iðnlánasjóði. Þar sem hins vegar sjóðnum hafa frá upphafi borist árlega fleiri lánshæfar umsóknir en umráðafé hans hefur gert kleift að sinna, hefur þessi lagaregla þýtt, að einungis þeir, sem greiða iðnlánasjóðsgjald, hafa fengið lán úr sjóðnum.

Með frumvarpi þessu er ekki ætlunin að hverfa frá greindri lagareglu, heldur gera á henni nauðsynlega en þó afmarkaða undantekningu.

Svo sem fyrr segir hefur Iðnlánasjóður til þessa ekki getað lánað sveitarfélögum, sem hafa haft hug á að skapa iðnaðinum í byggðarlaginu, einkum nýjum iðnfyrirtækjum, hætta aðstöðu til iðnreksturs með beinum fjárframlögum og annarri fyrirgreiðslu. Í því skyni að koma til móts við sveitarfélögin í þessum efnum er hér lagt til, að Iðnlánasjóður geti lánað þeim, þegar tilteknum skilyrðum er fullnægt, þótt þau greiði ekki iðnlánasjóðsgjald. Vegna væntanlegrar þróunar í þessum efnum, þykir rétt að binda þessa heimild ekki við sveitarfélög eingöngu, heldur láta hana ná til annarra aðila, sem á svipaðan hátt og sveitarfélögin, vilja efla og styrkja iðnþróun í sínu byggðarlagi. Þar gætu félagasamtök og einstaklingar komið til greina, svo og ríkið eða einstakar stofnanir þess.

Þessi undantekning er gerð með þeim hætti, að stofnuð er ný deild í Iðnlánasjóði með framangreint hlutverk og heimildir. Fyrir er í Iðnlánasjóði önnur deild með sérstöku hlutverki, en það er lánadeild veiðarfæraiðnaðar. Lagaákvæðin um nýja lánadeild iðngarða eru áþekk þeim ákvæðum, sem í gildi eru um lánadeild veiðarfæraiðnaðar.

Það þykir rétt að auðkenna lánadeildina með heitinu lánadeild iðngarða. Þar með er heitinu iðngarðar ætlað að vera safnheiti á þeim iðnaðarmiðstöðvum, sem upp munu rísa og kæmu undir þessi lagaákvæði, hvernig svo sem aðstoðinni við iðnfyrirtækin yrði háttað (húsakostur, vélvæðing, hagræðing o. fl.).

Samkv. greininni, er verður 9. gr., er það meginskilyrði fyrir lánveitingu til iðngarða, að þau iðnfyrirtæki, sem nytu þess að fá þar aðstöðu og fyrirgreiðslu, greiddu sjálf iðnlánasjóðsgjald eða ættu að greiða það. Ef iðngarðar, sem lánað hefði verið til, yrðu leigðir eða notaðir til annars, svo sem undir verslun, félagslega starfsemi, skrifstofur o. þ. h., yrði lánið uppsegjanlegt af hálfu Iðnlánasjóðs. Það leiðir af orðalagi þessarar greinar, að aðili, sem sækir um lán til iðngarða, geri stjórn Iðnlána-

sjóðs fullnægjand grein fyrir áformum sínum, hverjum hann ætlar að leigja eða selja, o. s. frv.

Í greininni sem verður 10. gr. er gert ráð fyrir, að á fjárlögum verði veitt fé til uppbyggingar þessarar lánadeildar eftir ákvörðun Alþingis hverju sinni, en miða þarf fjárhæðina við þróun þessara mála. Hér er verið að sameina kraftana, þ. e. samhæfa átak fleiri aðila til eflingar iðnþróunar. Ákveðið er, að 1 miljarður króna gangi beint úr Iðnlánasjóði til lánadeildarinnar sem slíkrar, og að sú yfirfærsla til uppbyggingar taki 4 ár, 250 m. kr. á ári. Vextir og verðtrygging mundu að sjálfsögðu koma sem tekjur fyrir deildina. Annað umráðafé hennar eru svo afborganir lána og andvirði sérstakra lána, sem stjórn Iðnlánasjóðs tæki fyrir deildina, að fengnu leyfi iðnaðarráðherra.

Samkvæmt greininni, er verður 11. gr. setur iðnaðarráðherra reglugerð um starfsemi deildarinnar á þeim lagagrundvelli, sem hér er lagður. Með þeim hætti er hægt að búa þessum málum öruggan farveg á stjórnarfarslegan hátt, eftir því, sem þróun hugmynda um iðngarða fleygir fram, og starfshættir lánadeildarinnar þróast. Í þessari grein er gengið út frá því, að sömu lánskjör gilda um lán til iðngarða og gilda um önnur lán úr Iðnlánasjóði."

Um 2. og 3. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 513. Breytingartillaga [230. mál]

við frv. til l. um stjórn efnahagsmála o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við ákvæði til bráðabirgða á eftir 51. gr. Aftan við næstsíðasta málslið I. ákvæðis (sem hefst á orðunum „Verðbætur samkvæmt" og lýkur á orðunum „verðlagsbætur á laun") bætist: Að því er varðar félagsmenn í BSRB og BHM fer þó eftir samkomulagi því, sem gert hefur verið við fjármálaráðuneytið.

Sþ. 514. Tillaga til þingsályktunar [252. mál]

um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Gunnar Már Kristófersson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta framkvæma nákvæmar kannanir á launakjörum og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu, sem mættu verða grunnur að sanngjarnari tekjuskiptingu og hagkvæmara launafyrirkomulagi. Kannanirnar skulu sérstaklega miðast við að gera grein fyrir hvort vissir hópar hafi ekki öðlast þá hlutdeild bætt þjóðarhags, sem almennt geti talist réttmæt, og skulu þannig unnar að á grundvelli þeirra megi ákveða hvaða aðferðum hægt sé að beita til að auka laun og tekjur þeirra einstaklinga eða hópa sem verst eru settir.

Kannanirnar skulu sérstaklega miða að því að upplýsa, meta og undirbyggja eftirtalda þætti:

1. Að fyrir liggi á einum stað, þar sem tölfræðileg tölvuúrvinnsla er möguleg, allar upplýsingar um lífskjör og kjaramál er máli skipta og nauðsynlegar eru til tölfræðilegrar greiningar hverju sinni og seinni liðir ályktunarinnar fjalla um.

2. Að framkvæma tölfræðilegan samanburð á hvers konar kjaraatriðum — hvaða formi sem þau eru látin í té — innan og milli starfsgreina, fyrirtækja, stofnana, verkalýðsfélaga, atvinnuvega eða byggðarlaga.
3. Að rannsaka forsendur flokkaskipunar og annarra kjaraatriða hinna margvíslegu kjarasamninga, þ. e. a. s. meta vægi hinna ýmsu eðlisþátta vinnunnar eða annarra áhrifaþátta með vinnurannsóknum, t. d. a) ábyrgðar, b) áhættu, c) hæfni, d) lífaldurs, e) prófa, f) starfsaldurs, g) starfsreynslu, h) streitu, i) óþrifnaðar, j) viðhorfa, k) þekkingar o. fl. þátta sem að gagni mættu koma.
4. Að upplýsa hlutfall hinna ýmsu launakerfa í launakjörum almennt þannig að hægt sé að sjá hvaða þáttur launakjara sé mest ákvarðandi um launakjör hverrar starfsstéttar, svo sem dagvinnutaxtar, yfirvinnutaxtar, afkastahvetjandi launataxtar, yfirborganir og aðrar duldar greiðslur eða kjaraþættir.
5. Að upplýsa hvernig aldurs- og kynskipting sé eftir launatöxtum, yfirborgunum og starfsgreinum.
6. Að rannsaka hvort og hvers vegna sumir hópar eru verr í stakk búnir til að ná fram bættum lífskjörum í gegnum almenna kjarasamninga, og á sama hátt að rannsaka hvers vegna öðrum hópum hefur tekist að ná mun betri kjörum en almennt þekkist í landinu.
7. Að meta heilsufræðileg, félagsleg og hagfræðileg áhrif hinna mismunandi launakerfa og vinnuaðstæðna.
8. Að athuga hvort víðar sé hægt að koma við að skaðlausu afkastahvetjandi launakerfum, t. d. hjá hinu opinbera.
9. Að leita skýringa, ef um marktækan mismun er að ræða milli launakjara einstakra byggðarlaga, atvinnuvega, verkalýðsfélaga, starfsgreina eða ólíkra rekstrarforma í atvinnurekstri.
10. Að kanna hvort brögð séu á því að launamisrétti sé falið í stöðuheitum.
11. Að athuga hvort uppbygging launataxta og annarra launakjara kalli fram mismun í kjörum karla og kvenna, t. d. vegna aðildar að mismunandi verkalýðsfélögum.
12. Að kanna hvaða áhrif skert starfsgeta eða starfsþrek hefur í reynd á eðlilega tekjuskiptingu í þjóðfélaginu — og í hve ríkum mæli hún er ákvarðandi um lífskjör — þegar önnur atriði eru sambærileg.
13. Að rannsaka og upplýsa með hvaða hætti atvinnureksturinn í landinu notar hina ýmsu launaliði til að réttlæta verðhækkunarbeiðnir sínar fyrir verðlagsnefnd.
14. Að kanna hvaða möguleikar felast í tekjutilfærslukerfum ríkisins, t. d. skatta- og almannatryggingakerfinu, til að jafna tekjuskiptingu og stuðla að aukinni hlutdeild láglaunafólks, lífeyrisþega og annarra minnihlutahópa í vaxandi þjóðartekjum.
15. Að athuga á grundvelli þessara upplýsinga hvort ekki sé hægt í samráði við aðila vinnumarkaðarins að samræma og einfalda hinn mikla frumskóg kjaraákvæða og launataxta er nú gilda í landinu.

Niðurstöður ofangreindra kannanna skal jafnan leggja fyrir Alþingi, þegar þær liggja fyrir.

Greinargerð.

Mikill meiri hluti efnahagslegra ákvarðana, sem teknar eru á Alþingi og í ríkisstjórn, miða að því að bæta kjör þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu. — Slík vinnubrögð eru og í fullu samræmi við álit stórs hluta þjóðarinnar um framkvæmd á grundvallarhugmyndum um þjóðfélagslegt réttlæti.

Næg atvinna síðustu áratuga hefur útrýmt almennri fátækt. Stefnan í menntamálum hefur og valdið því, að alþýðufólk hefur með aukinni menntun náð fram aukinni verðmætasköpun og þannig aukið tekjur sínar og þjóðarinnar. — Þá má og

nefna breytingar sem gerðar hafa verið í skatta-, almannatrygginga- og félagsmálum sem hafa haft áhrif í þá veru að bæta stöðu vissra hópa í þjóðfélaginu, svo sem barnafjölskyldna, aldraðra og öryrkja.

Margt er þó sem bendir til þess að ekki sé nóg að gert, og enn má finna hópa í þjóðfélaginu sem bæði hafa lág laun og litlar tekjur.

Hið opinbera getur bætt hér úr með aðgerðum á sviði skatta-, félags- og atvinnumála, en til þess að slíkt verði gert á sem árangursríkastan hátt þarf að liggja fyrir hver vandinn er og hvers eðlis. — Þá er ekki síður mikilvægt í þessu sambandi að um það hefur ekki verið eining á vinnumarkaðinum hverjir teljast skuli til láglaunahópa og hverjir til lágtekjuhópa. Auðvitað verður ekki úr því skorið í rannsókn sem þessari, en hins vegar ætti með slíkri rannsókn að skapast grundvöllur til raunhæfari umræðna og ákvarðana en nú á sér stað.

Markmið þessa tillöguflutnings er margþætt og afrakstur hennar, ef samþykkt og framkvæmd yrði, margnýtilegur á fjölmörgum sviðum þjóðlífsins. — Þó hér virðist við fyrstu sýn um ærið yfirgripsmikil, torleyst og umdeilanleg atriði að ræða, þá er þekking á þeim alger forsenda fyrir því, að efnahags- og kjaramálum verði stjórnað af einhverri skynsemi og sanngirni með einhverjum árangri og án alvarlegra árekstra.

Það er engum blöðum um það að fletta, að kaup og kjör eru höfuðdeilumál sérhvers iðnvædds samfélags og sanngjörn uppbygging og þróun kjaramála forsenda réttmætrar skiptingar og hlutdeildar þjóðfélagsþegnanna í bættum þjóðarhag, auk þess sem slíkt tryggir vinnufrið, vaxandi atvinnuuppbyggingu í þjóðfélaginu og heilbrigt efnahagslíf.

Oft skortir líka í öllum umræðum um kjaramál alla sanngirni og þekkingu, vegna þess að staðreyndir hafa ekki legið fyrir til að draga réttmætar og sanngjarnar ályktanir af þróun þessara mála undanfarna áratugi.

Slíkar kannanir og rannsóknir sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir hafa að einhverju leyti verið framkvæmdar, en í of litlum og sundurlausum mæli til að á þeim megi byggja. — Slík yfirgripsmikil könnun og rannsókn sem tillagan gerir ráð fyrir er varla á færi aðila vinnumarkaðarins að framkvæma. Liggur því næst við að ætla að hún verði framkvæmd á vegum stjórnvalda og á þeirri forsendu er tillaga þessi flutt. Einnig má benda á að í frumvarpi forsætisráðherra, í kaflanum um samráð stjórnvalda við samtök launafólks á sviði efnahagsmála, segir í 5. gr., að verkefni samráðs þessa skuli m. a. vera að fjalla um atriði sem horfa til framfara á sviði atvinnu-, verðlags-, kjara- og launamála og efnahagsmála almennt. — Má því ætla að slíkar upplýsingar hljóti að verða mjög hagnýtar og ómetanlegar við ýmsa sameiginlega ákvarðanatöku bæði hjá stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins.

Skal nú leitast við að skýra þá 15 liði sem þessi tillaga byggist á, en jafnframt á það bent, að hér þarf ekki að vera um tæmandi liði að ræða og mætti við framkvæmd og úrvinnslu þeirra bæta við frekari þáttum sem að gagni mættu koma.

Um 1. lið.

Hinar margvíslegu upplýsingar, sem hér kynnu að koma að notum, eru fyrir hendi á víð og dreif um þjóðfélagið. t. d. hjá Þjóðhagsstofnun, Kjararannsóknanefnd, verkalýðsfélögum, Hagstofu, verðlagsstjóra, skattstofum og tryggingakerfinu, en aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru, liggja ekki á lausu og þeirra þyrfti að afla með könnunum eða á annan löglegan hátt.

Eðlilegt má telja að slíkar upplýsingar séu varðveittar á einum stað, þar sem hægt sé að endurbæta þær eins og tilefni gefast til og vinna úr þeim.

Ekki er óeðlilegt að álíta Kjararannsóknanefnd í tengslum við Þjóðhagsstofnun rétta aðila til að sinna slíku verkefni, þó einstaka verkefni mætti fela öðrum aðilum. T. d. mætti ef til vill fela Háskóla Íslands sum rannsóknar- og könnunarverkefnin.

Um 2. lið.

Ef upplýsingasöfnun samkvæmt 1. lið er nægjanleg, þá opnast möguleikar til að framkvæma hlutlausan og raunhæfan samanburð á hvers konar kjaraatriðum, sem að gagni gætu komið fyrir ríkisvaldið og aðila vinnumarkaðarins við gerð kjarasamninga eða við mótun launa- og tekjustefnu í landinu.

Um 3. lið.

Margir spyrja sjálfa sig og aðra af hverju er greitt meira fyrir þessa vinnu en aðra og sýnist sitt hverjum.

Raunhæfir mælikvarðar byggðir á vinnurannsóknum um eðli vinnunar, þar sem gert er ráð fyrir að hinir fjölbreytilegu eðlisþættir hennar geti á einhvern hátt vegið upp hvor á móti öðrum, hljóta að vera nauðsynlegir til að hægt sé á einhvern sanngjarnan hátt að ákveða kaup og kjör skv. flokkaröðun eða á annan hátt.

Aðalreglan hingað til er að flokkaröðunin er ákveðin í aðalkjarasamningum eða öllu heldur sérkjarasamningum einstakra félaga af einhvers konar samstarfsnefndum um starfsmat, t. d. af Kjaranefnd hjá starfsmönnum hins opinbera (sbr. lög 29/1976 og lög 46/1973). Það, sem einkum hefur verið lagt til grundvallar, er, að því er næst verður komist, ábyrgð, sjálfstæði í starfi, menntun, starfsaldur hjá sama aðila, en ekki endilega starfsreynslan sem slík, rökstuðningur stéttarfélags og oft á tíðum framboð og eftirspurn og ekki síst viðhorf til starfsins. Ein regla sannast með undantekningum, að því færri sem vinna í starfsgreininni því betur er hún launuð. En tæpast er hægt að tala um að neinar formlegar reglur gildi hér um og er reyndar nokkuð misjafnt eftir stéttarfélögum á hverju slíkt starfsmat byggist.

Um 4. lið.

Þegar deilt er um kaup og kjör, þá er oftast verið að deila um taxtakaupið sem byggist á flokkaröðuninni og samanburður gerður á þeim grundvelli. — En hjá sumum hópum er taxtakaupið ekki afgerandi þáttur heildartekna og enn öðrum óverulegur þáttur. Sanngjarn samanburður verður því varla gerður nema öll launakerfin séu dregin inn í myndina. — Hugsanlega mætti ætla að tekjur á tímaeiningu séu heppileg viðmiðunarstærð.

Um 5. lið.

Hér er fyrst og fremst átt við það að upplýsa einfaldlega hlutfallsskiptingu karla og kvenna í einstökum launaflokkum hinna ýmsu kjarasamninga og hversu yfirborganir eru ráðandi og mismunandi í kjörum karla og kvenna, en það ætti að sýna á marktækan hátt hvor hópurinn sé meiri láglaunahópur. — Það sama á við um aldur, en niðurstöður þessar gætu leitt í ljós hvort tekjur aukist reglulega fram að einhverju aldursmarki og minnki síðan úr því eða hvort um óreglulegra línurit væri að ræða.

Nauðsynlegt væri, eftir því sem kostur er, að kanna slíkt gagnvart öðrum launakerfum og fá þannig sem sannasta mynd af slíkri skiptingu.

Vissulega kæmi hér til álita að athuga aðrar hópmyndanir í þjóðfélaginu sem ekki teljast beinlínis sjálfstæðir kjaraaðilar skv. 6. lið.

Um 6. lið.

Hér er að sjálfsögðu fyrst og fremst átt þið þá hópa sem koma fram sem sjálfstæður kjaraaðili, þ. e. a. s. þeir sem vinna sömu, svipuð eða sambærileg störf eða starfa á sama vinnustað, mynda stærri hópa í verkalýðsfélögum eða enn stærri hópa í landssamtökum ákveðinna tegunda verkalýðsfélaga eða jafnvel landshluta. En eins og í 5. lið koma hér ýmsar hópmyndanir einnig til álita, t. d. elli- og örorku-, ekkna-, og eklalífeyrisþegar, einstæðir foreldrar og hinir fjölmörgu hópar atvinnurekenda, þ. e. a. s. þeir, sem teljast ekki launþegar vegna þess að þeir fá ekki sínar tekjur samkvæmt kjarasamningum nema þá á óbeinan hátt.

Rannsaka á hvort einhver slíkra hópa er óeðlilega vanbúinn, t. d. vegna samsetningar eða aðstöðuleysis eða af öðrum ástæðum, til að berjast fyrir bættum lífskjörum, og á sama hátt á að rannsaka hvort aðrir hópar hafi náð óeðlilegri aðstöðu eða notfært sér aðstöðu sína á óeðlilegan hátt til að knýja fram lífs- og launakjör sem eru í engu samræmi við vinnuframlag þeirra.

Um 7. lið.

Hér er í æðimörg horn að líta. Vinnuaðstæður eru launakjör út af fyrir sig. Óþrifalegar, heilsuspillandi og óaðlaðandi vinnuaðstæður hafa án efa veruleg áhrif á starfsgetu sem og vinnuframlag starfsfólks. — Það gæti því hvort tveggja í senn verið hagur vinnuveitandans sem launþegans ef samanburðarkönnun á sambærilegum vinnustöðum leiddi í ljós marktækan mismun á vinnuframlagi betri vinnuaðstæðum í hag.

Alkunna er að margvísleg launakerfi eru notuð á vinnumarkaðinum til að auka afköst eða árangur, önnur til að ná samfelldari vinnu, t. d. vaktaálag, enn önnur til að halda góðum starfskröftum, t. d. yfirborganir, og einnig eru launakerfi til að halda starfseminni gangandi í misjafnlega langan tíma, t. d. dagvinnu- og yfirvinnutaxtar.

Það er augljóst að slík launakerfi hafa ekki sömu áhrif, hvorki á launþegann sjálfan né árangur vinnu hans. Öll hafa þau sína kosti og sína galla, ýmist heilsufræðilega, félagslega eða hagfræðilega. — En nauðsynlegt er að slíkt sé metið á hlutlausan hátt.

Um 8. lið.

Opinber rekstur margs konar, t. d. framleiðslurekstur, hefur oft verið gagnrýndur bæði að seku og óseku fyrir slælegan árangur, skipulagsleysi og óráðsíu. Einn liður í að auka samkeppnisfærni hans um starfskrafta og auka skipulag hans, afköst og ráðdeildarsemi liggur ef til vill í að borga laun með sambærilegum hætti og einkarekstur inn í landinu gerir, t. d. með afkastahvetjandi launakerfum.

Um 9. lið.

Ef tölfræðilegir útreikningar skv. 2. lið sýna marktækan mismun um einhverja þætti sem athuga ber, þá gefur auga leið að leita þarf skýringa með könnunum eða á annan hátt ef æskilegt þykir þar um að bæta.

Um 10. lið.

Segja má að erfitt og torsótt geti verið að kanna hversu mikil brögð geti verið að því að launamisrétti sé falið í stöðuheitum. — Kemur þar margt til, m. a. að eðli og uppbygging flokkaskipunar og launataxta er bæði flókin, margþætt og oft óljós skil á milli taxtaþrepa í ýmsum starfsgreinum, sem gefur aukna möguleika á að fela misrétti í stöðuheitum.

Erfitt getur því reynst fyrir verkalýðsfélögin að gæta hagsmuna og réttinda umbjóðenda sinna. Ber einnig að nefna í þessu sambandi Jafnréttisráð sem fylgjast á með því að lögum nr. 78/1976, um jafnrétti karla og kvenna, sé framfylgt.

Slíkt getur í mörgum tilfellum kallað á mjög nákvæmt starfsmat og er oft vandmeðfarið að meta af fyllstu réttsýni hugsanlegt launamisrétti, þó oft geti slíkt misrétti verið augljóst.

Óeðlilegt er að svo yfirgripsmiklar kannanir á launakjörum séu gerðar án þess að reynt sé að kryfja slíkt til mergjar.

Um 11. lið.

Staðreynd er að kynbundin starfsskipting er almennt talin ríkjandi í mörgum atvinnugreinum, þó óljóst sé í hve ríkum mæli karlmenn sitji að betur launuðum störfum en konur, — einnig að konur veljast jafnan í láglaunastörf.

Kannanir hafa leitt í ljós að launamunur milli karla og kvenna er einnig innan sömu starfsgreina.

Slíkar staðreyndir krefjast að leitað sé skýringar á því, hvort uppbygging launataxta og annarra launakjara kalli fram mismun í kjörum karla og kvenna, og á því, hvers vegna þau störf, sem konur stunda, séu jafnan lægst launuð. Er t. d. einhverra skýringa að leita á launamismun karla og kvenna vegna aðildar að mismunandi verkalýðsfélögum.

Með skírskotun til jafnréttislaga, nr. 78/1976, er brýnt að fá svar við slíkum spurningum í þjóðfélagi þar sem þegnarnir eiga skv. lögum að búa við sömu laun fyrir sömu störf.

Um 12. lið.

Skert starfsgeta eða starfsþrek hefur vitaskuld áhrif á lífsafkomu og kjör margra hópa, bæði vegna andlegrar og líkamlegrar fötlunar og vegna aldurs, sjúkdóma og slysa.

Slíkar breytingar á högum fólks koma oft fyrirvaralaust — og hafa mikil áhrif á lífsafkomu og hagi þess. Slíkt mat og könnun geta verið erfið í framkvæmd, en nauðsynlegt er að leita leiða til að kanna hvaða áhrif það getur haft á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu — og í hve ríkum mæli skert starfsgeta er ákvarðandi þegar um er að ræða aðra sambærilega þætti, eins og t. d. menntun og starfsreynslu.

Um 13. lið.

Ef slík könnun sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir upplýsir að yfirborganir séu miklu ráðandi um launakjör almennt, er samhliða nauðsynlegt að upplýsa hvaða áhrif það hefur í reynd á verðlagsþróun í landinu, því varla getur það talist eðlilegt að láglaunahópar, sem eingöngu taka laun samkvæmt kjarasamningum, beri kostnaðarhækkanir vöru og þjónustu sem leiðir af slíku.

Um 14. lið.

Þau hagstjórnartæki, sem stjórnvöld hafa helst yfir að ráða til tekjujöfnunaráhrifa, eru í gegnum skatta- og almannatryggingakerfið. Þessum hagstjórnartækjum hefur því eðlilega verið beitt til að bæta kjör þeirra sem verst eru settir vegna skertrar starfsgetu, starfsþreks eða annarra félagslegra aðstæðna.

Hér er um stóran hóp fólks að ræða, þar sem t. d. öryrkjar eru milli 7 og 8 þúsund og fjöldi aldraðra einnig með skerta starfsgetu. Erfitt reynist því oft á tíðum fyrir þetta fólk að fá starf við sitt hæfi á vinnumarkaðinum og á það því oft undir högg að sækja í starfsvali og launakjörum.

Lífeyrir almannatrygginganna og ákvarðanir stjórnvalda í skattamálum eru því mjög ákvarðandi um lífsafkomu og hagsmuni þessa fólks. — Ekkjur, ekklar og einstæðir foreldrar eru í mörgum tilfellum einnig mjög afkomulega háð þeim tekjutilfærslukerfum sem stjórnvöld hafa yfir að ráða. Slíkir hópar hafa ekki verkalýðsfélög til að gæta réttar síns og eru því háðir ákvörðunum stjórnvalda hverju sinni um afkomu sína. Leita ber því allra tiltækra leiða til að tryggja þessu fólki réttmæta og eðlilega hlutdeild í vaxandi þjóðartekjum.

Um 15. lið.

Brýna nauðsyn ber til að athuga hvort ekki væri hægt á grundvelli slíkra upplýsinga sem þáltill. gerir ráð fyrir að einfalda og samræma þann frumskóg launataxta og mismunandi kjaraatriða sem almennt gilda í landinu.

Slíkan aragrúa launataxta hlýtur að teljast hagkvæmt að einfalda og samræma, því slíkt flókið og margþætt kjarakerfi er kostnaðarsamt, torveldar, tefur og skapar ýmsa erfiðleika í allri samningagerð, auk þess sem slíkt fyrirkomulag eykur líkur á misrétti og óréttlátri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Hér er því um hagsmunamál allra aðila að ræða, bæði aðila vinnumarkaðarins, ríkisvaldsins og þjóðarinnar í heild. Slíkt mætti einnig gera án afskipta stjórnvalda, þó æskilegra væri að þau hefðu forgöngu í svo yfirgripsmiklu og vandasömu verki.

Á grundvelli slíkra upplýsinga sem þáltill. gerir ráð fyrir mætti auðvelda slíka samræmingu og einföldun á allri samningagerð, og þær eru raunar forsendan fyrir að slíkt sé framkvæmanlegt, hvor leiðin sem farin yrði — með eða án afskipta stjórnvalda, ef slíkt þætti ganga inn á frjálsan samningsrétt.

Vissulega er hér um ærið yfirgripsmikið og jafnvel kostnaðarsamt verkefni að ræða. En líta verður til þess, að mörg af þessum atriðum má framkvæma með litlum tilkostnaði og á skömmum tíma, en önnur eru framtíðarverkefni, sem taka langan tíma og kosta töluvert.

En allt er þetta mikilvægt og hagnýtt, og kostnaðurinn gæti skilað sér í bættum skilyrðum til uppbyggingar heilbrigðs efnahagslífs og betri og réttlátari kjörum fólksins í landinu.

Sþ. 515. Tillaga til þingsályktunar [253. mál]

um langtímastefnu í rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna.

Flm.: Stefán Jónsson, Friðrik Sophusson, Ágúst Einarsson, Garðar Sigurðsson, Oddur Ólafsson, Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnar að mörkuð verði langtímastefna í rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna og lögð til grundvallar langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um það efni. Verði langtímaáætlunin síðan endurskoðuð reglulega og höfð til hliðsjónar við ákvarðanir um fjárveitingar og önnur málefni er varða rannsóknastarfsemi í landinu.

Greinargerð.

Flestir, sem um atvinnu- og hagþróunarmál fjalla, eru sammála um að stærsti þáttur í aukinni velmegun undanfarandi áratuga sé hin stöðuga nýsköpun sem byggst hefur á aukinni tækniþekkingu og afrakstri rannsókna- og þróunarstarfs. Sönnun þeirrar staðhæfingar birtist í margvíslegu formi í lífskjörum sem við búum við nú, ekki síst þeim tækjum og búnaði sem beitt er við framleiðslu svo og til hagræðis heima fyrir.

Mikill hluti þeirra gæða, sem við njótum, er afrakstur tækniþróunar og rannsókna sem fram hafa farið um víða veröld og flust til okka í formi margs konar vöru og þjónustu. Svo mun að sjálfsögðu verða áfram í verkskiptum heimi. Á hinn bóginn munum við ekki lengi geta hagnýtt okkur þessi gæði ef við leggjum okkur ekki verulega fram við að þróa tækni eða aðlaga erlenda tækni þeim aðstæðum náttúru og umhverfis, sem við búum við, og höfum sjálfir eitthvað eftirsóknarvert fram að færa á markaðstorgi alþjóðlegra viðskipta.

Þetta er þeim mun mikilvægara sem nú er séð að auðlindir hafsins, sem áður var að mestu byggt á, verða senn fullnýttar og efnahagsvöxtur mun í vaxandi mæli byggjast á öðrum grunni en auknum fiskveiðum. Jafnframt harðnar samkeppni í alþjóðlegum viðskiptum með hvers kyns vörur og þjónustu.

Þær þjóðir, sem við berum okkur saman við og eigum skipti við, eru á einu máli um að vaxandi tækniþekking, byggð á lifandi og virkri rannsókna- og þróunarstarfsemi, tækniþjónustu og upplýsingamiðlun um tækni og markaðsmál, sé skilyrði þess að þær geti haldið áfram á braut efnahagslegra og félagslegra framfara.

Vegna hinna miklu sviptinga í efnahags- og atvinnumálum heimsins um þessar mundir hafa mörg lönd tekið skipulag og framkvæmd þeirra til gagngerrar endurskoðunar og innleitt margvíslegar aðgerðir til að styðja nýsköpun í efnahagslífi. Mikilvægur þáttur í því er að auka stuðning við rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnulífsins og þá upplýsinga- og þjónustustarfsemi, sem henni tengist.

Oft hefur verið á það bent, að Íslendingar verji minni fjármunum til rannsókna- og þróunarstarfs en aðrar þjóðir á svipuðu þróunarstigi, eða 0.3—0.5% af vergum þjóðartekjum, þegar nágrannaþjóðirnar verja til þess 1—2.5% af sínum þjóðartekjum. Aðeins á sviði hafrannsókna og landbúnaðar verja Íslendingar fjármagni sem er í svo háu hlutfalli við vinnsluvirði viðkomandi atvinnuvegar. Í iðnaði, þar sem flestar aðrar þjóðir verja hlutfallslega mestu fjármagni til rannsókna- og þróunarstarfsemi, er hlutfallið aðeins um 0.1% af vinnsluvirði atvinnuvegarins. Í öðrum úrvinnslugreinum, byggingariðnaði og fiskvinnslu er útkoman lítið betri.

Enda þótt samanburður við útlönd sé ekki einhlítur bendir þetta þó sterklega til þess, að Íslendingar hafi vanrækt rannsókna- og þróunarstarfsemina, og raunar hefur það oft komið okkur illa að meiri háttar ákvarðanir um stefnumótun í málefnum þjóðfélagsins hafa ekki byggst á nægilega rannsökuðum forsendum.

Með hliðsjón af þeim nýju viðhorfum í efnahagsmálum, sem skapast hafa hérlendis og á alþjóðavettvangi, er full ástæða til að taka rannsókna- og þróunarstarfsemina og þá þjónustu- og upplýsingastarfsemi, sem henni tengist, til rækilegrar endurskoðunar. Sýnist þetta raunar í samræmi við þá viðleitni til mótunar á langtímastefnu í efnahags- og atvinnumálum sem unnið er að hjá öllum stjórnmálaflokkunum.

Það hefur reyndar lengi verið til umræðu hér á landi með hvaða hætti þetta starfssvið þjóðfélagsins verði gert virkara í viðleitni til umbóta í atvinnu- og efnahagslífi hérlendis. Ekki hafa menn ætíð verið á einu máli um hverjar leiðir bæri að fara og margir álitið skipulagsbreytingar á stofnunum nauðsynlegar, en aðrir talið mikilvægara að finna heppilegri starfsaðferðir, þannig að nánari samverkan tækist milli rannsóknarstarfseminnar og atvinnuveganna. Hið síðarnefnda lögðu fulltrúar OECD-samtakanna áherslu á þegar gerð var athugun á vísindastefnu Íslendinga á árunum 1970—1971 á vegum samtakanna.

Með langtímaáætlun þeirri, sem hér er lögð fram til umfjöllunar, er reynt að tengja rannsókna- og þróunarstarfsemina við vandamál og viðfangsefni atvinnuveganna og þjóðlífsins í heild á skýrari hátt en áður. Að baki áætlunarinnar liggur mikið starf við könnun á aðstæðum og þróunarhorfum á þeim meginsviðum atvinnulífsins, sem rannsóknastofnanir þjóna sérstaklega, þ. e. sjávarútvegi og fiskiðnaði, landbúnaði, almennum iðnaði og byggingariðnaði.

Með hliðsjón af áætluninni á að vera auðveldara en áður að gera sér grein fyrir hvernig ætlunin er að sinna þeim vandamálum sem á atvinnuveginum brenna að þessu leyti og kanna þarf til að opna leiðir til nýsköpunar í atvinnulífinu. Á grundvelli hennar á að vera ljósara en áður samhengið milli þjóðfélagslegra markmiða og þess starfs sem fram fer á rannsóknastofnunum. Þannig á löggjafar- og framkvæmdavald að geta tekið efnislega afstöðu til þess, hvers sé vænst af stofnunum, og tekið ákvarðanir í samræmi við það. Það er megintilgangur þessarar þingsályktunartillögu að hafin verði umræða og umfjöllun um málefni rannsókna og þróunar á þessum grundvelli.

Ætlunin er að tekin verði upp sérstök meðferð á málefnum rannsóknastofnananna við fjárlagaundirbúning, þannig að gætt verði betur en áður þeirra efnisatriða, sem starfsemin fjallar um, og reynt verði að koma henni sem mest á grundvöll afmarkaðra verkefna með skýran tilgang og tengsl við þarfir þjóðar og við væntanlegan árangur að loknu verki. Með ljósari tengslum fjárveitinga við markmið og árangur, er þess vænst að fást muni betri nýting fjármagns og mannafla, en jafnframt

fái fjárveitingavaldið gleggri innsýn í hina raunverulegu þörf fyrir rannsókna- og þróunarstarfsemi í landinu í heild og geti tekið ákvarðanir sínar í samræmi við það.

Ætlunin er að sá háttur verði tekinn upp af hálfu Rannsóknaráðs ríkisins að gera langtímaáætlanir reglulega með 2—3 ára millibili til 5 ára í einu. Verða fulltrúar atvinnuveganna kallaðir til við undirbúning þeirrar áætlunargerðar. Síðan fjalli Alþingi um hverja áætlun og ræði um leið málefni rannsóknastarfseminnar í heild, og þá ekki síst þau þjóðfélagslegu markmið sem henni skuli beint að á hverjum tíma. Niðurstöður af umfjöllun Alþingis verði í formi ályktunar um áætlunina. Einnig má ætla að við umfjöllun í nefndum og í umræðum í þinginu komi fram gagnleg viðhorf og ný sjónarmið varðandi rannsóknastarfsemina og tengsl hennar við þjóðfélagshorfurnar.

Árlega yrði svo fjallað um fjárveitingabeiðni rannsóknastofnana með hliðsjón af langtímaáætluninni og stefnumótandi umfjöllun Alþingis um hana. Til að tryggja að gætt sé faglegra og efnislegra sjónarmiða við umfjöllun um fjárhagsáætlanirnar er gert ráð fyrir samráði við stofnanirnar á meðan fjárveitingarumsóknir eru til umfjöllunar á vettvangi ráðuneyta og fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Þannig verði breytingar á áætlun stofnana gerðar með fullri vitund um þörf og forgangsröðun, sem rannsóknastofnanirnar fá aðstöðu til að skýra, og með hliðsjón af sjónarmiðum þeirra. Varðandi samræmingu á störfum stofnana og samhengi við heildarsýn og langtímahorfur er ætlunin að Rannsóknaráð ríkisins verði haft með í ráðum.

Með þessari málsmeðferð er þess vænst að hægt verði að taka upp þess konar umræðu um rannsókna- og þróunarmál milli Alþingis, ráðuneyta, rannsóknastofnana og fulltrúa atvinnuveganna, að úr því geti mótast vísindasefna er henti aðstæðum hérlendis. Hér er gert ráð fyrir að þetta gerist án þess að byggt sé upp nýtt kerfi þar sem sérstakur aðili gerist milliliður rannsóknastofnana og ríkisvalds. Þessu er öðruvísi varið erlendis, þar sem sérstakir aðilar sjá um dreifingu ríkisframlaga til rannsóknastarfseminnar á grundvelli umsókna fyrir einstök verkefni, umsóknir eru metnar af faglegum ráðgjöfum til að tryggja gildi verkefnanna og mat á árangri. Slíku kerfi er erfitt að koma á hérlendis, þar sem fáir starfa á hverju sviði og hlutlægt og faglegt mat því ekki framkvæmanlegt allajafna. Verður því að styðjast meira við hagrænt, stjórnunarlegt og þjóðfélagslegt mat á verkefnum. Mikilvægt er þó einmitt að byrjað verði á slíku mati sem fyrst, og því er þessi þingsályktunartillaga lögð fram.

Nd. 516. Breytingartillögur [232. mál]

við frv. til laga um veitingu prestakalla.

Frá Páli Péturssyni, Jónasi Árnasyni, Gunnlaugi Stefánssyni og Sverri Hermannssyni.

1. gr. orðist svo:

Þegar prestakall losnar auglýsir biskup það með hæfilegum umsóknarfresti.

2. gr. orðist svo:

Að liðnum umsóknarfresti birtir biskup opinberlega skrá yfir þá, sem sótt hafa um prestakallið, ásamt skýrslu um aldur þeirra, náms- og embættisferil og störf.

3. Ný grein, sem verði 3. gr., orðist svo:

Berist innan 20 daga frá birtingu skrár um umsækjendur skrifleg ósk frá 10 af hundraði atkvæðisbærra sóknarbarna um það að almennar prestskosningar fari fram í prestakallinu er skylt að verða við því. Fjöldi atkvæðisbærra manna miðast

við þá, sem skráðir eru í þjóðkirkjunni í prestakallinu samkv. þjóðskrá 1. des. næst á undan.

Framkvæmd kosningar fer fram eftir ákvæðum II. kafla laga þessara.

4. Ný grein, sem verði 4. gr., orðist svo:

Nú hefur prófasti ekki borist ósk um almenna kosningu innan lögmælts tíma og skal hann þá tilkynna biskupi það og biskup senda honum nægilegt magn atkvæðaseðla og fela prófasti að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan tiltekins tíma. Kjörmenn eru sóknarnefndarmenn í hlutaðeigandi prestakalli. Varamenn taka sæti aðalmanna ef forfallaðir eru.

Sé prófastur héraðsins umsækjandi um kallið, nefnir biskup annan prófast í hans stað.

5. 3. gr. verði 5. gr.

6. 4. gr. falli niður.

7. 5. gr. falli niður.

8. Upphaf 6. gr. orðist svo:

Að loknum kjörmannafundi sendir prófastur biskupi afrit af gerðabók kjörmannafundar o. s. frv.

9. II. kafli, (7. gr.), um köllun, falli niður.

10. III. kafli, um kosningu, verði II. kafli.

Nd. 517. Frumvarp til laga [230. mál]

um stjórn efnahagsmála o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed., 3. apríl.)

Samhljóða þskj. 453 og 511 með þessari breytingu:

I. liður ákvæða til bráðabirgða í VIII. kafla hljóðar svo:

I.

Verðbætur samkvæmt ákvæðum 48.—51. gr. greiðast á grunnkaup sem svo er ákveðið: Greitt kaup í mars 1979, þ. e. grunnlaun, verðbætur og verðbótaviðauki samkvæmt þágildandi samningum og lögum, telst grunnkaup við upphaf gildistíma þessara laga. Grunnkaup þetta skal haldast óbreytt þar til um annað hefur verið samið. Að því er varðar félagsmenn í BSRB og BHM fer þó eftir samkomulagi því, sem gert hefur verið við fjármálaráðuneytið. Ákvæði þessara laga breyta í engu rétti til að gerðir séu nýir kjarasamningar, jafnt um grunnlaun sem verðlagsbætur á laun.

Sþ. 518. Tillaga til þingsályktunar [254. mál]

um stefnumörkun í landbúnaði.

Frá landbúnaðarráðherra.

Alþingi ályktar, að meginmarkmið í málefnum landbúnaðarins skuli vera:

1. Fjölbreytt og hagkvæm framleiðsla landbúnaðarafurða, í samræmi við neysluþarfir þjóðarinnar og hráefnisþörf iðnaðarins.
2. Tekjur og félagsleg aðstaða þeirra, sem búvöruframleiðslu stunda, sé sambærileg því, sem aðrar stéttir hafa.
3. Skipulag búvöruframleiðslunnar og atvinnutækifæra í sveitum í samræmi við þá stefnu, sem ákveðin er í byggðamálum og eðlilega nýtingu landskosta.

Stefnt verði að því að ná ofangreindum markmiðum með beinum samningum ríkisvaldsins og þeirra, sem búvöruframleiðslu stunda, og á grundvelli 5 ára áætlunar um þróun framleiðslunnar, m. a. með eftirgreindum aðgerðum og leiðum:

1. Framleiðslumarkmið.

Áhersla verði lögð á að fullnægja þörfum landsmanna fyrir þær búvörur, sem unnt er að framleiða í landinu og stuðla með því að öryggi þjóðarinnar. Taka skal í því sambandi mið af óskum neytenda um fjölbreytt vöruframboð og þörfum iðnaðarins fyrir hráefni. Gerð verði neysluáætlun fyrir þjóðina með hliðsjón af almennum manneldissjónarmiðum og eðlilegri nýtingu innlendra framleiðslumöguleika. Nýjar búgreinar verði reyndar. Lögð verði megináhersla á þær greinar sem nýta innlenda fóðurframleiðslu. Framleiðslan verði miðuð við innanlandsþarfir, og sveiflur sem óhjákvæmilega verða af völdum árferðis. Ekki verði stefnt að útflutningi á framleiðsluvörum nema viðunandi markaður sé fyrir hendi.

2. Tekju- og þjónustumarkmið.

Lögð verði áhersla á að tryggja þeim sem að búvöruframleiðslu starfa, fjárhagslega afkomu sem er sambærileg við það sem verkamenn og iðnaðarmenn hafa. Kappkostað verði að bæta afkomuna, og tryggja sem lægst verð á matvælum með því að auka hagræði hverskonar við búvöruframleiðsluna. Leitast verði við að ná því marki með aukinni rannsóknastarfsemi í þágu landbúnaðarins, hagfræðiaðstoð og fræðslu og leiðbeiningastarfsemi fyrir bændur.

Einnig láti landbúnaðarráðuneytið, í samvinnu við samtök bænda, gera búrekstrar- og framkvæmdaáætlanir fyrir landbúnaðarframleiðsluna. Lán og framlög til landbúnaðarins verði samræmd þessum áætlunum.

Í því skyni að ná tekjumarkmiði, verði á áætlunartímanum heimilt að flytja fjármagn af styrkjum og útflutningsbótum á milli ára, enda verði heildarupphæð á tímabilinu innan þeirra marka, sem lög leyfa.

Unnið verði að félagslegum umbótum sem m. a. tryggi að bændur geti notið reglulegs frítíma, orlofs og aðstoðar í veikinda- og slysatilfellum, líkt og aðrir þjóðfélagshópar, svo og bættri þjónustu hins opinbera á sviði heilbrigðismála, menntunar, samgangna og orkumála.

3. Byggðamarkmið.

Til að forðast frekari röskun í byggð landsins skal stefnt að því að dreifing setinna býla um landið verði sem mest í því horfi sem nú er. Í því skyni verði gerðar ráðstafanir til að styrkja búsetu í einstökum byggðum eða landssvæðum. Kostnaður af slíkum aðgerðum verði borinn af því fé sem þjóðin ver til að halda jafnvægi í byggð landsins. Í þessu sambandi verði lögð áhersla á að draga úr framleiðslu stærri búa og á nýjar arðbærar búgreinar en forðast umframframleiðslu búvöru sem ekki styðst við öruggan og viðunandi markað.

Greinargerð.

I. KAFLI
INNGANGUR.

Segja má að aukin framleiðsla og framleiðni hafi verið ríkjandi markmið í málefnum landbúnaðarins undanfarna áratugi. Aukin framleiðsla var sjálfsagt markmið þegar þörfum þjóðarinnar fyrir landbúnaðarafurðum var ekki fullnægt. Einnig má segja að aukin framleiðsla hafi verið sú leið, sem bændum hefur helst verið fær til þess að ná auknum tekjum.

Aukin framleiðsla er hinsvegar vafasamt markmið þegar þörfum þjóðarinnar hefur verið fullnægt, ef annar viðunandi markaður er ekki fyrir hendi. Þetta hefur samtökum bænda verið ljóst undanfarin ár, og hafa farið fram á víðtækari heimildir til þess að sporna gegn óæskilegri aukningu framleiðslunnar. Ekki hefur þó náðst samstaða á Alþingi um slíkar heimildir fyrr en e. t. v. nú. Jafnframt hefur umframframleiðslan aukist, einkum þrjú síðustu árin, svo að nú horfir til stórra vandræða.

Um leið og samtökum bænda eru veittar auknar heimildir til þess að sporna gegn framleiðslu, er nauðsynlegt að marka nýja stefnu í málefnum landbúnaðarins. Ákveða verður hvaða markmið ber að leggja til grundvallar svo og þær leiðir sem fara ber til þess að ná slíkum markmiðum.

Með þessari tillögu til þingsályktunar er farið fram á að Alþingi ákveði slíkt. Þau markmið sem ákveðin verða, munu verða lögð til grundvallar í beinum samningum ríkisins og framleiðenda landbúnaðarafurða, sem að er stefnt og við gerð áætlunar um þróun landbúnaðarins, sem ákveðið er að gera, og þær leiðir fyrst og fremst farnar, sem Alþingi bendir á.

Með fjárveitingu á fjárlögum 1979, var veitt heimild til að ráða sérstakan ráðunaut um stefnumörkun í landbúnaði. Hákon Sigurgímsson, sem var starfsmaður Stéttarsambands bænda, var í desember s. l. ráðinn til þessa starfs. Hefur Hákon haft umsjón með gerð þessa verks, en auk þess hafa eftirgreindir einstaklingar lagt til efni í greinargerð með þessari tillögu:

Gunnar Guðbjartsson, formaður Stéttarsambands bænda, Árni Jónasson, erindreki Stéttarsambands bænda, Sveinn Tryggvason, framkvæmdastjóri, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Pétur Sigurðsson, mjólkurtæknifræðingur, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Jón R. Björnsson, fulltrúi, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Agnar Guðnason, blaðafulltrúi bændasamtakanna, Halldór Pálsson, búnaðarmálastjóri, Óttar Geirsson, ráðunautur, Búnaðarfélagi Íslands, Ólafur Dýrmundsson, ráðunautur, Búnaðarfélagi Íslands, Erlendur Jónasson, ráðunautur, Búnaðarfélagi Íslands, Ólafur E. Stefánsson, ráðunautur, Búnaðarfélagi Íslands, Axel Magnússon, ráðunautur, Búnaðarfélagi Íslands, Óli Valur Hansson, ráðunautur, Búnaðarfélagi Íslands, Árni G. Pétursson, ráðunautur, Búnaðarfélagi Íslands, Sigurjón Bláfeld, ráðunautur, Búnaðarfélagi Íslands, Sveinn Hallgrímsson, ráðunautur, Búnaðarfélagi Íslands, Gísli

Kristjánsson, fyrrv. ritstjóri, Búnaðarfélagi Íslands, Ketill A. Hannesson, forstöðumaður Búreikningastofu landbúnaðarins, Jónas Jónsson, ritstjóri, Búnaðarfélagi Íslands, Björn Sigurbjörnsson, forstjóri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Gunnar Sigurðsson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Bjarni Einarsson, Framkvæmdastofnun ríkisins, Sigurður G. Þorsteinsson, Framkvæmdastofnun ríkisins, Jón M. Guðmundsson, bóndi, Reykjum, Mosfellssveit, Árni Jónsson, landnámsstjóri, Landnámi ríkisins, Stefán Pálsson, forstöðumaður Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Guðmundur Sigþórsson, deildarstjóri, landbúnaðarráðuneytinu, Magnús B. Jónsson, skólastjóri, Bændaskólanum á Hvanneyri, Grétar Unnsteinsson, skólastjóri, Garðyrkjuskólanum Reykjum, Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri, Gunnarsholti, Sigurður J. Líndal, bóndi, Lækjamóti, V.-Hún., Ingi Tryggvason, verkefnisstjóri, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, Þór Guðjónsson, veiðimálastjóri, Veiðimálastofnuninni, Edvald B. Malmquist, yfirmatsmaður garðávaxta, Grænmetisverslun landbúnaðarins.

Þá hefur þessi tillaga verið kynnt á fjölmennum fundum með fulltrúum framleiðenda, opinberra stofnanna, neytenda, fulltrúum verslunaraðila o. fl. Hafa á slíkum fundum komið fram fjölmargar athyglisverðar ábendingar. Öllum þessum aðilum er þakkað þeirra framlag.

Í þessari tillögu er valin sú leið að hafa markmiðin fá og þannig, að þar komi fram meginatriði nýrrar landbúnaðarstefnu. Með þessu móti eru aðalatriðin látin ráða stefnunni, fremur en aukaatriði. Í seinni hluta tillögunnar er hins vegar bent á ýmis undirmarkmið og leiðir, sem fara má.

Meginmarkmiðin eru talin þrjú: framleiðslu-, tekju- og byggðamarkmið. Lagt er til sem aðalmarkmið, að framleiðslan verði sem næst neysluþörfum þjóðarinnar og hráefnisþörf iðnaðarins. Að sjálfsögðu merkir þetta ekki að áhersla verði ekki lögð á framleiðslu, sem arðbær er til útflutnings og gjaldeyrisaflandi, enda eru slíkar búgreinar ákaflega mikilvægar sem leiðir til þess að ná bæði tekju- og byggðamarkmiðum.

Um markmið og leiðir er ítarlega rætt, bæði beint og óbeint í hinum ýmsu köflum greinargerðarinnar, sérstaklega þó köflum VII og IX. Þó er rétt að vekja sérstaka athygli á því ákvæði í liðnum tekjumarkmið, þar sem farið er fram á heimild til að ráðstafa styrkjum og útflutningsbótum á milli ára á áætlunartímanum, enda verði heildarupphæðin á tímabilinu í heild, ekki hærri en lög gera ráð fyrir. Að sjálfsögðu verður að afla nánari heimildar í lögum. Liggur nú þegar fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingar á jarðræktarlögum, sem að þessu hnígur. Ráðstöfun útflutningsbóta mun hins vegar koma til umræðu við meðferð framleiðsluráðslaga. Slík heimild er mjög mikilvæg í þeirri viðleitni að draga nokkuð úr tekjuskerðingu bænda á fyrri hluta áætlunartímabilsins.

II. KAFLI
LANDBÚNAÐARSTEFNA FYRRI ÁRA.

1. Inngangur.

Naumast er hægt að tala um eiginlega stefnu í landbúnaðarmálum á Íslandi fyrr en kemur fram á 4. áratug þessarar aldar.

Á síðustu öld má segja að hagsmunir landbúnaðarins hafi um leið verið hagsmunir þjóðarinnar allrar og voru flestar stjórnathafnir miðaðar við þarfir hans.

Hið gamla samfélag bændanna, þar sem aðalatriðið var að hvert býli væri sjálfu sér nægt um flesta hluti, var þá enn í fullum blóma.

Í upphafi þessarar aldar bjuggu 80% þjóðarinnar enn í sveitum landsins, en aðeins 20% í þéttbýli. Á fyrstu áratugum aldarinnar varð veruleg breyting á búsetu landsmanna og þéttbýlisstaðir tóku mjög að eflast og fólki að fækka í sveitum. Um leið var grundvöllur hins hefðbundna bændaþjóðfélags brostinn. Landbúnaðurinn

fékk nýtt hlutverk og byggði nú afkomu sína í æ ríkari mæli á sölu afurða til íbúa þéttbýlisstaðanna.

Lengst af var sá háttur á hafður, að bóndinn fór sjálfur með gripi sína og afurðir í kaupstaðinn og seldi beint til neytenda eða kaupmanna.

Þetta voru bændum fyrirhafnarsöm og oft óhagstæð viðskipti. Þegar fólki fækkaði í sveitum var ekki tími til að sinna slíkum viðskiptaháttum, og með vaxandi þéttbýli jukust einnig kröfur um hreinlæti og vöruvöndun. Bændur tóku að sameinast um söluna. Víðast tóku kaupfélögin við afurðasölunni, byggðu sláturhús og stofnuðu mjólkurbú. Annarsstaðar voru stofnuð sérstök sláturfélög og mjólkursamlög.

Á 19. öldinni var mest unnið að eflingu landbúnaðarins án beinna lagafyrirmæla, en með vaxandi þéttbýli og nýjum atvinnugreinum breyttist aðstaða landbúnaðarins og hann fór að eiga í samkeppni við aðra atvinnuvegi um vinnuafl, fjármagn og fyrirgreiðslu í þjóðfélaginu.

Þessi breytta staða kemur glöggt fram í athugasemdum við stjórnarfrumvarp til laga um Ræktunarsjóð Íslands, sem samþykkt var á Alþingi 1925, en þar segir:

„Á umliðnum árum, að minnsta kosti síðan 1913, hafa einatt komið fram óskir um sérstaka lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, byggðar á því, að þær lánsstofnanir, sem til eru í landinu, komi landbúnaðinum ekki að fullum notum, og að til hans renni ekki svo mikill hluti af lánsfé í landinu, sem eðlilegt væri og vera þyrfti, til þess að framfarir í þeim atvinnuvegi fylgdust með framförum annarra atvinnuvega landsmanna."

Á 3.—5. áratug aldarinnar var hlutur landbúnaðarins í hinu nýja og breytta þjóðfélagi 20. aldarinnar tryggður með margvíslegri lagasetningu á Alþingi. Þessi lagasetning markar um leið hina opinberu landbúnaðarstefnu, sem fylgt hefur verið á Íslandi síðustu áratugina.

Hér á eftir verður reynt að gera grein fyrir einstökum þáttum þessarar lagasetningar, og ýmsum öðrum atriðum sem þar hafa haft áhrif til mótunar.

2. Jarðræktarlögin.

Eins og fyrr segir, var á 19. öldinni mest unnið að eflingu landbúnaðarins án beinna lagafyrirmæla. Þegar landið fékk fjárforræði var farið að veita styrk til búnaðarumbóta, sem einkum gekk til jarðræktarinnar. Voru settar reglur um þessar greiðslur á Alþingi 1881.

Hin fyrstu jarðræktarlög voru samþykkt 20. júní, 1923. Höfuðmarkmið laganna var að koma fastri skipan á yfirstjórn ræktunarmála í landinu og að ríkið styrkti bændur og aðra ræktunarmenn til ræktunar, svo og að efla tæknilega aðstöðu bænda til ræktunar.

Samkvæmt lögum þessum mátti veita framlag úr ríkissjóði til bygginga á áburðarkjöllurum, safnþróm og til ræktunarframkvæmda og til að koma upp matjurtagörðum. Framlag mátti vera ⅓ kostnaðarverðs til annars en matjurtagarða, sem voru styrktir að ⅕ hluta.

Breyting var gerð á lögunum árið 1942 og ákvæðin um styrkveitingar rýmkuð. Var þá farið að veita framlög til bygginga á heyhlöðum og til girðinga um ræktunarlönd.

Árið 1950 var enn gerð breyting á lögunum og þá stofnuð embætti héraðsráðunauta í jarðrækt. Skyldu laun þeirra greiðast að ⅗ hlutum úr ríkissjóði. Í reynd hefur þetta ekki verið framkvæmt eins og lögin gera ráð fyrir. Búnaðarsamböndin hafa greitt héraðsráðunautunum hærri laun en ríkissjóður hefur talið sér skylt að taka þátt í. Þá var einnig tekið upp framlag til vélgrafinna skurða, er nam helmingi kostnaðar.

Breytingar, sem gerðar hafa verið á jarðræktarlögunum frá árinu 1950 miða flestar að því að fjölga styrkhæfum framkvæmdum. Tekið hefur verið upp framlag til byggingar garðávaxtageymslna, súgþurrkunarkerfa, verkfærageymslna, endurræktunar túna, grænfóðurræktar, hagaræktar, vatnsveitna til heimilis- og búsþarfa o. fl. framlög.

Árið 1945 voru samþykkt lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Lög þessi heimiluðu búnaðarsamtökum (ræktunarsamböndum) að taka að sér ákveðnar ræktunarframkvæmdir á sínu svæði fyrir kostnaðarverð.

Á grundvelli þessara laga voru á næstu árum stofnuð 70 ræktunarsambönd í landinu. Gerð var áætlun um ræktunarframkvæmdir fyrir allt landið, sem miðuð var við það að öll heyöflun bænda færi fram á ræktuðu landi.

Hafa lög þessi haft mikla þýðingu fyrir eflingu jarðræktarframkvæmda, ekki síður en jarðræktarlögin sjálf.

Þá hafði starfsemi Vélasjóðs einnig mikla þýðingu fyrir framgang jarðræktarmála. Sjóðurinn var stofnaður 1942. Hann veitti styrki til kaupa á stórvirkum tækjum, einkum jarðýtum, og keypti og rak skurðgröfur eða leigði þær ræktunarsamböndum. Framræstan var undirstaða hinnar miklu ræktunar. Einnig var Vélasjóður verktaki við stærri ræktunarframkvæmdir, gegn kostnaðarverði.

Þá skal hér getið eins atriðis, sem mikla þýðingu hefur haft í ræktunarmálum og fyrir allar framfarir í landbúnaði, en það er tilkoma tilbúins áburðar. Notkun hans hófst ekki almennt hér á landi fyrr en eftir 1928.

Fyrstu árin beitti Búnaðarfélag Íslands sér fyrir innflutningi hans, en árið 1928 tók ríkið að sér einkasölu á tilbúnum áburði, og giltu þau lög þar til Áburðarverksmiðjan kom til sögunnar 1954.

Sú stefna hins opinbera, sem fram kemur í þeirri lagasetningu, sem hér hefur verið lýst miðar fyrst og fremst að því að efla innlenda fóðurframleiðslu með framlögum til jarðræktar, áburðarhúsa og fóðurgeymslna, og í öðru lagi að því að koma jarðræktarframkvæmdum í félagslegt form til að gera þær ódýrari og framfarirnar örari. Jafnframt eru jarðræktarframlögin í raun niðurgreiðsla á framkvæmdakostnaði. Hafa þau áhrif til lækkunar á verði búvara og koma þannig neytendum til góða.

Búnaðarfélag Íslands hefur frá upphafi annast framkvæmd jarðræktarlaganna. Skylt hefur verið að greiða framlög til þeirra framkvæmda sem, að dómi Búnaðarfélagsins og trúnaðarmanna þess teljast styrkhæfar, samkv. jarðræktarlögum.

Við endurskoðun jarðræktarlaganna 1950 var ákveðið að ríkissjóður greiddi verðlagsuppbót á jarðræktarframlög samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar. Árið 1955 samþykkti Alþingi að greiða 15% álag umfram þá uppbót sem ákveðin var 1950.

Árin 1959—1965 héldust jarðræktarframlög óbreytt að verðgildi og rýrnuðu mjög í þeirri öru verðlagsbreytingu sem var á þeim árum.

Árið 1965 voru jarðræktarlögin enn endurskoðuð og framlög bundin ákveðinni vísitölu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands.

Síðast var lögunum breytt árið 1972. Var þá grundvöllur framlaganna endurskoðaður, og styrkhæfum framkvæmdum fjölgað. Meðal annars voru þá tekin upp framlög til vatnsveitna til heimilis- og búsþarfa.

Nokkuð er breytilegt hve hár hundraðshluti framlög samkvæmt jarðræktarlögum eru af meðalkostnaði við einstakar framkvæmdir. Í lögunum er ákveðið að framlög til framræslu skuli vera 70% af kostnaði, við plógræsi 75% og 50% af kostnaði við vatnsveituframkvæmdir. Á síðasta ári var framlag til nýræktar í mýri um 50% af áætluðum meðalkostnaði pr. ha., 47% til grænfóðurræktar, 17% til girðinga pr. m, 11% pr. m^3 í þurrheyshlöðum, 28% í votheyshlöðum og um 37% pr. m^3 í áburðargeymslum. Þess ber að geta að lán Stofnlánadeildar landbúnaðarins til framkvæmda, sem njóta framlaga, skv. jarðræktarlögum eru hlutfallslega lægri en lán til annarra framkvæmda.

Fjöldi jarðarbótarmanna var um 3000 á árinu 1977.

Framlög til jarðabóta og bygginga samkvæmt lögunum voru sem hér segir, vegna framkvæmda á árinu 1977:

Tegund framkvæmdar	Framlög kr.	% af heildar-framlögum
Jarðrækt	386 892 715[1])	36.5
Byggingar	435 592 162	41.0
Vatnseitur	83 041 315	7.8
Plógræsi	25 247 447	2.4
Framræsluskurðir	130 410 029	12.3
Framlög samtals	1 061 213 668	100.0

3. Nýbýlalöggjöfin.

Tilskipanir og lög um nýbýli og endurbyggingu jarða voru um skeið einn stærsti þátturinn í áhrifum ríkisvaldsins til skipulagsbreytinga í landbúnaði. Fram til ársins 1936 höfðu gilt ýmis lög og tilskipanir um þetta efni, en þá voru, með setningu laga um nýbýli og samvinnubyggðir, mörkuð tímamót í landnámsmálum.

Tilgangur þeirra var að sem mest af árlegri fjölgun þjóðarinnar ætti kost á að fá býli í sveit til ábúðar, þar sem landbúnaður væri stundaður sem aðalatvinnuvegur. Stuðningur ríkisins átti að vera það ríflegur, að stofnverð býlanna yrði ekki hærra en svo að meðal fjölskylda gæti haft þar sæmileg afkomuskilyrði. Með lögum þessum var Byggingar- og Landnámssjóði Búnaðarbankans skipt í tvær deildir. Önnur þeirra átti að veita lán til endurbygginga húsa í sveitum, en hin, Nýbýlasjóður, lán til að reisa nýbýli og samvinnubyggðir. Í styrk til framkvæmda samkvæmt lögum þessum mátti að hámarki veita 7/17 af stofnkostnaði býlis og lán máttu að hámarki vera sama hlutfall af stofnkostnaði.

Árið 1946 var gerð grundvallarbreyting á landnámslögum með setningu laga um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum. Með lögum þessum var Landnám ríkisins stofnað, og skyldi það starfa undir stjórn nýbýlastjórnar og landnámsstjóra, sem áður hafði notið ráðuneytis Búnaðarfélags Íslands við framkvæmd landnámslaga.

Samkvæmt þessum nýju lögum undirbjó Landnám ríkisins eftir tillögu nýbýlastjórnar, land til ræktunar, þar sem stofna skyldi byggðahverfi í sveitum, einstök býli eða hefja meiri háttar ræktunarframkvæmdir við kauptún og kaupstaði. Landnámið keypti land til þessara nota, en heimild var til að taka það eignarnámi að tillögu nýbýlastjórnar. Að loknum undirbúningi landsins til ræktunar og byggðar var því ráðstafað á erfðaleigu til einstaklinga eða byggðafélaga eða notað til að reisa svokölluð byggðahverfi, en í þeim skyldu vera minnst 5 býli.

Til byggingar útihúsa og íbúðarhúsa í byggðahverfum veitti Byggingasjóður lán, allt að 75% af byggingarkostnaði. Sá sjóður var, eins og áður er getið, stofnaður með sameiningu Byggingasjóðs Nýbýlasjóðs og smábýladeildar Búnaðarbanka Íslands. Við kaup á þessum býlum þurfti að leggja út ¼ hluta af byggingarkostnaði húsa á býlinu og fylgdi þá jafnframt umráðaréttur yfir 5 ha. ræktaðs lands. Samkvæmt lögum þessum var einnig mögulegt að stofna nýbýli með skiptingu á jörðum, eða landi utan lögbýla, sem til þess hentaði. Veittu nýbýlastjórn og Byggingasjóður hliðstæða fyrirgreiðslu til slíkra nýbýla og býla í byggðahverfum. Við skiptingu eldri jarða til stofnunar nýbýlis var það skilyrði sett, að nýbýlið hefði minnst 12 ha. ræktunarlands og nægilegt beitarland, að mati nýbýlastjórnar.

Frá stofnun Landnáms ríkisins og til ársloka 1970 var veittur styrkur til nýbýla, eftir árum, sem hér segir:

---

1) Þar af grænfóðurakrar kr. 131 732 791.

Tímabil:	Nýbýli (1):	Smábýli (2):	Garðyrkju-býli (3):	Endurb. eyðijarðra (4):	Alls:	(1) + (4):
Að 1950	143	0	0	5	148	148
1951—1955	252	0	0	80	332	332
1956—1960	214	8	17	60	299	274
1961—1965	101	22	11	18	152	119
1966—1970	38	23	23	12	96	50
Alls	748	53	51	175	1027	923

Stofnuð voru samtals 923 nýbýli við endurbyggingu eyðijarða eða við nýbyggingu á býli á þessu tímabili, og er það nálægt ⅕ hluti allra jarða í landinu.

Þess ber að geta að í sumum tilfellum er nýbýlisstofnunin nánast formsatriði eða hefur leitt til þess að eldri jörðin lagðist af. Einnig, að margt þeirra nýbýla, sem stofnuð voru í byggðahverfum voru ekki nytjuð nema skamman tíma. Ljóst er hins vegar að nýbýlastarfsemin hafði mikla þýðingu til að viðhalda fjölda jarða í byggð og hamla gegn byggðaröskuninni.

Með lagabreytingu árið 1971 var breytt um stefnu í landnámsmálum. Stofnun nýbýla var eftir það ekki megin markmið heldur hagfelld þróun byggðarinnar, sem stuðlað gæti að traustri búsetu.

Tekið var að veita framlög til sameiningar jarða og settar reglur um stofnun félagsbúa og um félagsræktun. Nutu bændur sömu réttinda við stofnun félagsbús og stofnun nýbýlis. Eftir breytinguna á landnámslögunum árið 1971, veitir stofnun nýbýlis ekki rétt til neinnar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu eða framlaga umfram það, sem er til annarra býla samkvæmt jarðræktarlögum og lánafyrirgreiðslu í samræmi við almennar lánareglur Stofnlánadeildar. Við þessa breytingu hætti Landnámið að rækta ákveðna túnstærð fyrir hvert býli í byggðahverfum og reisa nauðsynleg mannvirki. Krafa um lágmark ræktanlegs lands á nýbýli var færð í 100 ha.

Samþykkt nýbýlisstofnunar er því í raun ekki annað en viðurkenning á býlinu sem sjálfstæðri framleiðslueiningu í landbúnaði.

Á tímabilinu 1971—1978 hefur verið samþykktur eftirtalinn fjöldi býla hjá Landnámsstjórn.

Tímabil:	Nýbýli og[1]) fleirbýli (1):	Smábýli (2):	Garðyrkju-býli (3):	Endurb. eyðijarðra (4):	Alls:	(1) + (4):
1971—1978	258[2])	67	111	67	403	325

Með lagabreytingunni 1971 hófst jafnframt nýr þáttur í starfsemi landnámsins. Ákveðið var að gera áætlun um skipulega byggingu grænfóðurverksmiðja um landið með hliðsjón af staðháttum og þörf á að efla innlendan fóðuriðnað. Samkvæmt þessum ákvæðum hafa nú verið reistar tvær grænfóðurverksmiðjur og bygging tveggja til viðbótar undirbúin. Áður voru í eigu ríkisins tvær grænfóðurverksmiðjur og ein er í einkaeign.

4. Búfjárræktarlögin.

Árið 1931 voru samþykkt lög um búfjárrækt. Voru þau arftaki eldri laga frá 1905 um kynbætur nautgripa. Eftir þeim lögum störfuðu nautgriparæktarfélög bænda í mörgum sveitum og höfðu náð mjög athyglisverðum árangri. Meðalnyt „árskúa" í nautgriparæktarfélögunum hafði vaxið úr 2210 l árið 1905 í 2580 l árið 1930.

Með lögunum 1931 var komið heildarskipulagi á kynbótastarfsemina í landinu og stefnt markvisst að umbótum í fóðrun búfjárins.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið frá 1931 kemur hinn stefnumarkandi tilgangur laganna mjög glöggt fram:

---

[1]) Með fleirbýli er átt við skiptingu á ábúðarrétti, sem ekki leiðir í öllum tilfellum til skiptingar jarðarinnar.

[2]) Þar af 9 sjálfstæð nýbýli.

„Hið opinbera hefir um langt skeið stutt að því að heyöflun yrði ódýrari, en af alhug er fyrst unnið að því með jarðræktarlögunum.

Árangur hefir þá líka náðst. Til muna færra fólk en áður vann að heyskap, heyjar nú á hverju ári meira en áður var gert. Eftir því sem næst verður komist munar þetta um fjórða hluta frá því sem var fyrir 15 árum. (Athugunin byggð á því, sem 150 bændur hafa gefið upp um þetta efni).

Með ríkissjóðsstyrknum til túnbótanna hefir því náðst verulegur árangur, og aðstaðan fyrir næstu kynslóð er hún tekur við af þeirri, sem nú er uppi, er ólíkt betri en var fyrir núverandi kynslóð, er hún byrjaði verulega á umbótunum.

En þó þarna sé fengin mikilsverð framför, þá vantar hitt jafnframt, að hugsað sé um að bæta búféð, svo það umsetji fóðrið í sem mestar og bestar afurðir. Þetta verður að fylgja með auknu ræktuninni ef vel á að fara, annars næst ekki verulegur árangur.

Fyrir því þarf Alþingi að fara að stuðla að því að hafist verði handa, og af alhug unnið að kynbótum búfjárins. Með starfsemi Búnaðarfélags Íslands má að vísu segja að nokkuð hafi verið unnið á þessu sviði fyrir opinbert fé, en með lagafrumvarpi því, er hér liggur fyrir er málinu gefið fastara form, og það ákveðið, að svo framarlega sem starfið sé rekið svo, að vænta megi árangurs af, þá sé því að lögum tryggður styrkur."

Lögin kveða á um starfsemi kynbótafélaga í nautgripa-, sauðfjár- og hrossarækt. Einnig um fóðurbirgðafélög bænda og búfjártryggingar. Stuðningur hins opinbera er í formi stuðnings við kynbótafélögin og við búfjársýningar. Þeim hefur verið breytt nokkrum sinnum, síðast 1973, en megin tilgangur þeirra er þó óbreyttur enn.

Árangur af þessu starfi hefur orðið mjög mikill eins og fram kemur í kaflanum um kynbótastarfseina (sjá III. kafla).

Kostnaður við framkvæmd búfjárræktarlaga var um 160 milljónir á síðasta ári þar af námu launagreiðslur til frjótækna um 59 milljónum, en samkvæmt lögunum eru 65% af launum þeirra greidd úr ríkissjóði.

5. Lánastofnanir.

Með vaxandi sérhæfingu í framleiðslu landbúnaðarvara, aukinni vélvæðingu og kröfum um bættan húsakost hefur stofnfjárþörf landbúnaðarins farið vaxandi. Mikill hluti fjármyndunar í landbúnaðinum hefur komið frá bændum sjálfum, þ. e. með eigin vinuframlagi við framkvæmdir, eigin fjárframlagi bóndans og með því að stofna til lausaskulda.

Til viðbótar þessu hefur komið fyrirgreiðsla fjárfestingarsjóða landbúnaðarins og óafturkræf framlög hins opinbera.

Samþykkt laga um Ræktunarsjóð árið 1925, ásamt samþykkt jarðræktarlaganna tveim árum fyrr, er fyrsta viðleitni hins opinbera til þess sérstaklega að sjá þörfum landbúnaðarins fyrir fjármagni til framkvæmda borgið. Hlutverk Ræktunarsjóðs var að lána til jarðræktar og húsagerðar á býlum bænda og landnema. Að vísu hafði, með lögum árið 1900, verið stofnaður Ræktunarsjóður til þess að lána bændum fé til jarðræktarframkvæmda, en sá sjóður hafði hvergi nærri reynst þess megnugur að leysa fjárþörf landbúnaðarins á því sviði.

Búnaðarbanki Íslands var stofnaður með lögum 14. júní, 1929, og varð Ræktunarsjóður þá ein af deildum hans. Aðaltilgangur með stofnun bankans var að greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra er stunda landbúnað. Bankinn starfaði í upphafi í 6 deildum með aðgreindum fjárhag, er nefndust sparisjóðs- og rekstrarlánadeild, veðdeild, bústofnslánadeild, Ræktunarsjóður, lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún og Byggingar- og landnámssjóður. Skipting á verkefnum deildanna var sú að sparisjóðsdeildinni voru ætluð almenn innláns- og útlánsviðskipti. Veðdeildinni var ætlað að lána gegn veði í jörð til bænda eða annarra sem hefðu að starfi búrekstur og mátti lánsupphæðin ekki fara yfir ⅔ hluta virðingarverðs fasteignarinnar. Lánstími var allt að 40 ár. Bústofnlánadeildin veitti einungis bændum eða öðrum, er stund-

uðu kvikfjárrækt lán til bústofnsauka eða til að koma upp bústofni, sem máttu nema allt að helming af verði hins veðsetta búfjár eftir verðlagsskrá. Þessi ákvæði komu aldrei til framkvæmda vegna fjárskorts.

Hlutverk ræktunarsjóðs er áður rakið. Hámarksupphæð lána úr sjóðnum mátti vera ⅗ hluti af virðingarverði jarðabóta og ½ af virðingarverði húsa.

Lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún veitti allt að ¾ af virðingarverði húseigna, mannvirkja og lands til smábýla í grennd við kaupstaði eða kauptún. Skilyrði fyrir lánveitingunni voru, að býlið gæti fullræktað, að minnsta kosti veitt fjölskyldu þriðjung framfæris. Byggingar- og landnámssjóður var fyrst stofnaður árið 1928 og hafði það verkefni að lána til endurbyggingar á íbúðarhúsum í sveitum og byggingar á nýbýlum. Auk þess var honum ætlað að lána sérstaklega til bæjarfélaga, þar sem nauðsynlegt var talið að auka mjólkurframleiðslu. Lánsfjárhæð mátti nema allt að verði aðfengins byggingarefnis og ⅔ hlutum af kaupi smiða.

Helstu breytingar, sem gerðar hafa verið á lánakerfi landbúnaðarins að formi til hafa verið til einföldunar því.

Árið 1946 var með lögum um nýbyggingar og endurbyggingar í sveitum, stofnaður Byggingarsjóður með sameiningu Nýbýlasjóðs, Byggingarsjóðs og Smábýladeildar Búnaðarbankans. Lánveitingar sjóðsins voru til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum og til byggingar íbúðarhúsa og peningahúsa á nýbýlum og býlum í byggðahverfum, en byggðahverfi samanstóðu af minnst 5 býlum, þar sem framkvæmdir allar við ræktun og byggingar fóru fram eftir ákveðnu skipulagi. Í mörgum byggðahverfanna urðu þó býlin færri en 5 þegar til framkvæmda kom. Lán úr Byggingarsjóði máttu nema allt að 75 prósent af kostnaðarverði einstakra bygginga og veitt til allt að 42 ára.

Árið 1947 var breytt lögum um Ræktunarsjóð. Hlutverk sjóðsins, auk þess að veita stofnlán til jarðræktar og annarra landbúnaðarmannvirkja á bújörðum, varð ennfremur að veita stofnlán til mjólkurvinnslustöðva, kjötfrystihúsa og verksmiðja, sem unnu úr landbúnaðarafurðum, s. s. skinnaverksmiðja. Einnig til rafvæðingar í sveitum svo og til bústofnsauka og til kaupa á vélum. Þau ákvæði komu aldrei til framkvæmda vegna fjárskorts. Upphæð stofnlána mátti nema allt að 30 prósent til framkvæmda, er nutu styrks samkvæmt jarðræktarlögum og 60 prósent til annarra. Lánstími var 5 til 25 ár.

Stofnlánadeild landbúnaðarins. Árið 1962 var Ræktunarsjóður og Byggingarsjóður sameinaðir og stofnuð Stofnlánadeild landbúnaðarins. Fjármagnsþörf þessara tveggja sjóða hafði farið hratt vaxandi vegna aukinnar uppbyggingar í landbúnaði og hækkandi verðlags, svo að þeir tekjustofnar, sem sjóðirnir höfðu, voru ónógir. Stofnlánadeild var með lögunum afmarkaðir árvissir tekjustofnar, sem voru: Fast árlegt framlag úr ríkissjóði, 4 milljónir króna, 1% álag á söluvörur landbúnaðarins, er greiddist af bændum og árlegt framlag ríkissjóðs, er nam sömu upphæð. Þá var lagt gjald á útsöluverð á mjólk og rjóma og á smásöluverð annarra búvara, er skyldi svara til 0.75% af verði landbúnaðarvara í verðlagsgrundvelli. Stofnlánadeildin veitti stofnlán til endurbyggingar íbúðarhúsa í sveitum og til byggingar íbúðarhúsa á nýbýlum og auk þess til allra þeirra verkefna, sem Ræktunarsjóður áður annaðist, annarra en rafvæðingar og til byggingar á íbúðarhúsum fyrir iðnaðarmenn í sveitum (þjónustubýli). Lánstími mátti nema frá 5—42 ár eftir tegund framkvæmdarinnar. Til byggingar á útihúsum og túnrækt allt að 25 ár, og til íbúðarhúsa allt að 42 árum. Til óvaranlegri framkvæmda, s. s. vélakaupa, girðinga og bústofnskaupa var lánstíminn 5—12 ár.

Þeir tekjustofnar, sem deildinni voru markaðir 1962 hafa reynst ónógir til að sinna lánsfjárþörf landbúnaðarins. Valda þar einkum auknar kröfur til úthúnaðar á vinnslustöðvum landbúnaðarins, mikil uppbygging þeirra og ört hækkandi verðlag.

Til að ráða hér bót á voru tekjustofnar deildarinnar auknir árið 1973. Var það gert á eftirfarandi hátt. Í fyrsta lagi var framlag bænda til deildarinnar hækkað

í 1% úr 0.75% af grundvallarverði. Í öðru lagi var álag á söluverð búvara hækkað í 1% af heildsöluverði, en var áður 0.75% af grundvallarverði. Þá var ríkissjóði gert að greiða mótframlag jafnhátt framlagi frá bændum og af söluverði búvaranna, en áður greiddi ríkissjóður einungis framlag á móti því gjaldi, sem kom frá bændum. Fast framlag ríkissjóðs hækkaði einnig úr 4 milljónum króna í 25 milljónir.

Við þessa breytingu kom einnig gjaldskylda á útflutta búvöru, sem jók tekjur deildarinnar all verulega. Alls munu tekjur deildarinnar af föstum tekjustofnum hafa tvöfaldast við þessa breytingu.

Auk breytinga á tekjustofnum deildarinnar 1973 voru sett inn þau ákvæði að lánareglur deildarinnar megi miða við að bændur, sem hafa minna en verðlagsgrundvallarbú (440 ærgildi), en hafa möguleika á að bæta hagkvæmni búsins með stækkun, njóti hagkvæmari lánakjara til umbóta á jörðum sínum, að því marki, að náð sé bústærð, sem svarar einu og hálfu verðlagsgrundvallarbúi svo sem það er á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir að bankaráð Búnaðarbankans taki ákvörðun um beitingu þessa ákvæðis hverju sinni. Með því er deildin komin inn á aðgerðir, sem eru stefnumarkandi í skipulagsmálum landbúnaðarins, og var því ákveðið að fulltrúi frá Stéttarsambandi bænda og Búnaðarfélagi Íslands taki sæti í bankaráðinu, þegar rætt er um málefni Stofnlánadeildarinnar. Einnig var ráðinn sérstakur forstöðumaður fyrir deildina.

Á sama hátt og bændur með minna en 1½ verðlagsgrundvallarbú geta notið sérstakra kjara, er heimilt að skipta lánunum til búa, sem eru eða verða yfir því marki þannig að hluti lánanna verði á dýrari kjörum eða að veita lægri hundraðshluta en almennt út á framkvæmdina. Á viðurkenndum félagsbúum nýtur hver aðili lánaréttinda og kjara sem almennur bóndi. Í útlánareglum stofnlánadeildarinnar hefur þetta þó verið takmarkað. Lánað er fullt fyrir einn aðila, en 75% fyrir hvern aðila til viðbótar. Heimilt er að ákveða mismunandi vaxtakjör til sömu framkvæmdar eftir þeim mörkum, sem áður voru nefnd. Þetta ákvæði hefur aldrei verið framkvæmt. Lán til landbúnaðarframkvæmda s. s. útihúsabygginga, ræktunar og vélakaupa skulu vera með að minnsta kosti hálfu prósenti hærri vexti en lán til íbúðarbygginga.

Á síðasta ári var lögum Stofnlánadeildar enn breytt. Tekinn var upp nýr tekjustofn, sem er 1% viðbótarálag á útsöluverð allra landbúnaðarvara. Skal nota fé það, sem innheimtist samkvæmt þessu ákvæði til að jafna lánakjör deildarinnar.

Þá var einnig sú breyting gerð, að hámarks lánstími var styttur úr 42 í 25 ár.

Frá síðustu áramótum varð sú breyting á lánum til íbúðarhúsabygginga í sveitum, að þau færðust til Húsnæðismálastofnunar ríkisins og lúta sömu ákvæðum og lán til almenns íbúðarhúsnæðis.

Stofnlánadeildin veitir nú lán til eftirtalinna verkefna:

a) Til jarðakaupa.
b) Til ræktunar, útihúsa, vatnsveitna og varmaveitna og annarra mannvirkja, er varða landbúnað, þar með talin ylrækt, loðdýrarækt og lax- og silungseldi.
c) Til vinnslustöðva landbúnaðarafurða.
d) Til heykögglaverksmiðja og heyþurrkunarstöðva, viðgerðaverkstæða fyrir landbúnaðarvélar og annarra verksætða, er veita þjónustu fyrir viðkomandi sveitir: til bústofnskaupa, búvéla og þungavinnuvéla búnaðar- og ræktunarsambanda.

Stjórn Stofnlánadeildarinnar gerir tillögur um lánareglur deildarinar, sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

Árið 1972 var tekin upp 25% gengistrygging á lánum til vinnslustöðva landbúnaðarins, en stjórn deildarinnar fylgdi þeirri stefnu allt til ársins 1976, að lán til framkvæmda á bújörðum skyldu vera óverðtryggð. Þá var tekin upp 25% verðtrygging á öllum helstu lánaflokkum og hækkuð í 33% á síðasta ári. 50% gengistrygging er á lánum til dráttarvélakaupa og byggingar landbúnaðarverkstæða og 100% verðtrygging á lánum til fiskeldisstöðva, minkabúa, grænfóðurverksmiðja, vinnslustöðva og til kaupa á þungavinnuvélum.

Lánsfjárhæð til framkvæmda á bújörðum nemur frá 40—60%, og lánstími má vera allt að 20 ár á lánum til útihúsa, annarra en hesthúsa, þar sem lánstíminn er 10 ár og 15 á lánum til hænsnahúsa. Á öðrum lánum er lánstíminn skemmri, 6—15 ár.

Vextir eru nú þeir sömu og hjá öðrum fjárfestingarsjóðum, 13% á lánum með 33% verðtryggingu, 11.5% á lánum með 50—60% verðtryggingu og 5.5% á lánum með fulla verðtryggingu.

Útlán Stofnlánadeildar námu kr. 2 513 600 000 á s. l. ári.

Eins og áður er getið var það stefna stjórnar Stofnlánadeildarinnar til ársins 1976, að lán til annarra framkvæmda en vinnslustöðva skyldu vera óverðtryggð. Á sama tíma hefur deildin tekið all mikið fé að láni erlendis og verðtryggð lán innanlands. Þetta fé hefur síðan verið lánað til framkvæmda í landbúnaði, ýmist án verðtryggingar eða með takmarkaðri verðtryggingu eins og fram kemur hér að framan, bótt frávik séu frá því um einstaka lánaflokka. Þetta hefur leitt til þess að hagur deildarinnar er mjög slæmur. Erlendar skuldir deildarinnar námu kr. 4 666 517 573 um síðustu áramót og verðtryggðar innlendar skuldir kr. 3 241 781 958.

Tap deildarinnar vegna gengisbreytinga á s. l. ári nam kr. 1 417 289 014.

Erlendar skuldir deildarinnar og verðtryggðar innlendar skuldir eiga að greiðast að mestu á næstu 7—10 árum. Ljóst er því, að mjög verður þrengt að hag hennar á næstu árum, miðað við núverandi tekjustofna og þá útlánastefnu, sem fylgt hefur verið.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins var stofnaður með lögum árið 1966. Hlutverk sjóðsins er að veita styrki og lán til framleiðniaukandi hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum, má jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir, er stefna að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innanlands og utan á hverjum tíma. Lán og styrki má m. a. veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana. Við styrkveitingar til einstakra bænda skal að öðru jöfnu taka tillit til efnahags þeirra.

Landbúnaðarráðherra skipar stjórn sjóðsins, samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila, einn frá hverjum: Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Búnaðarbanka Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins og formann án tilnefningar.

Sjóðurinn hefir einbeitt starfsemi sinni að fáum verkefnum, þar sem um er að ræða nýjungar í tækni og vinnubrögðum, er geta haft verulega aukningu í framleiðni í för með sér. Fram til 1971 voru megin viðfangsefni sjóðsins að vinna að tankvæðingu á býlum með mjólkurframleiðslu, fullkomna tæknibúnað í sláturhúsum í sambandi við nýjar vinnuaðferðir, er hófust í sláturhúsi Kaupfélags Borgfirðinga í Borgarnesi og að rannsóknum á bættri vinnutilhögun í gripahúsum.

Árið 1972 fékk sjóðurinn aukin framlög frá því opinbera og gat aukið starfsemi sína. Beindist sú aukning að uppbyggingu á sláturhúsum um allt land, eftir þeirri áætlun, sem um það var gerð fyrir tímabilið 1970—1975. Áætlun þessi miðar að því að gera búfjárslátrun um allt land sem hagkvæmasta og stuðla að lækkun á slátrunar- og vinnslukostnaði kjöts. Sjóðurinn hefur veitt styrk til uppbyggingar sláturhúsa, er nemur 33% af kostnaðarverði með tæknibúnaði, eftir því sem greiðslugetan hefur leyft hverju sinni. Á síðasta ári veitti sjóðurinn styrk til matvælarannsókna á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Framlag ríkissjóðs til sjóðsins hefur staðið nær óbreytt að krónutölu frá árinu 1974, og hefur því dregið mjög úr starfsemi hans síðustu árin.

Bjargráðasjóður var stofnaður 1913 til aðstoðar fyrir landsmenn í hallæri eða til að afstýra því. Sjóðurinn fékk fast framlag frá sveitarfélögunum, sem var ákveðin krónutala á hvern íbúa. Árið 1967 var sjóðnum skipt í þrjár deildir, sem eru sameignardeild, séreignadeild sýslu- og bæjarfélaga og afurðatjónadeild landbúnaðarins.

Tekjur afurðatjónadeildar eru nú 0.35% gjald af söluvörum landbúnaðarins,

sem bændur greiða, og jafn hátt framlag úr ríkissjóði. Einnig 25% af framlagi sveitarfélaga til sjóðsins.

Hlutverk deildarinnar er að veita lán og óafturkræf framlög til sveitarfélaga eða einstakra bænda til að afstýra óeðlilega mikilli förgun búfjár af völdum óþurrka eða uppskerubrests, og til að bæta stórfellt afurðatjón, þar með talið tjón í garðrækt eða felli búfjár af völdum sjúkdóma.

Starfsemi Bjargráðasjóðs hefur haft mikla þýðingu fyrir landbúnaðinn og verið bændum trygging gegn áföllum af völdum veðurfars og búfjársjúkdóma. Á kalárunum svonefndu, á síðari hluta 7. áratugsins, veitti sjóðurinn til dæmis þeim bændum mikla fyrirgreiðslu, sem illa urðu úti vegna grasleysis og er það vafalaust stærsta verkefni Bjargráðasjóðs til þessa, á sviði landbúnaðarins.

Fyrirgreiðsla afurðatjónadeildar var á s. l. ári sem hér segir:

Óafurkræf framlög	kr.	37 000 000
Vaxtalaus lán	—	103 000 000
Samtals	**kr.**	**140 000 000**

Óafurkræf framlög eru eingöngu veitt vegna búfjártjóna. Vaxtalaus lán endurgreiðast á 5 árum.

6. Afurðasölulögin.

Fram til 1934 voru verðlags- og afurðasölumál landbúnaðarins að mestu óskipulögð. Á síðustu öld og á fyrstu áratugum þessarar gilti víða hið gamla skipulag, að hver bóndi sá um dreifingu á sinni vöru, annaðhvort til neytenda eða kaupmanna.

Frá því um 1880 og fram yfir aldamót var allmikið selt af lifandi fé til slátrunar í Bretlandi. Þegar tók fyrir þann markað var farið að huga að bættri slátrun og verkun kjöts hér heima með útflutning fyrir augum, og tóku fyrstu sláturhúsin til starfa árið 1907 á Húsavík, hjá Kaupfél. Þingeyinga, og á Akureyri hjá Kaupfél. Eyfirðinga. Sama ár var Sláturfélag Suðurlands stofnað og opnaði það sláturhús í Reykjavík. Kjötframleiðslan var nú orðin all miklu meiri en þörf var fyrir innanlands, og var útflutningur kindakjöts mikill á árunum frá aldamótum og fram að seinni heimsstyrjöldinni, oft nær helmingur framleiðslunnar og stundum meira. Fyrst framanaf var kjötið flutt út saltað, aðallega til Noregs, en upp úr 1931 komu frystihúsin til sögunnar fyrir forgöngu samvinnufélaganna og var þá kjötið flutt út frvst.

Fram til síðustu aldamóta var allur mjólkuriðnaður hér á landi heimilisiðnaður. Árið 1900 var fyrsta rjómabúið stofnað og síðan hvert af öðru næstu 5 árin. Urðu þau flest 33 talsins.

Rjómabúin tóku við rjóma frá bændum til smjörgerðar. Smjörið var selt til Englands og náðist sæmilegur árangur eftir því sem þá var talið. Þó voru veitt svokölluð útflutningsverðlaun fyrir útflutt smjör (uppbætur), sem námu talsverðum fjárhæðum. Einnig framleiddu sum búin nokkuð af osti til útflutnings.

Flest rjómabúin lögðust niður á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar. Smjör þeirra var gert úr sauðamjólk, en vegna hækkunar á kindakjöti, sem varð á styrjaldarárunum, þóttu fráfærur ekki borga sig og lögðust niður að mestu.

Árið 1917 var Mjólkurfélag Reykjavíkur stofnað til að koma skipulagi á mjólkursölu í Reykjavík. Mjólkurbúin voru síðan stofnuð hvert af öðru. Þau tóku við kúamjólk frá bændum til vinnslu og sölu. Ekkert skipulag var á mjólkursölunni og þegar kom fram um 1930 var seld, í Reykjavík og Hafnarfirði, mjólk og mjólkurvörur frá nokkrum mjólkursamlögum. Auk þess seldu einstakir framleiðendur, er höfðu búskap á bæjarlandinu og í nágrannasveitunum, mjólk beint frá búum sínum til neytenda. Þetta skipulagsleysi hafði í för með sér óhæfilega mikinn kostnað við sölu og dreifingu mjólkurinnar. Lánsviðskipti voru algeng og innheimtan oft erfið. Verðmyndun afurðanna var að mestu háð verðlagi á erlendum mörkuðum og verð-

lag ótryggt. Við heimskreppuna um og eftir 1930 lamaðist allt athafnalíf og fólk missti atvinnu sína og gat naumast veitt sér brýnustu lífsnauðsynjar. Verð á búvörum féll þá stórlega svo að búrekstri, sem enn var megin uppistaða atvinnulífsins, var stefnt í voða.

Til að ráða fram úr þeim vanda, sem skapast hafði, var stofnaður skuldaskilasjóður bænda og sett löggjöf um sölu landbúnaðarafurða. Lög þessi, sem almennt hafa verið kölluð afurðasölulögin, voru sett sem bráðabirgðalög haustið 1934 og síðan samþykkt á Alþingi í desember sama ár. Þau eru fyrstu lög um verðlagningu og sölu landbúnaðarafurða, sem sett eru hér á landi.

Megin markmið laganna, sem fjölluðu annars vegar um meðferð og sölu á sauðfjárafurðum og hins vegar um sölu og meðferð mjólkur, var að tryggja neytendum næga og góða vöru og jafna afurðaverð og útsöluverð sem mest milli einstakra sölustaða. Með stofnun samtaka um sölu á mjólk var stefnt að sparnaði við dreifingu mjólkurinnar, sem kæmi bændum og neytendum til hagsbóta. Sú varð raunin af stofnun Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, bændur fengu hærra verð fyrir mjólkina en áður var, og verð til neytenda lækkaði. Þá gerðu lögin ráð fyrir að verðfall á erlendum mörkuðum skyldi bætt upp af innlendu markaðsverði og að jöfnuð yrði með töku verðjöfnunargjalds aðstaða þeirra framleiðenda, sem seldu megnið af vörum sínum við óhagstæðari skilyrði en hinir sem bjuggu í nágrenni helstu markaðsstaðanna. Með lögunum var tveim nefndum falin verðlagning búvara, kjötverðlagsnefnd og mjólkurverðlagsnefnd. Voru þær þannig skipaðar, að framleiðendur skipuðu tvo menn, neytendur tvo, en landbúnaðarráðherra skipaði oddamann. Lögin gáfu ekki ákveðin fyrirmæli um við hvað verðlagningin skyldi miðuð hverju sinni. Leiddi það til þess að kjör bænda versnuðu í hlutfalli við kjör annarra stétta við þá öru breytingu kaupgjalds og verðlags, er varð á fyrstu árum síðari heimsstyrjaldarinnar.

Árið 1942 var gerð rannsókn á tekjum 109 þúsund íbúa landsins, en þá voru íbúar taldir 124 þúsund. Niðurstaða rannsóknarinnar varð sú, að ef tekjur bænda voru settar 100 og þeim deild í tekjur annarra tiltekinna starfshópa varð útkoman þessi:

Bændur	höfðu	104.40%	í	tekjur	miðað	við	laun	verkafólks við bústörf.
——	—	55.08%	—	—	—	—	—	iðnaðarmanna.
——	—	42.34%	—	—	—	—	—	verslunarfólks.
——	—	45.93%	—	—	—	—	—	bílstjóra.
——	—	55.90%	—	—	—	—	—	starfsmanna ríkis og bæja.
——	—	71.99%	—	—	—	—	—	verkafólks í kaupt. og bæjum

Árið 1943 var með lögum um dýrtíðarráðstafanir stofnuð fyrsta Sexmannanefndin, til að ákveða búvöruverð. Verkefni nefndarinnar var að finna grundvöll vísitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarvara, er miðaðist við það að heildartekjur þeirra, sem landbúnað stunda, yrðu í sem nánustu samræmi við tekjur annarra stétta. Nefndin var skipuð 2 fulltrúum framleiðenda, 2 fulltrúum neytenda og síðan voru í henni 2 opinberir embættismenn.

Nefndin varð sammála um „grundvöll landbúnaðarvísitölu“ sem var að bústærð, afurðamagni og frádráttarliðum sem næst landsmeðalbúi. Kaupliður grundvallarins var ákveðinn með tilliti til þeirrar tekjukönnunar, sem að framan er getið.

Starf þessarar nefndar markar þýðingarmikil tímamót í sögu verðlagsmála landbúnaðarins, og segja má að þessi fyrsti verðlagsgrundvöllur hafi orðið fyrirmynd allra þeirra verðlagsgrundvalla er síðan hafa verið gerðir.

Haustið 1945 skipaði landbúnaðarráðherra 25 manna búnaðarráð. Var það skipað án tilnefningar og stjórn afurðasölumálanna tekin úr höndum bænda. Lagðar voru niður ýmsar nefndir, sem áður höfðu annast einstaka þætti þeirra mála og

yfirstjórn afurðasölumála landbúnaðarins sameinuð í eina stofnun. Búnaðarráð byggði þó ákvarðanir sínar við verðlagningu haustin 1945 og 1946 að nokkru á þeim grunni, sem lagður hafði verið árið 1943 með fyrsta verðlagsgrundvellinum.

7. Framleiðsluráðslögin.

Árið 1947 voru samþykkt á Alþingi lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Sú skipan verðlag- og afurðasölumála, sem þá var tekin upp hefur staðið óbreytt síðan í öllum megin atriðum.

Í ákvæðum Framleiðsluráðslaganna er að finna lokadrættina í þeirri landbúnaðarstefnu, sem felst í landbúnaðarlöggjöf þeirri, sem sett var á árunum 1923—1947 og hér hefur verið reynt að lýsa.

Framleiðsluráð er skipað 7 mönnum kosnum af Stéttarsambandi bænda og 4 mönnum tilnefndum af sölusamtökum landbúnaðarins. Helstu verkefni þess eru:

a) Að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarvara.
b) Að stuðla að eflingu landbúnaðarframleiðslunnar í samstarfi við Búnaðarfélag Íslands, svo að hún fullnægi, eftir því sem kostur er á, þörfum þjóðarinnar.
c) Að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð varanna.
d) Að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir þessar vörur utanlands og innan.
e) Að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum, sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast best þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma.

Þá er Framleiðsluráði falið að annast verðmiðlun til að jafna áhrif mismunandi markaðsstöðu milli framleiðenda og því heimiluð taka verðjöfnunargjalds til að jafna halla af útflutningi umfram 10% verðábyrgð ríkissjóðs.

Með framleiðsluráðslögunum var stofnuð ný Sexmannanefnd, sem skyldi ákveða verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara með hliðsjón af að tekjur þeirra, sem landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Nefndina skipuðu 2 fulltrúar tilnefndir af Stéttarsambandi bænda, 1 tilnefndur af Framleiðsluráði landbúnaðarins og 3 fulltrúar tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna og Sjómannafélagi Reykjavíkur, einn frá hverjum. Ágreiningi skyldi vísað til yfirnefndar, sem í áttu sæti fulltrúar framleiðenda, fulltrúi neytenda og Hagstofustjóri. Framleiðsluráð átti að ákveða heildsöluverð og smásöluverð á búvörum í samræmi við afurðaverð í verðlagsgrundvelli.

Þrívegis hafa verið gerðar breytingar á Framleiðsluráðslögunum með samningum milli neytenda og framleiðenda, árin 1960, 1966 og 1975. Lang þýðingarmesta breytingin var gerð árið 1960 og hefur hún haft veruleg stefnumarkandi áhrif. Þá voru tekin upp ákvæði um að tryggð skuli greiðsla á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, sem svarar allt að 10% heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár.

Jafnframt var bannað að bæta upp söluverð landbúnaðarvara á erlendum mörkuðum með því að hækka söluverð þeirra innanlands.

Aðdragandi þessarar breytingar er í stuttu máli þessi:

Vegna áhrifa sauðfjársjúkdómanna, sem hér herjuðu á árunum 1935—1956 dró mjög úr útflutningi kindakjöts árin 1948—1956. Var hann þau ár mjög lítill og sum enginn. Árið 1957 hófst útflutningur kindakjöts að marki aftur og voru það ár flutt úr 2 300 tonn. Talsverður halli var á þessum útflutningi. Á þessum árum gilti mjög flókið kerfi á greiðslum uppbóta til útflutningsatvinnuveganna og mismunandi hátt gengi krónunnar var í gildi á sama tíma. Árið 1957 var ákveðið að landbúnaðurinn skyldi njóta svipaðra uppbóta á fob-verð landbúnaðarvara og bátaútvegurinn nyti á þorskveiðum. Haustið 1958 ákvað Framleiðsluráð að nota hluta þessara uppbóta til að hækka verð á ull, sem þá var mjög lágt. Þetta leiddi til þess, að verð á útfluttu kjöti lækkaði og ljóst var að grundvallarverð myndi ekki nást. Þá greip Framleiðsluráð til þess ráðs að leggja sérstakt verðjöfnunargjald á verð kjötsins

á innlendum markaði til að standa undir halla af útflutningi. Þessari málsmeðferð undu fulltrúar launþegasamtakanna ekki og töldu hana brot á verðlagslöggjöf landbúnaðarins. Þeir höfðuðu mál á hendur Framleiðsluráði. Réttur Framleiðsluráðs til þessarar verðjöfnunar var staðfestur af dómstólum á þeim forsendum, að bændur næðu, að öðrum kosti, ekki þeim tekjum, sem þeim voru ætlaðar í verðlagsgrundvellinum.

Við þessi málalok drógu launþegasamtökin til baka umboð fulltrúa sinna í Sexmannanefnd og var verðlagskerfi landbúnaðarins þar með óvirkt.

Til lausnar þessum vanda voru gerðar breytingar á Framleiðsluráðslögunum. Þær fólu í sér, að bannað var að hækka verð á búvörum innanlands með verðjöfnunargjaldi til að bæta upp verð útfluttra vara. Í stað þess tók ríkissjóður að sér að tryggja verð á útfluttum vörum, allt að 10% heildarverðmætis landbúnaðarframleiðslunnar á verði til framleiðenda.

Einnig var heimilað að breyta verði á búvörum ársfjórðungslega vegna breytinga á launum og verðlagi rekstrarvara o. fl. kostnaðarliða. Þá var í þriðja lagi gerð sú veigamikla breyting, að réttur til að skrá heildsölu- og smásöluverð búvara var tekinn af Framleiðsluráði og fenginn Sexmannanefnd í hendur.

Ákvæðið um útflutningsbæturnar hefur reynst mikilvæg tekjutrygging fyrir bændastéttina. Hafa bændur fengið það verð, sem Sexmannanefnd hefur ákveðið, án verulegra affalla, að undanteknum verðlagsárunum 1967/68, 1968/1969 og á síðustu tveim verðlagsárum, en þá hefði verðið ekki náðst án sérstakra viðbótargreiðslna úr ríkissjóði.

Kostnaður við starfsemi Framleiðsluráðs er borinn af framleiðendum með gjöldum af framleiðslunni. Kostnaður vegna starfa Sexmannanefndar er greiddur úr ríkissjóði.

8. Búnaðarmálasjóður.

Lög um Búnaðarmálasjóð voru samþykkt árið 1945. Tekjur sjóðsins voru í upphafi ½% af verði helstu framleiðsluvara bænda. Var gjaldið hugsað sem einskonar stéttarfélagsgjald bændastéttarinnar, til stuðnings og eflingar ýmsum sameiginlegum hagsmunamálum hennar.

Fyrstu þrjú árin var varsla sjóðsins í höndum Búnaðarfélags Íslands og Búnaðarbankans. Árið 1948 var lögunum breytt og gjaldinu skipt að jöfnu milli Stéttarsambands bænda og búnaðarsambandanna. Búnaðarsamböndin nota fé sitt til ýmissa hagsmunamála bænda, er þau annast. Hluti Stéttarsambandsins af gjaldinu er eini tekjustofn þess. Stéttarsambandið notar tekjur af gjaldinu til að standa straum af rekstri skrifstofu í Reykjavík og af annarri starfsemi sinni. Á síðustu árum hefur það varið nokkru fé til auglýsinga og kynningar á búvörum og til markaðsleitar erlendis.

Árið 1959 var lögunum um Búnaðarmálasjóð enn breytt. Var þá lagt á ½% viðbótargjald, tímabundið. Rann gjald þetta til byggingar Bændahallarinnar. Árið 1967 lækkaði gjaldið til Bændahallarinnar í ¼%, en um leið var ákveðin ¼% gjaldtaka til Bjargráðasjóðs. Gjaldið til Bændahallarinnar féll niður árið 1969.

9 Lífeyrissjóður bænda.

Nær öll lagasetning, sem greint hefur verið frá hér að framan, miðar að umbótum á framkvæmdasviðinu og á sviði markaðsmála. Undantekning eru þó tekjuviðmiðunarákvæði Framleiðsluráðslaganna og sú tekjutrygging, sem felst í ákvæðunum um útflutningsbætur.

Árið 1970 voru samþykkt lög um Lífeyrissjóð bænda, og er óhætt að segja, að samþykkt þeirra sé fyrsta spor stjórnvalda í þá átt að bæta félagslega stöðu búvöruframleiðenda. Rétt til aðildar að lífeyrissjóðnum eiga allir bændur á lögbýlum, sem þar eiga heima og náð hafa 20 ára aldri. Einnig starfsmenn á lögbýlum, sem ráðnir eru til eins árs eða lengur.

Iðgjöld sjóðfélaga eru tekin með gjaldi af framleiðslu þeirra. Mótframlag skal samkvæmt lögunum greiðast með gjaldi, sem leggja skal á útsöluverð búvara. Þetta ákvæði hefur ekki enn verið framkvæmt og greiðir ríkissjóður mótframlagið.

Þeir bændur, sem fæddir eru 1914 eða fyrr fengu, við stofnun sjóðsins, réttindi til ellilífeyris, sambærileg því, sem félagar í verkalýðshreyfingunni fengu með lögum um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum.

Lífeyrissjóður bænda veitir enga lánafyrirgreiðslu beint til sjóðsfélaga. Hins vegar lánar sjóðurinn Stofnlánadeild landbúnaðarins fé til ákveðinna lánaflokka, íbúðabygginga-, bústofnskaupa-, og jarðakaupalána.

10. Niðurgreiðslur á vöruverði.

Þótt niðurgreiðslur séu í eðli sínu ekki málefni landbúnaðarins eru áhrif þeirra á markaðsmálin slík, að ekki fæst heilleg mynd af þróun málefna landbúnaðarins síðustu áratugina, nema þeim séu gerð nokkur skil.

Niðurgreiðslur á vöruverði voru fyrst teknar upp hér á landi árið 1943. Þá var greitt niður verð á kindakjöti, nýmjólk, smjöri og kartöflum. Árið 1947 var farið að greiða niður verð á smjörlíki og saltfiski, og verð á nýjum fiski árið 1957. Byrjað var að greiða niður verð á skyri, rjóma, mjólkurosti og mysuosti árið 1956. Aðeins mjólk og smjör hafa verið greidd niður óslitið frá 1943. Aðrar vörur hafa verið greiddar niður tímabundið, oft stuttan tíma í einu.

Ákvarðanir um niðurgreiðslur eru fyrst og fremst liður í efnahagsráðstöfunum hverju sinni. Þær eru tæki stjórnvalda í baráttunni gegn hækkun verðlags í landinu og í viðleitni þeirra til að jafna aðstöðumun þegnanna.

Sem ástæður fyrir því, að fremur er valið að greiða niður verð búvara, s. s. mjólkur og kindakjöts en aðrar matvörur, má nefna að verð þeirra vegur tiltölulega þungt við útreikning framfærsluvísitölunnar. Önnur ástæða er sú, að búvörur eru tiltölulega stór hluti af neyslu tekjulægra fólks og hefur lækkun á verði þeirra því mikil áhrif til tekjuöflunar í þjóðfélaginu. Þriðja ástæðan er svo sú, að sölukerfi landbúnaðarins er það vel skipulagt, að auðveldara er að koma við nauðsynlegu eftirliti en ef greiða ætti niður verð á öðrum matvörum, svo sem fiski.

Fyrir framleiðendur búvara hafa niðurgreiðslur á verði þeirra bæði kosti og ókosti. Miklar niðurgreiðslur virka almennt örvandi á búvörusölu. Ef um þröngan markað er að ræða og eftirspurn er mjög háð verði vörunnar, s. s. á smjöri, geta niðurgreiðslur einnig haft veruleg áhrif til hags fyrir framleiðendur. Ennfremur ef vara á í samkeppni við aðrar skyldar vörur, líkt og er um t. d. kindakjöt, ekki síst þegar um offramleiðslu og erfið markaðsskilyrði er að ræða eins og nú er í kindakjötsframleiðslunni. Ókostirnir eru hins vegar einkum þeir, að misræmi getur skapast í eftirspurn eftir skyldum vörum, þannig að tregðu gætir í sölu einnar vörutegundar vegna mikillar niðurgreiðslu á annarri. Þetta gerðist á árunum 1974 og 1975 þegar niðurgreiðsla var mjög mikil á kindakjöti, en engin á nautakjöti. Þá söfnuðust birgðir af því, svo til vandræða horfði. Eftir að niðurgreiðslur voru teknar upp á nautakjöti haustið 1975, komst fljótlega á jafnvægi að nýju. Annar ókostur, og e. t. v. sá alvarlegasti, eru tíðar sveiflur í fjárhæð niðurgreiðslna og þar með á verði varanna. Þetta skapar öryggisleysi meðal neytenda og getur beint neyslunni að vörutegundum með stöðugra verði. Nánar verður vikið að áhrifum niðurgreiðslnanna í kaflanum um markaðsmálin.

11. Fjárskiptin.

Ekki fæst heildarmynd af þróun landbúnaðarmála síðustu áratugina, nema getið sé að nokkru sauðfjársjúkdómanna, sem hér geysuðu frá 1933—1955 og áhrifa þeirra á landbúnaðarframleiðsluna víða um landið.

Forsaga þessa máls er í stuttu máli sú, að árið 1933 voru fluttar til landsins á vegum ríkisstjórnarinnar, 20 kindur, 15 hrútar og 5 ær af Karakúlfjárkyni. Voru

þær frá dýraræktarstofnun háskólans í Halle í Þýskalandi. Vottorð dýralækna um tyllsta heilbrigði fjárins fylgdu.

Tilgangurinn með innflutningnum var sá að auka arðsemi sauðfjárræktar, einkum á þann hátt að framleiða verðmæt unglambaskinn.

Fyrstu tvo mánuðina var féð í einangrun, en eftir það var því dreift víða um land.

Ári síðar varð vart fyrstu veikinnar, mæðiveiki, að Deildartungu í Borgarfirði og nokkru síðar varð vart þurramæði í Reykjadal í S.-Þingeyjarsýslu. Fimm árum síðar varð svo vart þriðju veikinnar, garnaveiki, á Fljótsdalshéraði.

Fjárpestir þessar breiddust fljótt út og ollu bændum geysilegu tjóni. Árið 1933 var sauðfjáreign landsmanna 728 þúsund fjár og hafði aldrei áður orðið fleira. A 10 árum fækkaði fénu um rúm 100 þúsund vegna vanhalda af völdum pestanna. Eftir að skipulegur niðurskurður hófst fækkaði fénu enn meira og varð það fæst 410 þúsund árið 1951.

Þegar ljóst var hver vágestur var hér á ferðinni, brugðu stjórnvöld við og skipuðu nefnd til að sjá um aðgerðir til að stöðva útbreiðslu sjúkdómanna og útrýma þeim.

Reistar voru varnargirðingar milli landshluta og einstakra svæða til að hindra samgang sauðfjárins og koma í veg fyrir að smit bærist.

Garnaveikinni tókst að halda í skefjum með rannsóknum (húðprófunum) sem sýndu hvort um smit væri að ræða. Því fé sem smitast hafði var slátrað. Um 1950 var á rannsóknarstofunni að Keldum fundið upp bóluefni gegn veikinni og hefur með því og áframhaldandi rannsóknum og sýnatöku verið unnt að halda garnaveikinni í skefjum.

Til útrýmingar mæðiveikinni var gripið til niðurskurðar sauðfjár á einstökum bæjum, sveitum og heilum landshlutum. Var þá öllu sauðfé slátrað á svæðinu og heilbrigt fé fengið í staðinn. Víðast hvar var svæðið haft fjárlaust í heilt ár til að tryggja betur útrýmingu veikinnar. Mæðiveikin barst aldrei til Vestfjarða né til hluta af Þingeyjarsýslum, Austurlands og Skaftafellssýslna og var flutt heilbrigt fé þaðan.

Aðgerðir þessar voru kostaðar af hinu opinbera og var kostnaður mjög mikill. Bændur fengu greiddar bætur vegna afurðatjóns og uppeldisstyrk vegna nýs fjárstofns.

Fjárskiptunum lauk árið 1955. Baráttunni við sauðfjársjúkdómana er þó í raun ekki enn lokið því í gildi eru ýmsar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanlega útbreiðslu þeirra að nýju.

Hér eru ekki tök á að lýsa nánar þessari baráttu, en til að gefa nokkra hugmynd um hvílíkt stórvirki þar var unnið, má nefna, að árið 1949 höfðu samtals verið reistir 1 552 km af varnargirðingum.

Á 11 árum fóru fram fjárskipti á öllu svæðinu frá Jökulsá á Fjöllum vestur um land að Mýrdalssandi, að frátöldum Vestfjörðum norðan girðingar úr Berufirði í Steingrímsfjörð. Slátrað var 290 þúsund fjár auk lamba og í staðinn var flutt inn á svæðið um 180 þúsund fjár.

Fyrir landbúnaðinn var þetta gífurlegt tjón. Margir bændur hættu búskap af þessum sökum og voru áhrif sauðfjársjúkdómanna ein af orsökum þeirrar byggðaröskunar sem hér varð á eftirstríðsárunum.

Að verulegu leyti má rekja það til afleiðinga sauðfjársjúkdómanna hve mjólkurframleiðslan hefur aukist í sumum héruðum. Á þeim svæðum þar sem nær eingöngu var stunduð sauðfjárrækt reyndu menn að bæta sér upp tjónið af fjármissinum með því að hefja mjólkurframleiðslu. Þetta á t. d. við um Skagafjörð, Húnavatnssýslur, Snæfellsnes og Dali og hluta af Austurlandi. Í Dölum varð tjón bænda mjög tilfinnanlegt, þar sem tvívegis varð að skera niður, áður en tókst að ráða niðurlögum sjúkdómanna.

12. Aðrir áhrifaþættir.

Ýmis lagafyrirmæli og opinberar aðgerðir, aðrar en hér hafa verið raktar, hafa átt sinn þátt í mótun landbúnaðarstefnunnar. Skal þar nefnd fyrirgreiðsla bankakerfisins á sviði afurðalána til sölufélaga bænda. Hefur þessi lánastarfsemi greitt mjög fyrir að félögin gætu staðið skil á afurðaverðinu til bænda. Hömlur á innflutningi búvara, sem settar eru af öryggisástæðum vegna hættu á því að með þeim geti borist búfjársjúkdómar, eru jafnhliða vörn fyrir landbúnaðarframleiðsluna gegn samkeppni erlendis frá.

Þá má nefna ábúðarlögin og jarðalögin. Tilgangur jarðalaganna er að tryggja að nýting lands utan þéttbýlisstaða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðfélagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem landbúnað stunda.

Einnig ber að nefna lög um búnaðarfræðslu og rannsóknastarfsemi, sem hafa mjög mikla stefnumarkandi þýðingu, rannsóknastarfsemin þó alveg sérstaklega. Verður nánar vikið að báðum þessum þáttum síðar.

Þá skulu nefnd ákvæði um landgræðslu, skógrækt og veiðimál og fjárframlög til þeirra mála. Áhrifa þeirra verkefna er þó ekki farið að gæta nema að litlu leyti enn, þótt þau komi vafalítið til með að hafa mikla þýðingu síðar.

13. Samtök bænda.

Ekki verður þróun landbúnaðarmála á síðustu áratugum rakin og mótun landbúnaðarstefnu, án þess að getið sé samtaka bænda og áhrifa þeirra á framvindu þessara mála.

Hreppabúnaðarfélögin eru undirstaða félagssamtaka bænda. Þau greinast í Búnaðarfélag Íslands annars vegar, sem annast hinn faglega þátt félagsstarfseminnar og Stéttarsamband bænda hins vegar, en það annast hinn beina hagsmunaþátt félagsstarfseminnar.

Fyrstu hreppabúnaðarfélögin voru stofnuð árið 1842. Félögin höfðu að markmiði að vinna að alhliða umbótum á búrekstri bænda. Þau veittu verðlaun fyrir aukið framtak í búrekstri, þau hvöttu til margvíslegra búnaðarumbóta með leiðbeiningum og létu búfróða menn ferðast um og veita verklega aðstoð við jarðabætur.

Árið 1928 var það gert að skilyrði fyrir greiðslu styrks til einstaklinga, samkvæmt jarðræktarlögunum, að þeir væru félagar í hreppabúnaðarfélagi og er svo enn. Nú eru starfandi um 200 hreppabúnaðarfélög í landinu.

Stofnun búnaðarsambandanna hófst árið 1902. Þau eru samtök hreppabúnaðarfélaganna og fara með yfirstjórn búnaðarmála, hvert á sínu svæði. Þau annast leiðbeiningarstarfsemi fyrir bændur, á sviði jarðræktar og búfjárræktar, og margvíslega aðra starfsemi, sem lýtur að framkvæmd búnaðarmála. Búnaðarsamböndin eru 15 talsins.

Búnaðarfélag Íslands er landssamtök bænda og eru búnaðarfélögin og búnaðarsamböndin deildir í því. Það var stofnað árið 1899. Búnaðarfélagið var arftaki enn eldri samtaka, Húss- og bústjórnarfélags Suðuramtsins, sem stofnað var 1837. Búnaðarfélag Íslands annast yfirstjórn búnaðarmála í landinu, annarra en verðlags- og kjaramála bænda. Það hefur á hendi umsjón með framkvæmd búfjár- og jarðræktarlaga, og er tengiliður bænda við almenna rannsóknastarfsemi í búvísindum í landinu. Það annast yfirstjórn leiðbeiningarstarfseminnar, rekstur Búreikningastofu landbúnaðarins og fjölmargt annað, sem of langt mál væri að telja. Búnaðarþing fer með æðstu stjórn búnaðarfélagsskaparins. Fulltrúar á Búnaðarþingi eru 25. Þeir eru ýmist kosnir beinni kosningu á hverju búnaðarsambandssvæði eða á aðalfundum búnaðarsambandanna. Búnaðarþing kemur saman árlega. Það kýs Búnaðarfélagi Íslands stjórn. Búnaðarþing fær til umsagnar flest þau lagafrumvörp, sem Alþingi fjallar um og snerta málefni landbúnaðarins. Það hefur því haft

mjög mikil áhrif á þá lagasetningu, sem hér að framan er lýst og hefur haft forgöngu um hana að miklu leyti.

Kostnaður við starfsemi Búnaðarfélágs Íslands er að mestu greiddur úr ríkissjóði.

Stéttarsamband bænda var stofnað árið 1945. Hlutverk þess er að vera baráttuaðili bændastéttarinnar um hagsmunamál hennar. Á 3. og 4. áratug aldarinnar höfðu stéttarfélög verkamanna og launamanna eflst mjög. Hlutföllin í þjóðfélaginu höfðu raskast og minni hluti þjóðarinnar vann að landbúnaði en áður var. Komu þá fram raddir meðal bænda um að stofna yrði samtök um hagsmuni stéttarinnar, ef viðunandi jafnvægi ætti að haldast milli stétta þjóðfélagsins. Um 1930 voru stofnuð Landssamtök bænda, en þau störfuðu aðeins fá ár.

Haustið 1944 urðu miklar deilur um meðferð verðlagsmála. Landbúnaðarvísitalan hafði þá hækkað um 9.4%. Ríkisstjórnin fór þá fram á, að Búnaðarþing samþykkti eftirgjöf á þeirri hækkun. Miklar deilur urðu um þetta en meirihluti búnaðarþingsfulltrúa samþykkti þó eftirgjöfina í trausti þess að kaupgjaldi yrði almennt haldið niðri, en við það var ekki staðið.

Eftir þetta komu fram mjög háværar raddir meðal bænda um að nauðsynlegt væri að stofna sérstök hagsmunasamtök, sem væru fjárhagslega og á annan hátt óháð ríkisvaldinu. Var þá Stéttarsambandið stofnað að Laugarvatni 9. september 1945.

Hlutverk sambandsins er að sameina bændur um sérstök hagsmunamál stéttarinnar og hafa forustu um, að þeir beiti samtakamætti sínum til að fá framgengt sanngjörnum og sameiginlegum kröfum þeirra í verðlags- og viðskiptamálum.

Uppbygging Stéttarsambands bænda er þannig, að hreppabúnaðarfélögin kjósa tvo fultrúa (kjörmenn) hvert til að mæta á svonefndum kjörmannafundi í hverri sýslu. Kjörmannafundurinn kýs síðan tvo fulltrúa á aðalfund sambandsins. Kosning til aðalfundar fer fram annað hvert ár. Aðalfundurinn er æðsta samkoma sambandsins. Þar eru rædd verðlags- og kjaramál stéttarinnar og stefna mörkuð í þeim efnum. Fundurinn kýs sjö manna stjórn fyrir sambandið annað hvert ár. Stjórn Stéttarsambandsins skipar meirihluta Framleiðsluráðs og kýs tvo fulltrúa í Sexmannanefnd. Það er því að mjög miklu leyti ráðandi um framkvæmd verðlags- og afurðasölulöggjafarinnar. Síðan það kom til sögunnar hefur það einnig haft mikil áhrif á lagasetningu um landbúnaðarmál.

14. Landbúnaðarstefnan og framkvæmd hennar.

Hér að framan hefur verið greint frá þeim lagalega ramma, sem markað hefur landbúnaðarstefnu hins opinbera síðustu 40 árin. Þýðingarmestu lagabálkarnir voru samþykktir á Alþingi á 24 ára tímabili eða frá 1923—1947. Það eru Jarðræktarlögin, Búfjárræktarlögin, lögin um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir, nýbýlalöggjöfin, afurðasölulöggjöfin og ákvæði um lánastofnanir landbúnaðarins. Í lagasetningu þessari virðast felast fjögur megin markmið.

Efling landbúnaðarins til að framleiða vörur til að fullnægja þörfum þjóðarinnar og tryggja á þann hátt öryggi hennar og til gjaldeyrisöflunar.

Í öðru lagi hefur verið stefnt að því að tryggja þeim, sem búvöruframleiðslu stunda hliðstæðar tekjur og aðrar tilteknar stéttir hafa.

Í þriðja lagi er stefnt að því að gera framleiðsluna ódýrari með því að auka afköst og hagræði í landbúnaðarframleiðslunni svo sem frekast er unnt til að tryggja neytendum sem hagstæðast verð á búvörum.

Í fjórða og síðasta lagi felst í stefnunni rík viðleitni til að viðhalda jafnvægi í byggð landsins.

Á öllum þessum sviðum hefur orðið verulegur árangur, þótt takmarkinu hafi ekki að öllu leyti verið náð.

Í heild ber stefnan vott um stórhug þeirra manna, sem mestan þátt áttu í að móta hana, og kjark þeirra til að bregðast við aðsteðjandi vanda.

Stefnan ber þess hins vegar vott, að hún mótast af lagasetningu, sem samþykkt er á nær þriggja áratuga tímabili og að í því efni er ekki fylgt neinni heildaráætlun, heldur er brugðist við aðsteðjandi þörfum og vandamálum eftir því sem þau myndast og leitast við að leysa þau. Á það ber að líta, að á þeim tíma, sem stefnumörkunin fór fram, var ríkjandi hér skortur á flestum landbúnaðarvörum og því eðlilegt að tilhugsunin um að aðhaldsaðgerða í landbúnaði yrði þörf, væri ráðamönnum þjóðarinnar og forystumönnum landbúnaðarins fjarlæg.

Þá er það einkennandi fyrir framkvæmd stefnunnar, að ekki hefur verið fylgt neinni fyrirfram gerðri áætlun um heildarþróun landbúnaðarins, hvorki fyrir einstakar framleiðslugreinar eða heildarþróun framleiðslunnar eftir landshlutum og mismunandi búskaparaðstöðu. Að vísu hafa verið gerðar áætlanir og sett markmið um einstaka framkvæmdaþætti, svo sem túnrækt, og Stéttarsamband bænda gerði árið 1950 10 ára áætlun um framkvæmdir í landbúnaði. Stóðst sú áætlun í meginatriðum. Af opinberri hálfu hefur þessum málum lítt eða ekki verið sinnt, nema hvað gerðar hafa verið áætlanir um þróun landbúnaðar á nokkrum afmörkuðum svæðum, þar sem hætta var á eyðingu byggðar. Verður nú vikið stuttlega að einstökum atriðum stefnunnar og framkvæmd þeirra.

Það er athyglisvert, að viðleitni stjórnvalda og forráðamanna landbúnaðarins til að örva framleiðsluna hefur nær eingöngu beinst að tveim höfuðgreinum landbúnaðarins, nautgriparækt og sauðfjárrækt.

Áður er bent á að hér á landi var ríkjandi skortur á öllum helstu búvörum allt fram á sjötta áratuginn. Þetta á þó ekki við um kindakjöt, að undanskildu tímabilinu frá 1948—1955.

Skortur var á mjólk allt fram til 1959 og varð að flytja inn smjör flest ár. Frá 1960 hefur ekki verið hér mjólkurskortur, en þurft hefur að flytja mjólk og rjóma milli landshluta, sum árin í allverulegum mæli.

Það verður því að teljast eðlilegt mat yfirvalda að örva fyrst þær framleiðslugreinar sem mestu máli skipta fyrir þjóðarheildina. Hins vegar virðist nú ástæða til að staldra við og endurmeta það viðhorf.

Frá árinu 1961 hefur mjólkurframleiðslan verið meiri en þörf er fyrir innanlands. Hefur það verið nokkuð misjafnt eftir árum. Síðastliðin 17 ár hefur framleiðslan 5 sinnum orðið meiri en 10% umfram notkun innanlands (sjá nánar í kaflanum um markaðsmálin).

Fjölbreytni í framboði mjólkurvara hefur aukist mjög mikið í samræmi við óskir neytenda.

Kindakjöt hefur verið flutt út í verulegu magni árlega frá 1957. Hlutfall útflutnings af heildarmagni hefur verið sveiflukennt, síðustu 4 árin jafnt og þétt vaxandi, og er gert ráð fyrir að flutt verði út 35% af framleiðslu síðasta hausts.

Skortur er á nautakjöti.

Það stefnumið, að fullnægja þörfum þjóðarinnar fyrir búvörur, mun framan af hafa átt við um neyluvörur eingöngu. Með vaxandi iðnaði úr ull og skinnum hefur þetta markmið smám saman fengið víðari merkingu og hefur það átt sinn þátt í að sauðfjárræktin hefur aukist svo sem raun ber vitni.

Eins og að framan segir, virðist athygli ráðamanna aðallega hafa beinst að hinum hefðbundnu búgreinum. Aukabúgreinarnar svokölluðu, garðyrkja og alifugla- og svínarækt, hafa því þróast án verulegra skipulagsaðgerða.

Kartöfluuppskeran hefur verið mjög sveiflukennd vegna áhrifa árferðis. Hefur orðið að flytja inn kartöflur flest ár, stundum fast að ⅓ neyslunnar. Aðstaða til kartöfluræktar er all misjöfn eftir landshlutum og staðháttum. Hefur framleiðslan að mestu færst til þeirra landshluta, þar sem uppskera er árvissust, án sérstakra skipulagsaðgerða.

Neysla á grænmeti og garðávöxtum er hér tiltölulega lítil, miðað við það sem gerist með öðrum þjóðum. Ræðst það fyrst og fremst af því, að framleiðslan í landinu er lítil. Líkur eru á að hana megi auka verulega.

Framleiðsla svína- og alifugla hefur farið ört vaxandi síðustu ár, eftir því sem markaðsaðstæður hafa gefið tilefni til. Þessar framleiðslugreinar eru að mestu utan sölukerfis landbúnaðarins og eru ekki verðskráðar af Sexmannanefnd. Framboðið hefur verið stöðugt síðustu ár og, að því er virðist, í samræmi við eftirspurn. Þó bendir tímabundinn skortur á eggjum til þess að nokkuð megi auka þá framleiðslu og með markaðsjöfnun mætti nýta markaðinn betur um landið allt.

Báðar þessar síðasttöldu framleiðslugreinar byggja að mestu á innfluttu fóðri. Það er því umhugsunarefni með tilliti til öryggis þjóðarinnar og af fleiri ástæðum að hve miklu leyti er skynsamlegt að færa kjötframleiðsluna yfir í þær greinar, umfram það, sem óskir neytenda gefa tilefni til. Miklar sveiflur á kornverði gætu valdið erfiðleikum og einnig gætu hömlur á flutningum til landsins valdið erfiðleikum. Þess ber að geta, að þessar framleiðslugreinar hafa notið hliðstæðrar lánafyrirgreiðslu og aðrar búgreinar njóta.

Af framansögðu er ljóst, að nokkur misvöxtur er í búvöruframleiðslunni. Talsverð framleiðsla umfram þarfir í sumum greinum og nauðsyn að draga úr, en þörf að auka framleiðslu í öðrum, og jafnvel taka upp nýjar.

Tekjumarkmiðið: Fram til ársins 1947 þegar tekin var upp föst viðmiðun um tekjur bænda var afkoma þeirra mjög ótrygg og háð verðsveiflum á erlendum mörkuðum.

Tekjuviðmiðunarákvæði Framleiðsluráðslaganna og síðar ákvæðin um útflutningsbætur hafa því breytt mjög miklu um afkomu bændastéttarinnar og aukið öryggi hennar. Tekjutrygging útflutningsbótaákvæðisins fellur niður strax og framleiðslan fer yfir 10% hámarkið. Hins vegar hafa bændur sjaldan náð sömu tekjum og viðmiðunastéttirnar, a. m. k. síðustu tvo áratugina.

Ástæðurnar eru einkum þær, að ekki hafa fengist viðurkenndir að fullu veigamiklir kostnaðarliðir við búreksturinn og vinnslu og sölu varanna. Einnig hafa ekki verið metin, við verðlagsákvörðun, ýmis hlunnindi viðmiðunarstéttanna. Ennfremur rýrir það tekjur bænda mjög í mikilli verðbólgu hve seint þeir fá að fullu greitt fyrir afurðir sínar. Það skal tekið fram, að raunhæfur samanburður á tekjum bænda og viðmiðunarstéttanna er afar erfiður og margt sem orkar tvímælis.

Tekjuviðmiðunarákvæði Framleiðsluráðslagann ná eingöngu til samanburðar á beinum peningatekjum. Ekki er gert ráð fyrir samanburði á ýmisri annarri aðstöðu og félagslegri fyrirgreiðslu, sem viðmiðunarstéttirnar njóta fram yfir bændur.

Þetta hefur leitt til þess, að viðleitni Sexmannanefndar til að tryggja afkomu bændastéttarinnar hefur því nær eingöngu beinst að hækkun ú búvöruverðinu. Verðlagskerfið hefur ekki boðið upp á möguleika á að ná því marki eftir öðrum leiðum. Af þessum sökum hafa umbætur á félagslegri stöðu búvöruframleiðenda að mestu setið á hakanum fram til þessa.

Framleiðnimarkmið: Jafnframt því, sem flest atriði landbúnaðarstefnunnar lúta að því að örva búvöruframleiðsluna, miða þau að því að gera framleiðsluna hagkvæmari og verð til neytenda hagstæðara. Þetta felst í ákvæðum Jarðræktarlaganna, sem miða að hagkvæmri ræktun og uppbyggingu útihúsa, jafnframt því sem framlög til framkvæmda samkvæmt lögunum má skoða sem niðurgreiðslu á kostnaði við framkvæmdir. Kynbótastarfsemi, fyrir áhrif Búfjárræktarlaganna, hefur stóraukið afköst hverrar búfjáreiningar, söluskipulag landbúnaðarins, sem byggir á ákvæðum afurðasölulöggjafarinnar, hefur stuðlað að lækkun vinnslu- og sölukostnaðar varanna til hags, bæði fyrir neytendur og framleiðendur.

Þá má nefna leiðbeiningarþjónustuna og starfsemi rannsóknastofnana, sem stefna að þessu sama marki.

Fyrirgreiðsla lánastofnana og viðleitni stjórnvalda til að tryggja ódýrt fjármagn til uppbyggingar í landbúnaði, miða einnig að sama markinu. Sú ákvörðun að lána verðtryggt fé Stofnlánadeildar út óverðtryggt til framkvæmda á bújörðum er í raun jafngildi þess að greiða niður fjármagnskostnað og miðar að því að halda

niðri verði á búvörum. Hins vegar virðist þeirri spurningu enn ósvarað hver á að borga, eins og áður er að vikið. Er það einn þeirra þátta, sem sýnir hvað ljósast ósamræmið í landbúnaðarstefnunni.

Ef litið er á þróun grundvallarbúsins, er augljóst, að um verulega framleiðsluaukningu er að ræða.

Bústofn grundvallarbúsins hefur aukist úr 187 ærgildum árið 1947 í 440 ærgildi á s. l. hausti. Mjólkurmagn hefur aukist úr 13 500 lítrum í nær 35 000 lítra á sama tíma og magn kindakjöts úr 1 000 kg í 3 570 kg. Afurðamagn hefur farið vaxandi á hverja búfjáreiningu, en vinnumagn á grundvallarbúinu hefur staðið nær óbreytt þennan tíma.

Við verðlagningu búvara hefur ávallt verið tekið tillit til aukningar í afurðamagni við ákvörðun teknahliðar grundvallarins, þannig að afkastaaukning búsins hefur stuðlað að lægra verði til neytenda.

Á hinn bóginn hefur sífelld stækkun grundvallarbúsins verkað mjög framleiðsluhvetjandi.

Af framansögðu virðist ljóst, að viðleitni stjórnvalda til að auka framleiðni og hagræði hverskonar í landbúnaðinum hafi skilað góðum árangri, þótt vafalaust megi deila um hvort það hefði mátt gera með minni tilkostnaði.

Slíkar aðgerðir hljóta að teljast jákvæðar fyrir landbúnaðinn og þjóðina alla að því marki, sem þær stuðla að því að fyrstu tveim markmiðum landbúnaðarstefnunnar verði náð, þ. e. að tryggja þjóðinni nægar búvörur í meðalári og örugga afsetningu nokkurs umframmagns þegar betur árar og með því jafnframt tryggja bændastéttinni það tekjuöryggi, sem að er stefnt.

Þegar þessu marki er náð, þarf að staldra við og endurmeta allar aðstæður. Kemur þá ekki síst til álita að hve miklu leyti er æskilegt eða nauðsynlegt að stunda hér sauðfjárrækt til að tryggja nægilegt hráefni í iðnaðarframleiðslu og jafnframt þýðing landbúnaðarins í viðleitni stjórnvalda til að viðhalda jafnvægi í byggð landsins.

Flestir munu sammála um, að nú sé framleiðsla mjólkur og kindakjöts komin verulega fram úr því magni, sem löggjafinn taldi æskilegt. Framleiðsluaukningin verkar andstætt tekjumarkmiðinu þegar svo er komið, að bændur fá aðeins hluta framleiðslukostnaðarverðs fyrir nokkuð af framleiðslu sinni. Óhjákvæmilegt virðist því að stöðva framleiðsluaukninguna og draga síðan úr mjólkurframleiðslunni að ákveðnu marki.

Þá kemur að því, sem er einn megin annmarki landbúnaðarstefnunnar, að ekki hefur við lagasetningu verið gert ráð fyrir þeim möguleika að hamla þyrfti gegn offramleiðslu. Þetta hefur ýmsum ráðamönnum landbúnaðar og þjóðarinnar verið ljóst í all mörg ár, en ekki náðst samstaða um lögfestingu heimilda til slíkra aðgerða.

Óbreytt framhald þeirrar stefnu, sem miðað hefur að því að fullnægja framleiðslumarkmiðinu er því hvorki til hags fyrir landbúnaðinn eða þjóðarheildina við núverandi aðstæður.

Við endurskoðun stefnunnar er nauðsynlegt að hafa í huga að verulegur hluti ræktunar- og byggingarframkvæmda á bújörðum eru viðhalds- og endurnýjunarverkefni, sem ekki leiða til framleiðsluauka, en kostar óhjákvæmilega all mikla fjárfestingu.

Beita þarf stjórntækjum þannig, að framleiðslumarkmiðum verði náð í þeim áföngum og með þeim hraða, sem æskilegur er talinn af félagslegum og efnalegum ástæðum.

Byggðajafnvægið. Það er yfirlýst stefna stjórnvalda, að leitast skuli við að halda jafnvægi í byggð landsins og koma í veg fyrir frekari byggðaröskun en nú er orðin. Fjórða meginmarkmið landbúnaðarstefnunnar lýtur að þessu verkefni. Markvisst hefur verið unnið að því að treysta byggðina á undanförnum áratugum, m. a. með stofnun nýbýla allt framt til 1970, og sérstakri fjárhagsfyrirgreiðslu við þau. Sérstök fyrirgreiðsla hefur verið veitt til býla undir vissri stærð og á síðustu árum

hafa verið gerðar áætlanir um að treysta byggð á svæðum, sem hætta er á, að fari í eyði.

Í árslok 1948 voru 5 719 jarðir í fastri ábúð á öllu landinu. Í árslok 1977 voru þær 4 971 samkvæmt jarðaskrá Landnáms ríkisins. Þar af var lítill sem enginn búrekstur á 600 jörðum. Samkvæmt spaldskrá Stétarsambands bænda voru bændur með búvöruframleiðslu 4 472 í árslok 1976 og telur Stéttarsambandið að sú tala hafi lítið breyst.

Miðað við reynslu undanfarinna áratuga er ólíklegt, að hjá því verði komist, að nokkur fjöldi jarða fari í eyði á næstu árum og bændum fækki. Það er ekki markmið Byggðastefnunnar að halda tölu byggðra jarða og bændatölu óbreyttri, heldur að koma í veg fyrir frekari óskipulega grisjun byggðar, einkum á **þeim** stöðum, þar sem hún er veikust. Fækkun bænda þarf þó ekki að þýða samsvarandi fækkun fólks í sveitum, ef að því er unnið að fjölga þar atvinnutækifærum við annað en framleiðslu í hefðbundnum búgreinum.

Ekki hefur verið skilið á milli fyrirgreiðslu hins opinbera við landbúnaðinn almennt og viðleitni þess til að viðhalda byggðajafnvægi, nema með fáum undantekningum á allra síðustu árum.

Viðleitni til að viðhalda byggð á afskekktum stöðum stríðir að nokkru á móti þriðja markmiði — framleiðnimarkmiðinu, — og er ekki tvímælalaust hagur bændastéttarinnar. Því er æskilegt, að framvegis verði skýrar aðgreindur stuðningur við einstakar byggðir og við landbúnaðinn í heild. Á móti kemur, að víða á afskekktum stöðum er um að ræða nýtingu sérstakra hlunninda, sem annars kæmu að litlu gagni.

Einnig er mikilvægt, að öll fjármagnsfyrirgreiðsla við landbúnaðinn taki framvegis mið af búskaparstöðu á einstökum jörðum, landskostum á einstökum svæðum og markaðsaðstæðum.

Niðurlag.

Hér að framan hefur verið reynt að gera úttekt á landbúnaðarstefnu síðustu áratuga og því hvernig framkvæmd hennar hefur tekist. Niðurstaða þessara hugleiðinga er sú, að í megin atriðum hafi markmiðum stefnunnar verið náð. Hins vegar virðist augljóst, að heildarskipulag hafi skort og misræmi skapast milli framleiðslu og markaðsmöguleika í einstökum greinum síðustu tvo áratugina. Heimildir til stjórnunar eru ekki fyrir hendi.

Við mótun nýrrar landbúnaðarstefnu hlýtur að verða að taka mið af þessum staðreyndum.

Heimildir:

Árbók landbúnaðarins, árgangar 1950, 1970 og 1972. Opinberar aðgerðir og atvinnulífið 1950—1970. Stjórnartíðindi, ýmsir árgangar. Heimildir frá Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Landnámi ríkisins, Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl. heimildir.

III. KAFLI
ÞRÓUN LANDBÚNAÐARINS SÍÐUSTU ÁRIN

Í þessum kafla verður lýst ýmsum atriðum í þróun landbúnaðarins síðustu áratugina. Í flestum tilfellum verður miðað við tímabilið frá 1947 þegar lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins voru sett. Í sumum atriðum eru þó ekki handbærar áreiðanlegar tölur frá þeim tíma, og er þá ýmist miðað við árið 1960 eða 1970.

1. Framkvæmdir í sveitum.

Tölurnar í meðfylgjandi töflu eru fengnar úr jarðabótaskýrslum sem borist hafa Búnaðarfélagi Íslands. Við áætlun um túnstærð, hefur verið reynt að áætla hve mikið hefur fallið úr ræktun vegna þess að jarðir fara í eyði eða tún hefur farið undir mannvirki.

Með endurvinnslu er hér talin túnasléttun eða eyðing túnþýfis. Þær ræktunarframkvæmdir voru einkum áberandi fyrri hluta þess tímabils, sem hér um ræðir. Fram til 1961 eru einungis taldir nýir grænfóðurakrar í dálknum grænfóðurakrar ha, en frá 1962 allir grænfóðurakrar.

Þær jarðræktarframkvæmdir, sem ekki eru taldar í töflunni, en framlag fæst á samkvæmt jarðræktarlögum eru í minni mæli en flestar þær sem í töflunni eru. Þær eru: handgrafnir skurðir, kílræsi, önnur lokræsi, s.s. plastpípuræsi, hnausræsi og grjótræsi, grjótnám, kölkun túna, flóðvarnargarðar, flóðgáttir, vatnsbrýr og hagaskurðir.

Ár	Girðingar km	Vélgrafnir skurðir þús. m³	Nýrækt ha.	Endurvinnsla ha.	Grænfóður ha.	Túnastærð ca. ha.	Plógræsi km	Hagarækt ha.
1947		729	1205	736	—			
1948		1351	1562	850	43			
1949		1634	1296	568	42			
1950	255	2074	2196	708	162	44 500		
1951	305	1900	2461	680	42			
1952	415	2575	2674	610	106			
1953	401	2962	3016	437	138			
1954	396	3413	2638	1054	39			
1955	546	3013	2474	750	26	57 500		
1956	610	3925	3382	88	18			
1957	593	4042	3576	133	23			
1958	605	4093	3960	132	19			
1959	628	3899	4500	85	30			
1960	560	3273	3696	96	44	75 000		
1961	585	2798	3990	103	42			
1962	643	2482	3827	115	572		13	
1963	591	3488	4445	225	374		946	
1964	840	5375	6084	218	1055		2696	
1965	761	4057	5050	298	969	97 000	3608	
1966	722	3968	4081	316	913		3018	
1967	923	5715	5630	445	1173		5186	
1968	876	6422	5163	675	1706		6798	
1969	670	4455	4124	771	1941		4821	
1970	665	5340	3248	858	3460	117 000	4992	
1971	636	5573	3695	963	3455		6756	
1972	852	5241	3299	736	3222		3668	5
1973	774	3985	2994	562	3483		1669	590
1974	688	5131	2848	483	3585		2376	529
1975	732	4142	2996	627	3560	130 000	1715	564
1976	699	4477	3193	451	3976		2928	403
1977	579	3858	2807	450	4768		2640	437

Heimild: Búnaðarfélag Íslands.

Byggingar, sem hafa fengið framlag samkv. jarðræktarlögum.

Ár	Áburðar-hús m³	Þurrheys-hlöður m³	Votheys-hlöður m³	Súgþurrk-unarkerfi m²
1950	10 697	55 640	24 065	
1951	12 707	66 400	34 085	
1952	13 061	68 643	22 291	
1953	8 642	149 518	14 658	
1954	15 979	152 424	24 637	
1955	19 901	174 691	17 923	17 654
1956	22 014	125 193	21 691	15 809
1957	24 320	152 734	12 787	20 784
1958	22 629	159 585	15 403	20 660
1959	19 484	161 194	15 351	22 281
1960	17 706	107 786	13 302	21 207
1961	16 418	104 051	8 614	18 694
1962	17 255	155 733	13 163	28 279
1963	15 912	136 573	14 211	19 741
1964	27 788	134 444	10 939	32 164
1965	28 968	211 702	8 406	46 064
1966	41 538	171 205	7 341	37 205
1967	43 852	174 324	3 148	48 212
1968	31 678	173 001	4 135	59 469
1969	27 764	80 726	3 748	36 097
1970	24 254	56 115	11 094	17 182
1971	35 714	90 649	8 565	18 559
1972	48 156	163 268	13 235	16 754
1973	79 820	188 916	21 658	20 344
1974	113 518	161 003	23 569	15 868
1975	69 484	120 660	17 410	20 592
1976	77 381	116 918	27 892	16 389
1977	99 939	136 380	70 976	19 229

Auk ofantalinna framkvæmda hefur verið veitt framlag á haugstæði, matjurtageymslur og verkfærahús, en í litlum mæli.

Heimild: Búnaðarfélag Íslands.

2. Notkun tilbúins áburðar.

Tilbúinn áburður var fyrst fluttur til landsins árið 1898. Segja má að allt fram til ársins 1925 hafi verið um að ræða innflutning í tilraunaskyni og fór notkun ekki að verða almenn fyrr en á 4. áratugnum. Árið 1954 tók Áburðarverksmiðja ríkisins til starfa og jókst þá áburðarnotkun verulega. Síðustu þrjú árin hafa um ⅔ áburðarins verið innlend framleiðsla en ⅓ innfluttur.

Eftirfarandi tafla sýnir notkun tilbúins áburðar, hrein efni í tonnum (N_2 + P_2O_5 + K_2O), frá árinu 1900.

1900—1904[1])	3
1911—1914	1
1921—1925	38
1931—1935	730
1941—1945	1 250

1) Meðaltal 5 ára.

1951—1955[2])	6 472
1961—1965	16 786
1971—1975	26 095
1978[3])	29 103

Heimild: Hagstofa Íslands.

3. Fóðurframleiðsla og fóðurnýting.

Fóðuröflun.

Í eftirfarandi yfirliti er fjallað um fóðuröflun í landinu um 30 ára skeið, eða á árunum frá og með 1948—1977. Hvað varðar notkun fóðursins til hinna ýmsu þarfa er miðað við þann bústofn sem var í landinu árið 1977 og framleiðslu þess árs.

Um magn heimafengins fóðurs af túni og engjum er vert að geta þess, að til ársins 1963 var allur heyfengur talinn í hestburðum. Til þess tíma voru tölurnar fengnar á haustnóttum er bændur tjáðu hreppstjórum heyfeng sinn, en þær tölur komu seint, og frá sumum aldrei öruggar, til Hagstofunnar.

Með breytingu búfjárræktarlaganna árið 1963 var svo fyrir mælt, að sveitarstjórnir réðu forðagæslumenn, sem mældu heyfeng og teldu hann í m³. Hefur sá háttur haldist síðan og tölur yfir fjölda búfjár og magn heyfengs síðan tjáð, á til þess gerðum eyðublöðum, en Hagstofa Íslands birtir niðurstöðurnar árlega í Hagtíðindum. Forðagæsla Búnaðarfélags Íslands og Hagstofan hafa síðan unnið saman að framkvæmd forðagæslunnar.

Til og með árinu 1963 var magn heyfengs talið í hestburðum, sem áreiðanlega hafa ekki verið 100 kg eins og nú er reiknað, en að meðaltali er nú reiknað með 100 kg þurrheys í m³ og tvöfalt magn næringargildis í hverjum m³ votheys.

Í töflu I. er yfirlit yfir heyfeng, talinn í m³ á umræddu 30 ára skeiði. Taflan sýnir hins vegar ekki raunverulegt fóðurgildi heyjanna en það er mjög breytilegt frá ári til árs, aðallega eftir verkunarskilyrðum. Taflan sýnir stöðugt vaxandi heyfeng, einkum þurrheysmagn. Útheysmagn er svo lítið nú orðið, að það er ekki talið sér, og magn votheys er mjög jafnt frá ári til árs.

TAFLA I.

Ár:	Þurrhey, þús. m³:	Vothey, þús. m³:	Úthey, þús. m³:	Innfl. kjarnf. tonn:
1948	1 552[1])		642	
1949	1 505		624	
1950	1 479	109	595	13 959[2])
1951	1 279	105	788	11 443
1952	1 335	107	766	14 425
1953	1 911	136	690	14 056
1954	1 222	280	554	13 062
1955	1 991	168	403	21 814
1956	2 248	158	413	24 075
1957	2 595	177	385	18 924
1958	2 455	158	447	16 167
1959	2 845	178	246	17 406
1960	3 066	163	312	18 691
1961	3 125	174	229	22 635

2) Áburðarverksmiðjan tók til starfa 1954.

3) Notkun ársins 1978.

1) Samkvæmt forðagæsluskýrslum.

2) Samkvæmt innflutningsskýrslum Hagstofu Íslands.

Ár:	Þurrhey, þús. m³:	Vothey, þús. m³:	Úthey. þús. m³:	Innfl. kjarnf. tonn:
1962	2 936	160	268	28 436
1963	3 020	151	222	30 302
1964	2 775	140	84	32 758
1965	2 901	137		35 007
1966	2 708	98		34 733
1967	2 645	96		52 004
1968	2 763	114	56	57 812
1969	2 264	154	39	55 066
1970	2 060	141	92	70 910
1971	3 090	141	35	59 903
1972	3 567	163	21	58 175
1973	3 426	139	15	65 309
1974	3 309	120	0	58 134
1975	3 328	153	0	55 367
1976	3 585	155	0	67 046
1977	3 735	162	0	71 194

Taflan sýnir að á árunum 1948—52 var árlegt magn þurrheys um 1.5 millj. hestburða að meðaltali, en á árunum 1973—1977 nálægt 3.5 millj. m³ að meðaltali árlega, með metári í sögu þjóðarinnar árið 1977.

Til viðbótar þessari innanlandsframleiðslu ber að geta framleiðslu hraðþurrkaðrar vöru, grasköggla og mjöls úr grasi og grænfóðri. Framleiðsla þess hefur verið á árunum 1975—1977:

Árið 1975 5 496 tonn
Árið 1976 7 866 tonn } Meðaltal þriggja ára: 7 186 tonn.
Árið 1977 8 197 tonn

Mælt í fóðureiningum gerir þetta að meðaltali um 5 millj. F.E. árlega á þessu þriggja ára tímabili.

Aftasti liður töflu 1, sýnir innflutt kjarnfóður samkvæmt innflutningsskýrslum Hagstofunnar, frá ári til árs, talið í tonnum, en þar má meta hvert kg 1 F.E. Þær tölur sýna rúmlega 70 þúsund tonna innflutning árlega þegar mest hefur verið notað, en það var á árunum 1970 og aftur 1977, eftir að brestur hafði í báðum tilvikum orðið á heyfeng. Sönnun þess var fengin 1977 eftir stórfellt hrakviðrasumar sunnanlands og vestan 1976. Nefnd, sem starfaði í ársbyrjun 1977 við að meta afföll á eftirtekjunni, komst að þeirri niðurstöðu, að rýrnun hennar hafi að verðgildi numið a. m. k. 800—900 millj. króna, sem bæta varð upp að verulegu leyti með erlendu fóðri.

Fóðurþörf.

Næst er að líta á hvernig umrætt fóður hefur verið notað að undanförnu. Er þá eðlilegt að skipta árinu annars vegar í innifóðrunartíma búfjárins og hins vegar beitartíma og meta það sem sumarlöndin ásamt grænfóðri hafa gefið:

TAFLA II.

Vetrarfóðrið:

a) **Nautpeningur.**

	Þús. F.E.:
Suðurland, 16 500 kýr í 240 daga á 3.8 F.E.	15 048
Aðrir landshl. 20 500 í 270 daga á 3.8 F.E.	21 032
Viðhaldsfóður	**36 080**

	Þús. F.E.:
Ungviði 25 000 í 280 daga, 3.3 F.E. á dag, vöxtur og viðhald: 25 000 x 280 x 3.3	23 100
Fósturmyndun: 37 000 kýr x 0.85 = 31 000, 31 000 kálfar á 70 F.E.	2 170
5/12 af ársframleiðslu mjólkur, eða 75 millj. kg	30 000
Samtals F.E.	91 350

b) **Sauðfé.**

Allt landið áætlað 700 þúsund ær, viðhaldsf. 0.58 F.E. húsvistarskeið 210 dagar, samtals	85 260
Fósturmyndun: 1.1 millj. fóstur á 10 F.E.	11 000
Geldfé alls 170 þúsund, húsvist 230 daga, á dag 0.70 F.E., 170 000 x 230 x 0.7	27 740
Samtals F.E.	124 000

Hér er öll fósturmyndun kúnna færð á vetrarfóður, sem er ekki alveg rétt, en vafalaust fer meiri hluti hennar fram á þessu skeiði. Af tölum þessum má sjá, að til viðhalds og fósturmyndunar þarf kýrin sunnanlands, um 970 F.E. en í öðrum landshlutum tæplega 1 100 F.E. í innifóðri ár hvert að meðaltali.

Ekki fer á milli mála, að fósturmyndun hjá sauðfé, er öll af vetrarfóðri. Skipting fjárstofnsins í ær og geldfé er nærri því sem var á árunum 1976 og 1977, en af greindum tölum um viðhaldsfóður, innistöðutíma og stærð fjárstofns, er auðvelt að reikna fóðurþörf handa hvaða bústofnsstærð sem er.

Framangreindar tölur sýna, að samanlagt vetrarfóður umræddra búgreina, má reikna samtals um 215 milljónir fóðureininga.

Í því sambandi er rétt að geta þess að reiknað mjólkurmagn, 75 milljónir kg, er miðað við árið 1977, en það var:

115 463 000 kg innvegið í mjólkurbú,
5 100 000 kg áætluð heimanotkun og
4 445 000 kg rýrnun (3%).

Af þessu magni hafa verið framleidd rétt um 50 milljónir kg á útivistarskeiðinu eða 100 dögum, hitt á innistöðuskeiði með vetrarfóðri.

Hér er ekki reiknað með hrossastofninum sem fær hluta af fóðri því sem safnað er til vetrarforða en magn þess er vandmetið. Hins vegar er tæpast hægt að gera ráð fyrir að minna en 3—4 hundruð F.E. gróffóður sé notað að meðaltali á hross, en það myndi nema samtals 15—20 milljónum fóðureininga vetrarlangt.

Í þessu sambandi er vert að minnast þess, að þær rúmlega 5 milljónir fóðureininga sem árlega hafa verið framleiddar sem hraðþurrkuð og kögguð vara eru mjög gott fóður fyrir hesta og með því þurfa þeir alls ekki innflutta fóðurvöru.

TAFLA III.

Ársfóður hænsna og svína:

1. **Hænsni.**

250 þúsund hænur, á fugl 42 kg	10 500 tonn	14 350 tonn
150 þús. uppeldi til viðh. á 15 kg	2 250 tonn	
400 þúsund kjúkl. til slátr. á 4 kg	1 600 tonn	

2. **Svín.**

Fullorðin svín 1 100 á 1 200 kg fóður	1 320 tonn	5 520 tonn
Grísir samtals 14 000 á 300 kg	4 200 tonn	

TAFLA IV.

Fóðurþörf á húsvistarskeiði:

	Þús. F.E.:
Nautpeningur samtals	91 350
Sauðfé samtals	124 000
Hross, áætluð tala	18 000
Alifuglar	14 350
Svín	5 520
Samtals	253 220

Þegar tekið er tillit til reiknaðrar fóðurnotkunar og þess magns fóðurs, sem aflað hefur verið á árunum 1975—1977, er eðlilegt að reikna meðaltalstölur, þar eð fyrningar færast milli ára og innflutt fóður er jafnan notað að nokkru árið eftir að það kemur til landsins.

Fyrningar af heyfeng sumarsins 1977 eru þannig mjög miklar, líklega 30—40 milljónir F.E. Meðalfengur heyja til notkunar á ári, umrædd 3 ár, hefur numið rétt um 200 milljónum fóðureininga. Þar við hafa svo bæst um 64 millj. F.E. í innfluttu fóðri, að meðaltali, umrædd 3 ár, og hafa því samtals um 265—270 mlljónir fóðureininga verið til umráða að meðaltali á ári. Hins vegar hefur þörfin samkvæmt framanskráðum tölum, numið um 253 milljónum F.E. Mismunurinn er því nálægt 12—15 milljónum F.E. sem að nokkru hafa farið til spillis, (rýrnun við geymslu og notkun), að nokkru til fóðrunar um beitartímann (hámjólka kýr). Mismunurinn er aðeins um 5% og það er lág tala en forsendum í mati heyforðans getur skeikað talsvert meira en nemur þessari tölu.

Sumarfóðrið.

Sumarfóður búfjárins, þegar sleppt er alifuglum og svínum sem eru á innifóðri allt árið, fæst á afréttum, öðrum úthaga, túnum og á síðari árum á grænfóðurbeit í vaxandi mæli.

Til þess að gera sér grein fyrir hve mikils virði sumarbeitin er, með tilliti til afurða bústofnsins, er nauðsynlegt að meta hana tölulega. Hér verður ekki reynt að meta hrossabeitina, heldur aðeins það, sem reikna má sauðfé og nautpeningi. Þess skal fyrst getið, að grænfóður fer til sumarbeitar, að meira en 90%, aðeins lítið eitt er verkað sem vothey.

TAFLA V.

Sumarbeit nautpenings og sauðfjár.

a) **Nautpeningur:**	Þús. F.E.:
Suðurland 16 500 kýr, 125 daga, 4.2 F.E. á dag. Aðrir landshl. 20 500 kýr, 95 daga, 4.2 F.E. á dag. Viðhaldsf. 16 500 x 125 + 20 500 x 95 x 4.2	16 842
Til mjólkurframleiðslu: 50 millj. kg mjólkur	20 000
Ungviði 25 000 á 3.3 F.E. daglega í 85 daga	7 012
Samtals	43 854
b) **Sauðfé:**	
700 000 ær, í 155 daga, 0.65 F.E. á dag	70 525
1 milljón lömb í 135 daga, 0.35 F.E.	47 250
1 milljón lömb í 135 daga, 2 F.E. á kg vaxtarauka	74 000
170 000 geldfé, 135 daga á 0.65 F.E.	17 212
Samtals	208 987

Af töflu 5 má sjá, að umræddar tvær tegundir búfjár safna um 250 milljónum fóðureininga á beit að sumrinu. Þar munar mest um sauðfé, enda fer vöxtur lambanna nær allur fram á beitartímanum. Hér er þó ekki allt talið því að í einhverjum mæli auka ærnar þyngd sína að sumrinu og nota þá þyngdaraukningu sem forða til vetrarins. Þetta má ráða af þeirri staðreynd, að fjöldi fjáreigenda telur skikkanlega fóðrað að vetri, ef lambfull ær vegur um sumarmál ámóta og hún vó á haustnóttum. Hefur þá verulegur hluti næringar til fósturmyndunar raunar skapast af næringarforða frá sumrinu áður.

Sem áður segir verður ekki reynt að meta þá næringu, sem hrossin sækja í beitilöndin. Þess má þó geta að séu hrossin 50 000, og áætlað að hvert hross þurfi til viðhalds daglega um 3.5 F.E. og reiknað með viðhaldsfóðri aðeins, þá nemur fóðurþörfin eftir árið um 64 milljónum fóðureininga. Við það bætist svo næringarþörf til vaxtar, sem aðallega fer fram að sumri. Er þar um verulega fóðurþörf að ræða. Eins og áður var greint mun mega áætla að af fóðurþörf hrossa séu a. m. k. 18 milljónir F.E. vetrarfóður.

Niðurstöður.

Af framanskráðu má sjá hver er næringarþörf bústofns þess, sem nú er í landinu og hvernig hún skiptist milli hinna ýmsu búgreina eftir árstímum og framleiðslumagni. Miðað við núverandi bústofn og framleiðslumagn er fóðurþörf á húsvist samtals rúmlega 250 milljónir F.E., eins og fram kemur í töflu 4, þar af 60 milljónir F.E. í kjarnfóðri, eða 24%, sem að meginmagni er innflutt. Um ⅓ innflutts fóðurs fer til fóðrunar á alifuglum og svínum.

Með bættri verkun heyja, aukinni framleiðslu grasköggla og innlends fóðurmjöls, má draga verulega úr notkun innflutts fóðurs.

4. Framleiðsla grasmjöls og grasköggla.

Framleiðsla grasmjöls hófst á Stórólfsvallabúinu í Rangárvallasýslu árið 1961 og grasköggla framleiðsla í Gunnarsholti árið 1964. Nú starfa 5 grasköggla verksmiðjur á landinu. Framleiðslan er mestmegnis grasköggla en einnig lítils háttar grasmjöl.

Eftirfarandi tafla sýnir þróun þessarar framleiðslu árið 1961.

Ár:	Magn, tonn:	Ár:	Magn, tonn:
1961	230	1970	1 371
1962	404	1971	2 380
1963	394	1972	2 928
1964	844	1973	3 550
1965	1 012	1974	3 626
1966	1 331	1975	5 427
1967	909	1976	7 866
1968	1 392	1977	8 197
1969	1 325	1978	11 140

Heimild: Landnám ríkisins.

Hámarksframleiðslugeta verksmiðjanna er 12—13 þúsund tonn.

5. Þróun búsetu.

Mikil breyting hefur orðið á búsetu þjóðarinnar í landinu á síðustu 90 árum. Vöxtur þéttbýlisstaðanna var fremur hægur fram til síðustu aldamóta, en þegar útgerð tók að eflast með tilkomu togaranna, fækkaði fólki í sveitum mjög ört. Eftirfarandi tafla sýnir þessa þróun frá 1890:

Ár:	Mannfjöldi alls:	Í bæjum:[1])	%	Í sveitum:	%:
1890	70 927	7 852	11.1	63 075	88.9
1901	78 470	15 561	19.8	62 909	80.2
1920	94 690	40 445	42.7	54 245	57.3
1940	121 474	74 490	61.3	46 984	38.7
1960	177 292	141 287	79.7	36 005	20.3
1978[2])	223 917	194 377	86.8	29 540	13.2

Heimild: Hagstofa Íslands.

6. Fjöldi jarða í ábúð.

Samkvæmt heimildum frá Landnámi ríkisins voru 5 719 jarðir í fastri ábúð á öllu landinu í árslok 1948. Samkvæmt sömu heimildum voru jarðir í ábúð 4 971 í árslok 1976. Byggðum jörðum hefur því fækkað um 848 á þessum 28 árum, eða um 32 á ári að meðaltali.

Það skal tekið fram í þessum tölum Landnámsins eru taldar allar jarðir þar sem ábúandi er skráður, án tillits til þess hvort þar er stunduð meiri eða minni búvöruframleiðsla eða jafnvel engin.

Í eftirfarandi töflu sést skipting setinna býla eftir sýslum. Einnig fjöldi skráðra garðyrkjubýla og býla þar sem lítil eða engin búvöruframleiðsla er stunduð:

	Jarðir alls í ábúð:	Þar af garðyrkjubýli:	Þar af bændur með 30 ærg. eða minna:
Gullbringusýsla m/Rvík.	94	11	72
Kjósarsýsla	142	13	43
Borgarfjarðarsýsla	231	14	46
Mýrasýsla	176	5	12
Hnappadalssýsla	64		6
Snæfellsnessýsla	125		16
Dalasýsla	168		17
A.-Barðastrandarsýsla	55		6
V.-Barðastrandarsýsla	70		3
V.-Ísafjarðarsýsla	69		8
N.-Ísafjarðarsýsla	53	1	2
Strandasýsla	120		7
V.-Húnavatnssýsla	182	1	12
A.-Húnavatnssýsla	203		10
Skagafjarðarsýsla	361	4	25
Eyjafjarðarsýsla	339	2	48
S.-Þingeyjarsýsla	403	2	52
N.-Þingeyjarsýsla	137		14
N.-Múlasýsla	260		17
S.-Múlasýsla	251		15
A.-Skaftafellssýsla	110		13
V.-Skaftafellssýsla	175		8
Rangárvallasýsla	448		39
Árnessýsla	624	82	91
Bæjarfélög	111		34
Samtals	4971	135	616

Heimild: Landnám ríkisins.

1) Þéttbýli með yfir 300 íbúa.
2) Bráðabirgðatölur.

7. Fjöldi bænda og fjöldi búa.

Um það hefur jafnan ríkt nokkur óvissa, hve bændur væru margir og menn ekki verið á eitt sáttir um hver ætti að teljast bóndi og hver ekki, enda er slíkt mat ekki alltaf auðvelt.

Í árslok 1948 voru bændur taldir 6 300, samkvæmt heimildum Landnáms ríkisins. Ekki er ljóst eftir hvaða reglu sú tala var fundin.

Á vegum Stéttarsambands bænda hefur nú tvisvar farið fram talning á bændum landsins, þar er miðað við árslok 1973 og 1976.

Við þessa talningu hefur sá verið talinn bóndi, sem hefur ábúð á lögbýli og búskap að aðalatvinnu, eða svo stórt bú að það teljist fullkomið mannsverk að annast það. Stuðst hefur verið við félagaskrá Lífeyrissjóðs bænda, atvinnumerkingar skattstjóra á framtalsskýrslum, o. fl. gögn. Það ber að hafa í huga að tala bænda og fjöldi búa fer ekki saman, þar sem tveir eða fleiri bændur standa víða að sama búi.

Samkvæmt talningu Stéttarsambandsins voru bændur 4 472 í árslok 1976. Þar af bjuggu 3 624 einir, en 849 voru aðilar að félagsbúum.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu bænda eftir búgreinum í árslok 1976. Tölur frá 1973 eru í sviga:

	1976:	1973:
Bændur með nautgripa- og sauðfjárbú	4 175	(4 280)
— — nautabú	9	(15)
— — hrossabú	12	(12)
— — hænsnabú	90	(79)
— — svínabú	28	(35)
Garðyrkju- og gróðurhúsabændur	148	(127)
Bændur með fóðurframleiðslu eingöngu	7	(6)
Bændur með hlunnindabúskap	3	(2)
Alls bændur	4 472	(4 556)

Fækkun hefur orðið um 84 á þessum þremur árum, en hún getur að verulegu leyti stafað af því, að viðkomandi hafi færst yfir til þess að hafa annað að aðalatvinnu en búskap. Samkvæmt sérstakri talningu þeirra, sem hafa lögbýli til umráða en aðra aðalatvinnu en landbúnað kemur í ljós að þeir eru 598 árið 1976 og hafði fjölgað um 116 síðan 1973.

Athygli skal vakin á því, að samkvæmt skrá landnámsins eru þessir menn nokkru fleiri eða 616, sem kann að stafa af því að í þeim hópi eru menn, sem hafa mjög lítinn bústofn, og eru því ekki með í talningu Stéttarsambandsins.

Auk þess sem hér er talið eru í sveitum 210 elli- og örorkulífeyrisþegar, sem eiga búfé.

Athyglisvert er að á síðustu árum hefur sérhæfing aukist verulega í landbúnaðinum. 297 bændur stunda nú aðrar búgreinar en nautgripa- og sauðfjárrækt og hefur fjölgað um 20 á 3 árum.

Samkvæmt talningu Stéttarsambandsins var skipting búa í hinum hefðbundnu búgreinum sem hér segir, árin 1973 og 1976:

	1973:	1976:	Breyting:
Fjárbú	1 408	1 645	+ 237
Kúabú	1 253	1 216	÷ 37
Blönduð bú	1 129	860	÷ 269

Í þessum tölum hefur félagsbúum ekki verið skipt.

8. Bústærð.

Ærgildaeign landsmanna var í árslok 1976 1 779 412 ærgildi, nautgripir og sauðfé (1 kýr sama sem 20 ærgildi, 1 kvíga sama sem 12 ærgildi, 1 geldneyti sama sem 8 ærgildi og 1 kálfur sama sem 4 ærgildi).

Ærgildi í nautgripum voru 883 220 eða 49.64% og ærgildi í sauðfé 896 192 eða 50.36%.

Eftirfarandi tafla sýnir hvernig ærgildaeignin skiptist milli bænda og annarra búfjáreigenda í árslok 1976:

Ærgildi í eigu bænda	1 673 504		94.05%
Ærgildi í eigu elli- og örorkulífeyrisþega í sveitum	11 550		0.65%
Ærgildi í eigu tilraunabúa	15 513		0.87%
Ærgildi í eigu manna sem hafa lögbýli til umráða en aðalatvinnu af öðru en landbúnaði	44 850	105 908	2.52%
Ærgildi í eigu þéttbýlisbúa	33 995		1.91%
			5.95%
Ærgildi samtals	1 779 412		100.00%

Heimild: Spjaldskrá Stéttarsambands bænda.

Ef sauðfjáreignin er tekin sérstaklega, er skiptingin milli bænda og annarra sem hér segir:

Sauðfé í eigu bænda	801 752		89.46%
Sauðfé í eigu elli- og örorkulífeyrisþega í sveitum	11 550		1.30%
Sauðfé í eigu tilraunabúa	4 045		0.45%
Sauðfé í eigu manna sem hafa lögbýli til umráða en aðalatvinnu af öðru en landbúnaði	44 850	94 440	5.00%
Sauðfé í eigu þéttbýlisbúa	33 995		3.79%
			10.54%
Sauðfé samtals	896 192		100.00%

Heimild: Spjaldskrá Stéttarsambands bænda.

Hinir 4 472 bændur landsins eiga að meðaltali 399 ærgildi hver. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu bænda eftir bústærð í árslok 1967:

Fjöldi ærgilda:	Fjöldi bænda:
1— 100	232
101— 200	731
201— 300	897
301— 400	855
401— 500	668
501— 600	414
601— 700	268
701— 800	172
801— 900	112
901—1 000	60
1 001—1 100	32
1 101—1 200	11
1 201—1 300	7
1 301—1 400	4
1 401—1 500	2
1 501—1 600	1
1 601—1 700	3

Fjöldi ærgilda:	Fjöldi bænda:
1 701—1 800	
1 801—2 000	
2 001 og yfir	3
	Samtals 4 472

Heimild: Spjaldskrá Stéttarsambands bænda.

Meðalbústærð er mjög breytileg eftir landshlutum. Eftirfarandi tafla sýnir meðalbústærðina eftir sýslum í árslok 1976 og fjölda bænda á sama tíma. Upplýsingar um meðalaldur bænda eru ekki til nýrri en frá 1973. Talið er að þær hafi ekki breyst verulega síðan. Þessar tölur koma einnig fram í neðanskráðri töflu. Ekki virðist vera samband milli meðalbústærðar og meðalaldurs bænda í hverri sýslu.

	Meðalaldur bænda 1973:	Fjöldi bænda 1976:	Meðalbústærð 1976 (ærgildi á bónda):
Gullbringusýsla	57.1	11	305
Kjósarsýsla	50.3	56	405
Borgarfjarðarsýsla	50.7	178	445
Mýrasýsla	50.5	165	438
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	48.4	164	345
Dalasýsla	48.1	151	352
A.-Barðastrandarsýsla	52.6	57	295
V.-Barðastrandarsýsla	50.1	65	311
V.-Ísafjarðarsýsla	50.7	66	281
N.-Ísafjarðarsýsla	51.0	64	345
Strandasýsla	50.1	115	272
V.-Húnavatnssýsla	47.8	178	383
A.-Húnavatnssýsla	46.9	215	435
Skagafjarðarsýsla	46.3	345	388
Eyjafjarðarsýsla	46.4	344	529
S.-Þingeyjarsýsla	49.3	427	333
N.-Þingeyjarsýsla	48.7	141	280
N.-Múlasýsla	47.6	282	304
S.-Múlasýsla	50.0	250	332
A.-Skaftafellssýsla	49.7	113	378
V.-Skaftafellssýsla	51.2	199	393
Rangárvallasýsla	51.4	391	535
Árnessýsla	50.3	495	487
Lögbýli innan marka 11 kaupstaða	52.0		313
Allt landið, meðaltal	49.2	4 472[1])	399

Heimild: Spjaldskrá Stéttarsambands bænda.

1) Í tölunni um fjölda bænda eru bændur í kaupstöðum taldir með bændum í aðliggjandi sýslum.

9. Þróun bústærðar og rekstrarkostnaður búsins.

Til að fá mynd af þróun bústærðar má taka mið af breytingum á stærð verðlagsgrundvallarbúsins, bústofni, afurðamagni og samsetningu kostnaðarliða.

Við ákvörðun um stærð grundvallarbúsins hefur að vísu fremur verið haft til hliðsjónar hvað væri hæfilegt verkefni fyrir eina fjölskyldu við ákveðnar aðstæður, en hver meðalbústærðin væri á hverjum tíma. Grundvallarbúið hefur því yfirleitt verið stærra en meðalbúið og munar nú 40 ærgildum.

Eftirfarandi tafla sýnir bústofn og afurðamagn verðlagsgrundvallarbúsins 1943—1978.

			Afurðir	
Ár:	Nautgripir:	Sauðfé:	Mjólk, lítr:	Kindakjöt kg:
1943	7.2	87	12 650	1 161
1948	6.0	87	15 000	1 161
1953	6.0	87	14 900	1 214
1958	8.8	120	17 275	1 762
1963	10.1	137	20 250	2 096
1968	12.0	180	29 500	2 753
1973	13.0	180	33 000	2 942
1978	15.0	204	34 980	3 570

Fjöldi nautgripa á grundvallarbúinu hefur meira en tvöfaldast og tala sauðfjár nær þrefaldast.

Mjólkurmagn hefur langt í þrefaldast og magn kindakjöts rúmlega það.

Hlutfallsskipting rekstrarkostnaðarliða samkvæmt verðlagsgrundvelli 1943—1978.

Ár:	Kjarnfóður%:	Áburður: % :	Viðhald fasteigna % :	Rekstur véla % :	Vextir % :	Ýmis kostnaður % :	Laun % :
1943	2.5	1.2	1.9	1.3	2.9	2.0	88.2
1948	8.5	4.1	1.4	4.2	2.0	2.3	77.5
1953	9.1	6.6	2.3	3.2	1.2	6.3	71.3
1958	10.9	6.8	1.9	5.1	6.1	8.1	61.1
1963	9.3	6.5	3.0	8.1	12.3	7.5	53.3
1968	10.7	10.1	2.9	8.8	7.8	7.9	51.8
1973	14.4	9.6	2.7	7.6	4.2	7.8	53.7
1978	9.7	8.5	2.7	8.6	5.3	8.4	56.8

Heimild: Árbók landbúnaðarins.

Af framanskráðri töflu er ljóst, að á því 35 ára tímabili, sem liðið er frá því fyrsti verðlagsgrundvöllurinn var saminn hefur landbúnaðurinn sífellt orðið háðari aðkeyptum rekstrarvörum.

Kostnaður vegna kjarnfóðurkaupa hefur tæplega þrefaldast. Þó er athyglisvert að þessi liður hefur lækkað töluvert á síðustu 5 árum. Kostnaður vegna áburðarkaupa hefur einnig farið hlutfallslega lækkandi á síðustu 10 árum. Rekstrarkostnaður véla hefur rúmlega sexfaldast síðan 1943 og ýmis kostnaður hefur fjórfaldast. Þar munar mest um flutningskostnað að og frá búinu. Vaxtakostnaður grundvallarbúsins hefur ávallt verið mikið deiluatriði og hefur gengið á ýmsu um ákvörðun á þeim lið eins og sjá má af töflunni.

Árið 1943 var launakostnaður búsins 88.2% af brúttóarði. 47.7% voru laun bóndans sjálfs en hinn hlutinn laun vegna aðkeyptrar vinnu. Nú er launakostnaður búsins 56.8% af brúttóarði. Þar er eingöngu um að ræða laun bóndans og skylduliðs hans.

10. Vinnuafl í landbúnaði og hlutdeild í þjóðartekjum.

Ekki liggja fyrir áreiðanlegar tölur um hve mikill hluti af vinnuafli þjóðarinnar er bundinn í landbúnaði.

Hagstofa Íslands birtir árlega skýrslu um fjölda slysatryggðra vinnuvikna í hinum ýmsu atvinnugreinum. Hefur Hagstofan ávallt ýmsa fyrirvara um þetta atriði.

Eftir þessum tölum Hagstofunnar var um 13% af vinnuafli þjóðarinnar bundið við landbúnað árið 1968, en árið 1975 var það komið niður í 9.3%.

Mat á hlutdeild atvinnuveganna í þjóðartekjum hefur á síðari árum byggst á fjölda slysatryggðra vinnuvikna í hverri atvinnugrein og hlutfalli þeirra í heildarvinnumagni þjóðarinnar.

Samkvæmt skýrslum Þjóðhagsstofnunar var hlutdeild landbúnaðar í vergri þjóðarframleiðslu metin 8.4% 1968 en 6.3% árið 1976.

Af þessu mætti draga þær ályktanir, að landbúnaðurinn hefði minni framleiðni en aðrar atvinnugreinar, skilaði minna til þjóðarbúsins miðað við það vinnuafl, sem við hann er bundið.

Hins vegar virðist mega ályktа með nokkurri vissu að vinnuafl í landbúnaði sé ofmetið. Skal þar fyrst bent á fyrirvara Hagstofunnar sem hér að framan er getið.

Í öðru lagi skal bent á það, að bændur eru skyldir að greiða tryggingargjöld 52 vikur á ári, þó að þeir vinni aðra tryggingaskylda vinnu hluta úr árinu. Vinnuframlag þeirra þann tíma sem þeir eru í öðrum störfum, t. d. sláturhúsavinnu eða öðru, telst þá öðrum starfsstéttum til góða. Enn fremur má benda á að nú eru 967 „bændur“ sem hafa minna bú en 200 ærgildi og er augljóst að þeir leggja ekki fram fullar 52 vinnuvikur til að framfleyta búi sínu á ári.

Í þriðja lagi eru húsmæður í sveitum tryggðar, í 52 vikur á ári, hvað sem líður vinnu þeirra við búið, en samkvæmt niðurstöðum búreikninga 1977 var vinna þeirra við bústörf að jafnaði 21% af framlagi bóndans eða tæplega 11 vikur. Þarna gæti því verið oftalin 41 vinnuvika á hverja húsmóður í sveit. Ekki eru allir bændur kvæntir eða með slíka vinnuaðstoð en ætla má að um 80% þeirra séu það.

Í fjórða lagi má benda á að aldrað fólk eða sjúkt, sem að einhverju leyti er við búskap, er látið greiða tryggingagjöld lengur eða skemur, jafnvel allt árið, telji það fram tekjur af landbúnaði sem oft eru kannski aðeins tekjur af eign, svo sem landleiga.

Í fimmta lagi má benda á, að vinnuvikur unglinga og barna eru áætlaðar eftir fæðisdögum, tekjum af innlögðum afurðum og vinnu, þann tíma sem þau eru ekki í skóla. Segir þetta lítið um vinnuframlag þeirra eða vinnuþörf býlisins þó að nauðsynlegt sé að þau séu tryggð.

Í sjötta lagi eru þeim, sem eiga búfé í þéttbýli, sér til ánægju og lífsfyllingar, áætlaðar tryggingaskyldar vinnuvikur hið fæsta 13 vikur, eða ¼ úr ári, hve lítil sem framleiðsla þeirra er og jafnvel þó að hún komi engin fram í söluskýrslum. Sama gildir um alla þá sem eiga heima í lögbýlum í sveitum en stunda aðra atvinnu og lifa í raun og veru alls ekki af landbúnaði.

Enn má benda á það að í sveitum annast bændur margháttuð félags- og þjónustustörf sem annars staðar eru unnin af sérhæfðu fólki og flokkast eftir því í öðrum samfélögum. Sveitirnar og sveitaheimilin kaupa enn minni „þjónustu“ í ýmsu formi og þar er lifað meira sjálfsbjargarbúskap á ýmsan hátt, má þar t. d. benda á byggingavinnu bænda sem er mjög mikil.

Af framansögðu er ljóst að ætla má, samkvæmt skýrslum um fjölda slysatryggðra vinnuvikna, sé vinnuafl í landbúnaði verulega oftalið.

Á vegum byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur verið reynt að áætla hvert sé raunverulega vinnuafl í landbúnaði.

Við þessa áætlun er lögð til grundvallar stærð verðlagsgrundvallarbúsins sem er 440 ærgildi og vinnumagnið sem er 4 340 klst. Árið 1977 unnu verkamenn og

iðnaðarmenn að meðaltali 2 600—2 670 klst. árlega. Í áætluninni er ársverk talið jafngilda 2 630 klst., en samkvæmt því jafngildir vinna á grundvallarbúi 1.65 ársverkum.

Samkvæmt því þarf einn ársmann til þess að sinna allri vinnu við 267 ærgildi.

Í árslok 1976 áttu bændur 1 673 504 ærgildi í sauðfé og nautgripum, en aðrir áttu 105 908 ærgildi. Samtals voru ærgildi í landinu þá 1 779 412. Til að finna vinnuframlag bænda og búaliðs var því notuð ærgildaeign þeirra, en hinn hlutinn talinn tómstundagaman. Það getur þó tæpast að öllu leyti talist réttmætt hvað varðar þau 15 513 ærgildi sem eru í eigu tilraunabúanna.

Eftir þessum forsendum er skilað 6 278 ársverkum í sauðfjár- og nautgriparækt. Jafngildir það því að um 375 ársmenn þurfi til að sinna hverjum 100 000 ærgildum.

Í öðrum búgreinum eru unnin 520 ársverk samkvæmt slysatryggðum vinnuvikum.

Í landbúnaði eru því alls unnin 6 800 ársverk samkvæmt þessari áætlun byggðadeildarinnar, eða tæp 7% af vinnuafli þjóðarinnar.

11. Framleiðsluaukning.

Ekki eru fyrir hendi áreiðanlegar tölur um framleiðsluaukningu í landbúnaðinum. Veldur þar mestu að ekki eru til traustar upplýsingar um hve mörg mannár eru notuð við framleiðslu búvöru, eins og að framan er rakið.

Í skýrslu Rannsóknarráðs ríkisins um þróun landbúnaðarins, sem út kom 1976, er eftirfarandi tafla um framleiðslu- og framleiðnivísitölu í landbúnaði. Er taflan byggð á heimild frá landbúnaðarráðuneytinu, nema tölurnar fyrir 1977, sem eru frá Þjóðhagsstofnun.

	1950:	1950:	1960:	1970:	1977:
Heildarframleiðslumagn	100	140	192	227	309
Heildarframleiðsla á mann í landbúnaði	100	181	301	443	665
Virðisaukning landbúnaðarafurða á mann í landbúnaði	100	153	211	286	383

Heildarframleiðslumagnið hefur meira en þrefaldast á 38 árum, en á hvern mann í landbúnaði nærri sjöfaldast á þessu tímabili, er sýnir að starfandi fólki í landbúnaði er talið fækka meira en um helming á sama tíma. Virðisaukning eftir mann hefur tæplega fjórfaldast á þessum 38 árum.

Breyting á verðmæti búvöruframleiðslu frá 1960—1977 á verðlagi 1969.

	1960 millj. kr.:	1977 millj. kr.:	Aukning %
Mjólk	1 177.3	1 544.4	31.2
Sláturafurðir nautgripa	92.3	133.4	44.7
Sauðfjárafurðir	1 214.8	1 465.3	20.1
Hrossaafurðir	41.6	38.9	÷6.5
Aðrar búfjárafurðir	120.8	387.0	220.4
Svínakjöt	30.4	68.4	125.0
Alifuglakjöt	3.5	35.0	900.0
Garð- og gróðurhúsaafurðir	208.8	211.0	1.1
Hlunnindi, alls	61.4	128.6	109.4

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Þetta sýnir allmikla magn- og verðmætisaukningu á 18 árum í nautgripaafurðum, einkum þó sláturafurðum, nokkru minni aukningu í sauðfjárafurðum, samdrátt í afurðum hrossa og kartaflna, en í kartöflum gætir árlegra sveiflna svo að sá samdráttur er ekki marktækur. Gífurleg aukning hefur orðið á alifuglakjöti og einnig mjög mikil á svínakjöti. Verðgildi hlunninda hefur meira en tvöfaldast.

12. Bústofn.

Eftirfarandi tafla sýnir þróun í bústofnseign landsmanna frá árinu 1947:

Ár	Nautgripir alls	Þar af mjólkurkýr	Sauðfé	Geitfé	Hross	Svín	Fuglar	Minkar
1947	41 633	28 839	454 255[1])	539	46 106	125	117 966	299
1950	44 535	31 766	415 544	207	42 280	719	97 589	263
1960	53 377	37 922	833 989	105	30 795	1 198	96 970	0
1965	59 543	42 216	846 674	158	34 083	854	95 233	0
1970	53 294	34 275	735 543	209	33 472		135 219	0
1975	61 785	36 312	860 376	286	46 925	1/028	221 848	12 350[2])
1976	60 783	36 511	870 848	284	48 205	1 013	296 252	11 940
1977	62 677	36 859	896 192	280	49 528	1 177	277 726	9 010

Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðhagsstofnun o. fl.

Fjöldi mjólkurkúa hefur orðið mestur árið 1965. Þá var innvegið mjólkurmagn 106 millj. lítrar. Síðan 1975 hefur mjólkurkúm lítið fjölgað.

Á sama tíma hefur mjólkurframleiðslan stöðugt aukist og var 115 millj. lítra á árinu 1977.

Sauðfé fækkaði nokkuð á harðindaárunum 1968—1970 en hefur síðan farið jafnt og þétt fjölgandi. Flest hefur sauðfé á Íslandi orðið árið 1977. Talið er að fjárfjöldi um síðustu áramót hafi verið svipaður og 1977.

Geitur munu nú vera til í flestum landshlutum en hvergi ræktaðar til nytja. Greiddur er styrkur úr ríkissjóði til þeirra, sem ala geitur í því skyni að koma í veg fyrir að stofninn deyi út.

Til eru heimildir um fjölda hrossa allt frá árinu 1700. Samkvæmt þeim virðist fjöldi hrossa aðeins tvisvar hafa orðið meiri en var á árinu 1977, þ. e. á árunum 1920—1927 og á árunum 1940—1945. Flest munu hross hafa orðið árið 1943 eða 61 878. Á þessari öld hafa hross fæst orðið 29 536 árið 1963.

Tölur um fjölda fugla ná yfir allar tegundir alifugla. Hænsni eru þó í algjörum meirihluta. Varphænsni munu hafa verið um 202 þúsund í árslok 1977.

Loðdýrarækt var stunduð hér á landi á 4. og 5. áratugnum, en lagðist niður með öllu upp úr 1950.

Þegar minkarækt hófst hér að nýju 1970, var lífdýrastofninn fluttur inn frá Noregi en síðan hafa tvisvar verið keypt kynbótadýr erlendis frá, til blóðblöndunar við norska stofnin. Fyrra skiptið árið 1975 ,þegar flutt voru inn 2 500 dýr frá Finnlandi, og síðar vorið 1978, 1 250 paraðar læður frá Skotlandi.

Í töflunni hér fyrir neðan er sýndur fjöldi starfandi minkabúa í landinu, bústofn þeirra og hvolpafjöldi ásamt seldum skinnum og söluverðmæti þeirra.

Ár	Fjöldi búa	Læður	Högnar	Hvolpar	Hvolpar pr. læðu	Fjöldi s. [1]) skinna	Söluverðm.[2]) skinna í millj. kr.
1970	1	900	100	3 000	3.3		
1971	7	7 600	1 250	17 000	2.2	2 700	3.2

1) Vegna sauðfjársjúkdómanna fækkaði fé mjög mikið á árunum 1945—1953.
2) Fullorðin dýr.
1) Ath., að aðeins hluti skinnanna er seldur framleiðsluárið.
2) Ath., að söluverð er miðað við gengi krónunnar í desember hvert ár.

Ár	Fjöldi búa	Læður	Högnar	Hvolpar	Hvolpar pr. læðu	Fjöldi s. [1] skinna	Söluverðm.[2] skinna í millj. kr.
1972	8	8 900	1 450	14 500	1.5	16 600	15.2
1973	8	9 000	1 550	19 000	2.1	17 440	21.8
1974	7	9 000	1 470	27 000	3.0	20 007	40.3
1975	7	10 700	1 650	32 500	3.0	23 500	57.8
1976	7	10 170	1 770	32 500	3.0	26 000	76.3
1977	4	7 350	1 660	23 000	3.1	28 300	130.7
1978	4	7 180	1 580	23 000	3.2	21 400	129.4

Samanborið við nágrannalöndin er frjósemi minkastofnsins minni og endurnýjun hans meiri, en eðlilegt má teljast. Stafar það af minni fag- og verkþekkingu við minkahaldið en almennt gerist hjá reyndum minkaræktarmönnum. Nokkuð hefur þó þokast upp á við í þessum efnum þar sem íslenskir minkabændur ná núorðið svipuðu verði fyrir skinn sín og aðrir skinnaframleiðendur í V-Evrópu.

13. Kynbætur.

Afurðaaukning sauðfjár frá 1947. Árið 1934 fengust 10.2 kg af kjöti eftir fóðraða kind, eða 0.8—0.9 lömb til nytja að hausti eftir á, sem gerir umreiknað rúm 11 kg af dilkakjöti eftir ána. Haustið 1977 var kjötframleiðslan 17.2 kg eftir fóðraða kind, eða 1.42 lömb til nytja að hausti eftir á, sem gerir 20.41 kg reiknað dilkakjöt eftir ána. Meðaltal fjárræktarfélaga haustið 1977 var 1.54 lömb til nytja eftir á, eða 24.1 kg af reiknuðu dilkakjöti eftir ána. Það ár komu til uppgjörs í fjárræktarfélögum 118.527 ær eða um 16.5% af ám landsmanna, en hefur fjölgað allverulega síðan.

Kjötframleiðsla eftir fóðraða kind, reiknað dilkakjöt eftir á, lömb til nytja að hausti eftir á, í 5 ára meðaltölum.

Ár	Kg, kjöt/kind	Kg, dilkakjöt/á	Lömb/á
1944—1948	13.9	14.8	1.05
1949—1953	14.7	14.9	1.08
1954—1958	15.0	16.6	1.15
1959—1963	15.0	15.9	1.14
1964—1968	15.8	17.5	1.24
1969—1973	15.9	18.5	1.26
1974—1977	17.2	20.3	1.41

Á ofanskráðu árabili hefur kjötframleiðsla eftir fóðraða kind aukist um 24% frá meðaltali ára 1944—1948 til 1977, en reiknað kjöt eftir á hefur aukist um 37%. Bestu fjárbændur landsins framleiða nú um og yfir 30 kg af reiknuðu dilkakjöti eftir ána, eða þrefalt meira en landsmeðaltal var eftir á 1934.

Sá árangur, sem hér að framan er lýst er fyrst og fremst að þakka betri fjármennsku, umhirðu og stórbættri fóðrun fjárins og kynbótastarfi fyrir áhrif búfjárræktarlaganna. Má þar nefna sauðfjársýningarnar (hrútasýningar og afkvæmasýningar) og fjárval, víðtæka starfsemi fjárræktarfélaganna með skýrsluhaldi og tölvuuppgjöri á afurðatölum, svo og starfsemi sæðingastöðva þar sem notaðir eru úrvals hrútar. Í því sambandi eru gerðar afkvæmarannsóknir, þar sem borin eru saman gæði og afurðasemi afkvæma einstakra hrúta.

Breytingar á afurðum kúa 1947—1977.

Meðalnyt reiknaðra árskúa hjá nautgriparæktarfélögunum fyrstu 5 ár tímabilsins (1947—1951) er 2 851 kg, en er á miðju tímabilinu (1960—1964) komin upp í 3 288 kg, sem er hækkun um 437 kg. Hámarki nær hún árið 1971 og er þá 3 806 kg. Síðustu 5 ár tímabilsins (1973—1977) er meðalnytin 3 635 kg. Munur milli fyrstu 5 ára tímabilsins og síðustu 5 ára þess er 784 kg, en 789 kg, þegar miðað er við meðalnyt 1977 og 1947. Breytingarnar á meðalnyt á tímabilinu svara til þess, að á 15 árskúa búi hafi aukningin á mjólk úr fjósi verið 1 lítri á hverjum einasta degi í 31 ár. Munurinn er enn meiri eða um 1 000 kg (1 064 kg eftir 5 ára tímabilið, en 973 kg milli síðasta og fyrsta árs), ef áætluð meðalnyt allra kúa í landinu er lögð til grundvallar. Er eðlilegt, að þar komi fram meiri munur, þar sem aukið skýrsluhald síðustu árin, vaxandi áhrif kynbóta með sæðingum á allan kúastofninn og jafnari fóðrun um land allt í seinni tíð dregur úr mismun innan og utan nautgriparæktarfélaganna í lok tímabilsins, en hann var mun meiri í byrjun þess.

Á sama hátt hefur breyting á fitumagni mjólkur verið reiknuð af fullmjólkandi kúm á vegum nautgriparæktarfélaganna. Var meðalfita fyrstu 5 ár tímabilsins 3.74%, á því miðju 3.94% og síðustu 5 árin 4.10%. Það er 1953, sem mjólkurfitan fer að aukast að marki. Hún er enn bundnari erfðum en nythæðin. Mjólkurfitan jókst fyrst á Suðurlandi, en síðan í Eyjafirði, þar sem hún er nú hæst. Auknu fitumagni fylgir aukið próteinmagn í mjólk, en þessi eru verðmætustu þurrefni mjólkurinnar. Í athugun er nú að taka upp mælingar á próteini með tilliti til ræktunar, en auðveldar aðferðir til ákvörðunar á því hafa nú verið fundnar.

Þær breytingar, sem orðið hafa á afurðasemi kúnna, einkum mjólkurmagni, eiga rætur að rekja til kynbóta annars vegar og ýmissa „umhverfisþátta" hins vegar, svo sem fóðrunar. Ekki verður greint á milli, hve mikill hluti breytinganna orsakast af hverjum þætti fyrir sig. Hér á landi hefur verið stefnt að hámarksafurðum í ræktun svo sem annars staðar, þar sem hún stendur framarlega. Því fremur á það við hér á landi að fá sem mestar afurðir af hverjum grip fremur en litlar af mörgum, þar sem vanda þarf til bygginga og vinna við fóðuröflun og vetrarhirðingu er mikil vegna langrar innistöðu. Aukinni afurðahæfni vegna ræktunar þarf ætíð að fylgja eftir með viðeigandi fóðrun, þar með eðlilegri kjarnfóðurgjöf. Verður nú stuttlega minnst á nokkra þætti í kynbótum og fóðrun og hirðingu, sem breyst hafa síðustu 30 árin.

Kynbætur.

Í byrjun tímabilsins var nautahald á vegum einstakra nautgriparæktarfélaga yfirleitt, en annars staðar á vegum einstaklinga. Áhrifa af víðtækri notkun einstakra úrvalsnauta var ekki farið að gæta, þar sem sæðingar voru þá rétt að hefjast og afkvæmarannsóknastöðvarnar á tveimur stærstu mjólkurframleiðslusvæðunum ekki teknar til starfa. Nythæð kúnna vex ekki ört fyrstu ár tímabilsins, en skýrsluhald eykst, eftir áfall styrjaldaráhrifanna, með tilkomu héraðsráðunauta. Nú eru afurðir ætíð hærri í nautgriparæktarfélögum, sem lengi hafa starfað, en annarsstaðar, og dregur þetta úr hækkun meðalafurða þessi árin. Svipað á sér stað eftir 1971, en á árunum 1972—1974 var gert stórt átak víða um land til að auka skýrsluhald, en á þeim árum var verið að taka upp vélskýrsluhald, og þurfti miklar leiðbeiningar til bænda um færslu skýrslna, er hæfðu tölvuvinnslu.

Árið 1969 var hafin djúpfrysting nautasæðis, og skapaðist þá aðstaða til sæðinga í afskekktum byggðarlögum. Hefur djúpfryst sæði verið notað eingöngu síðan 1972, og eru nú um 75% kúa og kvígna sæddar. Aukin þátttaka í skýrsluhaldi, útbreiðsla sæðinga og notkun tölvu við útreikninga á kynbótagildi nauta og kúa stuðlar allt að meira öryggi í vali kynbótagripa. Nú er nýtekin til starfa nautauppeldisstöð með nægu rými, þar sem hægt er að safna saman nautkálfum undan bestu kynbótagripunum hverju sinni og fylgjast með framför þeirra. Úr þessum hópi verða svo valin naut til sæðinga. Er því sköpuð aðstaða til örari framfara í kynbótum en verið hefur.

Fóðrun og önnur meðferð.

Miklar breytingar til batnaðar hafa orðið á þessu sviði frá 1947. Í upphafi tímabilsins var nær óþekkt að beita kúm á ræktað land, heldur á misjafnan úthaga, nema seinni hluta sumars, og þó var hluti af hánni sleginn. Á síðari hluta tímabilsins hefur kúm yfirleitt verið beitt á ræktað land að öllu eða einhverju leyti. Grænfóðurræktun hefur aukist og dregið úr áföllum að haustlagi. Með ráðningu héraðsráðunauta jukust leiðbeiningar í fóðrun og meðferð. Þá hefur þekking bænda á öllum þáttum mjólkurframleiðslu stóraukist, og fjöldi þeirra fylgist vel með tæknilegum framförum í öðrum löndum með lestri tímarita og í kynnisferðum. Heilsugæsla og húsakostur hefur batnað, ekki hvað síst aðstaða til uppeldis. Breyting búanna úr blönduðum búum í átt að stærri kúabúum leiðir af sér meiri nákvæmni í flestum þáttum, þar sem menn geta fremur einbeitt sér að starfinu og þeir vita, að miklir fjármunir eru í húfi, ef eitthvað fer úrskeiðis í umönnun. Sveiflur, sem orsakast af slæmu árferði, eru ekki augljósar í yfirliti um meðalársafurðir á öllu landinu, þar sem áföllin eru sjaldan um allt land, og áhrif þeirra dreifast yfir á tvö almanaksár, en skýrslur eru gerðar upp um áramót. Svipað má segja um snöggar verðbreytingar á kjarnfóðri. Á fyrri hluta tímabilsins var misjafnt eftir héruðum, hvernig menn brugðust við þeim, en nú hefur skilningur á nauðsyn þess að fóðra kýr í hárri nyt vel, aukist, og því hefur dregið úr þessum mismun.

Stækkun búanna síðustu árin og meðalafurðir eftir bústærð.

Það er kunnugt, að mjólkurframleiðendum hefur stórfækkað síðustu árin. Verður ekki rætt um það hér. Hins vegar er fróðlegt að sjá, hver kúaeignin er orðin að meðaltali á þeim 958 búum, sem störfuðu í nautgriparæktarfélögum árið 1977, en þar eru um 60% af kúnum í landinu. Að meðaltali voru 23.4 kýr á þessum búum, en 19.6 þegar þær eru reiknaðar sem árskýr.

Sama ár voru öll kúabúin, 958, flokkuð í 5 flokka eftir stærð og meðalafurðir reiknaðar í hverjum flokki. Niðurstöður voru þessar:

Bú með færri en 10 kýr voru 180 og meðalnyt 3 511 kg.
Bú með 10—20 kýr voru 363 og meðalnyt 3 752 kg.
Bú með 20.1—30 kýr voru 272 og meðalnyt 3 695 kg.
Bú með 30.1—40 kýr voru 101 og meðalnyt 3 801 kg.
Bú með fleiri en 40 kýr voru 42 og meðalnyt 3 811 kg.

Á þessu sést, að afurðirnar eru hæstar á stærstu búunum, en minnstar á þeim búum, sem fæstar kýr eru á.

Hér á eftir eru birtar meðaltalstölur um afurðir skýrslufærðra kúa á vegum nautgriparæktarfélaga fyrir hvert ár 1947—1977 (Búnaðarrit). Til glöggvunar er einnig birt, hve margar kýr um er að ræða, hver kjarnfóðurgjöfin var og til hve margra búa skýrsluhaldið náði. Aftasti dálkur sýnir áætlaða meðalársnyt (25 af 31 ári) allra kúa í landinu. Tölurnar fyrir árin 1947—1963 eru áætlaðar af Arnóri Sigurjónssyni og birtust í Árbók landbúnaðarins. Eftir það hafa tölur um sama efni ekki birst í Árbókinni. Tölurnar fyrir árin 1969—1976 hefur Pétur Sigurðsson áætlað.

Skýrgreiningar.

Reiknaðar árskýr eru allir dagar allra skýrslufærðra kúa á árinu deilt með 365. **Fullmjólkandi kýr** er sú kýr, sem er allt árið á skýrslu og hlekkist ekki verulega á og mjólkar ekki eftir 1. kálf. **Heilsárs kýr** er sú, sem er allt árið á skýrslu.

Afurðir skýrslufærðra kúa á vegum nautgriparæktarfélaga árin 1947—1977 og áætluð meðalnyt allra kúa á landinu á sama tíma.

Ár	Bændur	Kýr alls	Fullmj. kýr	Reiknaðar árskýr	Fullmjólkandi kýr: Ársnyt kg.	Fita %	Fitu-einingar	Kjarn-fóður kg	Reikn. árskýr Ársnyt, kg.	Meðalársnyt allra kúa á landinu, kg.
1947	1159	8143	4934	7338,0	3097	3,75	11613	413	2948	2319
1948	1211	9087	5247	8044,6	3085	3,70	11416	418	2898	2220
1949	1430	11459	6274	10121,2	3028	3,79	11489	463	2845	2330
1950	1422	11591	7098	10381,7	2985	3,78	11272	365	2807	2341
1951	1485	12387	7277	11123,2	2920	3,69	10786	285	2758	2342
1952	1500	13006	7922	11672,3	3084	3,77	11627	368	2923	2442
1953	1487	13181	8350	11917,3	3172	3,85	12212	352	3027	2583
1954	1449	13424	8639	12022,4	3279	3,86	12657	381	3112	2640
1955	1460	14220	8539	12603,0	3283	3,84	12607	509	3111	2667
1956	1471	14276	9074	12925,2	3439	3,85	13240	631	3248	2709
1957	1454	15238	9379	13739,8	3509	3,89	13650	535	3313	2780
1958	1448	15675	9362	14009,8	3445	3,93	13539	461	3259	2800
1959	1410	15486	9590	13920,8	3370	3,92	13210	463	3193	2623
1960	1400	16084	10085	14538,8	3398	3,88	13184	436	3214	2631
1961	1394	16883	10299	15116,3	3416	3,92	13391	457	3222	2683
1962	1358	17438	10002	15423,6	3452	3,94	13601	535	3270	2742
1963	1321	17378	9931	15426,1	3538	3,96	14010	572	3346	2794
1964	1262	17690	10395	15724,9	3563	4,00	14252	546	3389	
1965	1103	16590	9457	14719,2	3608	4,02	14504	575	3420	
1966	964	15477	8197	13548,5	3578	4,04	14455	593	3378	
1967	936	14887	8419	13217,4	3766	4,04	15215	710	3549	
1968	936	14944	8740	13286,9	3797	4,06	15416	692	3599	
1969	932	15175	8648	13473,1	3698	4,04	14940	671	3476	3188
1970	975	15611	8574	13633,2	3923	4,07	15967	871	3711	3525
					Fullmj. og heilsárs kýr: Ársnyt kg.	Fita %	Mjólkur-fita kg.	Kjarnf. kg.		
1971	1022	16096	Fullmj. og heilsárs kýr 9328	14025,9	3963	4,16	165	820	3806	3468
1972	1044	17976	10454	15590,1	3906	4,15	162	820	3746	3433
1973	1008	19272	11323	16349,0	3835	4,08	156	810	3686	3433
					Heilsárs kýr: Ársnyt kg.	Fita %	Mjólkur-fita kg.	Kjarnf. kg.		
1974	1021	21017	Heilsárs kýr 12945	17474,8	3728	4,10	153	747	3659	3452
1975	997	21746	13454	18022,3	3594	4,13	149	738	3514	3321
1976	971	21696	14084	18206,0	3662	4,08	150	807	3580	3292
1977	958	22411	14553	18820,5	3804	4,10	156	889	3737	

14. Framleiðsla búvara.

Mjólk og kjötafurðir.

Eftirfarandi tafla sýnir þróun í framleiðslu helstu búfjárafurða frá árinu 1947[1]).

Ár	[2])Innv. mjólk tonn	Nauta-kjöt tonn	Kinda-kjöt tonn	Hrossa-kjöt tonn	Svína-kjöt tonn	Alif.-kjöt.. tonn	Kjöt alls tonn	Egg tonn
1947	29 531	1 400	5 667	999	200	39	8 305[4])	
1950	37 766	1 630	4 063	1 480	275	50	7 498	
1960	75 515	1 400	10 387	984	320	50	13 141	1 020
1965	106 515	2 300	11 361	1 100	400	145	15 305	1 285
1970[3])	100 599	2 090	11 280	1 015	383	300	15 068	1 850
1975	108 300	2 877	14 682	640	650	447	19 296	2 625
1976	108 700	2 900	13 985	690	680	474	18 729	3 000
1977	115 500	2 761	13 964	730	720	500	18 675	2 800
1978	120 200		15 540					

Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðhagsstofnun og Árbók landbúnaðarins.

Garðávextir og grænmeti.

Eftirfarandi tafla sýnir uppskeru garðávaxta og grænmetis frá 1947. Einnig magn innfluttra kartaflna.

Ár	Kartöflur, tunnur	Innfl. kartöflur, tunnur	Gulrófur, tunnur	Gul-rætur, tonn	Tómatar tonn	Gúrkur tonn	Hvítkál tonn	Blómkál tonn
1946—50	70 000		7 021					
1956—60	75 082		6 546	104	288	155	138	32
1965	87 058		5 828	115	350	204	182	31
1970	54 057	46 000	4 282	86	315	200	143	38
1975	72 500	35 000	2 871	63	355	213	143	28
1976	79 600	57 000	7 922	84	356	341	239	42
1977	88 000	34 000	6 536	95	440	361	271	50

Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Kartöfluuppskera á landinu hefur orðið mest árið 1953, þ. e. 158 þúsund tunnur. Næstmest uppskera er talin hafa orðið á s. l. ári, eða um 150 þúsund tunnur. Þar af er heimilisræktun talin nema rúmum þriðjung. Alls er talið að 15 þúsund heimili á landinu rækti kartöflur.

Eftirfarandi tafla sýnir áætlaða uppskeru heimilisræktenda og ræktun fyrir almennan markað árið 1978, ásamt skiptingu hennar eftir byggðarlögum.

	Tunnur:	%
Hornafjörður og nærsveitir	4 000	2.60
Öræfasveit	2 500	1.70
Vestur-Skaftafellssýsla	4 000	2.70
Landeyjar og Fljótshlíð	4 725	3.15
Djúpárhreppur — Þykkvibær	46 000	30.68
Villingaholtshreppur	7 500	5.00
Eyrarbakki og aðrir hreppar í Árnessýslu	8 430	5.60
Eyjafjörður	18 200	12.13
Austurland	800	0.55

1) Um magn ullar vísast til töflu II í kafla V.
2) Tölur fyrir árið 1975 í kg.
3) Tölur um magn nautgripa-, hrossa-, svína- og alifuglakjöts eru áætlunartölur frá 1970, samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar.
4) **Ekki er meðtalið kjöt af bjargfugli, rjúpu, hvalkjöt, selkjöt og hreindýrakjöt sem var** nokkuð magn áður fyrr, en fer minnkandi.

	Tunnur:	%
Vesturland	1 000	0.66
Samtals ræktun til sölu	97 155	
Heimilisræktun á ca. 15 þús. heimilum	52 845	35.23
Alls ræktað 1978 í landinu	150 000	

Heimild: Yfirmatsmaður garðávaxta.

15. Nýting hlunninda.

Litlar upplýsingar er að finna um nýtingu ýmissa hlunninda. Mikill hluti rekaviðarins mun vera seldur beint frá bændum og kemst hvergi á skrá. Vitað er þó að Vegagerð ríkisins og Sauðfjárveikivarnir hafa keypt 15—18 þúsund girðingastaura úr rekavið árlega undanfarin ár.

Til eru tölur um dúntekjur en hæpið er að dúnninn hafi allur komist á skrá:

Heildardúntekja samkvæmt hagskýrslum.

Ár	Magn, kg	Ár	Magn, kg
1946	2 142	1957	2 363
1949	1 712	1960	2 020
1951	2 026	1963	1 648
1955	1 541	1970[1])	1 700
		1978	2 000

Nýting veiðihlunninda hefur farið mjög vaxandi síðustu árin. Leyfilegt hámarksframboð veiðileyfa árið 1978 voru 32 900 veiðidagar. Þar af var haldið eftir vegna friðunar eða ekki selt 8 900 veiðidagar. Innanlands voru seldir um 19 000 dagar og 8 900 voru seldir erlendis.

Áætlað söluverð veiðileyfa erlendis var	224 millj. kr.
Áætlað söluverð veiðileyfa innanlands	333 millj. kr.
Samtals	**557 millj. kr.**
Kostnaður	130 millj. kr.
Nettótekjur veiðiréttareigenda af stangaveiði	427 millj. kr.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda veiddra laxa á landinu árin 1946—1978.

Ár	Laxafjöldi	Ár	Laxafjöldi
1946	12 673	1962	34 711
1947	18 417	1963	38 698
1948	21 506	1964	36 832
1949	17 619	1965	35 707
1950	16 649	1966	28 744
1951	18 449	1967	40 503
1952	22 390	1968	40 785
1953	17 470	1969	35 038
1954	16 227	1970	55 971
1955	23 486	1971	58 874
1956	19 170	1972	65 726
1957	24 571	1973	66 162
1958	25 916	1974	55 913
1959	31 936	1975	74 004
1960	32 974	1976	59 633
1961	**35 222**	**1977**	**64 575**
		1978	76 500

Heimild: Veiðimálastofnunin.

[1]) Tölur fyrir 1970 og 1978 eru áætlun Búnaðarfél. Íslands.

16. Dreifing búvöruframleiðslunnar um landið.

Ekki hefur verið gerð tæmandi könnun á því hvernig búvöruframleiðslan í heild dreifist um landið eftir einstökum landssvæðum eða byggðum.

Einu tiltæku upplýsingarnar um þetta efni eru skýrslur um innheimtu Búnaðarmálasjóðsgjalds. Búnaðarmálasjóðsgjald er eins og áður er getið innheimt árlega hjá sölufélögum og er það ákveðinn hundraðshluti af verðinu til bóndans.

Búnaðarsamböndin fá til ráðstöfunar hluta af þeim gjöldum sem innheimtast á svæði hvers þeirra.

Eftirfarandi tafla sýnir hver hefur verið hlutur búnaðarsambandanna í innheimtu Búnaðarmálasjóðsgjalds að meðaltali árin 1951—60 og 1971—76. Taflan sýnir því hve mikill hluti landbúnaðarframleiðslunnar hefur farið fram á svæði hvers búnaðarsambands og hvernig þetta hefur þróast á síðasta aldarfjórðungi.

Rétt er að taka fram að hluti Búnaðarmálasjóðsgjaldsins kemur ekki til skila, einkum hvað varðar garðyrkju- og gróðurhúsaframleiðslu og einnig alifuglaframleiðslu. Kann þetta að hafa einhver áhrif á hlutfall þeirra héraða þar sem slík framleiðsla er mest stunduð, s. s. á Suðurlandi.

Hlutdeild búnaðarsambandanna í landbúnaðarframleiðslunni samkvæmt greiðslum í Búnaðarmálasjóð:

	Hlutdeild 1951—1960	Hlutdeild 1971—1976
Búnaðarsamband Kjalarnesþings[1]	6.5%	3.2%
Búnaðarsamband Borgarfjarðar[2]	8.9%	8.8%
Búnaðarsamband Snæfellinga	2.8%	2.9%
Búnaðarsamband Dalamanna	1.8%	2.8%
Búnaðarsamband Vestfjarða	4.7%	3.8%
Búnaðarsamband Strandamanna	1.9%	1.8%
Búnaðarsamband V.-Húnavatnssýslu	3.2%	3.8%
Búnaðarsamband V. Húnavatnssýslu	4.1%	4.4%
Búnaðarsamband Skagfirðinga	5.5%	7.0%
Búnaðarsamband Eyjafjarðar[3]	13.0%	13.3%
Búnaðarsamband S.-Þingeyinga	5.4%	6.8%
Búnaðarsamband N.-Þingeyinga	2.6%	2.1%
Búnaðarsamband Austurlands	7.4%	7.5%
Búnaðarsamband A.-Skaftfellinga	1.4%	2.2%
Búnaðarsamband Suðurlands [4]	30.8%	29.6%
	100.0%	100.0%

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

1) Gullbringu- og Kjósarsýsla,

2) Mýra- og Borgarfjarðarsýsla

3) Eyjafjarðarsýsla ásamt tveimur vestustu hreppum Suður-Þingeyjarsýslu, Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppum.

4) Árnes-, Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslur.

17. Hlutfallsskipting verðmætis búvara.

Hlutur einstakra búgreina í heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar er augljóslega mjög misjafn. Í þessari hlutfallsskiptingu hefur á síðustu árum orðið þróun í þá átt að hlutur nautgripaafurða hefur minnkað úr 47.3% árið 1960 í 39.89% árið 1977. Á sama tíma hefur hlutur sauðfjárafurða vaxið úr 36.7% í 43.6%. Afurðir hrossa hafa minnkað hlutfallslega en alifugla- og svínaafurðir aukist. Garðrækt og gróðurhúsaframleiðsla hafa minnkað hlutfallslega. Munar þar vafalaust mest um samdrátt í kartöflurækt. Hins vegar hefur hlutur hlunnindanna verið nokkuð jafn allan tímann.

Hlutfallsskipting verðmætis landbúnaðarafurða, reiknað frá 1.9.—31.8. ár hvert. Verðlagsárin 1960/1961 — 1976/1977.

Ár	Nautgripa-afurðir	Sauðfjár-afurðir	Hrossa-afurðir	Alif. og svínarækt	Minkarækt	Gróðurhús og garðrækt	Hlunnindi
1960	47.30	36.70	1.14	4.54		7.60	2.72
1961	44.40	39.70	1.22	5.00		6.78	2.90
1962	45.60	39.65	1.12	4.82		5.87	2.94
1963	45.77	38.88	1.32	5.02		5.97	3.04
1964	49.29	36.26	1.37	5.17		4.96	2.95
1965	47.80	37.70	0.98	5.30		5.50	2.72
1966	46.64	38.73	1.13	5.64		3.94	2.92
1967	45.76	38.81	1.08	6.18		5.19	2.98
1968	43.13	40.00	1.39	6.98		5.37	3.13
1969	43.84	39.60	2.32	6.21		5.01	3.02
1970	44.17	39.10	1.80	6.75	0.05	5.23	2.90
1971	46.20	35.54	1.71	7.10	0.30	6.32	2.83
1972	45.50	37.34	1.71	7.71	0.35	4.66	2.73
1973	44.07	39.63	1.61	7.49	0.46	4.25	2.49
1974	42.59	39.24	1.23	8.68	0.36	5.61	2.29
1975	40.74	43.04	1.14	8.71	0.23	3.81	2.33
1976	41.04	41.70	1.03	8.50	0.38	5.02	2.33
1977	39.89	43.60	0.87	7.94	0.45	4.96	2.29

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

18. Neysla búvara.

Þróun í neyslu nokkurra landbúnaðarvara kg pr. íbúa landsins 1948—1977.

Ár	Nýmjólk	Smjör	Ostur	Rjómi	Kinda-kjöt	Nauta-kjöt	Annað kjöt	Kjöt alls	Kart-öflur
1948	309.7	5.5	1.7	6.0	51.8	9.5	20.1	81.4	82.0
1952	304.5	4.8	3.2	4.2	30.1	9.3	18.8	58.2	67.7
1957	350.2	5.8	3.2	5.5	43.4	8.0	27.7	79.1	66.8
1962	358.4	7.4	3.2	6.1	52.7	7.3	24.6	84.6	65.5
1967	309.0	8.2	3.5	5.8	48.5	12.8	10.2	71.5	63.0
1972	283.0	7.7	4.9	5.8	44.0	9.0	18.0	71.0[1])	63.0
1977[2])	247.5	5.7	6.3	4.9	44.0	10.3	8.3	62.2	63.0

1) Meðaltal 1971/73.

2) Tölur um nautakjöt og annað kjöt eru áætlaðar, mikið af framleiðslunni er selt utan við sölukerfi landbúnaðarins.

IV. KAFLI
MARKAÐSMÁL LANDBÚNAÐARINS.

1. Inngangur.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn markaðsmála landbúnaðarins. Því ber samkvæmt lögum að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarvara, stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð varanna og vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir landbúnaðarvörur utanlands og innan.

Þessu verkefni hefur Framleiðsluráð leitast við að sinna á margvíslegan hátt. Það hefur beitt sér fyrir hagræðingu á sviði slátrunar og vinnslu mjólkur, aukinni vöruvöndun og fjölbreyttara framboði vinnsluvara í samvinnu við sölufélög bænda.

Framleiðsluráð rekur Grænmetisverslun landbúnaðarins sem annast móttöku og heildsöludreifingu kartaflna. Það hefur viðurkennt Sölufélag garðyrkjumanna sem söluaðila fyrir garðyrkju og gróðurhúsaafurðir og það beitti sér fyrir stofnun Osta- og smjörsölunnar til að annast um heildsöludreifingu á smjöri og ostum.

Þetta skipulag miðar að því að innlendi markaðurinn nýtist sem best fyrir framleiðendur og jafnframt að aðstaða þeirra sé sem jöfnust án tillits til búsetu.

Þessu skipulagi er jafnframt ætlað að tryggja neytendum um allt land fjölbreytt framboð búvara á sama verði án tillits til búsetu.

Búvörudeild Sambands íslenskra samvinnufélaga hefur undanfarna áratugi að mestu annast útflutning búvara. Búvörudeildin hefur þó ekki einkarétt á slíkum útflutningi, sem er öllum frjáls. Starfandi er markaðsnefnd landbúnaðarins, sem er samstarfsnefnd bændasamtakanna, sölufélaga bænda og ríkisvaldsins, um umbætur á sviði markaðsmála utanlands og innan.

Komið hefur verið á samstarfi Framleiðsluráðs og allra helstu sölufélaga bænda um auglýsinga- og kynningarstarfsemi fyrir búvörur.

Það skipulag, sem hér hefur verið lýst nær ekki til svína- og alifuglaframleiðslunnar, og aðeins að hluta til gróðurhúsaframleiðslunnar. Í þeim greinum hefur ekki enn skapast full samstaða meðal framleiðenda um sölumálin. Framleiðendur eggja hafa nú óskað eftir að lögfest verði ákvæði um skipulag á sölu og dreifingu þeirrar vöru.

Að flestu leyti er reynslan af þessu skipulagi mjög góð. Bændur fá í sinn hlut hærra hlutfall af söluverði búvara (smásöluverð + niðurgreiðslur) en í nálægum löndum og tekist hefur að koma til móts við óskir neytenda á flestum sviðum um aukið vöruframboð og þjónustu. Núverandi verðlagskerfi landbúnaðarins hefur þó ekki í sér fólgið nægilegan sveigjanleika til að hægt hafi verið að koma að öllu leyti til móts við þær óskir neytenda og aðlaga vöruframboð breyttum neysluvenjum og aðstæðum.

Þá hefur skort heimildir til að nota niðurgreiðslur og útflutningsbótafé á þann hátt, sem hagkvæmast hefði verið í sumum tilfellum bæði frá sjónarmiði neytenda og framleiðenda.

Einnig hefur skort skýrari lagaheimildir til að Framleiðsluráð gæti sinnt ýmsum þáttum skipulagsmálanna, einkum varðandi stjórnun á framleiðslumagni einstakra vöruflokka.

2. Kjöt.

Eftirfarandi tafla sýnir þróun kindakjötsframleiðslunnar frá 1973 og sölu innanlands:

Ár:	Heildarslátrun:	Innanlandssala:
1973	13 355	9 404
1974	13 500	10 207
1975	14 682	9 673
1976	13 985	9 111
1977	13 967	9 022
1978	15 540	9 845

Heimild Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Kindakjötsframleiðslan, hefur aukist um 2 024 tonn, eða um 15.15% frá 1973. Á samsvarandi tíma (1972—'77) fjölgaði vetrarfóðruðum kindum um 8.15% (árið 1972 var fé 828 589 en 896 192 1977, fjölgun 67 603). Langmestur hluti þessarar aukningar á kjötframleiðslunni varð á síðasta framleiðsluári (1978) um 10.13%.

Augljóst er að sveiflur eru verulega meiri í kindakjötsframleiðslunni en á fjárfjöldanum. Svo sem fyrr var að vikið stafa þær að verulegu leyti af mismunandi frjósemi en einnig af mismunandi fallþunga frá ári til árs sem orsakast af mismunandi veðurfari. Þá kemur það eðlilega fram sem aukning eða minnkun á kjötmagninu þau árin, sem færra eða fleira er sett á heldur en þarf til viðhalds stofninum. Þau árin, sem bændur fækka á fóðrum, verður kjötinnlegg meira en öfugt þegar um fjölgun er að ræða. Nokkuð bendir til þess, að hluta af hinni miklu aukningu á kjötinnleggi, sem varð á s. l. hausti megi skýra með því, að bændur hafi fækkað fé.

Sala á kindakjöti innanlands hefur verið mjög mismikil á þessum árum. Minnst var hún árið 1977, 9 022 tonn, en mest árið 1947, 10 207 tonn, mismunurinn 1 185 tonn svarar til 13.13% meiri neyslu fyrra árið en hið síðara.

Ekki virðist um varanlegan samdrátt í neyslunni að ræða á þessu 5 ára tímabili, þar sem árið 1978 var neyslan hin næstmesta á þessu tímabili 9 845 tonn. Fremur verður að líta á þettta sem sveiflur, vegna mismunandi hárra niðurgreiðslna.

Ef hins vegar er litið til lengri tíma t. d. á tímabilið frá stríðslokum, hefur kindakjötsneyslan minnkað úr 51.8 kg árið 1948, í 44 kg árið 1977. Þá ber þess að geta, að á tímabilinu hafa niðurgreiðslur verið óstöðugar og miklar sveiflur í neyslunni milli ára.

Heildarkjötneyslan hefur á þessu sama tímabili minnkað úr 81.4 kg í 62.2 kg, ef áætlanir um framleiðslu svína, alifugla og hrossakjöts eru réttar.

Neysla svokallaðra ljósra kjöttegunda (svína- og alifuglakjöts) hefur vaxið verulega á allra síðustu árum. Vafalítið má rekja þá þróun til vaxandi ferðalaga Íslendinga til Suður-Evrópu, þar sem slíkt kjöt, einkum fuglakjöt, er mikið á boðstólum, og ódýrt.

Minnkandi kjötneyslu í heild má rekja til breytinga á neysluvenjum þjóðarinnar síðustu áratugina eins og nánar verður vikið að síðar.

Langmestur hluti slátrunar og heildsöludreifingar kindakjöts er í höndum sölufélaga bænda eða 93%. 7% eru í höndum einkaaðila.

Hér á landi rennur hærra hlutfall af því verði, sem neytandinn greiðir fyrir vöruna í vasa bóndans eins og áður segir. Íslenski bóndinn fær t. d. nú um 65% af verðmæti kjötsins í sinn hlut, en sænski bóndinn 52%.

Annað kjöt, nautakjöt og hrossakjöt, svínakjöt og alifuglakjöt er að verulegum hluta selt utan sölukerfis landbúnaðarins.

Heildarkjötframleiðslan í landinu er áætluð um 18 000 tonn á s. l. ári. Af því magni eru flutt út um 30%, eingöngu kindakjöt.

Söluvenjur hafa litlum breytingum tekið á síðustu áratugum hvað kjöt varðar. Dregið hefur úr notkun saltkjöts og hangikjöts. Langmest af kjötinu er selt frosið. Kjöt hefur selt sig sjálft og lítið verið lagt í kynninga- og auglýsingastarfsemi.

Frystikistur eru nú til á mjög mörgum heimilum. Neytendur kaupa því gjarna kjöt í heilum skrokkum og geyma á heimilum sínum.

3. Mjólk og mjólkurvörur.

Öll vinnsla og heildsöludreifing mjólkur og mjólkurvara er í höndum samvinnufélaga bænda. Landinu er skipt í mjólkursölusvæði og annast mjólkursamlögin mjólkursölu, hvert á sínu svæði, en Osta- og smjörsalan annast heildsölu vinnsluvara úr mjólk og útflutning á umframmagni.

Allt fram á þennan áratug var töluvert magn mjólkur selt beint frá framleiðendum til neytenda út um land. Þessi viðskipti hafa mjög dregist saman á síðustu

árum með tilkomu fleiri mjólkursamlaga, fullkomnari mjólkurumbúða og auknu geymsluþoli sölumjólkur vegna bættrar kælingar í rafkælum. Á síðasta ári voru aðeins um 500 000 lítrar mjólkur seldir á þennan hátt.

Fjölbreytni mjólkurvara hefur aukist mjög mikið á síðustu árum og eru nú nálægt 100 mismunandi tegundir á boðstólum. Heildarmjólkurneysla á mann, var svipuð á síðasta ári og var árið 1946 eða um 450 lítra af mjólk og hvers konar vinnsluvörum úr mjólk. Neyslan komst upp í 570 lítra árið 1960, en þá voru niðurgreiðslur mjög miklar. Árið 1967 var neyslan 550 lítrar. Heildarmjólkurneyslan pr. íbúa hefur því minnkað um 21% frá árinu 1960. Líklegt er þó að talan um mjólkurneysluna 1960 sé fullhátt áætluð en gert er ráð fyrir að þá hafi mjólkurframleiðslan verið 24 millj. lítra umfram það sem barst til mjólkursamlaganna.

Á síðustu tveimur árum hefur mjólkurframleiðslan aukist úr 108 millj. lítra árið 1976 í 120 millj. lítra á s. l. ári. Þessu veldur einkum gott árferði og mjög aukin notkun erlends kjarnfóðurs. Verð á því hefur síðustu tvö árin verið mun hagstæðara en nokkru sinni fyrr frá 1951.

Verð á kjarnfóðri og mjólk í verðlagsgrundvelli 1. september 1951—1978.

Ár:	Verð á mjólk í í grundv. 1. 9.:	Verð á kjarnfóðri í grundv. 1. 9. pr. kg.:	Magn kjarnfóðurs sem fæst fyrir 1 lítra mjólkur:
1951	2.47	2.23	1.11
1955	3.15	2.40	1.31
1960	4.18	3.90	1.07
1965	8.05	6.55	1.23
1970	15.18	9.74	1.56
1975	55.07	37.65	1.46
1976	70.30	44.00	1.60
1977	94.02	49.03	1.92
1978	152.26	67.40	2.25
1979	⅓ 172.33	86.95	1.98

Heimild: Stéttarsamband bænda.

Á sama tíma og mjólkurframleiðslan hefur aukist hefur mjólkurneysla innanlands minnkað verulega eða úr 100 millj. lítrum 1976 í 91 milljón 1977 og 97 millj. 1978. Þar af voru þó um 5 millj. vegna útsölu á smjöri, sem varla er varanleg aukning.

Þetta hefur leitt til verulegrar birgðasöfnunar á smjöri og ostum síðustu árin. Eftirfarandi tafla sýnir þessa þróun frá '75:

Ár	SMJÖR: Framleitt	Sala innanl.	Birgðaaukning	OSTUR: Framleitt	Sala innanl.	Útflutt	Birgðaaukning
1975	1 520	1 496	24	1 974	1 221	589	164
1976	1 834	1 603	231	1 595	1 193	314	88
1977	1 822	1 277	545	2 759	1 240	1 231	288
1978	1 742	1 522	221	3 583	1 262	2 068	253

Heimild Framleiðsluráð landbúnaðarins.

4. Neysluvenjur.

Á síðustu áratugum hefur orðið mjög greinileg breyting á neysluvenjum fólks hér á landi. Hefur neyslan beinst frá ýmsum fituríkum neysluvörum, s. s. smjöri og mjólk til fitusnauðari vara og feitivara með annars konar efnasamsetningu og af öðrum uppruna.

Ef litið er til lengri tíma, t. d. síðustu 30 ára, er breytingin á neysluvenjum mjög jöfn og má ætla að ástæðan sé einkum breyting á lifnaðarháttum þjóðarinnar, betri húsakostur, minna erfiði, betri efnahagur og fjölbreyttara vöruframboð.

Á síðustu þremur árum hefur breytingin hins vegar verið mjög hröð, sem marka má af því, að árið 1977 minnkaði smjörneyslan úr 1 603 tonnum í 1 277 tonn. Sama ár jókst undanrennusala um 118.9% og rjómasala minnkaði um 2.1%. Nærtækt er að gera ráð fyrir að hér sé um að ræða áhrif vissra læknisfræðilegra kenninga, sem dregið hafa í efa hollustu fituríkra mjólkurvara fyrir kyrrsetumenn nútímans. Ekki er auðvelt að ráða í hvort hér er um varanlega neysluvenjubreytingu að ræða.

Hér koma einnig til áhrif niðurgreiðslna, sem hafa verið mjög óstöðugar á þessu tímabili og valdið sveiflum á verði búvara.

Óvissa um þróun þessara mála gerir það að verkum, að erfitt er að spá um neyslu búvara á næstu árum. Einnig er óvissa um þróun niðurgreiðslna sem ráðið getur úrslitum í þessu efni. Rætt hefur verið um að binda þær við ákveðið hámark fyrir hverja vörutegund og ekki ljóst hvaða áhrif það hefur á neysluna. Þá hefur verið rætt um að breyta á næstunni verðhlutföllum milli einstakra mjólkurvara þannig að hinar fituríkari mjólkurvörur lækki í verði.

Gerðar hafa verið spár um þróun neyslu landbúnaðarvara. Árið 1973 lét Framkvæmdastofnun ríkisins gera slíka spá um neysluþróun fram til ársins 1977. Í skýrslu um þróun landbúnaðar, sem út kom 1976 á vegum Rannsóknarráðs ríkisins er spá um neysluna árin 1980 og 1985. Hér verður brugðið upp dæmum úr þessum spám og til samanburðar neyslunni árið 1977.

	Spá Framkvæmdastofn. fyrir árið 1977:	Spá fyrir 1980 úr skýrslu um þróun landbúnaðar:	Neysla 1977:
Mjólk	250.0 kg	251.0 kg	247.5 kg
Smjör, niðurgreitt	5.8 —	6.7 —	5.7 —
Rjómi, óniðurgr.	4.3 —	5.7 —	4.9 —
Ostur, óniðurgr.	4.9 —	6.0 —	5.2 —
Kindakjöt	47.4 —	43.6 —	44.0 —
Kjötneysla alls	71.2 —	66.6 —	62.2 —

5. Niðurgreiðslur.

Í kafla II er í stuttu máli rakið upphaf og þróun niðurgreiðslna hér á landi og vikið að áhrifum þeirra á markaðsmálin. Ekkert fast form hefur verið á þessum greiðslum, hvorki að upphæð né fjölda niðurgreiddra vara. Þær hafa iðulega tekið snöggum breytingum og til skamms tíma í einu. Þar hefur ráðið viðureign ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma við vísitölu framfærslukostnaðar og hafa bændasamtökin sjaldnast haft þar aðstöðu til áhrifa.

Þessi hringlandaháttur hefur komið sér mjög illa, bæði fyrir framleiðendur og neytendur. Neytendur hafa orðið þreyttir á tíðum verðsveiflum og í sumum tilfellum beint kaupum sínum að öðrum vörum með stöðugara verðlagi.

Fyrir framleiðendur gera sveiflur á niðurgreiðslum það mjög örðugt að áætla sölu hvers árs og haga framleiðslu eftir því. E. t. v. eru áhrif sveiflna í niðurgreiðslum greinilegust á sölu smjörs. Eftirfarandi tafla sýnir niðurgreiðslu á mjólkurvörum pr. íbúa árin 1966—1978 og smjörneyslu pr. íbúa sömu ár:

Ár:	Niðurgreiðslur á mjólkurvörum kr. á hvern íbúa:	Smjörneysla pr. íbúa á ári, kg
1966	17 860	8.03
1967	24 365	8.21
1968	15 680	7.58
1969	12 028	6.67
1970	10 798	5.84
1971	23 908	7.93
1972	23 291	7.72
1973	21 326	7.58
1974	25 308	9.35
1975	21 412	6.90
1976	15 866	7.30
1977	11 344	5.70
1978 til 1. 9.	12 515	6.80
1978 allt árið	20 400	
1979 áætlun	42 000	

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Eftirfarandi línurit sýnir breytingar á heildarupphæð niðurgreiðslna pr. íbúa landsins s. l. 10 ár.

Niðurgreiðslur pr. íbúa. Verðlag 1977.



Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

6. Útflutningur búvara.

Kindakjöt var flutt út árlega í nokkru magni allt frá aldamótum og fram til 1940. Á stríðsárunum var útflutningur lítill, en setuliðið sem hér var keypti töluvert magn.

Á árunum 1948—56 minnkaði framleiðsla kindakjöts mjög mikið vegna áhrifa sauðfjársjúkdómanna, og var útflutningur lítill flest árin og sum enginn.

Árið 1957 hefst útflutningur kindakjöts aftur að nokkru marki. Voru þá flutt út 2 340 tonn eða 28% heildarframleiðslunnar. Síðan hefur stöðugt verið flutt út kindakjöt. Miklar sveiflur hafa verið á útfluttu magni þessi ár. Árið 1965 voru aðeins flutt út 18% framleiðslunnar, en mestur hefur útflutningurinn orðið árið 1968 eða 44% heildarframleiðslunnar. Frá árinu 1970 hefur útflutningur kindakjöts verið sem hér segir:

Framleiðsla og útflutningur kindakjöts 1970—1978 í tonnum.

Ár:	Heildarframleiðsla kindakjöts:	Útflutningur:	Útflutningur % af heildarframl.
1970	11 280	2 760	24
1971	10 755	2 945	18
1972	11 829	2 818	24
1973	13 355	2 812	21
1974	13 500	3 009	22
1975	14 682	4 287	29
1976	13 985	4 779	34
1977	13 964	4 533	32
1978	15 540	5 500*)	35

*)Áætlun. Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Eins og fram kemur í töflunni hér að framan, hefur útflutningur kindakjöts verið ærið sveiflukenndur og byggst á því umframmagni sem verið hefur fram yfir innanlandssölu.

Árum saman var Bretland helsti markaður okkar fyrir kindakjöt en útflutningi þangað er nú með öllu hætt. Einnig var nokkuð magn af saltkjöti selt til Noregs fyrr á árum.

Með inngöngu Íslands í EFTA náðust samningar við Norðmenn og Svía um tollfrjálsan kvóta fyrir dilkakjöt. Fékkst þessi kvóti með samþykki sölusamtaka bænda í þessum löndum, og hafa þau á hendi sölu kjötsins. Íslenska kjötið er því ekki selt í samkeppni við þarlenda framleiðslu, en fyllir upp í vöntun á þessari vöru.

Verð það, sem fæst fyrir kjötið í þessum löndum er í samræmi við markaðsverð þar. Niðurgreiðslur hafa verið auknar í báðum þessum löndum undanfarin ár og hafa áhrif á það til lækkunar, auk þess sem í Svíþjóð gildir mjög ströng verðstöðvun.

Norðmenn stefna að því að verða sjálfum sér nógir með kindakjöt og greiðir norska ríkið verulegar fjárhæðir með kindakjötsframleiðslunni í formi framleiðslustyrkja auk niðurgreiðslnanna.

Af þeim sökum hefur verð á íslensku kindakjöti ekki hækkað eins mikið og verðlag almennt til bænda í þessum löndum.

Færeyingar kaupa töluvert magn af kindakjöti og má heita að Íslendingar séu einir um innflutning á kindakjöti þangað.

Útflutningur kindakjöts af framleiðslu ársins 1977 skiptist þannig eftir löndum:

Noregur	2 687	tonn
Færeyjar	700	—
Svíþjóð	650	—

Danmörk	430 —
Önnur lönd	66 —
Samtals	4 533 tonn

Á öðru mörkuðum en hér hafa verið taldir, þ. e. í Danmörku og öðrum EBE löndum er íslenskt kindakjöt í harðri samkeppni við ný-sjálenskt kjöt. Ný-Sjálendingar flytja út um 100 sinnum meira kindakjöt en við og eru þeir algjörlega ráðandi hvað verðlag á frystu kjöti snertir.

Gæði íslenska kjötsins eru gjarnan borin saman við gæði nýsjálensks kjöts og af mörgum talin svipuð en aðrir telja þau meiri. Eins og horfir, eru því ekki líkur á að hægt sé að reikna með mun hærra verði en Ný-Sjálendingar fá. Þó er af mörgum talið, að með auglýsinga- og kynningarstarfsemi megi skapa íslenska kjötinu sérstöðu í huga neytenda og þar með fáist nokkru hærra verð t. d. allt að 10—15% hærra en Ný-Sjálendingar fá. Þetta er ekki síst talið vera mögulegt vegna þess að magn íslenska kjötsins er tiltölulega mjög lítið.

Á árinu 1977 var stofnuð markaðsnefnd landbúnaðarins. Er það, eins og áður getur samstarfsnefnd landbúnaðarráðuneytisins, bændasamtakanna og sölusamtaka bænda um markaðskönnun fyrir íslenskar landbúnaðarvörur.

Á s. l. hausti gerði markaðsnefndin tilraunir með útflutning á ófrosnu kjöti til nokkurra landa, Frakklands, Þýskalands, Danmerkur og Bandaríkjanna. Af þessum tilraunum hefur fengist mikilvæg reynsla og gæði kjötsins eru alls staðar viðurkennd.

Við ýmsa erfiðleika er að etja, og við ríkjandi aðstæður fæst ekki viðunandi verð í þessum löndum. T. d. er nú um 20% innflutningstollur á öllu kjöti sem flutt er til EBE landanna. Í Frakklandi er auk þess tekinn sérstakur verndartollur, sem er breytilegur, og notaður til verndar innlendri framleiðslu.

Mjólkurvörur hafa verið fluttar út flest ár frá 1934. Þetta kann að virðast í mótsögn við það sem að framan er sagt, að hér hafi verið ríkjandi skortur á mjólkurvörum allt fram til 1960. Ástæðan er sú að þann tíma ársins þegar mest barst af mjólk til mjólkursamlaganna varð að framleiða úr henni osta eða duft sem ekki var nægur markaður fyrir innanlands. Aðra tíma ársins, þegar framleiðslan var minni var svo skortur á neyslumjólk og öðrum ferskum mjólkurvörum og smjöri. Þá var ekki fyrir hendi kunnátta til að nota mjólkurduft til skyrgerðar eða ostagerðar til að drýgja vetrarmjólkina eins og nú er.

Flest árin var þessi útflutningur mjög lítill og oft varð að flytja inn smjör. Smjör var síðast flutt inn árið 1959. Það ár var útflutningur aðeins 800 kg af osti og 17 tonn af ostaefni.

Síðan 1961 hefur stöðugt burft að flytja út mjólkurvörur en mjög mismikið. Ráða árferðissveiflur þar mestu.

Eftirfarandi tafla sýnir mjólkurframl. umfram notkun innanlands 1959—1978. Áætluð heimanotkun og fóðurmjólk meðtalin:

Ár:	Framl. umfram notkun innanl.:	Ár:	Framl. umfram notkun innanl.:
1959	skortur (innfl.)	1969	5.9%
1960	0.0%	1971	14.2%
1961	4.1%	1971	6.4%
1962	6.1%	1972	7.4%
1963	9.3%	1973	9.2%
1964	14.4%	1974	3.7%
1965	20.0%	1975	6.5%
1966	7.1%	1976	6.1%
1967	3.8%	1977	18.4%
1968	5.7%	1978	20.3%

Heimild: Landbúnaðarráðuneytið.

Síðustu árin hefur aðallega verið fluttur út ostur. Fer hann mest til Bandaríkjanna, Sviþjóðar og Þýskalands. Hagstæðast verð fæst fyrir óðalsost sem fluttur er til Bandaríkjanna, en framleiðslugeta mjólkursamlaganna fyrir þá tegund er takmörkuð.

Aðrar búvörur, sem fluttar hafa verið út, eru einkum gærur og ull, svið, lifur, garnir og ýmsar aðrar sláturvörur, hey, hross og minkaskinn. Síðustu árin hefur dregið mjög úr útflutningi hrágæra vegna vaxandi vinnslu þeirra innanlands. Einnig hefur lítið verið flutt út af ull síðustu árin og þá aðallega lökustu flokkarnir, sem ekki eru tök á að vinna hérlendis.

Útflutningur á sviðum hófst til Færeyja fyrir nokkrum árum og eru flutt út þangað um 150 tonn árlega. Hey hefur verið flutt til Noregs og Færeyja síðustu tvö árin fyrir allgott verð, en örðugleikar eru á flutningi þess. Nokkur hundruð hross eru flutt út árlega fyrir gott verð, aðallega til landa í Mið-Evrópu og til Danmerkur.

Íslensku minkaskinnin eru seld á opinberum uppboðum erlendis. Meirihluti þeirra hefur farið í gegnum uppboðshúsin hjá Hudson's Bay félaginu í London og Oslo Skinnauksjoner í Noregi. Þar eru þau flokkuð og metin og síðan seld undir þekktum vörumerkjum uppboðshúsanna, eins og BID og SAGA.

Söluverð skinnanna fer eftir framboði og eftirspurn, en eftirspurn er tiltölulega stöðug, utan krepputímabila, þar sem minkaskinn er lúxusvara.

Ársframleiðsla söluskinna á heimsmarkaði síðustu árin hefur verið á bilinu 14—20 milljónir, en jafnvægi í framboði og eftirspurn er um 16—17 millj. skinna. Við olíukreppuna 1974 minnkaði heimsframleiðslan niður fyrir 15 milljónir, og hefur því verð á minkaskinnum haldist jafnt og gott síðan. Allar líkur eru á, að svo verði áfram þar sem stöðugt verður erfiðara að fá hráefni í fóður fyrir minka og skinnum af villtum dýrum fer fækkandi.

7. Þróun viðskiptakjara.

Frá árinu 1970 hefur það sem fæst erlendis fyrir kindakjöt og mjólkurafurðir stöðugt farið lækkandi í hlutfalli við verðlag á þessum vörum hér innanlands.

Eftirfarandi tafla sýnir þróun útflutningsverðs á dilkakjöti í Svíþjóð og Noregi frá 1970:

Söluverð dilkakjöts í Noregi og Svíþjóð árin 1970—1978, cif-verð % af innlendu heildsöluverði:

	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978
Svíþjóð	89%	75%	68%	62%	48%	58%	49%	42%	34.9%
Noregur	69%	71%	71%	61%	47%	54%	55%	46%	44.2%

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Um ostinn er svipaða sögu að segja. Hæst verð fæst fyrir óðalsost, sem fluttur er til Bandaríkjanna, 40—50% af innlendu heildsöluverði.

Skýrt skal tekið fram, að ástæðan fyrir þessari þróun er ekki sú, að íslenskar landbúnaðarvörur séu lakari en sambærilegar vörur erlendis. Þvert á móti eru þær hvað gæði snertir, undantekningarlítið fyllilega sambærilegar við hliðstæðar vörur á erlendum mörkuðum.

Ástæðan er fyrst og fremst hækkun verðlags hér innanlands en auknar niðurgreiðslur og útflutningsstyrkir á landbúnaðarvörum í nálægum löndum.

Þetta verður mun ljósara þegar borin er saman verðlagsþróun í helstu viðskiptalöndum okkar á þessum tíma og þróun verðbólgunnar hér á landi.

Verðhækkanir hafa um langt árabil verið miklu meiri á Íslandi en í nálægum löndum. Áratuginn 1963—1972 hækkaði neysluverðlag á Íslandi um nálægt 12% á ári að meðaltali en aftur á móti um 4½% í Evrópulöndum innan OECD og í Bandaríkjunum nam verðhækkun á þessum árum að jafnaði 3¼% á ári.

Verðbólga á Íslandi og í öðrum OECD-ríkjum. Ársbreytingar neysluvöruverðlags.

	Meðaltal 1950—1966	Meðaltal 1963—1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978
	%	%	%	%	%	%	%	%
Ísland	9.3	12.0	22.0	43.0	49.0	32.0	30.5	44.3
Evrópulönd OECD ..	4.0	4.5	8.5	13.5	13.5	8.5	11.2	9.4
Bandaríkin	2.0	3.75	6.75	11.0	9.0	6.0	6.5	7.7

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Sé litið enn lengra aftur í tímann, til dæmis yfir árabilið 1950—1962 er verðhækkun á Íslandi mun meiri en í nálægum löndum en munurinn þó minni. Þannig virðist hraði verðbólgunnar um tvöfalt meiri á Íslandi 1950—1962 en nær þrefalt meiri 1963—1972. Þetta bil breikkaði enn í því mikla verðlagsumróti, sem varð í heiminum á árunum 1973 til 1974, en upphaf þeirrar verðbólguöldu er rakið til samstiga verðlagshækkana í flestum iðnaðarríkjum á árinu 1972 og mikillar hækkunar hvers konar hráefnisverðs og loks olíuverðhækkunar í árslok 1973. Þannig hækkaði neysluverðlag hér á landi að meðaltali um 22% 1973, 43% 1974, 49% 1975, 32% 1976, 30.5% 1977 og 44.3% 1978 en í Evrópulöndum OECD um 8.5% 1973, 13.5% 1974 og 1975, 8.5% 1976, 11.2% 1977 og 9.4% 1978.

Þetta yfirlit sýnir, að verðbólga hér á landi hefur magnast á seinni árum og þótt hún hafi einnig ágerst í öðrum löndum er hún mun örari hér á landi.

8. Útflutningsbæturnar.

Eins og að framan greinir, voru útflutningsbætur teknar upp 1960. Þær voru á sínum tíma hugsaðar sem öryggistæki eða tekjutrygging fyrir bændastéttina þegar framleiðslan færi fram yfir innlendar þarfir og ekki fengist fullt verð erlendis fyrir útfluttar vörur. Fyrstu árin eftir að ákvæðin um útflutningsbætur tóku gildi, námu bæturnar 2—3% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar.

Fljótlega fór þó útflutningurinn að aukast og 1965/1966 var komið yfir 10% markið. Hélst greiðsla útflutningsbóta um og yfir 10% markið fram til ársins 1970 að dró úr útflutningi. Á þessum árum var mjög til umræðu meðal bænda að taka upp aðgerðir til framleiðsluhömlunar, en það náði ekki fram að ganga.

Verðlagsárið 1975/76 fóru svo útflutningsbæturnar aftur fast að 10% markinu og tvö síðustu árin hefur 10% verðábyrgðin ekki hrokkið til að greiða halla á útflutningi eins og kunnugt er.

Útflutningsbætur % af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslu.

Verðlagsár	%	Verðlagsár	%
1959/60	2.2	1969/70	10.5
1960/61	2.8	1970/71	9.7
1961/62	3.8	1971/72	7.8
1962/63	6.1	1972/73	7.0
1963/64	9.9	1973/74	9.9
1964/65	9.6	1974/75	7.5
1965/66	10.2	1975/76	9.1
1966/67	9.9	1976/77	11.2
1967/68	10.0	1977/78	13.3
1968/69	10.1	1978/79[1])	18.3

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

1) Útflutningsbótaþörf.

Sú hefð hefur skapast, að þegar bótaþörfin hefur farið yfir 10% markið hefur verið notaður sá réttur sem afgangs er frá fyrri árum. Á síðasta verðlagsári var enginn slíkur afgangsréttur til, og var því greitt 1 300 millj. króna aukaframlag eins og kunnugt er.

Einnig hafa birgðir verið látnar safnast sum árin til að fara ekki yfir hámark útflutningsbóta.

Eftirfarandi tafla sýnir fjárhæð niðurgreiðslna og útflutningsbóta og hlutfall þeirra af þjóðarframleiðslu 1959—1978:

Ár:	Niðurgreiðslur	1. sem hlutfall af Þjóðarframl.	Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	3. sem hlutfall af þjóðarframl.	1. + 3.	1. + 3. sem hlutfall af þjóðarframl.
	1. m.kr.	2. %	3. m.kr.	4. %	5. m.kr.	6. %
1959	221	2.9	62	0.8	283	3.8
1960	273	3.3	75	0.9	348	4.1
1961	238	2.5	21	0.2	259	2.7
1962	270	2.3	32	0.3	302	2.6
1963	267	1.9	87	0.6	354	2.6
1964	312	1.8	217	1.2	529	3.0
1965	453	2.1	168	0.8	621	2.9
1966	584	2.3	248	1.0	832	3.3
1967	721	2.8	268	1.0	989	3.8
1968	551	2.0	251	0.9	802	2.9
1969	487	1.4	299	0.9	786	2.3
1970	571	1.3	332	0.8	903	2.1
1971	1 640	3.0	407	0.7	2 047	3.8
1972	1 681	2.5	311	0.5	1 992	2.9
1973	2 142	2.3	518	0.5	2 660	2.8
1974	3 740	2.7	936	0.7	4 676	3.4
1975	5 586	3.0	1 102	0.6	6 688	3.6
1976	5 157	2.0	1 546	0.6	6 703	2.6
1977	5 770	1.6	2 706	0.7	8 476	2.3
1978	10 703	2.0	5 285	1.0	15 988	2.9
1979[1])	18 900	2.5	5 750	0.7	24 650	3.2

1) Áætlun miðað við niðurgreiðslutölu í fjárlögum 1979 og áætlað hámark útflutningsbótaréttar.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Niðurgreiðslur og útflutningsbætur sem hlutfall af heildargjöldum á ríkisreikningi.

Ár	Niðurgr. millj. kr.	Útfl.bætur millj. kr.	Heildarútg. millj. kr.	Niðurgr. % af heildarútg.	Útfl.bætur % af heildarútg.
1968	551	251	6 907	7.98	3.63
1969	487	299	7 590	6.42	3.94
1970	571	332	9 351	6.11	3.55
1971	1 640	407	13 534	12.12	3.01
1972	1 681	311	18 395	9.14	1.69
1973	2 142	518	25 129	8.52	2.06
1974	3 740	936	41 008	9.12	2.28
1975	4.448 + 600[1])	1 073	58 577	7.59/8.62	1.83
1976	5 005 + 152[1])	1 546	70 508	7.10/7.31	2.19
1977[2])	5 644	2 718	98 289	5.74	2.77

[1]) Áburðarniðurgreiðsla.
[2]) Bráðabirgðatölur.

Heimild: Landbúnaðarráðuneytið.

V. KAFLI

IÐNAÐUR ÚR LANDBÚNAÐARVÖRUM.

I. Sláturiðnaður.

Sauðfjársláturhús voru 55 talsins árið 1978. Þau eru mjög mismunandi hvað stærð og tæknibúnað snertir, og mörg þeirra fullnægja ekki þeim kröfum, sem þarf til að fá sláturleyfi og starfa á undanþágum frá ári til árs.

Framleiðsluráð landbúnaðarins gerði áætlun um uppbyggingu sláturhúsa árið 1968. Ákveðið var að fækka þeim og stækka. Frá árinu 1960 hefur sláturhúsum fækkað úr 118 í 55 á s. l. hausti. Áætlun Framleiðsluráðs var endurskoðuð 1974 með tilliti til fenginnar reynslu. Allmörg sláturhús hafa á síðustu árum verið byggð eða endurbyggð með misjafnri afkastagetu frá 1 400—3 000 fjár á dag. Afkastageta sumra þessara húsa er ekki fullnýtt og mætti auka slátrun í þeim með því að leggja niður nærliggjandi sláturhús, sem ekki fullnægja heilbrigðiskröfum, eða hafa ekki frystiaðstöðu og starfa á undanþágu. Sauðfjárslátrun stendur yfir í 6—8 vikur að haustinu. Önnur nýting á sláturhúsunum hefur reynst erfið. Vegna þess hve sláturhúsin starfa skamman tíma á ári hverju, hefur ekki verið hægt að koma upp þjálfaðri slátrarastétt. Mannaskipti eru tíð og fáir vinna við slátrunina mörg ár samfleytt. Af þessum sökum, m. a., er slátrunarkostnaður hár hér á landi.

Jafnhliða því, að sauðfjársláturhúsin hafa verið endurbyggð, hafa verið byggð nokkur stórgripasláturhús. Slátrun stórgripa fór áður fram á undan eða eftir sauðfjárslátrun, við ófullkomnar aðstæður.

Slátrun svína fer að hluta fram í stórgripasláturhúsunum og að hluta í sláturhúsum á vegum framleiðenda sjálfra.

Alifuglaslátrun fer fram á vegum framleiðenda sjálfra, oft við mjög ófullkomnar aðstæður. Reglur um kjötskoðun ná ekki til alifuglaafurða.

Ekki eru tiltækar neinar tölur um mannafla við slátrun, en ljóst er að sauðfjárslátrunin skapar góða atvinnu þann stutta tíma, sem hún stendur yfir. Er það einkum fólk úr sveitum og nálægum þéttbýlisstöðum, sem að slátruninni vinnur. Um iðnað úr sláturafurðum er tæplega að ræða annan en kjötiðnað og skinnaiðnað

(sjá kafla V, 2). Innmatur úr sauðfé, sem ekki selst í sláturtíðinni, er frystur og seldur til útlanda eða á innlendum markaði. Öðrum afurðum, s. s. görnum, heila, blóði og kirtlum, er í flestum tilfellum hent. Á tveim stöðum á landinu er aðstaða til vinnslu kjötmjöls úr sláturúrgangi. Kindakjöt er mest allt fryst í heilum skrokkum og ýmist flutt út eða selt í verslanir í því ástandi. Nokkur niðurbrytjun fer fram á kjöti í neytendapakkningar.

Kjöt af nautgripum er að stærstum hluta fryst að lokinni kælingu. Á nokkrum stöðum fer fram úrbeining og pökkun fyrir sölu.

Nokkuð er hirt af blóði úr svínum og nautgripum til vinnslu og innmat svína, aðallega lifur.

Nokkur hluti nautakjötsins og hrossakjöts hefur farið fram hjá söluaðilum, þar sem neytendur í bæjum hafa keypt það beint frá bændum.

Ekki eru tiltækar tölur um kjötvinnslustöðvar eða mannafla í kjötiðnaði. Stærstu kjötvinnslurnar eru á vegum sölufélaga bænda, en ýmsar smærri reknar af kaupmannasamtökum eða einstaklingum.

Neysluhefð hefur ráðið þróun kjötvinnslu, en hér á landi er neytt hlutfallslega minna af unninni kjötvöru en erlendis. Á allra síðustu árum hefur fjölbreytni vinnsluvara aukist mjög, svo og neyslan.

Kjötiðnaðurinn hefur ekki verið skipulagður með tilliti til markaðskannana né tilliti til hagkvæmni í verkaskiptingu milll landssvæða og/eða framleiðslutegunda. Helstu vinnslugreinar eru pylsugerð, söltun, reyking, suða og niðursuða.

2. Þróun ullar- og skinnaiðnaðarins.

Í þessum kafla verður greint frá helstu þáttum í þróun ullar- og skinnaiðnaðar í landinu á s. l. 10 árum. Á þessum árum hefur orðið ör framleiðsluaukning á fullunnum ullarflíkum sérstaklega, þótt mjög vanti á, að við fullvinnum enn íslensku ullina í landinu. Fullvinnsla skinna og úrvinnsla í fatnað er miklu skemmra á veg komin, en þar virðast möguleikarnir mjög miklir, ef rétt er á haldið.

Tafla I sýnir heildarútflutning landsmanna í krónum talinn á árunum 1969—1978, heildarútflutning iðnaðarvara annarra en áls og hlutdeild iðnaðarvara úr ull og skinnum í þeim útflutningi. Af töflunni sést, að aukning í útflutningi iðnaðarvara úr ull og skinnum er til muna örari en annarra iðnaðarvara og hlutfall þessara vara af heildarútflutningi landsmanna fer nokkuð stöðugt vaxandi fram til ársins 1978, en samdrátturinn á því ári varð vegna minnkandi viðskipta við Sovétríkin. Nú hafa verið gerðir samningar, sem gera ráð fyrir svipaðri sölu til Sovétríkjanna á árinu 1979 og var 1977.

Ullarframleiðslan.

Á árunum milli 1960 og 1970 varð verð á ull svo lágt, að mjög dró úr því, að bændur legðu áherslu á að hirða ullina sæmilega. Breyttir búskaparhættir ollu því einnig, að erfiðara varð um vik að ná fénu til rúnings á vorin. Um 1970 fór vetrarrúningur á sauðfé að aukast og batnaði þá nokkuð umhirða ullarinnar. Árið 1975 hóf ríkissjóður greiðslu verðbóta á ull og hækkaði þá verð til bænda verulega og skil á ullinni bötnuðu. Enn vantar þó mikið á að ullin sé hirt svo vel sem skyldi og fer verulegt magn forgörðum. Gera má ráð fyrir að væri nýting ullarinnar alls staðar eins og hún gerist best væri framleiðslan 2—2.2 kg á vetrarfóðraða kind og gæðin væru til muna betri, ef flest allt fé væri vetrarrúið. Enn mun þó langt í land að þær aðstæður verði fyrir hendi, að bændur telji sér fært og hagkvæmt að vetrarrýja allt fé.

TAFLA I. Útfluttar iðnaðarvörur úr ull og skinnum 1969—1978, F. o. b. í millj. kr. Hlutfall af heildarútflutningi án áls og hlutfall af útfluttum iðnaðarvörum án áls.

Ár	Heildarútfl. án áls	Heildarútfl. iðnaðarvara án áls	Útfluttar ullar- og skinnavörur	% af heildarútfl. án áls	% af heildarútfl. iðnaðarvara án áls
1969	8 946.9	454.3	191.3	2.14	42.11
1970	11 207.3	662.7	326.1	2.90	49.21
1971	12 287.5	889.0	401.7	3.27	45.18
1972	13 985.2	1 167.2	612.8	4.38	52.50
1973	21 597.9	1 617.3	873.8	4.05	54.03
1974	28 090.7	2 238.5	1 186.5	4.22	53.00
1975	42 390.1	3 474.2	2 025.3	4.78	58.30
1976	61 136.1	5 221.5	3 123.0	5.11	59.81
1977	86 952.9	7 405.8	4 526.2	5.20	61.12
1978	152 633.7	11 192.9	6 661.7	4.36	59.51

Heimild: Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

TAFLA II.

Innvegið ullarmagn 1968—1977

Ár	Innvegið ullarmagn tonn	Þar af vetrarrúið tonn	Vetrarrúið í %
1968	1 409		
1969	1 394		
1970	1 327	70	5.0
1971	1 250	85	8.0
1972	1 337	178	15.5
1973	1 400	239	17.0
1974	1 438	296	20.6
1975	1 534	424	27.6
1976	1 600	427	36.3
1977	1 590	639	40.2

Heimild: Útflutningsmiðstöð iðnaðains.

Tafla II sýnir heildarmagn móttekinnar ullar á árunum 1968—1977 og hversu mikill hluti ullarinnar var vetrarrúinn. Kemur þar glöggt fram, hve vetrarrúningur hefur aukist ört á undanförnum árum. Á töflu III er sýnd skipting ullarinnar í gæða- og litarflokka á árinu 1977, samkvæmt upplýsingum frá Álafossi og Búvörudeild S. Í.S.

TAFLA III.

Úrvalsflokkur	var	um	17.5%
I. flokkur	var	um	45.0%
II. flokkur	var	um	12.0%
III. flokkur	var	um	11.0%
Úrval svart	var	um	5.0%
Úrval mórautt	var	um	3.1%
Úrval grátt	var	um	6.4%
	Samtals		100.0%

Vinnsla ullarinnar.

Áður fyrr var ullin þvegin á heimilunum og unnin heima eða seld hrein. Nú selja bændur ullina óþvegna og er hún þvegin í þremur þvottastöðvum.

Talið er, að ullin léttist nálægt 40% við þvott, en auk þess er talið að rýrnun ullarinnar í vinnslu sé um 7% og er þar átt við léttingu vegna lóar og óhreininda, sem losna úr ullinni í vinnslunni. Við prjóna- og saumaskap verður enn veruleg rýrnun, misjöfn eftir aðferðum við tilbúning flíkarinnar og fleira.

TAFLA IV.

Mannafli í ullariðnaði árin 1972—1977 talinn í mannárum.

	1972	1973	1974	1975	1976	1977
Ullarþvottur, spuni og vefnaður	429	520	418	331	347	424
Prjónavöruframleiðsla	312	318	294	300	253	285
Samtals	741	838	912	631	600	709

Heimild: Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

Í aðalatriðum má skipta íslenskri ullarvöruframleiðslu í fjóra flokka:

1. Prjónafatnaður, vélprjónaður eða handprjónaður.
2. Fatnaður úr ofnum ullardúk.
3. Ábreiður og áklæði.
4. Lopi og band til sölu í neytendaumbúðum eða til verksmiðjuframleiðslu.

Prjónavörur.

Á árinu 1978 voru flutt út 330 tonn af prjónavörum fyrir 2 774 milljónir íslenskra króna. Árið 1977 var magn þessara vöru 449 tonn og verðmætið 2 405 milljónir. Útflutningur þessara vara til Sovétríkjanna minnkaði um 193 tonn, en á öðrum mörkuðum jókst salan um 24 tonn milli áranna 1977 og 1978. Meginhluti þessarar vöru er ytri fatnaður unninn í vélum, en nokkurt magn er selt af handprjónuðum peysum. Þá er selt umtalsvert magn af smávörum, svo sem húfum og treflum.

TAFLA V.

Útfluttar prjónavörur eftir löndum 1977—1978

	1977			1978		
Lönd	Magn í tonnum	Upphæð í millj. kr.	Meðal-verð p. kg	Magn í tonnum	Upphæð í millj. kr.	Meðal-verð p. kg
Danmörk	15.2	109.3	7,191	29.0	288.5	9,948
Færeyjar	0.8	3.3	4,125	0.7	5.5	7,857
Noregur	10.9	66.8	6,128	13.4	119.5	8,918
Svíþjóð	3.3	29.9	8,848	4.9	53.8	10,980
Austurríki	1.0	8.0	8,000	2.4	35.6	14,833
Bretland + Írland	58.5	176.6	3,019	34.0	154.3	4,538
Frakkland	0.5	3.4	6,800	0.6	7.7	12,833
Holland	1.4	13.2	9,429	1.4	17.9	12,786
Ítalía	3.1	32.2	10.387	5.1	62.2	12,196
Sovétríkin	270.2	958.9	3,549	77.1	453.7	5,885
Sviss	0.4	5.1	12,750	2.0	29.4	14,700
V.-Þýskaland	37.6	312.0	8,298	29.2	384.1	13,154
Bandaríkin	79.4	549.8	6,924	96.2	775.1	8,057
Kanada	14.6	116.9	8,007	29.6	335.8	11,345
Önnur lönd	2.1	20.0	9,524	4.1	51.2	12,488
Samtals	499.0	2 405.4	4,820	329.7	2 774.3	8,415

Heimild: Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

TAFLA VI.

Útflutt ullarteppi eftir löndum 1977—1978.

Lönd	1977 Magn í tonnum	1977 Upphæð í millj. kr.	1977 Meðalverð p. kg	1978 Magn í tonnum	1978 Upphæð í millj. kr.	1978 Meðalverð p. kg
Danmörk	1.5	3.6	2,400	8.6	33.0	3,837
Noregur	0.4	1.1	2,750	1.9	6.9	3,632
Sovétríkin	171.5	247.0	1,440	167.3	372.5	2,227
V.-Þýskaland	2.4	5.1	2,125	1.4	5.5	3,929
Bandaríkin	1.8	3.7	2,056	7.2	25.3	3,514
Kanada	0.0	0.1		0.3	1.1	3,667
Önnur lönd	1.4	3.6	2,571	7.1	21.1	2,972
Samtals	179.0	264.2	1,476	193.8	465.4	2,401

Heimild: Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

TAFLA VII.

Útflutningur á lopa og bandi 1977—1978.

Lönd	1977 Magn í tonnum	1977 Upphæð í millj. kr.	1977 Meðalverð p. kg	1978 Magn í tonnum	1978 Upphæð í millj. kr.	1978 Meðalverð p. kg
Danmörk	151.9	208.8	1,374	127.9	278.1	2,174
Noregur	18.2	31.6	1,736	19.4	51.2	2,639
Svíþjóð	1.8	2.4	1,333	3.9	9.6	2,462
Austurríki	2.6	4.1	1,577	4.0	9.8	2,450
Bretland	45.1	69.3	1,537	53.3	121.2	2,274
Frakkland	18.4	24.1	1,310	21.4	44.5	2,079
Holland	7.0	9.8	1,400	1.6	3.7	2,312
Írland	3.2	4.5	1,406	0.0	0.0	
Ítalía	14.0	19.0	1,357	20.0	34.8	1,740
Júgóslavía	22.4	30.1	1,344	20.0	41.1	2,055
Spánn	0.5	1.0	2,000	0.3	0.7	2,333
V.-Þýskaland	9.5	14.1	1,484	12.3	32.7	2,659
Bandaríkin	80.1	111.2	1,388	56.5	122.4	2,166
Kanada	17.6	25.8	1,466	43.2	104.5	2,419
Japan	1.6	2.2	1,375	53.4	114.9	2,152
Suður-Kórea	21.2	33.9	1,599	0.0	0.0	
Ástralía	7.2	11.1	1,542	9.9	20.0	2,020
Önnur lönd	1.7	2.6	1,529	11.8	16.0	1,356
Samtals	424.0	605.6	1,428	458.9	1 005.2	2,190

Heimild: Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

Íslenski prjónafatnaðurinn nýtur mikilla vinsælda erlendis. Fatnaður úr náttúrulegum efnum hefur verið í tísku á undanförnum árum og íslenska ullin er létt, hefur fallega áferð og ber sérstakan svip í lit og gerð mynstra, sem erlendir aðilar hafa reynt að líkja eftir með misjöfnum árangri. Ekki má gleyma því, að haldið hefur verið uppi kerfisbundnu upplýsinga- og kynningarstarfi, sem farið er að hafa veruleg áhrif á eftirspurn.

Á töflu V er sýndur útflutningur prjónavara eftir löndum árin 1977 og 1978.

Fatnaður úr ofnum ullardúk.

Um alllangt skeið hefur farið fram nokkur útflutningur á fatnaði úr ofnum ullardúk. Þessar vörur eiga í harðari samkeppni en prjónavörurnar á erlendum mörkuðum og framtíð þessa útflutnings er háðari hönnun og frágangi varanna.

Ullarábreiður og húsgagnaáklæði.

Ábreiður hafa til þessa nær eingöngu verið seldar til Sovétríkjanna, en á árinu 1978 jókst útflutningur til Vesturlanda úr 7.5 tonnum 1977 í 26.5 tonn 1978. Er þessi söluaukning beinn árangur aukins kynningarstarfs á vestrænum mörkuðum. Húsgagnaáklæði er nú flutt út í litlum mæli, en gæði efnisins virðast bjóða upp á aukna sölumöguleika.

Á töflu VI er sýndur útflutningur upparteppa eftir löndum árin 1977 og 1978.

Lopi og band.

Stöðug aukning hefur verið á sölu á lopa og bandi. Þessi vara hefur verið seld á tvennan hátt, í neytendaumbúðum og sem iðnaðarhráefni.

Á töflu VII er sýndur útflutningur ullarlopa og bands eftir löndum árin 1977 og 1978.

TAFLA VIII.

Útflutningur á ull og ullarvörum í tonnum 1970—1978.

	Útflutt þvegin ull	Útflutt band og lopi	Útflutt teppi og prjónav.	Aðrar vörur úr ull	Samtals
1970	377.7	84.8	175.1		637.6
1971	253.2	76.0	247.6		576.8
1972	264.0	128.6	343.3		735.9
1973	228.0	233.7	379.1	34.0	874.8
1974	121.0	358.2	368.7	8.4	856.3
1975	342.3	358.7	461.3	10.6	1 163.3
1976	318.3	361.2	496.3	24.4	1 200.2
1977	291.0	424.0	678.0	43.5	1 436.5
1978		458.9	523.5	36.4	

Heimild: Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

Prjóna- og saumastofur.

Prjóna- og saumastofur, sem vinna úr íslenskri ull, eru dreifðar víðs vegar um landið.Fjöldi þeirra, sem vinna á þessum stofum, er nokkuð misjafn. Oftast hefur skort verkefni fyrstu 2—3 mánuði ársins og stundum einnig síðustu 1—2 mánuðina. Nú eru víðast næg verkefni fyrir hendi, þannig að flestar saumastofurnar hafa verið reknar með fullum afköstum frá áramótum. Venjulega er erfiðast að anna eftirspurn fyrri hluta sumars.

Engar nákvæmar tölur eru til um fjölda þess fólks, sem vinnur í prjónavöruiðnaðinum. Þar eru margir, sem vinna hluta úr degi eða hluta úr ári. Á töflu IV er sýndur fjöldi ársmanna í þessum iðnaði á undanförnum árum. Hér fer á eftir skrá yfir prjóna- og saumastofur sem vinna eingöngu, eða að verulegu leyti, úr íslensku hráefni. Bandið er allt unnið hjá Ullarverksmiðjunni Gefjun og Álafossi.

Prjóna- og saumastofur:

Prjónastofan Alis	Reykjavík
Les-Prjón	Reykjavík
Rammaprjón	Reykjavík

Álafoss	Reykjavík
Akraprjón	Akranes
Prjónastofa Borgarness	Borgarnesi
Pólarprjón	Blönduósi
Saumastofan Vaka	Sauðárkróki
Hekla	Akureyri
Prjónastofan Dyngja	Egilsstöðum
Prjónastofan Katla	Vík
Sunna	Hvolsvelli
Prjónastofan Inga	Kópavogi
Prjónastofa Gunnlaugs Sigurðssonar	Kópavogi
Garðaprjón	Garðabæ
Prjónastofan Iðunn	Seltjarnarnesi

Saumastofur:

Saumastofa Hildu	Reykjavík
Saumastofan Tóta	Reykjavík
Saumastofan Borg	Víðidal, V-Hún.
Saumastofan Drífa	Hvammstanga
Saumastofan Vióla	Skagaströnd
Saumastofan Strönd	Barðaströnd
Saumastofa Sigríðar Árnadóttur	Sauðárkróki
Saumastofan Salína	Siglufirði
Saumastofan Prýði	Húsavík
Saumastofan Útskálar	Raufarhöfn
Saumastofan Hrund	Vopnafirði
Saumastofan Nálin	Borgarfirði eystra
Saumastofan Harpa	Reyðarfirði
Saumastofan Framtak	Selfossi

Handprjónaðar ullarvörur.

Verulegt magn af handprjónuðum ullarvörum er flutt út. Engar skýrslur eru til um heildarútflutning þessara vara þar sem þær blandast öðrum prjónavörum í útflutningi. Enn síður eru til upplýsingar um þá vinnu sem liggur að baki útflutningi á handprjónuðum vörum.

Upplýsingar þær sem koma fram í máli því sem hér fer á undan eru einkum tengdar útflutningi á ullar- og skinnavörum. Ekki má gleyma því að mikill markaður er fyrir þessar vörur hér innanlands og munar þar mikið um verslun erlendra ferðamanna. Ekki er rúm til að gera þessum markaði nein skil, enda örðugt um öflun upplýsinga.

Útflutningur ullar og skinnavara er að mestu í höndum nokkurra stórra útflutningsaðila. Inna þeir af hendi mikilvægt sölu- og kynningarstarf. Erlendir umboðsmenn þessara söluaðila eru orðnir mjög margir og þeim fer sífellt fjölgandi. Útflutningsmiðstöð iðnaðarins hefur unnið mikilvægt leiðbeiningar- og aðstoðarstarf á ýmsum sviðum í sambandi við ullar- og skinnaiðnað.

Gærur.

Ástand í útflutningi tilbúins fatnaðar úr skinnum er í svipuðu horfi og útflutningur prjónavara var um 1970. Verð framleiðslunnar er hátt og skortur er á faglærðu fólki í iðnaðinum. Enda er það svo, að aðeins lítill hluti skinnaframleiðslunnar er fullunninn hér á landi.

Á töflu IX er sýndur útflutningur á gærum árin 1971—1977 eftir vinnslustigi. Tafla X sýnir útflutning vara úr loðskinnum árin 1977 og 1978 eftir löndum.

TAFLA IX.

Útfluttar gærur eftir árum og vinnslustigi.

Ár	Saltaðar gærur	Forsútaðar	Súrtaðar gærur	Samtals	Unnar innanlands	Magn útfluttra vara úr loðskinni tonn
1971	165 705	.....	361 823	527 528	174 418	11.7
1972	267 533	.....	462 418	729 951	39 004	12.6
1973	168 636	.....	575 299	743 925	114 788	17.2
1974	209 636	344 805	114 546	668 987	238 526	2.3
1975	377 150	396 710	98 691	872 551	89 251	2.9
1976	126 575	601 590	101 320	829 485	105 591	30.0
1977	157 017	524 035	84 421	765 473	ca. 170 000	36.0

Heimild: Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

TAFLA X.

Vörur úr loðskinnum.

	1977		1978	
	Magn í tonnum	Upphæð í millj. kr.	Magn í tonnum	Upphæð í millj. kr.
Danmörk	0.0	0.6	0.2	6.7
Noregur	0.2	2.9	1.1	29.0
Sovétríkin	7.7	123.5	4.9	114.9
V-Þýskaland	0.4	2.4	0.0	0.0
Bandaríkin	1.8	20.5	0.7	17.2
Kanada	0.1	0.2	0.2	2.7
Önnur lönd	0.4	7.5	0.4	11.9
Samtals	10.6	157.6	7.5	182.4

Heimild: Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

3. Mjólkuriðnaðurinn.

Mjólkurstöðin í Reykjavík, sem tók til starfa 1919, er fyrsta mjólkursamlagið á Íslandi.

Í dag 60 árum síðar eru mjólkursamlögin 17 að tölu, en á þessu tímabili hafa 8 mjólkursamlög hætt störfum.

Stærð mjólkursamlaganna, sem yfirleitt er miðuð við innvegið mjólkurmagn á ári, er mjög misjöfn, allt frá 0.2 milljónum lítra upp í 42.0 milljónir lítra á árinu 1978.

TAFLA I.

Fjöldi og stærð mjólkursamlaga í landinu 1940—1978:

Ár:	Fjöldi samlaga:	Innvegið mjólkurmagn á ári, millj. lítra Meðaltal:	Mest:	Minnst:
1940	7	2.6	8.0	0.2
1950	8	4.6	14.5	0.4
1960	14	5.3	29.2	0.3
1970	19	5.1	34.0	0.2
1978	17	7.1	42.0	0.2

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Fjöldi mjólkurinnleggjenda jókst stöðugt fram á miðjan síðasta áratug, en á s. l. 10 árum hefur þeim fækkað um 32% eða rúmlega 1 200 og eru þeir nú um 2 550. Þessi þróun ásamt tilkomu heimilismjólkurtanka, sem nú nýtast fyrir um 90% af heildarmjólkurmagninu í landinu, hefur orðið þess valdandi, að það

hráefni, sem í dag berst til mjólkursamlaganna er mun jafnara að gæðum og hefur meira geymsluþol en áður var.

Mjög miklar breytingar hafa orðið á öllum sviðum mjólkuriðnaðarins á undanförnum áratugum og ber þar hæst eftirfarandi atriði:

a) Komið hefur verið á heildarskipulagi með mjólkursölulögunum 1935, Framleiðsluráðslögunum 1947 og stofnun Osta- og smjörsölunnar 1958.
b) Tæknilegar framfarir í mjólkursamlögunum hafa verið gífurlega miklar, bæði í vélum, tækjum og framleiðsluaðferðum.
c) Faglærðu starfsfólki hefur fjölgað mikið og eru nú starfandi milli 80 og 90 mjólkurfræðingar við mjólkursamlögin.
d) Sá hluti innveginnar mjólkur sem fer í vinnslu hefur stöðugt aukist.
e) Fjölbreytni í vöruframboði hefur aukist mjög mikið. Fyrir 20 árum var framleiðsla mjólkursamlaganna takmörkuð að mestu leyti við aðalafurðirnar, nýmjólk, rjóma, skyr, smjör og mjólkurost. Þessar vörutegundir eru enn í dag aðaluppistaðan í heildsölu mjólkurafurða, en allverulegur markaður hefur samt náðst með tilkomu nýrra afurða, enda eru mjólkurvörutegundir nú að nálgast 100, ef allt er talið.

TAFLA II.

Skipting innveginnar mjólkur í neyslumjólk og vinnslumjólk:

Ár:	Innvegið alls millj. lítra	Neyslumjólk og rjómi millj. lítra	%	Vinnslumjólk millj lítra	%
1940	18.0	10.2	56.7	7.8	43.3
1950	36.7	26.8	73.0	9.9	27.0
1960	73.7	43.9	59.6	29.8	40.4
1970	97.6	50.5	51.7	47.1	48.3
1978	120.2	55.9	46.5	64.3	53.5

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

VI. KAFLI
VIÐHORF BÆNDA.

1. Inngangur.

Eins og rakið er í II. kafla þessarar greinargerðar hafa samtök bænda haft mikil áhrif á alla lagasetningu sem snertir málefni landbúnaðarins. Fyrst Búnaðarfélag Íslands og síðar einnig Stéttarsamband bænda eftir stofnun þess 1945.

Allir bændur í landinu eiga aðild að þessum samtökum báðum. Æðstu stofnanir þessara samtaka eru Búnaðarþing og aðalfundur Stéttarsambands bænda. Á þessum þingum bænda eru málefni stéttarinnar rædd og afstaða mótuð. Hefur löggjafinn jafnan talið sér skylt að taka verulegt tillit til þeirra samþykkta sem þar eru gerðar.

Á árunum 1935—1947 urðu miklar umræður meðal bænda um kjaramál stéttarinnar og skipulagsmál. Leiddu þessar umræður að lokum til nokkurra félagslegra átaka sem urðu kveikjan að stofnun Stéttarsambands bænda árið 1945, og til setningar Framleiðsluráðslaganna árið 1947.

Á síðustu árum hafa aftur farið fram miklar umræður um þessi mál vegna þess vanda, sem nú er í framleiðslu og sölumálum landbúnaðarins.

Þótt þessi umræða hafi verið almennari og fyrirferðarmeiri nú síðustu tvö árin, en menn annars hafa átt að venjast, er hún engan veginn ný af nálinni og má rekja upphaf hennar allt til ársins 1966.

2. Upphaf umræðna um skipulagsaðgerðir.

Strax í upphafi sjöunda áratugsins þegar framleiðsla nautgripa og sauðfjárafurða hafði náð því marki að fullnægja þörfum þjóðarinnar og framleiðslan hélt stöðugt áfram að vaxa, varð mörgum það ljóst að nauðsyn væri að festa í lög heimildir til að takmarka búvöruframleiðsluna.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda í ágúst 1966, var rætt um skipulagsmál landbúnaðarins, vegna vandamála sem upp komu á því ári sökum mikillar mjólkurframleiðslu árin 1964 og 1965, er leiddi til þess, að miklar smjörbirgðir söfnuðust hjá mjólkursamlögum landsins, sem ekki reyndist unnt að selja á fullu verði.

Máli þessu var vísað til framleiðslunefndar fundarins er bar fram svohljóðandi tillögu:

„Vegna þess ástands, sem skapast hefur vegna mjög mikillar aukningar í mjólkurframleiðslu undanfarin ár, sem hefur nú leitt til þess, að bændur fá ekki grundvallarverð fyrir mjólkina, telur fundurinn nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að skipuleggja framleiðsluna eftir þörfum og markaðsmöguleikum.

a) Kannað verði, hvort ekki sé hægt að draga úr framleiðslu landbúnaðarafurða í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem auðvelt er fyrir menn að hafa tekjur af annari vinnu.

b) Farið verði þess á leit við landbúnaðarráðuneytið, að ríkisbú og bú í eigu bæjarfélaga verði lögð niður, nema að því leyti sem þau þjóna tilraunastarfsemi landbúnaðarins.

c) Stuðlað verði að hagkvæmari skiptingu á framleiðslunni á milli búgreina, með því að útvegað verði frá ríkinu fjármagn, sem Framleiðsluráð úthlutar til þeirra, sem vilja leggja niður mjólkurframleiðslu, en taka upp aðra hagkvæmari framleiðslu í staðinn, enda sé ekki þörf fyrir mjólk þeirra bænda til nýtingar á neyslumjólkurmarkaðnum.

d) Framleiðsluráð láti athuga, hver þau byggðarlög eru, sem hafa erfiðasta aðstöðu um framleiðsluskilyrði og önnur þýðingarmikil atriði varðandi búskaparaðstöðu og hvernig komið verði til móts við þau þannig að búseta í þeim sé ekki í hættu.

e) Á fyrri hluta hvers verðlagsárs skal Framleiðsluráð gera framleiðsluáætlun sérstaklega um nautgripa- og sauðfjárafurðir fyrir verðlagsárið og um leið ákveða skiptingu útflutningsbótanna milli afurðategunda. Skal lagt til grundvallar magn afurða í þessum búgreinum, reiknað með verðlagsgrundvallarverði og útflutningsbótum skipt á milli þessara tveggja aðalbúgreina hlutfallslega eftir því, ef vantar á, að útflutningsuppbætur dugi til að fullnægja báðum búgreinum. Áætlun þessi verði endurskoðuð ef þörf krefur.

f) Framleiðsluráði verði heimilað að taka gjald af innfluttum fóðurbæti, en þetta gjald yrði endurgreitt af ákveðnu magni fóðurbætis handa framtöldum bústofni á ásetningsskýrslu verðalgsársins samkvæmt mati Framleiðsluráðs. Það fé, sem ekki verður endurgreitt, verður notað til verðjöfnunar, ef nauðsyn krefur, annars til hagræðingar í búskap.

g) Leitað verði eftir því við Alþingi að fá breytingu á Framleiðsluráðslögunum, svo að hægt verði að koma framangreindum atriðum til framkvæmda, ef þörf krefur.

h) Takist ekki með framangreindum ráðstöfunum að halda framleiðslunni hæfilegri miðað við þarfir markaðarins og sölumöguleika, skulu stjórn Stéttarsambands bænda og Framleiðsluráð undirbúa nýjar tillögur, sem verði lagðar fyrir Stéttarsambandsfund."

Fyrstu fjórir liðir tillögunnar voru samþykktir með miklum meirihluta atkvæða, en þrem síðustu liðum var frestað til framhaldsaðalfundar. Á þeim fundi, sem haldinn var 19. febrúar 1967, var svofelld dagskrártillaga samþykkt með 24 atkvæðum gegn 9.

„Þar sem enn er ekki séð, hver þörf er á notkun fóðurbætis á þessum vetri og næsta vori og ekki vitað, hvað gerist í sölumálum landbúnaðarvara, telur fundurinn rétt að fresta afgreiðslu málsins til næsta aðalfundar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Málið var nú sent til umsagnar hjá búnaðarsamböndunum og á aðalfundi Stéttarsambandsins 31. ágúst 1968 var það enn rætt.

Framleiðslunefnd fundarins bar fram svofellda tillögu:

„Þar sem nú liggja fyrir svör búnaðarsambandanna um fóðurbætisskatt og þau eru að meiri hluta neikvæð, og ennfremur með tilliti til þess ástands sem nú er með fóðuröflun í landinu, þá telur fundurinn ekki að svo stöddu ástæðu til þess að fara fram á heimild Alþingis til þess að leggja á fóðurbætisskatt. Hins vegar telur fundurinn, að við endurskoðun framleiðsluráðslaganna þurfi að auka vald Framleiðsluráðs til þess að hafa áhrif á framleiðslumagn landbúnaðarvöru eftir markaðsmöguleikum.“

Tillaga þessi var afgreidd á fundinum með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Með því að þegar er búið að samþykkja á aðalfundinum að fela nefnd manna ásamt stjórn Stéttarsambandsins að gera tillögur til breytinga á framleiðsluráðslögunum, þar sem sett verði ákvæði um skipulag á framleiðslu á búvörum, sér fundurinn ekki ástæðu til að fjalla frekar um það mál að sinni og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Þessi dagskrártillaga var samþykkt með 24 atkvæðum gegn 6.

Tillaga sú, sem hér er vitnað til, var flutt af laganefnd fundarins og er svohljóðandi:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda, haldinn í Skógaskóla dagana 31. ágúst til 1. september 1968, telur að reynslan hafi sýnt að núverandi verðlagslöggjöf, lögin um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðun, sölu á landbúnaðarvörum o. fl., tryggi ekki bændastéttinni sambærileg kjör við aðrar stéttir eins og að var stefnt, þegar löggjöfin var sett.

Auk þess hafa komið fram mikil vandkvæði á framkvæmd laganna, sem m. a. gera það að verkum að verðlagning gengur seint og illa.

Fundurinn samþykkir því að kjósa fjóra menn, einn úr hverjum landsfjórðungi til að vinna með Stéttarsambandsstjórninni að því að semja breytingartillögur við framleiðsluráðslögin, þar sem einkum verður lögð áhersla á eftirfarandi atriði:

1. Að bændum verði tryggðar sambærilegar tekjur við aðrar stéttir.
2. Sex-manna-nefndin í núverandi mynd verði lögð niður, en bændastéttin fái aðstöðu til að semja við ríkisstjórnina um verðlagið, framleiðsluaðstöðu og kjör stéttarinnar.
3. Sett verði ákvæði í lögin, er tryggi möguleika til að hafa stjórn og skipulag á framleiðslu búvöru þannig, að of mikið framboð vöru valdi ekki bændastéttinni beinu tjóni.

Fundurinn felur Stéttarsambandsstjórninni og þeim fjórum mönnum, sem kosnir verða, að vinna að því að fá samstöðu um ofannefndar breytingar.“

Samþykkt með 35 atkvæðum gegn 2.

Það sem hér að framan er rakið sýnir ljóslega að þau skipulagsatriði landbúnaðarins, sem nú eru efst á baugi voru það einnig fyrir 10—12 árum og hafa verið það óslitið síðan.

Það sýnir einnig að nokkur skoðanamunur hefur ávallt verið um sum atriði þessara mála, einkum hugmyndina um töku kjarnfóðurgjalds.

3. Frumvarpið 1972.

Árið 1972 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Þær breytingar, sem frumvarpið gerði ráð fyrir byggðu á þeim samþykktum bænda, sem hér hafa verið raktar.

Á aukafundi Stéttarsambandsins í febrúar 1972 var fjallað um frumvarp þetta og samþykkt samhljóða að mæla með lögfestingu þess, að undanskildu því ákvæði, sem gerði ráð fyrir töku kjarnfóðurgjalds. Það var samþykkt með 35 atkvæðum gegn 5.

Þetta frumvarp náði ekki fram að ganga og urðu bændum það mikil vonbrigði. Kemur þetta glöggt fram í samþykktum aðalfunda næstu ár á eftir.

4. Umræður um stefnumörkun.

Eitt þeirra atriða í skipulagsmálunum, sem nú er mikið rætt, er skipulagning landbúnaðarframleiðslunnar miðað við landkosti og markaðsaðstæður og búskaparaðstöðu á hverri jörð.

Eftirfarandi samþykkt á aðalfundi Stéttarsambandsins í ágúst 1969 sýnir að þessar hugmyndir eru ekki heldur nýjar.

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda árið 1969 telur nauðsynlegt að landbúnaðurinn sé að vissu marki skipulagður með landkosti og markaðsskilyrði innanlands og utan fyrir augum. Þess vegna felur fundurinn stjórn Stéttarsambandsins að vinna að þessu máli á þann hátt, sem hún telur vænlegt til árangurs."

Á aðalfundi 1976 er enn gerð mjög stefnumarkandi samþykkt:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1976 álítur nauðsynlegt að mörkuð sé heildarstefna í búvöruframleiðslu, sem höfð sé til viðmiðunar um framleiðslumagn. Fundurinn telur rétt að skipuð sé þriggja manna nefnd skipuð einum fulltrúa frá Stéttarsambandi bænda, einum frá Búnaðarfélagi Íslands og einum frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, er athugi hvort ekki sé tímabært og eðlilegt, með lánafyrirgreiðslu og/eða verðlagstilfærslum að beina landbúnaðarframleiðslunni að þeim framleiðsluþáttum, sem eru samfélaginu hagkvæmastir á hverjum tíma."

Samþykkt með öllum þorra atkvæða gegn 1.

Þessi samþykkt og aðrar þær sem hér að framan eru raktar, sýna ljóslega að þær ásakanir sem stundum eru fram bornar, að bændur og forystumenn þeirra hafi ekki viljað ljá máls á framleiðslutakmarkandi skipulagsaðgerðum fyrr en allt var komið í óefni, eiga ekki við rök að styðjast.

Þvert á móti virðist bændum almennt hafa verið ljós þörfin á skipulagsaðgerðum þegar í lok sjöunda áratugsins.

Hins vegar hefur löggjafarvaldið ekki verið reiðubúið að samþykkja heimildir til slíks.

5. Eiðafundurinn.

Á aðalfundi Stéttarsambandsins á Eiðum 29. ágúst 1977 hefst svo lokakaflinn í þessari umræðu og sem nú stendur sem hæst.

Mjólkurframleiðslan hafði aukist mjög mikið fyrri hluta ársins. Ljóst var í hvert óefni stefndi og útflutningsbætur voru þrotnar.

Eiðafundurinn gerði svofellda samþykkt með 37 atkvæðum gegn 6:

„Þar sem fram hefur komið að útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir yfirstandandi verðlagsárs duga ekki til þess að fullt grundvallarverð náist, og allt bendir til að svo verði einnig næsta ár, þá er aðalfundur Stéttarsambands bænda því meðmæltur að eftirfarandi ráðstafanir séu gerðar:

1. Að lagt verði verðjöfnunargjald á framleiðslu yfirstandandi verðlagsárs í trausti þess að viðurkennt verði mat Framleiðsluráðs á heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar.
2. Að lagt verði verðjöfnunargjald á innfluttan fóðurbæti allt að 8% af cif-verði. Gjaldið verði í vörslu Framleiðsluráðs og notað til verðjöfnunar á framleiðslu hvers árs, þó þannig að hver búgrein njóti þess framlags sem frá henni kemur, þar til hún hefur náð grundvallarverði. Gjaldið verði ákveðið af Framleiðsluráði landbúnaðarins, lengst til eins árs í senn.
3. Að Framleiðsluráði verði veitt lagaheimild til þess að greiða lægra verð fyrir aukna framleiðslu á hverri jörð, þó þannig að þar sem bú eru lítil sé greitt fullt verð fyrir aukningu að ákveðnu marki. Þetta komi aðeins til framkvæmda þegar ekki er hægt að greiða fullt verð fyrir alla landbúnaðarframleiðsluna. Þegar þannig háttar verði jafnframt greitt lægra verð fyrir framleiðslu ríkisbúa og þeirra sem hafa landbúnaðarframleiðslu utan lögbýla."

Á gundvelli þessara tillagna var síðan samið frumvarp til laga um breytingu á lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, sem gerði ráð fyrir heimild til töku gjalds af innfluttu kjarnfóðri og að ákveða mismunandi hátt verð á búvöru til framleiðenda.

Þetta frumvarp var lagt fyrir aukafund Stéttarsambandsins í nóvember 1977. Ágreiningur var sem fyrr um heimildir til töku kjarnfóðurgjalds. Var sá hluti frumvarpsins samþykktur með 37 atkvæðum gegn 7. Aðrir hlutar þess samþykktir samhljóða.

Frumvarpið var sent ríkisstjórninni en aldrei lagt fram á Alþingi.

6. Bændafundirnir.

Haustið 1976 hófst nýr þáttur í umræðunni um skipulagsmál landbúnaðarins og kjör bænda, en það voru hinir almennu bændafundir.

Fram að þeim tíma höfðu umræður um þessi mál að mestu farið fram á fundum búnaðarfélaganna, búnaðarsambanda og á fundum Stéttarsambandsins, kjörmannafundum og aðalfundi og á Búnaðarþingi. Þótt fundir þessir séu opnir öllum bændum, er reynslan sú, að þeir eru almennt ekki sóttir af öðrum en þeim sem til þess eru kjörnir og svo félagsmönnum í hverju einstöku búnaðarfélagi. Með tilkomu bændafundanna hefur fundarsókn orðið almennari.

Fyrsti bændafundurinn var boðaður af nokkrum bændum á Suðurlandi, en flestir hafa verið haldnir fyrir forgöngu búnaðarsambandanna eða einstakra búnaðarfélaga. Á flestum bændafundanna hafa mætt fulltrúar frá Stéttarsambandi bænda, einnig stjórnmálamenn og sérfræðingar á sviði búnaðarmála.

Í ályktunum þessara funda komu í fyrstu fram ærið skiptar skoðanir á lausn þeirra vandamála sem við er að fást í landbúnaðinum. En viðhorfin hafa smám saman skýrst og hafa fundirnir reynst mjög gagnlegir til að kynna bændum almennt ástand mála og hvaða lausnir koma helst til greina.

7. Þáttur Búnaðarþings.

Hér að framan hafa verið raktar samþykktir aðalfunda Stéttarsambands bænda um skipulagsmálin s. l. 12 ár. Þessi ár hafa líka farið fram miklar umræður um málin á Búnaðarþingi og samþykktir verið gerðar. Hafa þær verið mjög á sama veg og samþykktir Stéttarsambandsfunda.

Á Búnaðarþingi 1976 voru samþykktar ályktanir, sem á vissan hátt marka tímamót í þessum málum:

Ályktun I:

„Búnaðarþing 1978 lýsir fylgi sínu við þá afstöðu Stéttarsambands bænda að æskja heimildar til að leggja gjald á innflutt kjarnfóður, m. a. sem leið til að hafa hemil á framleiðslu landbúnaðarvara og vernda innlenda fóðurframleiðslu.

Ef til slíks kemur, leggur þingið áherslu á eftirfarandi:
a) Að tryggt sé í lögum, að ákvörðun um álagningu gjaldsins, upphæð þess og notkun sé að öllu leyti í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
b) Að vel beri að athuga, hvort ekki er heppilegast, að það gangi að mestu eða öllu leyti til niðurgreiðslu á tilbúnum áburði.
c) Þar eð gjaldtaka af kjarnfóðri bitnar mest á mjólkurframleiðslu í hækkuðum framleiðslukostnaði, en lækkun áburðarverðs kemur allri fóðurframleiðslu til góða, verði tekið til athugunar, hvort ekki er nauðsynlegt að viðbótarfjármagn komi frá sauðfjárframleiðslunni til sömu nota og kjarnfóðurgjaldið."

Samþykkt með 20 atkvæðum gegn 4.

Ályktun II:

„Búnaðarþing beinir þeirri ósk til landbúnaðarráðherra, að hann skipi 7 manna nefnd, þrjá eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, þrjá eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda og einn án tilnefningar, sem jafnframt verði formaður nefndarinnar.

Nefnd þessi taki til athugunar, hvaða leiðir séu færastar til þess að tryggja sem best stöðu landbúnaðarins og afkomu þeirra, sem að honum vinna, svo og til lausnar þeim vanda í markaðsmálum, sem nú blasir við.

Nefndin gerir tillögur um þær aðgerðir, er líklegastar þykja til úrbóta í þessu efni, og skili áliti í frumvarpsformi svo fljótt, sem kostur er, og eigi síðar en í júlímánuði n. k.

Í því sambandi bendir þingið á eftirfarandi:

1. Hvernig haga bæri gjaldtöku af innfluttum fóðurbæti, ef lögfest yrði, samanber ályktun I og þá í hvaða mæli og hvernig því skuli varið.
2. Hvort unnt sé að taka upp kvótakerfi í einhverri mynd í þeim tilgangi að draga úr framleiðslunni á þeim landbúnaðarafurðum, sem selja þarf á erlendum mörkuðum og ekki skila viðunandi verði. Til athugunar komi m. a., að greitt verði fullt grundvallarverð fyrir það hlutfall framleiðslunnar, sem selst á innlendum markaði en hinn hlutinn greiðist með því verði, sem útflutningur vörunnar gefur að viðbættum þeim útflutningsbótum, er greiddar kunna að verða hverju sinni. Einnig verði kannað, hvort setja eigi mismunandi kvóta eftir bústærð, þannig að stærri búin beri hlutfallslega meira af þeirri skerðingu, sem af kvótakerfinu leiðir.
3. Hvort ávinningur myndi verða af því, að t. d. nætur- og helgidagavinna bónda og húsfreyju yrði tekin út úr verðlagningu búvaranna og greidd beint til viðkomandi, annaðhvort sem jöfn upphæð á hvert lögbýli eða í hlutfalli við afurðamagn það, sem greitt yrði fullu grundvallarverði, ef til kvótakerfis kemur.
4. Hvort raunhæft væri að greiða útflutningsbætur beint til framleiðanda og beita þeirri greiðslu að einhverju leyti sem kvótakerfi, ef það yrði ekki tekið upp í öðru formi. Í því sambandi má benda á sérstakar greiðslur, hliðstætt því, sem Norðmenn hafa tekið upp til þeirra, sem draga úr mjólkurframleiðslu.
5. Hvort ástæða sé til að endurskoða jarðræktarlögin í þeim tilgangi, að heimiluð verði breytileg tilhögun á greiðslu framlaga, sem þar er kveðið á um, þannig að hægt sé að leggja tímabundna áherslu á einstakar framkvæmdir. Í því sambandi má benda á lækkun framlaga til ræktunar, en verulega aukin framlög til súgþurrkunar og votheysgerðar.
6. Hvort ekki sé unnt að auka hlutdeild garðræktar í búvöruframleiðslunni, þannig að fullnægt verði innlendum markaði fyrir þessar afurðir.

7. Hvort ekki sé unnt að fá fjármagn úr Byggðasjóði til þess að efla nýjar búgreinar s. s. loðdýrarækt, aukna fiskrækt o. fl., sem hugsanlegt væri að taka upp og auka, en draga í þess stað úr mjólkur- og kjötframleiðslu.
8. Hvernig auka megi tengsl og samræma stefnur og starfsemi þeirra stofnana, er vinna að framgangi þeirra mála, sem landbúnaðinn varða sérstaklega, þegar um er að ræða fjárfestingar- og lánamál landbúnaðarins. Stofnanir þær, eru m. a. Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Landnám ríkisins, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Byggingarstofnun landbúnaðarins, Landgræðsla ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins o. fl.

Samþykkt samhljóða.

Í apríl 1978 skipaði landbúnaðarráðherra síðan nefnd sjö manna, „sjömannanefndina“, svokölluðu til að gera tillögur í þessum efnum. Nefndin var skipuð sex bændum og ráðuneytisstjóra landbúnaðarráðuneytisins.

Nefndin skilaði áliti haustið 1978. Gerði hún m. a. tillögu til breytinga á framleiðsluráðslögunum, sem er efnislega samhljóða því frumvarpi, sem samið var haustið 1977 og sent ríkisstjórninni. Einnig gerði nefndin ýmsar tillögur um skipulagsmál og hagsmunamál bænda. Aðalfundur Stéttarsambandsins féllst í aðalatriðum á tillögur hennar, og í desember s. l. lagði landbúnaðarráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingar á framleiðsluráðslögunum, sem er í flestum atriðum samhljóða tillögum nefndarinnar.

Tillögur sjömannanefndar hafa birst í fjölmiðlum og verið prentaðar í þingskjölum svo þær verða ekki raktar hér. Segja má að þær séu í stórum dráttum niðurstaða þeirra umræðna sem fram hafa farið á fundum bænda undanfarin ár um framleiðslu- og skipulagsmál landbúnaðarins.

Eins og fram kemur í þeim samþykktum, sem hér hafa verið raktar, hefur verið nokkur ágreiningur um hvort skipulagsaðgerða væri þörf og hvaða leiðir ætti að fara í því efni.

Þessi mál hafa nú verið til umræðu á fundum bænda í rúm tólf ár, og á þeim tíma hafa viðhorfin smám saman skýrst.

Óhætt er að segja að þótt menn greini nokkuð á um leiðir, eru bændur nú almennt sammála um tvö megin atriði þessara mála. Í fyrsta lagi nauðsyn þess að lögfestar verði heimildir til að hafa áhrif á framleiðslumagn, og í öðru lagi nauðsyn þess að skipuleggja búvöruframleiðsluna um landið í samræmi við markaðsaðstæður og landskosti á hverjum stað.

VII. LANDBÚNAÐARSTEFNA

1. Hlutverk landbúnaðar á Íslandi.

Erfitt er að skilgreina í stuttu máli hvert er hlutverk landbúnaðar í íslensku þjóðlífi. Mat manna á því er auk þess mjög misjafnt og í sumum tilfellum um að ræða tilfinningaleg eða þjóðernisleg sjónarmið, sem erfitt er að festa hendur á.

Hér verður lögð áhersla á 4 meginatriði:

a) Landbúnaðurinn sér þjóðinni fyrir matvælum, sem eru drjúgur hluti af neyslu fólksins.

   Með því skapar hann þjóðinni það öryggi, sem í því felst að framleiða sem mest af matvælum í landinu sjálfu eða geta framleitt þau, ef aðflutningar teppast eða matvæli verða á annan hátt torfengin.

b) Landbúnaðurinn er grundvöllur að lífsafkomu verulegs hluta þjóðarinnar og meginhluta fólks í stórum landshlutum.

   Hann leggur til hráefni til iðnaðar, sem er mikilvægur þáttur iðnþróunar í landinu.

c) Landbúnaðurinn hefur menningarlegt og félagslegt gildi, sem felst m. a. í snertingu þeirra, sem að honum vinna við náttúru landsins, tengsl þeirra við sögu þjóðarinnar og sambúð hennar við landið um aldir.
d) Landbúnaðurinn nytjar gæði landsins, og hann er ómissandi hlekkur í byggðakeðju landsins.

Í umræðum um landbúnaðarmál er því oft lítill gaumur gefinn hver nauðsyn eyþjóð eins og Íslendingum er að geta verið öðrum óháð um sem flest matvæli. Hefur því stundum verið slegið fram að ódýrara væri að flytja inn þorra þeirra búvara, sem þjóðin þarfnast en að stunda hér slíka framleiðslu við erfið skilyrði að dómi viðkomandi. Flestar Evrópuþjóðir hafa fylgt þeirri stefnu að halda uppi öflugri búvöruframleiðslu í löndum sínum, tryggja bændum fullt verð fyrir framleiðsluna, en selja umframmagnið úr landi á „dumping" verði. Því hefur nú um skeið verið hægt að gera mjög hagstæð kaup á búvörum í nágrannalöndum okkar. Jafnframt hefur markaðsaðstaða fyrir þær íslensku búvörur sem flytja þarf út farið versnandi.

Varlegt er að treysta á að búvörur fáist til frambúðar á hagstæðum kjörum erlendis. Efnahagsbandalag Evrópu hefur ekki mótað sér frambúðarstefnu í landbúnaðarmálum. Grundvallarbreyting á stefnu þess getur gjörbreytt verðlagi búvara á heimsmarkaði á tiltölulega skömmum tíma.

Þá geta óvæntir atburðir eins og uppskerubrestur eða þjóðfélagsátök á stuttum tíma breytt markaðsaðstæðum. Nægir í því sambandi að benda á átökin í Íran nú nýverið og áhrif þeirra á efnahagsþróun í heiminum.

Því er lögð á það áhersla að íslenskur landbúnaður fullnægi þörfum þjóðarinnar fyrir þær búvörur, sem hér er unnt að framleiða.

Við mat á öryggisgildi landbúnaðarins ber þó að hafa í huga að hann er að töluverðu leyti háður innfluttum rekstrarvörum, s. s. olíu, áburði og kjarnfóðri. Unnt er að auka öryggisgildið til muna með því að bæta innlenda fóðurframleiðslu og auka notkun innlendrar orku við búvöruframleiðsluna.

Ekki hefur verið gerð fullnægjandi könnun á því hve margir hafa atvinnu við landbúnað, iðnað og vinnslu úr landbúnaðarvörum og þjónustu ýmiskonar. Ljóst er hins vegar að landbúnaðurinn er mjög mikilvægur atvinnugjafi um land allt og í sumum byggðum má heita, að atvinna fólks byggist að mestu á starfsemi tengdri honum.

Iðnaður úr skinnum verður með hverju ári mikilvægari atvinnugjafi og einnig sífellt mikilvægari útflutningsatvinnuvegur. Á s. l. ári voru ullar- og skinnavörur 59% af útfluttum iðnaðarvörum, öðrum en áli.

Menningarlegt og félagslegt gildi landbúnaðar verður tæpast metið til fjár eða mælt á nokkra þá mælistiku, sem notuð er við mat á veraldlegum gæðum. Engu að síður er þessi þáttur landbúnaðarins gildur.

Hingað til hefur það verið talið mikilvægt fyrir uppeldi hvers unglings að fá að kynnast sveitalífi. Við vaxandi þéttbýli verða tækifæri manna til að njóta hinnar ósnortnu náttúru og samfélags við húsdýrin sífellt færri. Er því líklegt að þessi gæði verði mönnum enn ljósari þegar lengra líður.

Megin auðlindir landsins eru þrjár; fiskurinn við strendurnar, orkan í fallvötnum og háhitasvæðum og landið sjálft með gróðri sínum og ræktunarmöguleikum.

Skilyrði til grasræktar eru hér góð, vegna veðurfars, jarðvegs, legu lands og landrýmis. Sömu veðurfarsþættir valda því, að grasið er næringarríkt og uppskera fóðurjurta, sem eru ræktanlegar, er viðunandi.

Talið er að alls séu 33 þús. km² lands neðan við 400 m hæð sem geti orðið ræktanlegt gróðurlendi. Gróið og ræktanlegt land neðan 200 m er talið vera 13 718 km², en ræktanlegar auðnir 9 112 km². Af þeim er ætlað að breyta megi 5 000 km² í arðgæft land með fullum afrakstri. Ef áætlað er að 20% (3 000 km²) af ræktanlegu landi þurfi undir mannvirki ýmiskonar, byggingar, vegi og athafnasvæði, yrðu um 15 000 km² eftir til ráðstöfunar sem ræktunarland. Tún á Íslandi voru 1 298 km² árið 1977.

Í gróðri heiða og beitilanda felast mikil verðmæti. Bústofn landsmanna, hross og sauðfé, safna á úthagabeit um 270 millj. f.e. árlega. Er það rúmlega það, sem þarf til innifóðrunar alls búpenings. Að margra dómi er beitarþol á afréttum landsins nú fullnýtt, m. v. núverandi ástand gróðurfars. Beitiland á láglendi hefur batnað mjög og afköst þess aukist fyrir framræslu og græðslu sanda og jökulaura.

Ljóst er af framansögðu, að í ræktunarmöguleikum landsins er fólgin auðlind, sem ekki er nema að litlum hluta nýtt ennþá.

Þessi auðlind og önnur gæði landsins, s. s. hlunnindi við sjó og í ám og vötnum, verður ekki með góðu móti nýtt án landbúnaðar og hæfilegrar dreifingar byggðarinnar um landið.

Gildi landbúnaðarins fyrir byggðajafnvægið er fólgið í þeirri atvinnu, sem hann veitir beint og óbeint og því að hann veitir þorpum og bæjum öryggi, með því að sjá þeim daglega fyrir nauðsynlegum búvörum.

2. Framleiðslumarkmið.

Þegar sett er markmið í framleiðslu fyrir einstakar búgreinar þarf jafnframt að hafa í huga gildi þeirra fyrir atvinnulíf og byggðaþróun í landinu, og hvaða áhrif róttækar breytingar geta haft.

Nautgripa- og sauðfjárframleiðslan er nú komin all langt fram yfir það mark að fullnægja þörfum þjóðarinnar, en aðrar greinar eru ýmist í jafnvægi eða langt frá því að ná þessu marki.

Í eftirfarandi töflu er gerð tilraun til að meta hver er staða einstakra búgreina í þessu efni. Óruggar upplýsingar eru til um framleiðslu og sölu nautgripa og sauðfjárafurða, en tekið skal fram, að mjög takmarkaðar upplýsingar eru um það efni varðandi aðrar búgreinar, s. s. hrossa-, svína-, alifugla- og grænmetisræktun og er því um áætlunartölur að ræða. Sömuleiðis er um ágiskanir að ræða varðandi hæfilega, eða æskilega neyslu t. d. eggja og grænmetis, en stuðst við reynslu í nálægum löndum.

Mjólk	Kindakjöt	Nautakjöt	Hrossakjöt	Svínakjöt	Alifuglakjöt	Egg	Kartöflur	Grænmeti	Tómatar, gúrkur
24%	50%								
100%	100%	90%	90%	90%	90%	85%	76%[1])	50%[2])	40%[3])

Innlendar þarfir = 100%.

Mjólkurframleiðslan.

Mjólkurframleiðsla í landinu er nú meiri en hún hefur nokkru sinni verið. Áætlað er að á verðlagsárinu 1978/1979 verði innvegið mjólkurmagn til mjólkursamlaganna um 125 milljónir lítra, sem er rúmlega 16% aukning frá verðlagsárinu 1975/1976. Á sama tíma hefur heildarsala mjólkurafurða innanlands dregist saman um 5—6% og umframframleiðsla því orðin allveruleg eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

1) Meðaltal síðustu 10 ára.
2) Ágiskun.
3) Miðað við neyslu í Svíþjóð.

Umframframleiðsla mjólkur 1975—1978.

Ár	Innvegið mjólkur-magn millj ltr.	Heildarsala mjólkur-afurða millj ltr.	Umfr.framl. millj. ltr.	%
1975	108.3	101.1	7.2	6.6
1976	108.7	100.7	8.0	7.4
1977	115.5	91.2	24.3	21.0
1978	120.2	97.0	23.2	19.3
1978/1979[1])	125.0	95.0	30.0	24.0

Á yfirstandandi verðlagsári þarf að flytja út um 24% af innvegnu mjólkurmagni ef mjólkurvörubirgðir í landinu eiga ekki að aukast. Í upphafi verðlagsársins voru birgðir mjólkurvara mjög miklar og er nauðsynlegt að reyna að draga úr þeim, þar sem vaxta- og geymslukostnaður mjólkursamlaganna er þeim þungur baggi.

Mikið umframframboð hefur verið á mjólkurafurðum í heiminum undanfarin ár og miklar birgðir eru til af smjöri og undanrennudufti. Heimsmarkaðsverð á mjólkurafurðum er því lágt og erfitt að finna markaði. Fyrir smjör og undanrennuduft fást nú 10—15% af óniðurgreiddu heildsöluverði erlendis, fyrir venjulega osta 20—30%, en fyrir óðalsost 40—45%. Það er því augljóst að við ríkjandi markaðsaðstæður er ekki grundvöllur fyrir að framleiða mjólk til útflutnings.

Eðlilegt er að mjólkurframleiðslan sé það mikil að hægt sé að fullnægja eftirspurn eftir mjólkurafurðum innanlands árið um kring hvar sem er á landinu. Vegna mikillar árstíðasveiflu í framleiðslunni þarf að framleiða um 5—10% umfram heildarsölu innanlands til þess að þessu marki sé náð.

Miðað við þá sölu sem nú er á mjólkurafurðum innanlands og eðlilega sveiflu í framleiðslu milli ára og árstíða er hæfileg mjólkurframleiðsla 105 milljónir lítra ± 3%.

Þessu marki má ná á tiltölulega skömmum tíma, 1—2 árum, með minni fóðurbætisgjöf og einhverri fækkun mjólkurkúa. Leggja verður áherslu á að fá sem hagstæðast verð fyrir þær mjólkurvörur sem flytja þarf út.

Nautakjöt.

Mjög óljósar upplýsingar eru til um framleiðslu og sölu nautakjöts, þar sem verulegur hluti þess er seldur beint frá framleiðendum til neytenda. Þjóðhagsstofnun áætlar að framleiðslan hafi verið 2 300 tonn árið 1977 eða um 10 kg ársneysla pr. íbúa. Vitað er að skortur er á nautakjöti í bestu gæðaflokkunum, en ekki verður annað séð en framleiðsla á ódýrara nautakjöti sé nægileg.

Vegna hárra niðurgreiðslna á kindakjöti síðustu mánuði hafa verðhlutföll milli þess og nautakjötsins raskast og nokkrar birgðir safnast. Gera verður ráð fyrir að þetta sé tímabundið ástand.

Á næstu árum er gert ráð fyrir að hafist geti framleiðsla á úrvals nautakjöti af holdanautablendingum sem ræktaðir hafa verið á tilraunastöðinni í Hrísey. Erfitt er að átta sig á því hvort aukið framboð af úrvals nautakjöti muni verða til þess að auka heildarkjötneysluna eða draga úr sölu á öðru kjöti. Þar koma einnig til áhrif niðurgreiðslna og óvissa um þróun neysluvenja. Heildarkjötneysla pr. íbúa árið 1977 er áætluð 62.2 kg. Er það töluvert meira en í Noregi og Svíþjóð, þar sem ársneyslan er 46.0 kg og 53 kg pr. mann á ári (alifuglakjöt ekki meðtalið). Í öðrum nálægum löndum er kjötneyslan víða nokkru meiri eða 70—80 kg á ári. Ef tekið er meðaltal síðustu 30 ára er árleg kjötneysla hér á landi um 70 kg á mann.

---

[1]) Verðlagsárið 1978/1979 áætlað.

Sé reiknað með svipuðu efnahagsástandi hér á landi næstu árin og tiltölulega lægri niðurgreiðslum, sem er yfirlýstur vilji stjórnvalda, má gera ráð fyrir að kjötneysla minnki, og þá sérstaklega á kindakjöti. Ef hins vegar efnahagur almennings batnar er líklegt að kjötneysla vaxi og beinist aukningin fremur að dýrari kjöttegundunum.

Mjög litlu fé hefur verið varið til kynningar og auglýsinga á kjöti hér á landi og verður því að teljast líklegt að auka megi neysluna. Hér verður gert ráð fyrir að auka megi framleiðslu á úrvals nautakjöti á næstu árum og nautakjötsneyslan pr. íbúa vaxi um 10% frá því sem nú er.

Kindakjöt.

Miklu erfiðara er að setja skynsamlegt markmið í sauðfjárframleiðslunni en í öðrum greinum. Það stefnumið, að fullnægja þörfum þjóðarinnar fyrir búvörur átti framan af einkum við um matvörur. Með vaxandi iðnaði úr ull og skinnum hefur þetta markmið smám saman fengið víðari merkingu. Hefur það átt sinn þátt í að auka sauðfjárframleiðsluna svo sem raun ber vitni. Kindakjötsframleiðslan var á s. l. hausti um 35% umfram innlendar þarfir og ráðgert er að flytja út um 5 500 tonn af kjöti. Ef tekið er meðaltal áranna 1970—1978 hefur þurft að flytja út 26.8% þessi ár.

Kindakjötsneyslan hefur farið minnkandi síðustu árin. Árið 1962 var hún 52.7 kg pr. íbúa á ári. Árið 1967 48.5, árið 1972 44 kg og árið 1977 44 kg. Þessu valda breyttar neysluvenjur, aukið framboð annars kjöts og tíðar verðsveiflur vegna breytilegra niðurgreiðslna. Líklegt er að með lækkandi niðurgreiðslum og enn frekari aukningu á framboði annars kjöts muni kindakjötsneyslan minnka enn á næstu árum. Ítarleg leit að betri mörkuðum erlendis hefur enn ekki borið árangur.

Samkvæmt upplýsingum um þróun ullar- og skinnaiðnaðar mun, við ríkjandi aðstæður, ekki kreppa að þeirri framleiðslu þótt nokkuð dragi úr sauðfjárframleiðslu. (sjá nánar í VIII. kafla)

Það er því fátt, sem bendir til annars en að draga verði nokkuð úr framleiðslunni um sinn að minnsta kosti.

Hins vegar er vandi að setja markið í því efni. Skyndiákvarðanir um öran samdrátt geta valdið byggðaröskun, sem ekki verður við ráðið.

Sauðfjárræktin er megin uppistaða búvöruframleiðslunnar í heilum landshlutum, s. s. í Dölum, á Vestfjörðum, á Norðurlandi austanverðu og á Austurlandi. Þetta eru jafnframt þeir landshlutar þar sem byggð stendur almennt höllustum fæti og þolir minnsta röskun. Þótt samdráttur í sauðfjárræktinni hefði ekki áhrif á skinnaiðnaðinn í núverandi stöðu, eru líkur á að hann megi stórauka, eins og fram kemur í kafla VIII, 6. Flestir, ef ekki allir atvinnuvegir þjóðarinnar eiga nú í vök að verjast. Ekki er ljóst í hvaða atvinnugreinar á helst að beina því aukna vinnuafli, sem á næstu árum kemur á vinnumarkaðinn.

Ekki er heldur ljóst hvert ætti að beina vinnuafli, sem úr landbúnaðinum kæmi, ef samdráttur í nautgripa- og sauðfjárrækt yrði meiri en svo, að vinnuaflinu mætti að mestu beina í aðrar búgreinar.

Skinnaiðnaðurinn er e. t. v. sá útflutningsiðnaður sem mesta vaxtarmöguleika á. Þótt hann nýti nú aðeins hluta þess hráefnis sem sauðfjárræktin leggur til eru vaxtarmöguleikar hans í náinni framtíð augljóslega samtengdir ákvörðun um umfang sauðfjárframleiðslunnar.

Hér er því lögð áhersla á, að hið fyrsta verði gerð úttekt á gildi sauðfjárræktarinnar fyrir þróun atvinnulífsins í landinu og framtíðarþróun byggðar um landið.

Hins vegar er nú þannig komið málum, að útflutningsbætur eru þrotnar, og bændur fá ekki nema hluta framleiðslukostnaðarverðs fyrir um helming þess kindakjöts, sem flytja þarf út. Það virðist því óhjákvæmilegt að draga úr framleiðslunni á allra næstu árum að því marki að bændur fái fullt verð fyrir framleiðslu sína. Miðað við ríkjandi markaðsástand er það samdráttur um 18—20%.

Skipulega þarf að vinna að því, að þessi samdráttur verði á mjólkurframleiðslusvæðunum og á framleiðslu þéttbýlisbúa og annarra sem hafa aðalatvinnu af öðru en sauðfjárrækt. Jafnframt þarf að leita leiða til að lækka framleiðslukostnað sauðfjárbúanna og bæta samkeppnisaðstöðu þeirra.

Aðrar kjöttegundir.

Eins og fram kemur í töflunni hér að framan, virðist framleiðsla hrossakjöts, svínakjöts og alifuglakjöts vera nokkurn veginn í samræmi við eftirspurn. Þessar kjöttegundir fara að mestu utan sölukerfis landbúnaðarins og eru því upplýsingar um framleiðslu og sölu af skornum skammti.

Það virðist hins vegar ljóst, að birgðir safnist ekki og ekki verður vart við skort á markaðnum, nema tímabundið á svínakjöti og folaldakjöti.

Gert er ráð fyrir, að með aukinni kynningu og bættu markaðsskipulagi megi auka nokkuð sölu á svína- og alifuglakjöti á næstu árum og því sé rúm fyrir lítilsháttar framleiðsluaukningu. Breytt stefna í niðurgreiðslumálum og aukin hagræðing myndi vafalítið gera þessar kjöttegundir samkeppnisfærari við annað kjöt heldur en nú er. Þó verður að fara mjög gætilega í að auka þessa framleiðslu. Enginn er bættari með því að færa offramleiðslu á kjöti úr einni grein framleiðslu í aðra. Auk þess byggja þessar greinar nær eingöngu á innfluttu fóðri og væri það því í andstöðu við öryggismarkmið landbúnaðarstefnunnar að færa kjötframleiðsluna yfir í þær umfram það, sem bein aukning eftirspurnar gefur tilefni til.

Egg.

Litlar upplýsingar eru til um eggjaframleiðsluna því hún fer öll utan við sölukerfi landbúnaðarins. Hins vegar eru til nokkuð áreiðanlegar tölur um fjölda varphænsna (sjá kafla IX, 3). Samkvæmt því má gera ráð fyrir að neyslan sé um 180 egg á ári sem er svipað og í Noregi, en töluvert minna en í öðrum nálægum löndum.

Talið er, að með bættu söluskipulagi og aukinni kynningu megi auka eggjaneysluna á næstu árum um allt að 15% og er það markmið sett hér.

Kartöflur.

Síðustu tíu árin hefur að meðaltali þurft að flytja inn 24% af árlegri kartöfluneyslu eða 37 000 tunnur á ári. Stefna ber að því að fullnægja þessari þörf og jafnframt að gera uppskeruna árvissari.

Grænmeti og gróðurhúsaafurðir.

Ljóst er, að við eigum langt í land með að fullnægja þörfinni innanlands fyrir þessar vörur, nema þá helst gulrófur. Raunar er lítið vitað hver neysluþörfin er, því hún hefur takmarkast af framboðinu.

Almennt verður að teljast æskilegt að auka verulega neyslu grænmetis og þarf að gera átak í þá átt á næstu árum.

Um vaxtarmöguleika garðyrkjunnar og líklega neyslu vísast til kafla IX. 4.

3. Neysluáætlun.

Á síðustu árum hafa neysluvenjur þjóðarinnar beinst að ýmsum innfluttum matvælum á kostnað innlendrar framleiðslu sem almennt er viðurkennd að vera æskilegri frá manneldissjónarmiði.

Gera þarf átak í að snúa þessari þróun við með upplýsingum og fræðslu í samvinnu ríkisvalds, bændasamtaka og neytenda.

Í samræmi við þau framleiðslumarkmið, sem sett eru hér að framan verði gerð neysluáætlun fyrir þjóðina, er miði að aukinni hollustu í neysluvenjum og nýtingu innlendra framleiðslumöguleika. Í því sambandi má benda á að ostaneysla er hér

aðeins um helmingur þess sem er t. d. í Noregi og Svíþjóð. Neysla kartaflna pr. íbúa hefur minnkað á síðustu áratugum og er einnig minni hér en í nálægum löndum. Ástæðan er vafalítið sú að gæði kartaflna eru oft misjöfn og neytendur beina því kaupum sínum að öðrum vörum sem komið geta í stað kartaflna. Áður er bent á að neysla grænmetis er lítil hér á landi og þyrfti að aukast.

4. Byggðastefnan.

Landbúnaður gegnir miklu hlutverki í sambandi við búsetu fólksins í landinu og fjöldi manna starfar bæði við atvinnuveginn og við störf tengd honum. Erfitt er að gera sér grein fyrir hversu margir byggja afkomu sína á þjónustu við landbúnaðinn eða úrvinnslu landbúnaðarafurða. Nefna má allmörg þorp og bæi, sem byggjast nær eingöngu á þjónustu við landbúnaðinn eða úrvinnslu. Helstu staðir eru Borgarnes, Búðardalur, Blönduós, Vík, Hella, Hvolsvöllur og Selfoss. Aðrir staðir, sem byggja afkomu sína verulega á landbúnaðarframleiðslu eru Hvammstangi, Sauðárkrókur, Akureyri, Húsavík, Vopnafjörður, Egilsstaðir, Breiðdalsvík, Höfn og svo höfuðborgin Reykjavík. Aðrir þéttbýlisstaðir byggja afkomu sína að mestu á sjávarútvegi, verslun, almennri þjónustu og iðnaði.

Ör og mikill samdráttur í landbúnaðarframleiðslu alls staðar á landinu myndi hafa veruleg áhrif á atvinnulíf margra þeirra staða sem nefndir voru áður, þótt ekki þurfi að gera ráð fyrir beinu atvinnuleysi. Bein áhrif verða fyrst og fremst á sláturhús og mjólkurstöðvar. Samdráttur í viðskiptum og þjónustu allskonar myndi líklega hafa meiri áhrif. Af upptalningu þéttbýlisstaðanna sést að áhrifin yrðu einna mest á Norðurlandi og Suðurlandi, en einnig talsverð á Vesturlandi.

5. Landnýting — landvernd.

Úthagi, afréttir og heimalönd eru einkum nýtt fyrir sauðfjár- og hrossabeit. Þó gengur sauðfé mikið á ræktuðu landi, einkum vor og haust. Mjög hefur dregið úr hrossabeit á afrétti, og verulegur hluti fjárins gengur í heimalöndum á láglendi sumarlangt, þó mismunandi eftir sveitum, en sum sveitarfélög eiga ekki afrétti. Vetrarbeit hefur farið minnkandi, og er hún víða lítið sem ekkert notuð fyrir sauðfé. All víða er vetrarbeit notuð fyrir hross, en þó er jafnan gefið töluvert með.

Að sumra áliti eru afréttarlönd og jafnvel heimalönd fullnýtt, og á sumum svæðum mun vera of mikið beitarálag, einkum þegar árferði er slæmt. Mest er ofbeitarhættan á eldfjallasvæðunum, en víða á þeim hefur orðið tiltölulega mikil fjölgun búfjár síðustu árin. Ýmsum aðgerðum hefur verið beitt (í samræmi við lög um afréttarmálefni og landgræðslu) til að draga úr beitarálagi, t. d. með styttingu beitartíma og takmörkunum eða banni á upprekstri hrossa í afrétti, en ítölu hefur aðeins verið beitt í fáeinum tilvikum til þessa. Auk þess hefur verið unnið að ýmiskonar landgræðsluframkvæmdum, yfirleitt með góðum árangri, sem hafa leitt til jafnari dreifingar fjárins og dregið úr ofbeitarhættu á viðkomandi svæðum.

Skilningur fer vaxandi á nauðsyn þess að varðveita landgæði og vinna markvisst að stöðvun gróðureyðingar og uppblásturs. Hafa víða verið unnin stórvirki á undanförnum áratugum við uppgræðslu gróðursnauðs eða örfoka lands. Í þessu sambandi þarf m. a. að huga vel að beitarmálum í landinu og nýta alla tiltæka þekkingu við að bæta skipan þeirra. Þarf m. a. að ljúka gerð gróður- og jarðakorta af landinu öllu svo og skráningu landamerkja allra jarða. Þess má geta, að jarðakort vantar enn af flestum héruðum landsins.

Framtíð íslensks landbúnaðar hlýtur að byggjast mjög á því, að beitargróður verði hóflega nýttur, hvar sem er á landinu. Viðhald hinna dreifðu byggða stuðlar að bættri dreifingu beitarfélnaðar og sem jafnastri nýtingu landsins alls. Taka þarf sérstakt tillit til landstærðar og landgæða á einstökum býlum, svo og í einstökum sveitum og landshlutum, við mörkun nýrra framleiðslustefnu í landbúnaði. Því þarf sem best samræmi að vera á milli vals á búgreinum og uppbyggingar á hverri jörð annars vegar og hins vegar þeirra landgæða, sem jörðin hefur yfir að

ráða, hvort sem er um að ræða ræktunarland, beit í heimalöndum, eða afréttanot. Leggja ber sérstaka áherslu á samhengið á milli landnýtingar og fjárfestingar í byggingum, vélum og bústofni (sbr. IX. kafla, 2. lið) og þörfina fyrir öflun upplýsinga um búskapar- eða framleiðsluhæfni jarða með tilliti til hinna ýmsu búgreina. Því eru augljós tengsl skynsamlegrar og hóflegrar landnýtingar, hvort sem er til beitar eða annarra þarfa, og gerðar búrekstaraáætlana (sbr. IX. kafla, 1. lið). Móta þarf ákveðnari reglur um veitingu styrkja og lána til uppbyggingar og endurbóta á jörðum og búa þannig um, að ákveðnum skilyrðum um landkosti sé ætíð fullnægt, áður en fjárfestingarsjóðir veita fyrirgreiðslu sína. Því er frumskilyrði, að fyrir liggi úttekt á búskaparhæfni einstakra jarða.

Verði samdráttur í hefðbundinni búvöruframleiðslu, t. d. vegna fækkunar sauðfjár, verður væntanlega rýmra í högum. Engu að síður þarf að komast ákveðin og markviss langtímaskipan á nýtingu beitilanda, svo sem áður var vikið að. Slíkt skipulag gæti reyndar orðið þáttur í mótun nýrrar framleiðslustefnu, en þess skal gætt, að sem best samræmi verði á milli þarfa landbúnaðar annars vegar og almennra landverndar- og náttúruverndarsjónarmiða hins vegar. Í framtíðinni ætti að stefna að því að tengja skógrækt traustari böndum við landbúnaðinn en raun er á, og þörf er á samræmingu þeirra sjónarmiða, sem þessi mál varða.

6. Kjör bænda.

Markmið landbúnaðarstefnunnar er að tryggja búvöruframleiðendum fjárhagslega afkomu og félagslega aðstöðu sem sé hliðstæð því sem aðrir þjóðfélagshópar hafa.

Þessu marki skal m. a. náð með beinum samningum um verðlags- og kjaramál milli ríkisvalds og bænda.

Í slíkum samningum verði m. a. heimilt að semja um ýmsa fjárhagslega fyrirgreiðslu, umbætur á félagslegri aðstöðu og stuðning við hagræðingu í stað beinna hækkana á verði búvöru. Um slík atriði vísast nánar í kafla IX. 8. lið.

Til að tryggja það enn frekar að tekjumarkmið landbúnaðarstefnunnar náist eru ýmsar umbætur í markaðs- og sölumálum nauðsynlegar.

Nauðsynlegt er að heimila meiri sveigjanleika í verðlagningu búvara svo hagræða megi verði þeirra eftir markaðsaðstæðum. Ætti það að vera til hags jafnt fyrir neytendur og framleiðendur.

Til að nýta sem best innlenda markaðinn þarf að auka sölustarfsemi og kynningu á framleiðsluvörum bænda. Búvöruframleiðendum verði áfram veitt sú tekjutrygging sem felst í verðábyrgð ríkissjóðs vegna útfluttra búvara. Stöðugt þarf að vinna að því að sem hagstæðast verð fáist fyrir þær vörur sem flytja þarf út.

Atvinnuöryggi búvöruframleiðenda er undir því komið að jafnvægi haldist milli framleiðslumagns, innlendra sölumöguleika og þeirrar verðábyrgðar sem ríkissjóður veitir vegna útfluttra búvara.

Ef tryggja á atvinnuöryggið og sanngjarna nýtingu verðábyrgðarinnar þarf stjórntæki til að halda framleiðslunni innan hæfilegra marka.

7. Markmið í framleiðni.

Almennt verður að gera þá kröfu að búvöruframleiðslan sé rekin með fyllstu mögulegri hagkvæmni miðað við aðstæður. Tækniþróun og aukin þekking undanfarna áratugi hefur gert kleift að stórauka framleiðsluna, þrátt fyrir stöðuga fækkun þeirra, sem að bústörfum vinna.

Tækniþróun og beiting þekkingar ásamt aukinni sérhæfingu geta enn aukið framleiðslumagn á hvern starfsmann. Mikilvægt er að stefnt sé að hagræðingu þannig að sem mest af andvirði framleiðslunnar komi í hlut bóndans.

Auka þarf hagfræðilegar rannsóknir í þágu landbúnaðarins og beina þeim meira að þeim þáttum, sem felast í þessari stefnumörkun.

Jafnfarmt þarf að tryggja að slík aukin þekking eigi greiða leið til bænda (sjá kafla IX. 6. lið).

VIII. KAFLI
ÁHRIF SAMDRÁTTAR Í BÚVÖRUFRAMLEIÐSLUNNI.

Í eftirfarandi köflum verður reynt að gera grein fyrir áhrifum samdráttar í nautgripa- og sauðfjárframleiðslu. Fjallað er m. a. um áhrif samdráttarins á tekjur bænda og hvernig þeir geta brugðist við þeim vanda.

Einnig er fjallað um áhrif samdráttar í sauðfjárframleiðslunni á ullar- og skinnaiðnaðinn í núverandi stöðu og möguleika á að fullvinna ull og gærur innanlands.

1. Áhrif samdráttar á byggðajafnvægið.

Áhrif samdráttar í búvöruframleiðslunni á sveitirnar eru mjög mismunandi eftir búgreinum. Almennur samdráttur í sauðfjárrækt hefur mest áhrif í Dalasýslu og Vestfjarðakjálkanum, og á svæðinu frá Tjörnesi til A.-Skaftafellssýslu. Almennur samdráttur í mjólkurframleiðslu hefur mest áhrif á Norðurlandi vestra og í Eyjafirði, á Suðurlandi og í Borgarfirði.

Lítils háttar samdráttur um skamman tíma á landinu öllu hefur ekki úrslitaáhrif á landbúnaðinn, en þar sem draga þarf verulega saman er nauðsynlegt að gera það skipulega. Skipta þarf landinu niður í framleiðslusvæði með tilliti til hættu á byggðaröskun og möguleika íbúanna á annarri atvinnu.

Samdráttur í sauðfjárrækt þyrfti að verða í sterkustu byggðum landsins: Suðurlandi, Vesturlandi að Snæfellsnesi og á Norðurlandi í Skagafirði og Eyjafirði. Á bessum svæðum er sauðfjárrækt víða stunduð sem hliðarbúgrein eða tómstundabúskapur, en annars staðar er hún víða aðalbúgreinin og verður það næstu árin. Til þess að halda landinu í byggð er nauðsynlegt að sauðfjárrækt fái að vaxa á strjálbýlustu svæðunum, bú þurfa að stækka og framleiðni að aukast. Þau svæði þola ekki mikinn og enn síður langvarandi samdrátt. Sérstakar ráðstafanir þarf að gera til styrktar búsetu á þessum svæðum.

Mjólkurframleiðslu er að ýmsu leyti erfiðara að draga saman, þar sem hún er almennt stunduð sem aðalbúgrein eða önnur af tveimur. Helst ætti að draga hana saman á jöðrunum, en gefa þarf þeim svæðum möguleika á kjötframleiðslu af nautgripum eða öðrum búgreinum. Mjólkurframleiðendum á aðalframleiðslusvæðunum þarf að fækka til þess að aðrir fái að þróast eðlilega í framtíðinni.

Frá hagkvæmnis- og byggðasjónarmiði er því nauðsynlegt að skipta landinu í framleiðslusvæði búgreina. Til stjórnunar framleiðslumagninu er hægt á grundvelli slíkrar svæðaskiptingar að greiða misjafnt verð eftir því hvort um aðalbúgrein svæðisins er að ræða. Hugsanlegt er, að í framtíðinni þurfi að setja hömlur á tómstundabúskap.

2. Áhrif samdráttar í ræktun.

Árleg stækkun túna var mest á árunum 1963—1969, en síðan hefur dregið nokkuð úr henni. Eftir því að dæma ætti einnig að hafa dregið úr aukningu fóðurafla, en þó þarf það ekki að vera, þar eð meiri uppskera af flatareiningu, t. d. vegna hagstæðara tíðarfars og bætt verkun, þ. e. betri nýting heyja, getur vegið á móti samdrætti í nýræktun og meira en það.

Stækkun túna getur verið ráðleg í tvennum tilgangi. Í fyrsta lagi til að stækka búið og auka framleiðslu. Eins og málum er nú háttað, verður stækkun í þessum tilgangi að teljast óhagkvæm fyrir þjóðarbúið og bændastéttina í heild, en getur verið hagkvæm fyrir einstaka bónda, t. d. þann, sem hefur það lítið bú, að það er óheppileg rekstrareining. Í öðru lagi getur túnstækkun verið ráðleg til að auka heyfeng, án þess að fjölga búfé. Við það yrði búreksturinn hagkvæmari, þar sem minna þyrfti að kaupa af fóðurbæti. Stækkun af þessu tagi ætti ekki að þurfa að hafa framleiðsluaukningu í för með sér.

Samdráttur í ræktun myndi trúlega bæði draga úr framleiðsluaukningu og hagkvæmni í búrekstri. Hið fyrra verður að teljast æskilegt, en hið síðara miður. Best væri, ef unnt reyndist að draga úr framleiðsluaukandi ræktun, en hvetja ræktun til aukinnar hagræðingar við búrekstur.

Verði stórfelldur og skyndilegur samdráttur í ræktunarframkvæmdum bænda, er hætt við að ýmis ræktunarsambönd lendi í erfiðleikum, einkum þau, sem nýlega hafa keypt vélar, ýtur eða skurðgröfur, sem stæðu skyndilega verkefnalausar eða verkefnalitlar. Gæti farið svo, að selja yrði vélarnar úr byggðarlaginu, en það gæti haft óheillavænleg áhrif á þróun mála þar.

3. Áhrif samdráttar í mjólkurframleiðslunni á rekstur mjólkursamlaganna.

Samdráttur í mjólkurframleiðslunni hefur bæði jákvæð og neikvæð áhrif á rekstur mjólkursamlaganna.

Jákvæð áhrif eru að mjólkurvörubirgðir minnka og þá um leið binding fjármagns í birgðum. Um s. l. áramót var verðmæti mjólkurvörubirgða um 6.5 milljarðar króna, en það samsvarar um 39% af því fé, sem mjólkursamlögin eiga að standa skil á til framleiðenda fyrir innlagða mjólk á árinu 1978.

Einnig minnkar útflutningur mjólkurafurða. Það mundi í fyrsta lagi hækka útborgunargetu mjólkursamlaganna og í öðru lagi minnka greiðslu útflutningsbóta. Útflutningur yrði nær eingöngu óðalsostur. Þegar vöntun er á útflutningsbótum, eins og nú er, og framleiðendur verða sjálfir að taka á sig það sem á vantar að útflutningurinn skili innanlandsverði, þá orsakar 1% samdráttur í mjólkurframleiðslunni hækkun á greiðslugetu samlaganna um kr. 1.00 — 1.50 pr. ltr.

Neikvæð áhrif eru þau, að ef samdrátturinn verður jafn mikill alls staðar á landinu og deilist jafnt hlutfallslega á allar árstíðir er augljóst, að töluverð vöntun verður á neyslumjólk og rjóma á svæði Mjólkurstöðvarinnar í Reykjavík og á svæði Mjólkursamlagsins á Ísafirði yfir vetrartímann. Miðað við 15% samdrátt mjólkurframleiðslu, má gera ráð fyrir að flytja yrði 300—500 þús. ltr. af mjólk og rjóma frá Norðurlandi til Reykjavíkur árlega og um 100 þús. ltr. til Ísafjarðar.

Reksturskostnaður samlaganna pr. ltr. mjólkur mundi hækka, þar sem fastir kostnaðarliðir deildust á færri lítra. Aftur á móti mætti gera ráð fyrir minni yfirvinnu yfir sumartímann.

Af föstum kostnaðarliðum eru afskriftir og vextir stærstu liðirnir, en einnig er talið, að töluverður hluti af vinnulaunum sé í reynd fastur kostnaður.

Mikill samdráttur kæmi verst niður á þeim mjólkursamlögum, sem nýlega hafa fjárfest mikið í nýjum byggingum og nýjum og afkastameiri vélum, eins og mjólkursamlögunum á Akureyri, Egilsstöðum, Hvammstanga og í Borgarnesi.

Fastur kostnaður er mjög misjafn frá einu samlagi til annars eða á bilinu kr. 10.00—30.00 pr. ltr. mjólkur. Samdráttur mjólkurmagns um 1% mundi því minnka greiðslugetu mjólkursamlaganna um 10—30 aura á mjólkurlítrann og 15% samdráttur þar af leiðandi orsaka kr. 1.50—4.50 minni greiðslugetu á lítrann.

Hvernig má draga úr neikvæðum áhrifum samdráttar og auka hagkvæmni í í rekstri mjólkursamlaganna.

a. Stefna verður að því að samdráttur í framleiðslu verði hlutfallslega meiri yfir sumarmánuðina en vetrarmánuðina. Þetta verði m. a. gert með því að greiða 20—25% hærra verð fyrir vetrarmjólk en sumarmjólk.
b. Koma verður í veg fyrir að mjólkurframleiðsla minnki á svæði Mjólkursamlags Ísfirðinga.
c. Athugað verði hvort ekki sé hagkvæmt fyrir alla aðila að þau tvö mjólkursamlög, sem taka á móti minna en 400 000 lítrum mjólkur á ári verði lögð niður og mjólkin flutt til nærliggjandi samlaga. Rekstur þessara litlu samlaga er mjög óhagkvæmur og verður verðmiðlunarsjóður mjólkur að greiða háar upphæðir til þeirra árlega til þess að þau geti greitt framleiðendum fullt grundvallarverð.

Með bættum samgöngum hafa sjónarmið varðandi fjölda mjólkursamlaga í landinu breyst mikið. Það getur verið hagkvæmara að flytja bæði hrámjólk og unnar neysluvörur nokkra vegalengd í stað þess að reka lítið mjólkursamlag á staðnum með miklu tapi.

d. Afkastageta mjólkursamlaganna til ostagerðar verði betur nýtt með því að lengja vinnutímann með skiptivöktum eða tvískiptum vöktum yfir sumarmánuðina og með því að nota undanrennuduft og jafnvel smjör til ostagerðar á veturna. Einnig verði athugað með enn frekari flutning á hrámjólk milli samlaga en nú er.

e. Tekið verði upp nánara samstarf milli samlaga, þannig að hvert samlag sérhæfi sig í ákveðnum vörutegundum eða vöruflokkum. Horfið verði frá þeirri stefnu, sem ríkt hefur hingað til að hvert samlag framleiði með miklum tilkostnaði nær allar vörutegundir fyrir sitt sölusvæði.

f. Gert verði heildarskipulag fyrir mjólkursamlögin í landinu til langs tíma þar sem m. a. verði mótuð stefna varðandi eftirfarandi atriði: Hvar í landinu á að reka mjólkursamlög, hver afkastageta hvers samlags á að vera, hvaða verkefnum hvert samlag á að sinna og hvernig samlögin geti starfað nánar saman til hagræðis fyrir alla aðila?

4. Áhrif samdráttar í mjólkurframleiðslu á afkomu bænda.

Samdrætti í framleiðslu búfjárafurða má ná á tvo vegu. Annars vegar með fækkun gripa og hins vegar minni afurðum eftir grip. Hér á eftir verður fjallað um mismunandi áhrif þessara þátta á afkomu bænda. Gengið er út frá því að engar útflutningsbætur séu og umframframleiðsla á mjólk sé 20 milljón lítrar.

Fækkun gripa.

Fækkun gripa getur í megindráttum orðið á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með því að framleiðendum fækki og í öðru lagi fækkun gripa á framleiðanda.

a) Færri framleiðendur. Framleiðendur fá fullt verð á innanlandsmarkaði, en eins og er, er lítið verð fyrir útfluttar mjólkurvörur. Ef aðeins ætti að fullnægja innanlandsþörf í góðum árum þyrftu nú um 400 mjólkurinnleggjendur að hætta framleiðslu, þar sem meðalframleiðsla innleggjenda er um 50 000 lítrar. (Hér er átt við innleggjanda en ekki kúabú). Tekjulega séð yrði afkoma þeirra bænda, sem héldu áfram framleiðslu betri, því að þá mundu þeir fá betra verð fyrir framleiðslu sína og hærra verð eftir því, sem fleiri hættu þar til framleiðslan er í samræmi við innanlandsþörf. Áhrif fækkunar framleiðenda fara meðal annars eftir staðsetningu þeirra. Ef t. d. flutningaleiðir mjólkurbíla mundu styttast við fækkun, yrði það jákvætt fyrir þá, sem halda framleiðslu áfram. Möguleikar til að fækka og áhrif fækkunar framleiðenda eru mjög misjöfn eftir svæðum. Einungis þeir bændur, sem ekki hafa byggt upp á síðustu árum, geta hætt framleiðslu án stórkostlegrar röskunar séu aðrir möguleikar ekki fyrir hendi, til þess að bæta tekjutapið. Nauðsynlegt er að aðrir atvinnumöguleikar séu fyrir hendi fyrir þá bændur, sem mundu hætta mjólkurframleiðslu. Sennilegast er að þeir sem fyrst mundu hætta væru eldri bændur eða þeir sem eru að hefja eða hafa nýlega hafið búskap. Framleiðsluminnkun, sem yrði, þegar mjólkurframleiðsla er lögð niður á þessum stöðum, mundi ekki verða mikil, því gera má ráð fyrir að þeir sem hættu væru ekki stórir innleggjendur. Ákveðin prósentufækkun innleggjenda mun því ekki þýða samsvarandi framleiðsluminnkun.

Þar sem ekki er vitað um heildarfjölda þeirra, sem geta hætt án mikillar röskunar, er erfitt að gera sér grein fyrir því hverjir eru líklegastir til þess að hætta framleiðslu og hve mikil áhrif það mun hafa á framleiðslumagn.

b) Fækkun gripa á framleiðanda. Til þess eingöngu að fullnægja innanlandsþörf í góðum árum þyrfti um 31 000 kýr, sem er um 6 000 kúm færra en nú eru í landinu. Þegar framleiðsla er dregin saman með fækkun gripa hjá hverjum framleið-

anda kemur sú tekjuskerðing sem bændur verða fyrir í raun og veru ekki strax fram, vegna þess að þá losnar um fjármagn bundið í bústofni og rekstri (rekstrarfjármagn).

Aðgerðir, til samdráttar með því að fækka gripum, þurfa að hafa langan aðdraganda, ef áhrifa þeirra á að gæta á réttum tíma.

Burðartími kúnna er breytilegur og dreifist yfir allt árið. Í mars, apríl og maí mánuðum bera um 40—50% af kúnum og er mjólkurframleiðslan þar af leiðandi mest yfir sumartímann. Þessi árstíðasveifla hefur skapað mjólkurbúum mikinn vanda, þar sem mjólkurframleiðslan er helmingi meiri þegar hún er mest yfir sumarið heldur en þegar hún er minnst yfir vetrarmánuðina og minni nýmjólkurneysla er einnig yfir sumarmánuðina. Vinnsla á smjöri fer því að mestu leyti fram á sumrin, þegar framleiðslan er mun meiri heldur en neyslan.

Af framansögðu má leiða að því rök að þær kýr, sem fargað yrði, þyrftu helst að vera vorbærur, þar sem það myndi draga úr framleiðslu yfir sumarið. Á hinn bóginn er kjarnfóðurnotkun handa vorbærum minnst, því að mjólkurframleiðslan fer hjá þeim að mestu fram á beit.

Endurnýjun kúastofnsins er um 17% á ári, og hugsanlegt er að fækka gripum með því að endurnýja ekki að hluta til þann kúastofn, sem fellur frá á árinu.

Fækkun gripa mun í bili auka framboð á nautgripakjöti, en eftirspurn eftir því hefur aukist stöðugt á undanförnum árum. Einnig má benda á að kýr, sem fyrirsjáanlegt er að mundu verða arðlitlar vegna heilsuleysis, erfiðleika í sambandi við frjósemi, fastmjólka kýr, kýr með skapgalla og fl. ættu að koma frekar til greina, þegar um fækkun er að ræða. Sparnaður í tilkostnaði er því í reynd meiri, ef slíkum kúm er fargað, heldur en meðaltölur sýna. Þá bása, sem auðir yrðu mætti nýta fyrir holdanaut til kjötframleiðslu.

Minni afurðir eftir grip.

Áhrifaríkasta leiðin til að draga úr afurðum eftir grip er að takmarka magn og gæði fóðurs. Hagkvæmasta leiðin til að ná ákveðinni afurðaminnkun, er að draga úr notkun á aðkeyptu fóðri, sem er að mestu leyti kjarnfóður. Erfitt er að áætla lágmarkskjarnfóðurþörf þannig að innanlandsmarkaði sé fullnægt í góðum árum. Fjölmargir þættir hafa áhrif á kjarnfóðurþörfina. Meðal annars má nefna árferði, gæði sumar- og haustbeitar (grænfóðurs) og þá sérstaklega heygæði. Með því að reikna með hagstæðu árferði og góðum heyjum má áætla að lágmarkskjarnfóðurþörf gæti verið um 20 000 tonn. Með stórbættri heyverkun og nýtingu beitilands mætti draga allverulega úr kjarnfóðurþörfinni. Þó er ólíklegt að hægt væri að ná kjarnfóðurþörfinni niður fyrir 10 000 tonn þar sem alltaf verður þörf á kjarnfóðri handa nythæstu kúnum og á fyrsta hluta mjaltaskeiðsins.

Minni kjarnfóðurnotkun við mjólkurframleiðslu mun ekki hafa sömu áhrif alla mánuði ársins, þar sem mjólkurframleiðslan yfir sumar- og haustmánuðina fer að miklu leyti fram á beit á túni og grænfóðri og kjarnfóðurnotkun er þá í lágmarki. Eins og áður er vikið að fer smjörframleiðslan að mestu leyti fram á sumrin og samdráttur í kjarnfóðurnotkun mun því ekki leysa þann vanda nema að litlu leyti. Telja verður óæskilegt fóðurfræðilega séð að draga úr kjarnfóðurnotkun hjá nýbærum niður fyrir fóðurfræðilega þörf, þar sem þær fá ekki nauðsynlega næringu til viðhalds og mjólkurmyndunar nema með kjarnfóðurgjöf. Skynsamlegasti tíminn til þess að draga úr kjarnfóðurgjöf mjólkurkúa er síðari hluti mjaltaskeiðsins, þegar nytin er orðin allmiklu minni en á fyrri hluta mjaltaskeiðsins og gólffóður á í flestum tilfellum að sjá fyrir næringarþörfinni.

Eftir búreikningum að dæma er kjarnfóður ofnotað í sumum tilfellum þannig að framleiðandinn leggur sig ekki fram um að mismuna kúnum í kjarnfóðurgjöf eftir nyt.

Ljóst er að mismunandi gæði gróffóðurs krefjast mismikils fóðurbætis. Bætt heyverkun er mikilvægasti þátturinn í þá átt að stuðla að minni þörf á kjarnfóðurnotkun.

Áhrif samdráttar í framleiðslu mjólkur á tekjur bænda fer eftir því á hvern hátt samdrátturinn á sér stað. Þær þrjár leiðir, sem um er að velja og nokkur grein hefur verið gerð fyrir hafa ekki sömu áhrif. Fækkun gripa virðist hagkvæmari leið en samdráttur í afurðum eftir grip. Sérstaklega á þetta við á stærri búunum með litlar afurðir eftir árskú.

Lauslegur samanburður bendir til þess að með samdrætti í kjarnfóðurnotkun megi spara um 60 kr. á hvern lítra, sem hætt er við að framleiða, en frá 67—80 kr. með því að fækka kúm. Þá er reiknað með því að nýta megi heyið, sem sparast, handa öðru búfé eða selja það. Vinnusparnaður er að öðru leyti ekki tekinn með í dæminu.

Ef vinna við gripahirðingu og vextir væru tekin með mundi sparnaður í tilkostnaði verða enn þá meiri með fækkun gripa heldur en minni kjarnfóðurnotkun, þegar dregið er úr framleiðslu.

Til að vega upp á móti því tekjutapi, sem samdráttur hefur í för með sér, mætti draga verulega úr framleiðslukostnaði með því að stórauka heygæði, sem hefði í för með sér mun minni þörf á kjarnfóðri, sjá töflu.

Árleg kjarnfóðurþörf miðað við mismiklar ársafurðir (kg).

Burðartími	Heygæði	Ársnyt 2 750 kg	Ársnyt 4 250 kg
1. október	Góð hey 1.7 kg/fe	124	690
	Léleg hey 2.1 kg/fe	954	1 705
1. maí	Góð hey 1.7 kg/fe	60	579
	Léleg hey 2.1 kg/fe	476	1 273

Í töflu er sýndur útreikningur á árlegri kjarnfóðurþörf kúa miðað við mismunandi ársafurðir, burðartíma og heygæði. Taflan sýnir hve mikil áhrif heygæðin hafa á kjarnfóðurþörf og að mestum sparnaði í kjarnfóðurnotkun má ná með því að láta kýrnar bera á vorin og eiga kost á góðum heyjum. Taflan sýnir einnig að bætt heygæði ættu að hafa meiri áhrif til þess að draga úr framleiðslukostnaði mjólkur hjá haustbærum heldur en vorbærum.

Bætt hey er forsenda fyrir því að ná meiri jöfnun á framleiðslu mjólkur eftir árstíðum og samdrætti í kjarnfóðurnotkun.

Miðað við núverandi aðstæður er óraunhæft að reikna með því að verulegur árangur náist, þar sem hey eru almennt ekki nógu góð. Því hlýtur það að vera forgangsverkefni að auka heygæði til muna.

5. Áhrif samdráttar í sauðfjárrækt á afkomu bænda.

Samdrætti í framleiðslu kindakjöts má ná á tvo vegu. Annars vegar með fækkun sauðfjár og hins vegar minni afurðum eftir kind. Reynt verður að fjalla um mismunandi áhrif þessara leiða á afkomu sauðfjárbænda.

Fækkun sauðfjár.

Fækkun sauðfjár getur í megindráttum orðið á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með því að sauðfjáreigendum fækki og í öðru lagi fækkun sauðfjár hjá hverjum bónda.

a) Færri eigendur sauðfjár.

Eigendur sauðfjár eru margir og fjöldi sauðfjár mjög misjafn. Fjölmargir eiga sauðfé sér til skemmtunar og tómstundastarfs og gerð er grein fyrir því á öðrum stað. Það sem sérstaklega mælir gegn fækkun sauðfjárbænda, er eftirfarandi.

1) Á sauðfjárræktarsvæðunum er víða fremur strjál byggð. Félagsleg aðstaða þessa fólks er því þegar erfið og mundi versna mjög ef bændum fækkaði.
2) Tekjur sauðfjárbænda eru ekki háðar fjárfjöldanum og mundu því ekki endilega lækka þó að þeir fækkuðu fé um óákveðinn tíma.
3) Sauðfjárrækt gæti hæglega orðið arðvænleg útflutningsatvinnugrein. Ef svo yrði, væri mjög óheppilegt að þeim, sem stunda fjárbúskap fækkaði, enda færu þá mikil verðmæti í súginn.

Hugsanlegt er að þeim fækki, sem stunda búskap sér til gamans og þeim sem stunda aðallega mjólkurframleiðslu, og öðrum sem hafa meginhluta tekna sinna af öðru en sauðfjárrækt fækkaði. Slík fækkun mundi að sjálfsögðu ekki hafa þau áhrif, sem að framan greinir.

b) Fækkun fjár hjá hverjum eiganda.

Kostir þessarar aðferðar eru aðallega:

1. Tekjur eru ekki alltaf háðar fjárfjölda. Búreikningar sýna, að ekki er alltaf samhengi milli fjárfjölda og nettótekna. Þessi fækkun, ef hófleg væri, þyrfti því ekki að leiða til minni tekna.
2. Fækkun gripa hjá hverjum bónda mundi ekki leiða af sér nein félagsleg vandamál.
3. Sauðfjárrækt sem útflutningsatvinnuvegur: Ef að því yrði stefnt að gera sauðfjárrækt að útflutningsatvinnugrein, væri tvímælalaust rétt að halda öllum jörðum í byggð.

Minni framleiðsla á grip.

Þessi leið býður upp á þann möguleika að draga úr kostnaði við framleiðsluna, en mundi jafnframt leiða til minnkaðra tekna þeirra sem sauðfjárrækt stunda, miðað við að fullt grundvallarverð fáist fyrir alla framleiðsluna.

Tveir stærstu útgjaldaliðirnir við sauðfjárframleiðsluna eru áburður, 12.2% og fóðurbætir 10.4%, hvort tveggja af veltu búsins. Á „búreikningabúum" eru notuð 21.8 kg kjarnfóður og 3.9 kg grasköggglar samanlagt 25.7 kg á kindi eða 1.37 kg á hvert kg kjöts. Í þessu kjarnfóðurmagni er innifalinn fiskúrgangur, loðna o. fl. Ætla má að draga megi úr notkun kjarnfóðurs um 15 kg á kind og að það mundi minnka kjötframleiðsluna um ca. 2.0 kg á kind, eða um ca. 1 800 tonn alls.

Forsendur fyrir þessu eru að frjósemi mundi minnka um ca. 6 lömb á 100 kindur enda þótt meira hey væri gefið. Jafnframt er reiknað með að fallþungi minnkaði um minnst 1 kg.

Önnur hugsanleg leið til að draga úr framleiðslu er að minnka beit á ræktað land að hausti. Hér er einkum átt við s. k. grænfóðurbeit.

Ætla má, að um 1 800 ha grænfóðurs séu notaðir til beitar fyrir lömb að hausti. Eitthvað þyrfti að rækta af grænfóðri til beitar fyrir lömb, sem ekki er hægt að slátra fyrr en seint að hausti og þar, sem engin beit er. Samkvæmt tilraunaniðurstöðum má ætla, að um 250—300 kg af kjöti fáist með beit af hverjum ha. Telja verður að eitthvað af þessu kjöti yrði framleitt á há eða öðrum gróðri. Ef gert væri ráð fyrir að með eðlilegu móti væri hægt að leggja niður grænfóðurbeit á ca. 1 600 ha, mundi það minnka kjötframleiðsluna um u. þ. b. 400 tonn.

Útflutningsverð.

Eftirfarandi tafla sýnir verð sauðfjárafurða við útflutning í des. s. l. Miðað er við verð kjöts með slátur- og heildsölukostnaði, verð saltaðra gæra og þveginnar ullar.

Kjöt 17.20 kg x 680 kr.	=	11 696.00
Gæru 3.45 kg x 600 kr.	=	2 070.00
Ull 1.94 kg x 700 kr.	=	1 358.00
Alls		**15 124.00**

Í hlut framleiðanda kæmu u. þ. b. 8 þúsund kr. Ef breytilegur kostnaður er 7 500 kr. á kind hrekkur útflutningsverðið lítið meira en til að greiða breytilegan kostnað og framleiðandinn fengi ekkert fyrir vinnu og fjármagnskostnað.

Miðað við núverandi útflutningsverð á dilkakjöti á þeim mörkuðum, sem völ er á, virðist ekki vera grundvöllur fyrir bændur að framleiða dilkakjöt til útflutnings. Þeir bændur, sem best standa að vígi, mundu hins vegar hugsa sig um tvisvar áður en þeir drægju úr framleiðslu, þótt þeir fengju lítið upp í fjármagnskostnað og vinnu, ef byggingar, ræktun og vélar eru fyrir hendi og ekki væru möguleikar á að stunda heysölu.

Lauslegur samanburður á fækkun annars vegar og minni tilkostnaði í kjarnfóðurnotkun og grænfóðurrækt hins vegar bendir til þess, að skynsamlegra sé fyrir bændur að draga fremur úr kostnaði en að fækka sauðfé, hafi þeir ekki um annað að velja en að minnka framleiðsluna. Kjarnfóðurnotkun virðist nú vera óhóflega mikil og mætti draga úr þeim kostnaði. **Aukin heygæði, minni kjarnfóðurnotkun og ef til vill samdráttur í beit sláturlamba á grænfóður virðist í fljótu bragði árangursríkasta leiðin til þess að auka hagkvæmni í dilkakjötsframleiðslu.**

Auk þess má benda á, að með því að fækka ekki dilkum að ráði, en minnka fallþunga og draga þannig úr framleiðslu, helst gæruframleiðslan nær óbreytt, enda þótt kjötframleiðsla minnki verulega.

6. Áhrif samdráttar í sauðfjárrækt á ullar- og skinnaiðnaðinn og möguleikar á að auka fullvinnslu innanlands.

Á árinu 1977 var heildarmagn innveginnar ullar 1 590 tonn (óhrein ull). Af töflu III í V. kafla sést hvernig ullin flokkaðist í hina ýmsu gæðaflokka. Um 75—80% ullarinnar er nothæft í góða framleiðslu.

Áætlað er að nú séu framleidd um 1 200 tonn af ullarvörum á ári hér á landi. Til þess að framleiða þetta magn þarf um 1 350—1 400 tonn af hreinni ull.

Á árinu 1977 voru til ráðstöfunar fyrir iðnaðinn:

Hrein, góð íslensk ull	840 tonn
Skinnaull	400 tonn
Innflutt ull	550 tonn
Samtals	1 790 tonn

Íblöndun erlendrar ullar í íslensku ullina hefur færst í vöxt á síðustu árum og er það af flestum talið til bóta að vissu marki.

Sé miðað við að blanda íslensku ullina

25% með erlendri ull	405 tonn
25% með skinnaull	405 tonn
50% séu hrein ísl. „vorull“	810 tonn
Samtals	1 620 tonn

þá eru til ráðstöfunar um 220—270 tonn umfram það, sem iðnaðurinn hefur þörf fyrir nú.

Samkvæmt því sem að framan segir myndi það ekki há ullariðnaðinum í núverandi stöðu, þótt ullarframleiðslan drægist saman um allt að 300 tonn.

Á s. l. hausti var slátrað um 1 milljón fjár hér á landi. Aðeins um 180 þúsund af þeim gærum sem til falla eru fullunnar innanlands. Hinn hlutinn er fluttur úr landi á hinum ýmsu vinnslustigum. Það virðist því ekki myndi hefta vaxtarmöguleika skinnaiðnaðarins á næstu árum þótt nokkur samdráttur yrði í sauðfjárframleiðslunni.

Hins vegar ber að hafa það í huga, eins og áður er bent á, að möguleikar kunna að vera á því, að stórauka fullvinnslu ullar og skinna innanlands á næstu árum.

Lögð er áhersla á að þessir möguleikar séu kannaðir til hlítar áður en tekin er ákvörðun um stórfelldan samdrátt sauðfjárframleiðslunnar.

Eins og áður hefur komið fram hefur unnist umtalsverður markaður fyrir ullarvörur á ýmsu vinnslustigi á mörkuðum Austur- og Vestur-Evrópu, í Norður-Ameríku og jafnvel í Asíu. Á töflum V, VI og VII í V. kafla er sýndur munur verðs á seldum ullarvörum eftir löndum og vinnslustigi. Sú spurning hlýtur að vakna, hversu enn sé hægt að auka verðmæti ullarvöruútflutningsins með aukinni vinnslu og betri markaðsöflun fyrir vöruna.

Á framangreindum töflum sést, að hæst verð fæst á mörkuðum Vestur-Evrópu fyrir fullunnar prjónaflíkur. Algengt er að meðalverð á flíkunum fullunnum sé 4—5 sinnum hærra en meðalverð á lopa og bandi. Hafa ber í huga að mikil rýrnun verður á bandi og lopa í prjóni og voðinni í saumaskap. Ekki eru til tölur um þá rýrnun, en oft mun hún vera um og yfir 30%.

Á s. l. ári jókst útflutningur á fullunnum prjónavörum á Vesturlandamarkað um 10% og varð 253 tonn. Söluhorfur á árinu 1979 eru taldar góðar og líklegt er, að útflutningur aukist enn um 10 af hundraði. Með sömu hlutfallslegri söluaukningu á næstu 5 árum — 1979—1983 yrði útflutningur á prjónuðum ullarvörum rúm 400 tonn árið 1983.

Vel kann að vera hægt að auka þennan útflutning örar. Veltur þar á miklu, að kynningar- og sölustarfsemi sé vel rækt, hönnun og frágangur varanna sé samkeppnisfær við það sem best gerist og verðlag spilli ekki sölumöguleikunum. Þótt framfarir hafi orðið miklar í þessum iðnaði á undanförnum árum er þó vafalaust hægt að auka framleiðni iðngreinarinnar og gæði framleiðslunnar en þetta tvennt ásamt öflugri kynningar- og sölustarfsemi ætti að tryggja þá markaði sem fyrir eru og greiða götuna á nýja markaði. Þá benda líkur til, að sala ofinna ullarvara á vestrænum mörkuðum gæti aukist mikið frá því sem nú er, en þeir möguleikar eru að verulegu leyti á huldu.

Framleiðsla fullverkaðra skinna og fatnaðar úr þeim er enn mun styttra á veg komin en ullarvöruframleiðslan. Meginhluti skinnanna er nú fluttur út á ýmsum vinnslustigum, eins og áður segir ⅔ hlutar einungis forsútaður (þvegin, þurrkuð og klippt), en framleiðsla á mokkaskinnum nemur ca. 180 000 og skrautgærum 50 000 stk.

Talið er, að framleiðslugeta skinnafataiðnaðarins sé um 12 000 flíkur á ári og til þess að fullnýta þessa framleiðslugetu þurfi um 100 þúsund fullunnin skinn.

Verulegir erfiðleikar eru nú á sölu íslensks skinnafatnaðar erlendis þrátt fyrir hátt verð á heimsmarkaði og mikla eftirspurn. Íslensku vörurnar eru of dýrar og hönnun og frágangur naumast sem skyldi miðað við verð. Hitt er annað mál, að íslensku lambaskinnin eru mjög eftirsótt erlendis til fataframleiðslu og aðrar þjóðir hafa náð mjög góðum tökum á framleiðslu verðmæts fatnaðar úr íslenskum skinnum.

Gera má ráð fyrir, að ef við gætum unnið sauðskinn í fullbúnar flíkur, mætti a. m. k. fjórfalda útflutningsverðmæti skinnavöru frá því sem nú er, en á árinu 1978 nam útflutningur skinnavöru tæpum tveim milljörðum.

Nýlega hefur verið gerður samningur til 5 ára við þekktan austurískan sérfræðing í hönnun, framleiðslu og sölu skinnavara um ráðgjöf fyrir skinnaiðnaðinn. Er þess að vænta að starf hans verði þessum iðnaði heilladrjúgt.

Mikilla aðgerða þarf við áður en tök verða á að breyta öllum gærunum í fullbúnar flíkur. Að ýmsu leyti virðist nú réttur tími til að hefja slíkar aðgerðir, þar sem verðlag þessara vara er hátt, eftirspurn mikil, sútunarverksmiðjur betur í stakk búnar til aukningar á framleiðslu mokkaskinna og aukningar á tilraunastarfsemi en áður og fataframleiðendur verða að leita meira á erlenda markaði, ef framleiðslan á ekki að dragast saman. Ef árangur á að nást í aukningu á framleiðslu og sölu skinnafatnaðar, eru þessar aðgerðir nauðsynlegastar:

1. Menntun og þjálfun feldskera og annars starfsfólks fyrir iðnaðinn.
2. Almenn hagræðing í þeim iðnaði, sem fyrir er og fullnýting þeirra afkastamöguleika, sem þegar eru fyrir hendi.
3. Markaðs- og könnunaraðgerðir til að tryggja sölu framleiðslunnar.
4. Aðgangur að lánsfé til rekstrar og uppbyggingar eftir því sem framleiðsla kann að geta aukist.

IX. KAFLI
LEIÐIR TIL ÚRBÓTA

1. Búrekstrar- og framkvæmdaáætlanir.

Í áliti hinnar svokölluðu sjömannanefndar er gerð tillaga um að búnaðarsamböndum verði, í samráði við áætlananefnd landbúnaðarráðuneytisins, falið að gera framkvæmda- og búrekstraráætlun fyrir allar jarðir innan viðkomandi sambandssvæðis. Verði stefnt að því að ljúka því verki svo fljótt sem kostur er.

Í landbúnaðaráætlananefndinni eiga sæti, undir forustu landbúnaðarráðuneytisins, fulltrúar frá þessum stofnunum:

Búnaðarfélagi Íslands, Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Landnámi ríkisins og Stéttarsambandi bænda.

Ákveðið er að fjölga um einn fulltrúa í nefndinni frá Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Með þessari skipan nefndarinnar er þess gætt eftir mætti að ná samræmingu milli stofnana, sem vinna á einn eða annan hátt að málum sem hafa stefnumarkandi áhrif í landbúnaðinum.

Með gerð búrekstrar- og framkvæmdaáætlana fyrir einstakar jarðir, yrði stefnt að eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að leggja grundvöll að ákvarðanatöku um ráðstöfun lánsfjár og styrkja til framkvæmda á hverri einstakri jörð í samræmi við heildarstefnumörkun í framleiðslu og markaðsmálum hverju sinni, og með fyllstu aðgát að því að jafnvægi haldist í þessum málum. Með því væri horfið af braut skipulegs lána- og styrkjakerfis, þar sem hver einstakur bóndi hefur vegið og metið framkvæmdamöguleika sína, án tillits til stöðu framleiðslu- og markaðsmála stéttarinnar allrar, sem hefur m. a. leitt til þess hvernig horfir í markaðs- og framleiðslumálum í landbúnaði.

Í öðru lagi myndi tilgangur búrekstrar- og framkvæmdaáætlana vera að taka tillit til sérþarfa sveitarfélags eða landshluta fyrir landbúnaðarframleiðslu. Nýting afrétta og annars beitarlands yrði einnig tekin inn í myndina við val bústofns og bústærðar á hverju svæði, þannig að hæfileg nýting yrði tryggð á afréttum og heimahögum. Jafnframt yrði gætt að nýtingu á hlunnindum og möguleikum til annars búskapar og landnýtingar en hinna hefðbundnu búgreina, sauðfjár- og nautgriparæktar. Áhersla yrði lögð á heimaöflun fóðurs í stað aðkeypts fóðurs, til að auka eftir mætti verðmætasköpun á búunum án þess að af hlytist framleiðsluauki í kjöt og mjólk, svo nokkru næmi.

Búrekstrar- og framkvæmdaáætlanir myndu einnig verða gerðar með hliðsjón af æskilegri byggðaþróun á hverju svæði og geta lagt til efni í byggðaáætlun þar sem tilefni væri til slíkra áætlanagerða.

Í þriðja lagi gæti tilgangur þessara áætlana verið að skapa grundvöll fyrir skipulegri stjórnun framleiðslu í landbúnaði með beinum stjórnunaraðgerðum.

Búrekstrar- og framkvæmdaáætlanir myndu skapa grundvöll fyrir heildarlandbúnaðaráætlun sem miðaði að samtengingu framleiðslu og markaðsskilyrða auk annarra stefnumarkmiða sem sett væru landbúnaðinum.

Þegar hefur fengist hljómgrunnur hjá búnaðarsamböndum landsins um samvinnu við gerð búrekstrar- og framkvæmdaáætlana svo sem eftirfarandi samþykkt þeirra ber með sér:

„Fundur formanna búnaðarsambanda 18. og 19. febrúar 1979 lýsir sig samþykkan áætlunargerð vegna framleiðslu landbúnaðarvara, sem miði að samtengingu framleiðslu og markaðsskilyrða t. d. til allt að 5 ára í senn. Þannig að búvöruframleiðendur viti með nokkurri vissu hvers þeir mega vænta vegna sinnar framleiðslu með nokkrum fyrirvara.

Fundurinn telur eðlilegt og sjálfsagt að búnaðarsamböndin ynni af hendi þá vinnu sem leysa þarf af hendi heima í héraði til slíkrar áætlunargerðar enda búnaðarsamböndin sá aðilinn sem líklegastur er að tengja saman hinn almenna bónda og æðstu stjórn landbúnaðarmála, landbúnaðarráðuneytið. Fundurinn telur eðlilegt að landbúnaðarráðuneytið hafi samráð við stjórnir búnaðarsambandanna við mótun vinnubragða við áætlunargerðina."

Þá er jafnframt fyrirhugað samstarf við fjórðungssamböndin við gerð þessara áætlana, en áhugi og skilningur þeirra á grundvallarstöðu landbúnaðarins í hinum dreifðari byggðum landsins hefur farið vaxandi frá stofnun samtakanna, en nauðsyn er þó, vegna þeirrar stöðu sem skapast hefur í framleiðslu og markaðsmálum landbúnaðarins, að aðgerðir til eflingar landbúnaðinum í einstökum byggðum verði gerðar með hliðsjón af heildarstefnumörkun þessara mála, þannig að lausn á vanda eins, leiði ekki af sér erfiðleika hjá öðrum.

2. Fjárfestinga- og styrkjakerfi.

Svo sem áður er nefnt, yrði horfið af braut sjálfvirkra ríkisframlaga og stofnlána, með því að ríkisframlög yrðu veitt hverju sinni eftir árlegu verkefnavali með hliðsjón af hverjir væru bestir fjárfestingarmöguleikar í landbúnaði og hverjar framkvæmdir þarfastar þjóðarbúinu og landbúnaðinum í heild.

Lögfesta þarf breytingu þar að lútandi á jarðræktarlögum, en jafnframt tryggja landbúnaðinum framlög til næstu 5 ára að sama verðgildi og hafa verið undanfarin ár til að takast á við ný verkefni er skapaðu tekjuöflunarleiðir fyrir bændur til að jafna þann tekjumissi sem er óhjákvæmilegur við samdrátt í nautgripa- og sauðfjárrækt.

Þá er jafnframt þörf á að samræma stofnlán og framlög til landbúnaðar með lagaheimild þannig, að ekki komi til framlags á framkvæmdir sem ekki eru taldar lánshæfar vegna þess að þær falla ekki að æskilegri heildarstefnu í framleiðslu- og markaðsmálum landbúnaðarins. Á undanförnum árum hefur verið farið inn á þá braut við úthlutun lána frá Stofnlánadeild landbúnaðarins að takmarka lánin við hámarksstærð bygginga og að taka tillit til aldurs dráttarvéla við lán til endurnýjunar þeirra. Einnig hefur verið neitað lánveitingum til verksmiðjubúskapar í hænsna- og svínarækt. Þrátt fyrir þessa takmörkun deildarinnar hefur bændum staðið opið að fá framlög samkvæmt jarðræktarlögum til stærri framkvæmda, en lánað hefur verið til. Þetta hefur leitt af sér fjárfestingar, sem frá sjónarmiði stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins hefur verið landbúnaðinum óhagkvæm stærð. Fyrirhuguð er breyting hér á til samræmingar, með lagasetningu.

Ákvarðanir í fjárfestingarmálunum yrðu byggðar á búrekstrar- og framkvæmdaáætlunum m. a. sem um er rætt í kafla IX. 1.

Um núverandi fyrirkomulag styrkja- og lánakerfis í landbúnaði vísast til kafla II Landbúnaðarstefnu fyrri ára.

3. Aukin fjölbreytni landbúnaðarframleiðslunnar.

Þegar dregið verður úr framleiðslu nautgripa- og sauðfjárafurða, þarf að huga að því hvaða leiðir eru færar til að bæta bændum það tekjutap, sem óhjákvæmilega

verður af slíkum samdrætti. Hér er ekki eingöngu um tekjutap að ræða, heldur getur samdráttur valdið verkefnaskorti hjá sumum bændum. Í þessum kafla verður leitast við að benda á hvaða möguleikar eru á að fylla í það skarð sem samdrátturinn veldur og koma í veg fyrir þá byggðaröskun sem af getur hlotist.

Garðrækt: Íslenskir bændur hafa aðeins sjaldan framleitt nægjanlegt magn kartaflna fyrir innlendan markað. Árin 1968—1977 voru að meðaltali fluttar inn 37 000 tunnur af kartöflum árlega eða um 27% af árlegri neyslu að meðaltali þessi ár. Allmargir bændur til viðbótar þeim, sem nú stunda kartöflurækt, gætu lagt stund á þessa framleiðslu sem aukabúgrein.

Kartöfluræktin er nú lang mest á tveim svæðum á landinu, við Eyjafjörð 12.3% og í neðanverðum Árnes- og Rangárvallasýslum um 44%.

Eins og fram kemur í kafla 14, er uppskeran mjög sveiflukennd eftir árum. Það sem mestu ræður um hvort uppskera heppnast er hvort frýs um sprettutímann.

Í eftirfarandi töflu sést hver hefur verið tíðni frostnótta um sprettutímann á helstu kartöfluræktarsvæðunum s. l. 20 ár:

Staður	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	Alls frostn.	% af heildarfj.
Síðumúli, Borg.	162	14		6	84	266	18
Akureyi	151	12		4	71	238	16
Hallormsstaður	196	27	2	14	79	318	21
Hornafjörður	90	3			17	110	7
Fagurhólsmýri	101	2			26	129	9
Hella, Rang.	122	9		8	86	225	16
Eyrarbakki	119	6		4	61	190	13

Heimild: Veðurstofa Íslands.

Minnst frosthætta virðist vera í Austur-Skaftafellssýslu og væri því ástæða til að hvetja sérstaklega til aukinnar kartöfluræktar þar.

Ræktun gulrófna hefur ekki fullnægt þörfum innlenda markaðarins, nema e. t. v. á síðasta ári. Sama er að segja um gulrætur, hvítkál og annað grænmeti, sem árlega er flutt inn í nokkru magni. Ræktun þessara garðávaxta virðist geta verið nokkuð árviss sumsstaðar á landinu, en það sem mest háir er skortur á geymsluhúsnæði, sem hentar fyrir slíka framleiðslu. Tilfinnanlega vantar rannsóknir á geymslutækni.

Alifugla- og svínarækt.

Bændur hafa á undanförnum árum verið tómlátir um þessar búgreinar. Í stað þess að ýmsir tækju þær upp, hafa verið sett upp nokkur mjög stór bú til að framleiða egg, kjúklinga og svínakjöt. Ástæðan er e. t. v. einkum sú, að ekki hefur verið lögð rækt við leiðbeiningaþjónustu fyrir þessar búgreinar og sölukerfið er með öllu óskipulagt. Eftirfarandi tafla sýnir, hve margir töldu fram gyltur og gelti árið 1977 og hvernig svínaeignin skiptist eftir landshlutum og bústærð:

Framleiðendur svína 1977, eftir landshlutum og bústærð:

Landshluti	Bústærð (gyltur og geltir, tala) 1-4	5-9	10-19	20 og fl.	Framtelj- endur alls	Samt. gylt- ur og geltir
Reykjanessvæði	3	2		6	11	446
Vesturland			2		2	27
Vestfirðir			1		1	11
Norðurl. vestra		1			1	8
Norðurl. eystra	7	4	1	4	16	210
Austurland	1	1			2	8
Suðurland	13	9	10	3	35	467

Landshluti	Bústærð (gyltur og geltir, tala) 1-4	5-9	10-19	20 og fl.	Framtelj- endur alls	Samt. gylt- ur og geltir
Framtelj. samtals	24	17	14	13	68	
Samt. gyltur og geltir ..	58	118	177	824		1 177

Heimild: Búnaðarfélag Íslands.

Framteljendur svína eru aðeins 68, er sýnir hve lítil þátttaka er í þessari búgrein. 70% svínafjöldans er í eign 13 búa, sem eiga 20 gyltur eða fleiri og meðal gyltufjöldi á þessum búum er 63.4 en aðeins 6 bú eiga meira en 40 gyltur og gelti. Nú mun hóflegt að áætla, að hægt sé að framleiða um 1 smálest af kjöti eftir 1 gyltu á ári, sem jafngildir kjötframleiðslu eftir 60 ær, en til viðbótar koma ull og gærur hjá fjárbónda. 9 gyltur og göltur jafngilda a. m. k. vísitölubúi sem framleiðslutæki, en útheimtir varla nema hálfs manns vinnu. Svínarækt er því tilvalin búgrein, einkum fyrir þá, sem hætta mjólkurframleiðslu, af því að tiltölulega auðvelt og ódýrt er að breyta fjósi í svínahús. Hentugt er fyrir nokkra bændur á tiltölulega litlu svæði að stunda svínarækt, svo að þeir geti nokkrir notað gölt í félagi. Tvær til 9 gyltur á bú getur verið ágæt aukabúgrein. Svínaræktin leysir þó aldrei vanda margra bænda. Allgott jafnvægi virðist hafa verið í þessari framleiðslugrein á síðustu árum og varasamt að hvetja of marga bændur til að hefja svínakjötsframleiðslu, ef það jafnvægi á ekki að raskast.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda varphænsna eftir landshlutum og bústærð:

Fjöldi hænsnaeigenda eftir bústærð.

Svæði	Bústærð, tala hænsna, 1-99	100-499	500-1000	1-10 þús.	Yfir 10 þús.	Bú alls	Hænur þús.
Reykjanessvæði ...	23	27	7	22		77	73 000
Vesturland	170	12	1	2		185	17 000
Vestfirðir	132	4	1	2		139	7 000
Norðurl. vestra	119	6				125	3 000
Norðurl. eystra	227	21	3	5		256	24 000
Austurland	327	7		1		335	7 000
Suðurland	375	43	5	12	1	436	71 000
Bú alls	1 375	120	17	44	1	1 555	
Hænur alls	21 000	21 000	12 000	113 000	35 000		202 000

Heimild: Búnaðarfélag Íslands.

Ekki getur verið um nákvæmar tölur að ræða af því að í mörgum hreppum er engin hæna talin, en þar munu mjög fá hænsni vera til eða engin. Alls eru taldir 1 555 eigendur varphænsna, flestir á Suðurlandi 436. Rúmlega fjórði hlutur hænsna eru í eigu 1 512 bænda, sem hafa færri en 1 000 hænur hver, en um 56% hænsna er í eigu 44 bænda með á milli 1 000 og 10 000 hænsni, en eitt bú hefur 35 000 hænur eða tæp 18% af varphænsnaeign landsmanna.

Ársneysla á eggjum er talin vera um 10 kg pr. íbúa á ári eða nálægt 180 egg. Er það svipað og í Noregi, en töluvert minna en í öðrum nálægum löndum (Svíþjóð 210 egg, EBE löndin 230, Bandaríkin 280 egg á ári pr. íbúa).

Holdakjúklingar virðast taldir með í heildaralifuglafjölda landsmanna. Þeir eru 50 þúsund á einu búi norðanlands og 20 þúsund alls á 5 búum sunnanlands.

Þjóðhagsstofnun telur að framleiðsla kjúklingakjöts hafi numið 500 tonnum árið 1977 eða um 2.7 kg pr. íbúa. Í Noregi er ársneysla af kjúklingakjöti 2 kg pr. íbúa á ári. Erfitt er að spá hver þróunin verður hér, en líklegt er þó að neyslan fari vaxandi. Fleiri bændur ættu því að geta sinnt holdakjúklingarækt sem aukabúgrein, a. m. k. ef kjarnfóðurverð helst lágt.

Sölu og dreifingarkerfi á eggjum má heita óskipulagt. Þau eru ekki gæðamatsskyld og ekki er á þeim föst verðskráning. Með bættu söluskipulagi og auglýsinga-

og kynningarstarfsemi er líklegt að auka megi eggjaneyslu þjóðarinnar. Það mundi skapa svigrúm fyrir mun fleiri bændur að hafa varphænsni. Ef margir bændur ættu að geta haft þessa viðbótarframleiðslu til búdrýginda, væri hæfileg bústærð 100—500 varphænur á búi.

Tilfinnanlega vantar leiðbeiningar á sviði alifugla- og svínaræktar. Nauðsynlegt er að taka upp kennslu í þessum búgreinum við bændaskólana. Verðlag þessara afurða er mun hærra hér á landi en í nálægum löndum, og þær stóru framleiðslueiningar, sem hér eru starfræktar virðast ekki geta skilað lægra verði en smáir framleiðendur. Bendir það til þess að brýn þörf sé hagræðingar og leiðbeininga í þessum búgreinum. Brýnt er að koma upp dreifingarkerfi fyrir alifuglaafurðir, geymsluhúsnæði og pökkunarstöð. Einnig þarf að stuðla að nýtingu aukaafurða frá sláturhúsunum og nýtingu áburðar.

Stóðbúskapur.

Hrossastofn landsmanna mun nú vera um 49 500. Mikið hefur verið unnið að kynbótum á hrossum á undanförnum áratugum. Ætti hrossastofninn að geta skilað landsmönnum mun meiri tekjum en nú er. Vel gæti hentað sumum bændum, sem draga úr mjólkurframleiðslu eða sauðfjárrækt að fjölga hrossum. Á þetta einkum við um bændur, sem búa á grasgefnum jörðum. Þótt hrossum væri fjölgað sumsstaðar, gæti verið nauðsyn að fækka þeim annarsstaðar, þar sem þröngt er í högum.

Ekki virðist vera offramboð af hrossakjöti hér á landi. Víða í Vestur-Evrópu færist hrossakjötsneysla í vöxt og er ástæða að leita markaða fyrir hrossakjöt þar.

Nú síðari ár hafa verið flutt út nokkur hundruð hross árlega, oft 4—500, fyrir viðunandi verð. Eftirspurn eftir gæðingum hefur aukist verulega undanfarin ár, en framboð er takmarkað. Brýnt er því að efla kynbætur og auka leiðbeiningarstarfsemi. Starfandi er ráðunautur í hrossarækt hjá Búnaðarfélagi Íslands, en stóðbændur hafa óskað eftir að einnig starfi héraðsráðunautar á þessu sviði.

Á undanförnum árum hafa risið tamningastöðvar víða um land og hafa margir góða atvinnu af því. Tamning hrossa er kostnaðarsöm og væri því æskilegt að bændur gætu sem mest sjálfir haft atvinnu af tamningu hrossa sinni og unnið að henni ásamt öðrum bústörfum.

Það yrði hrossaræktinni mikil lyftistöng ef komið yrði upp miðstöðvum fyrir hrossarækt í helstu hrossaræktarhéruðunum, þar sem leiðbeint væri með kynbætur hrossa og bændur gætu fengið leiðbeiningar og aðstoð við tamningu. Jafnframt gætu þessar stöðvar aðstoðað við sölu hrossanna.

Stóðbændur hafa engrar fyrirgreiðslu notið með afurðalán til þessa. Yrði það vafalítið til að greiða fyrir umbótum í þessari búgrein ef hún nyti svipaðrar fyrirgreiðslu bankakerfisins á sviði afurðalána og aðrar helstu búgreinar njóta.

Starfandi eru nokkrar hestaleigur, sem aðallega miðast við leigu á hrossum til ferðamanna. E. t. v. væri hægt að auka þá starfsemi.

Aðrar tekjuöflunarleiðir af hrossum, sem vert er að athuga eru aukin hagnýting húða, bæði af folöldum og fullorðnum hrossum, nýting á hrosshári til iðnaðar, framleiðsla á kaplamjólk til útflutnings sem barnamjólk og handa sjúklingum og loks hirðing á þvagi og blóði úr hrossum til lyfjaframleiðslu.

Heysala.

Sala heys innanlands hefur verið drjúg tekjulind fyrir nokkra bændur, þó meiri fyrir þá, sem hafa ráð á ræktuðum landspildum eða jörðum, án þess að stunda þar hefðbundinn búskap. Kaupendur að þessu heyi eru aðallega hestaeigendur í þéttbýli. Nú síðustu árin hefur sýnt sig, að góður markaður er fyrir hey erlendis, t. d. í Noregi og Færeyjum, þ. e. þar hefur fengist framleiðslukostnaðarverð fyrir heyið, en óvíst er, hve þessi markaður er mikill. Þarf að kanna það til hlítar og einnig þarf að kaupa 1 eða 2 heybindivélar, sem binda fast stóra balla eða bagga til útflutnings. Væri eðlilegt að slíkar vélar væru fyrst keyptar til reynslu í Eyjafirði og á Suðurlandi þar sem heyframboð er mest.

Loðdýrarækt.

Refarækt var stunduð með góðum árangri allvíða hér á landi rétt fyrir síðustu heimsstyrjöld, en lagðist niður þegar verðfall varð á skinnum í lok stríðsins. Nokkrir bændur eru enn á lífi, sem stunduðu refarækt og þekkja til slíkra starfa. Síðustu árin hafa Íslendingar öðlast nokkra reynslu af minnkarækt, og sýnir hún að sé rétt að farið, getur þetta verið arðbær atvinnugrein. Hefur hún þann kost að vera eingöngu gjaldeyrisskapandi, og getur nýtt mikið magn af verðlitlum fiskúrgangi frá frystihúsum og sláturúrgang og feitmeti frá sláturhúsum. Undirstaða þess að vel geti tekist um uppbyggingu þessarar búgreinar er næg fræðsla og leiðbeining um meðferð og fóðrun dýranna. Minkaeldi er eins og hver önnur búfjárrækt. Hún tekst því aðeins, að sá sem stundar hana hafi þekkingu og áhuga á starfinu og sé nærfærinn við hirðingu og geri hvert verk á réttum tíma, en slíkt hið sama gildir bæði um mjólkurframleiðendur og sauðfjárbændur.

Námskeiðum í loðdýrarækt er auðvelt að koma á við bændaskólana og sérfræðingar eru við bændaskólann á Hvanneyri og hjá Búnaðarfélagi Íslands. Sé litið á hagfræðihliðina, þá er hér ekki um neina gullnámu að ræða heldur aðeins einn þátt búskapar, sem fylgir bæði áhætta og vandi eins og öllum búskap, en takist vel til, getur verið góðrar afkomu að vænta. Fjárfestingar í upphafi eru erfiðastar fjárhagsafkomunni. Hús fyrir eina minkalæðu ásamt rými fyrir högna og fyrirhvolpana er um 1.5—1.7 m² eða svipað og þarf í hús- og hlöðurými fyrir eina kind. Nýbygging með búrum og sjálfbrynningu fyrir 100 minkalæður og tilheyrandi hvolpa og högna kostar miðað við verðlag í desember 1978 um 3 320 000 eða kr. 33 200 fyrir hverja læðu. Er það rúmlega ⅔ af kostnaði við fjárhúsbyggingu af fullkomnustu gerð með kjallara og súgþurrkun fyrir kind, eða svipaður kostnaður við fjárhúsbyggingu af einfaldri gerð án kjallara. Sé aðstaða fyrir hendi til að breyta eldri byggingu, t. d. fjárhúsum án kjallara, en með steyptum veggjum í minkahús, er áætlaður kostnaður við búrin, brynningarkerfi, frágang á gólfi, girðingu o. fl. kr. 17 200 fyrir læðu með tilheyrandi hyski eða rúmlega helmingur kostnaðar miðað við nýbyggingu. Verðmæti bústofns í minkum mun nokkru minni en sauðfé af sama fjölda. Áætlaður brúttóarður af minkalæðu er 3 hvolpar á ári og miðað við núverandi verð er hvert skinn um kr. 8 000 að verðgildi eða kr. 24 000 pr. læðu, sem er svipað og eftir kind á sæmilega vel reknu fjárbúi.

Í þessari áætlun er fóðurkostnaður ekki metinn, en hráefni fóðursins er ódýrt, en frystikostnaður er verulegur. Veltur þar á, hvort hægt er að fá fóðrið geymt í frystihúsi, eða hvort nokkrir minkabændur þurfa að byggja frystigeymslur sérstaklega fyrir þessa starfsemi. Er þá venja að setja upp nokkurskonar sameiginlega matseld fyrir nokkra minkabændur. Þurfa þeir því að starfa nokkrir á tiltölulega afmörkuðu svæði, a. m. k. ef þeir hafa minkarækt aðeins sem hluta af búskap sínum. Hver bóndi væri þá með frá 100 til 250 læður. Eigi að sinna minkarækt sem aukabúgrein, þarf að breyta gildandi lögum, af því að lögin, sem nú eru í gildi leyfa ekki minni minkabú en 250 læður.

Refarækt.

Öðru máli gegnir með refarækt. Hana er auðvelt að stunda sem aukabúgrein hvar sem er eða því sem næst. Miðað við gildandi lög og reglur er svipaður kostnaður á hvern fermetra í byggingu og búrum fyrir refi og minka, en hver læða með hyski sínu þarf fjórum sinnum stærri gólffleti en minkalæða. Verður því stofnkostnaður miklu meiri við að koma upp nýbyggingum fyrir refi en minka, en á móti því kemur, að miðað við núverandi verðlag má gera ráð fyrir, að hver belgur sé 25 þúsund króna virði, og miðað við árangur hjá Norðmönnum gefur refalæðan að meðaltali 6 hvolpa og er því um 6 sinnum arðsamari en minkalæða. Um fóðrun refa er það að segja, að refir eru ekki eins vandmeðfarnir í fóðrun, þó þarf að varast að gefa þeim of kalt fóður eða of feitt. Heppilegasta refafóður er sláturúrgangur og fiskúrgangur og ódýrasta kjöt. Ef refir eru hafðir sem aukabúgrein á til-

tölulega afskekktum stöðum er hægt að slátra í þá gamalám og ungkálfum eftir hendinni. Refir eru í alla staði léttari á fóðrum en minkar og ekki síður heppilegir sem búgrein. Fækki bóndi kúm, þarf hann 3 refatríó (Tríó: högni og tvær læður) til að gefa sama bruttóarð og 2 kýr. Varla tekur því fyrir bónda að hafa refarækt með minna en 3—10 tríóum.

Lax- og silungsveiði, fiskrækt og fiskeldi.

Veiðimál eru þau kölluð, sem fjalla um lax-, silungs- og álaveiðar, fiskrækt og fiskeldi. Skipulag þessara mála er ákveðið í lögum nr. 76, 1970 um lax- og silungsveiði. Landbúnaðarráðherra er æðsti yfirmaður veiðimála og eru veiðimálastjóri og Veiðimálanefnd honum til aðstoðar við stjórn þessara mála. Veiðifélög starfa við um 130 árkerfi, ársvæði og stöðuvötn víðsvegar um landið. Þau ráðstafa veiði og vinna að fiskrækt, hvert á sínu félagssvæði. Skipulag veiðimála hér á landi hefur reynst mjög vel. Lax- og silungsveiðilöggjöfin hentar vel aðstæðum, yfirvöld hafa ákveðna stefnumörkun, veiðifélög vinna ötullega að verkefnum hvert á sínu svæði og mikill stuðningur hefur verið af stangveiðifélögum.

Laxveiðar hafa fjórfaldast að tölunni til á síðasta aldarfjórðungi. Unnið hefur verið af atorku að fiskrækt með því m. a. að sleppa seiðum í ár og gera fiskvegi. Miklir möguleikar eru enn ónotaðir í laxarækt í ám og vötnum ofan fiskgengra fossa. Liggur nú fyrir að snúa sér að því verkefni.

Sjógenginn silungur hrygnir og elst upp í ám allt í kringum landið. Upplýsingar um veiðimagnið liggja ekki fyrir. Leitast verður við að fá sem besta nýtingu á sjósilungi í framtíðinn.

Vatnasilungur er í flestum stöðuvötnum landsins. Ætla má að veiða megi úr þeim samtals um 500 tonn á ári. Veiðimöguleikar í vötnum hafa verið vannýttir og silungsstofnarnir komist í órækt í þeim flestum af þeirri ástæðu. Auka þarf veiði í stöðuvötnum verulega á næstu árum, koma á skipulagi veiðanna, byggja veiðihús við stöðuvötnin og vinna að aukinni sölu á silungi. Verð á silungi hefur verið lágt og markaður þröngur. Unnið er að því að einfalda veiðiaðferðir með það fyrir augum að draga úr vinnu við veiðarnar.

Álaveiðar hafa lítið verið stundaðar hér á landi. Gera þarf tilraunir með álaveiðar og koma þeim í fast horf.

Eldi laxfiska hefur farið vaxandi hér á landi nú síðustu áratugina og eru nú starfandi sex fiskeldisstöðvar. Þær ala upp lax- og silungsseiði um lengri eða skemmri tíma. Seiðin eru að mestu notuð til fiskræktar innan lands. Eldi á silungi upp í söluhæfa stærð til neyslu hefur farið fram, en söluverð á honum er það lágt, að slíkt eldi hefur ekki staðið undir sér fjárhagslega. Leita þarf nýrra leiða til að draga úr eldiskostnaðinum.

Hafbeit, sem einnig mætti nefna laxabúskap, þ. e. þegar laxaseiðum af sjógöngustærð er sleppt í veiðilausar ár, hefur verið reynd í Tilraunastöðinni í Kollafirði og víðar. **Þegar laxinn kemur af hafi er honum lógað og hann sendur á markað.** Tilraunir með hafbeit standa nú yfir á nokkrum stöðum á landinu. Ef vel tekst til með tilraunirnar, má ætla, að margar jarðir, sem nú hafa ekki laxveiði, muni geta komið henni á með hafbeit.

Lax- og silungseldi í sjó, þar sem fiskur er alinn upp í söluhæfa stærð, hefur einnig verið reynt í netkvíum í sjó úti fyrir ströndinni. Annar möguleiki er að ala laxfisk í tjörnum á landi og dæla í þær sjó, eins og fyrirhugað er að gera í Grindavík. Hafa tilraunir verið gerðar með fyrrnefndu aðferðinni, en lítil reynsla fengist af þessari aðferð hér á landi enn, sem komið er.

Á næstu árum þarf að koma upp fleiri fiskeldisstöðvum út um landið í eigu veiðifélaga. Í starfandi eldisstöðvum eru skilyrði til að ala upp um 500 þúsund sjógönguseiði og nokkur hundruð þúsund seiði á fyrsta sumri. Fyrirsjáanlegt er að með aukinni laxarækt í ám ofan fossa og í stöðuvötnum vaxi þörfin fyrir seiði til

fiskiræktar svo og einnig vegna hafbeitar og sjóeldis. Stefna verður að því að fiskrækt í ám og vötnum fari fram með seiðum af heimastofni í hverju tilviki.

Arðsemi af veiði vatnafiska og fiskeldi þeirra má auka verulega. Starfsemi á þessum sviðum er nauðsynlegt að hafa aðgang að stóraukinni fjármagnsfyrirgreiðslu við uppbyggingu fiskeldisstöðva og annarra skyldra mannvirkja og mikil þörf er á ríflegri fjárveitingum til tilrauna og rannsókna. Niðurstöður af þeim eiga að vísa leiðina að hagkvæmum og árangursríkum vinnubrögðum við fiskrækt og fiskeldi. Ef fé verður myndarlega veitt til tilrauna, rannsókna og leiðbeiningaþjónustu, má flýta frekari uppbyggingu þessara mála. Nauðsyn er á að fá útibú frá Veiðimálastofnuninni í alla landsfjórðunga til þess að auka þar þjónustu við bændur og aðra, sem að veiðimálum vinna út um byggðir landsins.

Aukin nýting annarra hlunninda.

Frá uphafi búsetu hér á landi og fram yfir síðustu aldamót voru hlunnindi jarða stór liður í afkomu fólks til sjávar og sveita. Með þjóðfélagsröskun um og upp úr 1940, breyttist mjög mat almennings og stjórnvalda á gildi landsins gæða og nýtingu hlunninda hrakaði.

Hér áður voru talin til hlunninda ýmis gæði, sem ekki eru litin sömu augum í dag. Má þar nefna fuglaveiðar, eggjatekju, sölvafjöru, grasatekju, skelfisk, hrísrif, svarðartekju og skógarhögg. Um þessar mundir teljast til hlunninda fyrst og fremst reki, dúntekja, selveiði, hrognkelsa- og silungsveiði svo og jarðhiti og laxveiði, sem eru hæst skráð af hlunnindum í dag.

Áríðandi er að vinna markvisst að gjörnýtingu hlunninda í hverju tilviki. Hvort sem um er að ræða reka, hrognkelsa- og selveiði eða annað. Það er t. d. fráleitt að rekaviður skuli svo til eingöngu vera nýttur í girðingarstaura, og mötu hrognkelsa- og selaveiða að mestu fleygt. Þarna þarf hið opinbera að koma til skjalanna, og kanna úrvinnslumöguleika og markað. Margir bændur hafa af grásleppuveiði drjúgar tekjur og komast af með minni bústofn þess vegna. E. t. v. væri eðlilegt að bændur og smábátaútgerð sjávarþorpa sitji ein að öflun grásleppuhrogna.

Samkvæmt fasteignamati 1970 voru skráðar 270 jarðir á landinu með æðarvarp og 566 jarðir með reka. Víst má þó telja, að í báðum tilfellum sé vantalið, þar sem ekki hefur þótt taka að telja fram til hlunnindamats 1—2 kg af æðardún eða reka til eldiviðar.

Á síðustu þremur áratugum hefur orðið mikil röskun á búsetu jarða, margar hlunnindajarðir hafa fallið úr fastri búsetu og aðrar skiptst upp milli margra erfingja. Er því víða nýting hlunninda með öðrum hætti en áður var. Eftirfarandi tafla um dúntekju gefur þar um nokkrar upplýsingar:

Heildardúntekja á Íslandi, samkvæmt hagskýrslum nokkur ár frá 1898—1963.
(Einar A. Gíslason).

Ár	Magn, kg	Ár	Magn, kg
1898	3 585	1938	2 852
1902	2 973	1939	3 298
1903	3 250	1943	2 319
1910	3 575	1944	2 535
1912	4 045	1946	2 142
1915	4 294	1949	1 712
1919	3 241	1951	2 026
1924	3 840	1955	1 541
1928	4 287	1957	2 363
1930	3 631	1960	2 020
1934	3 161	1963	1 648

Feitletruð er í töflunni hæstu ár eða síðustu á viðkomandi þúsundi.

Olíumengun stríðsára og eftirstríðsára, netalagnir, minkur og fjölgun vargfugls hefur allt mjög herjað á æðarstofninn.

Eftir 1963 liggja fyrir mjög óljósar skýrslur um dúnframleiðslu landsmanna, en áætla má fram til ársins 1975 að árleg dúnframleiðsla hafi verið 1 500—1 800 kg.

Tvö undanfarin ár hefur dúnframleiðslan verið um 2 000 kg af hreinsuðum dún á ári. Mest af honum er flutt út og selt á heimsmarkaðsverði.

Meinfugl og minkur herja nú æðarstofninn geigvænlega. Gildandi lög um fuglaveiðar og fuglafriðun setja stólinn fyrir dyrnar um að hægt sé að beita árangursríkum aðgerðum í baráttu við vargfuglinn. Frumvarp til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, sem nú liggur fyrir Alþingi, þarf breytinga við svo það þjóni tilgangi í því tilliti. Ens og horfir er enginn gerður ábyrgur fyrir því að halda í skefjum offjölgun meinfugla. Nauðsynlegt er, að veiðistjóra verði falið með lagaákvæðum að annast um eyðingu meinfugla eins og refa og minka. Auka þarf leiðbeiningar og fræðslu um hirðingu æðarvarpa og meðferð dúns. Þá ber nauðsyn til að fram fari vísindaleg athugun á lifnaðarháttum æðarfugls, sbr. ályktun Alþingis frá í maí, 1978.

Frá fornu hafa landeigendur átt það, sem berst á þeirra reka, sé ekki um vogrek að ræða. Rekaviður hefur allt fram á þennan dag verið til margra hluta nytsamur hér á landi. Hann hefur verið notaður til húsagerðar, skipasmíða, brúar- og bryggjugerðar, búsáhalda og húsgagnagerðar og til hvers konar trésmíða, í girðingarefni og til eldiviðar.

Ekki hefur tekist að ná saman neinum tölum að byggja á um árlegt verðmæti rekaviðar, enda reki breytilegur frá ári til árs, og verðmætasköpun fer eftir því hvað úr honum er unnið. Til að nefna einhverja viðmiðun, má ætla að árlega reki sem svarar 500 girðingastaurum á hverja rekajörð. Á söluverði 1978, kr. 500 á staurinn, er það að verðmæti 140 milljónir króna. Með meiri úrvinnslu rekaviðar mætti auka verðmæti hans stórlega.

Sárafáir verslunaraðilar hafa tekið rekavið til sölumeðferðar og þá eingöngu unna girðingarstaura. Flestir rekabændur hafa selt beint til neytenda án nokkurra samtaka og aldrei vitað hvert eða hvað eða hversu mikið magn þeir gætu selt árlega. Nú er vitað, að stór hluti rekaviðar er mun betra timbur heldur en húsaviður sá, sem fluttur hefur verið til landsins hin síðari ár, og því misráðið að nota allan rekavið í girðingarsaura. Einstaka bændur hafa komið upp sögun heima og hafa framleitt borðvið, battinga og annað til bygginga fyrir heimilið og jafnvel aðra og hefur þá verðmætasköpun rekaviðar markfaldast.

Þjóðhagslega væri æskilegt að nýta rekavið til hins ýtrasta. Til að svo megi vera, þarf að koma upp sögunarstöð í hverju héraði, t. d. í sambandi við trésmíða- eða byggingarverkstæði, sem víða eru rekin á vegum kaupfélaganna. Þá gætu bændur komið og lagt inn rekavið eins og aðrar búsafurðir, svo sem mjólk, kjöt og ull og munu þá nýta reka fullkomlega. Eins þarf að athuga hvort grundvöllur sé fyrir að vinna í pappa eða þilplötur morvið, sem víða hefur safnast fyrir á reka í miklum mæli. Án utanaðkomandi afskipta er tæpast hægt að koma á því skipulagi, sem þarf til að gjörnýta megi rekavið.

Rétt væri að athuga, hvort nýta má ýmis önnur hlunnindi svo sem fjallagrös, söl og krækling. Benda má á að útselskópskinn eru það verðlítil, að bændur telja ekki borga sig að stunda þá veiði. Útsel hefur fjölgað hin síðari ár og flæmir gjarnan burtu landsel. Við fjölgun hans eykst útbreiðsla á hringormi í fiski, sem torveldar vinnslu afurða. E. t. v. kæmi til greina að greiða bændum einhverja fjárhæð fyrir hvern veiddan útselskóp til að halda stofninum í skefjum.

Skógbúskapur.

Skógrækt hefur verið reynd hér á landi í 75 ár. Fyrstu plantanir voru á Þingvöllum 1899 og fljótlega eftir það á Hallormsstað.

Skógrækt ríkisins hefur flutt inn og reynt mikinn fjölda tegunda víðsvegar að úr heiminum. Fyrstu tuttugu ár þessarar aldar beindist starfið mikið að tilraunum með erlendar trjátegundir, en þeim var hætt 1922 og friðun og sáning birkis sett í fyrirrúm. Eftir 1933 og einkum eftir síðari heimsstyrjöldina hefur vaxandi áhersla verið lögð á ræktun barrviða.

Skógræktarskilyrði eru mjög breytileg, ekki aðeins eftir landshlutum heldur og staðháttum í sama héraði. Mikilvægt er að leiða í ljós, hvaða trjátegundir og kvæmi henta á hverjum stað.

Að fenginni 70 ára reynslu er fullyrt, að hægt sé að rækta nytjaskóg til viðarframleiðslu á innanverðu Fljótdalshéraði, í Eyjafirði og á nokkrum stöðum öðrum. Á þessum svæðum er árlegur vöxtur barrskóga fyllilega sambærilegur við það sem gott er talið erlendis. Á þremur svæðum öðrum hefur veruleg skógrækt verið stunduð síðan um 1950. Þau eru:

Hlíðarbeltið í uppsveitum Árnessýslu, Skorradalur og víðar í Borgarfjarðarsýslu og í dölum Suður-Þingeyjarsýslu.

Á ýmsum öðrum svæðum á landinu hafa erlendar trjátegundir verið ræktaðar, en með mismunandi árangri, og verður ræktun þar enn að teljast á tilraunastigi.

Nokkur reynsla er nú fengin af gerð skjólbelta á ýmsum stöðum á landinu. Skjólbelti auka og tryggja öryggi uppskerunnar. Rík ástæða er til að koma upp skjólbeltum fyrir garðrækt og aðra verðmæta ræktun og einnig á beitilöndum.

Þegar er fengin góð reynsla á ræktun jólatrjáa og eru nú árlega seld um 10 þúsund íslensk jólatré á móti u. þ. b. 20—25 þúsund innfluttum jólatrjám.

Skógrækt ríkisins selur nú nokkurt magn af innlendum girðingarstaurum. Staurar koma fyrst til nytja eftir 12—17 ár. Á Hallormsstað hefur Síberíulerki gefið borðvið eftir 35 ár, en greni þarf 5—10 árum lengri tíma. Áætlað er að frá árinu 1985 muni viður koma til vinnslu á Hallormsstað og 1—2 áratugum síðar á öðrum skógræktarsvæðum.

Gildar líkur eru á að skógbúskapur geti í sumum héruðum orðið arðsöm búgrein er fram líða stundir, og líkur eru til að gildi skógræktar til viðarframleiðslu fari vaxandi, þar sem spáð hefur verið verulega hækkandi verði á timbri og trjávörum fram til næstu aldamóta. Þótt e. t. v. megi segja að hér sé fyrst og fremst **um framtíðarverkefni að ræða er nauðsynlegt að því sé fullur gaumur gefinn.** Ræktun skógar til nytja tekur langan tíma og þarf því þegar að skapa þeim bændum, sem það vilja og aðstöðu hafa, möguleika til að stunda skógbúskap.

Skógrækt er nú þegar umtalsverður atvinnugjafi í þeim sveitum þar sem Skógrækt ríkisins hefur aðalstarfsemi sína.

Ferðamannaþjónusta.

Að lokum skal hér fjallað um atvinnugrein sem lítið hefur verið sinnt hér á landi, enn sem komið er, en það er þjónusta við ferðamenn. Þessi búgrein er stunduð með góðum árangri víða á Norðurlöndum, og væri ástæða til að efla hana hér.

Á Húsafelli í Borgarfirði er þessi atvinnugrein nú stunduð eingöngu með góðum árangri. Á nokkrum stöðum á landinu t. d. í uppsveitum Árnessýslu hefur ferða**mannaþjónusta í tengslum við félagsheimilin skapað góða atvinnumöguleika fyrir húsmæður í nágrenninu. Ástæða er til að ætla, að bændur í grennd við ferða**mannaslóðir geti haft af slíkri þjónustu nokkrar tekjur t. d. með leigu tjaldstæða eða leigu gistirýmis í húsum sínum og í smáhýsum. Einnig með leigu á aðstöðu í veiðihúsum við fiskisæl fjallavötn.

Nauðsyn er, að gerð verði athugun á framtíðarmöguleikum þessarar atvinnugreinar sem allra fyrst í samvinnu við yfirvöld ferðamála.

Hér að framan hefur verið bent á helstu leiðir til að auka fjölbreytni landbúnaðarframleiðslunnar.

Sumar þær búgreinar, sem rætt hefur verið um eru gamalreyndar, en þurfa bættrar skipulagningar við. Aðrar eru nýjar af nálinni og hafa ekki verið reyndar hér áður. Sterklega ber að vara við því að flana að neinu í því efni, heldur kanna nákvæmlega fyrst hvaða líkur eru á að þær búgreinar geti unnið sér þegnrétt í íslenskum landbúnaði.

Bent hefur verið á, að æskilegt væri að nokkrir bændur á sama svæði mynduðu samtök um að reyna nýjar búgreinar. Gætu þeir á þann hátt notið stuðnings hvers annars og einnig auðveldaði það störf leiðbeiningaþjónustunnar.

Sameiginlegt er öllum þeim búgreinum, sem hér hafa verið taldar, að undirstaða þess, að þær geti almennt heppnast og skilað góðum arði eru rannsóknir og leiðbeiningastarfsemi.

Annað er þeim einnig sameiginlegt, en það er nauðsyn þess, að yfirvöld fjármála sýni skilning á þörf fyrir stofnlán til þeirra og fyrirgreðslu með afurðalán.

4. Ylrækt.

Að framan er fjallað um ræktun kartaflna, gulrófna og annarra garðávaxta, sem helst hafa verið ræktaðir sem aukabúgrein hjá bændum almennt.

Í þessum kafla verður fjallað sérstaklega um starfsemi gróðrarstöðva.

Sem atvinnugrein er garðyrkja hér ekki nema u. þ. b. hálfrar aldar gömul. Ýmis ræktun var þekkt, jafnt til búdrýginda og sölu, en var einkum í höndum bænda og áhugamanna um ræktun.

Það er fyrst með notkun heita vatnsins og byggingu gróðurhúsa að rísa tekur upp sjálfstæð stétt garðyrkjubænda, sem alfarið lifir á framleiðslu.

Það er um 1930, sem sérstakar gróðrarstöðvar taka til starfa og hefir fjöldi þeirra vaxið jafnt og þétt.

Þær er einkum að finna á Suðvesturlandi, þ. e. Reykjavík — Mosfellssveit — Borgarfirði og Árnessýslu. Nú er fermetrafjöldi undir gleri/plasti u. þ. b. 140 þús. m^2 og garðyrkjubændur u. þ. b. 150. Til samanburðar má geta nokkurra annarra ára:

1929	1 200 m^2
1939	9 300 m^2
1950	63 000 m^2
1960	95 000 m^2
1970	120 000 m^2
1978	140 000 m^2

Af þessum tölum sést, að uppbygging hefir verið hlutfallslega minni hin síðari ár. Orsaka er eflaust að leita í erfiðari fjármagnsútvegun, erfiðara hefir verið að fá land og hita en áður var, og hlutfallsleg arðsemi hefir farið minnkandi, a. m. k. í mörgum greinum.

Enginn vafi er t. d. á því, að verð vöru gagnvart launakostnaði er nú til muna lakara en var t. d. fyrir 20—30 árum.

Má e. t. v. segja, að gagnvart neytendum sé þetta spor í rétta átt, en rekstrarlega hlýtur þessi þróun að skapa erfiðleika.

Meginhluti ísl. gróðrarstöðva er fremur lítill og lang flestar gróðrarstöðvar á bilinu 800—1 500 ferm. Þetta eru of litlar rekstrareiningar til að hagkvæmt geti talist og víðast í nágrannalöndum okkar er æskileg stærð talin 2 000—3 000 m^2.

Stefna Stofnlánadeildar landbúnaðarins er í andstöðu við þetta sjónarmið því hún lánar ekki til stækkunar gróðrarstöðva, sem eru 1 200 m^2 eða þar yfir.

Eðlilegra verður að teljast að stuðla að stækkun og uppbyggingu þess sem fyrir er og koma á lífvænlegum rekstri en að stefna að nýjum stöðvum sem eru utan hagkvæmra stærðarmarka.

Stofnlánadeild lánar 50% af matsverði nýrra gróðurhúsa, en önnur fjármögnun er afar erfið eins og lánamálum er nú háttað hér á landi.

Þess má geta að víða erlendis er tilsvarandi fyrirgreiðsla 80—85% og lán oftast til a. m. k. 15 ára.

Byggingakostnaður er til muna hærri hér á landi. Hús þurfa að vera sérlega traust og flutningur á efni frá höfn að byggingastað er ætíð verulegur kostnaðarliður.

Menn, sérhæfðir í byggingu gróðurhúsa eru fáir og ekki alltaf tiltækir, svo að garðyrkjubændur verða yfirleitt að standa að þessum þætti sjálfir að mestu leyti en eru auðvitað afar misjafnlega í stakk búnir til þeirra hluta.

Helstu þættir garðyrkju eru:

I. Ræktun grænmetis og ávaxta.
II. Ræktun afskorinna blóma og pottaplantna.
III. Ræktun sumarblóma, fjölærra plantna, runna og trjáplantna.
IV. Skrúðgarðyrkja.

Þessir þættir geta verið tengdir með margvíslegum hætti. T. d. er nokkuð algengt að liðir I og II séu tengdir að meiru eða minna leyti, þ. e. ýmis blönduð ræktun, grænmeti — ávextir — blóm. Þó er þróun eindregið í átt að aukinni sérhæfingu, ein eða fáar aðrar tegundir.

All algengt er líka, að tengsl séu milli III og IV, þ. e. að sami aðili annist plöntuuppeldi til sölu í skrúðgarða og annist jafnframt verklegar framkvæmdir í skrúðgarðyrkju. Hér er þó hið sama uppi á teningnum, að sérhæfing verður æ tíðari.

Skrúðgarðyrkja hefir þá sérstöðu, að þar er aðeins um að ræða þjónustu, en ekki beina framleiðslu. Gróðrarstöðvar, sem framleiða matvæli og skrautjurtir er einkum að finna á eiginlegum hverasvæðum, oftast í nokkurri fjarlægð frá mörkuðum (20—150 km).

Framleiðsla sumarblóma — fjölærra plantna o. s. frv. er oftast nærri helstu markaðssvæðum, í útjaðri bæja eða nærri þeim og sjaldan yfir 50 km frá helstu markaðssvæðum. Þetta kemur til af því að hér er að mestu um að ræða bein kaup neytenda hjá framleiðanda, svo að þessi verslun hefir nokkra sérstöðu.

Sala grænmetis og ávaxta fer að mestu um hendur Sölufélags garðyrkjumanna. Af tómötum mun þó u. þ. b. 25% fara eftir öðrum leiðum. Heildaruppskera tómata 1977 mun hafa numið 440 000 kg eða u. þ. b. 2 kg á mann á ári, sem er það hæsta sem verið hefir um árabil. Algengasta meðalneysla hefir verið u. þ. b. 1.5 kg á mann.

Samsvarandi tölur pr. íbúa í Svíþjóð munu vera 5.5—6.0 kg á íbúa.

Heildaruppskera gúrkna var u. þ. b. 360 tonn 1977, sem er mesta uppskera á ári hingað til. En sívaxandi neysla á þeim og hefir verið um nokkurt árabil. Magn á íbúa u. þ. b. 1.6 kg, en meðaltal hefir verið 1.3—1.5 kg. Samsvarandi tölur frá Svíþjóð eru 3.2—4.0 kg. Með lýsingu mætti lengja uppskerutíma tómata og gúrkna verulega og fullnægja eftirspurninni með innflutningi þann tíma ársins sem innlend framleiðsla er ekki á boðstólum. Ræktun á salati hefir stóraukist á síðari árum. Sala 1977 nam u. þ. b. 135 000 hausum, en var aðeins um 70 000 þús. höfuð 1973. Magn 1977 svarar til u. þ. b. 14% magns á mann í Svíþjóð, þótt aukin neysla hafi verið veruleg, er enginn vafi á að verulegir möguleikar eru á aukinni sölu á markaði hérlendis, og eiga breyttar neysluvenjur þar stóran þátt. Útiræktað grænmeti fullnægir ekki nema litlum hluta markaðsþarfa, og aðeins takmörkuðum hluta árs.

Á þessu sviði eru eflaust verulegir möguleikar ónýttir, en veðurfar er hinsvegar takmarkandi þáttur. Með aukinni ræktun skjólbelta og notkun plasts o. fl. efna er eflaust hægt að ná betri og öruggari ræktunarárangri, en hins vegar eru þeir stofnar og afbrigði, sem unnt er að rækta hér á landi, flestir með takmarkað geymsluþol, þannig að þess er ekki að vænta að hægt sé að geyma uppskeru nema takmarkaðan tíma, sjaldan lengur en til áramóta, nema kartöflur og rófur.

Ekki liggja fyrir eins nákvæmar tölur um sölu blóma og skrautjurta hér á landi, en ljóst er að hún fer stöðugt vaxandi, og heildsöluvelta þessara greina mun hafa numið um 400 milljón króna árið 1978.

Heildarverðmæti sumarblóma, fjölærra plantna trjáa og runna í skrúðgarða og annarra skyldra nota mun hafa numið u. þ. b. 150 millj. króna árið 1978.

Ljóst er að í þessum greinum eru verulegir aukningarmöguleikar vegna breyttra lífsviðhorfa almennings, þar sem ræktun, snyrting og fegurra umhverfi er að verða snar þáttur í lífi flestra manna.

Staða skrúðgarðyrkjumanna markast einnig mjög af þessum breyttu viðhorfum. Það sem einkum er til baga á þeirra sviði eru langir kaflar á vetrum þegar ekki er hægt að sinna skrúðgarðyrkjustörfum, en í heild hafa atvinnumöguleikar í greininni farið vaxandi á síðari árum.

Koma þar einnig til vaxandi umsvif margra sveitarfélaga á sviði umgengnis- og fegrunarmála.

Þess hefir þegar verið getið, að fjármagnsliðir séu garðyrkjubændum erfiðir og uppbygging til muna erfiðari en í nágrannalöndum okkar, þar sem fyrirgreiðsla er meiri á flestum sviðum. Tollar og aðflutningsgjöld eru lögð á ýmsar rekstrarvörur íslenskrar garðyrkju. Í ýmsum greinum er algengt að erlent verð rekstrarvara tvöfaldist eða meira þegar öll kurl koma til grafar, s. s. tollar, vörugjöld, söluskattur, **farmgjöld, bankakostnaður o. fl. Á þetta t. d. við liði eins og varnarlyf, plöntur,** græðlinga, lauka o. fl.

Mikið er rætt um möguleika á notkun raflýsingar til að ná betri ræktunarárangri í skammdegi. Eins og málum er nú háttað eru perur, straumfestur, lampar og flest, sem þarf til þessarar sérstöku lýsingar, í háum tollflokki, og lýsingartaxtar óhagstæðir, þannig að ekki er neinn kostur að nota plöntulýsingu, nema í alveg sérstökum tilfellum, s. s. við uppeldi ungplantna.

Möguleikar til menntunar í garðyrkju eru hér góðir. Garðyrkjuskólinn að Reykjum var stofnaður 1939, og hafa nemendur þaðan haft mikil áhrif á framvindu garðyrkjumála. Skólinn er fullskipaður ungu fólki og atvinnumöguleika virðist ekki skorta.

Ljóst er að neysla og notkun garðyrkjuafurða fer jafnt og þétt vaxandi hér á landi og markaðshorfur allgóðar. Þessi breyting er þó hægfara og er þróun á þessu sviði æskilegri en byltingarkenndar stækkanir.

Rekstrarleg staða íslenskrar garðyrkju er ekki sterk og hugmyndir um útflutning á erlenda markaði ekki raunhæfar eins og nú háttar, en kanna þarf til hlítar alla möguleika á því sviði. Síðasta hækkun olíuverðs gæti hafa breytt þeirri stöðu.

Gagnvart innflutningi er staða veik vegna þess hve markaður er þröngur og lítið má út af bera hvort er of eða van.

Alþekkt er sú tilhneiging innan sterkra markaðsheilda, svo sem EBE, að losna við umframframleiðslu af ýmsu tagi á stórlega niðurgreiddu verði.

Innflutningur til að brúa bil þegar innlenda framleiðslu þrýtur er hinsvegar sjálfsagður eins og áður var að vikið, en jafnframt nauðsynlegt að honum sé stjórnað og farið eftir þörfum hverju sinni.

Af framansögðu er ljóst, að ísl. garðyrkja hefur verulega vaxtarmöguleika á flestum sviðum. Framvinda mála hlýtur mjög að markast af því hvernig að henni er búið.

5. Rannsóknastarfsemi.

Undirstaðan undir hagræðingu, aukinni fjölbreytni og meiri vörugæðum í landbúnaði eru rannsóknir. Án öflugrar rannsókna- og leiðbeiningastarfsemi verður fljótt stöðnun í tæknilegum framförum og atvinnuvegurinn verður sífellt ósamkeppnisfærari. Þess vegna er framtíðarvelferð íslensks landbúnaðar mjög háð því að takast megi að halda uppi öflugu og skynsamlega mótuðu rannsókna- og leiðbeiningastarfi. Leggja verður áherslu á að sú undirstaða, sem hagnýtar rannsóknir skapa er jafnmikilvæg, hvort sem stefnt er að aukningu eða samdrætti í framleiðslumagni landbúnaðarvara.

Í íslenskum landbúnaðarrannsóknum verður að leggja höfuðáherslu á eftirfarandi:

a) finna leiðir til að lækka framleiðslukostnað í hefðbundnum landbúnaði,
b) auka gæði matvæla og annarra afurða, sem landbúnaðurinn framleiðir,
c) auka fjölbreytni í landbúnaðarframleiðslunni og finna ný viðfangsefni fyrir landbúnaðinn,
d) finna leiðir til að framleiða innlendan fóðurbæti sem komið gæti að mestu eða öllu leyti í stað innflutts fóðurs bæði fyrir jórturdýr, svín og alifugla,
e) auka öryggi heyskapar,
f) efla garðrækt og ylrækt bæði fyrir heimamarkað og vegna útflutnings,
g) finna hentugri tegundir og aðferðir við skógrækt bæði til skrauts, skjóls og viðarframleiðslu,
h) koma í veg fyrir gróður- og landeyðingu með rannsóknum á beitarþoli og finna öflugar aðferðir við uppgræðslu,
i) leita eftir búskaparháttum, sem samræmast náttúru landsins og vernda hana,
j) finna leiðir til að auka fiskgengd í ám og vötnum og tryggja hámarksnýtingu þessara auðlinda,
k) finna hvernig nýta megi betur ýmis hlunnindi,
l) leita að aðferðum til að létta bóndanum störfin,
m) hanna betri útihús og innréttingar til að draga úr byggingarkostnaði,
n) efla búvélarannsóknir til að tryggja hámarksnýtingu vélakosts,
o) taka upp rannsóknir á hagfræðilegum þáttum búskapar,
p) efla rannsóknir, sem leiða til uppskerumeiri túna og afurðameira búfjár.

Á undanförnum árum hefur megináhersla verið lögð á ýmis undirstöðuatriði jarðræktar, búfjárræktar og hagræðingar í landbúnaðarframleiðslu. Á síðustu árum hefur aukin áhersla verið lögð á rannsóknir á nýtingu beitilands.

Af því, sem að framan er talið þarf á næstu árum að leggja mesta áherslu á fóðurrannsóknir (fóðuröflun, verkun og fóðrun), afurða, og vinnslurannsóknir, rannsóknir í þágu hliðarbúgreina og hlunninda. Einnig rannsóknir til að létta bóndanum störfin og hanna betur útihús og innréttingar til að draga úr byggingarkostnaði landbúnaðarins.

Stefna þarf að því að skapa íslenskum landbúnaðarrannsóknum viðunandi starfsskilyrði og fá til starfa sérmenntað fólk á sviðum, sem nú eru vanrækt (t. d. garðrækt, svína- og alifuglarækt, hagfræði, tölvuúrvinnuslu gagna) og skipuleggja starf tilraunastöðvanna þannig að þær komi að sem mestum notum.

Hér skal vísað til langtímaáætlunar Rannsóknaráðs ríkisins um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

6. Leiðbeiningaþjónustan.

Hlutverk leiðbeiningaþjónustunnar (ráðunautaþjónustunnar) er m. a.:

1. Að vera tengiliður á milli bænda og rannsóknastarfseminnar í landinu; — leggja dóm á niðurstöður rannsókna, meta hagnýtt gildi þeirra og koma þeim á framfæri við bændur á þann hátt að þeir geti notfært sér þær til að ná betri árangri í búskapnum.
2. Að fylgjast með erlendis, kynna sér búnaðarnýjungar þar, meta gildi þeirra og kynna eftir því sem við á fyrir bændum.
3. Að leiðbeina í ræktun og fóðurverkun, á grundvelli þekkingar og reynslu, þar á meðal að túlka niðurstöður efnagreininga á jarðvegi og fóðri frá einstökum býlum.
4. Að leiðbeina um framkvæmdir á einstökum jörðum, bæði á frumstigi, við ákvarðanir hvað og hvenær skuli framkvæma svo og um hvernig skuli framkvæma.
5. Að leiðbeina um kynbætur búfjárins, leiða kynbótastarfið á félagslegum grund-

velli, dæma kynbótagripi og leiðbeina einstökum bændum um kynbótaaðferðir og val kynbótagripa.

6. Að leiðbeina bændum um búskapinn í heild og búskaparhætti á grundvelli búnaðarhagfræðilegra niðurstaðna úr búreikningum og öðrum könnunum.
7. Að fylgjast með og annast framkvæmd landbúnaðarlöggjafar svo sem Búfjárræktarlaga, Jarðræktarlaga, laga um forðagæslu, landgræðslulaga, laga um afréttarmálefni og fjallskil o. fl.

Búnaðarfélag Íslands var stofnað 1899 og sama ár kom Búnaðarþing fyrst saman. Búnaðarþing fer með æðstu stjórn Búnaðarfélags Íslands og kýs stjórn þess. Fyrstu ráðunautar Búnaðarfélags Íslands voru ráðnir upp úr aldamótunum og hafa þeir alla tíð starfað sem landsráðunautar. Framan af voru haldin búnaðarnámskeið víða um land oft á bændaskólunum og/eða í samvinnu við þá.

Ræktunarfélag Norðurlands var stofnað 1903, og starfaði framan af árum sem búnaðarsamband yfir Norðurland. Það starfrækti þá þegar tilraunastöð á Akureyri og smærri stöðvar víðar á starfssvæðinu, auk þess sem það hafði leiðbeiningastarfsemi og hélt búnaðarnámskeið. Nú starfar Ræktunarfélag Norðurlands sem samband búnaðarsambandanna á Norðurlandi.

Búnaðarsamböndin voru stofnuð á fyrstu áratugum aldarinnar og höfðu nokkur þeirra ráðunauta í þjónustu sinni, en föst skipan kemst ekki á ráðunautaþjónustuna fyrr en eftir síðari heimsstyrjöldina, en þá ráða búnaðarsamböndin sér ráðunauta eitt af öðru, þar til héraðsráðunautar eru komnir til starfa um landið allt, undir lok sjötta áratugs aldarinnar.

Búnaðarfélag Íslands hefur alla tíð haft yfirumsjón með leiðbeiningastarfseminni fyrir landbúnaðinn. Á þess vegum starfa nú landsráðunautar á eftirtöldum sviðum: Jarðrækt og fóðurverkun, garðrækt og ylrækt, verkfæranotkun og vatnsveitur, byggingum og bútækni, landnýtingu, nautgriparækt, sauðfjárrækt, hrossarækt og hrossaútflutningi, loðdýrarækt, æðarrækt, alifugla- og svínarækt (óráðið í starfið) og búnaðarhagfræði. Á sumum starfssviðum starfa tveir eða þrír ráðunautar, en öðrum er aðeins sinnt sem hlutastarfi. Auk þess eru sérhæfðir starfskraftar við útgáfustörf, tveir starfsmenn við tölvuþjónustu búfjárræktar og jarðræktar og starfsfólk Búreikningastofu landbúnaðarins að hluta sérhæft.

Fastráðnir ráðunautar hjá Búnaðarfélagi Íslands eru nú 15 og hefur þeim lítið fjölgað síðasta einn og hálfan áratuginn, enda hefur á þeim tíma mest áhersla verið lögð á að efla ráðunautastarfsemi búnaðarsambandanna. Ráðunautar og starfslið Búnaðarfélags Íslands starfa fyrir fé úr ríkissjóði.

Héraðsráðunautar starfa á vegum búnaðarsambandanna sem nú eru 15 á landinu. Þau hafa nú að jafnaði 35—40 ráðunauta í sinni þjónustu, en suma lausráðna og fá ekki að fullu launahluta ríkissjóðs greiddan þeirra vegna. Það mark hefur verið sett að einn ráðunautur skuli vera fyrir hverja 100 bændur, en það hefur ekki náðst og vantar samþykki fjárveitingavaldsins fyrir fastráðningu 4 héraðsráðunauta. Í nokkrum héruðum starfar aðeins einn ráðunautur sem þá sinnir öllum fagsviðum. Þar, sem fleiri ráðunautar eru, hafa þeir ýmist ákveðin starfssvæði innan sambandssvæðisins, eða þeir skipta með sér fagsviðum og starfa hver um sig að jarðræktar-, búfjárræktar- eða bútæknileiðbeiningum.

Héraðsráðunautum hafa auk hinna beinu leiðbeiningastarfa verið falin ýmis umboðs- og eftirlitsstörf, svo sem eftirlit með framkvæmd jarðræktar- og búfjárræktarlaga, störf í jarðanefndum, og umboðsstörf fyrir Stofnlánadeild landbúnaðarins í sambandi við umsagnir með lánsumsóknum. Fleiri hliðstæð störf vilja hlaðast á ráðunautana. Búnaðarsamböndin fá 65% af launum viðurkenndra héraðsráðunauta úr ríkissjóði.

Það hefur helst verið gagnrýnt í sambandi við skipulag leiðbeiningaþjónustunnar að ráðunautar væru um of uppteknir við önnur störf en beinar leiðbeiningar, og hefðu því of lítinn tíma til að sinna þeim. Og í annan stað, að í því fælist veikleiki að sömu menn leiðbeini bændum um framkvæmdir og skipuleggi þær og komi síðan

sem úttektarmenn sömu framkvæmda fyrir hönd ríkisvaldsins. Ekki hefur þó verið bent á að þetta kæmi að sök. Hins vegar er á það bent að ef breyta ætti til og hafa sérstaka úttektarmenn myndi það krefjast meiri mannafla og verða mikið dýrara í framkvæmd. Á sama hátt má benda á að bæði við leiðbeiningar og undirbúning framkvæmda og eins við úttekt gefst ráðunautum tækifæri til að fylgjast með öðrum þáttum búrekstrarins og leiðbeina í sambandi við það.

Heyrst hefur, að ekki væri ætíð nógu gott samband á milli þeirra sem vinna að rannsóknum eða annarri öflun þekkingar í landbúnaði, og þeirra sem einkum miðla henni til bænda. Þessu er þó til að svara að allt síðan upp úr 1950 hefur Búnaðarfélag Íslands staðið fyrir svonefndum ráðunautafundum sem með réttu hafa verið nefndir endurhæfingarnámskeið fagmanna landbúnaðarins. Þessir vikulöngu fundir voru í fyrstu annað hvert ár, en hafa nú á annan áratug verið haldnir árlega og þá á vegum Búnaðarfélags Íslands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í sameiningu. Fundina sækja allir ráðunautar sem tök eiga á hverju sinni, sérfræðingar og tilraunastjórar og bændaskólakennarar auk fleiri fagmanna eftir því sem efni standa til.

Enn hefur verið um það rætt að auka þurfi hinn hagfræðilega þátt leiðbeiningastarfseminnar og hefur Búnaðarfélag Íslands einkum lagt á það áherslu undanfarin ár.

Búreikningastofa landbúnaðarins vinnur mikilvægt grundvallarstarf á þessu sviði og hefur á undanförnum árum lagt traustan grunn, sem auknar hagfræðilegar leiðbeiningar byggjast á.

Hins vegar virðast niðurstöðurnar tæplega hafa átt nógu greiða leið til alls þorra bænda og er það einkum því að kenna að héraðsráðunautar, sem vegna anna við hinar hefðbundnu leiðbeiningar í jarðrækt og búfjárrækt og önnur störf virðast leiða þennan þátt um og of hjá sér.

Með þeim nýju viðhorfum sem skapast hafa í framleiðslumálum landbúnaðarins og breyttum markmiðum sem keppa verður að þegar draga verður úr framleiðslu mjólkur og kjöts, er eðlilegt að litið verði á það sérstaklega hvernig leiðbeiningaþjónustan getur brugðist við.

Benda má á að Búnaðarþing 1978 fjallaði sérstaklega um þetta efni og gerði um það svofellda ályktun:

„Búnaðarþing lítur svo á, að leiðbeiningaþjónustunni hafi á undanförnum árum og áratugum tekist vel að aðstoða bændur landsins við að ná mikilvægum áfanga að því markmiði landbúnaðarstefnunnar að auka og bæta framleiðslu landbúnaðarvara jafnframt því, sem reynt hefur verið að láta haldast í hendur bætta afkomu bændastéttarinnar og lækkandi framleiðslukostnað á búvörueiningu.

Nú hafa fyrirvaralítið skapast ný viðhorf í framleiðslumálum landbúnaðarins og því breytt markmið, sem keppa verður að. Aðaleinkenni þess er að draga verður nokkuð úr framleiðslumagni mjólkur og sauðfjárafurða, en auka má verulega sumar aukabúgreinar.

Leiðbeiningaþjónustan þarf því nú þegar að hefja nýja baráttu til þess, að landbúnaðurinn fari inn á þessa braut án þess, að bændastéttin verði fyrir fjárhagslegum skakkaföllum eða framleiðslukostnaður á búvörueiningu hækki.

Í því sambandi er rétt að minna á eftirfarandi atriði, sem nú verður að vinna að:

1. Fækka nokkuð kúm og kindum, og helst þar, sem bændur geta bætt sér tekjumissi á annan hátt.
2. Minnka aðföng til landbúnaðarins, eins og kostur er, án þess þó að hverfa frá stefnunni um góðar og miklar afurðir búfjárins.
3. Minnka fjármagnsnotkun landbúnaðarins, eins og fært er, með ódýrari og hagkvæmari byggingum og fullkomnari nýtingu og viðhaldi véla.
4. Halda áfram ræktunarstarfi bæði í jarðrækt og búfjárrækt, þ. e. bæta og auka afurðagetu búfjárins og bæta túnin, gróður þeirra og framræslu, en hægja á ný-

ræktarframkvæmdum í bili. Jafnframt þarf að bæta stórlega heyverkunina. Með þessum aðgerðum skapast grundvöllur að ódýrari og betri landbúnaðarframleiðslu.

5. Leita að nýjum framleiðslugreinum og fullnýta aukabúgreinar, þar sem markaður hefur ekki verið fullnýttur til þessa (garðyrkja, loðdýrarækt, fiskrækt, hlunnindabúskapur af ýmsu tagi).
6. Bæta hinn hagfræðilega þátt leiðbeiningarþjónustunnar með auknu búreikningahaldi ásamt kynningu niðurstaðna þeirra."

Auk þessa hefur all mikið verið rætt um að leiðbeiningaþjónustu þurfi að efla á sviði ýmissa hliðarbúgreina, svo sem í nýtngu hlunninda, í fiskrækt, loðdýrarækt o. fl. sliku. Einnig hefur vaknað áhugi á því að Búnaðarfélag Íslands gæti veitt beina aðstoð við að efla aðra þætti atvinnulífsins í sveitunum og nefnt hefur verið að það veitti leiðbeiningar við eflingu iðnaðar í sveitum.

Mikilvægt er að ráðunautaþjónustan geti einbeitt sér að því að finna ráð til þess að hagur bænda þurfi ekki að versna þó samdráttur verði í hinum hefðbundnu búgreinum. Til þess kunna að finnast ýmis ráð ef vel er að unnið.

Hér hefur verið bent á nokkur atriði sem lagfæra þarf í starfsemi leiðbeiningaþjónustunnar.

Til að þessum umbótum verði komið fram þarf skilning og velvilja fjárveitingavaldsins. Hér er ekki um að tefla stórar fjárhæðir, en von um mikinn árangur, ef vel tekst til um framkvæmdina. Árangur á þessu sviði er engu síður hagur neytenda og alls almennings í landinu en bændastéttarinnar.

7. Búnaðarmenntun.

Einn af undirstöðuþáttum landbúnaðar sem og annarra atvinnuvega er fræðsla og kennslumál þeirra, sem viðkomandi atvinnuveg stunda. Með vaxandi tæknivæðingu og sérhæfingu er í flestum atvinnustéttum lögð ríkari áhersla á faglega menntun. Í mörgum tilfellum er fagmenntun eitt þeirra skilyrða, sem þarf að uppfylla til þess að öðlast atvinnuréttindi í viðkomandi starfsgrein. Í landbúnaði er þessu nokkuð á annan veg farið. Almenn búnaðarmenntun veitir í fáum tilvikum nokkur starfsréttindi. Engar sérstakar kröfur eru gerðar um menntun þeirra, sem hefja búskap. Af starfandi bændum munu um 25—28% hafa verið á búnaðarskóla.

Af þeim, sem hefja búskap árlega eru vart yfir 30%, sem lokið hafa búfræðiprófi. Þó margir hafi starfað undir leiðsögn bænda áður en þeir hófu búskap, eru ýmsir, sem hefja búskap, nánast ókunnugir flestu, er lýtur að daglegum störfum bóndans.

Megin markmið búnaðarfræðslunnar má setja fram í nokkrum atriðum.

a. Að sem flestir þeirra, sem hefja búskap hafi hlotið nokkra hagnýta fræðslu um landbúnað, þannig að búfræðingar séu hæfir um að annast sjálfstæðan búrekstur og gegna ábygðarstöðum í þágu landbúnaðarins.
   Almennt búnaðarnám fari fram við bændaskóla, en auk þess komi til greina að skipuleggja hluta námsins við aðra framhaldsskóla, ef henta þykir.
   Til að ná þessu markmiði skal m. a. leggja áherslu á eftirfarandi atriði:
   — Búfræðinámið verði skipulagt í samræmi við annað framhaldsskólanám.
   — Bóklegum og verklegum námsþáttum þannig fyrir komið, að takmörkun á verkkunnáttu hindri ekki bóklegt nám.
   — Lögð áhersla á tengsl búnaðarnámsins við almennan búrekstur m. a. með verknámi hjá bændum og búrekstri og tilraunastarfsemi bændaskólanna.
   — Lögð sé áhersla á að kynna nýjungar og gera bændur þannig hæfari um að takast á við ný verkefni í landbúnaði.
   — Boðið sé upp á bréfaskólanám, sem komið geti til móts við nemendur, sem ekki geta sótt reglubundið búnaðarnám.

b. Að í auknum mæli verði stuðlað að endurmenntun þeirra sem við og fyrir landbúnað vinna.

Efling þessa þáttar búnaðarfræðslunnar felur m. a. í sér eftirfarandi:

— Námskeiðahald fyrir starfandi bændur, þar sem tekin eru til meðferðar sérstök verkefni og nýjungar í búskaparháttum eru kynntar. Í þessu námi þarf verktækni og verkkunnátta að vera ríkur þáttur.

— Námskeið fyrir starfsmenn landbúnaðarins, sem miða að ákveðinni sérhæfðri starfsmenntun. Hér má nefna námskeið fyrir sæðingamenn, úttektarmenn, afleysingamenn við búfjárhirðingu o. fl.

— Námskeið í sérhæfðum búgreinum s. s. loðdýrarækt, matjurtarækt, alifuglarækt o. fl.

— Efla útgáfu smárita og fjölrita af ýmsu tagi.

Verkefni þau, sem hér eru nefnd eru dæmigerð samvinnuverkefni búnaðarskóla, búnaðarsambanda, rannsóknarstarfseminnar og Búnaðarfélags Íslands.

c. Að þeir, sem vilja starfa við leiðbeiningar og rannsóknir í landbúnaði eigi kost á vísindalegri fræðslu í búfræði og undirstöðugreinum hennar innanlands. Innlent búvísindanám verði við það miðað að búfræðikandidatar geti tekið að sér leiðbeiningarstörf í landbúnaði og unnið að hagnýtum rannsóknarverkefnum í þágu hans.

Til að ná þessu markmiði ber að leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

— Búvísindanámið sé skipulagt sem alhliða undirstöðunám í búfræðigreinum.

— Námið verði tengt rannsókna- og tilraunastarfsemi landbúnaðarins. Þetta verði gert með eflingu þeirrar starfsemi við Bændaskólann á Hvanneyri og með nánum tengslum við aðra rannsóknastarfsemi í landinu.

— Nemendum gefist kostur á að kynnast leiðbeiningaþjónustu og vinnubrögðum hennar.

— Komið verði á námskeiðum fyrir leiðbeinendur og rannsóknarmenn. Þar verði nýrri þekkingu miðlað og kynntar nýjungar á hverju fagsviði.

Mennt er máttur, og virðing samtímans fyrir störfum er oft bundin við þær menntunarkröfur, sem gerðar eru til þeirra er í viðkomandi atvinnugrein starfa. Efling búnaðarmenntunarinnar er því brýnt verkefni, bæði hvað snertir afkomumöguleika bóndans og virðingu þjóðfélagsins fyrir störfum hans.

Búnaðarmenntunina og menntun bændastéttarinnar má m. a. efla á eftirfarandi hátt:

— Efla og auka þá starfsemi, sem fyrir er í landinu á sviði búnaðarmenntunar, og þar með skapa fleiri bændum og bændaefnum tækifæri til að afla sér búfræðimenntunar.

— Gera auknar kröfur til þeirra, sem í framtíðinni hefja búskap með því m. a., að búfræðimenntun eða sambærileg menntun sé eitt skilyrða til þess að hefja framleiðslu búvara og njóta fyrirgreiðslu hins opinbera.

— Koma á fót búnaðarskóla á Suðurlandi í einhverri mynd. Í framhaldi af því verði unnið að samræmdri verkefnaskiptingu skólanna.

— Koma á markvissu samstarfi milli þeirra, sem stunda kennslu, rannsóknir og leiðbeiningar, og stéttasamtaka bænda um skipulag og framkvæmd búnaðarfræðslunnar.

8. Félagsleg aðstaða og þjónusta.

Það sem e. t. v. ræður mestu um hvar fólk velur sér búsetu er sú félagslega aðstaða og þjónusta, sem í boði er á hverjum stað. Aðstaða þegnanna í þessu tilliti er ákaflega misjöfn, sem ekki er óeðlilegt í stóru og strjálbýlu landi. Óhætt er að fullyrða, að fáir munu ver settir í þessu sambandi en bændur almennt. Í þeim hópi eru þó búfjárbændur lakast settir sem í flestum tilfellum hafa hvorki aðstöðu til að njóta reglulegra frídaga eða fara í orlof. Dýrin þurfa sína umhirðu á hverju sem gengur.

Árið 1972 var á vegum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda samið frumvarp um orlof bænda. Hlaut það samþykki Búnaðarþings og aðalfundar Stéttarsambandsins. Hafa orlofsmálin síðan verið eitt helsta baráttumál bændastéttarinnar á þessu sviði.

Nú hefur landbúnaðarráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum. Er þar gert ráð fyrir að búvöruframleiðendur eigi kost á afleysingamanni í allt að 24 daga á ári, ef veikindi eða slys ber að höndum. Það verður að teljast sanngirnismál að enginn neyðist til að vinna sjúkur og baki sér e. t. v. með því varanlegt heilsutjón, auk þess sem það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir bjóðfélagið vegna smithættu.

Enda þótt tækist að koma á fót forfalla- og afleysingaþjónustu í veikinda- og slysatilfellum eru orlofsmál búvöruframleiðenda óleyst.

Ef vel tekst til um framkvæmd þeirrar afleysingaþjónustu, sem frumvarp landbúnaðarráðherra gerir ráð fyrir, má á næstu árum auka við þá starfsemi svo hún geti einnig náð til afleysinga við töku orlofs og reglulegra frídaga. Kostnað af þeirri þjónustu myndu bændur væntanlega sjálfir greiða, þar eð orlof, 8.33%, er reiknað á launalið í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara og er innifalið í búvöruverðinu til bóndans. Undirstaða þess að vel takist til um afleysingaþjónustu er að hæfir starfskraftar fáist.

Ófullnægjandi heilbrigðisþjónusta og erfiðar samgöngur er annar þáttur, sem mjög er brýnt að bætt verði úr. Einnig er símaþjónusta víða léleg, símstöðvar lokaðar megin hluta sólarhringsins.

Aðstaða til náms er enn einn þáttur þessa mismunar. Víða þurfa foreldrar að sjá af börnum sínum ungum að heiman til dvalar í heimavistarskóla. Á þetta jafnvel við um neðstu bekki skyldunámsins. Augljóst er hvaða erfiðleika það skapar.

Mörg fleiri atriði mætti nefna, s. s. hátt orkuverð, ófullkomnari verslunarþjónustu, slæm hlustunarskilyrði hljóðvarps og sjónvarps o. fl.

Þau atriði, sem hér hafa verið rakin, önnur en orlofsmálin, snerta að sjálfsögðu marga fleiri en búvöruframleiðendur, þar sem þau eiga einnig við um marga minni þéttbýlisstaði.

Hins vegar eru þau e. t. v. enn tilfinnanlegri fyrir fólk í sveitum þar sem bæði kemur til binding vegna umhirðu búfjárins og oft á tíðum einangrun og þar af leiðandi lítið félagslíf.

Á það skal bent, að margir telja, að starfi bóndans fylgi ýmsir kostir, sem íbúar í borgum og bæjum fari á mis við. Má þar m. a. benda á frjálsari vinnutíma, kosti þess að vera sjálfs síns húsbóndi, heilnæmt umhverfi o. fl. Þessar ábendingar eiga vissulega við mörg rök að styðjast, þótt þessir kostir sveitalífsins vegi tæpast upp á móti þeim annmörkum, sem að framan getur, ef margir fara saman.

Ef ekki verða verulegar umbætur á félagslegri stöðu bænda og skylduliðs þeirra á næstu árum, er hætt við, að ekki verði sú endurnýjun í stéttinni, sem nauðsynleg er. Dugmikið ungt fólk mun þá fremur velja sér önnur störf, sem betri aðstöðu bjóða, meðalaldur í stéttinni hækkar og mun það með tímanum leiða til lakari afkasta og minni framleiðni í landbúnaðinum.

9. Fjölgun atvinnutækifæra í sveitum.

Á undanförnum árum hefur stöðugt fjölgað því fólki í sveitum, sem hefur aðalatvinnu af öðru en búvöruframleiðslu. Hér er um að ræða fólk, sem stundar ýmiskonar þjónustustörf, embættismenn og iðnaðarmenn. Þetta fólk hefur þó flest nokkra búvöruframleiðslu sér til ánægju og búdrýginda, t. d. er talið að um 2.5% af ærgildaeign landsmanna sé í eigu slíkra manna.

Margir þessara manna hafa rúman frítíma og geta því veitt forstöðu ýmiskonar félagsstarfsemi og sinnt nauðsynlegum trúnaðarstörfum fyrir sveit sína. Margir þeirra hafa allgóðar tekjur og leggja því drjúgan skerf til þarfa sveitarfélagsins.

Þetta er mjög æskileg þróun og hefur orðið til að styrkja byggðina.

Samdrætti í nautgripa- og sauðfjárframleiðslunni verður að mæta með einhverjum hætti. Hér að framan er fjallað um leiðir til að gera búvöruframleiðsluna fjölbreyttari. Aukinni fjölbreytni í framleiðslunni fylgja jafnframt ný atvinnutækifæri. Ólíklegt er þó að nýjar búgreinar geti veitt öllum þeim atvinnu, sem að öðrum kosti hefðu lagt stund á hinar hefðbundnu búgreinar.

Auk þess er það staðreynd að í sveitum ríkir það, sem kalla mætti dulið atvinnuleysi. Margt ungt fólk í sveitum hefur ekki nægileg verkefni en vill þó ekki yfirgefa sveitirnar í von um að úr rætist. Einnig gætu margar húsmæður í sveitum unnið að heiman hluta úr degi, ef færi byðist.

Fjölgun atvinnutækifæra í sveitum er eitt brýnasta hagsmunamál þeirra, sem í sveitum búa og ein af forsendum þess að unnt sé að koma í veg fyrir fólksfækkun í sveitunum og byggðaröskun sem af því leiðir.

Fjölga þarf atvinnutækifærum í þéttbýlisstöðum í sveitum. Þjónusta og félagsstarfsemi í sveitum mun á næstu áratugum safnast saman í litla þéttbýlisstaði, þar sem stórir þéttbýlisstaðir eru ekki innan seilingar. Bændur geta ekki sótt viðgerðaþjónustu um langan veg og ýmiskonar verslunarþjónusta mun einnig leita til slíkra þéttbýlisstaða. Þar þyrfti einnig að koma upp iðnaði og úrvinnslu ýmiskonar úr landbúnaðarvörum, s. s. ull og skinnum. Slíkum iðnaði hefur þegar verið komið upp í sveitum á nokkrum stöðum á landinu og gefst það vel. Þessa vinnu má þó ekki færa inn á sveitaheimilin því það yrði eyðilegging á búrekstrinum.

Sérstaka áherslu þarf að leggja á það, að ungt fólk, sem lokið hefur námi, eigi afturkvæmt til átthaganna og geti fundið starf við sitt hæfi.

Með tilkomu forfalla- og afleysingaþjónustunnar skapast atvinnutækifæri, sem henta mjög vel ungu fólki, sem lokið hefur búnaðarnámi, en hefur ekki að föstu starfi að hverfa. Reynslan hjá nágrannaþjóðum okkar sýnir þó, að fáir vinna lengi í þessari starfsgrein, eða 4—5 ár, en hverfa að því búnu flestir í önnur störf, eða hefja búrekstur sjálfir.

Þá má enn nefna störf við ýmiskonar þjónustu sem nauðsynleg er í sveitum s. s. véruflutningar, fólksflutningar og flutningur á efni vegna ýmissa framkvæmda s. s. vegagerðar.

10. Markaðsstarfsemi.

Þörfin á sölustarfsemi fyrir búvörur fer sívaxandi í nægtaþjóðfélaginu. Vörur „selja sig ekki sjálfar“ í sama mæli og áður því nú er úrval fjölbreyttara, þar á meðal úrval innfluttra vara sem keppa beinlínis við innlendar búvörur um markaðinn.

Landbúnaðinum er því mikil nauðsyn að leggja ríka áherslu á að nota nútímaaðferðir við sölu framleiðslu sinnar, til að nýta markaðsmöguleikana og halda hlut sínum sem best. Því þarf á næstunni að vinna skipulega að eftirfarandi atriðum á sviði markaðsmála á innlenda markaðnum:

1. Neytendakönnunum.
2. Vöruþróun.
3. Sölustarfsemi.

Neytendakannanir eru nauðsynlegar til að afla vitneskju um neysluvenjur, kanna óskir og viðhorf neytenda um matvörur og til að fylgjast með þróun neyslu. Með því að gera ýtarlegar athuganir á þessu sviði er hægt að fá mikilsverðar upplýsingar um breytingar á eftirspurn eftir einstökum vörum og unnt að hefja undirbúning að framleiðslu nýrra vörutegunda í stað þeirra gömlu í tæka tíð.

Vöruþróun í samræmi við niðurstöður neyslukannana stuðlar að aukinni sölu búvaranna. Vöruþróun verður að taka mið af hollustusjónarmiðum. Þarf því samvinnu milli framleiðenda og þeirra sem vinna að matvæla- og neytendarannsókn-

um. Neytendakannanir gefa vísbendingar um í hvaða formi skuli bjóða vöruna, hvernig umbúðir örvi sölu hennar o. s. frv. Gera má ráð fyrir að þróun næstu ár verði í átt til aukinnar eftirspurnar eftir „tilbúnum“ mat og unnum vörum eins og kjötvörum og mjólkurréttum. Er því mikilvægt að huga að framleiðslu unnina vara þar sem kindakjöt er uppistaðan. Að sjálfsögðu ber að leggja höfuðáherslu á neyslu þeirra búvara sem þjóðhagslega eru hagstæðastar í framleiðslu og æskilegastar frá almennu manneldissjónarmiði.

Sölustarfsemi. Þótt margt hafi verið vel unnið er sölustarfsemi fyrir búvörur tæpast nægilega markviss og heildarskipulag vantar. Sumar vörur eru lítið sem ekkert kynntar, aðrar aftur á móti töluvert, á ýmsan hátt eins og t. d. mjólkurvörur og ýmsar unnar kjötvörur. Þar hefur vöruþróun verið til fyrirmyndar og sölufélögin og samtök bænda varið talsverðu fé til kynningar og auglýsinga. Mikil nauðsyn er að móta heildarstefnu í þessu efni. Á það ekki aðeins við um beina sölustarfsemi heldur óbeina, sem miðar að því að kynna landbúnaðinn sem atvinnuveg og þýðingu hans í þjóðfélaginu. Gera þarf ráð fyrir að verja framvegis verulegum fjárhæðum til sölu- og kynningarstarfsemi. Þar sem fjármagn er af skornum skammti er nauðsyn að nýta það sem best og því þarf sölustarfsemin að vera mjög vel skipulögð og undir heildarstjórn, sem mótar stefnuna í sölumálunum.

Markaðsstarfsemi fyrir íslenskar búvörur erlendis fer eftir því hvort verið er að selja umframframleiðslu eða hvort stefnt er að framleiðslu með útflutning í huga. Í fyrra tilfellinu hefur ekki mikla þýðingu að leggja fjármuni í auglýsingar og kynningu erlendis, því óvisst er um hvort hægt sé að bjóða vöruna stöðugt á markaðnum. Sé hins vegar um útflutning að ræða sem vissa er fyrir að verði varanlegur um allmörg ár, er ljóst að kosta þarf til fjármunum til að kynna vöruna og gera hana eftirsótta. Við höfum mjög lítið magn að bjóða miðað við stórþjóðirnar. Það er því nauðsynlegt að leggja áherslu á afmörkuð og viðráðanleg markaðssvæði. Vegna takmarkaðs framboðs og mikils framleiðslukostnaðar hér þarf að leggja megin áherslu á að fá sem hæst verð fyrir vöruna og þarf söluviðleitnin að beinast í þá átt. Eins og nú er háttað, er lítt fýsilegt að framleiða búvörur til útflutnings. Veldur því, eins og áður er fram komið, óhagstæð verðlagsþróun innanlands og það að milliríkjaviðskipti með búvörur eru yfirleitt mjög erfið um þessar mundir. Þó verður að vinna ötullega að því að fá sem hæst verð fyrir þær búvörur sem nauðsynlegt er að flytja úr landi.

11. Efling innlendrar fóðurframleiðslu.

Í kafla III kemur fram að um 24% af fóðurþörf búpenings landsmanna á innifóðrun er innflutt kjarnfóður.

Möguleikar eru taldir á því að framleiða megnið af þessu fóðri innanlands og auka gæði heyfóðurs svo að stórlega megi draga úr þörfinni fyrir kjarnfóður.

Þetta hlýtur að verða eitt höfuð verkefni næstu ára á sviði rannsókna og tilraunastarfsemi og hagræðingar.

Hér að framan er í 5. lið rætt um helstu verkefni á sviði rannsóknarstarfsemi og lögð áhersla á að finna leiðir til að framleiða fóðurbæti sem komið gæti að mestu eða öllu leyti í stað innflutts fóðurs bæði fyrir jórturdýr, svín og alifugla.

Mikilvægasti þátturinn til að draga úr þörf fyrir kjarnfóður er bætt heyverkun.

Það eru margir áhrifaþættir sem ráða því hvernig heyöflunin gengur og bóndinn fær ekki stjórnað eins og t. d. veðurfar og verð á rekstrarvörum.

Ýmislegt má gera til að draga úr áhrifum veðurfars og auka öryggi heyverkunar. Súgþurrkun gerir kleyft í fyrsta lagi að stytta þurrkunina á velli og í öðru lagi tryggja verkun heys í hlöðu.

Þetta á að sjálfsögðu aðeins við um „alvöru“ súgþurrkun, þ. e. a. s. nægilega stórt kerfi og blásara. Súgþurrkun kemst varla í viðunandi horf nema til komi þriggja fasa rafmagn, sem er forsenda stærri rafmótara.

Nægur og vel við haldinn tækjakostur er önnur höfuðnauðsyn þess að heyskapur gangi vel. Bilun tækja yfir heyskapartímann getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar á gæði þeirra heyja, sem aflast.

Votheysverkun hefur átt erfitt uppdráttar í sumum landshlutum. Annarsstaðar er vothey megin uppistaða heyfóðursins og eykur það mjög öryggi fóðuröflunarinnar.

Nauðsynlegt er að hvetja bændur til aukinnar votheysverkunar og stuðla að umbótum á tæknibúnaði í sambandi við fóðrun á votheyi.


Á næstu árum þarf að gera stórátak í því að efla innlendan fóðuriðnað. Rannsóknir sýna að graskögglar eru að fóðurgildi fyllilega sambærilegir við annað kjarnfóður, og er talið að innlendir grasköggglar geti að mestu leyti komið í stað innflutts fóðurbætis sem fer til fóðrunar á nautgripum, sauðfé og hrossum.

Viðauki:

Bráðabirgðaáætlun um þörf útflutningsbóta árin 1980—1984 m.v. takmörkun mjólkurframleiðslu með kjarnfóðurgjaldi þannig að hún verði 5—6% umfram neyslu innanlands í lok áætlunartímabilsins og samdrátt í framleiðslu kindakjöts um 15%.

Forsendur áætlunarinnar eru:

1. Söluverð mjólkur verði hliðstætt grundvallarverði til bænda.
2. Söluverð kindakjöts hið lægsta (1—½ skrokkar, óbrytjaðir) er hliðstætt grundvallarverði til bænda.
3. Niðurgreiðslur á smjöri verði 55% af kostnaðarverði.
4. Niðurgreiðslur á rjóma og ostum verði 10% af kostnaðarverði.
5. Reiknað er með verðhlutfalli kjarnfóður/mjólk jöfnu 0.9, sem náð yrði með álagningu kjarnfóðurgjalds, sem lækkar útflutningsbótaþörfina um 1 200—1 300 millj. króna árlega frá því sem yrði við núverandi verðhlutfall.
6. Reiknað er með að kjarnfóðurgjaldið dragi úr framleiðslu sauðfjárafurða árið 1980 og síðar.
7. Spáð er neyslu búvara út frá fyrrnefndum verðlagsforsendum og reynslu um áhrif þeirra árin 1960—1978.
8. Reiknað er með að útflutningsverð skili um 35% af verði mjólkurafurða og 45% af verði kindakjöts.
9. Óvissa er í vaxtakostnaði við geymslu kindakjötsins, sem ekki er tekinn með í dæmið.
10. Miðað er við verðlag búvöru í mars, 1979.



Sþ. **519. Tillaga til þingsályktunar** [255. mál]

um auknar framkvæmdir í uppbyggingu símakerfisins.

Flm.: Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta skoða áætlanir um uppbyggingu og endurbætur símakerfisins. Endurskoðunin skal miða að eftirtöldum markmiðum:

1. Gerð verði 5 ára áætlun um uppbyggingu sjálfvirkra síma í sveitum landsins.
2. Á árinu 1980 verði gert átak í stækkun sjálfvirkra símstöðva þannig að hægt sé að afgreiða nýja síma til notenda, án þess að afgreiðslufrestur sé óhæfilega langur.
3. Hraðað verði uppbyggingu örbylgjusambanda milli landshluta.
4. Stefnt skal að því að jafna símgjöld milli svæða og gjaldflokkar endurskoðaðir með það í huga.

Endurskoðun þessi ásamt kostnaðaráætlunum og áætlun um fjármögnun framkvæmda liggi fyrir fyrir næstu fjárlagagerð.

Greinargerð.

Það er kunnara en svo að mörg orði þurfi að hafa um, hvert tæki síminn er til hagræðis í daglegu lífi landsmanna, auk þess öryggis sem hann veitir.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í þessum málum á umliðnum áratugum, en aukin notkun og tækniframfarir í þessari grein kalla á enn meiri framkvæmdir á þessu sviði.

Tillögugerðin beinist einkum að tveimur þáttum, þeim að gera notkun símakerfisins þægilegri og hraðvirkari og þeim að allir sitji við sama borð og njóti símans á sama hátt. Skal nú vikið að þeim markmiðum sem sett eru fram í tillögunni.

Öllum má vera ljóst að sveitir landsins njóta ekki lágmarksþjónustu hvað varðar símann og skortir mjög á að hann sé það öryggistæki sem vera skyldi í sveitunum eða notkun hans á nokkurn hátt sambærileg við það sem gerist hjá notendum sem njóta sjálfvirkra stöðva. Enn eru reknar símstöðvar í dreifbýli sem þjóna ekki notendum sínum nema fjóra tíma á dag, og má öllum ljóst vera hversu miklir annmarkar eru þar á. Tillagan miðar að því að skrefið sé stigið til fulls í sveitunum og sveitafólk sitji við sama borð og fólk í þéttbýli hvað varðar notkun símans.

Mjög mikið vantar á að hægt sé að fullnægja eftirspurn eftir nýjum símum, vegna þess hvað margar sjálfvirkar stöðvar eru fullnýttar. Sem dæmi má nefna að á svæði 97, eða á Austurlandi, eru nú 10 stöðvar þar sem brýn þörf er á stækkun skv. skýrslu Póst- og símamálastofnunarinnar, sem gefin var út í desember 1978. Í mörgum tilfellum er löng bið eftir því að úr rætist. Þetta ástand er óeðlilegt og rýrir auk þess tekjumöguleika Póst- og símamálastofnunarinnar.

Þó að nokkrar úrbætur hafi verið gerðar hvað varðar gjaldtöku fyrir langlínusamtöl í febrúar s. l., þegar fimmti gjaldflokkur var felldur niður, er þó enn langt í land að viðunandi jöfnuður náist. Flutningsmaður telur óviðunandi ástand, svo dæmi sé tekið, að fólki á landsbyggðinni sé gert að greiða margfalt verð á við fólk hér á höfuðborgarsvæðinu fyrir það að hafa símasamband við stofnanir sem eiga að þjóna landinu öllu. Þessi aðstöðumunur bætist við þann sem fyrir hendi er vegna fjarlægðar. Þessum jöfnuði má ná m. a. með því að tímamæla símtöl innan svæða og nota þær tekjur, sem þannig fást, til jöfnunar.

Sá kostnaður, sem langlínusamtölum fylgir, er notendum, sem þurfa að hafa samband við höfuðborgarsvæðið, mjög þungur í skauti. Í greinargerð starfshóps landshlutasamtaka um símamál, sem út kom í október 1978, kemur fram að umframgjald á fyrirtækjasíma í notkun er frá 53 390 kr. í Breiðholti, þar sem það er lægst, upp í 355 013 kr. á Austurlandi, þar sem kostnaður er mestur. Samsvarandi kostnaður á einkasíma er 20 323 kr. móti 100 138 kr. á Vestfjörðum.

Hins vegar er ein forsenda fyrir þessum umbótum sú, að örbylgjusamböndum verði komið upp um land allt, þannig að línum fjölgi og símakerfið þoli aukið álag.

Ed. 520. Frumvarp til laga [125. mál]

um breyting á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd., 4. apríl.)

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, sem orðist svo:

Nú verður búvöruframleiðsla meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fást erlendir markaðir sem viðunandi teljast fyrir það sem umfram er að mati Framleiðsluráðs og landbúnaðarráðuneytisins, og eru þá Framleiðsluráði, að fengnu samþykki fulltrúafundar Stéttarsambands bænda og staðfestingu landbúnaðarráðherra, heimilar eftirfarandi tímabundnar ráðstafanir:

a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Í því sambandi er m. a. heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er.

Að greiða með samþykki ríkisstjórnarinnar hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn allt að ákveðnu marki, en síðan stiglækkandi eftir því sem framleiðslan vex þar fyrir ofan. Heimilt er að ákveða rétt frumbýlinga í samræmi við bústofn þeirra.

Að innheimta framleiðslugjald til verðjöfnunar, sem má vera mishátt eftir bústærð ef ástæða þykir til.

Réttur þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvöruframleiðslu eða hætta búskap, skal tryggður með ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er að nota samtímis ofangreindar heimildir.

Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjárhæð af andvirði innlagðrar búvöru, sem Framleiðsluráð ákveður hverju sinni vegna framkvæmdar ofangreindra heimilda, og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs. Framleiðsluráð ákveður gjalddaga vegna þessara heimilda.

b) Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjaldið má vera allt að 100% á innkaupsverð vörunnar. Framleiðendur búvöru á lögbýlum og aðrir, sem hafa meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu, skulu án þess að greiða gjaldið fá tiltekið magn kjarnfóðurs miðað við framtalið magn afurða og bústofn á skattframtali, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp í því formi, sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi, eftir sérstakri kröfu Framleiðsluráðs. Ákvarðanir, sem varða

gjaldtöku af kjarnfóðri, skulu teknar af fulltrúafundi Stéttarsambands bænda og vera háðar samþykki landbúnaðarráðherra.

Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri innheimta gjaldið við innflutning.

Sé ákvörðun tekin um að fella niður kjarnfóðursgjald, sem lagt hefur verið á samkvæmt framangreindri heimild, skal endurgreiða það, sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar niðurfelling er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

Innlendir aðilar, sem framleiða fóðurmjöl, skulu senda Framleiðsluráði ársfjórðungslega skrá yfir alla sölu á þeirri framleiðslu innanlands. Skal tilgreina hverjir kaupendur eru, heildarmagn til hvers aðila og einingarverð.

c) Gæsla og ráðstöfun þess fjár, sem innheimtast kann samkvæmt heimildum þessarar greinar, skal vera í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Meðal annars er heimilt að verja því til að greiða verðbætur til þeirra, sem minnka búvöruframleiðslu sína í því skyni að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, enda náist samkomulag um að ríkissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa fjárhæð, svo og til að jafna halla, er verða kann á útflutningi, milli söluaðila.

Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á búvöruverði að svo miklu leyti sem fjármagninu er varið til að jafna söluverð búvara milli framleiðenda.

Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir nefnd fimm manna til úrskurðar. Nefndina skipa tveir fulltrúar Stéttarsambands bænda, tveir fulltrúar Búnaðarfélags Íslands og formaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd heimilda er felast í þessari grein, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins og fulltrúafundar Stéttarsambands bænda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til þess tíma, er tekist hefur að afla nauðsynlegra gagna, er heimilt að gjald skv. b-lið verði lagt á allt kjarnfóður, en endurgreiðist síðan eftir ákvæðum b-liðar.

Ed. 521. Frumvarp til laga [218. mál]

um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 438 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:

Fullveldisréttur Íslands yfir landgrunninu tekur til rannsóknar og hagnýtingar á ólífrænum auðlindum, sem þar eru, svo og á lífverum, sem á nýtingarstigi eru annaðhvort hreyfingarlausar á hafsbotni eða í honum eða geta ekki hreyft sig án snertingar við hafsbotninn.

Stjórnvöld setja reglur um rannsóknir og hagnýtingu auðlinda landgrunnsins.

Nd. **522. Frumvarp til laga** [256. mál]

um fiskiverndarsjóð.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Sverrir Hermannson, Páll Pétursson, Árni Gunnarsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Fiskiverndarsjóður og starfrækja skal um tiltekinn tíma skv. ákvæði 7. gr. Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn, eins og segir í lögum þessum, en er í vörslu fjármálaráðuneytisins, þó með aðskildum fjárhag og bókhaldi. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk Fiskiverndarsjóðs er:

1. Að greiða fyrir veiðum á vannýttum fiskistofnum, m. a. með því að borga tímabundnar verðuppbætur á slíkan fisk þegar aflatakmarkanir eru á ofnýttum fiskistofnum og með öðrum hætti, sem ákveðið kann að vera.
2. Að aðstoða við breytingar og endurbætur á vinnsluaðferðum og tækjabúnaði fiskvinnslufyrirtækja, sem fyrirvaralítið þurfa að breyta um vinnsluaðferðir eða tæknbúnað eða tileinka sér úrvinnslu á öðru hráefni en byggt hefur verið á sökum veiðitakmarkana á ofnýttum fiskistofnum.
3. Að aðstoða þá aðila, sem verða fyrir verulegum búsifjum af völdum veiðitakmarkana og annarra fyrirmæla stjórnvalda um fiskveiðistefnu.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Fiskiverndarsjóðsgjald, sem er almennur viðbótalaunaskattur, sem leggja skal á launagreiðendur og er að fjárhæð 0.3% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutækjum, samkv. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 14 15. mars 1965 með síðari tíma breytingum.
2. Gjald, sem nema skal 0.3% af geiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum og launagreiðandi skal halda eftir við greiðslu launa og annarra atvinnutekna og gera skil á til ríkissjóðs samkvæmt nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.
3. Framlög úr ríkissjóði eins og þau kunna að vera ákveðin í fjárlögum hvers árs.
4. Tekjur af eigin fé sjóðsins.

4. gr.

Fiskiverndarsjóður heyrir undir sjávarútvegsráðherra. Stjórn sjóðsins skal vera í höndum 7 manna, sem ráðherra skipar eins og hér segir:

Einn fulltrúa skv. tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn fulltrúa skv. sameiginlegri tilnefningu Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, einn fulltrúa skv. tilnefningu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sjávarafurðadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga sameiginlega, einn fulltrúa skv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn fulltrúa skv. tilnefningu stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands, einn fulltrúa skv. tilnefningu Byggðasjóðs og einn fulltrúa, sem ráðherra skipar án tilnefningar, og skal hann jafnframt vera formaður sjóðsins.

5. gr.

Fiskiverndarsjóður er undanþeginn opinberum sköttum og gjöldum hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl varðandi lán, sem sjóðurinn tekur, skulu undanþegin stimpilgjöldum.

6. gr.
Sjávarútvegsráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um störf sjóðsins.

7. gr.
Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1979 og gilda til 31. maí 1983.

Greinargerð.

Ljóst er að þau sjónarmið njóta nú almennrar viðurkenningar, að á undanförnum árum höfum við Íslendingar ofnýtt nokkra af þýðingarmestu fiskistofnunum við Ísland. Landsmenn eru almennt sammála um, að viðvaranir fiskifræðinga beri að taka alvarlega, og í beinu framhaldi af því, að stjórnvöldum beri skylda til þess að marka ákveðna og afdráttarlausa fiskveiðistefnu þar sem veiðum er með skipulegum hætti beint úr ofnýttum fiskistofnum í vannýtta fiskistofna. Slíkum ráðstöfunum fylgja óhjákvæmilega aflatakmarkanir af einu eða öðru tagi, sem hljóta að skerða hag einhverra þeirra, sem fiskveiðar og fiskvinnslu stunda.

Þær aflatakmarkanir, sem óhjákvæmilegt er að settar verði vegna þeirrar fiskveiðistefnu, sem menn almennt eru sammála um, ná m. a. til veiða á þeim fiskistofni, sem verið hefur og er enn einna mikilvægastur í fiskveiðum og fiskvinnslu á Íslandi. Hér er að sjálfsögðu átt við þorskinn, sem verið hefur aðaluppistaðan í fiskafla landsmanna og sum veiðiskip og byggðarlög nær einhæfa sig í að veiða og vinna. Jafnframt því sem takmarka þarf á næstu árum veiðar á þorski, þarf að beina þorskveiðiskipum í auknum mæli í veiðar á öðrum fiskistofnum, sem taldir eru vannýttir, svo sem til veiða á ufsa, karfa, grálúðu, ýsu og öðrum slíkum vannýttum fiskistofnum að áliti fiskifræðinga. Vandinn er hins vegar sá, að í fyrsta lagi eru þessar fisktegundir verðminni en þorskurinn er. Í öðru lagi þarf oft að sækja þær um mun lengri veg. Í þriðja lagi háttar svo til á sumum stöðum, að fiskvinnslan í landi er svo til einvörðungu sniðin við vinnslu á þorski. Þar er ekki tæknibúnaður fyrir hendi til þess að vinna aðrar fisktegundir. Það er því ljóst, að fiskveiðistefnan — takmörkun þorskveiðanna — hlýtur að hafa í för með sér allumtalsvert tekjutjón fyrir einstaklinga, félög og jafnvel heil byggðarlög, — umtalsvert tjón, sem illmögulegt er að bæta. Ef ekkert er að gert, getur slíkt tekjutap t. d. numið allt frá 20% upp í 35% tekjurýrnun mili ára. Auk þess getur svo farið, þar sem atvinnulíf er einhæft, að takmarkanir á þorskveiðum valdi slíkri röskun á atvinnuháttum, að atvinnuöryggi verði í hættu og jafnvel að til atvinnuleysis komi. Þessar staðreyndir skyldu menn hafa í huga. Þeir fjölmörgu, sem uppi hafa haft miklar brýningar um, að mjög harkalegum aflatakmörkunum verði beitt, skyldu gera sér það ljóst, að með því eru þeir að krefjast þess, að lítill hluti landsmanna taki á sig tekjuskerðingu, sem numið getur um eða yfir helmingi af ráðstöfunartekjum sem eftir standa þegar skattgreiðslur sökum tekna fyrra árs hafa verið dregnar frá. Það er auðvelt að vera ábyrgur og krefjast aðhalds og niðurskurðar, þegar aðrir eru látnir borga brúsann, en eitthvað verða menn nú tvísaga í ábyrgðarkenndinni, þegar menn í öðru orðinu krefjast þess, að nokkrir sjómenn skerði tekjur sínar um allt að 35% og hópur verkafólks horfist í augu við atvinnuleysi og tekjurýrnun sökum niðurskurðar á þorskveiðum, en í hinu orðinu hafna því sem algerlega fráleitum hlut að una við óbreyttan kaupmátt sjálfir svo takast megi að minnka verðbólgu í landinu og koma á jafnvægi í efnahagsmálum.

Í þeim miklu umræðum, sem fram hafa farið um fiskveiðistefnuna og afleiðingar hennar, hafa flestir ábyrgir aðilar bent á að aðgerðir þurfi til að vernda og viðhalda náttúruauðlind, sem öll þjóðin á og öll þjóðin nýtur góðs af. Þær afleiðingar, sem af slíkum aðgerðum hljótist, eigi því þjóðarheildin að bera, enda eru það stjórnvöld, sem aðgerðirnar fyrirskipa. Það eru stjórnvöld, sem mæla fyrir um, að atvinnumöguleikar ákveðins hóps þjóðfélagsþegnanna verði stórlega skertir og

tekjur þeirra lækkaðar í þeim tilgangi að varðveita auðlind, sem þjóðarheildin nýtur góðs af. Því ber þeim stjórnvöldum, sem þetta gera, jafnframt skylda til þess að sjá svo um, að þjóðarheildin axli þær byrðar sem þannig skapast, en íbúar fáeinna byggðarlaga verði ekki látnir borga allan brúsann. Þetta sjónarmið er ekki aðeins réttlátt, heldur algerlega óhjákvæmilegt að hafa í huga.

Nú hafa stjórnvöld gefið út reglugerð um stefnu í fiskveiðimálum í þeim anda, sem um hefur verið rætt. Þær aðgerðir einar sér koma misjafnt niður og m. a. þannig, að hópar fólks, nokkur fyrirtæki og sum byggðarlög verða fyrir mjög alvarlegum tekjumissi og einkar umtalsverðri röskun á atvinnulífi. Í kjölfar slíkra aðgerða hljóta óhjákvæmilega að koma ráðstafanir til þess að dreifa afleiðingum slíkra stjórnvaldsathafna réttlátlega niður og eru slíkar ráðstafanir nú í undirbúningi og til skoðunar.

Með frumvarpi því, sem hér er flutt, er gerð tilraun til að benda á eina ákveðna leið í þeim efnum, sem í senn gæti orðið til þess að auðvelda framkvæmd skynsamlegrar fiskveiðistefnu og að dreifa byrðum af henni sem jafnast á landsmenn alla. Sú byrði, sem er nær óbærileg sé hún lögð á fáar herðar, verður bæði lítil og létt, þegar henni hefur verið deilt á margra bök eins og hugmynd er með frumvarpi því, sem hér er flutt. Með þeim aðgerðum, sem það gerir ráð fyrir, er t. d. að því stefnt, að landsmenn allir leggi fram sinn litla skerf til fiskverndunarmálanna í því skyni að verja, varðveita og byggja upp mikilvægustu auðlind landsmanna og verji til þess fé, sem vera mun talsvert minna en allflestir nota á ári til þess að spila fyrir í happdrættum, svo að lítið dæmi sé tekið. Það „happdrætti", sem hér um ræðir, er hins vegar ólíkt öllum öðrum happdrættum að því leytinu til, að þar er vinningshlutfallið yfir 100%, allir fá vinning og allra vinningur er sá stóri, því þegar fram líða stundir verður beinn fjárhagslegur ávinningur hvers og eins meiri en nam því fé, sem fram var lagt.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnaður verði sjóður, er nefnist Fiskiverndarsjóður, og að hann verði starfræktur um tiltekinn tíma eða þar til talið er að ströngustu aðhaldsaðgerðum í fiskveiðimálum verði lokið. Ráð er fyrir því gert, að hlutverk Fiskiverndarsjóðs verði þríþætt: Í fyrsta lagi að greiða fyrir veiðum á vannýttum fiskistofnum og auðvelda með þeim hætti að snúa fiskiveiðum í auknum mæli frá ofnýttum stofnum yfir í vannýtta stofna, án þess að umtalsvert fjárhagstjón hljótist af. Í öðru lagi, að sjóðurinn veiti aðstoð við að framkvæma breytingar og endurbætur á vinnsluaðferðum og tækjabúnaði fiskvinnslufyrirtækja í landi, sem miðað hafa alla vinnslu sína t. d. við vinnslu á þorski eða öðrum fisktegundum, sem taldar eru ofnýttar og þurfa að tileinka sér nýjar vinnsluaðferðir og nýtt hráefni. Sem dæmi má nefna, að líklegt er að aflatakmörkunum á þorski muni fylgja þörf á talsverðum breytingum á tæknibúnaði fiskimjölsverksmiðja, sem ekki hafa tæki til að vinna úr feitbeinum, og ýmis af mikilvægustu og nýtískulegustu frystihúsum landsins hafa miðað alla uppbyggingu sína við vinnslu á þorski, þannig að nú, þegar líkur eru á að þau þurfi að snúa yfir í vinnslu á öðrum fiski, þá eru þau til þess mjög tæknilega vanbúin.

Í þriðja lagi er svo gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að Fiskiverndarsjóðurinn geti aðstoðað þá aðila, sem sannarlega verða fyrir verulegum búsifjum af völdum veiðitakmarkana og annarra fyrirmæla stjórnvalda um fiskveiðistefnu og ekki er hægt að koma til móts við með öðrum hætti.

Í 3. grein frumvarpsins eru ákvæði um hverjar skuli vera tekjur sjóðsins. Þar er lagt til, að sjóðnum verði fenginn sérstakur tekjustofn, sem er þess eðlis, að með honum er beinlínis verið að leggja byrðar, að vísu lágar, á einstaklinga og fyrirtæki í landinu. Hér er um að ræða annars vegar viðbótarlaunaskatt, sem lagt er til að launagreiðendur greiði og nema á 0.3% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum. Í öðru lagi jafnháan skatt, sem lagður er á

útborguð vinnulaun og hvers konar atvinnutekjur aðrar og halda á eftir við greiðslu launa og gera skil á til ríkissjóðs samkvæmt nánari reglum. Hér er ekki um að ræða háa upphæð á hvern og einn launþega — um 10 000 kr. á ári fyrir meðallaun — en margt smátt gerir eitt stórt. Samtals mundu þessir tveir tekjustofnar tryggja Fiskiverndarsjóði um 3 milljarða í tekjur á ári, en auk þessara tekjustofna er gert ráð fyrir því, að sjóðurinn geti fengið framlög úr ríkissjóði, eins og þau kunni að vera ákveðin á fjárlögum hvers árs, og geti auk þess haft einhverjar tekjur af eigin fé. Sérstaklega skal fram tekið, að auðvitað er gert ráð fyrir því, að skattheimtan til sjóðsins sé tímabundin eins og starfræksla sjóðsins á að vera og falli niður um mitt ár 1983, þegar hlutverki sjóðsins verður lokið.

Um ákvæði 3. gr. vilja flutningsmenn að öðru leyti taka fram, að þar er fremur verið að benda á tiltekna aðferð til þess að jafna áhrifum veiðitakmarkana á landsmenn en að flm. séu þar alfarið að láta í ljós bindandi afstöðu sína til málsins. Ýmsar aðrar tekjuöflunarleiðir koma að sjálfsögðu til skoðunar, og geta flutningsmenn mætavel fallist á verulegar breytingar á tekjuöflunarákvæðum 3. gr. svo lengi sem megin tilgangi með sjóðsstofnuninni er fullnægt og tekjur tryggðar.

Í frumvarpinu er lagt til, að Fiskiverndarsjóður heyri undir sjávarútvegsráðherra, þótt hann sé í vörslu fjármálaráðuneytisins og ríkissjóður taki við tekjum sjóðsins, og er ástæðan að sjálfsögðu sú, að það er sjávarútvegsráðherra, sem mótar fiskveiðistefnuna og hefur það vald í sínum höndum, og því er eðlilegt, að sjóður þessi heyri undir það ráðuneyti, þegar hlutverk sjóðsins er skoðað. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að sérstök sjóðsstjórn fari með stjórn Fiskiverndarsjóðs og að stjórnin verði skipuð 7 mönnum að fengnum tilnefningum. Fulltrúa í sjóðsstjórnina tilnefni þeir aðilar, sem hagsmuna eiga að gæta, þ. e. a. s. annars vegar útvegsmenn og fiskverkendur og hins vegar samtök sjómanna og landverkafólks, en auk þess séu í sjóðsstjórninni fulltrúar frá þeim tveimur sjóðum, Fiskveiðasjóði og Byggðasjóði, sem hafa með málefni útgerðar og fiskvinnslu að gera. Með þessum hætti er tryggt samstarf og eðlilegt samspil þessara þriggja sjóða. Loks er gert ráð fyrir því, að sjávarútvegsráðherra skipi formann sjóðsstjórnar án tilnefningar. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir, að Fiskiverndarsjóður verði undanþeginn öllum opinberum sköttum og gjöldum, þar á meðal stimpilgjöldum, og loks að sjávarútvegsráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um störf sjóðsins. Er eðlilegt að það reglugerðarvald verði nokkuð víðtækt, því að hér er um að ræða nýtt verkefni, þar sem ekki er hægt að byggja á reynslu, og því eðlilegt að ráðherra geti gert þær breytingar á starfsemi sjóðsins, sem reynslan leiðir í ljós að rétt sé að gera, án þess að þurfa stöðugt að fara með þær til afgreiðslu á Alþingi, eins og gera þyrfti ef reglur sjóðsins væru mjög fastbundnar í lögum.

Það er skoðun flutningsmanna, að með frumvarpi þessu sé hreyft máli, sem þurfi að afgreiða á þessu þingi. Flutningsmönnum er ljóst, að ýmsar aðrar aðgerðir koma einnig til skoðunar, og enn fremur, að þær hugmyndir, sem hér eru settar fram í frumvarpsformi, þarfnast efalaust athugunar við og e. t. v. samræmingar við aðrar aðgerðir, sem fyrirhugaðar eru. Engu að síður er nauðsynlegt að dómi flutningsmanna, að Alþingi það, sem nú situr, afgreiði frá sér lagasetningu sem þessa, þar sem í senn er verið að auðvelda stjórnvöldum að fylgja fram ákveðinni fiskiverndarstefnu og jafnframt verið að gera það fært að jafna niður á landsmenn alla þeim afleiðingum, sem slík stefnumörkun hefur í för með sér. Þótt langt sé nú liðið á þingtímann og frumvarp þetta seint fram komið, vonast flutningsmenn engu að síður til þess, að það geti fengið afgreiðslu, og eru að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að taka tillit til allra þeirra hugmynda um breytingar, sem fram kunna að koma, og standa að þeim breytingum á frumvarpinu, sem æskilegar eru og fylgi er við á Alþingi.

Nd. 523. Tillaga til þingsályktunar [257. mál]

um athugun á hámarksarðsemismöguleikum þorskveiða.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Gunnar Már Kristófersson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta framkvæma athugun á, hvernig fullnýta megi mikilvægustu þorskmið í íslenskri fiskveiðilögsögu með mestum afrakstri og minnstum tilkostnaði. Í því sambandi verði sérstaklega kannað hverjar séu arðsömustu veiði- og vinnsluaðferðir, þannig að séð verði hvernig og hvaðan æskilegast er frá hreinu arðsemissjónarmiði að tiltekin þorskmið séu nýtt, hvar arðvænlegast er fyrir þjóðarheildina að sá afli sé unninn, m. a. með tilliti til vinnslumöguleika, sem fyrir hendi eru, og hvaða verkunaraðferðir séu ákjósanlegastar frá sjónarmiði mestu mögulegrar verðmætasköpunar og með hliðsjón af ríkjandi markaðsaðstæðum erlendis.

Greinargerð.

Tilgangurinn með athugun þeirri, sem tillagan fjallar um, liggur í augum uppi og ætti ekki að þarfnast skýringa. Þar sem fiskimiðin við Ísland eru álitin takmörkuð náttúruauðlind og setja þarf strangar veiðitakmarkanir á mikilvæga fiskistofna, svo sem þorsk, er fyllilega tímabært að hugað sé að því, með hvaða hætti nýta eigi slíka takmarkaða náttúruauðlind þannig að þjóðinni sé það fjárhagslega mest að gagni. Hvernig má ná bestum árangri? Hverjir geta náð honum? Hvar? Ætli menn að takmarka fiskveiðar og móta fiskveiðistefnu, sem hlýtur að hafa mikil áhrif á framtíð fiskveiða og fiskvinnslu í landinu, þá verða menn að vita svör við slíkum spurningum.

Flest náttúrugæði eru takmörkuð. Svo er um náttúrugæði eins og t. d. orku, hráefni til iðnaðar o. s. frv., o. s. frv. Um nýtingu slíkra takmarkaðra náttúrugæða er oftast stuðst við arðsemissjónarmið, m. a. þegar tekin er ákvörðun um hvernig þau skuli nýtt, hvar og af hverjum. Hvar má ná bestum árangri? Hvernig? Hverjir eru líklegastir til þess?

Til slíkra atriða var t. d. litið, þegar áburðarverksmiðja var reist í Gufunesi við Reykjavík, en ekki nær stærstu markaðssvæðum tilbúins áburðar. Einnig þegar sementsverksmiðja var reist á Akranesi, en ekki annars staðar, t. d. við Patreksfjörð eða Arnarfjörð, þar sem hráefni var til staðar. Líka þegar álver var reist við Hafnarfjörð, málmbræðsla í Hvalfirði o. s. frv. — staðarvalið var ákveðið m. a. vegna þess, að einmitt þar töldu menn líklegast að framkvæmdin yrði þjóðarheildinni að mestu gagni.

Mikilvægasta auðlind Íslandinga er fiskurinn í sjónum — fiskimiðin við strendur landsins. Skyldu ekki sömu hagkvæmnis- og arðsemissjónarmið eiga að gilda um þá auðlind og aðrar, m. a. um hvar, hverjir og hvernig nýta skuli? Og þá ekki síst þegar svo er orðið, að þessi takmörkuðu náttúrugæði eru talin ofnýtt svo draga þarf saman seglin að fyrirlagi stjórnvalda.

Flm. þessarar tillögu hafa ekki dregið í efa það arðsemis- og hagkvæmnissjónarmið, sem liggur að baki staðarvali opinberra og hálfopinberra fyrirtækja til nýtingar á náttúruauðlindum, eins og að framan var getið. Þeir ætlast aðeins til þess, að sambærileg viðhorf séu höfð til hliðsjónar þegar valið er milli takmarkaðra möguleika á nýtingu annarrar náttúruauðlindar, sem einnig er takmörkuð, a. m. k. að umrædd viðhorf séu þekkt. Tilgangurinn með þáltill. þessari er að þekkingarinnar verði aflað — vitneskja fengin, sem ekki verður vefengd.

Ed. 524. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 16. des. 1885, sbr. lög nr. 32 29. apríl 1967, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, Jón G. Sólnes, var fjarstaddur þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 4. apríl 1979.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Ólafur R. Grímsson, fundaskr. Jón Helgason.
Bragi Nielsson. Bragi Sigurjónsson. Jón Ásbergsson.

Ed. 525. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, Jón G. Sólnes, var fjarstaddur þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 4. apríl 1979.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Ólafur R. Grímsson, fundaskr. Jón Helgason.
Bragi Nielsson. Bragi Sigurjónsson. Jón Ásbergsson.

Sþ. 526. Fyrirspurnir. [258. mál]

I. Til menntamálaráðherra um Kennaraháskóla Íslands.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Hvað líður endurskoðun laga um Kennaraháskóla Íslands?
2. Eru í bígerð breytingar á högum Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskólans? Ef svo er þá hverjar?

II. Til menntamálaráðherra um byggingamál kennaraskóla og skóla þroskaheftra.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Hvenær er áformað að hefja framkvæmdir við nýbyggingu Kennaraháskóla Íslands?
2. Hvað líður undirbúningi að byggingu íþróttahúss við Íþróttakennaraskóla Íslands?

3. Hvenær er áformað að hefja framkvæmdir við nýjan áfanga Öskjuhlíðarskóla?
4. Hvenær hefjast framkvæmdir við byggingu kennslu- og þjálfunarhúsnæðis við Lyngásheimilið?

III. Til samgönguráðherra um símamál.

Frá Ellert B. Schram.

1. Er það rétt að Póstur og sími hafi pantað tækjabúnað til að mæla lengd innanbæjarsímtala?
2. Ef svo er, hvað kostar sá búnaður, bæði í innkaupi og uppsetningu?
3. Hvar á að nota þennan tækjabúnað?
4. Hverjar eru áætlanir Pósts og síma um tekjur af þessari ráðagerð?

Nd. 527. Nefndarálit [230. mál]

um frv. til l. um stjórn efnahagsmála o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndarmenn í fjárhags- og viðskiptanefnd Nd. sátu 5 fundi um þetta mál með fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. Þar var farið yfir frv. Á þá fundi nefndanna bárust umsagnir þeirra aðila, sem drög að frumvarpinu, er lögð voru fram í febr. s. l., höfðu verið send til.

Það kom fram við athuganir á þeim umsögnum, að við endanlega gerð frv. hafði verið tekið tillit til ýmissa athugasemda. Enn fremur voru að tillögum meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar gerðar breytingar vegna umsagnar aðila, eins og t. d. Verkamannasambandsins, að því er varðar áhrif viðskiptavísitölu á lægstu laun.

Á hina sameiginlegu fundi fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deilda komu fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands, Verslunarráðs Íslands, Sjómannasambandsins, Farmanna- og fiskimannasambandsins, Sambands ísl. bankamanna, Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna.

Meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar Nd. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Ed. Hins vegar hefur einn nefndarmanna, Kjartan Ólafsson, skrifað undir með fyrirvara, sem hann mun gera grein fyrir við umræðu um málið í hv. Nd.

Minni hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, mun skila séráliti.

Alþingi, 5. apríl 1979.

Halldór E. Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Kjartan Ólafsson, með fyrirvara.	Vilmundur Gylfason.
Bjarni Guðnason.	Þorbjörg Arnórsdóttir.	

Nd. 528. Nefndarálit [70. mál]

um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með breyttri tímasetningu, þar sem nokkuð er liðið á árið 1979. Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 2. gr. Í stað „ársloka 1985“ á tveim stöðum komi: ársloka 1986.
2. Við 18. gr. Í stað „1. janúar 1979“ komi: 1. janúar 1980.

Alþingi, 5. apríl 1979.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Þorbjörg Arnórsdóttir.	Bjarni Guðnason, með fyrirvara.
Pálmi Jónsson.	Þórarinn Sigurjónsson.	Eggert Haukdal.

Sþ. 529. Þingsályktun [30. mál]

um útgáfu kortabókar Íslands.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hafa forgöngu um útgáfu kortabókar Íslands.

Nd. 530. Nefndarálit [230. mál]

um frv. til laga um stjórn efnahagsmála o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta, sem á sér sögulegan og óvenjulegan aðdraganda, er komið frá Ed., sem gerði á því nokkrar breytingar, sumar til bóta, aðrar til að draga úr málskrúði, minnka umbúðirnar, enn aðrar einskis virði, gerðar til þess eins að sætta til málamynda hin mjög svo ólíku sjónarmið stjórnarflokkanna.

Haldnir voru nokkrir sameiginlegir fundir fjárhags- og viðskiptanefnda beggja þingdeilda. Þar mættu fulltrúar frá eftirtöldum aðilum til viðræðna við nefndarmenn: Vinnuveitendasambandi Íslands, Verslunarráði Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi, Samb. ísl. bankamanna, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Bandalagi háskólamanna. Auk þess kom verðlagsstjóri á fund nefndanna.

Allir þessir aðilar lýstu því yfir, að ekkert samráð hefði verið haft við þá um gerð frumvarpsins. Ríkisstjórn, sem haft hefur uppi yfirlýsingar, meiri en aðrar, um nauðsyn samráð við aðila vinnumarkaðarins, gengur þannig á bak orða sinna þegar unnið er að hinum mikilvægustu málum, sem varða hag þessara aðila meira en nokkuð annað. En fram hjá óþægindum af þessu tagi má komast með því að forsætisráðherra flytji frumvarpið í eigin persónu.

Framangreindir aðilar höfðu flestir margt við frumvarpið að athuga og lýstu andmælum við einstök ákvæði þess. Á þá var að sjálfsögðu ekki hlustað. En langlundar-

geð sumra er ótrúlega teygjanlegt, þegar í landinu situr ríkisstjórn, sem ber hlýjan hug til þeirra sömu aðila, þótt í verki breyti hún þvert við gefin loforð. Nú er ekki deilt um, hvort fremja eigi kauprán, deilt er um, hversu mikið það eigi að vera. Og raunar hillir undir fullt samkomulag í þeirri deilu.

Í stuttu máli sagt er frumvarpið sönnun fyrir gjaldþroti þeirrar stefnu, sem ríkisstjórnin hóf störf sín með:

1. Laun voru lækkuð í byrjun — síðan lækkuð aftur um allt að 8%, dregið úr vísitölugreiðslum um allt að 6%-stigum.
2. Niðurgreiðslur auknar fyrst og söluskattur afnuminn af vissum vörutegundum — nú dregið úr niðurgreiðslum í áföngum.
3. Skattheimta aukin strax á fyrstu dögum stjórnarinnar — við það stefnumið er hins vegar staðið fyllilega, og raunar bætt við með óvenju fjölskrúðugum hætti.

Frumvarpið stefnir frjálsu athafnalífi í meiri hættu en áður hefur verið gert, með ákvæðum þess um aukin ríkisafskipti af atvinnulífinu, fyrirskipandi áætlanagerð og afskiptum ríkisstjórnar af verðlagsmálum.

Sá vottur af samræmdri stefnu í efnahagsmálum, sem fannst í fyrri frumvarpsdrögum, hefur verið úr lagi færður með veikara orðalagi í ýmsum liðum.

Ríkisstjórn, sem er sjálfri sér sundurþykk, getur ekki framfylgt heillegri stefnu í efnahagsmálum, ef hún þá væri til. Skiptir þá ekki máli, hvaða lagaákvæði kunna að verða sett um slíka stefnu.

Frumvarpið, ef að lögum verður, er því ekki líklegt til að færa okkur nær því marki að sigrast á verðbólgu eða auka jafnvægi. Það eykur hins vegar ríkisafskiptin og miðstýringuna og grefur undan frjálsu athafnalífi. Það er í samræmi við þá stefnu stjórnarflokkanna að skilja eftir sig sterkari ríkisafskipti, en veikara atvinnulíf.

Minni hlutinn vísar að öðru leyti til nefndarálits minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar Ed. á þskj. 502.

Tilgangslaust er að flytja breytingartillögur þar sem stjórnarflokkarnir hafa þegar ákveðið að samþykkja frumvarpið eins og það er komið frá Ed. Einstakir stjórnarliðar hafa þó heimild til að greiða atkvæði gegn einstaka greinum til þess að sýna sjálfstæði sitt og síns flokks gagnvart kaupránsliðunum. Aðrir munu ekki tjá sig, nema þá e. t. v. í daghlöðum, enda viðkvæmir tímar nú í þinginu og líf stjórnarinnar á bláþræði.

Alþingi, 5. apríl 1979.

Ólafur G. Einarsson, frsm. Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 531. Frumvarp til laga [259. mál]

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma vegna fjárfestinga, sem þeir hafa ráðist í á jörðum sínum á árunum 1970 til 1979 að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru.

Þegar lánakjör og lánveitingar eru ákveðnar, skal það gert af stjórn veðdeildarinnar, skipaðri á sama hátt og stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, þ. e. bankaráði Búnaðarbanka Íslands auk fulltrúa frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánum samkvæmt lögum þessum, enda séu eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra eða öðrum tryggingarhæfum eignum aldrei minni en sem nemur samanlögðum áhvílandi lánum.

4. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins. Heimilt er þó að víkja frá því, og skal þá matsverðið ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt, sem tíðkast hefur vegna lántöku í Veðdeild Búnaðarbankans.

5. gr.

Ákvæði 3. mgr. 16. gr. laga nr. 115, 7. nóvember 1941, tekur ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115, 7. nóvember 1941 (ef þau falla úr gildi þá laga um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands), um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir, í samráði við stjórn Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur borið á vaxandi erfiðleikum hjá mörgum bændum vegna söfnunar lausaskulda og erfiðrar greiðslustöðu. Yfirleitt er hér um að ræða bændur sem nýlega hafa staðið í framkvæmdum eða hafa nýlega byrjað búskap.

Ástæðurnar eru e. t. v. að öðru leyti einkum þær, að lánakjör hafa verið til muna óhagstæðari hin síðari ár en áður var og fjármagnskostnaður hefur ekki að fullu fengist viðurkenndur við verðlagningu búvara. Einnig má benda á það, að í hinni öru verðbólgu síðustu ára hafa tekjur bænda rýrnað verulega vegna seinlegrar útborgunar.

Árið 1977 ákvað Stéttarsamband bænda að kanna hve margir bændur óskuðu eftir aðstoð við að breyta lausaskuldum sínum í föst lán.

Alls bárust Stéttarsambandinu umsóknir frá 406 bændum.

Taflan sem hér fer á eftir sýnir fjölda umsókna eftir kjördæmum, heildarskuldir umsækjenda, skuldir að meðaltali, hvað af þeim eru lausaskuldir og hvað

lausaskuldir séu að meðaltali. Taflan er miðuð við fjárhagsstöðu umsækjenda um áramótin 1977—1978.

Kjördæmi:	Fjöldi umsækjenda:	Heildarskuld þús. kr.:	Meðaltal þús. kr.:	Þar af lausaskuldir þús. kr.:	Meðaltal þús. kr.:
Vesturland	79	363 800	4 605	171 475	2 183
Vestfirðir	27	136 100	5 040	78 465	2 906
Norðurland vestra	47	305 570	6 501	165 193	3 514
Norðurland eystra	93	776 542	8 350	418 496	4 500
Austurland	55	253 580	4 611	158 598	2 884
Suðurland	105	528 968	5 038	216 674	2 064
	406	2 364 660	5 824	1 209 901	2 980

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir aðgerðum til að hægt verði að breyta hluta af lausaskuldum bænda í föst lán.

Í samræmi við þessa ákvörðun skipaði landbúnaðarráðherra í nóvember s. l., starfshóp til að gera tillögur í þessu efni.

Í starfshópinn voru skipaðir:

Stefán Valgeirsson, alþingismaður, formaður,
Bjarni Bragi Jónsson, hagfræðingur,
Árni Jónasson, erindreki.

Starfshópurinn fékk í hendur þau gögn sem Stéttarsambandinu höfðu borist og að framan getur.

Umsóknirnar voru flokkaðar og þeir teknir út úr, sem talið var að ekki þyrftu á skuldabreytingu að halda, en þeir voru 113 talsins. Eftir það voru umsóknirnar flokkaðar í þrjá flokka. Tekið var tillit til bústærðar, nettótekna og fjárhagsstöðu. 16 umsóknir voru lagðar til hliðar, þar sem upplýsingar vantaði og ekki var ljóst hvort þær uppfylltu þau skilyrði sem sett höfðu verið. Starfshópurinn telur að endurmeta þurfi þessa flokkun að einhverju leyti ef til skuldabreytingar kemur, en hún gefur þó nokkra bendingu um, hvernig ástæður þessara bænda eru og hvernig vandamálið er vaxið.

Tala umsókna:	Lausaskuldir samt.:	Að meðaltali:
94	133 043 þús. kr.	1 584 þús. kr.
124	339 251 —	2 736 —
118	701 935 —	5 984 —
326	1 174 229 þús. kr.	3 602 þús. kr.

Þá eru þeir sem bíða úrskurðar:

16	196 320 þús. kr.	12 270 þús. kr.

Skipting lausaskulda eftir fyrirtækjum og bönkum:

1.	Kaupfélög	kr.	582 918 þús.
2.	Búnaðarbanki	—	174 409 —
3.	Landsbanki	—	84 969 —
4.	Samvinnubanki	—	30 068 —
5.	Útvegsbanki	—	22 854 —
6.	Iðnaðarbanki	—	4 858 —
7.	Verslunarbanki	—	528 —
8.	Sparisjóðir	—	124 998 —
9.	Óstaðsettir víxlar	—	17 872 —
10.	Einstaklingar og önnur fyrirtæki	—	228 508 —
		Samtals kr.	1 272 082 þús.

Eftir að starfshópurinn tók til starfa og framanskráðir útreikningar voru gerðir hafa 49 umsóknir bæst við og líklegt er að þeim eigi enn eftir að fjölga.

Breytingar sem kunna að hafa orðið á fjárhagsstöðu umsækjenda á s. l. ári liggja ekki fyrir, en verða athugaðar þegar framtöl þessa árs liggja fyrir.

Starfshópurinn hefur kynnt sér stöðu þeirra bænda sem fengu aðstoð við að þreyta lausaskuldum í föst lán samkvæmt lögum frá 25. apríl 1969. Virðast þeir hafa komist út úr fjárhagsvanda sínum og aðeins fáir þeirra sækja um aðstoð nú.

Bendir það til þess að síðasta skuldabreyting hafi náð þeim tilgangi sem að var stefnt og gefur vonir um, að samskonar aðgerðir muni nú geta leyst fjárhagsvanda þeirra bænda, sem verst eru settir, ef svipuð lausn finnst og þá var við höfð.

Þessi mál eru þó að mörgu leyti erfiðari viðfangs nú en þau voru fyrir 8 til 10 árum.

Söluerfiðleikar á búvöru hafa leitt til þess að í sjónmáli eru ráðstafanir til að draga úr framleiðslu á landbúnaðarvörum. Hætt er við að slíkar ráðstafanir komi mjög illa við þá, sem skulda mikið, og gerir það enn brýnna að breyta sem allra mestu af lausaskuldum þeirra í föst lán.

Á grundvelli þeirra athugana sem að framan getur hefur starfshópurinn samið **frumvarp það til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, sem hér** er flutt.

Hópurinn mun áfram vinna að athugunum á aðstæðum umsækjenda og gera tillögur um nánari reglur um mat umsókna eftir mismunandi þörfum og skilyrðum þess að skuldabreytingin komi að notum. Þar á meðal ráðstöfun þess fjár sem fást **kann til úrlausnar þessa vanda umfram skuldabreytinguna með bankavaxtabréfum** sbr. 200 millj. kr. sem gert er ráð fyrir í þessu skyni á lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Veðdeild Búnaðarbanka Íslands verði heimilað að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Verði bréf þessi eingöngu notuð til þess að breyta lausaskuldum bænda í föst lán.

Það er álit starfshópsins að skuldabreytingin nái því aðeins tilgangi sínum, að bankavaxtabréfin verði með þeim kjörum, að lánastofnanir verði ekki tregar til að innleysa þau til sín.

Frumvarpið var sent Búnaðarþingi því sem nú er nýlokið til umsagnar og mælti það einróma með samþykkt þess.

Vonir standa til að hægt verði að breyta a. m. k. 6—700 millj. króna af lausaskuldum bænda í föst lán. Gert er ráð fyrir að lánin verði með fullri verðtryggingu en lágum vöxtum eftir nánara samkomulagi við Seðlabanka Íslands.

Vonast er til að bréf þessi verði vel seljanleg, ekki síst ef slíkt lánakerfi verður innleitt almennt hér á landi.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um heimild til handa Veðdeild Búnaðarbanka Íslands til að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Skulu bréf þessi eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda.

Um 2. gr.

Gert ráð fyrir að stjórn Veðdeildar Búnaðarbankans ákveði lánakjör að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra. Til þess að bréfin seljist er ljóst að lánakjör verða að vera í samræmi við þau kjör, sem ákveðin eru fyrir fjárfestingarlán almennt.

Lagt er til, að þegar lánakjör og lánveitingar eru ákveðnar verði stjórn Veðdeildar skipuð á sama hátt og stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, þ. e. banka-

ráði Búnaðarbanka Íslands, ásamt einum fulltrúa frá Stéttarsambandi bænda og einum frá Búnaðarfélagi Íslands. Er í þessu efni farið að tillögu síðasta Búnaðarþings.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þau ákvæði laga nr. 115, 7. nóvember 1941 sem vitnað er til fjalla um að aldrei megi vera meira í umferð af vaxtabréfum en nemur áttfaldri upphæð stofnsjóðs Veðdeildarinnar.

Lagt er til að þessi ákvæði laga um Búnaðarbanka Íslands nái ekki til bankavaxtabréfa sem kunna að verða gefin út samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa ef samþykkt verður.

Um 6.—8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 532. Frumvarp til laga [7. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 7 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs skv. 2. gr. laga þessara, umfram greiðslu skv. 4. og 5. mgr. þeirrar lagagreinar, skal lagt í sérstakan gengismunarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

a. 50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði frystra sjávarafurða, saltfisks, verkaðs, óverkaðs og flaka, skreiðar, fiskmjöls, loðnumjöls og loðnulýsis, skal renna til viðkomandi deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en andvirði saltsíldar skal verða stofnfé deildar fyrir saltsíld.
b. 50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru undir a-lið þessarar greinar, svo og öllu því, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða, skal varið sem hér segir:
   1) 50% skal veitt sem lán til hagræðingar- og framleiðniaukningar í fiskiðnaði. Lánin skulu fyrst og fremst veitt til kaupa á vélum og tækjum og til að koma upp kældum fiskmóttökum. Óheimilt er að veita lán þessi til greiðslu rekstrarskulda eða annars sem telja verður til venjulegs rekstrar. Endurgreiðsla lána þessara með vöxtum skal renna til Fiskveiðasjóðs Íslands.
   2) 40% skal varið til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra lána samkvæmt nánari reglum sem stjórn Fiskveiðasjóðs setur.
   3) 10% skal renna í Aldurslagasjóð fiskiskipa hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Ed. 533. Frumvarp til laga [260. mál]

um breyting á lögum nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald.

Flm.: Helgi F. Seljan.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli niður úr B-lið 1. gr. laganna: 92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09, 92.08.00, 92.10.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar frv. um tímabundið vörugjald kom til umræðu á Alþingi í vetur var mjög rætt um réttmæti þess að leggja svo hátt gjald á hljóðfæri sem það frv. gerði ráð fyrir. Menntamálaráðherra lagði áherslu á það þá, að á þessu þyrfti að fást leiðrétting, stjórnarandstaðan flutti tillögu um niðurfellingu þess, en sú tillaga var felld í ljósi þeirrar yfirlýsingar, sem fjármálaráðherra gaf um að hann mundi taka málið til vinsamlegrar og jákvæðrar athugunar.

Þar sem enn bólar hér ekki á leiðréttingu þykir flm. þessa frv. rétt að færa það inn í þingið, ef vera kynni að annað tveggja gerðist, frv. yrði samþykkt eða fjármálaráðherra beitti sér fyrir nauðsynlegustu leiðréttingum hér á, svo sem okkur stjórnarsinnum þótti eðlilegt í desember að gefa honum færi á. Um þessa skattheimtu má eflaust deila eins og margt annað, en þó er hér um að ræða vöruflokk, sem snertir snaran þátt í menningarlífi okkar og æ fleiri taka þátt í sér og öðrum til ánægju og lífsfyllingar. Það er því fyllsta ástæða til þess að gaumgæfa réttmæti svo mikillar skattheimtu á hljóðfæri sem raun ber vitni.

Flm. þessa frv. hefur til þess alveg sérstaka ástæðu og raunar skyldu að hreyfa þessu máli og freista þess að fá þar á nokkra bót. Hann hefur tvívegis fengið samþykkta þingsályktun um aukna tónmenntafærslu, þá síðari, sem laut sérstaklega að samræmingu tónlistarkennslu í grunnskólum og tónlistarskólum, m. a. með því að færa undirstöðuatriði í hljóðfæraleik í sem ríkustum mæli inn í grunnskólana.

Skattheimta sem þessi gengur þvert á meginhugsun þeirrar tillögu, sem Alþingi hefur gert að ályktun sinni og fyrst og fremst beinist að sem almennastri hlutdeild fólks í þessari listgrein, þó misjafn árangur náist og keppt sé að mismunandi marki hjá hverjum og einum. Efnahagsleg mismunun í þessari hlutdeild þarf að verða sem allra minnst, og ekki síst af þeirri ástæðu er frv. þetta flutt, sem að öðru leyti skýrir sig sjálft.

Hér með fylgir listi um vörutegundir, sem undir þau tollskrárnúmer falla sem í frv. felast.

Tollskrárnúmer

92.01.00 Píanó (hér með talin sjálfspilandi píanó með eða án nótnaborðs), „harpsichord“ og önnur strengjahljóðfæri með nótnaborði, hörpur (þó ekki vindhörpur).
92.02.00 Önnur strengjahljóðfæri.
92.03.09 Pípu- og tunguorgel, þar með talin harmónium og önnur svipuð hljóðfæri, önnur en skv. tollskrárnúmeri 92.03.01, þ. e. a. s. orgel til notkunar í kirkjum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins.
92.04.01 Munnhörpur.
92.04.09 Harmónikur, concertínur og önnur svipuð hljóðfæri.
92.05.00 Önnur blásturshljóðfæri.

Tollskrárnúmer

92.06.00 Slaghljóðfæri (t. d. trommur, xylófón, cymbal og kastanjettur).
92.07.01 Rafsegul-, rafstöðu- eða rafeindabúin píanó og orgel.
92.07.09 Rafsegul-, rafstöðu-, rafeindabúin hljóðfæri og önnur svipuð hljóðfæri önnur en skv. tollskrárnr. 92.07.01 og 92.07.02, en undir síðasttöldu greinina falla orgel til notkunar í kirkjum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins.
92.08.00 Hljóðfæri sem teljast ekki til neins annars númers þessa kafla (t. d. orkestríon, lírukassar, spiladósir og hljómsagir), mekanískir söngfuglar, hvers konar tálflautur, merkjahorn og merkjaflautur blásnar með munninum (t. d. bátsmannsflautur).
92.10.00 Hlutar og fylgitæki til hljóðfæra (þó ekki strengir), þar með talinn gataður pappír eða pappi í mekanísk hljóðfæri og valsar í spiladósir, taktmælar, tóngafflar og tónflautur hvers konar.

Ed. 534. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur fjallað um mál þetta á mörgum sameiginlegum fundum með landbúnaðarnefnd Nd.

Til viðtals við nefndirnar komu ýmsir aðilar, sérstakt samráð var haft við formann Stéttarsambands bænda og umsagnir hinna fjölmörgu aðila, er frv. var sent til, voru athugaðar og yfirfarnar mjög gaumgæfilega. Reynt var eftir föngum að samræma hin ýmsu mismunandi sjónarmið, er fram komu.

Nefndirnar gerðu sameiginlega fjölmargar breytingar á upphaflegri gerð frv.

Meiri hluti landbúnaðarnefndar mælir með samþykkt frv. óbreytts svo sem það kom frá neðri deild.

Alþingi, 6. apríl 1979.

Helgi F. Seljan, form., frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Bragi Nielsson.
Stefán Jónsson. Bragi Sigurjónsson.

Sþ. 535. Tillaga til þingsályktunar [261. mál]

um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í fræðsluumdæmum utan Reykjavíkur.

Flm.: Þorbjörg Arnórsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að innan tveggja ára komi til framkvæmda ákvæði grunnskólalaga um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í öllum fræðsluumdæmum landsins.

Á meðan slík þjónusta er ekki komin á verði hún tryggð með heimsóknum viðkomandi sérfræðinga a. m. k. tvisvar á ári út í öll skólahéruð landsins og verði kostnaður við slíka bráðabirgðaskipan að fullu greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þegar lög um grunnskóla nr. 63/1974 voru sett af Alþingi var stigið stórt framfaraspor í þá átt að grunnskólar landsins nytu ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu. Nú

þegar 5 ár eru liðin síðan lög þessi tóku gildi hafa ákvæði þeirra um ráðgjöf og sálfræðiþjónustu ekki komið til framkvæmda úti í hinum einstöku fræðsluumdæmum, svo sem ráð var fyrir gert í lögunum.

Það mun vera samdóma álit allra þeirra, sem með skólamál fara, að slík ráðgefandi þjónusta sé nauðsynleg og sé í raun óaðskiljanlegur hluti eðlilegs og virks skólastarfs. Þörfin fyrir slíka þjónustu er jafnbrýn í skólum úti um allt land og hér á Reykjavíkursvæðinu og því aðkallandi að einhverjar úrbætur verði gerðar í þessu máli svo fljótt sem auðið er. Foreldrar og skólamenn úti á landi hafa árum saman reynt að þrýsta á, að slík þjónusta sé veitt í öllum skólum landsins, og hafa ýmsar samþykktir og bænaskrár verið gerðar er að þessu hníga. Í raun má segja, að aðstöðumunur sé verulegur hjá foreldrum og kennurum eftir búsetu í landinu, ef leita þarf ráðgefandi eða sálfræðilegrar þjónustu. Hlýtur það að vera skýlaus réttur þessara aðila, að þeir njóti slíkrar þjónustu til jafns við fólk á stærstu þéttbýlissvæðunum.

Meðan ákvæði 66.—71. gr. grunnskólalaganna koma ekki að fullu til framkvæmda leggur flutningsmaður til að bætt verði úr brýnni þörf skólanna með heimsókn sérfræðinga a. m. k. tvisvar á ári út í öll skólahéruð landsins og að kostnaður við slíka bráðabirgðaskipan verði að fullu greiddur af ríkissjóði. Telur flutningsmaður að slík ráðstöfun sé stórt skref í þá átt að bæta úr þeim vanda sem augljóslega blasir við víða í skólum landsins. Teljast verður eðlilegt að ríkið borgi slíkar ferðir að fullu, þar sem hér er í raun um þýðingarmikinn þátt skólastarfseminnar í landinu að ræða, og einnig er eðlilegt að ríkið taki þátt í þeirri aðstöðujöfnun sem fæst í dreifingu þjónustu um land allt. Slík bráðabirgðaráðstöfun er sjálfsögð til að mæta þeim vanda sem yfirvöld skólamála ættu að vera búin að leysa lögum samkvæmt.

Oft hefur borið töluvert á ótrú manna á sálfræðilegri þjónustu, en ljóst er að eftirspurn eftir hvers konar ráðgefandi þjónustu hefur farið vaxandi undanfarin ár. Þar sem slík þjónusta er fyrir hendi, svo sem hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu, telja kennarar og aðrir þeir er við uppeldisstörf vinna, að slík þjónusta sé ómissandi hlekkur í nútímaskólastarfi. Fyrir foreldra og skólamenn úti á landsbyggðinni er það í raun stór samviskuspurning, hvort réttlætanlegt sé að skólar dreifbýlisins fari á mis við alla ráðgefandi þjónustustarfsemi og að þau börn, er þurfa á slíkri þjónustu að halda, eigi nær engan kost á að njóta hennar nema í einstaka alvarlegum tilfellum og þá með ærnum tilkostnaði og fyrirhöfn. Sem svar við þessari spurningu er þessi tillaga flutt.

Ed. 536. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Samstaða hefur ekki náðst í landbúnaðarnefnd í máli þessu. Meiri hluti nefndarinnar mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Við, sem skipum minni hlutann, teljum frumvarpið svo mjög gallað að við getum ekki stutt það. Þó munum við freista þess að fá frumvarpinu breytt og flytjum við því á sérstöku þingskjali breytingartillögur í trausti þess, að þær lagfæringar fáist, sem við teljum nauðsynlegar fyrir fylgi við málið.

Alþingi, 6. apríl 1979.

Þorv. Garðar Kristjánsson, frsm. Jón Ásbergsson.

Ed. **537. Breytingartillögur** [125. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og Jóni Ásbergssyni.

1. Við 1. gr. a. Liðurinn orðist þannig:
   a) Að ákveða mismunandi verð á búvörum til framleiðenda á þann hátt, að framleiðendur fái fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er. Enn fremur er heimilt, ef þörf krefur, að innheimta verðjöfnunargjald til verðjöfnunar, sem má vera mishátt.

   Réttur þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvöruframleiðslu eða hætta búskap, skal tryggður með ákvæðum í reglugerð.

   Sérstakar aðgerðir eru heimilaðar til að auka búvöruframleiðslu, þar sem hún er of lítil fyrir neysluþarfir í einstökum landshlutum.

   Heimilt er að greiða með samþykki ríkisstjórnarinnar hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn allt að ákveðnu marki, en síðan stiglækkandi eftir því sem framleiðsla vex þar fyrir ofan. Heimilt er að ákveða rétt frumbýlinga í samræmi við bústofn þeirra.

   Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjárhæð af andvirði innlagðrar búvöru, sem Framleiðsluráð ákveður hverju sinni vegna framkvæmdar ofangreindra heimilda og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs. Framleiðsluráð ákveður gjalddaga vegna þessara heimilda.
2. Við 1. gr. b. 1. mgr. orðist þannig:
   b) Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjaldið má vera allt að 100% á innkaupsverð vörunnar. Framleiðendur búvöru á lögbýlum og aðrir, sem hafa meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu, skulu fá gjaldfrítt hæfilegt magn kjarnfóðurs til fóðrunar alls búfjár síns upp að 600 ærgildum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
3. Við 1. gr. c. 4. mgr. orðist þannig:

   Risi ágreiningur um atriði, sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir nefnd fimm manna til úrskurðar. Nefndina skipa tveir fulltrúar Stéttarsambands bænda, tveir fulltrúar Búnaðarfélags Íslands og ráðuneytisstjórinn í landbúnaðarráðuneytinu og sé hann formaður.
4. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a) Ákvæði til bráðabirgða, sem fyrir er, falli niður.
   b) Nýtt ákvæði til bráðabirgða komi svo hljóðandi:

   Á árinu 1979 er heimilt að leggja fram nauðsynlegt fé úr ríkissjóði til þess að greiða fyrir sölu á óverðtryggðri framleiðslu búvara á þessu verðlagsári og birgðum búsafurða, sem til eru í landinu þegar lög þessi öðlast gildi.

Sþ. **538. Tillaga til þingsályktunar** [262. mál]

um könnun á nýtingu ríkisjarða í þágu aldraðra.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson, Jónas Árnason, Þorbjörg Arnórsdóttir, Kjartan Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara könnun á þeim möguleika að nýta ríkisjarðir í nánd þéttbýlisstaða með góða heilsugæsluaðstöðu sem dvalarheimili fyrir aldraða eða festa kaup á jörðum í þessu skyni.

Dvalarheimilin yrðu byggð upp sem smáar einingar, þar sem búandfólk, sem flytja þarf af bújörðum sínum vegna aldurs eða heilsubrests, gæti haft smábúskap, sameiginlega eða út af fyrir sig undir ákveðinni yfirstjórn og með vissri aðstoð.

Reynt yrði að tengja slík heimili svo sem kostur væri við smáiðnað í sveitum einnig.

Greinargerð.

Aðstaða aldraðra í þjóðfélaginu til að njóta ævikvöldsins sem best hefur verið mjög til umræðu á undanförnum árum. Þjóðfélagsþróunin hefur orðið þess valdandi, að í raun blasir við æ meiri einangrun þessa fólks, ef ekkert er að gert. Eitt veigamesta atriðið í velferð aldraðra á elliárum þeirra er öruggt athvarf og aðstæður til að starfa svo lengi sem frekast er kostur.

Athugun á atvinnumálum aldraðra var samþykkt í formi þingsályktunar fyrir nokkrum árum, en fyrsti flm. þeirrar tillögu þá var Svava Jakobsdóttir. Hægt mun þar miða, því miður, og er þó ærin þörf sem eftir kallar. Fólk með skerta starfsorku hefur engu síðri þörf fyrir að veita henni útrás og öðlast þannig aukna lífsfyllingu en þeir sem við fulla starfsorku búa.

Sé grannt skoðað um aðstæður allar er þörfin sennilega enn meiri m. a. í ljósi þess, að þetta fólk vill mörgum öðrum fremur leggja sitt af mörkum, vera hlutgengari þjóðfélagsþegnar með virkni sinni í atvinnulífinu.

Eitt með því alvarlegra, sem blasir við okkur varðandi allt of margt fólk, er sú mikla og snögga lífsvenjubreyting og oft algera röskun sem á högum þess verður við það t. d. að flytjast inn á elliheimili. Þessi þingsályktun beinist að könnun á því, hvernig e. t. v. sé unnt að taka að hluta á þessu vandamáli hjá því fólki, sem verður að þola hér mest umskipti og röskun á öllum högum sínum, þ. e. aldrað fólk í sveitum. Sem betur fer á mikill hluti þess kost á athvarfi heima hjá sér allt til hins síðasta, en hins vegar munu þó dæmin fleiri, ekki síst vegna þeirrar miklu fólksfækkunar sem í sveitum hefur orðið og síður en svo sér nú fyrir endann á.

Ríkið á margar ágætar jarðir um land allt, sumar vel hýstar og vel setnar, aðrar annað hvort, enn aðrar eyðijarðir eða því sem næst. Okkur flm. þykir fullkomin ástæða til að kanna möguleika á nýtingu einhverra þessara jarða í því skyni að koma upp litlum dvalarheimilum fyrir aldrað fólk, sem kysi að hafa smábúskap áfram eða stunda einhverja aðra iðju, sem væri þá tengd landbúnaði á einhvern hátt, svo sem fullvinnslu á landbúnaðarafurðum. Við teljum einnig mjög koma til álita kaup á jörðum, er losnuðu úr ábúð og ekki yrðu betur til annars nýttar.

Við flm. erum þess fullvissir að þessa könnun eigi að gera sem besta því hér gæti þetta aldraða fólk búið við svipaðar aðstæður og lífsstarf þess hefur við miðast, með að sjálfsögðu þeirri aðstoð sem nauðsynleg kann að reynast, bæði varðandi vissa yfirstjórn (ráðsmann eða forstöðumann), nauðsynlega aðstoð varðandi vélanotkun og ef með þarf einhverja heimilishjálp. Smáar einingar væru hér eðlilegastar, en þó yrði stærð þeirra að fara eftir hagkvæmni varðandi nýtingu jarðar og ekki síður fjárhagslegri hagkvæmni.

Hugmyndin að þessari tillögu er m. a. komin frá þeim, sem hér ættu gerst að vita, þ. e. frá sveitafólki, sem orðið hefur að fara á dvalarheimili í þéttbýli þvert gegn innsta vilja sínum, aðeins af því að ekki var um annað að ræða, — sveitafólki, sem ekki gat rekið sjálfstæðan, erfiðan búskap lengur, en hafði alla orku og krafta til þess að hafa smábúskap með höndum, fólki, sem situr nú að mestu auðum höndum, en vildi gjarnan leggja hönd á plóginn að einhverri verðmætasköpun í þjóðfélaginu og þá eðlilega helst þeirri sem tengist lífsstarfi þess um langan aldur. Þessi sjónarmið eru hér sett fram í tillöguformi eins og þau komu frá þeim aðilum, sem vöktu fyrst máls á þessu.

Sú stefna, að dvalarheimili eða íbúðir fyrir aldraða eigi að vera smáar einingar, á nú góðu heilli almennu fylgi að fagna, og sú tilhögun, sem hér er lagt til að könnuð verði, er hið besta í samræmi við þá meginstefnu.

Flm. gera sér ljósa ýmsa annmarka hér á og vilja því ítarlega könnun á þessu máli sem fyrsta skref. Þeir vita um þá augljósu einangrunarhættu, sem af slíku fyrirkomulagi stafar, einangrun frá öðrum aldurshópum, sem er mikið vandamál margs aldraðs fólks. En sú einangrun mæðir sannarlega ekki síður á fólki í þéttbýlinu og eflaust mest og verst hér á suðvesturhorninu, á hinum fjölmennu stofnunum, sem þar er að finna. Hins vegar koma möguleikarnir til eðlilegs starfs hér mjög á móti og útilokað er að einangrunin verði svo alger sem hún oft vill verða í mesta þéttbýlinu.

Við leggjum mikla áherslu á að heimili þessi verði í nánd þeirra staða sem hafa góða heilsugæsluaðstöðu, en þeim þéttbýlisstöðum fer nú ört fjölgandi. Hér er um sjálfsagt öryggisatriði að ræða, sem taka verður mið af í könnuninni.

Að lokum vilja flm. benda á að ekki síður koma öryrkjar hér til greina, þó tillaga um forkönnun málsins feli það aðeins óbeint í sér.

Alþýðubandalagsmenn hafa áður á þessu þingi flutt tillögu um eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum, og ekki verður öðru trúað en sú tillaga hljóti framgang á þessu þingi. Því telja flm. þessarar tillögu rétt, að í könnun og hugsanlegri framkvæmd þessa máls verði einnig hugað að þessum smáiðnaði og þátttöku aldraðs fólks þar svo sem frekast er kostur.

Könnunin mun að sjálfsögðu leiða í ljós kostnað af tilhögun sem þessari, en flm. telja að hann muni síst verða meiri en almennt er um heimili af þessu tagi, og hugsanlegur aukakostnaður mun skila sér til baka, bæði fjárhagslega beint og ekki síður í aukinni lífshamingju þess fólks, sem við eigum samfélagslega skuld að gjalda.

Nánar í framsögu.

Ed. 539. Nefndarálit [223. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Þorvaldur Garðar Kristjánsson og Ágúst Einarsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. apríl 1979.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Stefán Jónsson. Alexander Stefánsson.

Guðmundur Karlsson. Bragi Sigurjónsson.

Nd. 540. Breytingartillaga [7. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá sjávarútvegsráðherra.

Aftan við 3. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Áður en kemur til skipta á fé skv. a- og b-lið þessarar greinar, skal greiða lífeyrissjóði sjómanna 75 millj. kr. til að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur og aðrar tryggingabætur til sjómanna og 15 millj. kr. til orlofshúsa sjómannasamtakanna, og enn fremur 10 millj. kr. sem varið yrði til öryggismála sjómanna skv. nánari ákvörðun sjávarútvegs- og samgönguráðherra.

Ed. 541. Frumvarp til laga [263. mál]

um eftirlaun aldraðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

I. KAFLI
Eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

1. gr.

Greiða skal eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem eru í Alþýðusambandi Íslands, eftir því sem ákveðið er í þessum kafla. Sama gildir um aldraða félaga í öðrum stéttarfélögum, enda teljist þau til verkalýðsfélaga samkvæmt 4. gr. laga nr. 57/1973, um atvinnuleysistryggingar, og hafi komið á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði.

2. gr.

Rétt til eftirlauna samkvæmt þessum kafla eiga þeir, sem fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum:

a. Eru fullgildir félagar í stéttarfélagi, sem 1. gr. tekur til.
b. Eru fæddir árið 1914 eða fyrr.
c. Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Maður, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á eftirlaunum án tillits til, hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.
d. Eiga að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a. m. k. 1/25 úr stigi, sbr. 6. gr.

3. gr.

Nú verður félagi, er uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 2. gr., eftir árslok 1971 fyrir orkutapi, sem metið er 40% eða meira og veitir honum rétt á örorkulífeyri úr lífeyrissjóði, og á hann þá rétt á örorkulífeyri samkvæmt ákvæðum 12. gr.

Nú andast maður, sem öðlast hefur rétt til eftirlauna samkvæmt 2. gr. eða hefði getað öðlast slíkan rétt með áframhaldandi réttindavinnslu, og skal þá eftirlifandi maki hans eiga rétt til eftirlauna samkvæmt 12. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1969, átt að baki a. m. k. 5 ára réttindatíma og áunnið sér stig í samræmi við d-lið 2. gr.

Umsjónarnefnd samkvæmt 17. gr. er heimilt að úrskurða sambúðarfólki makalífeyri eins og um hjúskap hafi verið að ræða, enda hafi sambúð staðið um árabil. Skilyrði fyrir greiðslu slíks makalífeyris er, að hlutaðeigandi sjóðstjórn fallist á úrskurð umsjónarnefndar fyrir sitt leyti.

4. gr.

Maður telst hafa látið af störfum, sbr. c-lið 2. gr., ef hann fellir niður vinnu og árlegar launatekjur hans lækka stórlega frá því, sem þær hafa verið undanfarandi ár, enda njóti hann hvorki atvinnuleysisbóta né slysadagpeninga.

Nú tekur maður, sem látið hefur af störfum, upp störf að nýju, og fellur þá niður réttur hans til eftirlauna, meðan hann heldur áfram störfum, þó eigi lengur en til 75 ára aldurs, sbr. c-lið 2. gr. Slík niðurfelling skal reiknuð í heilum mánuðum fyrir hvert almanaksár um sig, en broti úr mánuði sleppt.

5. gr.

Til réttindatíma félaga skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hann hefur verið að störfum, sem verið hefðu tryggingarskyld samkvæmt ákvæðum samkomulags atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969 eða öðrum ákvæðum um skylduaðild að lífeyrissjóðum samkvæmt 1. gr., ef hlutaðeigandi ákvæði hefðu öðlast gildi 1. janúar 1955.

Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð.

Réttindatími, sem áunninn er eftir árslok 1969 og miðast við iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs, reiknast í mánuðum.

6. gr.

Eftirlaunaréttur miðast við áunnin stig. Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvert almanaksár árslaun miðuð við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur mælikvarði á breytingar á dagvinnutekjum launþega innan Alþýðusambands Íslands almennt, skal hann að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll.

Laun þau, sem félagi hefur eftir árslok 1969 greitt iðgjöld af samkvæmt samkomulaginu frá 19. maí 1969 eða hliðstæðum ákvæðum, sbr. 1. málsgr. 5. gr., skulu umreiknuð í stig á þann hátt, að deilt skal í árslaunin með grundvallarlaunum hlutaðeigandi árs, sbr. 1. málsgr. þessarar greinar. Fáist ekki með þessu móti upplýsingar um iðgjaldsskyldar launatekjur a. m. k. 5 almanaksára auk þess árs, er sótt er um eftirlaun, skal fyrir þau ár, sem á vantar, stuðst við upplýsingar skattstjóra um framtaldar launatekjur næstu starfsár á undan. Skulu launatekjur samkvæmt skattframtölum umreiknaðar í stig með framangreindum hætti, en aldrei skal þó reikna meira en 1.1 stig fyrir einstakt almanaksár, ef stuðst er við skattframtal.

Við útreikning stiga lengra aftur í tímann en upplýsingar lífeyrissjóðs og skattstjóra ná skal miða við meðaltal stiga þrjú bestu árin, sem upplýsingar eru um, þó aldrei meira en 1.1 stig, sbr. 2. málsgr.

Hefjist réttindatími samkvæmt 2. málsgr. 5. gr. ekki um áramót, skal reikna stig fyrsta almanaksársins í hlutfalli við réttindatíma á árinu.

Ekki skal reikna stig fyrir lengri tíma en 20 ár og ekki fyrir tíma eftir að taka eftirlauna er hafin. Við úrskurðun makalífeyris skal þó taka tillit til áunninna stiga fram til 75 ára aldurs hins látna, og á sama hátt skal fjárhæð ellilífeyris endurskoðuð við 75 ára aldur félaga með hliðsjón af áunnum stigum eftir að taka ellilífeyris hófst.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

II. KAFLI
Almenn eftirlaun til aldraðra.

7. gr.

Aldraðir menn, sem ekki eiga rétt samkvæmt I. kafla þessara laga né II. kafla laga nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bænda, eiga rétt til eftirlauna, enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði:

a. Eru fæddir árið 1914 eða fyrr.
b. Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Maður, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á eftirlaunum án tillits til, hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.
c. Eiga að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a. m. k. 1/25 úr stigi, sbr. 11. gr.

8. gr.

Nú verður maður, sem fæddur er árið 1914 eða fyrr, eftir árslok 1971 fyrir orkutapi, sem metið er 40% eða meira og veitir honum rétt til örorkulífeyris úr lífeyrissjóði án þess þó, að örorkulífeyrisréttur skapist samkvæmt 3. gr. laga þessara eða 17. gr. laga nr. 101/1970, og á hann þá rétt á örorkulífeyri samkvæmt ákvæðum 12. gr.

Nú andast maður, sem öðlast hefur rétt til eftirlauna samkvæmt 7. gr. eða hefði getað öðlast slíkan rétt með áframhaldandi réttindavinnslu, og skal þá eftirlifandi maki hans eiga rétt til eftirlauna samkvæmt 12. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1969, átt að baki a. m. k. 5 ára réttindatíma og áunnið sér stig í samræmi við c-lið 7. gr.

Umsjónarnefnd eftirlauna er heimilt að úrskurða sambúðarfólki makalífeyri eins og um hjúskap hafi verið að ræða, enda hafi sambúð staðið um árabil. Hafi hinn látni verið félagi í lífeyrissjóði, er það skilyrði fyrir greiðslu slíks makalífeyris, að hlutaðeigandi sjóðstjórn fallist á úrskurð umsjónarnefndar fyrir sitt leyti.

9. gr.

Maður telst hafa látið af störfum, sbr. b-lið 7. gr., ef hann fellir niður vinnu og árlegar atvinnutekjur hans lækka stórlega frá því, sem þær hafa verið undanfarandi ár, enda njóti hann hvorki atvinnuleysisbóta né slysadagpeninga.

Nú tekur maður, sem látið hefur af öflun atvinnutekna, á ný að afla slíkra tekna, og fellur þá niður réttur hans til eftirlauna, meðan hann heldur nefndum tekjum, þó eigi lengur en til 75 ára aldurs, sbr. b-lið 7. gr. Slík niðurfelling skal reiknuð í heilum mánuðum fyrir hvert almanaksár um sig, en broti úr mánuði sleppt.

10. gr.

Til réttindatíma, sbr. c-lið 7. gr., skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hlutaðeigandi hefur haft atvinnutekjur. Atvinnutekjur teljast hvers konar laun, arður eða gróði, sem sjóðfélaga hlotnast af atvinnu sinni, hvort sem unnið er í þjónustu annarra eða að eigin atvinnurekstri. Hlunnindi skulu reiknuð á því verði, sem þau eru metin til skatts. Til atvinnu í þessu sambandi telst ekki aðstoð við atvinnurekstur hjóna, sem einvörðungu er færð sem frádráttarliður á skattframtali. Nánari ákvæði um, hvað teljast skuli til atvinnutekna, skulu sett með reglugerð.

Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð.

Réttindatími, sem áunninn er eftir árslok 1969 og miðast við iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs, reiknast í mánuðum.

11. gr.

Eftirlaunaréttur miðast við áunnin stig. Um grundvöll stigaútreiknings gilda ákvæði 1. málsgr. 6. gr.

Atvinnutekjur, sem hlutaðeigandi hefur eftir árslok 1969 greitt iðgjöld af til lífeyrissjóðs, skulu umreiknaðar í stig á þann hátt, að deilt skal í atvinnutekjur hvers árs með grundvallarlaunum ársins, sbr. 1. málsgr. Þó skal í þessu sambandi aldrei reikna atvinnutekjur ársins hærri en 10-föld iðgjöld, nema um sé að ræða iðgjaldagreiðslur samkvæmt bráðabirgðaákvæðum samkomulagsins frá 19. maí 1969 eða hliðstæðum ákvæðum. Fáist ekki með þessu móti upplýsingar um atvinnutekjur a. m. k. 5 almanaksára auk þess árs, er sótt er um eftirlaun, skal fyrir þau ár, sem á vantar, hvort sem um er að ræða tíma fyrir eða eftir árslok 1969, stuðst við upplýsingar skattstjóra um framtaldar atvinnutekjur næstu starfsára á undan. Skulu atvinnutekjur samkvæmt skattframtölum umreiknaðar í stig með framangreindum hætti, en aldrei skal þó reikna meira en eitt stig fyrir einstakt almanaksár, ef stuðst er við skattframtal. Hafi iðgjöld, sem greidd hafa verið til lífeyrissjóðs eftir árlok 1969, ekki verið reiknuð með hliðsjón af atvinnutekjum og kauplagsbreytingum, er umsjónarnefnd eftirlauna heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. málsliðar þessarar málsgr., að leggja atvinnutekjur til grundvallar við útreikning stiga.

Við útreikning stiga lengra aftur í tímann en upplýsingar lífeyrissjóðs og skattstjóra ná skal miða við meðaltal stiga þrjú bestu árin, sem upplýsingar eru um, þó aldrei meira en eitt stig, sbr. 2. málsgr.

Ákvæði 4.—6. málsgr. 6. gr. skulu gilda um útreikning stiga samkvæmt þessari grein.

III. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

12. gr.

Eftirlaun samkvæmt I. og II. kafla skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri og makalífeyri.

Fjárhæð ellilífeyris er á hverju almanaksári hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna undanfarandi 5 almanaksár, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem hlutaðeigandi hefur áunnið sér, margfölduðum með 1.8. Aldrei skal þó reikna með færri stigum en 5.

Fjárhæð örorkulífeyris, miðað við 100% örorku, reiknast á sama hátt og ellilífeyrir með þeirri breytingu, að auk áunninna stiga skal reikna þau stig, sem ætla má, að öryrkinn hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin, áður en hann varð öryrki. Sé orkutap minna en 100%, greiðist örorkulífeyrir í hlutfalli við orkutapið. Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur. Reiknast þá ellilífeyrir í samræmi við þann stigafjölda, sem örorkulífeyrir miðast við.

Fjárhæð makalífeyris er á hverju almanaksári hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna undanfarandi 5 almanaksár, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem hinum látna var reiknaður, að viðbættum 5 stigum. Falli maður frá, áður en hann nær 70 ára aldri, skal auk áunninna stiga reikna þau stig, sem ætla má, að hann hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin, áður en hann féll frá.

Verði það þriggja ára meðaltal stiga, sem um ræðir í 3. og 4. málsgr. talið óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.

Maður getur notið samtímis makalífeyris og elli- eða örorkulífeyris samkvæmt lögum þessum, enda sé heildarfjárhæð eftirlauna eigi hærri en sem svarar fjárhæð ellilífeyris fyrir 20 áunnin stig.

13. gr.

Nú á maður réttindatíma bæði samkvæmt I. og II. kafla laga þessara, og skal þá taka tillit til samanlagðs réttindatíma og ákveða lífeyrisgreiðslur í hlutfalli við réttindatíma og miðað við fjárhæð, sem greidd hefði verið samkvæmt hvorum kafla fyrir sig, ef réttindatíminn hefði verið óskiptur. Aldrei skal reikna sama tímabil sem réttindatíma samkvæmt báðum köflum.

Ákvæði 1. málsgr. skulu gilda, þegar um er að ræða réttindatíma samkvæmt lögum þessum ásamt réttindatíma samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda, sbr. 18. gr. laga nr. 101/1970.

Hafi maður auk launatekna, sem falla undir ákvæði 6. gr., og tekna af búvöruframleiðslu, sem veita rétt samkvæmt lögum nr. 101/1970, haft á einu og sama almanaksári aðrar atvinnutekjur, sbr. 10. gr., skal bæta slíkum atvinnutekjum við, þegar áunnin stig eru reiknuð, en þó skal slík viðbót aldrei hafa í för með sér, að heildarstig á árinu fari fram úr þeim mörkum, sem tilgreind eru í 2. málsgr. 6. gr. og 2. málsgr. 11. gr. Réttindi skulu talin falla undir I. eða II. kafla eftir því, undir hvorn kaflann meirihluti stiga ársins fellur.

Nú hafa hjón stundað búskap og það hjóna, sem ekki hefur talist bóndi samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð bænda, hefur áunnið sér a. m. k. 2 stig samkvæmt lögum þessum án þess þó að uppfylla skilyrði laganna um lágmark réttindatíma, og skal þá búskapartíminn talinn til réttindatíma eftir því, sem við getur átt. Stig skulu ekki reiknuð vegna slíks búskapartíma. Fjárhæð lífeyris skal ákveðin í samræmi við 1. málsgr.

14. gr.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt 12. gr. Hafi maður eftir 19. maí 1969 gengið úr lífeyrissjóði og afsalað sér réttindum sínum þar, skal sá lífeyrir, sem hann hefði ella átt rétt á úr sjóðnum, dragast frá á sama hátt. Ef hlutaðeigandi hefur ekki getað öðlast rétt samkvæmt I. kafla, skal þó miðað við úrgöngu eftir 22. júní 1977 í stað 19. maí 1969. Sé um að ræða lífeyrissjóð, sem stofnaður er eftir gildistöku laga nr. 18/1970, skal frádráttur ekki vera lægri en hann mundi vera samkvæmt þeim reglum, er tíðkast hjá lífeyrissjóðum stéttarfélaga, sem starfræktir voru fyrir gildistöku laganna.

15. gr.

Eftirlaun samkvæmt I. kafla greiðast eftir á fyrir hvert greiðslutímabil, er hlutaðeigandi sjóðstjórn ákveður. Þó skal eigi greitt oftar en mánaðarlega og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Sama gildir um eftirlaun samkvæmt II. kafla, þó þannig, að umsjónarnefnd eftirlauna kemur í stað stjórnar lífeyrissjóðs, ef lífeyrissjóðsaðild er ekki til að dreifa.

Eftirlaun skulu greidd frá 1. næsta mánaðar eftir að hlutaðeigandi öðlast rétt til þeirra, og þau falla niður í lok þess mánaðar, er lífeyrisþegi fellur frá. Fjárhæð eftirlauna skal reiknuð í heilum krónum á mánuði án tillits til lengdar greiðslutímabils, sbr. 1. málsgr.

16. gr.

Stjórnir hlutaðeigandi lífeyrissjóða úrskurða eftirlaun og annast greiðslu þeirra. Eigi hlutaðeigandi eftirlaunaþegi samkvæmt I. kafla ekki lífeyrisrétt í neinum lífeyrissjóði, skal stjórn lífeyrissjóðs stéttarfélags hans úrskurða eftirlaunin og greiða þau, nema samkomulag sé um annað milli þess sjóðs og lífeyrissjóðs fyrirtækis, sem félaginn hefur starfað hjá. Umsjónarnefnd eftirlauna annast úrskurðun og greiðslu

eftirlauna samkvæmt II. kafla, sé ekki um lífeyrissjóðsaðild að ræða, enda hafi ráðherra ekki ákveðið aðra tilhögun, sbr. 18. gr.

Eftirlaun skulu ekki greidd lengra aftur en tvö ár, reiknað frá lokum næsta mánaðar áður en umsókn berst umsjónarnefnd eftirlauna.

17. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þrjá menn í umsjónarnefnd eftirlauna, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn án tilnefningar og sé hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin hefur yfirumsjón með úthlutun eftirlauna og úthlutar stjórnum lífeyrissjóða, sbr. 16. gr., fé því, sem þarf til greiðslu eftirlaunanna. Skylt er umsækjendum, stjórnum lífeyrissjóða og skattstjórum að veita nefndinni þær upplýsingar, er þessir aðilar hafa tök á að veita og nefndin telur mega að gagni verða við ákvörðun eftirlaunaréttinda. Hún úrskurðar og um ágreining, sem upp kann að koma um úrskurðun og greiðslu eftirlauna.

Lífeyrissjóði bænda er skylt að endurgreiða eftir kröfu nefndarinnar að sínum hluta eftirlaun, er að nokkru leyti miðast við réttindatíma hlutaðeigandi sem bónda. Á sama hátt skal nefndin greiða Lífeyrissjóði bænda viðbót við eftirlaun, sem greidd eru úr þeim sjóði bændum, sem áunnið hafa sér réttindatíma samkvæmt lögum þessum og fá að sama skapi skert réttindi hjá Lífeyrissjóði bænda.

Kostnaði við störf nefndarinnar skal skippt í hlutfalli við útgjöld til bótagreiðslna, að meðtöldum uppbótum samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laganna.

18. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna.

Í reglugerð skal m. a. kveðið á um, hvenær maður telst hafa látið af störfum, svo og um niðurfellingu eftirlauna, sbr. 4. og 9. gr., og heimilt er að ákveða, að starf, sem ekki nær þremur mánuðum á almanaksári, skuli ekki valda niðurfellingu. Þá skal ákveða, hvernig meta skuli til frádráttar samkvæmt 14. gr. innstæður hlutaðeigandi í lífeyrissjóðum með séreignaskipulagi.

Í reglugerð er heimilt að ákveða, að lífeyrir úr lífeyrissjóði komi ekki að fullu til frádráttar eftirlaunum samkvæmt lögum þessum, ef um er að ræða sjóði, sem krefjast iðgjalda af launum umfram þau, sem greiða hefði átt iðgjöld af samkvæmt samkomulaginu frá 19. maí 1969. Enn fremur er þar heimilt að ákveða, að sleppt skuli skiptingu útgjalda milli kafla, svo og kröfum á hendur Lífeyrissjóði bænda í einstökum málum, þegar um lítinn hluta heildargreiðslunnar er að ræða.

19. gr.

Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi greiðslur til lífeyrissjóða og annarra aðila samkvæmt úthlutun og úrskurðum umsjónarnefndar eftirlauna, færir þær á viðskiptareikning nefndarinnar hjá atvinnuleysistryggingasjóði og krefur ríkissjóð um útgjaldahluta hans.

Ráðherra getur að fenginni umsögn umsjónarnefndar eftirlauna falið Tryggingastofnun ríkisins að taka við umsóknum og annast afgreiðslu lífeyris samkvæmt II. kafla í þeim tilvikum, er hlutaðeigandi á ekki aðild að lífeyrissjóði.

20. gr.

Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum þessum falla niður eigi síðar en 1. janúar 1985.

IV. KAFLI
Uppbót á lífeyri.

21. gr.

Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt I. kafla laga þessara og tilheyra lífeyrissjóðum, sem II. kafli samkomulags Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða tekur til, skal árin 1979—1981 greidd sérstök uppbót, þannig að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun samkvæmt 1. málsgr. 6. gr. eins og þau eru samkvæmt kauptaxta 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert, í stað 5 ára meðaltals. Umsjónarnefnd eftirlauna reiknar uppbót þessa.

Lífeyrishækkanir, greiddar árin 1979—1981 af lífeyrissjóðum, er standa utan við samkomulag það, sem nefnt er í 1. málsgr., skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum, enda sé um að ræða hækkanir, sem ekki er skylt að greiða samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi lífeyrissjóðs og eru að dómi umsjónarnefndar eftirlauna hliðstæðar uppbótagreiðslum samkvæmt 1. málsgr. Sama gildir um mismun, er fram kann að koma vegna þess, að reglur lífeyrissjóðs sem aðild á að samkomulaginu, um hliðstæðar uppbætur til lífeyrisþega almennt eru hagstæðari lífeyrisþegum en ákvæði 1. málsgr.

22. gr.

Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt II. kafla laga þessara, skal árin 1979—1981 greidd sams konar uppbót og kveðið er á um í 1. mgr. 21. gr. Skulu ákvæði 2. málsgr. 21. gr. um frádrátt vegna uppbótargreiðslna úr lífeyrissjóði gilda eftir því, sem við getur átt.

V. KAFLI
Fjárhagsákvæði.

23. gr.

Fé til greiðslu eftirlauna samkvæmt I. kafla að undanskilinni uppbót samkvæmt 21. gr. greiðist að ¾ hlutum úr atvinnuleysistryggingasjóði og að ¼ hluta úr ríkissjóði.

24. gr.

Gjöld til uppbótargreiðslna skv. 1. mgr. 21. gr. skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti, að hver sjóður, sem aðild á að samkomulagi því, sem fram kemur í 21. gr. og undirritar samstarfssamning lífeyrissjóðs þar að lútandi, skal leggja fram 4% af iðgjaldatekjum sínum á árunum 1979—1981. Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla iðgjaldatekjur sjóðanna og ákveða framlög og gjalddaga þeirra. Umsjónarnefndin annast jafnframt skiptingu fjárins milli sjóðanna í hlutfalli við áætlaðar viðbótagreiðslur hvers þeirra vegna greiðslu hinnar sérstöku uppbótar. Það, sem á kann að skorta, að framlög af iðgjaldatekjum hrökkvi til þess að greiða þessa sérstöku uppbót, leggur hver sjóður til vegna sinna félaga. Umsjónarnefnd eftirlauna skal annast uppgjör milli sjóðanna eftir lok hvers árs. Um nánari framkvæmd þessara ákvæða skal fara eftir reglum, sem umsjónarnefnd eftirlauna setur og ráðherra staðfestir.

25. gr.

Kostnaður af greiðslu eftirlauna samkvæmt II. kafla þessara laga, greiðslu uppbótar á þau eftirlaun og greiðslu sérstakrar uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1977 skal skiptast sem hér segir:

1. Allir launaskattsgreiðendur, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi, skulu greiða eftirlaunaiðgjald er nemur 0.5% af launaskattsstofni eigin vinnu, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1965, enda greiði þeir ekki iðgjöld af þeirri vinnu í lífeyrissjóð. Aldrei skal þó greiða eftirlaunaiðgjald af hærri launaskattstofni en sem á vantar, að greidd séu iðgjöld til lífeyrissjóðs vegna hlutaðeigandi manns af árstekjum miðað við fullt starf og 10% lífeyrissjóðsiðgjald.

   Eftirlaunaiðgjald þetta skal innheimt á sama hátt og launaskattur.
2. Allir lífeyrissjóðir, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, skulu leggja fram 1% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum. Þó skal framlag aldrei reiknast af hærri fjárhæð en sem svarar 10% af iðgjaldsskyldum tekjum hvers sjóðsfélaga samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi sjóðs.
3. Þeir lífeyrissjóðir, sem eiga aðild að samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni lífeyrissjóða frá 22. júní 1977, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1977, skulu auk 1% framlags af iðgjaldatekjum skv. 2. lið þessarar gr. leggja fram 4% af sömu tekjum.
4. Að öðru leyti skulu ríkissjóður, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður standa að jöfnu undir kostnaði af greiðslum samkvæmt þessari málsgrein.

Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla framlag hvers lífeyrissjóðs samkvæmt 2. og 3. lið 1. málsgr. í byrjun hvers árs. Gjalddagi hins áætlaða framlags er 1. apríl, en endanlegt uppgjör skal fara fram fyrir 1. júlí næsta ár á eftir. Ráðherra getur að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna kveðið á um skilgreiningu iðgjalda og sett reglur um, hvernig bókfærslu iðgjalda skuli hagað í þessu sambandi, dráttarvexti af ógreiddum framlögum og nánari framkvæmd ákvæðis þessarar greinar.

Ákvæði þessarar greinar skulu endurskoðuð í árslok 1981, sbr. 21. og 22. gr.

VI. KAFLI

26. gr.

Lög þessi gildi frá 1. sept. 1979. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 63/1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum ásamt lögum nr. 33/1976 og lögum nr. 67/1977 um breytingar á þeim lögum. Ákvæði nefndra laga skulu þó gilda áfram um eftirlaun fyrir greiðslutímabil til 1. sept. 1979. Sama gildir um útgjöld til sérstakrar uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1977 um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta hefur verið samið á vegum endurskoðunarnefndar lífeyriskerfis (17 manna lífeyrisnefndarinnar), sem fjármálaráðherra skipaði árið 1976. Tilgangur frumvarpsins er að hrinda í framkvæmd fyrirheitum, sem ríkisstjórnin gaf í júnímánuði 1977 til að greiða fyrir samkomulagi launþega um lífeyrismál.

Einróma samkomulag var í nefndinni um tilgang og bótaákvæði frumvarpsins. Enginn ágreiningur var heldur um það, að lífeyrissjóðir greiði 5% af iðgjaldatekjum til að standa að hluta undir kostnaði vegna bótaákvæða þess. Varðandi fjáröflunartillögur frumvarpsins í heild lágu hins vegar fyrir tillögur um tvær meginleiðir, og afgreiddi nefndin málið þannig til ríkisstjórnarinnar, að val stóð milli þessara tveggja leiða. Í frumvarpinu, eins og það er lagt fram hér, er önnur þessara leiða farin, en í hinni tillögunni var gert ráð fyrir mun hærra ríkisframlagi, en minni útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs og lífeyrissjóða, sem samkomulagið frá 22.

júní 1977 tekur til. Síðarnefndu tillöguna studdu fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna og Landssambands lífeyrissjóða, en fulltrúi Lífeyrissjóðs bænda taldi sig geta stutt hvora tillöguna sem væri.

Hér fara á eftir athugasemdir þær, sem frumvarpinu fylgdu frá nefndinni, með innskotum og viðbótum vegna þeirra atriða, sem eftir var að ganga frá að fullu.

Einn þáttur hinna almennu kjarasamninga, sem gerðir voru í júnímánuði 1977, var samkomulag samtaka launþega og vinnuveitenda um lífeyrismál. Í samkomulagi þessu er m. a. kveðið á um tveggja ára framlengingu þeirrar verðtryggingar lífeyrisgreiðslna til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem um hafði verið samið í febrúar 1976 og gilda átti til ársloka 1977. Útgjöld vegna verðtryggingar þessarar eru borin af lífeyrissjóðum á samningssviði aðila samkvæmt sérstökum samstarfssamningi þar að lútandi.

Til þess að greiða fyrir ofangreindu samkomulagi hét ríkisstjórnin að beita sér fyrir tilteknum breytingum á lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum og fleiri ráðstöfunum jafnframt því, að áfram skyldi unnið að undirbúningi samfellds lífeyriskerfis fyrir alla landsmenn. Meðal þeirra ráðstafana voru eftirtalin tvö atriði, sem enn hefur ekki verið hrint í framkvæmd:

a. Fyrirheit um að tryggja í samvinnu við sveitarfélögin og ríkisbankana því fólki, sem lýkur starfsævi sinni í þjónustu hins opinbera og ekki á betri rétt í lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna, sama lágmarksrétt og lögin um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum og samkomulag aðila færa þeim, sem þeirra njóta.
b. Fyrirheit um, að samdar skyldu tillögur, sem tryggðu öllum landsmönnum svipaðan rétt og lögin um eftirlaun aldraðra ákveða félögum í stéttarfélögum, fram til þess að nýskipan lífeyriskerfis tekur gildi.

Í meðfylgjandi lagafrumvarpi er gert ráð fyrir, að framangreind tvö atriði verði leyst með þeim hætti, að í stað laga nr. 63/1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 33/1976 og lög nr. 67/1977, komi nýr lagabálkur um eftirlaun til aldraðra. Um mál þetta hefur verið fjallað af þeim tveimur nefndum, sem ríkisstjórnin skipaði árið 1976 til að semja tillögur um nýskipan lífeyriskerfisins í landinu. Önnur nefndin er skipuð 17 mönnum og er ætlað að vera vettvangur fyrir heildarendurskoðun lífeyrismála í landinu. Innan þessarar nefndar hefur starfað sjö manna lífeyrisnefnd Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda, en hana skipa þrír menn af hálfu Alþýðusambandsins, þrír af hálfu vinnuveitenda og einn maður skipaður af fjármálaráðherra. Sjö manna nefndin hefur einkum fjallað um lífeyrismálefni á samningssviði ASÍ og vinnuveitenda og m. a. undirbúnið fyrrnefnt samkomulag um lífeyrismál og gert tillögur um nauðsynlegan atbeina ríkisvaldsins í því sambandi bæði að því er varðar löggjafar- og framkvæmdaatriði. Starfshópur á vegum 17 manna nefndarinnar hefur síðan unnið að gerð frumvarpsins.

Lögin um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum voru sett í framhaldi af kjarasamningum 1969 og stofnun hinna svonefndu almennu lífeyrissjóða verkalýðsfélaga í ársbyrjun 1970. Tilgangurinn með lögunum var sá að veita eldri félögum verkalýðsfélaganna réttindi umfram það, sem iðgjaldagreiðslutími gat veitt tilefni til, þar sem lítið var eftir af starfsævi þeirra eða henni jafnvel lokið. Samkvæmt fyrirheiti ríkisstjórnarinnar við samningana 1969 skyldu útgjöld vegna þessara viðbótarréttinda næstu 15 árin borin af atvinnuleysistryggingasjóði að ¾ og ríkissjóði að ¼, en síðan tækju hlutaðeigandi lífeyrissjóðir við, enda yrði þá farið að draga verulega úr útgjöldum vegna þessara ráðstafana. Höfuðástæðan fyrir því, að sett voru lög um þetta efni í stað bráðabirgðaákvæða í reglugerðum lífeyrissjóðanna, var fjárhagsgrundvöllurinn, og því var gert ráð fyrir, að lögin féllu úr gildi í árslok 1984.

Eftir því sem verðbólga magnaðist, lækkaði hlutfallið milli lífeyrisfjárhæða samkvæmt lögunum um eftirlaun til aldraðra og launa, þar eð verðtrygging lífeyrisgreiðslna var mjög takmörkuð samkvæmt ákvæðum laganna. Úr þessu var bætt til bráðabirgða með samkomulagi samtaka launþega og vinnuveitenda í febrúar 1976, og skyldu lífeyrisgreiðslur breytast tvisvar á ári til samræmis við launahækkanir. Frá 1977 hafa greiðslur breyst ársfjórðungslega. Eins og áður er sagt, bera lífeyrissjóðir á samningssviði aðila útgjöld vegna þessarar verðtryggingar. Árið 1977 munu heildarútgjöld samkvæmt lögunum hafa numið rúmlega 700 millj. kr., og þar af hefur hluti lífeyrissjóðanna verið um 400 millj. kr. Ef dregi úr verðbólgu, mundi þátttaka sjóðanna í útgjöldum þessum minnka að sama skapi.

Réttindi samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum takmarkast við verkalýðsfélög í skilningi laga um atvinnuleysistryggingar. Er sú takmörkun í samræmi við áðurnefndan fjárhagsgrundvöll, þar sem atvinnuleysistryggingasjóður bar ¾ hluta útgjaldanna, áður en hinar sérstöku verðtryggingarráðstafanir komu til sögunnar. Það er enn fremur skilyrði, að hlutaðeigandi verkalýðsfélag hafi komið á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði, þ. e. að yngri mönnum séu tryggð eigi lakari réttindi en þau, sem lögin veita hinum eldri. Réttindi vegna tíma eftir að skylduaðild hefur verið komið á (yfirleitt frá ársbyrjun 1970), fer eftir iðgjaldagreiðslum, en til þess tíma er — að ákveðnu marki — miðað við launatekjur, sem gjaldskyldar hefðu talist, ef hlutaðeigandi lífeyrissjóðir hefðu verið starfandi.

Árið 1970 voru sett lög um Lífeyrissjóð bænda, og í II. kafla þeirra laga eru ákvæði um lífeyrisréttindi til handa öldruðum bændum, svipuð réttindum samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Útgjöld eru borin að hluta af Stofnlánadeild landbúnaðarins og að hluta af ríkissjóði. Þá hefur lífeyrissjóðurinn frá árinu 1976 tekið á sig útgjöld vegna sérstakrar verðtryggingar, sbr. það, sem að framan er sagt um samkomulag launþega og vinnuveitenda, og hafa þau útgjöld reynst þungur baggi vegna óhagstæðrar aldursskiptingar bænda og mikillar verðbólgu. Þess má enn fremur geta, að verðtryggingarreglurnar frá 1976 hafa haft í för með sér aukna verðtryggingu greiðslna úr lífeyrissjóðum langt út fyrir þann hóp, sem rétt á samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum eða II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda.

Helstu breytingar, sem í meðfylgjandi frumvarpi felast, eru þessar:

1. Fellt er niður skilyrði um aðild að stéttarfélagi.
2. Fellt er niður skilyrðið um skylduaðild að lífeyrissjóði.
3. Í stað gjaldskyldra launatekna, er gert ráð fyrir, að vinnsla réttinda geti miðast við atvinnutekjur samkvæmt skattframtölum.

Frumvarpið skiptist í kafla, m. a. vegna tvenns konar tekjugrundvallar. Í I. kafla er fjallað um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, og er þar ekki um efnisbreytingar að ræða frá núgildandi lögum. Í II. kafla er kveðið á um réttindi þeirra, sem hvorki eiga rétt samkvæmt I. kafla frumvarpsins né lögum um Lífeyrissjóð bænda.

Í III. kafla eru sameiginleg ákvæði um bótafjárhæðir, tengsl milli I. kafla frumvarpsins, II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda og II. kafla frumvarpsins og framkvæmd. Heimildarákvæði 8. gr. laga nr. 63/1971 um árlega hækkun bótafjárhæða er fellt inn í 12. gr. frumvarpsins sem lögbundið ákvæði. Heimild þessi hefur verið notuð á hverju ári til þessa, og beiting hennar verður að teljast ein af forsendum samkomulags launþega og vinnuveitenda um þá sérstöku uppbót, sem áður er nefnd. Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingar frá núgildandi lögum að ræða á bótaákvæðum, er varða rétt manna, sem einvörðungu falla undir I. kafla. Leitast er við að gera ákvæði um réttindi manna, sem á þeim hluta starfsævinnar, er máli skiptir í þessu sambandi, og hafa ýmist fallið undir ákvæði I. kafla frumvarpsins, II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda eða II. kafla frumvarpsins, þannig úr garði,

að til undantekninga teljist, að athuga þurfi réttindi eins og sama umsækjanda hjá fleiri en einu þessara kerfa fyrir sama tímabil. Með hliðsjón af breyttum aðstæðum, sem samþykkt frumvarpsins mundi hafa í för með sér í sambandi við afgreiðslu umsókna og framkvæmd eftirlaunagreiðslna, eru í frumvarpinu nánari ákvæði um framkvæmd en í núgildandi lögum.

Í IV. kafla eru ákvæði um uppbót á þann lífeyri, sem greiða skal samkvæmt I. og II. kafla frumvarpsins. Uppbótarákvæðin eru í samræmi við samkomulag A.S.Í. og vinnuveitenda frá 22. júní 1977, en gert er ráð fyrir gildistíma til ársloka 1981 í stað ársloka 1979.

Það er vandkvæðum bundið að áætla með viðunandi nákvæmni fjölda þeirra manna, sem öðlast lífeyrisrétt samkvæmt hinum nýju ákvæðum frumvarpsins. Athugun á fjölda fólks 70 ára og eldra, atvinnugreinaskiptingu, aðild að lífeyrissjóðum og eftirlaunagreiðslum samkvæmt lögum nr. 63/1971 og II. kafla laga nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bænda, bendir til, að fjöldi nýrra lífeyrisþega frá ársbyrjun 1979 yrði um 3 000. Gerður hefur verið samanburður við atvinnugreinaskiptingu frá 1968, en sú athugun gefur aðeins grófa vísbendingu um samsetningu þessa hóps. Ljóst er, að mikill hluti hinna nýju lífeyrisþega kemur úr hópi þeirra, sem stundað hafa sjálfstæðan atvinnurekstur, en einnig er um að ræða launþega, sem ekki hafa stundað störf, sem gjaldskyld eru samkvæmt samkomualgi A.S.Í. og vinnuveitenda frá 1969. Þá munu allmargir, sem skipt hafa um starf á síðari hluta starfsævinnar, öðlast réttindi vegna þeirra tengsla, sem samkvæmt frumvarpinu verða milli I. kafla, II. kafla og laganna um Lífeyrissjóð bænda. Langflestir hinna nýju lífeyrisþega eru nú án réttinda í lífeyrissjóðum, en nokkur hluti þeirra er þó félagar í lífeyrissjóðum, en eiga þar lítil réttindi vegna skamms iðgjaldagreiðslutíma eða takmarkaðrar verðtryggingar lífeyris.

Í fjárhagstillögum þessa frumvarps er gert ráð fyrir, að fjárhagsgrundvöllur eftirlauna skv. lögum nr. 63/1971 og uppbótar á þau eftirlaun svo og eftirlauna skv. II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda haldist óbreyttur, en heildarútgjöld af þessum liðum eru áætluð 2 075 m.kr. Á hinn bóginn er lagt til, að kostnaður af hinum nýju eftirlaunum og uppbót á þau, alls 1 350 m.kr., svo og uppbót á eftirlaun Lífeyrissjóðs bænda, um 330 m.kr., verði borinn af sameiginlegum sjóði, sem myndaður yrði þannig, að þeir lífeyrissjóðir, sem ekki eiga aðild að lífeyrissamkomulagi ASÍ, FFSÍ og vinnuveitenda greiði 5% af iðgjaldatekjum sínum eða um 470 m.kr., sjóðir á samningssviði ASÍ og FFSÍ greiði 1% af iðgjaldatekjum sínum eða 100 m.kr., sjálfstæðir atvinnurekendur greiði eftirlaunaiðgjald sem nemi 0.5% af launaskattstofni eða um 200 m.kr., en ríkissjóður, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður greiði það sem á vantar, og er hlutur hvers talinn verða röskar 300 m.kr. Hér er um ný útgjöld að ræða nema hvað snertir Lífeyrissjóð bænda, sem áður stóð einn undir greiðslu uppbótar á eftirlaun sín. Uppbót þessi er talin verða um 28—29% af iðgjaldatekjum sjóðsins á þessu ári, en til samanburðar má nefna, að uppbótargreiðslur sjóða, sem aðild eiga að lífeyrissamkomulagi ASÍ, FFSÍ og vinnuveitenda, nema að meðaltali 9—10% af iðgjaldatekjum sjóðanna, en útgjöld einstakra sjóða geta þó verið mun hærri.

Á fylgiskjali hér á eftir er sýnd sundurliðuð fjárhagsáætlun frumvarpsins. Tekið skal fram, að útgjöld lífeyrissjóða til uppbótar á lífeyrisgreiðslur fara mjög eftir þróun kaupgjalds, og minnkandi verðbólga á næstu árum mundu breyta greiðsluhlutföllum. Enn fremur skal á það bent, að gera má ráð fyrir, að umsóknir frá þeim, sem bótarétt öðlast samkvæmt frumvaarpinu frá og með 1. sept. 1979, berist smám saman það sem eftir er ársins og fram eftir árinu 1980. Fjárhagsáætlunin er hins vegar við það miðuð, að greiðslur komi að fullu til framkvæmda á yfirstandandi ári.

Sú ráðstöfun að tryggja tilteknum aldurshópum réttindi með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í II. kafla framvarpsins, án þess að koma jafnframt á skylduaðild að lífeyrissjóðum fyrir hlutaðeigandi stéttir og starfsgreinar, hefur óhjákvæmilega

í för með sér misræmi. Í fyrsta lagi er þess skammt að bíða, að elstu árgangar þess fólks, sem ekki uppfyllir það skilyrði að vera fætt árið 1914 eða fyrr, nái ellilífeyrisaldri og verði að verulegu leyti án lífeyrisréttinda, og við fráfall kemur þetta misræmi í ljós þegar eftir gildistöku hinna nýju ákvæða. Enn fremur eru í frumvarpinu ákvæði, er koma í veg fyrir, að menn geti hætt við lífeyristryggingu, er þeir njóta nú, og notið í staðinn réttinda samkvæmt II. kafla frumvarpsins. Verður að teljast óeðlilegt, að krafist sé fullrar greiðslu af þeim, sem orðið hafa eða kosið að gerast félagar í lífeyrissjóði, en hinir, sem látið hafa þátttöku undir höfuð leggjast, öðlist réttindi án greiðslu, ekki einungis fyrir liðinn tíma, heldur einnig framvegis. Af þessum ástæðum ber að stefna að því, að þegar á árinu 1979 verði komið á skylduaðild að lífeyrissjóði fyrir þá starfandi menn, sem þátttökuskylda nær enn ekki til samkvæmt lögum eða kjarasamningum. Við slíka lagasetningu er eðlilegt, að hliðsjón sé höfð af þeim bótaákvæðum, sem nú eru almennust hjá lífeyrissjóðum. Höfuðvandinn er hins vegar sá, hvernig afmarka skuli þann hóp manna, sem skylduaðildin á að ná til, og hvernig innheimtu skuli hagnað. Fjöldi manna vinnur störf, sem þegar eru tryggingarskyld, en gegnir jafnframt öðrum störfum í mismiklum mæli. Enn fremur kveður nokkuð að frjálsri lífeyrissjóðsaðild manna vegna starfa, sem ekki eru tryggingarskyld, og getur þótt rétt að taka tillit til slíks.

Að lokum skal athygli vakin á því, að lög nr. 63/1971 taka til manna, sem náð höfðu 55 ára aldri í ársbyrjun 1970, þegar hinir almennu lífeyrissjóðir verkalýðsfélaga tóku til starfa. Þeir, sem fæddir eru árið 1923 og enn hafa ekki öðlast aðild að lífeyrissjóði, verða því í ársbyrjun 1979 í sömu aðstöðu og menn fæddir 1914 voru í ársbyrjun 1970. Auk skylduaðildar frá 1979 yrði því þörf sérstakra ráðstafana vegna árganganna 1915—1923.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. málsgr. 1. gr. laga nr. 63/1971. Ákvæði 2. málsgr. er hins vegar í 23. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru efnislega hin sömu og 2. gr. laga nr. 63/1971.

Um 3. gr.

Í 2. málsgr. hefur verið tekið upp orðalag 2. gr. reglugerðar nr. 218/1971. Efnislega eru ákvæði greinarinnar óbreytt frá núgildandi ákvæðum 3. gr. laga nr. 63/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 33/1976 og 1. gr. laga nr. 67/1977.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 1. og 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 63/1971. Ákvæði 3. málsgr. eru í 18. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Greinin er samhlpóða 1.—3. málsgr. 5. gr. laga nr. 63/1971, en ákvæði 4. málsgr. eru í 13. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Greinin er samhljóða 6. gr. laga nr. 63/1971 að öðru leyti en því, að með viðbót við 3. málsgr. eru ákvæði gerð skýrari.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið á um skilyrði fyrir eftirlaunarétti þeirra, sem hvorki eiga rétt samkvæmt I. kafla frumvarpsins né II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda.

Um réttindi þeirra, sem eiga að baki réttindatíma í tveimur þessara eftirlaunakerfa eða þeim öllum, er fjallað í 13. gr. Um ákvæði þessi skírskotast til almennra athugasemda hér að framan.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar um örorku- og makalífeyri eru hliðstæð ákvæðum 3. gr. Tekið skal fram, að tilgangurinn með örorkulífeyrisákvæðunum, sem sett voru með lögum nr. 33/1976, var annars vegar sá að auka réttindi margra þeirra, sem mjög lágan lífeyri fengu vegna skamms réttindatíma, og hins vegar, að tími frá orkutapi til ellilífeyrisaldurs yrði reiknaður með réttindatíma slíkra manna, þegar til úrskurðar ellilífeyris kæmi. Skilyrðið um, að réttur til örorkulífeyris hafi skapast hjá lífeyrissjóði, takmarkar mjög fjölda þeirra, sem öðlast geta slíkan rétt samkvæmt II. kafla frumvarpsins. Ef fallið væri frá þessu skilyrði og gert ráð fyrir sjálfstæðum úrskurði umsjónarnefndar um örorku, þyrfti á hinn bóginn langtum ítarlegri ákvæði um grundvöll örorkumats, biðtíma o. fl.

Um 9. gr.

Greinin er hliðstæð 4. gr., en í stað launatekna kemur hugtakið atvinnutekjur. Oft er vandkvæðum bundið að skera úr um, að hve miklu leyti atvinnutekjur manna, er stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, byggjast á eigin vinnuframlagi, og er orðalag 4. og 9. gr. því ekki samhljóða að öllu leyti.

Um 10. gr.

Greinin er hliðstæð 5. gr., en í stað launatekna af tilteknu tagi koma hér atvinnutekjur almennt. Hér er átt við hreinar atvinnutekjur, þ. e. eftir að kostnaður við öflun teknanna hefur verið dreginn frá. Gert er ráð fyrir, að nánari ákvæði verði sett í reglugerð.

Um 11. gr.

Greinin svarar til 6. gr. Í ákvæðum 2. málsgr. felst þó verulegt frávik frá tilsvarandi ákvæðum I. kafla. Í fyrsta lagi eru réttindi eftir árslok 1969 samkvæmt I. kafla jafnan miðuð við iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs (hjá verkstjórum er þó miðað við árslok 1970, þar eð þeir komu á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði í ársbyrjun 1971). Samkvæmt II. kafla er iðgjaldagreisla til lífeyrissjóðs á hinn bóginn ekki skilyrði fyrir réttindavinnslu. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að aldrei ávinnist meira en eitt stig á ári án iðgjaldagreiðslu samkvæmt II. kafla í stað 1.1 stigs samkvæmt I. kafla. Reynslan sýnir, að mjög margir launþegar í fullu starfi ávinna sér u. þ. b. eitt stig á ári í hinum almennu sjóðum verkalýðsfélaga, og þykir óeðlilegt að réttindi án iðgjaldagreiðslu samkvæmt II. kafla séu meiri.

Vegna mismunandi ákvæða lífeyrissjóða um gjaldskyldar tekjur og hundraðshluta iðgjalda (sem dæmi má nefna 7% af heildartekjum í stað 10% af dagvinnutekjum) er í 2. málslið 2. málsgr. kveðið á um, hvernig réttindi skuli reiknuð, ef iðgjöld eru lægri en 10%. Þótt slíkt ákvæði sé ekki í lögum nr. 63/1971, hefur samkvæmt eðli máls og vegna tengsla lagasetningarinnar við samkomulagið frá 1969, sama regla verið látin gilda þar.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. laga nr. 63/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 33/1976.

Um 13. gr.

Í 1. og 2. málsgr. er kveðið á um tengsl réttinda samkvæmt I. og II. kafla frumvarpsins, svo og um tengsl við II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Eru ákvæði þessi í samræmi við núgildandi ákvæði um tengsl eftirlaunaréttinda aldraðra félaga í stéttarfélögum og aldraðra bænda, sbr. 4. málsgr. 5. gr. laga nr. 63/1971, 18. gr. laga nr. 101/1970 og 2. gr. laga nr. 35/1972.

Í 3. málsgr. er kveðið á um samlagningu réttinda innan eins og sama almanaksárs. Með þeim takmörkunum, sem þar eru á slíkri samlagningu, ætti einungis í undantekningartilvikum að vera þörf skattframtala jafnframt upplýsingum um iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs, ef um er að ræða tímabil eftir árslok 1969, og aðeins í örfáum tilvikum ætti að vera þörf endurupptöku mála umsækjenda, sem nú þegar njóta lífeyris samkvæmt lögum nr. 63/1971. Óvissa í þessu efni, sem valda mundi stóraukinni fyrirhöfn og seinkun afgreiðslu, er síðan breytti litlu sem engu um réttindi manna, er að sjálfsögðu óæskileg.

Ákvæði 4. málsgr. er nýmæli. Réttindavinnsla bónda og húsfreyju samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð bænda er samtvinnuð á þann hátt, að aðeins annað hjóna telst sjóðfélagi, en á hinn bóginn öðlast kvæntur bóndi meiri lífeyrisrétt en ókvæntur samkvæmt II. kafla laganna. Bregði hjón búi og taki upp störf sem launþegar, nýtur bóndinn góðs af samlagningu réttindatíma, en maki hans fær samkvæmt gildandi lögum ekki tekið tillit til búskapartímans og verður því að ná 10 ára réttindatíma sem launþegi til þess að öðlast ellilífeyrisrétt samkvæmt lögum nr. 63/1971. Úr þessu er bætt með hinu nýja ákvæði.

Um 14. gr.

Greinin er samhljóða 9. gr. laga nr. 63/1971 að öðru leyti en því, að sett er tímamarkið 22. júní 1977 í þeim tilvikum, er tímasetningin 19. maí 1969 getur ekki átt við.

Um 15. gr.

Greinin svarar til 10. gr. laga nr. 63/1971 og þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Greinin svarar til 11. gr. laga nr. 63/1971. Ákvæði 2. málsgr. eru í samræmi við núverandi framkvæmd umsjónarnefndar og reglur almannatrygginga um greiðslu lífeyris aftur í tímann. Að öðru leyti stafa breytingar af hinum nýju ákvæðum II. kafla frumvarpsins.

Um 17. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. laga nr. 63/1971 að öðru leyti en því, að sett eru ný ákvæði um skiptingu kostnaðar við störf nefndarinnar með hliðsjón af breyttum fjárhagsgrundvelli eftirlaunagreiðslnanna. Þá er fellt niður ákvæði um samþykki forsætisráðherra, sem kveðið var á um með samkomulaginu 1969.

Um 18. gr.

Greinin svarar til 13. gr. laga nr. 63/1971, og enn fremur eru þar ákvæði, sem nú eru í 3. málsgr. 4. gr. laganna. Síðari málsliður 3. málsgr. er nýr.

Um 19. gr.

Tilsvarandi ákvæði eru ekki í lögum nr. 63/1971, en með skírskotun til núverandi fjárhagsgrundvallar hafa bókhald umsjónarnefndar og greiðslur til lífeyrissjóða á úrskurðuðum eftirlaunum verið á vegum Atvinnuleysistryggingasjóðs hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Um 20. gr.

Greinin er samhljóða 1. málsgr. 14. gr. laga nr. 63/1971, en ákvæði 2. og 3. málsgr. þeirrar greinar er ekki lengur þörf.

Um 21. gr.

Ákvæði 1. málsgr. um sérstaka uppbót eru samhljóða núgildandi bráðabirgðaákvæðum laga nr. 63/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1977, að öðru leyti en því, að gildistími er 1979—1981 í stað 1977—1979. Í 2. málsgr. hefur verið bætt við nýjum málslið, sem er í samræmi við þá framkvæmd, sem verið hefur, en tekur af tvímæli um lagaheimild.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. málsgr. 1. gr. laga nr. 63/1971.

Um 24. gr.

Greinin er samhljóða fjárhagsákvæðum bráðabirgðaákvæða laga nr. 63/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1977, að öðru leyti en um gildistíma, sem að er vikið í athugasemdum við 21. gr.

Um 25. gr.

Um grein þessa skírskotast til almennra athugasemda hér að framan.

Um 26. gr.

Gert er ráð fyrir gildistíma frá 1. sept. 1979, en ákvæði laga nr. 63/1971 gildi þó áfram um lífeyrisgreiðslur vegna tímabils fram til þess tíma, þótt greiðsla sé ekki innt af hendi fyrr en síðar. Þá verða útgjöld vegna uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda fyrir tíma til 1. sept. 1979 borin af þeim sjóði í samræmi við núgildandi ákvæði.

Fylgiskjal 1.

Fjárhagsáætlun varðandi eftirlaun til aldraðra.

	Áætlun 1979 M.kr.
A. Kostnaður	
I. Núverandi kerfi	
1. Eftirlaun skv. l. nr. 63/1971	700
2. Eftirlaun skv. II. kafla l. nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bænda	310
3. Uppbót á eftirlaun skv. l. nr. 63/1971	1 065
4. Uppbót á eftirlaun hjá Lífeyrissjóði bænda	330
Samtals	2 405
II. Ný eftirlaun og uppbót	1 350
III. Heildarkostnaður	3 755
B. Fjáröflun skv. frv.	
1. Kostnaður samkomulagssjóða af greiðslu uppbótar	1 065
2. Framlag samkomulagssjóða, 1% af iðgjaldatekjum	100
3. Framlag annarra lífeyrissjóða, 5% af iðgjaldatekjum	470
4. Eftirlaunaiðgjald sjálfstæðra atvinnurekenda, 0.5% af launaskattstofni	200
5. Hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs af eftirlaunum skv. l. nr. 63/1971	525
6. Hluti Stofnlánadeildar landbúnaðarins í eftirlaunum bænda	116
7. Hluti ríkissjóðs skv. l. nr. 63/1971	175
8. Hluti ríkissjóðs skv. l. nr. 101/1970	194
9. Afgangur borinn að jöfnu af ríkissjóði, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóði	910
Samtals	3 755

Fylgiskjal II.

Samanburður tveggja leiða og núverandi tilhögunar á fjáröflun til lífeyrisgreiðslna. Fjárhæðir á heilu ári m. v. áætlað kauplag 1979.

Skipting fjáröflunar	Tillaga I M.kr.	%	Tillaga II M.kr.	%	Núverandi fjáröflun til eftirlauna aldraðra og lífeyrissjóðs bænda M.kr.	%
Samkomulagssjóðir	510	13.6	1 165	31.0	1 065	44.3
Aðrir lífeyrissjóðir	470	12.5	470	12.5	330[1])	13.7
Eftirlaunaiðgj. atvinnurekenda ..	200	5.3	200	5.3	—	—
Stofnlánadeild landbúnaðarins ..	116	3.1	116	3.1	116	4.8
Atvinnuleysistryggingasjóður ...	525	14.0	828	22.1	525	21.8
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	270	7.2	303	8.1	—	—
Ríkissjóður	1 664	44.3	673	17.9	369	15.4
Alls	3 755	100.0	3 755	100.0	2 405	100.0

1) Lífeyrissjóður bænda, uppbót á eftirlaun greidd af sjóðnum sjálfum.

Ed. 542. Lög [125. mál]

um breyting á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 520.

Ed. 543. Lög [223. mál]

um breyting á lögum nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 445.

Nd. 544. Lög [230. mál]

um stjórn efnahagsmála o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 517 (sbr. 453 og 511).

Nd. 545. Nefndarálit [226. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. þetta á tveimur fundum og m. a. fengið til viðræðna við sig fiskifræðingana Guðna Þorsteinsson og Aðalstein Sigurðsson.

Þá hefur nefndin fengið til skoðunar tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um að opna fyrir skarkolaveiðum svæðið allt frá Bjargtöngum og norður úr upp að 4 mílum frá landi. Einnig hefur nefndin kynnt sér andmæli handfæraveiðimanna á Þingeyri og í Súgandafirði við ákvæðum frv.

Að athuguðu máli leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Úr 1. mgr. 1. gr. frv. falli niður orðin: „og flotvörpu“.

Garðar Sigurðsson boðaði, að hann mundi skrifa undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 5. apríl 1979.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm. Matthías Bjarnason. Páll Pétursson.

Gunnar Már Kristófersson. Sverrir Hermannsson.

Garðar Sigurðsson, með fyrirvara.

Sþ. 546. Tillaga til þingsályktunar [264. mál]

um aðgerðir vegna fiskeldis að Laxalóni.

Frá allsherjarnefnd Nd.

Alþingi ályktar:

1. Að skipuð verði 3 manna nefnd, sem verði falið að vinna að eftirfarandi verkefnum:
   að meta það brautryðjendastarf, sem Skúli Pálsson hefur unnið við eldi á regnbogasilungi hér á landi;
   að meta tjón það, sem kann að verða vegna niðurskurðar á regnbogasilungsstofni Skúla Pálssonar, þar til nýr stofn er orðinn kynþroska og arðbær;
   að meta verðmæti stöðvarinnar að Laxalóni með það fyrir augum, að Alþingi samþykki að ríkið festi kaup á henni;
   að gera tillögur um uppbyggingu fiskræktarstöðvar að Þóroddsstöðum II í Ölfusi og hvernig þar megi halda áfram þeirri fiskrækt, sem nú er í Laxalóni.
2. Væntanlegur kostnaður vegna máls þessa verði greiddur úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd neðri deildar hefur um nokkurra mánaða skeið, að eigin frumkvæði, haft til athugunar málefni Skúla Pálssonar á Laxalóni og samskipti hans við opinbera aðila. Málið hefur verið kannað frá mörgum hliðum. Til að afla upplýsinga hafa eftirtaldir aðilar komið til fundar við nefndarmenn og gefið upplýsingar:

Sveinn Snorrason, hrl.,
Þór Guðjónsson, veiðimálastjóri,

Skúli Pálmason, hrl.,
Páll A. Pálsson, yfirdýralæknir,
Guðmundur Pétursson, forstöðumaður, Keldum,
dr. Sigurður Helgason, fisksjúkdómafræðingur,
Skúli Pálsson, framkvæmdastjóri, og
Sveinbjörn Dagfinnsson, ráðuneytisstjóri.

Svo sem sjá má af þessari upptalningu hefur nefndin rætt við allmarga einstaklinga vegna þessa máls, sem almennt gengur undir heitinu „Laxalónsmálið", í því skyni að afla greinargóðra og hlutlægra upplýsinga.

Í ljós hefur komið, að hér er um að ræða deilumál, sem erfitt er að leggja á tölulegt mat. Málið er öðrum þræði af tilfinningalegum toga spunnið, og hafa tekist á framkvæmdavilji annars vegar og verndunarsjónarmið hins vegar. Stjórnvöld og embættismenn verða ekki áfelld fyrir að taka tillit til verndunarsjónarmiða gagnvart viðkvæmu lífríki landsins. Því síður er unnt að áfellast athafnamenn, sem vilja efla og auka rekstur sinn.

Það er hins vegar ljóst, að fiskrækt getur verið mjög arðvænleg atvinnugrein, ef rétt er að staðið. Nægir í því sambandi að minna á reynslu Dana, Norðmanna og fleiri þjóða. Það er þess vegna skoðun nefndarmanna, að Alþingi beri að gera það sem í þess valdi stendur til að greiða fyrir framförum í þessari atvinnugrein, án þess að tekin sé ástæðulaus áhætta.

Skúli Pálsson hóf eldi á regnbogasilungi árið 1951 eftir að hafa flutt regnbogasilungshrogn til landsins. Þekkingu á fisksjúkdómum hefur fleygt fram síðan þá. Vegna fjárskorts og af öðrum ástæðum var ekki fyrir hendi hér á landi aðstaða né sérhæfðir starfskraftar til að ákvarða óumdeilanlega heilbrigði regnbogasilungsins. Hins vegar hefur ekki í röskan aldarfjórðung fundist neinn kvilli í regnbogasilungsstofninum.

Stjórnvöld hafa á þessu árabili verið á varðbergi gagnvart hugsanlegum sjúkdómum og enga áhættu tekið. Þessa afstöðu hafa sumir nefnt óeðlilega tregðu embættismanna og stjórnvalda. Árið 1976 gerðist það svo, að staðfest var nýrnaveiki í laxastofni að Laxalóni. Þar eð ekki þykir sannað að regnbogasilungur geti ekki borið þennan sjúkdóm, þótt hann sýkist ekki sjálfur, þykir nefndinni rétt að farið verði að tillögum dr. Sigurðar Helgasonar um niðurskurð á regnbogasilungsstofninum að klaki loknu á vori komanda. Ætlunin er að sótthreinsa hrognin og koma upp nýjum stofni.

En hver sem upptök deilunnar um regnbogasilunginn kunna að vera, er ljóst að með árunum hefur mikill hiti færst í hana. Óhætt mun að fullyrða að þar hefur verið farið út fyrir skynsamleg mörk. Verður ekki séð að slíkar deilur séu til þess fallnar að auka gagnkvæmt traust þegns og stjórnvalds.

Ógerlegt er að meta nákvæmlega hugsanlegt tjón vegna varfærni stjórnvalda gagnvart regnbogasilungsræktun á undanförnum árum, varfærni sem m. a. byggist á því, að nauðsynleg aðstaða hefur ekki verið fyrir hendi til rannsókna. Hér er átt við hugsanlegt tjón Skúla Pálssonar og þjóðarheildarinnar. Vegna þess að hér getur verið um arðvænlega atvinnugrein að ræða er það skylda Alþingis að vera hvetjandi, en ekki letjandi, þegar um þessi mál er fjallað. Um leið ber og að taka fyllsta tillit til álits hæfustu sérfræðinga.

Ekki leikur vafi á því, að Skúli Pálsson hefur orðið fyrir og á eftir að verða fyrir fjárhagslegu tjóni vegna þróunar mála. Hætt er við að tilraunin að Laxalóni, fái hún þann endi sem nú blasir við, muni draga kjark úr öðrum sem hug hafa á svipuðum tilraunum. Þess vegna gerir allsherjarnefnd þær tillögur, sem hér hefur verið lýst.

Ed. **547. Frumvarp til laga** [265. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. lög nr. 2 11. febrúar 1970, lög nr. 66 30. apríl 1973 og lög nr. 71 31. maí 1976 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

1. mgr. 52. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að greiðsla aðflutningsgjalda af vöru skuli fara fram innan ákveðinna tímatakmarka frá komudegi hennar til landsins eða hún sett innan sama tíma í tollvörugeymslu, sbr. lög nr. 47/1960, og skal frestur þessi vera minnst 6 mánuðir. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið, að leggja skuli viðurlög við því, ef skyldu samkvæmt ákvæðum reglugerðar settrar samkvæmt þessari málsgrein er ekki fullnægt, svo sem um greiðslu dráttarvaxta, dagsektir og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðilja. Dráttarvextir samkvæmt þessari málsgrein skulu greiddir ríkissjóði talið frá gjalddaga samkvæmt 50. gr. og vera hinir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

2. gr.

Við 53. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Af aðflutningsgjöldum, sem greiðslufrestur hefur verið veittur á samkvæmt 1. mgr., skal heimilt að reikna sömu vexti og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Vextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

3. gr.

57. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er samkvæmt nánari skilyrðum, sem sett verða í reglugerð eða með öðrum fyrirmælum:

1. að endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru, sem send er aftur til útlanda ónotuð í því ástandi, sem hún var, er hún var flutt hingað til lands, enda hafi hún ekki verið boðin fram til sölu;
2. að heimta ekki aðflutningsgjöld af vöru, sem ekki hefur verið vitjað, viðtakandi hefur ekki fundist að eða neitað hefur verið um viðtöku á, og send er aftur til útlanda innan þess tíma, sem ákveðinn verður í reglugerð eða með öðrum fyrirmælum, enda sé þá sett fullnægjandi trygging fyrir aðflutningsgjöldunum, þar til varan er sannanlega komin til útlanda eða útflutningur hennar nægilega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum, sem sett verða þar að lútandi;
3. að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum, sem reynast gallaðar og endursendar eru til útlanda innan eins árs frá því að þær komu hingað til lands, ef ekki var hægt að ganga úr skugga um gallana fyrr en við notkun vélanna og seljandi hefur viðurkennt, að hann taki þær aftur vegna gallanna. Ákvæði þetta tekur eigi til endursendinga á einstökum hlutum úr gölluðum vélum.

Tollstjórar, hver í sínu umdæmi, annast endurgreiðslur samkvæmt þessari grein.

4. gr.

2. mgr. 76. gr. laganna orðist svo:

Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærri sekt en kr.

350 000, enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun, skýrt og stutt, brot það, sem um er að tefla, refsiákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér, og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr kr. 500 000.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 52. gr. núgildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit er heimilt að leggja viðurlög við því ef þeirri skyldu er eigi fullnægt að aðflutningsgjöld séu greidd af innfluttri vöru innan þeirra tímamarka, talið frá komudegi flutningsfars til landsins, sem ákveðin kunna að vera í reglugerð. Meðal þeirra viðurlaga sem ákvæðið heimilar að lögð verði á eru dráttarvextir, 1½% fyrir hvern byrjaðan mánuð talið frá gjalddaga aðflutningsgjalda. Dráttarvextir innlánsstofnana voru 1½% af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð þegar ofangreint ákvæði var lögfest. Vextir þessir eru hins vegar nú 3%. Er því lagt til að dráttarvextir sem á kunna að verða lagðir samkvæmt ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit verði í sem mestu samræmi við þau vaxtakjör sem gildandi lög um það efni heimila. Er ákvæði þetta m. a. samhljóða dráttarvaxtaákvæðum í lögum um söluskatt og lögum um tekju- og eignarskatt, enda verður að telja eðlilegt að samræmis sé gætt við vaxtaútreikning vegna vangreiðslu opinberra gjalda.

Um 2. gr.

Í 53. gr. núgildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit er að finna heimildarákvæði fyrir fjármálaráðherra til þess að ákveða með reglugerð að tollstjórum skuli heimilt að veita innflytjendum greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Lagt er til að tekið verði upp skýrt ákvæði í lög er heimili að reikna sömu vexti og hjá innlánsstofnunum af aðflutningsgjöldum, sem greiðslufrestur verður veittur á samkvæmt heimildarákvæðinu. Verður að telja eðlilegt að sömu vaxtakjör gildi hvort sem ríkissjóður veiti greiðslufrest á aðflutningsgjöldum eða greiðsla þeirra sé fjármögnuð með fyrirgreiðslu lánastofnana.

Um 3. gr.

Samkvæmt 2. tl. 57. gr. núgildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit er það skilyrði m. a. sett, þegar um endursendingu á vöru er að ræða af nánar tilgreindum ástæðum, að viðkomandi tollyfirvaldi sé sett full fjártrygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda þar til varan er sannanlega komin til útlanda. Þar sem ákvæðið um fulla fjártryggingu hefur íþyngt endursendendum vara og valdið nokkrum erfiðleikum í framkvæmd, þegar um endursendingu á vörum hefur verið að ræða sem veruleg aðflutningsgjöld hafa hvílt á, er lagt til að fjármálaráðuneytið geti í slíkum tilvikum ákveðið í reglugerð eða með öðrum fyrirmælum að heimilt skuli að víkja frá skilyrði um fjártryggingu og krefjast í þess stað fullnægjandi tryggingar í öðru formi. Með því að reynst hefur erfiðleikum bundið fyrir sömu aðila, vegna breyttrar framkvæmdar erlendra tollyfirvalda, að afla staðfestingar á því að vara sé komin til útlanda, er jafnframt lagt til að í stað nefndrar sönnunar verði í þessum efnum heimilt að heimta ekki aðflutningsgjöld, þegar tryggt hefur verið nægilega að mati tollyfirvalda að vara verði endursend til útlanda, t. d. með flutningi viðkomandi vöru um borð í flutningsfar undir tolleftirliti.

Þá er lagt til að frestur til endursendingar á gölluðum vélum samkvæmt 3. tl. greinarinnar verði lengdur úr sex mánuðum í eitt ár og kveðið skýrar á um að ákvæðið nái einvörðungu til endursendingar á gallaðri vél en ekki einstökum hlutum hennar. Jafnframt er lagt til að skilyrði um lágmarksfjárhæð verði fellt brott.

Um 4. gr.

Með lögum nr. 71 31. maí 1976 var heimild tollyfirvalda til ákvörðunar sekta fyrir ólöglegan innflutning hækkuð úr kr. 20 000 í kr. 80 000 jafnframt því sem heimild til ákvörðunar eignarupptöku var rýmkuð þannig að verðmætismörk voru hækkuð úr kr. 100 000 í kr. 150 000. Frá því að breytingar þessar voru gerðar á árinu 1976 hafa verðlagsbreytingar haft í för með sér að eigi verður lengur náð þeim markmiðum sem upphaflega var stefnt að með nefndri lagasetningu, þ. e. að auka varnað og létta verulegu álagi af dómstólum með því að eigi sé nauðsynlegt að vísa smærri brotum almennt til meðferðar dómstóla. Til þess að heimildir tollyfirvalda til ákvörðunar sekta og eignarupptöku vegna hinna smærri brota þjóni tilgangi sínum, eins og vikið hefur verið að hér að framan, er lagt til að heimild tollyfirvalda til að ákvarða sektir verði bundin við hámarksfjárhæð kr. 350 000 og heimild til eignarupptöku verði bundin við kr. 500 000.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 548. Nefndarálit [119. mál]

um till. til þál. um aðild Íslands að alþjóðasamningum um mannréttindi.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur athugað þingsályktunartillögu á þingskjali 137 og leggur til að hún verði samþykkt.

Alþingi, 24. apríl 1979.

Einar Ágústsson, form., frsm.	Árni Gunnarsson, fundaskr.	Ragnhildur Helgadóttir.
Gils Guðmundsson.	Svava Jakobsdóttir.	Friðjón Þórðarson.
	Vilmundur Gylfason.	

Ed. 549. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur ekki verið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins. Við, sem skipum minni hl. nefndarinnar, leggjum til að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess að félagsmálaráðherra skipi nefnd, sem í eigi sæti fulltrúar launþega, atvinnurekenda og ríkisvalds, til þess að fjalla um rétt verkafólks til upp-

sagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla og að málið verði að þeirri umfjöllun lokinni á ný lagt fyrir Alþingi í byrjun næsta þings, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 24. apríl 1979.

Þorv. Garðar Kristjánsson, frsm. Guðmundur Karlsson.

Ed. 550. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 24. apríl 1979.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Stefán Jónsson.
Alex. Stefánsson. Ágúst Einarsson.

Ed. 551. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 24. apríl 1979.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Guðmundur Karlsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson. Stefán Jónsson.
Alex. Stefánsson. Ágúst Einarsson.

Sþ. 552. Tillaga til þingsályktunar [266. mál]

um kaup á sérsmíðuðum togara til djúpprækjuveiða.

Flm.: Stefán Jónsson, Árni Gunnarsson, Lárus Jónsson, Stefán Valgeirsson, Jón G. Sólnes, Pálmi Jónsson, Ingvar Gíslason, Bragi Sigurjónsson, Páll Pétursson, Kjartan Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að veita Söltunarfélagi Dalvíkur heimild til að kaupa rækjutogara til útgerðar á djúpslóð.

Greinargerð.

Veiðar á rækju á djúpslóð hér við land hófust 1969 þegar Snorri Snorrason skipstjóri á Dalvík byrjaði slíkt úthald á 26 lesta báti. Hægt var farið af stað, og raunar hófust veiðar þessar ekki af þrótti fyrr en Snorri hafði látið smíða sér stærri bát og byrjaði veiðar á honum árið 1974, en síðan hefur Snorri Snorrason stundað úthafsrækjuveiðar óslitið, þótt tiltölulega fljótt kæmi í ljós að ekki yrði rækjuveiðin stunduð að fullkomnu gagni norður í Íshafi nema til fengjust sérsmíðuð úthafsrækjuskip.

Árið 1976 hafði Snorri Snorrason samið um smíði á fullkomnum rækjutogara að norskri og færeyskri fyrirmynd, og skyldi þá koma okkur að gagni sú reynsla sem Færeyingar höfðu aflað sér við djúprækjuveiðar á Grænlandsmiðum. Smíði þess togara var þó stöðvuð á lokastigi samninga.

Eftir að útséð varð um nýsmíðina keyptu Dalvíkingar síðan lítinn frystitogara frá Ítalíu, þótt skip það væri hvergi nærri ætlað til íshafsveiða. Var því breytt í rækjutogara eftir því sem unnt var. Enda þótt hér fengist ekki hin æskilegasta úrlausn í því skyni að sannreyna möguleikana, sem í djúprækjuveiðum felast fyrir íslenskan sjávarútveg, hefur útkoma veiðanna, eftir að rækjan fannst á Dornbanka, orðið slík að viðskiptabanki Söltunarfélags Dalvíkur, Landsbankinn, styður það nú að fyrirtækið kaupi stærri og fullkomnari rækjutogara, sérsmíðaðan til þessara veiða. Í greinargerð verða ekki rakin þau tæknilegu atriði, sem lúta að því að sérsmíðað skip henti betur til djúprækjuveiðanna, en athygli skal vakin á því, að veiðar þessar eru stundaðar norðvestur í hafi, 100 sjómílum norðan við ystu skip íslenska flotans, í erfiðum sjó og gjarnan innan um ís, enda eru færeysku rækjutogararnir, sem gerðir eru út á Grænlandsmiðum, búnir miklu traustari ísvörn en okkar traustustu skip, en Dalborgin — rækjuskip Dalvíkinga — óvarin fyrir ís.

Til þess að reynsla þeirra Snorra Snorrasonar og félaga nýtist svo að byggja megi á frekari áætlanir um stórútgerð á djúprækjuna, er nauðsynlegt að þeir fái nú skip, sem dugir til þessara veiða, og er slíkt vænlegra ráð að dómi flutningsmanna, eins og fyrirhugað er að haga þorskveiðum hér við land, heldur en að bæta nú við skuttogurum.

Nd. 553. Frumvarp til laga [267. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

2. grein 1. málsgr. laga nr. 60 29. maí 1972, um stofnun og slit hjúskapar, breytist þannig, að í stað „20 ára“ komi: 18 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrir Alþingi liggur lagafrumvarp um breyting á lögum um lögræði, nr. 95/1947, þar sem sú breyting er ráðgerð á lögræðisaldri, að hann lækki úr 20 árum í 18 ár. Svo sem getið er um í athugasemdum við það lagafrumvarp, er eðlilegt að breytt verði, við lögfestingu lækkaðs lögræðisaldurs, lagaákvæðum, þar sem áskilnaður um samþykki foreldra er bundinn við 20 ára aldur. Svo er um samþykki foreldra við hjúskaparstofnun barns þeirra, sem er innan við 20 ára aldur, skv. gildandi lögum. Er því lagt til með þessu lagafrumvarpi, að það aldursmark lækki í 18 ár. — Samsvarandi

lækkun á aldursmarki um samþykki til ættleiðingar fólst í ættleiðingarlögum nr. 15/1978 7. gr., sem tóku gildi s. l. áramót. Er þeirrar breytingar því ekki lengur þörf. — Þess má geta, að annað á við um það 20 ára aldursmark, um að gerast ættleiðandi, sem felst í 4. grein þeirra laga. Aðalregla þeirrar greinar er að 25 ára aldur þurfi til, og ekki þykir ástæða til að lágmarksaldursmarkið þurfi að fylgja lögræðisaldri.

Sþ. 554. Tillaga til þingsályktunar [268. mál]

um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum.

Flm.: Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að á árinu 1979 verði gert átak til að ráða bót á mengun frá fiskimjölsverksmiðjum og jafnframt verði gerð áætlun um varanlegar úrbætur í mengunarmálum slíkra fyrirtækja í samvinnu við hlutaðeigandi eigendur og samtök þeirra svo og heilbrigðis- og náttúruverndaryfirvöld.

Áætlunin taki m. a. mið af að lágmarkskröfum um mengunarvarnir allra starfandi fiskimjölsverksmiðja verði fullnægt innan tveggja ára og fjármagn sé tryggt til þeirra aðgerða. Verði í senn haft í huga ytri og innri umhverfi verksmiðjanna og athugaðir möguleikar á bættri nýtingu hráefnis og orkusparnaði samhliða viðhlítandi mengunarvörnum.

Greinargerð.

Marggefin tilefni valda því, að rétt þykir nú og brýnt að flytja þingsályktunartillögu um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum.

Meginatriði þess vanda, sem þar er komið inn á, kalla á skjóta og örugga úrlausn þar sem stjórnvöld hljóta að hafa alla forustu.

Til þess að greinargerð með tillögu þessari mætti vera sem ítarlegust var leitað til fróðustu aðila um upplýsingar.

Eyjólfur Sæmundsson deildarverkfræðingur hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins veitti þær góðfúslega og færir flm. honum þakkir fyrir glöggar upplýsingar um eðli vandans og beinar tillögur til úrbóta. Meginmál þess, sem hér fer á eftir, er á þessu byggt.

Á nýafstaðinni loðnuvertíð komu fram háværar kröfur frá íbúum ýmissa byggðarlaga um úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja, og er þar skemmst að minnast kröfugöngu húsmæðra í Keflavík og Njarðvík vegna óþolandi loftmengunar frá verksmiðjunni í Njarðvík. Hér er um að ræða gamalt vandamál, sem menn hafa átt við að stríða, og hafa oft áður komið fram mótmæli íbúa í byggðarlögum þar sem slíkrar mengunar gætir í verulegum mæli. Þannig barst þingmönnum Austurlandskjördæmis afrit af erindi til ríkisstjórnarinnar frá heilbrigðisnefndum og heilbrigðisfulltrúum 5 þéttbýlisstaða á Austurlandi í nóvember 1978, þar sem heitið er á stjórnvöld að beita sér fyrir úrbótum á loft- og lagarmengun frá fiskimjölsverksmiðjum, sem valdi m. a. íbúum þessara staða verulegum óþægindum og jafnvel heilsutjóni. Einnig hafa farið fram undirskriftasafnanir, sem fjöldi fólks hefur tekið þátt í, t. d. á Akranesi og í Keflavík og Njarðvík. Mengun frá verksmiðjunum hefur hins vegar nú náð nýju hámarki vegna stóraukins aflamagns og aukinnar afkastagetu einstakra verksmiðja.

Á landinu munu vera starfandi í dag 33 verksmiðjur, sem unnið geta úr feitum fiski (loðnuverksmiðjur) eða unnið gætu úr slíkum fiski með fremur litlum endurbótum, auk u. þ. b. 20 verksmiðja, sem einungis geta unnið úr fiskúrgangi. Verst

hefur ástand loftmengunarmála að undanförnu verið í bæjunum við Faxaflóa utan Reykjavíkur og á Austfjörðum, en vandamálsins verður vart víðast hvar þar sem slíkar verksmiðjur eru reknar.

Mengunarvandamál fiskimjölsverksmiðja eru ekki einungis takmörkuð við loftmengun. Víða hefur orðið vart við verulega sjávarmengun frá slíkum verksmiðjum, einkum á Austfjarðahöfnum og á Siglufirði, þar sem grútur frá verksmiðjunum hefur lagst á fjörur. Var gerð athugun á vandamáli þessu s. l. haust á vegum Heilbrigðiseftirlits ríkisins og niðurstöður ásamt tillögum um úrbætur birtar í skýrslu um málið (Grútarmengun frá loðnuvinnslu, Reykjavík 30. okt. 1978). Ljóst er enn fremur að mikil verðmæti fara forgörðum hvert ár með frárennsli frá verksmiðjunum. Auk þessara vandamála má benda á að veruleg óþrif stafa víða af slæmri umgengni um athafnasvæði verksmiðjanna og ófullnægjandi frágangi hráefnisgeymslna. Starfsumhverfi er einnig víða verulega ábótavant, m. a. vegna ónógrar loftræstingar, óþrifa á vinnustöðum, heilsuspillandi hávaða og ófullnægjandi starfsmannaaðstöðu.

Fram til 1969 voru opinber afskipti af þessum málum alfarið í höndum heilbrigðisnefnda viðkomandi sveitarfélaga. Með lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 12/1969, var sveitarfélögum áfram falið heilbrigðiseftirlit hverju í sínu umdæmi, en stofnað var Heilbrigðiseftirlit ríkisins er hafa skyldi yfirumsjón með starfi heilbrigðisnefndanna. Með reglugerð nr. 164/1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, sem sett var samkvæmt lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, var rekstur fiskimjölsverksmiðja, ásamt með rekstri annarra verksmiðja sem mengunarhætta fylgir, bundinn sérstöku starfsleyfi heilbrigðismálaráðherra. Reglugerðin nær jafnt til eldri fyrirtækja sem nýrra, og skulu umsóknir um starfsleyfi ásamt tilskildum gögnum sendar Heilbrigðiseftirliti ríkisins er gerir tillögur til ráðherra um afgreiðslu hvers leyfis. Auk heilbrigðisyfirvalda hefur Náttúruverndarráð látið þessi mál nokkuð til sín taka og þau hafa verið rædd sérstaklega á tveim síðustu náttúruverndarþingum.

Almennt má segja að mjög treglega hafi gengið að fá framgengt kröfum heilbrigðisyfirvalda um úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja. Hafa verksmiðjueigendur m. a. borið við fjármagnsskorti, skorti á opinberri fyrirgreiðslu og skorti á samræmingu krafna um úrbætur. Þær úrbætur, sem helst hafa verið gerðar fram til þessa gagngert til þess að draga úr óþef og loftmengun, eru sem hér segir:

Reykjavík.

Við þær þrjár verksmiðjur, sem starfræktar eru, hefur reykurinn verið hreinsaður í einföldum þétti og þvottaturnum, en slíkur búnaður fjarlægir einungis hluta lyktarefnanna. Auk þess var reistur 70 m hár reykháfur við verksmiðjuna að Kletti.

Þorlákshöfn.

Reistur var rúmlega 40 m hár reykháfur árið 1976 og er talið að hann hafi orðið að verulegu gagni, enda landfræðilegar aðstæður með þeim hætti að vænta má gagns af slíkri ráðstöfun.

Grindavík.

Við verksmiðjuna hefur verið reistur rúmlega 30 m hár reykháfur sem talinn er hafa dregið úr óþægindum, enda aðstæður svipaðar og í Þorlákshöfn.

Akranes.

Reistur var á s. l. ári 43 m hár reykháfur við verksmiðjuna. Reykháfurinn mun hafa komið að verulegu gagni fyrir þá sem búa næst verksmiðjunni, en kvartanir hafa eftir sem áður borist frá íbúum sem fjær búa. Einungis er litið á þessa ráðstöfun sem bráðabirgðaráðstöfun til fárra ára.

Hafnarfjörður.

Á s. l. ári var settur upp við verksmiðjuna hreinsibúnaður, sem Jón Þórðarson hefur hannað. Er útblástursloftið fyrst meðhöndlað í þétti- og þvottabúnaði, en síðan í hreinsitæki Jóns Þórðarsonar. Rekstur búnaðarins hefur gengið nokkuð erfiðlega vegna erfiðleika á öflun nægilega hreins sjávar fyrir þétti- og þvottabúnaðinn auk bilana á tækjabúnaði. Einungis hafa verið gerðar takmarkaðar mælingar á hreinsihæfni búnaðarins, enda nauðsynlegur búnaður til slíkra mælinga ekki fyrir hendi í landinu eins og síðar mun frá greint. Þannig liggur ekki fyrir í dag hvort búnaður þessi muni geta leyst þann vanda sem honum er ætlað að leysa. Vissulega væri æskilegt að vandamál sem þessi yrðu leyst með íslensku hugviti og framleiðsla slíks búnaðar félli íslenskum iðnaði í skaut.

Njarðvík.

Hafist hefur verið handa um að endurnýja búnað verksmiðjunnar og taka upp gufuþurrkun í stað eldþurrkunar. Jafnframt er gert ráð fyrir að útblástursloft verði hreinsað í þétti- og þvottabúnaði, en síðan brennt undir gufukötlum verksmiðjunnar. Þessi aðferð hefur gefið góða raun í nágrannalöndunum, en þar hafa verið reistir sérstakir efnahreinsiturnar til viðbótar þessum búnaði til notkunar í þeim tilvikum þegar gufukatlar anna ekki brennslu útblástursloftsins.

Neskaupstaður.

Við endurreisn verksmiðjunnar eftir snjóflóðin í desember 1974 var við hönnun mannvirkja gert ráð fyrir að hreinsibúnaður yrði settur upp við verksmiðjuna síðar. Kannanir hafa verið gerðar á hentugum búnaði og tilboða aflað, en af framkvæmdum hefur ekki orðið. Að því máli er nú hugað alveg sérstaklega og ákvörðun væntanleg innan tíðar um aðgerðir.

Loftmengun, sem frá fiskimjölsverksmiðjunum stafar, er flókið vandamál og erfitt úrlausnar. Við rotnun og niðurbrot á fiski myndast fjöldi daunillra lofttegunda sem losna úr læðingi, þegar unnið er úr hráefninu, og berast út í andrúmsloftið. Tækniþróun til lausnar þessa vandamáls hefur hins vegar verið ör á undanförnum árum. Við upphaflega afgreiðslu starfsleyfa skv. reglugerð nr. 164/1972 á árunum 1972 til 1974 var þannig gengið út frá því, að vandamál þetta yrði ekki leyst nema með háum reykháfum. Í maí 1976 gaf Heilbrigðiseftirlit ríkisins hins vegar út ítarlega greinargerð um þessi mál sem byggð var á könnun á þróun þessara mála í nágrannalöndunum. Urðu niðurstöður stofnunarinnar þær, að eyða mætti lyktinni að mestu leyti og kæmu eftirtaldar þrjár leiðir helst til greina í því efni:

1. Tekinn verði upp þvottur útblástursloftsins í svonefndum efnahreinsiturnum af viðurkenndri gerð.
2. Tekin verði upp brennsla útblástursloftsins í eldhólfi þurrkara með svonefndri Hetland-aðferð.
3. Breytt verði um framleiðsluhætti og tekin upp gufuþurrkun samfara brennslu lyktarefna undir gufukötlum eða eyðingu þeirra í efnahreinsiturnum.

Frá því greinargerð þessi var gefin út hefur orðið enn frekari þróun og menn fengið reynslu af þeim búnaði sem um ræðir.

Fram hafa komið frá verksmiðjueigendum ábendingar um að setja verði staðlaðar kröfur um hæfni lykteyðingarbúnaðar við fiskimjölsverksmiðjur. Þetta er ýmsum erfiðleikum háð vegna þess, hve samsetning útblástursloftsins er flókin. Engu að síður hefur Heilbrigðiseftirlit ríkisins nú gert tillögu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um setningu fastmótaðra reglna í þessum efnum, bæði um lágmarkshæfni slíks búnaðar og framkvæmd mælinga og mats á hæfni búnaðarins. Til þess að nauðsynlegar mælingar geti farið fram skortir hins vegar fjármagn til kaupa á nauðsynlegum mælibúnaði og þjálfunar starfsmanna (líklegur kostnaður er 4—5 milljónir kr. á núverandi gengi). Fyrr en slíkar mælingar hafa verið gerðar verður

hins vegar ekki skorið úr um hæfni þess búnaðar, sem settur hefur verið upp í Hafnarfirði og unnið er að koma upp við verksmiðjuna í Njarðvík, né heldur annars búnaðar, sem upp kann að verða settur í náinni framtíð.

Ljóst er að Íslendingar hafa dregist langt aftur úr nágrannaþjóðunum í þessum málum, en þar eru nú starfræktar fjölmargar verksmiðjur sem leyst hafa sín mengunarvandamál að langmestu leyti, bæði hvað varðar loftmengun og sjávarmengun. Jafnframt eru þessar verksmiðjur betur búnar framleiðslutækjum og hafa að jafnaði náð betri nýtingu hráefnis en hér er algengast. Á allra síðustu árum hefur þó stórauknu fjármagni verið varið til fjárfestingar í íslenskum loðnuverksmiðjum, svo sem fram kemur í skýrslu áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um loðnuverksmiðjur frá janúar 1979. Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir framkvæmdum, sem unnið hefur verið að á undanförnum tveimur árum, og þeim áætlunum um framkvæmdir, sem uppi eru. Fram kemur að á árinu 1977 var á vegum loðnuverksmiðjanna varið 1886.6 millj. kr. og á árinu 1978 2 234.9 millj. kr. til framkvæmda, en á árinu 1979 er áætlað að verja 2 976.8 millj. kr. Af þessum upphæðum er einungis óverulegum fjárhæðum varið til mengunarvarna.

Gera þarf stórátak til úrbóta í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja hér á landi á næstu árum. Leggja ber á það höfuðáherslu að firra sem fyrst íbúa þeirra byggðarlaga, sem nú eru verst settir í þessum efnum, þeim óþægindum sem loftmengunin hefur valdið, jafnframt því að komið verði í veg fyrir alvarlega mengun sjávar af völdum frárennslis. Jafnframt þarf að samræma aðgerðir í mengunarmálum úrbótum á öðrum þáttum í rekstri verksmiðjanna. Þannig má í ýmsum tilvikum koma við aðgerðum til hagræðingar og framleiðniaukningar samhliða mengunarvörnum í stað þess að einungis verði um fjárfestingu í fjárhagslega óarðbærum mengunarvarnabúnaði að ræða. Sérstaklega ber að athuga í hverju tilviki hvort hagkvæmt sé að taka upp gufuþurrkun í stað eldþurrkunar, en með gufuþurrkun má auka gæði framleiðslunnar. Enn fremur þarf að taka tillit til sjónarmiða orkusparnaðar, en á undanförnum árum hafa m. a. komið fram hugmyndir um nýtingu þeirrar orku sem felst í útblásturslofti fiskimjölsverksmiðja.

Ljóst má vera af framansögðu að nauðsynlegt er að efna til samstarfs þeirra aðila er vinna að málefnum fiskimjölsiðnaðarins. Virðist eðlilegast að gerð verði víðtæk áætlun um úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja, þar sem einnig verði tekið tillit til framleiðni- og orkusparnaðarsjónarmiða. Slíkri áætlun væri heppilegast að skipta annars vegar í almennar lágmarkskröfur, sem allar verksmiðjur verða að uppfylla, og hins vegar frekari kröfur, sem einstakar verksmiðjur yrðu að uppfylla vegna sérstakrar stöðu sinnar, t. d. vegna óheppilegrar afstöðu til byggðar, mikilla afkasta eða langs vinnslutíma. Hinar almennu kröfur þurfa m. a. að ná til aðgerða í frárennslismálum, frumhreinsunar á útblásturslofti, loftræstingar á framleiðslubúnaði og vinnslusölum, frágangs hráefnisgeymslna, frágangs og umgengni um athafnasvæði og fleira. Hinar sérstöku kröfur þurfa hins vegar fyrst og fremst að beinast að frekari aðgerðum til lykteyðingar þar sem þeirra er þörf.

Ljóst er að þær úrbætur, sem hér er um fjallað, munu kosta mikið fé og að árangur muni ekki nást nema til komi fyrirgreiðsla af hálfu hins opinbera. Sérstaklega ber að hafa í huga í þessu sambandi að verulegur hluti kostnaðar mun óhjákvæmilega verða fjárhagslega óarðbær fyrir verksmiðjurnar. Á fjárlögum fyrir árið 1979 er í fyrsta sinn veitt heimild til þess að fella niður aðflutningsgjöld af búnaði til mengunarvarna. Til þess að tryggja þá samræmingu aðgerða, sem rætt er um hér að framan, er hins vegar nauðsynlegt að aðflutningsgjöld verði einnig felld niður af meginframleiðslubúnaði fyrir fiskimjölsverksmiðjur, svo sem gufuþurrkurum, gufukötlum o. fl. Auk þessara aðgerða er ljóst að einnig verður að koma til stóraukin lánafyrirgreiðsla til verksmiðjanna þannig að dreifa megi kostnaði við mengunarvarnir yfir hæfilegt tímabil. Sérstaklega þarf að meta í þessu sambandi hvort heppilegt sé að leggja hluta af hráefnisverði verksmiðjanna í sérstakan sjóð til fjármögnunar á úrbótum í þessum málum.

Sþ. **555. Tillaga til þingsályktunar** [269. mál]

um framhaldsnám á Höfn og samræmt skólahald á Austurlandi.

Flm.: Þorbjörg Arnórsdóttir, Helgi F. Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að mótuð verði stefna um fjölþætt framhaldsnám á Höfn í Hornafirði og verði það liður í samræmdum framhaldsskóla á Austurlandi.

Til að undirbúa samræmt framhaldsskólahald í fjórðungnum frekar en orðið er verði sett á fót samstarfsnefnd þeirra skóla þar sem framhaldsnám er til staðar eða fyrirhugað.

Greinargerð.

Framhaldsnám fer nú í vetur fram í sjö skólum á Austurlandi, þ. e. við grunnskólann á Egilsstöðum, á Alþýðuskólanum á Eiðum, í Húsmæðraskólanum á Hallormsstað, í gagnfræðaskólanum í Neskaupstað, við Iðnskóla Austurlands í Neskaupstað, við grunnskólann á Seyðisfirði og við grunnskólann á Höfn. Nám í þessum skólum spannar fyrstu annir svonefnds bóklegs náms auk iðnnáms, hússtjórnarnáms og stýrimannanáms (Höfn).

Framhaldsnám við gagnfræðaskólann í Neskaupstað hefur s. l. tvö ár verið skipulagt eftir áfangakerfi þriggja fjölbrautaskóla suðvestanlands.* Á Alþýðuskólanum á Eiðum og við framhaldsdeild grunnskólans á Seyðisfirði hefur einnig verið starfað eftir þessu kerfi s. l. skólaár. Þessir þrír skólar hafa nú með sér samvinnu. Skólastjórar þeirra og kennarar hafa komið saman til samstarfs. Iðnnám á Höfn hefur verið rekið í samstarfi við Iðnskóla Austurlands.

Eftir að ákvörðun hafði verið tekin um menntaskóla á Egilsstöðum og Iðnskóla Austurlands í Neskaupstað kom út á vegum menntamálaráðuneytisins árið 1973 greinargerð um framhaldsnám á Austurlandi. Þar er gert ráð fyrir að framhaldsnám fari fram á nokkrum stöðum í fjórðungnum og milli þeirra verði ákveðin verkaskipting: Við menntaskólann á Egilsstöðum yrði þannig hægt að stunda nám í ýmsum námsbrautum í allt að 4 ár og ljúka þaðan stúdentsprófi. Í Neskaupstað verði miðstöð verklegs náms með skólaverkstæði svo og bóklegt nám á vissum brautum. Þá er þar einnig gert ráð fyrir framhaldsnámi á Höfn í framtíðinni og bent á að móta þurfi stefnu um hlutverk Alþýðuskólans á Eiðum með tilliti til framhaldsskólastigsins. Í þessari greinargerð er líka bent á, að vissir þættir framhaldsnáms og starfsþjálfun geti farið fram utan þessara skólasetra, og þar m. a. bent á möguleika verkþjálfunar í hússtjórnarfræðum á Hallormsstað og búfræði við Tilraunastöðina á Skriðuklaustri.

Austurland hefur dregist aftur úr í þróun framhaldsnáms í landinu.** Erfiðar samgöngur, fólksfæð og dreifð byggð hefur ásamt öðru átt þar hlut að máli. Því er umbóta þörf.

Æskilegt er að samræma allt framhaldsnám á Austurlandi, skipuleggja það sem eina heild og tryggja samstarf þeirra er það annast.

Í því sambandi má hugsa sér, að stofnaður yrði fjölbrautaskóli Austurlands í líkingu við þær hugmyndir og tillögur sem fyrir liggja varðandi framhaldsnám á Vesturlandi. Undir hann félli menntaskólinn á Egilsstöðum og það framhaldsnám, sem nú er í fjórðungnum, þ. e. á Höfn, í Neskaupstað (báðir skólar), á Seyðisfirði og í Húsmæðraskólanum á Hallormsstað. Verði stofnað til framhaldsnáms annars staðar á svæðinu falli það einnig undir skólann.

---

* Keflavík, Hafnarfjörður, Akranes.

** Sjá samantekt um nemendafjölda í framhaldsnámi í Hagtíðindum.

Tilgangurinn með stofnun eins skóla í fjórðungnum með aðsetri á mörgum stöðum væri sá að tryggja nemendum sem besta menntun í heimabyggð, þar sem þess er kostur, og eðlilegt framhald þar eða annars staðar. Varðandi framhaldsskólastigið er ekki síður mikilvægt en í grunnskóla að tryggja samþættingu verklegrar og huglægrar þjálfunar. Á öllum námssviðum fer nú fram bóklegt nám. Eins ættu allir nemendur, á hvaða braut sem er, að fá einhverja verklega þjálfun.

Fjölbrautaskóli Austurlands sem heild mundi spanna sem flest námssvið er í boði eru á framhaldsskólastigi í landinu, svo sem búfræðisvið, heilbrigðissvið, samfélagssvið, tæknisvið og viðskiptasvið. Á hverjum stað væri boðið upp á nám á þessum sviðum eftir því sem nemendafjöldi, kennslukraftar og aðrar aðstæður leyfðu. Nám fullorðinna, hvort sem er í öldungadeildinni eða á námskeiðum, yrði einnig hluti af starfi skólans.

Samstarf skólanna gæti m. a. falist í samræmdu kerfi (anna-, áfanga- og einingakerfi). Framkvæmd þessa samstarfs væri þrenns konar til að byrja með. Í fyrsta lagi skipuðu skólastjórar þeirra skóla, sem hafa framhaldsnám, stjórnunarnefnd, þ. e. þá samstarfsnefnd sem vikið er að í tillögunni. Verkefni hennar væri að sjá um samræmingu þess námsefnis sem í boði yrði hverju sinni á vegum skólans, samræma stjórnun og samþykkja árlega áætlun um starfsemi hans.

Athuga þyrfti um áfangastjóra, er sjái um námsstjórn fyrir skólann, og að komið yrði á fót sameiginlegu deildarstjórakerfi, en í því felst að kennarar úr skólunum skipti með sér fagstjórn í hinum ýmsu námsgreinum og samræmi námsefni og námskröfur.

Rekstur skólans færi eftir lögum um kostnað vegna framhaldsnáms. Sameiginlegur hlutur heimaaðila skiptist þá milli þeirra sveitarfélaga, sem aðild ættu að skólanum.

Við þróun framhaldsnáms í hinum dreifðu byggðum landsins er mjög mikilvægt að nemendum sé tryggt nám sem er sambærilegt að gæðum og fjölbreytni við það nám sem fram fer í stórum skólum í þéttbýli. Til þess að það sé unnt verður að stofna til samstarfs og samþættingar svo sem kostur er og nýta til hins ýtrasta þá möguleika sem fyrir hendi eru. Jafnframt þarf að taka mið af því meginsjónarmiði að miða skólahald við þarfir íbúa og atvinnulífs viðkomandi svæðis og tryggja þar með eðlilega þróun og uppbyggingu.

En meginhlutverk framhaldsskóla er þó að auka víðsýni nemenda og dómgreind jafnframt því sem hann býr þá undir margvísleg störf í þjóðfélaginu, bæði í atvinnulífi og persónulegu lífi.

Ed. **556. Frumvarp til laga** [270. mál]

um aðstoð við þroskahefta.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. KAFLI

Markmið og stjórn

1. gr.

Markmið þessara laga er að tryggja þroskaheftum jafnrétti við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa sem eðlilegustu lífi í samfélaginu.

2. gr.

Orðið þroskaheftur táknar í lögum þessum hvern þann, sem þannig er ástatt um, að hann geti ekki án sérstakrar aðstoðar náð eðlilegum líkamlegum eða andlegum þroska.

3. gr.

Málefni þroskaheftra heyra undir 3 ráðuneyti. Hjúkrunar- og sjúkradeildir heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, fræðsla undir menntamálaráðuneytið og önnur mál undir félagsmálaráðuneytið.

Sérstök deild innan félagsmálaráðuneytisins, annast málefni þroskaheftra. Félagsmálaráðherra setur reglur um starfsemi og verksvið deildarinnar.

Ráðuneytin skipa sinn manninn hvert í stjórnarnefnd málefna þroskaheftra, sem m. a. skal gæta þess, að ráðstafanir varðandi alla þjónustu við þá verði samræmdar. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins er formaður nefndarinnar, sem skipuð skal til þriggja ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin úrskurðar ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar laganna, en vísa má þeim úrskurði til félagsmálaráðherra.

4. gr.

Landinu skal skipt í átta starfssvæði hvað málefni þroskaheftra snertir:

1. Reykjavíkursvæði, sem tekur yfir Reykjavíkurborg.
2. Reykjanessvæði, sem tekur yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Grindavíkurkaupstað, Keflavíkurkaupstað, Njarðvíkurkaupstað, Hafnarfjarðarkaupstað, Garðakaupstað, Kópavogskaupstað og Seltjarnarneskaupstað.
3. Vesturlandssvæði, sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfells- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu og Akraneskaupstað.
4. Vestfjarðasvæði, sem tekur yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu, Bolungarvíkurkaupstað og Ísafjarðarkaupstað.

5. Norðurlandssvæði vestra, sem tekur yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðakaupstað.
6. Norðurlandssvæði eystra, sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Suður-Þingeyjarsýslu, Norður-Þingeyjarsýslu, Ólafsfjarðarkaupstað, Dalvíkurkaupstað, Akureyrarkaupstað og Húsavíkurkaupstað.
7. Austurlandssvæði, sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Suður-Múlasýslu, Austur-Skaftafellssýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaupstað og Eskifjarðarkaupstað.
8. Suðurlandssvæði, sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Vestmannaeyjakaupstað og Selfosskaupstað.

Á hverju svæði skal starfa 5 manna (Reykjanessvæði 6 manna) svæðisstjórn, er hefur það hlutverk að gera tillögur um þjónustu á svæðinu og samræma aðgerðir þeirra aðila, sem með stjórn þessara mála fara, svo sem fræðslustjóra, héraðslækna og fulltrúa sveitarfélaga. Í hverri svæðisstjórn skulu vera: Fræðslustjóri (fræðslustjórar) héraðslæknir og þrír menn skipaðir af ráðherra, tveir þeirra samkvæmt tilnefningu svæðisbundinna samtaka sveitarfélaga (í Reykjavík borgarstjórn) og einn samkvæmt tilnefningu foreldrasamtaka þroskaheftra á svæðinu. Stjórnin kýs sér formann. Skipunartími stjórnar er 4 ár.

Ráðherra setur svæðisstjórnum starfsreglur að fengnum tillögum svæðisstjórna og stjórnarnefndar.

5. gr.

Á hverju svæði skal eftirfarandi þjónusta veitt:

1. Frumgreining.
2. Sjúkraþjálfun.
3. Iðjuþjálfun.
4. Þroskaþjálfun.
5. Talkennsla.
6. Félagsráðgjöf.
7. Leiktækjaþjónusta.
8. Sálfræðiþjónusta.

Þjónustu þessa skal veita eftir því sem við á, í heilsugæslustöðvum, skólum, dagvistarstofnunum, á heimilum og öðrum stöðum þar sem þroskaheftir dveljast.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um þjónustu þessa svæðisbundið eða fyrir allt landið, að fengum tillögum svæðisstjórnar (svæðisstjórna) og stjórnarnefndar.

2. KAFLI

Tilkynningarskylda

6. gr.

Komi í ljós við mæðraskoðun að líkur séu til að barn verði þroskaheft, ber viðkomandi eftirlitsaðila þegar í stað að tilkynna foreldrum það og í samráði við þá hlutast til um frekari rannsókn.

7. gr.

Komi í ljós við fæðingu eða eftir fæðingu einkenni, er benda til þess að barn verði þroskaheft, ber viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni að tilkynna það svæðisstjórn. Jafnframt skal á heilsugæslustöð fara fram frumgreining. Skal foreldrum gerð grein fyrir hugsanlegri þroskaheftingu.

Svæðisstjórn tilkynnir niðurstöður frumgreiningar til greiningarstöðvar ríkisins ef þurfa þykir.

8. gr.

Við reglulegar heilsufarsskoðanir barna skal sérstaklega gefa gaum að líkamlegu og andlegu atgjörvi þeirra. Sama skylda hvílir á sálfræðiþjónustu í skólum. Komi í ljós einkenni um þroskaheftingu skal tilkynna svæðisstjórnum það og fer um slíkt í samræmi við 7. gr.

9. gr.

Sérhverjum, er starfar samkvæmt lögum þessum, ber að gæta fyllstu þagmælsku um það er hann kemst að í starfi sínu samkv. 3. kafla þessa laga.

Reynist grunur um þroskaheftingu ekki á rökum reistur skal eyða öllum skráðum upplýsingum um athugun á því.

3. KAFLI

Greiningarstöð ríkisins

10. gr.

Ríkið starfrækir eina aðalgreiningarstöð, greiningarstöð ríkisins. Hlutverk hennar er fyrst og fremst:

a) Rannsókn og greining á þroskaheftum, sem vísað er þangað.
b) Tilvísanir til meðferðaraðila.
c) Ráðgjöf fyrir foreldra, forráðamenn og meðferðaraðila.
d) Skráning og varðveisla upplýsinga um þroskahefta í samvinnu við fræðslu- og heilbrigðisyfirvöld.
e) Leiktækjaþjónusta og uppeldisráðgjöf fyrir foreldra og forráðamenn.
f) Leiðbeiningastarf og þjálfun starfsmanna, er annast þjónustu samkv. 5. gr., í samvinnu við svæðisstjórnir.

Á greiningarstöð ríkisins skulu starfa:

Forstöðumaður, sérmenntaður í uppeldi og umönnun þroskaheftra
Læknar,
Sálfræðingar,
Félagsráðgjafar,
Sjúkraþjálfarar,
Sérkennarar,
Iðjuþjálfar,
Þroskaþjálfar og
Fóstrur auk aðstoðarfólks.

4. KAFLI

Þjónusta og stofnanir

11. gr.

Veita skal þroskaheftum þjónustu á almennum stofnunum að svo miklu leyti sem unnt er. Búa skal þannig að almennum stofnunum að þeim sé kleift að annast slíka þjónustu.

12. gr.

Stofnanir fyrir þroskahefta skulu vera:

1. Deildir tengdar dagvistarstofnunum og leikskólum.
2. Göngudeildir, þar sem jafnframt skal veita eftirvernd.

3. Skammtímafósturheimili.
4. Leikfangasöfn.
5. Skóladagheimili.
6. Sambýli (Pensionöt).
7. Afþreyingarheimili.
8. Hjúkrunarheimili.
9. Verndaðir vinnustaðir ásamt vinnumiðlun.
10. Heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um starfsemi þessa og verkskiptingu milli einstakra stofnana.

13. gr.

Umsóknir um þjónustu og vistun á stofnun sbr. 12. gr. skulu sendar viðkomandi svæðisstjórn. Svæðisstjórn heimilar vistun að höfðu samráði við forstöðumann. Svæðisstjórn getur sett sem skilyrði að greining sé framkvæmd á greiningarstöð ríkisins.

Sé um að ræða stofnanir, sem reknar eru af öðrum aðilum en ríkinu skal jafnframt haft samráð við stjórnir þeirra.

14. gr.

Þroskaheftum, sem af óviðráðanlegum ástæðum að mati svæðisstjórna, njóta ekki kennslu eða þjálfunar utan heimilis, skal séð fyrir ókeypis kennslu og þjálfun við þeirra hæfi. Svæðisstjórnir skulu sjá um að þessi þjónusta verði veitt að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila og greiningarstöð ríkisins.

15. gr.

Framfærendur þroskahefts einstaklings, sem eingöngu dvelur í heimahúsum og þarfnast umönnunar eða gæslu að dómi svæðisstjórna, að höfðu samráði við greiningarstöð ríkisins, eiga rétt á aðstoð. Viðkomandi sveitarfélög skulu sjá um að aðstoð þessi verði veitt.

Kjósi framfærendur fremur að annast þetta sjálfir og telji svæðisstjórn þá til þess hæfa, skal aðstoð veitt með peningagreiðslum. Slíkar greiðslur skulu miðaðar við hálft daggjald á meðalstofnun samkvæmt 12. gr. 10. tl., allt eftir tegund vistunar.

16. gr.

Leyfi til reksturs stofnana fyrir þroskahefta veita hlutaðeigandi ráðuneyti allt eftir því hver stofnunin er, að fengnum tillögum stjórnarnefndar samkv. 3. gr.

Öðrum aðilum en hinu opinbera skal heimilt að reka stofnanir fyrir þroskahefta eftir nánari reglum, sem settar verða.

5. KAFLI

Rekstur og kostnaður

17. gr.

Ríkið skal sjá um að komið verði á fót þeim stofnunum, sem taldar eru upp í 12. gr. tölul. 2—9, en sveitarfélög deildum samkv. 12. gr. tl. 1. og fer um þann kostnað í samræmi við lög nr. 112/1976.

Ríkið tryggir þroskaheftum ókeypis vist á þeim stofnunum, sem um getur í 12. gr. og greiðir alla þjónustu á þessum stofnunum.

Flutningur til og frá þjónustustofnun greiðist sem hluti af rekstrarkostnaði viðkomandi stofnunar.

Kostnaður samkv. 14. og 15. gr. greiðist úr ríkissjóði.

18. gr.

Af kostnaði vegna reksturs stofnana samkv. 12. gr. tl. 1—9 greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóðir 15%. Ráðherra er heimilt að fela sérstakri opinberri stofnun að annast greiðslur og jafna niður á sveitarfélög og að innheimta þeirra hlut í samræmi við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal.

Greiða skal til stofnana með föstum mánaðarlegum greiðslum fyrir 10. hvers mánaðar.

19. gr.

Kostnaður vegna starfa greiningarstöðvar ríkisins greiðist úr ríkissjóði.

Setja skal reglur um greiðslu kostnaðar vegna ferða einstaklinga til og frá greiningarstöð ríkisins.

20. gr.

Kostnaður vegna starfa stjórnarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

21. gr.

Kostnaður vegna starfa héraðslækna og fræðslustjóra í svæðisstjórn samkv. 4. gr. greiðist af viðkomandi stjórnvöldum.

Kostnaður vegna starfa fulltrúa sveitarstjórna greiðist af viðkomandi sveitarfélögum í samræmi við fjölda íbúa 16 ára og eldri. Kostnaður vegna starfa fulltrúa foreldrasamtaka greiðist úr ríkissjóði.

22. gr.

Greiddur skal eðlilegur dvalarkostnaður þroskaheftra á stofnunum samkv. 12. gr. 10. tl.

Daggjöld samkvæmt þessu skulu ákveðin fyrir allar stofnanir, sem ekki eru í eigu hins opinbera, af stjórnarnefnd samkv. 3. gr., að höfðu samráði við daggjaldanefnd samkv. almannatryggingalögum og fulltrúa frá hlutaðeigandi stofnun.

23. gr.

Fyrir lok júnímánaðar skal liggja fyrir áætlun um útgjöld samkv. lögum þessum fyrir komandi fjárlagaár.

6. KAFLI
Ýmis ákvæði

24. gr.

Svæðisstjórnir og stofnanir samkv. 12. gr. skulu senda stjórnarnefnd reikninga yfir reksturinn ásamt skýrslu fyrir hvert almanaksár eigi síðar en lok febrúar ár hvert.

25. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 53/1967 um fávitastofnanir, ásamt síðari breytingum að undanskildum lögum nr. 12/1977. Auk þess falla úr gildi öll ákvæði almannatryggingalaga nr. 67/1971 ásamt síðari breytingum, sem ekki samrýmast lögum þessum. Ennfremur ákvæði annarra laga, sem kunna að ganga í berhögg við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða

Þegar í stað skal hefjast handa um stofnun sérstakrar deildar í félagsmálaráðuneytinu sbr. 2. gr. og skipun í stjórnarnefnd samkv. 3. gr. og svæðisstjórnir samkv. 4. gr., þannig að starfsemi þessara aðila verði að fullu hafin við gildistöku laganna.

Þær stofnanir, er starfa við gildistöku laganna mega starfa áfram óbreyttar til ársloka 1982. Þær skulu eigi síðar en í lok september 1982 senda umsókn um starfsleyfi í samræmi við 16. gr. laganna og skal með umsókn fylgja nákvæm lýsing á fyrirhugaðri starfsemi.

ATHUGASEMDIR VIÐ LAGAFRUMVARP ÞETTA

1. Inngangur.

Með bréfi dags. 14. mars 1978 fór þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Matthías Bjarnason, þess á leit við félagsmálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið og Landssamtökin Þroskahjálp, að þessir aðilar tilnefndu einn fulltrúa hver til þess að vinna að nýjum tillögum að frumvarpi til heildarlaga um þroskahefta.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tilnefndi fyrir sitt leyti Ingimar Sigurðsson, deildarstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, og fól honum að kalla þessa fulltrúa saman. Félagsmálaráðuneytið tilnefndi fyrir sitt leyti Jón S. Ólafsson, skrifstofustjóra í því ráðuneyti. Menntamálaráðuneytið tilnefndi Ágúst Fjeldsted, hæstaréttarlögmann og Landssamtökin Þroskahjálp Jón Sævar Alfonsson, skrifstofustjóra.

Nefndin hélt sinn fyrsta fund 18. september sl. og skipti með sér verkum. Alls hélt nefndin 22 fundi og lauk störfum í ofanverðum marsmánuði 1979.

Í fyrstu vann nefndin að því að safna saman þeim lögum og reglugerðum, er þessi mál snerta og í gildi eru hér á landi auk gagna, er snertu störf annarrar nefndar, er vann að samningu frumvarps til laga um vangefna fyrir nokkrum misserum. Einnig aflaði nefndin sér upplýsinga um gildandi löggjöf í nágrannalöndunum, sérstaklega á Norðurlöndunum.

Forsaga þessa máls er reyndar nokkuð lengri. Á öndverðu ári 1976 lagði þáverandi menntamálaráðherra, Vilhjálmur Hjálmarsson, til að ráðuneyti félags-, heilbrigðis- og menntamála tilnefndu sinn manninn hvert til þess að athuga gildandi lagaákvæði um heilbrigðis-, fræðslu- og félagsmál og fleira, sem varðaði þroskahefta, þó ekki með það fyrir augum að setja sérlög um einstaka hópa. Skipaði ráðherra Hjálmar Vilhjálmsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóra formann nefndarinnar en aðrir nefndarmenn voru þeir Sverrir Bjarnason, læknir, sem þátt tók í þessu starfi fyrir heilbrigðisráðuneytið og Jón S. Ólafsson, skrifstofustjóri, fyrir félagsmálaráðuneytið. Þessi nefnd vann síðan mikið starf, er stóð yfir í rúmt ár og skilaði drögum að frumvarpi til laga um vangefna, sem sent var til umsagnar margra aðila. Frumvarpið var ekki lagt fyrir Alþingi, þar sem óánægja var talsverð með ýmis efnisatriði.

Ekki þykir ástæða til að fjalla sérstaklega um frumvarp það, sem þessi nefnd samdi á sínum tíma, en þess er sérstaklega getið hér þar sem nefnd sú, er stóð að samningu seinna frumvarpsins ákvað í upphafi að vinna út frá frumvarpsdrögum fyrri nefndar, en þeim drögum var skilað til viðkomandi þriggja ráðuneyta í júní 1977.

Fyrsta atriðið, sem nefndin tók fyrir var það, undir hvaða ráðuneyti yfirstjórn þessara mála skyldi heyra. Gengu nefndarmenn á fund Magnúsar H. Magnússonar, félagsmála- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, og ákvað hann í upphafi að málefni þessi skyldu, að svo miklu leyti, sem þau ekki ættu undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið, falla undir yfirstjórn félagsmálaráðuneytis, enda væri litið á þessi málefni í dag öðrum augum en fyrr, þannig að félagslega hlið þeirra sæti í öndvegi. Þess skal einnig getið að nefnd ákvörðun er í samræmi við eindregnar óskir Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Fyrstu fundir nefndarinnar fóru í það að fara yfir fyrri frumvarpsdrög með hliðsjón af þeirri gagnrýni, sem fram hafði komið á þau. Komust nefndarmenn að því, að fræðslu þroskaheftra væri nægjanlega fyrir komið í almennum lögum, þ. e. a. s. grunnskólalögum, þannig að lagalega væri réttur þroskaheftra nægjanlega tryggður á því sviði. Var því ákveðið að sneiða eins hjá þeim þætti eins og mögulegt væri. Hið sama gildir um almenna heilbrigðisþjónustu fyrir þroskahefta. Einnig var ákveðið að taka ekki inn í þetta frumvarp kafla um sérstakar skyldur og réttindi til handa þroskaheftum, því sé almennt þörf á slíku á það betur heima í öðrum lögum, m. a. lögræðislögum. Þannig urðu nefndarmenn sammála um, að eingöngu ætti í frumvarpi þessu að kveða á um nauðsynlegustu hluti og að slíkt frumvarp ætti að vera sem styst og markvissast, en ákvæði er snerta aðila á annan hátt eigi að vera í almennum lögum. Nefndarmenn eru í sjálfu sér sammála um að lög, sem þessi eigi að vera óþörf í þjóðfélagi, sem byggir á lýðræðissjónarmiðum, þar sem réttur allra skal vera jafn. Má hér minna á mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og ákvæði fleiri laga um jafnrétti, sem hlýtur að vera einn af hornsteinum ísl. lögskipunar. Hins vegar hefur reynslan sýnt að þrátt fyrir slík ákvæði hefur ekki reynst hægt að tryggja slíkum aðilum jafnan rétt á við aðra, nema með sérstakri löggjöf. Má hér t. d. nefna reynslu annarra þjóða, svo sem Norðurlandaþjóðanna og Bandaríkjanna.

Fyrstu drög að frumvarpi þessu lágu fyrir í ofanverðum desembermánuði og voru þau send til umsagnar nokkurra aðila. Meðal þeirra, sem fengu frumvarpið til umsagnar, voru Landssamtökin Þroskahjálp, sem fjallaði um frumvarpið á fulltrúaráðsfundi, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, landlæknir, félagsmálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið. Auk þess áskildu nefndarmenn sér rétt til þess að sýna drögin öllum þeim, sem þeir teldu gagnlegt að um þau fengju að fjalla sem trúnaðarmál. Nefndin treysti því að með því að koma drögunum til þeirra þriggja ráðuneyta, sem fara með stjórn þessara mála og Landssamtakanna Þroskahjálpar, yrði nægjanlega tryggt að sem flestir sérfróðir aðilar á þessu sviði yrðu kallaðir til að gefa umsögn.

Athugasemdir bárust frá öllum þessum aðilum auk annarra aðila, sem hinir einstöku aðilar úr nefndinni leituðu til. Komu þar fram margar þarfar ábendingar um breytingar og hefur nefndin reynt að endurskoða fyrstu drögin með hliðsjón af þessum athugasemdum. Vegna þeirrar ákvörðunar nefndarinnar að kveða á um sem allra fæst atriði í frumvarpinu, var sérstaklega farið fram á ábendingar um atriði sem nefndinni kynni að hafa sést yfir en ættu heima í slíku frumvarpi. Virtust umsagnaraðilar flestir sammála um að ekki þyrfti mörgu við að bæta, þótt gera þyrfti breytingar á ýmsum greinum.

Á fundi sínum 27. febrúar sl. lagði nefndin síðustu hönd á drög að lagafrumvarpi og tók síðan til við að semja athugasemdir og safna saman ýmsum öðrum upplýsingum, er að gagni gætu komið og skýrt þessi mál sem best.

Áður en lengra er haldið skal reynt að gera stutta grein fyrir þróun löggjafar hvað snertir þroskahefta hér á landi og er þetta gert, þar sem lítið hefur til þessa verið fjallað um þann þátt á opinberum vettvangi og sannast sagna er lítið um hann að finna. Hefur Ingimar Sigurðsson, lögfræðingur, einn nefndarmanna tekið saman eftirfarandi upplýsingar um sögulega þróun á sviði löggjafar ásamt upplýsingum um gildandi lög og yfirstjórn þessara mála hér á landi í dag.

2. Söguleg þróun á sviði löggjafar.

Allt fram til ársins 1936 var ekki í gildi hér á landi nein sérlöggjöf um þroskahefta, heldur voru þessi málefni tengd almennri löggjöf um framfærslu. Þegar á þjóðveldisöld voru í gildi ákvæði, er snertu framfærslu. Á þjóðveldisöld (930—1262) voru ákvæði í Grágás um þurftarmenn og ýtarleg ákvæði um skyldur hreppanna til þess að styrkja þá, jafnframt því að framfæra ómaga. Ennfremur voru ýtarleg ákvæði um framfærslu fátækra og framfærsluskyldu. Að svo miklu leyti sem þroskaheftir féllu undir þessi ákvæði voru þeir á framfærslu hreppanna.

Framfærsla hélst í höndum sveitarfélaga fram eftir öldum. I stjórnarskránni frá 1874 voru ákvæði í 52. gr. þess efnis að þeir skyldu fá framfærslueyri, sem eigi væru færir um að sjá fyrir sér og sínum. Þrátt fyrir ákvæði þessi þótti það oft á tíðum neyðarbrauð að sækja um slíkt, þar eð það kostaði missi ýmissa mannréttinda, sem sjálfsögð þykja í dag og má þar sem dæmi nefna kosningarétt og kjörgengi að svo miklu leyti, sem slíkur réttur takmarkaðist ekki af öðru.

Allt fram til 1930 eru málefni þroskaheftra ekki tekin neinum sérstökum tökum, hvorki í framkvæmd né í löggjöf. Ekki er þar með sagt að þessi mál hafi algjörlega legið í láginni fram að þeim tíma, þó segja megi að við það hafi jaðrað. Árið 1930 kom Sesselja Sigmundsdóttir heim til Íslands eftir nám í nokkrum löndum Evrópu. Tók hún árið 1930 á leigu með stuðningi foreldra sinna og systkina og ýmissa kunningja, jörðina Hverakot í Grímsnesi. Sesselja fékk 15 þús. kr. styrk til stofnunar heimilis fyrir vangefna, en þörfin fyrir slíkt heimili var talin mjög brýn, og til marks um það má geta þess, að þá um sumarið byrjaði hún starfið í tjöldum með börnin, en flutti inn í ófullgert hús í byrjun vetrar 1930.

Árið 1934 var reist lítið hæli með 25 rúmum. Fávitar voru þá taldir um 200 og var þar af tæpur helmingur börn. Þess skal getið hér að tölur þessar eru ekki áreiðanlegar þar sem illa gekk að fá upplýsingar frá mörgum aðilum, enda voru þessi mál litin feimnisaugum.

Þetta hæli stóð hálftómt í upphafi þar sem aðeins 10 einstaklingar voru vistaðir þar. Byggðist þetta á því að greiða þurfti fyrir vist þeirra, sem þar dvöldust, þannig að slíkt var eingöngu á færi fárra aðila.

Á þessum árum hafði engin stefna verið mótuð í skipulagningu uppeldis og hjúkrunar þroskaheftra og engin greining eftir vitsmunaþroska var fyrir hendi. Voru Íslendingar langt á eftir nágrannaþjóðunum hvað snertir aðhlynningu alla svo ekki sé talað um uppeldi þegar hér var komið sögu.

Þetta leiddi til þess að Guðrún Lárusdóttir, alþingism., sem sýnt hafði þessu máli mikinn áhuga, lagði fram á Alþingi árið 1935 frumvarp til laga um fávitahæli. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir því að ríkisstjórnin sæi um, jafnóðum og fé væri veitt til þess á fjárlögum, að stofnað yrði skólaheimili fyrir vanvita og hálfvita, hjúkrunarhæli fyrir örvita og fávita, sem ekki gætu tileinkað sér neitt nám, vinnuhæli fyrir fullorðna fávita, sem einhverja vinnu gátu stundað þó ekki væri á almennum vinnumarkaði. Jafnframt að framfærslustyrkur fávita teldist ekki fátækrastyrkur eins og hingað til.

Um svipað leyti var lagt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar frumvarp til laga um framfærslu sjúkra manna og örkumla. Þar til þau tóku gildi var ákveðið að ríkissjóður greiddi $^4/_5$ hluta meðgjafar með efnalausum fávitum á þeim hælum, sem lögin um fávitahæli tóku til, en þau voru samþykkt 1936, en framfærslusveit skyldi greiða $^1/_5$ hluta. Sérákvæði voru í lögunum um fávitahæli þess efnis að fávitar ynnu sér ekki sveitfesti, þótt þeir dveldust utan fæðingarsveitar, en nokkur áhöld höfðu verið um slík áður.

Lög um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla öðluðust gildi stuttu síðar eða á sama ári 1936. Að svo miklu leyti sem þau snertu fávita, kváðu þau á um styrkveitingar og úrskurð slíkra styrkveitinga til fávita. Þannig náðu kostnaðarákvæði ríkisframfærslulaganna þ. e. a. s. $^4/_5$ hlutar ríkis og $^1/_5$ hluti framfærslusveitar ekki til þeirra, sem taldir voru vangefnir, heldur giltu um þá ákvæði um styrkveitingar og hélst þetta fyrirkomulag að mestu óbreytt til ársins 1971.

Áður hafði ríkið tekið að sér sjúklinga, sem haldnir voru berklaveiki, holdsveiki, kynsjúkdómum, með sérstökum lögum og ennfremur sjúklingum, sem haldnir voru geðveiki, en geðveikiþurfalingar fengu vist á geðveikrahæli ríkisins og þurftu að greiða 1.50 kr. fyrir legudag, sbr. lög um geðveikrahæli ríkisins.

Lögin um ríkisframfærslu tóku einnig yfir fávita og langtímasjúklinga, eins og áður segir og var ástæðan sú, að henta þótti að setja heildarkerfi um beina aðstoð ríkisins á þessum vettvangi og að það væri í samræmi við sjúkratryggingakafla frumvarps til laga um alþýðu-

tryggingar, en þau lög öðluðust gildi 1936 og voru fyrstu heildarlögin um félagslegar tryggingar og þar með undanfari almannatryggingalöggjafar þeirrar, sem við búum við í dag, en þau eru að grunni til frá árinu 1946.

Samkvæmt lögunum um ríkisframfærslu má glöggt ráða að fávitaháttur var á þessum tíma talinn til geðveiki og þess vegna langvinnur sjúkdómur, þ. e. a. s. sem krafðist lengri hælisvistar en sex mánaða. Samkvæmt lögunum mátti aðeins greiða þeim styrk, sem ekki voru þannig efnum búnir eða framfærandi hans, að ætla mætti að hann væri ekki fær um að standast sjálfur kostnað sinn af sjúkdómi sínum eða örkumlu án þess að stofna afkomu sinni í tilfinnanlega hættu, eins og segir í lögunum.

Ráðherra (ýmist dóms- og kirkjumálaráðherra eða félagsmálaráðherra) úrskurðaði hver væri styrkhæfur að fengnum tillögum landlæknis. Ef um var að ræða holdsveiki, berklaveiki eða menn sem þjáðust af kynsjúkdómum, greiddi ríkið $^4/_5$ hluta samkvæmt lögunum, en upphæð til annarra sjúklinga þar á meðal þeirra sem taldir voru fávitar, átti að byggjast á fjárframlögum eins og þau voru ákveðin hverju sinni á fjárlögum.

Lögunum um ríkisframfærslu var ekki breytt fyrr en árið 1965, en Alþingi hafði þá í formi þingsályktunar farið fram á endurskoðun laganna, sérstaklega með hliðsjón af almannatryggingalögunum, sem var breytt að verulegu leyti 1963. Nefnd sú, sem samdi frumvarp til breytinga á lögunum um ríkisframfærslu, komst að þeirri niðurstöðu að þáverandi skipun þessara mála væri hvorki réttlát né hagkvæm og að æskilegt væri að leggja hana niður með öllu og í þess stað að setja hana undir sjúkratryggingar almannatryggingalaganna.

Sjúkratryggingar voru lögboðnar fyrir alla landsmenn með almannatryggingalögunum frá 1946, en áður höfðu vissir hópar notið sjúkratryggingar samkv. lögunum um alþýðutryggingar frá 1936. Samkvæmt almannatryggingalögunum frá 1946 áttu allir nema þeir, sem þjáðust af ellihrumleika eða alvarlegum langvinnum sjúkdómum, þ. á m. fávitar, eftir það, án tillits til efnahags, ókeypis vist á sjúkrahúsum. Þannig voru þeir, sem þjáðust af langvinnum sjúkdómum þ. á m. fávitar ekki felldir undir þessi lög 1946, heldur áttu að búa við óbreytt ástand.

Með breytingunum á ríkisframfærslulögunum 1965 var t. d. horfið frá efnahagsviðmiðun í sambandi við ríkisframfærsluna, þar sem það var löngu viðurkennt að efnahagur bótaþega og þeirra nánustu ætti ekki að hafa nein áhrif á upphæð bóta. Þessi regla var reyndar lögfest með breytingum á almannatryggingalögunum árið 1960.

Ríkisframfærslan var á sínum tíma fyrst og fremst sett á fót með það fyrir augum að útrýma berklaveiki, en verksvið stækkaði jafnt og þétt m. a. vegna þess, að sjúkratryggingar náðu upphaflega ekki til allra, þ. e. a. s. samkvæmt alþýðutryggingalögunum frá 1936.

Skömmu fyrir endurskoðun almannatryggingalaga 1963 hafði ríkisstjórnin látið í ljós þá skoðun að vinna bæri að niðurfellingu ríkisframfærslu í því formi, sem hún var í þá, væri slíkt unnt. Þrátt fyrir allt þetta giltu lög um ríkisframfærslu og styrkveitingar samkv. þeim um fávita þar til 1967 að sérstök lög voru sett um fávitastofnanir. Þau lög eru ennþá í gildi, en þeim hefur verið breytt þannig að um kostnað vegna vistunar fávita fer nú samkvæmt sjúkratryggingakafla almannatryggingalaga. Þessi breyting átti sér stað 1971 og má segja að fyrst með henni hafi þessum einstaklingum verið skapaður sami réttur og öðrum þjóðfélagsþegnum, hvað snerti greiðslur kostnaðar vegna vistunar.

Fyrsta ríkisrekna stofnunin fyrir vangefna var reist árið 1944 að Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði. Starfsemi þessa heimilis stóð til ársins 1958 en þá fluttu stúlkur af heimilinu á kvennadeild Kópavogshælisins og var heimilið að Kleppjárnsreykjum jafnframt lagt niður sem stofnun fyrir vangefna.

Starfsemi Kópavogshælis hófst í desember 1952, er elsti hluti stofnunarinnar var tekinn í notkun. Elstu byggingar hælisins eru frá því á árunum 1948—1959 og þær yngstu frá 1972—1974. Samkvæmt lögum um fávitastofnanir 1967 á ríkið að reka eitt aðalhæli og hefur Kópavogshælið þjónað því hlutverki.

Hvað snertir stofnanir fyrir vangefna vísast að öðru leyti til fylgiskjals með frumvarpi þessu. Kennsla þroskaheftra, að svo miklu leyti sem um slíkt hefur verið að ræða hefur einkum farið fram á þeim stofnunum, sem þroskaheftir hafa dvalist. Aðrir aðilar, þ. e. a. s. þeir sem hafa dvalist í heimahúsum og hafa getað hagnýtt sér nám á einhvern hátt, hafa sótt nám í Öskjuhlíðarskóla, sem er hæfingarskóli fyrir andlega þroskahefta nemendur og fjölfatlaða, en Öskjuhlíðarskólinn tók við af Höfðaskóla, en hann var fyrsti hæfingarskóli landsins og tók til starfa 1961 á vegum Reykjavíkurborgar og skóla fjölfatlaðra, sem starfaði á ýmsum stöðum frá árinu 1972.

Öskjuhlíðarskóli er hins vegar ríkisskóli og á hann að þjóna öllu landinu. Um nánari upplýsingar vísast til fylgiskjals með frumvarpinu þar sem taldar eru upp stofnanir og skólar á þessu sviði.

3. Gildandi lög og yfirstjórn

Málefni þroskaheftra heyra að lögum og venjum samkvæmt undir þrjú ráðuneyti. Samkvæmt auglýsingu forseta Íslands um staðfestingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96/1969 skiptast yfirráð, að svo miklu leyti sem fjallað er um þau, á eftirfarandi hátt:

1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

a. Almenn heilbrigðismál, heilsugæsla og heilsuvernd.
b. Sjúkrahús og heilsuhæli.
c. Hjúkrunarheimili og elliheimili.
e. Málefni Tryggingastofnunar ríkisins.

2. Félagsmálaráðuneytið.

a. Endurhæfing, læknisfræðileg og starfsleg.
b. Endurhæfingastöðvar.
c. Styrktarsjóður vangefinna.
d. Framfærsla.

3. Menntamálaráðuneytið.

a. Menntun vangefinna.
b. Vernd barna og ungmenna.

Skal nú leitast við að gera sem gleggsta grein fyrir gildandi lögum á þessum vettvangi og ákvæðum sérlaga, sem sérstaklega snerta þroskahefta, þótt vitanlega sé hér ekki um tæmandi talningu að ræða.

1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið,
gildandi lög og reglugerðir.

a. Lög nr. 53/1967 um fávitastofnanir.

Þessi lög fjalla um fávitastofnanir og vistmenn þeirra, um skiptingu fræðsluskyldu milli heilbrigðisyfirvalda og fræðsluyfirvalda, þegar í hlut á andlega vanþroska fólk og um heimild til að veita því félagslega aðstoð. Lögin fjalla um að rekið skuli eitt ríkishæli, aðalfávitahæli ríkisins, sem skal vera deildaskipt og í senn hjúkrunarhæli, uppeldis- og kennsluhæli og vinnuhæli. Lögin heimila að komið sé upp útibúum frá aðalhælinu, er hvert um sig ræki tiltekið hlutverk.

Lögin veita bæjar- og sveitarfélögum og einkaaðilum leyfi til að reka fávitahæli og dagvistunarheimili fyrir fávita. Allar fávitastofnanir eru háðar eftirliti frá aðalhælinu samkv.

lögunum og allar umsóknir um vist á fávitastofnunum skulu berast til aðalfávitahælisins. Ákvæði eru í lögunum eins og þeim var breytt 1971 um að allur kostnaður við vistun skuli greiddur af sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins, auk þess, sem þar er að finna ákvæði um greiðslu kennslukostnaðar á fávitastofnunum, sem ríkið rekur ekki.

Lögin hafa að geyma ákvæði um Þroskaþjálfaskóla Íslands en hlutverk hans er að sérmennta fólk til þess að sinna þroskaheftum, sbr. lög nr. 12/1977 um breyting á lögunum nr. 53/1967 um fávitastofnanir.

Hlutverk aðalhælisins er að veita öllum hælisþurfandi fávitum viðtöku, rannsaka andlegt og líkamlegt ástand þeirra, ákveða tiltæka læknislega og uppeldislega meðferð og sjá um að þeir fái hana (svo kölluð centralisering) og verði undir eftirliti aðalhælisins. Ennfremur að sjá um að samræmdur sé rekstur allra hæla. Lögin sameinuðu þrenns konar aðgreindar stofnanir samkv. lögunum frá 1936 um fávitahæli, þ. e. a. s. skólaheimili, hjúkrunarhæli og vinnuhæli.

Eins og fram hefur komið kváðu lögin í upphafi á um styrki til greiðslu á eðlilegum dvalarkostnaði á viðurkenndum fávitahælum, þ. e. a. s. ef viðkomandi hafði verið úrskurðaður styrkhæfur. Þessu var breytt árið 1971 og sér sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins um að greiða eðlilegan dvalarkostnað fávita á viðurkenndu fávitahæli, þar sem vistun hans hefur verið talin nauðsynleg, en um nauðsyn vistunar dæmir forstöðumaður aðalhælisins að undangenginni fullnaðarrannsókn á því á hvaða stofnun viðkomandi skuli vistaður. Þær stofnanir sem ríkið rekur ekki eru ekki skyldugar að taka við einstaklingum, þ. e. a. s. forstöðumenn þeirra stofnana verða að samþykkja slíkt.

Þótt lögin leggi ákvörðunarvald um nauðsyn vistunar í hendur forstöðumanni aðalhælisins, hefur þetta í framkvæmd verið þannig síðan reglug. nr. 142/1977 tók gildi að svo kallað sérfræðingateymi á Kópavogshæli, hefur fjallað um slíkt að undangenginni rannsókn.

Með reglugerð nr. 142/1977 um heilsugæslu og félagslega aðstoð við andlega vanþroska fólk, sem ekki dvelst á fávitastofnunum, en sú reglugerð er sett með stoð í lögum nr. 53/1967 um fávitastofnanir, er kveðið á um það að vangefið fólk, sem ekki er vistað á fávitastofnunum skuli njóta aðstoðar, sem miðar að því að gera því fært að búa í heimahúsum, hvort heldur er hjá foreldrum, ættingjum eða öðrum sem taka að sér umönnun þess. Í þessari reglugerð nr. 142/1977 er ennfremur að finna ákvæði þess efnis að reka skuli við Kópavogshælið göngudeild, sem hafi með höndum umsjón og skipulagningu þessarar þjónustu. Göngudeild Kópavogshælisins er heimilt að fela öðrum stofnunum þjóðfélagsins, er aðstöðu hafa til þess á hverjum tíma, framkvæmd þessa. Má hér nefna stofnanir eins og heilsugæslustöðvar, geðverndarstöðvar, sálfræðideildir skóla, æfingastöðvar fyrir fatlaða, heimilishjálp, leikskóla, félagsmálastofnanir, endurhæfingastöðvar o. s. frv.

Samkvæmt þessari reglugerð skal halda sérstaka skrá yfir alla vangefna, bæði þá sem eru í heimahúsum og stofnunum og færa á hana alla örvita, fávita og vanvita. Skrá má annað vanþroska fólk ef óskað er aðstoðar fyrir það samkvæmt reglugerð þessari. Þessi skráning er á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, en göngudeild Kópavogshælis skal sjá um skráningu og þar skal varðveisla spjaldskrár vera. Samkvæmt reglugerðinni eru aðalþættir félagslegrar aðstoðar og heilsugæslu eftirfarandi:

1. Rannsókn, hæfileikakönnun og önnur tiltæk greining á stigi og eðli vanþroska ásamt skráningu.
2. Sérfræðileg læknisþjónusta.
3. Tannlækningar.
4. Geðvernd. Viðtöl vegna vandkvæða hins vangefna og ýmiss konar vanda.
5. Sjúkraþjálfun.
6. Heimahjúkrun. Leiðbeining til foreldra og annarra er annast vangefna, um uppeldi, þjálfun og hjúkrun þeirra í heimahúsum.

7. Leikkennsla fyrir börn, leiðsögn um tómstundaiðju og iðjulækningu fyrir fullorðna. Þetta skal veitt í leikskólum, vernduðum vinnustöðum, endurhæfingastofnunum og tómstundaheimilum, eftir því, sem við verður komið.
8. Vinnumiðlun. Hún skal veitt á vegum vinnumiðlunar endurhæfingarráðs eins og öðrum öryrkjum.
9. Heimilishjálp til að aðstoða forsjármenn og koma í þeirra stað, þegar nauðsyn krefur. Hún skal tengd heimilishjálp sveitarfélaga.
10. Tímabundin vistun á stofnun fyrir vangefna í forföllum forsjármanns. Fávitastofnanir, er njóta daggjalda frá ríkinu, er skylt að mæta þessari þörf eftir því sem unnt er.

b. Almannatryggingalög nr. 67/1971 ásamt síðari breytingum.

Í 42. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar eru ákvæði laga 53/1967 um fávitastofnanir, um greiðslu eðlilegs dvalarkostnaðs fávita á viðurkenndum fávitahælum, ítrekuð. Í 42. gr. almannatryggingalaga 3. málsgr. kemur fram að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins tryggir samlagsmönnum sjúkrasamlaga ókeypis vist, sem nauðsynleg er m. a. vegna fávitaháttar ásamt hjúkrun, læknishjálp, lyfjum og annarri þjónustu, sem veitt er á hælum og stofnunum. Hið sama gildir um dagvistun á þessum stofnunum eða sérstökum viðurkenndum dagvistunarstofnunum m. a. fyrir vangefna. Tryggingayfirlæknir úrskurðar um nauðsyn vistunar samkv. þessari málsgrein, en þess skal getið hér að 11. gr. laga nr. 53/1967 um fávitastofnanir gildir um allt er að vangefnum lýtur, þannig að tryggingayfirlæknir hefur hér ekki úrskurðarvald heldur forstöðumaður ríkishælisins, þ. e. a. s. forstöðumaður Kópavogshælis, sbr. það sem segir hér á undan.

Almannatryggingalög hafa ennfremur að geyma grundvallarákvæði í sambandi við þroskahefta einstaklinga, sem og aðra þegna, sem hjálpar þurfa og þjóðfélagið hefur kosið að veita slíka hjálp. Réttur samkv. almannatryggingalögum til handa þroskaheftum er örorkulífeyrir, en þann rétt eiga menn á aldrinum 16—67, sem eiga lögheimili hér á landi og eru öryrkjar til langframa og á svo háu stigi, að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn ¼ þess, er heilbrigður maður vinnur sér inn í sama héraði við störf, sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim, með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa, sbr. nánar 12. gr. almannatryggingalaga.

Ennfremur er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að veita örorkustyrki þeim, sem skortir að m. k. helming starfsorku sinnar. Örorkustyrki má ennfremur veita þeim, sem stundar starf sitt, en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar og heimilt er að greiða slíka styrki vegna bæklunar og vanþroska barns innan 16 ára aldurs, ef örorkan hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun.

Fullur árlegur örorkulífeyrir samkvæmt almannatryggingalögum miðað við 1. mars 1979 nemur kr. 652.776 á ársgrundsvelli.

Um vangefna innan 16 ára aldurs gilda þær reglur, sem skýrt er frá hér að framan, þ. e. a. s. heimild til að greiða þeim styrk, sem vegna m. a. vanþroska barns innan 16 ára aldurs getur ekki stundað fullt starf, þ. e. a. s. ef vanþroski barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun. Fullur örorkustyrkur er samkvæmt tölum 1. mars 1979 kr. 40 799 pr. mánuð.

Heimilt er að greiða örorkulífeyrisþegum þ. á m. þroskaheftum svo kallaða tekjutryggingu, en hún er fólgin í því, að heimilt er að greiða uppbót á lífeyri samtals að upphæð kr. 599 592 á ári. Tekjutrygging er óskert ef bótaþegi hefur ekki meiri tekjur en kr. 297 000 á ári, en allar tekjur umfram það skerða uppbótina um 55% þ. e. a. s. svo dæmi sé tekið, skerða 10 000 kr. umfram nefnda upphæð (297 000) tekjutrygginguna um 5 500 kr. sbr. 19. gr. 1. málsgr. almannatryggingalaga. Ennfremur er heimilt að greiða frekari uppbót m. a. á örorkulífeyri, ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki komist af án þess, sbr. 3. málsgr. 19. gr. almannatryggingalaga.

Heimilt er að greiða einstaklingi, sem nýtur óskertrar uppbótar, þ. e. a. s. tekjutryggingar, sé hann einn um heimilisrekstur, án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, kr. 18 669 á mánuði sbr. útreikning 1. mars 1979.

Eigi hann rétt á skertri tekjutryggingu lækkar heimilisuppbótin í sama hlutfalli sbr. nánar 19. gr. 2. málsgr. laga um almannatryggingar. Ákvæðin um greiðslu heimilisuppbótar komu inn í almannatryggingalög í kjölfar kjarasamninga sumarið 1977, þá í bráðabirgðalögum er staðfest voru á næsta þingi, sbr. lög nr. 69/1977.

Þau ákvæði, sem hér eru talin upp að framan eru þau helstu, er snerta þroskahefta, þ. e. a. s. öryrkja og fjalla um beinar peningagreiðslur til þeirra.

Ef örorkulífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð á stofnun, þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann samkv. almannatryggingalögum, fellur lífeyrir hans niður ef vistin hefur varað lengur en fjóra mánuði á undanförnum 24 mánuðum. Samkvæmt þessu falla allar greiðslur niður þegar fullir fjórir mánuðir eru liðnir og hefjast ekki aftur fyrr en viðkomandi fer út af stofnun. Tryggingaráði er heimilt að víkja frá þessum tímamörkum ef sérstaklega stendur á og ennfremur sé dvölin ekki greidd að fullu, þá er heimilt að greiða lífeyri allt að því sem á vantar. Sé hlutaðeigandi algjörlega tekjulaus er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% lágmarksbóta.

Þannig falla allar greiðslur almannatrygginga til þeirra aðila, sem dveljast á stofnunum fyrir þroskahefta, niður eða þá hlutfallslega, ef um er að ræða dagvistun. Ákvæði um þetta er að finna í 53. gr. almannatryggingalaganna. Í lokaákvæðum 51. gr. eru viss heimildarákvæði, sem tryggingaráð hefur beitt til þess að þeir aðilar, sem þarna falla undir, verða ekki algjörlega peningalausir og er þeim greidd ákveðin upphæð mánaðarlega og hafa þessar greiðslur gengið undir nafninu vasapeningar. Hvað snertir öryrkja, sem dveljast á svo kölluðum fávitastofnunum, gilda hér um sérreglur, sem tryggingaráð hefur sett. Hinn 12. febrúar 1969 samþykkti tryggingaráð að öryrkjar á fávitastofnunum skyldu eiga sama rétt til dagpeninga og aðrir vistmenn. Það var hins vegar ekki fyrr en í desember 1971 sem samþykkt var að greiða þeim vistmönnum á fávitastofnunum, sem komnir voru á lífeyrisaldur, vissa vasapeninga. Voru þeir ákveðnir fyrir árið 1971 kr. 6000 fyrir hvern mann og var þá um að ræða eingreiðslu fyrir það ár. Fjárhæðin var afhent stjórnendum hlutaðeigandi stofnana og var gert ráð fyrir því að skilagrein lægi fyrir um ráðstöfun fjárins áður en afstaða yrði tekin til frekari greiðslna af þessu tagi. Áður höfðu verið lögð fram örorkuvottorð vegna hóps af vistmönnum fávitastofnana og var tryggingayfirlækni falið að annast þessi mál m. a. í sambandi við framkvæmd fávitalaga o. s. frv. Í framhaldi af þessu ákvað tryggingaráð að greiða vistmönnum á vistheimilum fyrir vangefna hálfa vasapeninga. Vasapeningar eru í dag þ. e. a. s. 1. mars 1979 að upphæð kr. 12.000 á mánuði, og fá öryrkjar á fávitastofnunum helming þess eða kr. 6 000. Frá og með 1. apríl 1979 hækka þessir peningar í kr. 13 600, eða í kr. 6 800 hjá vangefnum.

Þegar öryrkjar, þar á meðal þroskaheftir, ná 67 ára aldri tekur ellilífeyrir við og gilda þá sömu reglur og um aðra íslenska þegna, en þær eru nánast þær sömu og getið er um hér að framan í sambandi við örorkulífeyri, enda eru ellilífeyrir og örorkulífeyrir flokkaðir undir svo kallaðar lífeyristryggingar. Tekjutrygging og heimilisuppbót og annað er getið hefur verið um hér að framan, eiga því við eftir sem áður, séu skilyrði fyrir hendi.

Rétt er að geta þess hvað tannlækningar snertir, þá eru sérreglur um tannlækningar vangefinna í almannatryggingalögum. Hér er um að ræða 44. gr. almannatryggingalaganna en sú grein var lögfest að grunni til 1974. Í 44. gr. er fjallað um tannlæknaþjónustu veitta á heilsugæslustöðvum af skólatannlæknum eða á stofum tannlækna, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samið við. Samkvæmt 44. gr. eins og hún er frá og með síðastliðnum áramótum, greiða sjúkrasamlög 50% kostnaðar við tannviðgerðir örorkulífeyrisþega, þar á meðal þroskaheftra, þó ekki gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslu fyrir þessa

bótaþega eftir reglum, sem tryggingaráð setur í allt að 75%, ef um er að ræða langsjúkt fólk á stofnunum og hvað snertir vangefna, er dveljast á hælum, er heimilt að hækka í 100%.

Einnig er heimilt að hækka í 100% með sama hætti allar greiðslur fyrir tannlækningar vangefinna, sem metnir eru 75% öryrkjar og njóta fullrar tekjutryggingar, þ. e. a. s. í umsjá foreldra eða annarra forráðamanna.

c. Önnur lög.

Að sönnu snerta mörg sérlög málefni þroskaheftra á einn eða annan hátt og verða þau seint upptalin hér. Þó má hér nefna sérákvæði í lögum nr. 25/1975, sem m. a. fjalla um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Í 13. gr. þeirra laga, en sú grein fjallar um umsókn og greinargerð varðandi fóstureyðingar, segir m. a., að sé kona vegna geðsjúkdóms, mikils greindarskorts eða af öðrum ástæðum ófær um að gera sér grein fyrir nauðsyn aðgerðarinnar, þá sé heimilt að veita leyfi til aðgerðarinnar samkv. umsókn lögráðamanns. Hér er um að ræða undantekningarákvæði frá þeirri reglu, að viðkomandi kona sæki um fóstureyðingu án afskipta annarra en tveggja lækna eða læknis og félagsráðgjafa sé um félagslegar ástæður að ræða.

Varðandi ófrjósemisaðgerðir eru ennfremur sérákvæði í 22. gr. laganna, en þar kemur fram að sé ástæða til ófrjósemisaðgerðar fyrir hendi, samkv. 18. gr. 2, þ. e. a. s. sé viðkomandi ekki fullra 25 ára, en önnur skilyrði mæli með, eða viðkomandi er fullra 25 ára, en vegna geðsjúkdóms, mikils greindarskorts eða annarra geðtruflana sé varanlega ófær um að gera sér grein fyrir afleiðingum aðgerðarinnar, má heimila aðgerð samkv. umsókn sérstaklega skipaðs lögráðamanns. Aðalreglan er sú að ófrjósemisaðgerð er heimil sé viðkomandi 25 ára gamall og óski hans slíks. Hvað snertir vangefna er eingöngu heimilt að veita slíkt leyfi þrátt fyrir 25 ára aldur, ef sérstaklega skipaður lögráðamaður fer fram á slíkt. Í þessum tilvikum nægir ekki umsókn lögráðamanns, heldur verður að fara fram á það við viðkomandi yfirvöld, í þessum tilvikum borgarfógeta, bæjarfógeta eða sýslumann, að þeir skipi sérstaka lögráðamenn til þess að annast þetta. Þetta ákvæði var sett inn í lögin til þess að tryggja það, að lögráðamenn, sem í flestum tilvikum eru foreldrar eða aðrir forráðamenn, geti ekki haft of mikil áhrif á það, að til slíkra aðgerða sé gripið.

Hvað snertir fóstureyðingar sérstaklega er tekið fram, að sé kona yngri en 16 ára eða hafi hún verið svipt sjálfræði, þá eigi foreldrar eða lögráðamenn að taka þátt í umsókn hennar, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Hér ber þess ennfremur að gæta að foreldrar eða forráðamenn hafi ekki of mikil áhrif, þannig að þetta er ekki gert að algjöru skilyrði. Þetta á þó ekki við nema eitthvað mæli sérstaklega gegn því að umsókn komi frá foreldrum eða forráðamönnum. Samkvæmt 9. gr. áðurnefndra laga, er fóstureyðing heimil af félagslegum ástæðum, m. a. ef ætla má að þungun og tilkoma barns verði konunni eða hennar nánustu of erfið vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna og ber þá m. a. að taka tillit til þroskaleysis viðkomandi konu til að annast barn á fullnægjandi hátt.

Önnur lög, sem nefna má hér, eru lög nr. 74/1978 um heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Með þessum lögum var komið á fót stofnun, sem nefnist heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Hlutverk stofnunarinnar er að annast hvers konar þjónustu við heyrnarskerta, t. d. prófun heyrnar og úthlutun heyrnartækja. Ennfremur á stofnunin að annast sjúkdómsgreiningu málhaltra, bæði barna og fullorðinna. Stofnuninni ber að halda skrá yfir alla þá landsmenn, sem eru heyrnarskertir og/eða málhaltir. Stofnuninni ber að hafa fullt samráð við alla opinbera aðila, sem vinna á þessu sviði. Stofnuninni ber að hafa yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu heyrnarskertra og málhaltra, að því er tekur til heyrnartækjameðferðar og heyrnarrannsókna. Þessari stofnun er falið að skipuleggja ferðir sérfræðinga til aðstoðar heyrnardaufum úti á landi. Ennfremur hafa sérfræðilega umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn allra nemenda Heyrnleysingjaskóla Íslands og leið-

beina um meðferð þeirra. Um slíkt á stofnunin að hafa fullt samráð við fræðsluyfirvöld. Hið sama gildir um allar sérdeildir heyrnardaufra í almennum skólum og um stofnanir og sérdeildir fyrir þroskaheft fólk. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands tók formlega til starfa um síðastliðin áramót og er nú unnið að því að koma föstum fótum undir stofnunina m. a. með útvegun heppilegs húsnæðis og annars, sem nauðsynlegt er til þess að stofnunin geti starfað lögum samkvæmt.

2. Félagsmálaráðuneytið

a. Lög nr. 27/1970 um endurhæfingu.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að þjálfun og endurhæfingu fólks með varanlega skerta starfshæfni, svo það geti sem best séð sér farborða með eigin vinnu. Aðstoða skal þær stofnanir, sem annast endurhæfingu og koma á fót þeim rannsóknar- endurhæfingar- og vinnustöðvum, sem nauðsynlegar eru, með þeim hætti sem nánar er greint frá í lögunum.

Samkvæmt þessum lögum skipar félagsmálaráðherra 7 menn í endurhæfingarráð og eiga eftirtaldir aðilar einn fulltrúa hver: Öryrkjabandalag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Samband ísl. sveitarfélaga, Læknafélag Íslands og menntamálaráðuneytið. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal sá vera formaður ráðsins. Allur kostnaður við starfrækslu endurhæfingarráðs greiðist úr ríkissjóði.

Endurhæfingarráð hefur það hlutverk m. a. að semja áætlun um þörf endurhæfingarstöðva og vinnustöðva fyrir fólk með varanlega skerta starfshæfni, að hafa eftirlit með endurhæfingarstofnunum og vinnustöðum fyrir öryrkja, að vinna að því að verkaskipting slíkra stofnana verði sem hagkvæmust, að útvega þeim, er þarfnast endurhæfingar og þjálfunar rúm á stofnun við sitt hæfi og atvinnu að þjálfun lokinni. Að stunda upplýsingastarfsemi og hvetja þá, sem ekki geta séð sér farborða vegna skertrar starfshæfni, til þess að leita þjálfunar og þeirrar meðferðar sem við á svo að þeir geti fengið starf við sitt hæfi. Að vera stjórnvöldum til aðstoðar og ráðgjafar um endurhæfingarmálefni, athuga og gera tillögur um, hvernig almenn endurhæfing og sú endurhæfing fólks með skerta starfsorku, sem lögin taka sérstaklega til verði sem best samræmd í framkvæmd.

Lögin um endurhæfingu fjalla m. a. um endurhæfingarstöðvar. Til þess að koma á fót sjálfstæðum endurhæfingarstöðvum skal veita úr erfðafjársjóði, eftir því sem fé er fyrir hendi, svo sem hér segir:

a. Styrk, sem nemur allt að þriðjungi stofnkostnaðar.
b. Lán, sem nemur allt að þriðjungi stofnkostnaðar.

Lögin kveða á um það að til þess að koma á fót vinnustöðvum fyrir öryrkja sé heimilt að veita styrki á eftirfarandi hátt:

a. Styrkur úr erfðafjársjóði, sem nemur allt að 40% af stofnkostnaði.
b. Lán úr atvinnuleysistryggingasjóði til 20 ára, sem nemur allt að 40% kostnaðar.

Þess skal getið hér að samkv. 19. gr. laga nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu, kemur fram að veita skal á heilsugæslustöðvum eða í tengslum við þær, sérfræðilega læknisþjónustu, svo sem endurhæfingu. Hlýtur það að verða stefnan í framtíðinni að tengja þetta sem mest. Segja má að yfirstjórn þessara mála sé allt of skipt hvað þetta snertir, þar sem félagsmálaráðuneytið fer með endurhæfingu, en heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið með heilsugæslu almennt.

Samkvæmt endurhæfingarlögum er heimilt að veita fé úr erfðafjársjóði til þess að koma á fót dvalarheimilum fyrir öryrkja, sbr. einnig lög nr. 12/1952 um ráðstöfun erfðafjárskatts.

Þeir sem njóta eiga endurhæfingar samkvæmt lögunum eru þeir, sem lögheimili eiga á Íslandi og annað hvort a) geta ekki séð sér farborða vegna varanlegrar skertrar starfhæfni, eða b) er nauðsyn þjálfunar eða endurhæfingar til þess að koma í veg fyrir að þeir missi hæfileika sína til þess að sjá sér farborða vegna fyrirsjáanlega minnkandi starfsgetu af völdum orkutaps.

Hver sá, sem óskar þjálfunar vegna skertrar starfshæfni, skal, ef þess gerist þörf, ganga undir hæfnis- og starfspróf, þar sem rannsökuð er andleg og líkamleg hæfni hans. Samkvæmt lögunum skal afla upplýsinga um fortíð hans, heilsufar, menntun, uppeldi, hugðarefni, félagslegar aðstæður, efnahag og atvinnu og annað, er máli skiptir fyrir þjálfun starfs.

Samkvæmt tillögu endurhæfingarráðs skulu þeir, sem njóta endurhæfingar samkvæmt lögunum, eiga kost á aðstoð á eftirfarandi hátt:

a. Styrk, ef fjárhagsástæður þeirra eru með þeim hætti, að þeir geta ekki aflað sér þess, sem þeir og skyldulið þeirra mega ekki án vera til lífsframfærslu, á meðan endurhæfing fer fram.
b. Styrk eða lán til verkfæra- og tækjakaupa og annarri fyrirgreiðslu í sambandi við heimavinnu eða sjálfstæða starfsemi að endurhæfingu lokinni.

Útgjöld samkv. a-lið þessarar greinar eru greidd af hlutaðeigandi sveitarfélögum en lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins veitir aðstoð samkv. b-lið.

Í 16. gr. laganna um endurhæfingu er ákvæði þess efnis að þeir, sem notið hafa endurhæfingar samkvæmt lögunum, skuli fá aðstoð til þess að finna starf við sitt hæfi. Endurhæfingarráð skal í samvinnu við vinnumiðlunina í landinu láta gera könnun á atvinnulífinu með tilliti til hentugra starfa fyrir fólk með skerta vinnugetu, gera spjaldskrá yfir fyrirtæki, er slíkum störfum ráða og vinna að því, að þeir fái aðgang að þessum störfum.

Þeir, sem notið hafa endurhæfingar skulu að öðru jöfnu, eiga forgangsrétt til atvinnu hjá ríki og bæjarfélögum.

Því skal ekki neitað að erfiðlega hefur gengið að framfylgja lögunum um endurhæfingu í samræmi við orðalag þeirra, einkum vegna fjárskorts.

Ákvæðin um að þeir, sem notið hafa endurhæfingar, skuli að öðru jöfnu eiga forgangsrétt til atvinnu hjá ríki og bæjarfélögum, hefur ekki verið virt sem skyldi. Eru reyndar skiptar skoðanir um það, hvort hægt sé með almennum lögum að veita vissum hópum þjóðfélagsins forgangsrétt til atvinnu hjá ríki og bæ, að öðru jöfnu, en orðalagið, að öðru jöfnu, hlýtur að tákna ef þeir eru til þess hæfir eða standast samanburð við aðra umsækjendur. Engin deila er um það að sjálfsagt sé að slíkir aðilar standi jafnfætis á öðrum.

En að setja um það ákvæði að þessir aðilar skuli njóta forgangs í almennum lögum, hefur verið deilt.

Eins og hér hefur komið fram áttu lögin um endurhæfingu að tryggja það að allvel sé búið að öryrkjum að því er varðar endurhæfingu þeirra og atvinnumál. En því verður ekki neitað að ekki hefur tekist að framfylgja þessum lögum í öllum greinum.

Í ráði mun vera að á næstunni fari fram gagnger endurskoðun á lögunum með hliðsjón af fenginni reynslu og breyttum aðstæðum frá því er þau voru sett.

b. Framfærsla, samkvæmt framfærslulögum nr. 80/1947

Samkvæmt þessum lögum skal veita hverjum þeim manni framfærslustyrk, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts, eða af öðrum orsökum, getur eigi aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og hjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörfum hans á annan hátt. Þessi lög fjalla um skyldu hjóna að framfæra hvort annað meðan hjónaband þeirra er eigi slitið að lögum, foreldra, í félagi eða hvort fyrir sig, að framfæra og ala upp börn sín þangað til þau eru 16 ára, og kjörforeldra að framfæra börn eftir sömu reglum og þá skyldu barna, að þau skuli ala önn fyrir foreldrum sínum, ef þau eru til þess fær að svo miklu leyti, sem lífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar og aðrar tekjur hrökkva ekki til. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

Mörg af ákvæðum framfærslulaga nr. 80/1947 hafa tæpast hagnýta þýðingu í dag þar sem almannatryggingalög og skyld lög hafa þar tekið yfir. Hvað snertir þroskahefta sérstaklega eru það ákvæðin um skyldu foreldra til þess að ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri, sem aðallega skipta máli, en sú skylda er gagnkvæm.

c. Styrktarsjóður vangefinna.

Styrktarsjóður vangefinna var stofnaður með lögum nr. 43/1958 um aðstoð við vangefið fólk. Sjóðurinn er í vörslu félagsmálaráðuneytisins og er það hlutverk hans að standa straum af kostnaði við að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

Tekjur sjóðsins voru frá upphafi ákveðið gjald, sem lagt hefur verið á gosdrykki og öl, sem framleitt er hér á landi. Fyrstu fimm árin var þetta gjald 10 aurar á hverja flösku gosdrykkja og öls, sem seld var eða afhent.

Árið 1962 var þetta svonefnda tappagjald hækkað í 30 aura og árið 1966 var það hækkað í 60 aura, en þá var jafnframt ákveðið að fjórðungur þess skyldi renna til Hjartaverndar.

Lögin um aðstoð við vangefið fólk voru síðan afnumin með lögum nr. 97/1971 um vörugjald, en með ákvæði 12. gr. þeirra laga voru styrktarsjóði vangefinna tryggðar tekjur með gjaldi af gosdrykkjum og öli til loka júní 1976 og nam það gjald 1.95 kr. af hverjum lítra. Síðan var fjárhæð þessa gjalds breytt með síðari vörugjaldslögum þannig að með lögum nr. 118/1976 var það hækkað í 7 krónur af lítra og með lögum nr. 83/1977 var það enn hækkað í 10 kr. af lítra.

Þetta ákvæði gekk úr gildi um síðustu áramót og hliðstætt ákvæði hefur ekki verið tekið upp í lög. Sú stefna var tekin við afgreiðslu fjárlaga að veita ákveðinni fjárhæð til styrktarsjóðs vangefinna, þ. e. a. s. horfið var frá þessum afmarkaða tekjustofni. Samkvæmt fjárlögum 1979 skal verja 150 millj. króna til stytktarsjóðs vangefinna. Er þetta sama fjárhæð og áætluð var í fjárlögum 1978 en uppgjör fyrir það ár liggur ekki fyrir þegar þetta er ritað í mars 1979. Styrkveitingar úr styrktarsjóði vangefinna frá upphafi til ársloka 1978 nema samtals um 540 millj. kr. Sjóðurinn hefur að miklu leyti staðið undir þeirri uppbyggingu, sem orðið hefur á stofnunum vangefinna undanfarin ár.

Um úthlutun styrkja úr styrktarsjóði vangefinna vísast til fylgiskjals með frumvarpi þessu.

3. Menntamálaráðuneytið

a. Menntun þroskaheftra.

Ákvæði um skyldumenntun þroskaheftrra sem og annarra þjóðfélagsþegna er að finna í grunnskólalögum nr. 63/1974.

Samkvæmt 2. gr. þeirra laga er hlutverk grunnskóla í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð, sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska.

Eins og hér kemur fram er allvel búið að menntunarmálefnum þroskaheftra á grunnskólastigi í orði kveðnu. Áhersla er lögð á það að allir eigi kost á og fái innan grunnskólans þá kennslu, sem unnt er að veita þar. Nú er það hins vegar vitað mál að erfitt er í þjóðfélagi sem þessu að búa svo um hnútana að allir geti undantekningarlaust fengið menntun sína í grunnskóla og á það ekki síst við um þroskahefta, enda gera lögin ráð fyrir því sbr. 50 gr. laganna en hún hljóðar svo:

> „Börn, sem talin eru víkja svo frá eðlilegum þroskaferli, að þau fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eiga rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Slík kennsla fer fram einstaklingslega, í hópum, sérbekkjum eða sérdeildum grunnskóla, nema til komi kennsla á sérstofnunum samkv. 52. gr. Kennsla fer fram eftir því, sem henta þykir afbrigðum nemanda og aðstæðum skóla- og fræðsluumdæmis. Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu, þar sem því verður við komið. Heimilt er skóla að fjölga í þessu

skyni vikulegum skyldustundum einstakra nemenda um allt að tveimur kennslustundum, en tilkynna skal slíkt forráðamönnum nemenda.
Þessum viðbótarkennslustundum sé einkum varið til þess að veita einstökum nemendum hjálp."

Ætlast er til að hinir almennu skólar reyni eftir fremsta megni að haga störfum sínum í samræmi við ofangreint að svo miklu leyti sem slíkt er unnt. Varðandi þessa aðstoð bæði í skólunum sjálfum og eins utan þeirra og um tilhögun slíkrar aðstoðar er kveðið nánar í 67. gr. grunnskólalaga. En þar kemur m. a. fram að hlutverk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu sé, að annast rannsókn á afbrigðilegum nemendum og þeim, sem ekki nýtast hæfileikar í námi og starfi. Ennfremur að leiðbeina skólastjórum, kennurum og foreldrum um kennslu, uppeldi og meðferð nemenda, sem rannsakaðir eru samkvæmt þessu. Ennfremur að taka til meðferðar nemendur sem sýna merki geðrænna erfiðleika, og leiðbeina foreldrum og kennurum um meðferð þeirra.

Samkvæmt upplýsingum menntamálaráðuneytisins er uppbygging ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu þessarar hugsuð á eftirfarandi veg:

Fræðsluumdæmi með 2500 nemendum, eiga rétt á 2.5 stöðum, einum sálfræðing og 1.5, sem skiptist milli sérkennara og félagsráðgjafa. Fyrir hverja 1000 nemendur fram yfir 2500 komi ein staða til viðbótar. Þessi þjónusta er á engan hátt fullmótuð, enda hlýtur slík uppbygging að taka nokkurn tíma. Meðan svo er, er ekki hægt að gera ráð fyrir fullkominni sérkennslu á þessu sviði.

Þar sem ekki er starfrækt ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta hvílir ákvörðun um sérkennslu innan grunnskólans á herðum skólastjóra og kennara. Sé um alvarleg tilfelli að ræða, ber samkv. lögum ætíð að kalla eftir sérfræðingum þegar taka þarf ákvarðanir. Valdið í sjálfu sér liggur hjá foreldrum og öll hjálp og aðstoð á þessu sviði á lögum samkvæmt að vera boðin fram af framangreindum aðilum. Í reynd er engin slík þjónusta utan Reykjavíkur og nágrennis.

Sú aðstoð, sem veitt er innan grunnskólanna fer á margan hátt eftir tegund vandans og má sem dæmi nefna talkennslu, stuðningskennslu í deildum, deildum fyrir fjölfatlaða, deildum fyrir hreyfihamlaða, deildum fyrir heyrnarskerta, deildum fyrir málhamlaða, deildum fyrir blinda, deildum fyrir atferlistruflaða, sérdeildum fyrir nemendur með mikla námsörðugleika o. s. frv. Slíkum nemendum er áætlað nám í samræmi við eðli fötlunar. Reglugerð nr. 270/1977 um sérkennslu og reglugerð nr. 213/1975 um skólakostnað taka af skarið hvað þetta snertir.

Þörfin fyrir sérkennslu innan sérskólakerfisins virðist vera mismunandi eftir landshlutum. Sú könnun, sem gerð hefur verið á þessu sviði hefur verið framkvæmd af skólunum sjálfum án sérfræðilegrar aðstoðar í flestum tilvikum og kemur fram að þörfin er talin vera frá 7% til 16.8% nemenda. Meðalþörf er um 12% að mati skólanna, en 10% nemenda fá aðstoð. Mismunurinn á þessu byggist fyrst og fremst á vöntun á sérkennurum, einkum í strjálsbýlinu. Auk þess skortir mikið á að ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta sé eins og best verður á kosið.

Talið er að þessi vöntun komi fyrst og fremst niður á nemendum með námsörðugleika, t. d. í móðurmáli og stærðfræði. Sá hluti á skólaskyldualdri, sem stundar nám utan almenns grunnskóla er talinn 1.35% og til þessa hóps teljast þeir, sem ekki er talið að unnt sé að kenna þar, þ. e. a. s. börn, sem að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga skortir hæfileika til að stunda venjulegt grunnskólanám, og börn, sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til þess að stunda venjulegt grunnskólanám.

Samkvæmt 52. gr. grunnskólalaga er gert ráð fyrir að þeim börnum, sem svo er ástatt um skuli séð fyrir kennslu í sérstofnun. Þar skal þeim veitt uppeldi og fræðsla við þeirra hæfi, enda liggi fyrir álit sálfræðiþjónustu um, að nám í grunnskóla beri ekki tilætlaðan árangur. Samkvæmt lögunum ber menntamálaráðuneytinu að hafa forgöngu um, að slíkar sérstofnanir verði reistar, auk þess, sem það lætur gera heildaráætlanir um slíkar sérstofnanir og rekstur

þeirra og skal hún að fullu framkvæmd innan 10 ára frá gildistöku laga um grunnskóla, en lögin voru samþykkt 21. maí 1974 og öðluðust gildi þegar í stað.

Allur stofnkostnaður greiðist úr ríkissjóði svo og rekstrarkostnaður, þar með talin daggjöld nemenda að því leyti, sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til.

Þegar um er að ræða börn, sem að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga eiga við að etja hömlur, einkum í máli og lestri, sem valda því, að tvísýnt er um árangur venjulegrar bekkjarkennslu, jafnframt börn, sem að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga eiga við svo mikil aðlögunarvandamál að stríða, að þau eiga ekki samleið með venjulegum nemendum, og börn, sem af öðrum ástæðum þurfa sérstakrar aðstoðar við að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga, þar með talin seinþroska börn, skal þeim séð fyrir kennslu í almennum grunnskóla eða sérstakri deild á hans vegum. Telji sálfræðiþjónusta, sem hlut á að máli, að slíkt muni ekki bera tilætlaðan árangur, þá skal séð fyrir kennslu í sérstofnun samkvæmt því sem segir hér fyrr um þá aðila, sem þangað eiga að fara.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um sérstofnanir samkvæmt 52. gr. og skal þar m. a. kveðið á um kennslumagn, húsnæði og starfsmannahald. Hvert fræðsluumdæmi skal eiga aðgang að slíkum sérstofnunum. Reglugerð nr. 270/1977 um sérkennslu er sett með stoð í þessu ákvæði. Hún gerir ráð fyrir slíkri þjónustu fyrir börn innan skólaskyldualdurs. Reglugerð nr. 142/1977 sem gefin er út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu um aðstoð við þroskahefta einstaklinga, sem ekki dveljast á stofnunum, gerir ennfremur ráð fyrir fyrirbyggjandi aðstoð, en um hana vísast nánar til kaflans um afskipti heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins af þessum málum.

Í reglugerð um sérkennslu kemur fram að foreldrar og forráðamenn þroskaheftra barna yngri en 7 ára, er þess óska, eiga rétt á ráðgjöf um uppeldi þeirra hjá sérfræðiþjónustu Öskjuhlíðarskóla, að því leyti sem áðurnefnd reglugerð nr. 142/1977 tekur ekki til, enda fari jafnframt fram uppeldisfræðileg, sálfræðileg, læknisfræðileg og félagsleg rannsókn og greining. Hið sama gildir um börn, sem grunur leikur á að séu þroskaheft. Í niðurlagi 52. greinar grunnskólalaga er menntamálaráðuneytinu heimilað að ákveða nemendum, sem sú grein tekur til og taldir eru upp hér að framan, námstíma, er sé einu eða tveim árum lengri en skólaskylda almennt býður. Þeir einstaklingar, sem hér falla undir samkvæmt sérkennslureglugerðinni eru: Mjög greindarskertir, geðveikir, heyrnarlausir og afbrotaunglingar og fleiri. Stærsti hópurinn er greindarskertir einstaklingar eða 0.83% nemenda á skólaskyldualdri. Í þessari tölu eru einnig þeir, sem eru á hælum, en þeir eru 0.35% nemenda á skólaskyldualdri. Afgangurinn er í sérskólum, þ. e. a. s. 0.48% þeirra sem á skólaskyldualdri eru.

Varðandi sérskóla og tengdar stofnanir vísast til fylgiskjals með frumvarpi þessu.

b. Lög um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.

Samkvæmt þessum lögum tekur vernd barna og ungmenna yfir eftirfarandi verkefni og úrræði: Almennt eftirlit með aðbúð og uppeldi á heimili, eftirlit með hegðun og háttsemi utan heimilis, ráðstöfun í vist, í fóstur til kjörforeldra eða á sérstakar uppeldisstofnanir, eftirlit með uppeldisstofnunum svo sem barnaheimilum, vöggustofum, dagheimilum, leikskólum, gæsluleikvöllum, sumardvalarheimilum, fávitahælum fyrir börn og ungmenni o. s. frv., sé eftirlitið ekki falið öðrum samkvæmt sérstökum lögum, eftirlit með börnum og ungmennum, sem eru líkamlega og andlega miður sín, einkum þeim, sem eru blind, málhölt, fötluð eða fávitar, eftirlit með börnum og ungmennum, sem eru siðferðislega miður sín, hafa framið afbrot eða eru á annan hátt á glapstigum.

Vinnuvernd og eftirlit með skemmtunum.

Samkvæmt lögunum eru börn þeir einstaklingar, sem eru innan 16 ára aldur, ungmenni eru unglingar á aldursskeiðinu 16—18 ára. Samkvæmt lögunum skulu eftirtaldir aðilar rækja starf til verndar börnum og unglingum: Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð.

Menntamálaráðuneytið hefur yfirstjórn barnaverndarmála.

Barnaverndarnefndum og barnaverndarráðum ber að leita samvinnu við forráðamenn skóla, heilsugæslu og félagsmála og aðra þá, sem fjalla um málefni barna og unglinga.

Samkvæmt framangreindu koma störf barnaverndarnefnda og barnaverndarráða inn á vettvang stofnana, er vista þroskahefta, auk þess sem þroskaheftir einstaklingar, sem undir lögin falla njóta forsjár þessara aðila að svo miklu leyti sem lögin taka til. Barnaverndarnefndir eru oft einnig þannig í stakk búnar að þær geti miðlað upplýsingum til skóla, heilbrigðis- og félagsmálakerfis, er að gagni gætu komið í baráttunni við að koma hverjum einstaklingi til þess þroska, sem frekast er mögulegt.

4. Nýmæli frumvarpsins

Nýmæli í þessu frumvarpi eru mörg og skal hér reynt að draga fram þau helstu í stuttu máli:

1. Ákvæði 1. greinar, þar sem kveðið er á um að þroskaheftum skuli tryggt jafnrétti við aðra þjóðfélagsþegna er í sjálfu sér ekki nýmæli, þar sem líta verður svo á að mannréttindi, þar með talið jafnrétti, séu einn af hornsteinum stjórnarskrárinnar. Hvað snertir þroskahefta sérstaklega er um nýmæli að ræða.
2. Með ákvæðum 2. greinar er lagt til að orðið „þroskaheftur“ sé skilgreint, en slíkt hefur ekki verið gert í lögum áður.
3. Í 3. grein frumvarpsins er kveðið á um yfirstjórn málefna þroskaheftra og um skýra verkaskiptingu milli þeirra þriggja ráðuneyta, sem með þessi málefni fara og samvinnu þeirra innan sérstakrar stjórnarnefndar.
4. Í 4. gr. frumvarpsins er landinu skipt niður í átta starfssvæði, að því er málefni þroskaheftra varðar. Þar er gert ráð fyrir sérstökum svæðisstjórnum, sem er ætlað það hlutverk að fara með þessi málefni í héraði og er þannig ætlunin að færa frumkvæði þessara mála sem mest yfir í héruðin og jafnframt að þar fari fram sem fjölþættust þjónusta.
5. Með 2. kafla þessa frumvarps sem fjallar um tilkynningarskyldu, er lagt til að lögfest verði viss tilkynningarskylda, þannig að þeim aðilum, sem annast mæðraskoðanir, heilsufarsskoðanir og því um líkt, sé gert skylt að fylgjast vel með andlegu og líkamlegu atgervi þeirra, sem þeir skoða og tilkynna foreldrum og svæðisstjórnum eftir því um hvaða skoðun er að ræða, um grun um þroskaheftingu o. s. frv.
6. Í 3. kafla þessa frumvarps er lagt til að sett verði á fót sérstök aðalgreiningarstöð, greiningarstöð ríkisins, og er henni fyrst og fremst ætlað að annast rannsóknir á greiningu á þroskaheftum ásamt öðrum störfum. Gert er ráð fyrir að við þessa stöð starfi sérmenntað starfsfólk og að sérstakur forstöðumaður starfi þar sérmenntaður í uppeldi og umönnun þroskaheftra.
7. Í 11. gr. eru ákvæði þess efnis að búa skuli þannig að almennum stofnunum, að þeim sé kleift að annast þjónustu við þroskahefta.
8. Í 12. gr. er kveðið á um þær stofnanir, sem skuli vera fyrir þroskahefta í landinu. Reynt er að aðgreina slíkar stofnanir með hliðsjón af hlutverki þeirra.
9. Í 13. grein eru ákvæði um umsóknir, um þjónustu og vistun á stofnunum. Þar er kveðið á um aðra skipan mála heldur en í dag og vísast um það nánar til athugasemda við 13. gr.
10. Í 14. gr. frumvarpsins eru sérstök ákvæði, sem tryggja eiga það, að þeir aðilar, sem ekki njóta kennslu eða þjálfunar utan heimilis, fái slíka ókeypis kennslu og þjálfun, sem metin yrði við þeirra hæfi. Hér er um að ræða ákvæði til þess að tryggja það, að þroskaheftir, sem einhverra hluta vegna njóta ekki þeirrar almennu þjónustu, sem fyrir hendi er samkvæmt lögum, verði ekki útundan.
11. Í 15. gr. eru ákvæði um að framfærendur þroskahefts einstaklings, sem eingöngu dvelur í heimahúsum og þarfnast umönnunar eða gæslu, að dómi svæðisstjórnar, að höfðu sam-

ráði við greiningarstöð ríkisins, eigi rétt á aðstoð. Gert er ráð fyrir að viðkomandi sveitarfélög sjái um að þessi aðstoð verði veitt, en kostnaður við aðstoðina verði greiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. 4. málsgr. Ennfremur er gert ráð fyrir því að kjósi framfærendur það sjálfir og séu þeir taldir til þess hæfir, sé heimilt að veita aðstoð með peningagreiðslu.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um markmiðið, en það er í grundvallaratriðum að tryggja þroskaheftum sömu réttindi og öðrum þjóðfélagsþegnum. Ekki er algengt að kveðið sé á um tilgang laga í sjálfum lögunum, því hinar einstöku greinar eiga að bera tilganginn með sér. Hið sama á einnig við hér. Hins ber þó að gæta, að mjög skortir á réttindi þroskaheftra hér á landi, þannig af þeirri ástæðu einni virðist rökrétt að greina frá markmiðinu þegar í upphafi.

Þau réttindi sem hér er fyrst og fremst um að ræða eru þau, sem ekki eru tryggð með öðrum lögum, sem fjalla um almenn mál og snerta hina félagslegu aðstoð þjóðfélagsins. Sem dæmi um slík almenn lög sem tryggja alla landsmenn á sama hátt má nefna lög um grunnskóla nr. 63/1974 og lög um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978. Ekki er ástæða til þess að grípa inn á svið þessara laga, þar sem þau eiga m. a. að tryggja jafnan rétt allra til þeirrar þjónustu og starfsemi, sem þar er fjallað um.

Um 2. gr.

Hér er reynt að skilgreina orðið þroskaheftur. Slík skilgreining orkar alltaf tvímælis. Sú leið var valin að skýra orðið rúmri skýringu, enda mun mála sannast að þeir hópar, sem frumvarpinu er ætlað að ná til, þurfi allir á aðstoð þjóðfélagsins að halda í einni mynd eða annarri. Eins og fram kemur hér í athugasemdum við 1. gr. er markmiðið fyrst og fremst að tryggja þroskaheftum réttindi, að svo miklu leyti sem almenn lög gera slíkt ekki. Fyrir kann að koma að önnur lög, þ. e. a. s. sérlög nái til ákveðins hóps þroskaheftra en ekki annarra. Markmiðið er þá að tryggja þeim, sem ekki njóta slíkra laga, en þurfa á aðstoð að halda, jafnan rétt.

Því er ekki að neita að ákveðnum hópum þroskaheftra, í orðsins rýmstu merkingu, hefur verið betur borgið frá löggjafans hendi en öðrum. Sumir eru í aðstöðu til þess að berjast sjálfir fyrir eigin málstað, þegar aðrir verða algjörlega að vera undir náð og miskunn annarra komnir. Það eru ekki síst slíkir einstaklingar, sem þurfa á lögum sem þessu að halda til þess að tryggja réttindi sín.

Skilgreining á orðinu þroskaheftur er efnislega mjög svipuð þeirri skýringu, sem fram kemur í 1. gr. reglugerðar um sérkennslu nr. 270/1977.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um skiptingu málaflokka milli þeirra þriggja ráðuneyta, sem með þessi mál fara í dag og eðlilegt þykir að fari með áfram. Eitthvert stærsta vandamálið varðandi málefni þroskaheftra í dag er ugglaust skortur á yfirstjórn og samstjórn. Það eitt að koma þessu í lag yrði stór áfangi í velferðarmálefnum þroskaheftra. Til þessa dags hefur ekkert eitt ráðuneyti farið með samræmda yfirstjórn þessara mála. Að svo miklu leyti sem þessu hefur verið stjórnað samkvæmt lögum hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið farið með vistunarmálefni þroskaheftra og almannatryggingamál. Menntamálaráðuneytið hefur farið með menntunarmálefni þeirra og félagsmálaráðuneytið með styrktarsjóð vangefinna. Varðandi aðra málaflokka hefur trauðla verið um stjórnun að ræða. Hefur hún verið handahófskennd og samkvæmt venju fremur farið fram á einstökum stofnunum en í ráðuneytum.

Hér er lagt til að félagsmálaráðuneytið fari með stjórn allra annarra málefna en þeirra, er snerta hjúkrunar- og sjúkradeildir og fræðslu. Í sjálfu sér má endalaust deila um það, hvar

eðlilegast sé að hafa slíka yfirstjórn. Hins vegar verður því ekki á móti mælt, að í dag er litið á þessi mál frá félagslegum sjónarhóli ekki síður en heilbrigðislegum eða fræðslulegum. Samstjórn þessara mála er því einna helst félagslegs eðlis og því ekki óraunhæft að fela félagsmálaráðuneytinu slíkt.

Gert er ráð fyrir því að sérstök deild sinni þessum málum innan félagsmálaráðuneytisins. Í sjálfu sér þyrfti ekki lagaákvæði til stofnunar slíkrar deildar, þar sem nægjanlegt væri að fyrir lægi ákvörðun viðkomandi stjórnvalda hér um. Hins er þó að geta að þetta atriði vegur mjög þungt, sérstaklega í upphafi, þar sem koma þarf á heildarskipulagi þessara mála sem fyrst í samráði við þá aðila, sem á þessum vettvangi starfa. Þykir því ástæða til að lögin taki hér af skarið, enda er til þess ætlast að lögin taki ekki gildi strax, en þegar verði hafist handa innan deildarinnar, m. a. til þess að undirbúa gildistökuna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir þriggja ráðuneyta stjórnarnefnd málefna þroskaheftra, þ. e. a. s. þeirra þriggja, sem með mál þessi fara. Verkefni slíkrar stjórnarnefndar yrði fyrst og fremst að gæta þess, að samræmdar verði allar ráðstafanir og öll þjónusta, þannig að skörunarmálefni þessara ráðuneyta yrðu úr sögunni, en þau eru ærið mörg í dag. Enn fremur er nefndinni ætlað að vera úrskurðaraðili um ágreiningsatriði. Skal þá nefndin kveða upp úrskurð, en slíkum úrskurði má áfrýja til félagsmálaráðherra, auk þess sem dómstólar gætu að sjálfsögðu kveðið upp dóma um gildi þessara úrskurða, samkvæmt almennum réttarreglum, þ. e. a. s. úrskurður ráðherra yrði ekki fullnaðarúrskurður. Gert er ráð fyrir varamönnum í stjórnarnefndinni, enda viðbúið að vanhæfissjónarmið geti komið hér til greina.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein er ætlunin að skipta landinu niður í átta starfssvæði. Eru svæði þessi þau sömu og fræðslusvæðin og læknishéruðin samkvæmt gildandi lögum. Er eðlilegt að hér sé valin sama skipan enda munu fleiri lög verða sniðin eftir þessu í framtíðinni. Hér er um samræmingu að ræða.

Gert er ráð fyrir svæðisstjórnum, sem gera skulu tillögur um þjónustu og samræma aðgerðir þeirra aðila, sem með stjórn þessara mála fara. Samkvæmt þessu er ætlast til að frumkvæðið sé hér eftir í héraði.

Í svæðisstjórnum eiga sæti fræðslustjórar og héraðslæknar auk þriggja annarra aðila, þar af tveggja frá viðkomandi sveitarfélögum og eins frá foreldrasamtökum þroskaheftra á svæðinu. Í dag er einn fræðslustjóri á hverju svæði nema á Reykjanessvæði eru þeir tveir, þar af annar í Hafnarfirði. Héraðslæknar eru nú samtals átta, þ. e. a. s. einn á hverju svæði. Fræðslustjórar og héraðslæknar eru vegna kunnáttu sinnar og starfa sjálfsagðir í svæðisstjórnir. Auk þess eru þeir starfsmenn ríkisins og því kjörnir til þess að gæta hagsmuna heildarinnar við störf sín í svæðisstjórnum.

Ætlast er til að svæðisstjórnir kjósi sér sjálfar formenn og enn fremur að setja megi þeim starfsreglur samkvæmt eigin tillögum og stjórnarnefndar. Þannig er ætlast til að þær geti sem mest starfað að eigin frumkvæði og án of mikilla afskipta ríkis og viðkomandi sveitarfélaga.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um meginþætti þeirrar þjónustu, sem nauðsynlegt er að veita á hverju svæði eigi lög sem þessi að þjóna tilgangi sínum. Gert er ráð fyrir því að þessi þjónusta verði veitt sem mest á almennum stofnunum þjóðfélagsins, svo sem í skólum og á heilsugæslustöðvum auk þess á stofnunum, sem taldar eru upp í 12. gr. Sé rétt að framtíðarskipulagningu staðið er enginn vafi á því að tengja mætti þetta við þá þætti heilbrigðis- mennta- og félagsþjónustu almennt, sem fyrir eru í landinu eða verið er að koma á fót. Þannig yrði kostnaður vegna þessa óverulegur verði þetta felld inn í heildarmyndina.

Svæðisstjórnir gera tillögur um það hvernig þessari þjónustu verði best fyrir komið á hverju svæði og geta fleiri en eitt svæði t. d. sameinast um sérmenntað starfsfólk. Í þeim

tilvikum, sem ekki eru nægjanleg verkefni fyrir sérmenntað starfsfólk, eða þar sem ekki fæst slíkt fólk, getur sami aðili t. d. tekið að sér tvo eða fleiri þjónustuþætti, enda fengi hann sérstaka þjálfun til viðbótarstarfa, sbr. nánar ákvæðin um hlutverk greiningarstöðvar ríkisins. Einnig er mögulegt, að þeir sem annast ákveðna þætti skv. þessu á einu svæði gegni þjónustu á öðru eða öðrum svæðum, ef slíkt bitnar ekki á aðalstarfi. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um þjónustu þess, annað hvort miðað við tiltekið svæði eða tiltekin sameinuð svæði, eða þá fyrir landið í heild. Getur svo farið að tvö svæði sameinist algjörlega um alla þjónustu og þarf þá að koma reglugerð, þar sem m. a. yrði kveðið á um þjónustu og tekin afstaða til skiptingar kostnaðar o. fl.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um mjög mikilvægt atriði, en það er skyldan til þess að tilkynna væntanlegum foreldrum þegar í stað um þroskaheftingu séu líkur á slíku þegar fyrir fæðingu, þ. e. a. s. komi slíkt fram við mæðraskoðun. Skal viðkomandi jafnframt hlutast til um frekari rannsókn í samráði við foreldra.

Ekki er nokkur vafi á því að nái þessi ákvæði tilgangi sínum verður hægt að draga stórlega úr hættunni á þroskaheftingu, sérstaklega þegar gætt er þeirrar öru þróunar, sem orðið hefur á rannsóknum á fósturskeiði á undanförnum árum. Í dag hvílir engin slík skylda á þeim, sem að mæðraskoðun standa til þess að tilkynna um þetta, þótt vissulega telji margir slíka skyldu siðferðislega.

Um 7. gr.

Hér er sama skylda lögð á herðar þeim, sem annast einstaklinga við og eftir fæðingu. Hér er þunginn lagður á aðgerðir, þannig að viðkomandi svæðisstjórn sé gert viðvart jafnframt því sem framkvæmd skal frumgreining á heilsugæslustöð á viðkomandi svæði. Mikilsvert er að foreldrar séu fræddir um hugsanlega þroskaheftingu. Í þeim tilvikum þar sem grunur er á rökum reistur ber svæðisstjórn að láta greiningarstöð ríkisins í té allar upplýsingar, svo hún geti tekið afstöðu til frekari rannsókna. Sé grunur ekki á rökum reistur er þarflaust að senda upplýsingar, sbr. nánar ákvæði 9. gr. 2. mgr.

Um 8. gr.

Hér er einnig kveðið á um mikilvægt atriði, sem jafnframt ætti að vera tiltölulega auðvelt í framkvæmd. Heilsufarsskoðanir barna eru óvíða eins nákvæmar og hér á landi. Er því nauðsynlegt að þessar skoðanir nái til sem flestra þátta, hvort sem þeir snerta andlega eða líkamlega heilbrigði. Sem stendur er unnið að skipulagningu á heilsufarsskoðunum barna fyrir næstu framtíð. Ætti því að vera auðvelt og reyndar sjálfsagt að taka tillit til þessara atriða við þá skipulagningu. Hvílir hér sú skylda á þeim, sem þessar skoðanir framkvæma að tilkynna svæðisstjórnum um þroskaheftingu sé grunur um slíkt. Í samræmi við þetta er eðlilegt að sálfræðiþjónusta í skólum beri sömu skyldur, en unnið er að uppbyggingu hennar í samræmi við grunnskólalög frá 1974 og er uppbyggingin víða komin nokkuð á leið.

Um 9. gr.

Þessi grein fjallar um þagnarskyldu þeirra, sem annast tilkynningar og rannsóknir samkv. kaflanum um tilkynningaskyldu. Eins og eðlilegt er verður hér að ríkja fullkominn trúnaður. Í sjálfu sér er ekki þörf á að kveða á um slíka skyldu sérstaklega hér, þar sem allir opinberir starfsmenn bera lögum samkvæmt ríka þagnarskyldu. Aldrei verður þó þagnarskyldan brýnd nógu oft fyrir þeim er hana bera. Vegna þess hversu viðkvæm þessi mál eru, sérstaklega á þessum stigum, er æskilegt að kveða sérstaklega á um þagnarskylduna hér.

Í greininni er jafnframt mælt svo fyrir að eyða skuli öllum skráðum upplýsingum um athugun á þroskaheftingu í þeim tilvikum þar sem hún var ekki á rökum reist. Er hér um það

að ræða, að ekki sé verið að geyma upplýsingar, sem engum tilgangi þjóna nema til skapraunar viðkomandi foreldrum og síðar viðkomandi einstaklingi auk þess sem þarflaust er að geyma slíkar upplýsingar. Má reyndar segja að hér sé um sjálfsagt mannréttindamál að ræða, þótt ekki hafi það áður hlotið lögfestingu. Ber þeim aðilum, er að heilbrigðis-, mennta- og félagsmálum starfa, saman um að þetta séu einhver viðkvæmustu málin, sem upp koma í sambandi við störf þeirra á þessum vettvangi og beri eftir því sem unnt er að stemma stigu við slíku. Því er ekki að neita að mjög skiptar skoðanir eru á því, hvort þetta ákvæði sé í reynd framkvæmanlegt og sé svo þjóni engum tilgangi að lögfesta það. Hér er um svo mikilvægt atriði að ræða að fullreyna verður hvort ekki sé hægt að framfylgja því og er það því lagt til hér.

Um 10. gr.

Þessi grein fjallar um greiningarstöð ríkisins og er henni fyrst og fremst ætlað að annast rannsókn og greiningu þroskaheftra auk annars, sbr. upptalningu í frumvarpinu. Fleiri störf kunna að koma til eftir því hver framvinda mála verður, auk þess sem viðbúið er, að stöðin þurfi í byrjun mjög að hjálpa svæðisstjórnunum.

Nauðsynlegur þáttur í velferðarmálefnum þroskaheftra er rétt greining. Slík greining verður ekki gerð nema að undangenginni nákvæmri rannsókn. Greiningarstöð ríkisins er ætlað þetta hlutverk. Öryggi yrði tryggt miklu betur heldur en í dag t. d. varðandi ákvörðun um vistun. Þannig yrði minni hætta á því að ákvörðuð yrði óþarfa vistun eða beinlínis röng vistun. Byggist þetta fyrst og fremst á því, að ætlast er til að greiningarstöð ríkisins sé algjörlega sjálfstæð stofnun og engri annari stofnun háð sem slík. Er sjálfstæði stofnunarinnar reyndar lykillinn að farsælu starfi til frambúðar. Þótt æskilegt sé að sett yrði á laggirnar ný stofnun hér, er ekki þar með sagt að í byrjun sé ekki hægt að tengja hana við einhverja þá starfsemi, sem fyrir hendi er í dag á þessum vettvangi. Í dag fer greining reyndar fram á tveimur stöðum: Í sérfræðideild Öskjuhlíðarskóla og að Kópavogshæli við göngudeildina þar.

Þar sem í þessari grein er kveðið skýrt á um að starfrækt verði greiningarstöð, sem yrði sjálfstæð stofnun, ber að vinna að því að núverandi greiningarstarfsemi sameinist sem allra fyrst. Í greininni er jafnframt fjallað um starfslið stöðvarinnar og taldir upp þeir starfshópar, sem þar þurfa að leggja hönd á plóginn á einn eða annan hátt, svo starfsemin komi að því gagni, sem að er stefnt með frumvarpi þessu.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um það að veita skuli þroskaheftum þjónustu á almennum stofnunum að svo miklu leyti sem unnt er. Áherslan er að sjálfsögðu lögð á þjónustu hinna almennu stofnana, svo sem heilsugæslustöðva, skóla o. s. frv. Í greininni er nýmæli þar sem kveðið er á um að búa skuli svo að almennum stofnunum að þeim sé kleift að annast slíka þjónustu. Á undanförnum árum hefur réttilega verið bent á úrræðaleysi byggingayfirvalda við hönnun og skipulagningu opinberra bygginga. Með lögfestingu þessa ákvæðis er ekki borin von að yfirvöld sjái að sér í framtíðinni, hvað snertir hönnun og skipulagningu svo slíkar almennar stofnanir nýtist öllum þjóðfélagsþegnum jafnt.

Um 12. gr.

Hér er fjallað um stofnair, sem nauðsynlegar eru til þess að gera þroskaheftum mögulegt að ná þeim þroska, sem mannlegur máttur getur hjálpað þeim til að ná. Án slíkra stofnana verður markmiði slíkra laga sem þessara ekki náð, sbr. 1. gr. þessa frumvarps. Þessar stofnanir eru því eitt af grundvallaratriðum frumvarpsins og í órofa tengslum við farsæla lausn þessara mála í náinni framtíð. Skal hér á eftir reynt að gera í stuttu máli grein fyrir eðli þessara stofnana:

1) Deildir tengdar dagvistunarstofnunum og leikskólum.
Hér er um að ræða deildir sem einna helst svipar til deildarinnar við Múlaborg í Reykjavík, þ. e. a. s. deild þar sem veitt er sérkennsla og þjálfun og jafnframt boðið upp á sameiginlega leikaðstöðu með öðrum börnum, er á heimilinu dveljast.
2) Göngudeildir, þar sem jafnframt skal veita eftirvernd.
Æskilegt væri að slíkar göngudeildir yrðu starfræktar við a. m. k. eina heilsugæslustöð á hverju starfssvæði og þá að sjálfsögðu á stærri stöðvunum, þ. e. a. s. H2 stöðvum, þar sem starfa tveir læknar hið minnsta. Þar yrðu veitt viðtöl og ráðleggingar gefnar vegna ýmis konar vandkvæða hins þroskahefta heima fyrir o. s. frv.
3) Skammtímafósturheimili.
Hér er um að ræða starfsemi líka þeirri sem verið er að koma upp við Upptökuheimili Reykjavíkurborgar við Dalbraut, þ. e. a. s. heimili þar sem koma má þroskaheftum fyrir um stundarsakir t. d. vegna tímabundinna ástæðna á heimili, vegna veikinda eða annarra sambærilegra ástæðna.
4) Leikfangasöfn.
Slík söfn eru nauðsynleg og þyrfti helst að vera eitt slíkt á hverju svæði og ætti að vera auðvelt að tengja slíkt fræðsluskrifstofu héraðsins eða öðrum æskilegum stað að mati svæðisstjórnar. Í dag er rekið leikfangasafn í Kjarvalshúsi á vegum Öskjuhlíðarskóla og mætti taka það sem fyrirmynd.
5) Skóladagheimili.
Hér er átt við dagvistaraðstöðu fyrir börn á skólaskyldualdri, þ. e. a. s. slík heimili tækju við að deildum tengdum dagvistarstofnunum og leikskólum sbr. tl. 1 hér að framan.
6) Sambýli (pensionöt).
Hér er um að ræða heimili fyrir þroskahefta, sem geta með lítilli aðstoð séð um sig sjálfir. Æskilegur fjöldi á slíku heimili væru 6 til 8 einstaklingar og þyrftu þeir eingöngu einn mann til aðstoðar. Slík heimili yrðu að sjálfsögðu í samræmi við markmið frumvarpsins, að vera í almennum íbúðarhverfum.
7) Afþreyingarheimili.
Slík heimili eru til þess ætluð að veita aðstöðu til föndurs og ýmis konar smávinnu fyrir þá unglinga og fullorðna, sem ekki geta stundað vinnu á vernduðum vinnustöðum. Á slíkum heimilum er æskilegt að hægt sé að veita einstaklings- og hópþjálfun. Vistun á slíku heimili yrði mest daglöng eða hlúta úr degi.
8) Hjúkrunarheimili.
Hér er átt við heimili fyrir þroskahefta, sem þannig er ástatt um að þeir geta lítið eða ekkert séð um sig sjálfir og ekki þykir ástæða til eða alsendis er ófært að hafa þá á almennum sjúkradeildum eða elliheimilum.
9) Verndaðir vinnustaðir og vinnumiðlun.
Hér er átt við vinnustaði fyrir þá einstaklinga er notið hafa starfsþjálfunar, en ekki geta stundað né fá vinnu á almennum vinnumarkaði. Á þessum stöðum yrði sköpuð aðstaða til að leita eftir störfum fyrir þá, er þar vinna, úti á hinum almenna vinnumarkaði auk þess sem fylgst yrði með þeim í störfum þeirra á almenna vinnumarkaðinum, svo lengi sem þurfa þykir.
10) Heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila.
Slík heimili eru starfrækt í dag og sinna ýmist einum eða fleirum framantalinna þátta. Ætlunin er að þau starfi áfram og að ekki verði settar hömlur á frekari stofnun slíkra heimila, enda þörfin brýn auk þess sem þessi heimili hafa til þessa dags unnið ómetanlegt starf á þessum vettvangi.
Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða er þó ætlast til þess að þessar stofnanir þurfi eigi síðar en í lok september 1982 að senda umsóknir um starfsleyfi og að með umsóknum

skuli fylgja nákvæm lýsing á fyrirhugaðri starfsemi, sem þá yrði að vera í samræmi við framangreindar upptalningar eða við önnur fyrirmæli, sem ráðherra mundi setja í reglugerð um starfsemi þessa og verkaskiptingu milli einstakra stofnana.

Sú starfsemi sem tíunduð hefur verið hér að framan er á vissan hátt fyrir hendi í dag, en suma þætti skortir algjörlega. Á aðalfávitahæli ríkisins (Kópavogshæli) fer fram eftirtalin þjónusta svo dæmi séu tekin: Göngudeildarþjónusta og hjúkrunarþjónusta. Um hinar einstöku stofnanir gilda ákvæði ýmissa sérlaga eða ákvæði í skipulagsskrám, sem forseti Íslands hefur staðfest og birtar hafa verið í stjórnartíðindum. Kópavogshælið er t. d. einn ríkisspítalanna og gilda um þá stofnun ákvæði laga nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu. Þótt hinar einstöku stofnanir séu ekki nefndar á nafn hér er ekki þar með sagt að verið sé að slíta þær úr tengslum við þessi mál. Þvert á móti er verið að reyna að greina þær sem mest að, þannig að þær þjóni sem best markmiði frumvarpsins. Hvaða starfsemi verður svo fyrir valinu hjá hinum einstöku stofnunum fer eftir framtíðarskipulagningu þessara mála, þar sem m. a. verður stuðst við þá reynslu sem fengist hefur á undanförnum árum.

Um 13. gr.

Hér er fjallað um umsóknir um þjónustu og vistun á þeim stofnunum, sem upp eru taldar í 12. gr. Lagt er til að þær verði sendar viðkomandi svæðisstjórnum, þ. e. a. s. þess svæðis, sem viðkomandi stofnun er í. Svæðisstjórn heimilar vistun að höfðu samráði við forstöðumann. Lagt er til að horfið verði frá núgildandi fyrirkomulagi, þar sem forstöðumanni aðalfávitahælis ríkisins er gert að úrskurða um nauðsyn vistunar og hvar viðkomandi skuli vistaður. Gert er ráð fyrir að foreldrar eða forráðamenn geti sótt um vistun á hvaða stofnun sem er eftir tilvísun greiningaraðila eða að eigin frumkvæði og telji svæðisstjórn og forstöðumaður slíka vistun rétta geta þeir samþykkt hana, en heimilt er svæðisstjórn að leita til greiningarstöðvar ríkisins telji hún þörf á slíku. Er þetta fyrirkomulag ólíkt manneskjulegra en það sem lög bjóða í dag auk þess sem engum er gert að lúta því að senda einstaklinga á einn stað eða engan. Reynt er ennfremur að dreifa ábyrgðinni bæði á umsóknaraðila og ákvörðunaraðila þ. e. a. s. foreldra eða forráðamann, svæðisstjórn og forstöðumenn.

Í lokagrein 13. gr. er gerð undantekning þannig að einnig verður að hafa samráð við stjórnir þeirra stofnanna, sem ríkið rekur ekki.

Um 14. gr.

Ákvæði þessarar greinar er hreint og beint til öryggis gert með það fyrir augum að ekki komi til þess að þroskaheftur einstaklingur njóti engrar kennslu eða þjálfunar ef óviðráðanlegar ástæður koma í veg fyrir að hann njóti þessa í samræmi við gildandi lög. Til þessarar þjónustu þyrfti ekki að koma nema í hreinum undantekningartilfellum t. d. séu mikil vandkvæði á því að flytja viðkomandi. Þessi ákvæði eru þau einu í lögunum, sem fara inn á fræðsluþáttinn en eins og áður hefur komið fram er honum vel borgið í almennum lögum.

Um 15. gr.

Hér er um nýmæli að ræða og má segja að með lögfestingu þess sé brotið blað í velferðarmálum þroskaheftra, þar sem forráðamönnum yrði gert auðveldara að annast sjálfir þroskahefta einstaklinga, séu þeir taldir til þess hæfir. Ekki þarf heldur að fjölyrða um þann sparnað, sem slíkt hefði í för með sér í stofnkostnaði og vistunarkostnaði takist að marka stefnu í þessum málum. Hins ber að gæta að mjög varlega ber að fara í slíkt sem þetta, en erlendis hefur þetta verið reynt með misjöfnum árangri, en þar hafa skilyrði ekki verið eins ströng.

Í greininni er miðað við hálf daggjald miðað við meðalstofnun skv. 12. gr. 10. tl. Gróft útreiknað mundu slíkar greiðslur óskertar nema 100—120 þús. á mánuði. Gæti slík greiðsla

orðið til þess að gera þeim, sem þess óska kleift að annast þessi mál sjálfir. Örorkustyrkur til forráðamanna vangefinna barna og unglinga undir 16 ára aldri svo og til forráðamanna öryrkja, sem ákveðinn er af tryggingaráði skv. heimild í almannatryggingalögum nr. 67/1971 nemur rúmum 40 þús. á mánuði óskertur. Ekki er óeðlilegt að slíkur styrkur félli niður, ef veittur er styrkur samkv. þessari grein, en þar sem það er algjörlega tryggingaráðs að ákveða slíkt og að slíkt er eingöngu byggt á heimild í lögum en ekki á skyldu, skal ekki fjölyrt um það hér.

Um 16. gr.

Hér er kveðið á um rekstrarleyfi stofnana fyrir þroskahefta þannig að hlutaðeigandi ráðuneyti veiti slík leyfi að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Þannig mundi heilbrigðisráðuneytið veita leyfi til reksturs göngudeilda og hjúkrunarheimila, menntamálaráðuneytið til reksturs skóladagheimila og deilda tengdum dagvistunarstofnunum og leikskólum og félagsmálaráðuneytið til reksturs sambýla og annarra heimila sem ekki eru til í dag.

Í greininni kemur fram að öðrum en hinu opinbera er heimilt að reka stofnanir fyrir þroskahefta eftir nánari reglum. Víða erlendis hefur verið tekið af skarið og öðrum en hinu opinbera er meinað að starfrækja slíkar stofnanir. Þykir því rétt að ítreka þetta hér þannig að ekki fari milli mála hver réttur annarra aðila er, þótt meginaáhersla sé lögð á frumkvæði hins opinbera.

Um 17. gr.

Hér er kveðið á um skyldur ríkisins til þess að koma á fót þeim stofnunum sem taldar eru upp í 12. gr. tölul. 2—9, þ. e. a. s. göngudeildum, skammtímafósturheimilum, leikfangasöfnum, skóladagheimilum, sambýlum, afþreytingarheimilum, hjúkrunarheimilum og vernduðum vinnustöðum ásamt vinnumiðlun. Ennfremur er lögð sú skylda á sveitarfélög að þau komi á fót deildum skv. 12. gr. tl. 1 þ. e. a. s. deildum tengdum dagvistunarstofnunum og leikskólum.

Í greininni er enn fremur kveðið á um það að ríkið skuli tryggja þroskaheftum ókeypis vist á stofnunum þeim ætluðum sérstaklega. Til þess að taka af allan vafa eru ákvæði þess efnis að flutningur til og frá þjónustustofnun skuli greiðast sem hluti af rekstrarkostnaði viðkomandi stofnunar. Mjög hefur verið á reiki hvað líta beri á sem rekstrarkostnað og hvað ekki. Þannig hefur flutningur þroskaheftra barna og unglinga á skyldunámsstigi verið greiddur sem rekstrarkostnaður en flutningskostnaður yfirleitt hefur ekki verið greiddur.

Um 18. gr.

Lagt er til að ríkissjóður greiði 85% vegna kostnaðar við rekstur stofnana skv. 12. gr. tölul. 1—9 en að sveitarfélög greiði 15%. Er þetta ákvæði samhljóða sjúkratryggingarákvæðum almannatryggingalaga nr. 67/1971. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði upphæðina að fullu og að innheimtar verði greiðslur og þeim jafnað niður á sveitarfélögin eftir sömu reglum og skv. sjúkratryggingakafla almannatryggingalaga.

Ráðherra getur falið einhverri opinberri stofnun þessa innheimtu og niðurjöfnun og kemur þar Tryggingastofnun ríkisins sterklega til greina.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 21. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 22. gr.

Lagt er til varðandi sjálfseignarstofnanir og stofnanir annarra aðila en hins opinbera að þar verði sem áður viðhaldið daggjaldakerfi í samræmi við almannatryggingalög þar sem ekki hefur tekist að koma auga á annað og betra kerfi í dag, þótt meiningar séu margar. Lagt er til að stjórnarnefnd skv. 3. gr. ákveði gjaldið í stað svonefndrar daggjaldanefndar en í stað þess verði daggjaldanefnd höfð með í ráðum, enda ákveður hún slíkt gjald fyrir margar þessara stofnana í dag. Enn fremur er gert ráð fyrir afskiptarétti fulltrúa frá hlutaðeigandi stofnun og er slíkt nýlunda.

Um 23. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 24. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 25. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 26. gr.

Lagt er til að lögin hafi vissan aðlögunartíma enda ógjörningur að söðla um án nokkurs undirbúnings af hálfu framkvæmdarvaldshafa. Þau lög sem felld eru úr gildi eru fyrst og fremst lög um fávitastofnanir nr. 53/1967 ásamt seinni breytingum þó með einni undantekningu sbr. lög nr. 12/1977, en þau fjalla um Þroskaþjálfaskóla Íslands og verða því að gilda enn um sinn, þar til ákveðin stefna hefur verið mörkuð innan menntakerfisins varðandi menntun þroskaþjálfa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Mjög brýnt er að nota tímann frá setningu laganna til gildistöku til þess að koma fyrir þeim framkvæmdaraðiljum, sem ætlað er að bera hitann og þungann. Því er svo kveðið á hér, að þegar skuli stofna sérstaka deild í félagsmálaráðuneytinu, skipa í stjórnarnefnd og í svæðisstjórnir. Allt ber þetta að sama brunni, þ.e.a.s. að því verði þannig fyrir komið að lögin öðlist í raun gildi við nefnda dagsetningu.

Fylgiskjal:

I. STOFNANIR OG SKÓLAR FYRIR ÞROSKAHEFTA (STUTT YFIRLIT).

a. **Sólheimar í Grímsnesi.**

Á Sólheimum dvelja nú um 40 vistmenn á aldrinum frá 10—50 ára. Tveir kennarar eru þar í fullu starfi og er kennt í bóklegum og verklegum greinum svo og fer fram tónlistarþjálfun. Starfsfólk annast starfsþjálfun vistfólks m.a. við landbúnaðarstörf, garðyrkju, bókband, vefnað, kertagerð o.s.frv.

Sólheimar eru elsta stofnunin fyrir þroskahefta hér á landi. Tók til starfa 1930 að frumkvæði Sesselju Sigmundsdóttur, sem var brautryðjandi í starfi á þessum vettvangi. Húsakostur heimilisins er allt frá árinu 1930, en þá var flutt inn í ófullgert hús og árið 1933 var bætt við húsakost og einnig ráðist í heimavistarbyggingu. Frá 1933 hefur uppbyggingin haldið áfram og byggð hafa verið nokkur hús auk starfsmannahúss, samkomuhúss og skólahúss með vinnustofum. Sundlaug var reist á staðnum árið 1946 og var hún gefin heimilinu. Búskapur og

garðrækt með lífrænni ræktun hafa verið á Sólheimum frá öndverðu og eru nú þar tvö 300 fermetra gróðurhús. Núverandi forstöðumaður Sólheima er Arnþrúður Sæmundsdóttir. Sólheimar er sjálfseignarstofnun sem lýtur sérstakri stjórn.

b. **Kópavogshælið.**

Á Kópavogshæli eru nú um 200 vistmenn, börn og unglingar og fullorðið fólk. Kennarar við stofnunina eru tveir, í hálfu starfi hvor og handavinnukennari í hálfu starfi. Kennsla og þjálfun við hæfi og getu hvers einstaklings fer þar fram eftir því sem hægt er. Verklega kennslu og starfsþjálfun annast þroskaþjálfar og starfsfólk. Um 40% vistmanna fá verklega kennslu og starfsþjálfun á vinnustofnum. Tvær vinnustofur eru á stofnuninni, þ.e.a.s. framleiðslu- og afþreyingarstofa og kennslustofa til verklegrar þjálfunar. Starfsemi Kópavogshælis hófst 13. desember 1950, er elsti hluti stofnunarinnar var tekinn í notkun. Elstu byggingarnar eru frá árunum 1948—1959, en hinar nýrri voru teknar í notkun á árunum 1965—1967 auk skrifstofu- og þjónustubyggingarinnar, sem tekin var í notkun árið 1969 og þær yngstu voru teknar í notkun á árunum 1972—1974. Síðasta deildin þ.e.a.s. heimiliseiningin var tekin í notkun í mars 1977 en það er blönduð deild karla og kvenna. Má segja að þar með sé lokið uppbyggingu heimiliseininga eða deilda á stofnuninni, en ekki er talið ráðlegt að stækka stofnunina frekar, með það fyrir augum að fjölga vistmönnum.

Göngudeildarþjónusta var tekin upp við stofnunina 1976 en tilgangur hennar er ráðgjöf og stuðnignur við vangefna einstaklinga utan stofnana og aðstandendur þeirra. Einnig skammtímavistun með ákveðin meðferðarleg markmið og stuðningur að lokinni dvöl á stofnuninni.

Kópavogshæli er algjörlega ríkisrekin stofnun og tilheyrir ríkisspítölunum og stjórn þeirra. Núverandi forstöðumaður Kópavogshælis er Björn Gestsson, en yfirlæknir Ragnhildur Ingibergsdóttir.

c. **Skálatúnsheimilið í Mosfellssveit.**

Á Skálatúni dvelja nú um 60 vistmenn á aldrinum 4—50 ára af báðum kynjum. Kennarar eru 4 í fullu starfi og einn í 2/3 hluta starfs. Kennsla fer fram í bók- og verklegum greinum, auk þess fer fram talkennsla og leikfimi. Einnig er mikil rækt lögð við sundkennslu. Barnaheimili templara var sett á stofn af umdæmisstúkunni nr. 1 I.O.G.T. árið 1946. Réðist umdæmisstúkan í það stórvirki árið 1953 að kaupa jörðina Skálatún í Mosfellssveit í þeim tilgangi að reka þar heimili fyrir vangefin börn. Fyrsta barnið kom á heimilið árið 1954.

Árið 1960 þ.e.a.s. tveim árum eftir stofnun Styrktarfélags vangefinna í Reykjavík, var gerð breyting á rekstri stofnunarinnar, þannig að styrktarfélagið kom inn í stjórn með tvo menn af fimm, en framkvæmdanefnd umdæmisstúkunnar tilnefndi tvo og landlæknir tilnefndi oddamanna í stjórn.

Á árunum 1960—1974 voru byggð á staðnum starfsmannahús, nýtt vistmannahús, annað starfsmannahús og endurbætur voru gerðar á vistmannahúsi. Árið 1968 var stofnuninni afhent sundlaug, sem foreldrasamtök barna á staðnum höfðu gefið.

Árið 1976 var tekið í notkun gróðurhús á staðnum, sem auk framleiðslu grænmetis og blóma er þjálfunarvettvangur vistfólks. Einnig hefur frá byrjun verið rekinn búskapur, sem vistmenn hafa unnið lítillega við. Á sl. ári var tekið í notkun um 250 m² hús, sem notað er sem kennslu og vinnuhúsnæði. Skálatúnsheimilið er sjálfseignarstofnun, sem lýtur sérstakri stjórn. Forstöðumaður er Einar Hólm Ólafsson.

d. **Tjaldanesheimilið.**

Tjaldanesheimilið í Mosfellssveit var stofnað árið 1963 og komu fyrstu vistmenn í það 1965. Þeir eru í dag um 30. Heimilið var framan af rekið sem sjálfseignarstofnun samkvæmt

daggjaldakerfinu, en á öndverðu ári 1976 var það afhent íslenska ríkinu. Í dag er það rekið á vegum ríkisins, en í sjálfseignarstofnunarformi, þannig að það er enn háð daggjöldum.

Skóli hefur verið starfræktur við heimilið frá upphafi og starfar nú samkvæmt lögunum um grunnskóla á vegum menntamálaráðuneytis.

Á Tjaldanesheimilinu eru eingöngu vistaðir piltar. Þeir vinna m.a. að viðhaldi húsa og húsbúnaðar á staðnum en það er liður í vinnuþjálfun þeirra. Markmiðið er að þjálfa sem flesta pilta til einfaldra starfa á almennum vinnumarkaði og má sem dæmi nefna að Mosfellssveitungar hafa sýnt þessu máli mikinn skilningi og látið þá sitja í fyrirrúmi með þá vinnu sem til fellur og með því hefur fengist aukin þjálfun.

Forstöðumaður Tjaldanesheimilisins er Birgir Finnsson.

e. **Vistheimilið Sólborg, Akureyri.**

Vistheimilið Sólborg á Akureyri var reist fyrir forgöngu Styrktarfélags vangefinna á Norðurlandi á árunum 1966—69. Heimilið er rekið sem sjálfseignarstofnun á ábyrgð Styrktarfélags vangefinna á Norðurlandi. Markmiðið með starfsemi Sólborgar er fyrst og fremst uppeldislegs eðlis, auk þess sem heimilið er dvalarheimili fyrir vangefið fólk. Í fyrstu var eingöngu um dagvistun að ræða, en 1970 komu fyrstu dvalargestirnir. Á Sólborg eru um 60 einstaklingar, langflestir í sólarhringsdvöl, en nokkrir í dagvistun. Í upphafi var heimilinu ætlað að taka til dvalar vangefið fólk á Norðurlandi, einkum börn og unglinga, er eitthvað gagn gætu haft af kennslu og þjálfun, eins og það er orðið í stofnskrá. Þessum ákvæðum hefur ekki tekist að framfylgja af ýmsum ástæðum, m.a. þar sem stofnunin er sú eina sinnar tegundar utan Suður- og Suðvesturlands.

Árið 1974 voru teknar upp viðræður við yfirvöld um framtíð vistheimilisins Sólborg og gerðar tillögur um nýbyggingar.

Í framhaldi af þessu voru samþykktar tillögur um framtíðarfyrirkomulag og eru þær helstar, að reist yrði sérstakt hús, sem væri sniðið að þörfum þess fólks, sem þyrfti mikið eftirlit og mikla umönnun, að byggt yrði kennslu- og þjálfunarhúsnæði, að eldri byggingum yrði breytt til samræmis við þarfir þeirra einstaklinga, er væru að nokkru sjálfbjarga, að koma á fót fjölskylduheimili. Hefur verið unnið að framgangi þessara samþykkta og hefur nú verið tekin í notkun nýbygging, þar sem rúm er fyrir um 20 einstaklinga á tveimur deildum.

Með tilkomu þessa húss gjörbreyttist öll aðstaða til uppeldis og meðferðar þess fólks, er á heimilinu dvelst. Ennfremur er möguleiki á því að deildaskipta heimilinu.

Árið 1975 var keypt húseign að Oddeyrargötu 32 á Akureyri, að mestu fyrir framlag Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi. Þar hefur síðan verið rekið fjölskylduheimili fyrir 8—9 af vistmönnum Sólborgar og hefur þessi rekstur gefið góða raun og bendir til þess að slík lausn á vistunarþörf vangefinna sé mjög æskileg.

Núverandi forstöðumaður Sólborgar er Þormóður Svavarsson.

f. **Lyngás, dagheimili, Reykjavík.**

Í Lyngási dvelja börn á aldrinum 2—17 ára. Þjónustan er þannig uppbyggð að yngstu börnin fá leik- og skólakennslu, börn á skólaskyldualdri eru í bóklegri og verklegri kennslu auk þess leikfimi, en aðstaða hefur fengist undanfarin ár í leikfimisal Álftamýrarskóla, sem er í næsta nágrenni heimilisins.

Mikil áhersla er lögð á svo kallaða ADL-þjálfun (Atferli daglegs lífs). Þá er og talkennsla á heimilinu. Dvalartíminn á barnaheimilinu er frá 9—17, 5 daga vikunnar og er þeim ekið til og frá heimilinu. Kennarar eru fjórir, allir í fullu starfi, og tveir til viðbótar í hálfu. Þroskaþjálfar annast þjálfun barnanna.

Lyngás, sem er í eigu Styrktarfélags vangefinna í Reykjavík, er fyrsta dagheimilið á þessum vettvangi og tók það til starfa 1961. Áður hafði verið rekinn leikskóli í 3 ár í

leiguhúsnæði. Fjármögnun fer fram á daggjöldum og hefur slíkt verið frá 1967. Á fjárlögum fyrir árið 1978 voru veittar 26 millj. króna til skólabyggingar við Lyngásheimilið.

Forstöðumaður Lyngáss er Hrefna Harladsdóttir.

g. **Dagvistunarheimilið Lækur, Reykjavík.**

Dagvistunarheimilið Lækur tók til starfa í ágúst 1977. Þar dvelja nú 10 vistmenn á aldrinum frá um þrítugt til fimmtugs og bæði kynin. Lækur er rekinn af Styrktarfélagi vangefinna á sama hátt og Lyngás, en húsnæðið er í eigu Reykjavíkurborgar og er rekið í tengslum við Bjarkarás. Forstöðumaður Læks er Þórdís Guðmundsdóttir.

h. **Bjarkarás, dagvistarheimili, Reykjavík.**

Vistmenn Bjarkaráss eru um 45 á aldrinum frá 15 til 40 ára og af báðum kynjum. Heimilið er kennslu- og þjálfunarheimili og er áhersla lögð á félags- og starfsþjálfun, svo og líkamsþjálfun. Heimilið er opið á tímanum 9—17 fimm daga vikunnar. Flestir vistmanna ferðast til og frá heimilinu með almenningsvögnum. Kennarar eru 3 í fullu starfi og einn í 3/4 hluta starfs auk þess talkennari. Þroskaþjálfar og iðnmenntað fólk leiðbeinir í félags- og starfsþjálfun. Bygging heimilisins hófst á vegum Styrktarfélags vangefinna í ágúst 1969. Heimilið tók til starfa í nóvember 1971. Sundlaug er í byggingu og er hún vel á veg komin. Fostöðumaður Bjarkarássheimilisins, sem stendur við Stjörnugróf í Reykjavík, er Gréta Bachmann.

i. **Ásgerði, fjölskylduheimili (sambýli).**

Styrktarfélag vangefinna rekur þetta heimili í húsnæði sem það festi kaup á á ofanverðu ári 1975. Þar fer fram rekstur svo kallaðs fjölskylduheimilis eða verndaðs heimilis, sem lagt er til í frumvarpi þessu, að kallað verði sambýli. Heimilið tók til starfa formlega í mars 1976 og eru þar búandi 7 stúlkur í umsjá þroskaþjálfa. Heimilið er rekið í tengslum við dagvistunarheimilið Bjarkarás en þar eru nokkrar stúlknanna við þjálfun og störf, en aðrar vinna á almennum vinnumarkaði. Það hefur komið í ljós þótt tíminn sé ekki langur að þetta sambýlisform er sú lausn, sem framtíðin kallar á, þ.e.a.s. að stefna að sem flestum litlum heimilum að svo miklu leyti sem slíkt er mögulegt. Stefnan er eins og reyndar kemur fram í 1. gr. frumvarpsins, að hinn þroskahefti fái að lifa sem eðlilegustu lífi í sem eðlilegustu umhverfi.

Þórhildur Svanbergsdóttir veitir heimilinu forstöðu.

j. **Skóli Foreldrafélags þroskaheftra á Selfossi.**

Þessi skóli tók til starfa 1. júní 1974 á vegum Foreldrafélags þroskaheftra á Suðurlandi og er markmið skólans að veita börnum undir skólaskyldualdri margvíslega þjálfun sem ekki var til staðar á félagssvæðinu. Ótvíræður árangur er af starfi þessa skóla. Í skólanum hafa verið 10 börn, mislangan tíma, og hefur skólinn reynst þeim haldgott veganesti fyrir aðra skóla.

Skólinn er til húsa að Lambhaga 48, Selfossi, en húsið var byggt sem viðlagasjóðshús og stendur í fjölmennu íbúðahverfi, en slíkt hefur í för með sér ótvíræða kosti, þar sem húsið sjálft fellur eðlilega inn í umhverfið og er án yfirbragðs stofnunar. Ennfremur líta íbúar hverfisins, ekki síst börnin, á þessa starfsemi sem sjálfsagðan hlut. Við skólann starfa 4 menn í hálfri þriðju stöðu. Í vetur sækja 7 börn skólann. Forstöðumaður er Ingibjörg Stefánsdóttir.

k. **Öskjuhlíðarskóli við Reykjanesbraut.**

Öskjuhlíðarskólinn er aðalskóli ríkisins fyrir þroskahefta nemendur og fjölfatlaða. Þessi skóli tók til starfa haustið 1975 og var með honum sameinuð starfsemi tveggja skóla, sem jafnframt voru lagðir niður, þ.e.a.s. Höfðaskóla og skóla fjölfatlaðra. Höfðaskóli hafði starfað

frá árinu 1961 á vegum Reykjavíkurborgar og skóli fjölfatlaðra hafði starfað á ýmsum stöðum frá 1972.

Öskjuhlíðarskóli er ríkisrekinn og þjónar landinu öllu. Í skólanum eru tvær deildir fjölfatlaðra, 11 almennar deildir og 2 starfsdeildir, en nemendur þeirra stunda vinnu hálfan daginn. Nemendur eru nú um 150.

Vistun nemenda utan af landi, er á vegum skólans og dvelja börnin á einkaheimilum eða á fjölskylduheimili skólans.

Að Sæbraut 1 (Kjarvalshús) er rekin á vegum Öskjuhlíðarskóla tvíþætt starfsemi: Í fyrsta lagi dagdeild, en þangað koma börn, aðallega á forskólaaldri, sem að dómi sérfræðinga þurfa skipulega athugun, greiningu og ef til vill meðferð. Í öðru lagi er rekið þar leikfangasafn (legotek), en þar sér fóstra um útlán leikfanga og leiðbeiningar til foreldra barna, sem dveljast í heimahúsum.

Á vegum Öskjuhlíðarskóla og fyrri skóla á þessu sviði hefur frá árinu 1971 verið starfrækt sumardvöl fyrir nemendur á ýmsum stöðum.

Skólastjóri Öskjuhlíðarskóla er Jóhanna Kristjánsdóttir.

i. **Væntanleg starfsemi.**

Vonarland, Egilsstöðum.

Sem stendur er unnið að byggingu einnar stofnunar fyrir vangefna, en hún er á Egilsstöðum og hefur hlotið nafnið Vonarland. Til þessarar stofnunar hafa verið veittir styrkir úr Styrktarsjóði vangefinna að fjárhæð samtals kr. 67 millj. Heimilinu verður ætlað að annast þroskahefta á Austurlandi og er byggt að frumkvæði Styrktarfélags vangefinna á Austurlandi.

II. MENNTUN ÞROSKAÞJÁLFA.

Samkvæmt lögum nr. 18/1978 um þroskaþjálfa, skulu þroskaþjálfar starfa við þjálfun, uppeldi og umönnun þroskaheftra. Á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins er rekinn sérstakur skóli, Þroskaþjálfaskóli Íslands. Það var að hausti 1958, sem kennsla var hafin í umönnun vangefinna á Kópavogshæli og var skólinn, sem þá var stofnaður nefndur Gæslusystraskóli. Fyrsti skólastjóri skólans var Björn Gestsson, forstöðumaður Kópavogshælisins. Kölluðust þeir nemendur, sem útskrifuðust samkv. þessu gæslusystur. Með reglugerð nr. 208/1971 breyttist nafn skólans í Þroskaþjálfaskóla Íslands og starfsheiti þeirra er lokið höfðu námi varð þroskaþjálfi.

Í fyrstu var kostnaður við skólann greiddur af fjárveitingu Kópavogshælisins en frá og með 1971 fékk skólinn sérstaka fjárveitingu. Nemendur fengu laun meðan á námi stóð, en vorið 1977 var sá háttur aflagður.

Skólinn starfar nú samkvæmt lögum nr. 12/1977 um breyting á lögum nr. 53/1967 um fávitastofnanir. Þroskaþjálfaskólinn er sjálfstæð stofnun og starfar í dag samkv. reglugerð nr. 277/1977. Hlutverk skólans er að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til að gegna uppeldi og umönnun og þjálfun þroskaheftra. Ennfremur skal skólinn annast símenntun þroskaþjálfa.

Inntökuskilyrði í skólann eru í stórum dráttum eftirfarandi:

Umsækjandi skal a.m.k. hafa lokið námi úr öðrum bekk í samræmdum framhaldsskóla í þeim námsgreinum, er skólinn gerir kröfu til. Æskilegt er að umsækjandi hafi unnið á stofnun þar sem þroskaheftir dveljast. Í reynd er þetta þannig, að mikil áhersla er lögð á það, að nemendur hafi kynnst þessum málum áður en til náms kemur.

Umsækjandi skal vera 18 ára gamall.

Í dag stunda tæplega 60 nemendur nám við skólann. Námstími er 3 ár og er námið bæði bóklegt og verklegt og áhersla lögð á uppeldisfræði, aðferðafræði, hand- og tónmennt og

heilbrigðisgreinar. Verklega námið, sem er verulegt, fer fram á ýmsum stofnunum. Frá upphafi hafa um 130 nemendur brautskráðst úr skólanum. Skólastjóri Þroskaþjálfaskólans er Bryndís Víglundsdóttir, sérkennari, og auk hennar starfar við skólann verknámskennari í fullu starfi. Auk þessara margir aðrir kennarar, sem allir eru stundakennarar.

Skólanum er skipuð fimm manna skólastjórn þar sem nemendur eiga einn fulltrúa og Félag þroskaþjálfa einn.

III. AÐILDARFÉLÖG Í LANDSSAMTÖKUNUM ÞROSKAHJÁLP.

Styrktarfélag vangefinna.

Tilgangur félagsins er m.a. að vinna að því, að komið verði á fót nægilega mörgum heimilum og stofnunum fyrir vangefið fólk, að vangefnu fólki veitist ákjósanleg skilyrði til þess að ná þeim þroska, sem hæfileikar þess leyfa, að starfsorka vangefins fólks verði hagnýtt, að einstaklingar, sem kynnu að vilja afla sér menntunar til þess að annast vangefið fólk, njóti ríflegs styrks í því skyni, að annast kynningu á málum vangefinna og að upplýsa og aðstoða foreldra og ættingja vangefinna eftir fremstu getu.

Formaður félagsins er Magnús Kristinsson. Félagið var stofnað 23. mars 1958 og eru félagar í dag 2318.

Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi.

Tilgangur félagsins er í stórum dráttum sá sami og Styrktarfélags vangefinna.

Formaður félagsins er Jóhannes Óli Sæmundsson. Félagið var stofnað 22. maí 1959 og eru félagar í dag 188.

Styrktarfélag vangefinna á Austurlandi.

Tilgangur félagsins er sá, að vinna að því, að viðurkenndur verði réttur vangefins fólks til þess að ná þeim þroska, sem hæfileikar þess leyfa og nýta starfsorku sína sem best.

Tilgangi þessum hyggst félagið ná m.a. með fræðslu og samvinnu við stjórnvöld og almenn félagsamtök, sem láta sig málefni vangefinna varða.

Formaður félagsins er Aðalbjörg Magnúsdóttir. Félagið er stofnað 30. júní 1973 og eru félagar nú 1280.

Styrktarfélag vangefinna á Vestfjörðum.

Tilgangur félagsins er í stórum dráttum sá sami og hinna styrktarfélaganna.

Formaður félagsins er sr. Gunnar Björnsson. Félagið var stofnað 5. sept. 1976 og eru félagar nú um 1000.

Foreldrafélag þroskaheftra á Suðurlandi.

Tilgangur félagsins er að vinna að því að þeir, sem þroskaheftir eru fái notið þeirrar kennslu og umönnunar sem þeim ber sem og öðrum þegnum þjóðfélagsins.

Formaður félagsins er Sigurfinnur Sigurðsson. Félagið var stofnað 24. apríl 1974 og eru félagar nú 94.

Foreldrafélag þroskaheftra í Hafnarfirði og nágrenni.

Tilgangur félagsins er að vinna að velferðarmálum þroskaheftra á félagssvæðinu og sjá til þess að þeir fái notið þess réttar sem þeim ber. Fræðslu- og kynningarstarfsemi skal skipa öndvegi til þess að ná þessu marki.

Formaður félagsins er Jón Sævar Alfonsson. Félagið var stofnað 16. júní 1975 og eru félagar 16.

Foreldrasamtök barna með sérþarfir.

Tilgangur félagsins er m.a. að vinna að því að komið verði upp nægilegri og viðunandi kennsluaðstöðu í dagvistunar- og heimavistunarformi fyrir börn með sérþarfir, að slík börn fari ekki á mis við menntun við hvers hæfi og að tryggja félagslegt jafnrétti þessara barna og foreldra þeirra til jafns við aðra þegna þjóðfélagsins. Auk þessa er tilgangurinn svipaður tilgangi annarra félaga á þessum vettvangi, sbr. það sem segir hér að framan.

Formaður er Guðbjörg Birna Bragadóttir. Félagið var stofnað 17. okt. 1973 og eru félagar nú 120.

Foreldrafélag barna með sérþarfir á Akureyri.

Tilgangur félagsins efnislega sá sami og hjá foreldrasamtökum barna með sérþarfir en að auki leggur félagið áherslu á þátt líkamlegrar þjálfunar sérstaklega.

Formaður Jón E. Aspar. Stofnað 28. ágúst 1975 og eru félagar nú 24.

Foreldra- og kennarafélag Öskjuhlíðarskóla.

Markmið að styðja og styrkja nemendur skólans, m.a. á þann hátt að nemendum séu búnar sem bestar kennslu- og uppeldisaðstæður, með því að stuðla að fræðslu meðal almennings um vanda nemenda, styrkja kennara til framhaldsnáms í kennslu andlega þroskaheftra, aðstoða nemendur við val á lífsstarfi.

Formaður er Axel Sigurðsson. Félagið var stofnað 8. des. 1971. Félagafjöldi er 181.

Foreldra- og vinafélag Skálatúns.

Tilgangur að vinna að málefnum vistfólks Skálatúnsheimilisins í samráði við forstöðumann og að efla samheldni foreldra og aðstandenda.

Formaður er Jóhann Guðmundsson. Félagið var stofnað 17. mars 1971 og eru félagar nú 81.

Foreldra- og vinafélag Kópavogshælis.

Markmiðið er að vinna að málefnum hælisins í samráði við forstöðumenn og stjórn og að efla samheldni foreldra og aðstandenda.

Formaður er Birgir Guðmundsson. Félagið var stofnað 24. júní 1976 og eru félagar nú 225.

Félag þroskaþjálfa.

Tilgangur að efla stétt þroskaþjálfa og glæða áhuga þeirra fyrir öllu því er starf þeirra snertir. Skal að þessu stefnt með því að vinna að eflingu Þroskaþjálfaskóla Ísl. stuðla að framhaldsmenntun þroskaþjálfa, gæta félagslegra hagsmuna þeirra og efla samheldni þeirra og stéttartilfinningu.

Formaður er Katrín Guðmundsdóttir. Stofnað 18. maí 1965 og eru félagar nú 53.

Félag þroskaþjálfanema.

Tilgangur að bæta kjör þroskaþjálfanema, að efla félagsanda og tengls milli þroskaþjálfanema og að efla samvinnu við erlend nemafélög og sambönd.

Formaður er Ragnhildur Jónsdóttir. Félagar eru í dag 58.

Félag íslenskra sérkennara.

Markmið að vinna að alhliða framförum í uppeldi og kennslu afbrigðilegra barna og unglinga, að vinna að réttinda- og kjaramálum sérkennara, að vinna að bættri menntun sérkennara. Skal þessu náð m.a. með upplýsingastarfsemi á opinberum vettvangi, með fundarhöldum og námskeiðum fyrir félagsmenn, með samvinnu við innlend kennarasamtök og samtök opinberra starfsmanna, með samvinnu við erlend sérkennarasamtök.

Formaður er Guðný Ella Sigurðardóttir. Stofnað 29. okt. 1970 og eru félagar í dag 120.

Foreldra- og styrktarfélag Tjaldanesheimilisins.

Helsti tilgangur að styrkja og styðja vistmenn heimilisins og vera málssvarar þeirra út á við í öllum velferðarmálum þeirra. Skal halda uppi fræðslustarfsemi meðal foreldra og vistmanna o.s.frv.

Formaður er Páll Marteinsson. Stofnað 23. febr. 1977 og eru félagar nú 117.

Þroskahjálp á Suðurnesjum.

Tilgangur að berjast fyrir réttindum og vinna að málefnum þroskaheftra og tryggja þeim fulla jafnréttisstöðu við aðra í þjóðfélaginu. Skal þetta gert m.a. með því að þroskaheftum sé veitt ákjósanleg skilyrði til að ná þeim þroska sem hæfileikar þeirra ná til og að starfsorka þeirra verði hagnýtt. Ennfremur með útgáfustarfsemi.

Formaður er Einar Guðberg. Stofnað 10. okt. 1977 og eru félagar nú 352.

Umsjónarfélag einhverfra barna.

Markmið að komið verði á fót stofnunum við hæfi barna með einhverf einkenni, að lokinni rannsókn þeirra og meðferð á barnageðdeild, að séð verði fyrir nægri og ákjósanlegri kennslu fyrir slík börn, að stuðla að því að mennta og sérþjálfa fólk í meðferð og umönnun einhverfra barna, að kynna málefni einhverfra barna og vinna almennt að hagsmunum þeirra og að vera vettvangur fyrir gagnkvæman stuðning foreldra einhverfra barna.

Formaður er Guðni Garðarsson. Stofnað 10. okt. 1977 og eru félagar um 70.

Fósturfélag Íslands.

Tilgangur að efla stétt fóstra, glæða áhuga þeirra á öllu er að starfi þeirra lýtur og stuðla að framhaldsmenntun þeirra. Ennfremur að gæta fjárhagslegra hagsmuna, vernda réttindi, efla samheldni þeirra og stéttartilfinningu.

Formaður er Margrét Pálsdóttir. Félagið var stofnað í febrúar 1950 og eru félagsmenn nú um 340.

Þroskahjálp á Vesturlandi.

Tilgangur að vinna að því að viðurkenndur verði réttur þroskahefts fólks til að ná þeim þroska sem hæfileikar leyfa og nýta starfsorku sína sem best. Skal þetta gert m.a. með upplýsinga- og útgáfustarfsemi.

Formaður er Snorri Þorsteinsson. Félagið var stofnað 26. nóv. 1977 og eru félagar nú um 600.

Styrktarfélaga lamaðra og fatlaðra.

Markmið að greiða fyrir lömuðu og fötluðu fólki, einkum börnum, á hvern þann hátt, sem félagið hefur tök á og stuðlað getur að aukinni orku, starfshæfni og velferð þess.

Formaður er Friðfinnur Ólafsson. Stofnað 2. mars 1952 og eru félagar nú 170.

Foreldra- og styrktarfélag blindra og sjónskertra.

Markmið að styðja og styrkja blinda og sjónskerta m.a. með því að vinna að því að Blindraskólinn verði gerður löggildur ríkisskóli, halda uppi fræðslustarfsemi meðal foreldra blindra og sjónskertra barna og auka sem mest kynni þeirra á milli og samstarf í þágu þessara aðila. Ennfremur með því að aðstoða blinda og sjónskerta við val á lífsstarfi, eða til framhaldsmenntunar og með því að styrkja og greiða fyrir blindu og sjónskertu fólki á hvern þann hátt annan, sem unnt er.

Formaður er Daníel Jónasson. Félagið er stofnað 7. maí 1975 og eru félagar nú 126.

Foreldra- og vinafélag Barnaheimilisins Sólheima í Grímsnesi

Tilgangur að vinna að velferðarmálum vistmanna á heimilinu og að stuðla að aukinni samvinnu við starfsfólk þess og stjórn.

Formaður er Halldór Steingrímsson. Stofnað 26. nóv. 1977 og eru félagar nú um 70.

IV. AÐILDARFÉLÖG ÖRYRKJABANDALAGS ÍSLANDS.

Blindrafélagið.

Tilgangur félagsins að vinna að hvers konar menningar- og hagsmunamálum blindra, svo sem með því að:

Vinna að því að blint fólk geti aflað sér þeirrar menntunar, er þeir hafa löngun og hæfileika til.

Vinna að því að blindir, sem að öðru leyti eru vinnufærir geti fengið atvinnu við sitt hæfi. Vill félagið vinna að því að koma blindu fólki að þeim störfum, er það kynni að vera fært um að leysa af hendi, hjá hvers konar atvinnufyrirtækjum, svo og að stuðla að því að blindir geti sjálfir rekið atvinnu sér til lífsframfæris.

Stuðla að hvers kyns félagslegri og menningarlegri aðstoð við blint og sjónskert fólk og auðvelda því almenna umgengni við sjáandi fólk.

Stuðla að því, að aldraðir, blindir og sjónskert fólk njóti nauðsynlegrar aðhlynningar.

Formaður Halldór Rafnar. Félagið var stofnað 19. ágúst 1939. Aðildarfélagar, þeir sem kosningarétt hafa eru um 100 en styrktarfélagar um 300.

Blindravinafélag Íslands.

Tilgangur að leitast við á sem flestan hátt að hjálpa og hlynna að blindum mönnum hér á landi, ungum og gömlu, vinna að útbreiðslu þekkingar á augnsjúkdómum meðal almennings og verndun sjónarinnar.

Formaður er Þórsteinn Bjarnason. Stofnað 24. jan. 1932 og eru félagar um 400.

Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra.

Tilgangur að styðja og styrkja heyrnardaufa m.a. með því efla sem mest kynni meðal foreldra heyrnardaufra barna, halda uppi fræðslustarfsemi, styðja og styrkja starfsemi Heyrnleysingjaskólans og aðstoða heyrnardaufa við val á lífsstarfi og til framhaldsnáms og að greiða fyrir heyrnardaufum á hvern þann hátt, sem unnt er. Félagið var stofnað 16. sept. 1966 og eru félagar um 100 auk 500 styrktarfélaga.

Geðverndarfélag Íslands.

Tilgangur m.a. að vekja almenning og stjórnvöld til aukins skilnings á mikilvægi geðheilbrigði og sameina þá sem látið hafa sig þessi mál varða. Skal halda uppi fræðslu um eðli

geðsjúkdóma og þýðingu geðverndar og þannig stuðla að upprætingu fordóma og fyrirbyggingu geðrænna vandamála. Formaður er Halldór Hansen. Félagið var stofnað 18. des. 1949 og eru félagar nú 662.

Gigtarfélag Íslands.

Hlutverk félagsins er m.a. að annast fræðslu um gigtsjúkdóma, stuðla að rannsóknum á þessum sjúkdómum, efla aðstöðu til gigtlækninga, að tryggja að stjórnvöld veiti þjónustu að stuðla að samvinnu við innlend og erlend félög á þessum vettvangi og að styrkja heilbrigðisstéttir til aukinnar menntunar á sviði gigtlækninga.

Formaður Guðjón Hólm Sigvaldason. Stofnað 9. okt. 1976 og eru félagar nú um 1200.

Heyrnarhjálp

Hlutverk félagsins er að kappkosta að bæta úr böli þeirra sem heyrnarsljóir eru, fyrst og fremst á þann hátt, sem hér segir:

Útvegun heyrnartækja. Með því að sjá um, að sölustöð fyrir heyrnartæki sé starfrækt í Reykjavík og annars staðar, þar sem þess er þörf og við verður komið. Með því að styrkja fátæka, heyrnarsljóa til þess að eignast heyrnartæki. Með því að útvega heyrnarsljóu fólki atvinnu. Með því að efla kynningu og samstarf heyrnarsljórra. Með því að vekja skilning á þörfum heyrnarsljós fólks.

Formaður félagsins er Guðjón Ingvi Stefánsson. Félagið var stofnað 14. nóv. 1937 og eru félagar um 250.

Samband ísl. berkla- og brjóstholssjúklinga.

Tilgangur að sameina berka- og brjóstholssjúklinga og aðra, sem vilja vinna að hagsmunum þeirra, að vinna að því, að heilbrigðisþjónusta og félagsleg aðstaða veðri jafnan sem fullkomnust og að hafa samstarf við hliðstæð félög innlend og erlend.

Formaður er Kjartan Guðnason. Félagið er stofnað 20. okt. 1938 og eru félagar nú um 2000.

Sjálfsbjörg félag fatlaðra í Reykjavík.

Markmið félagsins er að efla samhjálp hinna fötluðu, vinna að auknum réttindum þeirra, og bættri aðstöðu í þjóðfélaginu m.a. með því að styðja fatlað fólk til þess að afla sér menntunar, sem það hefur hæfileika til, aðstoða fatlað fólk við að leita sér starfa, sem það er fært um að leysa af hendi í atvinnurekstri eða þjónustu, stuðla að því, að fatlað fólk geti sjálft rekið atvinnu sér til lífsframfæris, að efla félagsleg kynni og skemmtanalíf fatlaðs fólks, að vekja athygli almennings og ríkisvaldsins á því er betur mætti fara um aðbúnað, menntun, starfsþjálfun, atvinnuréttindi, bótaréttindi og önnur atriði, er stuðlað geta að því að fatlað fólk geti lifað mannsæmandi lífi.

Formaður félagsins er Theódór Jónsson. Félagið var stofnað 4. júní 1959. Félagar eru 530 og styrktarfélagar um 370.

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.

(Sjá áður).

Styrktarfélag vangefinna.

(Sjá áður).

V. STYRKVEITINGAR ÚR STYRKTARSJÓÐI VANGEFINNA 1958—1978

Ár	Kópavogs-hæli	Sól-heimar	St.fél vang.	Skála-tún	Tjalda-nes	Sól-borg	Vonar-land	Forfél. þrh.Suðl.	Styrkt.fél vang.Vestfj.
1958	485								
1959	250	50							
1960	2 450		250	650					
1961	1 500	380	250	150					
1962	1 950	48	300	1 000					
1963	3 000	1 650		150	320				
1964	11 000	1 500		4 650	630				
1965	5 500	1 550		5 100	550				
1966	4 500	950		5 600	250				
1967	5 500	800		3 120		6 000			
1968	7 608				300	11 000			
1969	4 750	300			500	14 000			
1970	10 000					7 500			
1971	9 000		6 000	5 000		1613			
1972	12 000	1 500	4 500	8000	2 000				
1973	16 000	1 500	500	6 375		928			
1974	16 000	2 000		575		928			
1975	16 000		4 000		6 000	14 800	400		
1976	8 000		2 000		4 000	28 577	917		
1977		3 000	10 000		6000	24 000	25 899	1 000	1 000
1978		4 000	15 000	15 000	4 000	84 000	39 834	1 000	1 000
	135 493	19 228	42 800	55 370	24 550	192 418	67 050	2 000	2 000

Á árunum 1958—1978 hefur verið veitt alls úr Styrktarsjóði vangefinna **kr. 540 900 þús.**

VI. STUTT YFIRLIT YFIR AÐSTOÐ VIÐ ÞROSKAHEFTA Á NORÐURLÖNDUM. DANMÖRK.

Því verður ekki á móti mælt að Danir standa þjóða fremst hvað snertir þjónustu við þroskaheft fólk. Sérstök ríkisstofnun er fyrir vangefna inna félagsmálastofnunar ríkisins og var hún byggð 1959 í samræmi við lög um aðstoð við andlega vangefið fólk og annað sérlega þroskaheft fólk.

Þau lög hafa að geyma ákvæði um menntun og félagsleg málefni og þau kveða á um þátttöku foreldra í ráðgefandi nefndum ríkis og sveitarfélaga. Rannsóknir (diagnoses) framkvæma bæði hin almenna heilbrigðisþjónusta, sem rannsaka öll ungbörn, og sérstök þjónusta fyrir þroskahefta, en til hennar eru send öll börn, sem vafi er um.

Menntunarþjálfun, sem veitt er í sérskólum, er lögboðin og ókeypis frá 7 ára aldri til 21 árs aldurs. Einnig er séð fyrir kennslu í forskóla, sem er frjáls. Reynslan í Danmörku er þó sú, að þó nokkur hluti barna í Danmörku, um það bil 3000 börn, og flest þeirra mjög þroskaheft, hljóta aðeins lágmarksmenntun eða þjálfun og jafnvel alls enga, einfaldlega vegna ónógrar aðstoðar. Ekki er tilfinnanlegur skortur á sérþjálfuðum kennurum, en hins vegar mikill skortur á talþjálfurum. Starfsþjálfun er látin í té á aldrinum frá 16—18 ára og áfram í nokkrum unglingaskólum og þó einkum á vernduðum vinnustöðum. Um það bil helmingur þessara vernduðu vinnustaða er í stofnunum og þar er kostur á annars konar fullorðinsfræðslu. Á þessum vinnustöðum er um 4000 vangefnir starfsmenn, en að sögn fróðra manna þyrfti næstum annar eins fjöldi að fá slíka aðstöðu. Laun miðast við afköst og þarf í mörgum tilvikum að bæta við þau með styrkjum.

Öll læknisþjónusta fyrir þroskahefta er ókeypis. Geðlækna- og tannlæknaþjónusta er ókeypis fyrir mjög þroskahefta, svo sem vangefna og fer hún fram bæði hjá hinni almennu læknisþjónustu, hjá tannlæknum og sérfræðingum á vegum sérstofnana. Lögð er rækt við líkamsþjálfun þeirra, sem dveljast á stofnunum og strangt eftirlit er með mataræði.

Á undanförnum árum hefur verið gert mikið til þess að breyta því skipulagi, sem áður var á þessum málum, og er í dag lögð áhersla á að fjölga smáum einingum og fækka hinum stóru heimilum. Mikill skortur er á sjúkraþjálfum og um það bil helmingur hjúkrunarliðs og starfsliðs hefur enga eða ónóga þjálfun. Þess skal þó getið að þjálfun hjúkrunarfólks og þroskaþjálfa, sem veitt er í danska þroskaþjálfaskólanum er talin mjög góð. Þar er um að ræða þriggja ára grunnmenntun og framhaldsnámskeið í 17 mánuði fyrir þá, sem búa sig undir að taka við yfirmannsstöðum. Öll þjónusta á stofnunum fyrir þroskahefta er foreldrunum að kostnaðarlausu.

Í Danmörku búa flest þroskaheft börn og margir hinna fullorðnu hjá foreldrum sínum. Það er stefna yfirvalda, hvað börn varðar, að þau búi hjá foreldrum sínum, en tilhneiging er til þess, ef kostur er, að flytja þau, er þau eldast, á stofnanir eða í eigin íbúðir í samræmi við kenninguna um að stuðla að eðlilegum lifnaðarháttum (normalisering). Þeir foreldra, sem annast þroskaheft börn sín, eða fullorðna, fá margvíslega aðstoð, svo sem dagvist og dvalarstað um stundarsakir fyrir börnin, heimilisráðgjöf, heimilishjúkrun og þjálfun, sem félagsráðgjafar, sjúkraþjálfar, þroskaþjálfar og kennarar annast svo og fjárstyrki. Fjölskyldur geta fengið aðstoð við það að fá betra húsnæði og greiddan flutningskostnað og húsaleigustyrki. Tæknilegar breytingar á húsnæði er og hægt að veita ókeypis.

Mikil áhersla er lögð á frístunda- og klúbbstarfsemi svo sem leiki og íþróttir, dans, ferðir innanlands sem utan og er þetta skipulagt og greitt af sérstofnun ríkisins. Þessi starfsemi er oft samtvinnuð sams konar starfsemi fyrir heilbrigt fólk.

Frá 15 ára aldri getur þroskaheftur maður, sem hefur verulega skerta starfsgetu fengið örorkulífeyri, er miðast við starfsgetu hans. Foreldrar, sem hafa börn heima hjá sér eiga rétt á bótum fyrir þann aukakostnað, sem fötluninni veldur. Vasapeningar eru greiddir til þeirra, sem á stofnunum dvelja.

Sérstofnun danska ríkisins um þessi mál leggur mikla áherslu á samvinnu við foreldra og samtök þeirra. Á grundvelli þessa voru samdar nokkrar tillögur, einkum um samvinnu milli stofnana og þær lagðar fram á alþjóðlegum fundi í Kaupmannahöfn árið 1971.

Stefna danskra yfirvalda er varðar málefni þroskaheftra er að fylgja svo kallaðri normaliseringu í samvinnu við stofnanir, foreldrasamtök og þá aðila, er vinna að umönnun, hjúkrun og þjálfun.

Finnland.

Finnland býr við nýjustu lögin á þessum vettvangi á Norðurlöndum. Hinn 1. janúar 1978 öðluðust gildi lög um séraðstoð við þroskahefta. Þessi lög ná yfir þroskahefta í orðsins rýmstu merkingu. Þessum lögum er ætlað, með sérstakri aðstoð, að koma til hjálpar þeim, sem af meðfæddum eða atviksbundnum ástæðum fá sjúkdóma, áföll á þroskaskeiðinu og sem ekki hafa til annarra laga að leita um aðstoð. Markmiðið er að hjálpa þeim einstaklingum, sem hér er rætt um, að lifa sínu lífi, sjálfstætt og að reyna að aðlagast samfélaginu eins og frekast er unnt, m. a. með það fyrir augum að njóta kennslu, og annarrar aðstoðar eftir þörfum.

Til séraðstoðar samkvæmt þessum lögum heyra í fyrsta lagi rannsóknir, sem bæði taka til læknisfræðilegra, sálfræðilegra og félagslegra þátta, auk þess hæfnispróf, sem leggja grunninn að einstaklingsmeðferð og þeirri séraðstoð, sem veita þarf. Í öðru lagi heilsuvernd. Í þriðja lagi þjálfun undir handleiðslu sérstakra leiðbeinenda. Í fjórða lagi vinnumiðlun, húsnæðisöflun og annað líkt til þess að einstaklingar geti tekið sem mestan þátt í þjóðlífinu. Í fimmta lagi útvegun hjálpargagna til einkaafnota. Í sjötta lagi einstaklingsumönnun og önnur umönnun. Í sjöunda lagi leiðbeiningar og ráðgjöf fyrir maka, foreldra og aðra í fjölskyldunni eða þá aðila, sem standa honum næst. Í áttunda lagi upplýsingar um þá séraðstoð sem til reiðu er. Í níunda lagi, fyrirbyggjandi aðgerðir til þess að koma í veg fyrir þroskaheftingu ásamt öðru svipuðu til þess að þessi sérþjónusta nái takmarki sínu. Stjórnun þessarar sérþjónustu er í í höndum

Socialstyrelsen undir yfirstjórn félags- og heilbrigðismálaráðuneytisins. Umsjónin er í höndum ýmissa aðila eftir því hvernig sérþjónustan er. Þannig fer Medicinalstyrelsen með heilbrigðisþáttinn í samráði við Socialstyrelsen. Varðandi þjálfun og menntun er slíkt í höndum Yrkesutbildningsstyrelsen og skolstyrelsen hvort á sínu sviði og er það einnig í samráði við Socialstyrelsen.

Í héruðum Finnlands (lénum) fylgjast héraðsstjórnir, (lenstyrelsen) með því að rannsóknir, bæði læknisfræðilegar, sálfræðilegar og félagslegar ásamt greiningu og því um líku og heilbrigðisþjónusta sé veitt. Í þeim tilvikum þar sem umönnunarsvæðin ná til fleiri héraða en eins, skulu héraðsstjórnir vinna að þessum málum í sameiningu.

Finnlandi er skipt í sérstök svæði hvað snertir þessa sérþjónustu og er þar miðað við þau héruð, sem fyrir hendi eru á öðrum vettvangi (kommúnur). Á þessum svæðum skal veita svo sem eftirfarandi þjónustu: Dagvistun, þjálfun og umönnun, fjölskylduþjónustu, og annað því um líkt.

Mjög ítarleg ákvæði eru um stjórnun þessara mála innan héraðanna og um kosningar í þær stjórnir sem um þessi mál eiga að annast þar. Ennfremur eru mjög ítarleg ákvæði um það, hvernig þessi þjónusta skuli veitt.

Þessi nýju finnsku lög komu í stað laga frá 1958 um vangefna (pcysiskt efterblivna). Ef líkja má því frumvarpi, sem lagt er til að lögfest verði hér á landi um þessi mál, við löggjöf Norðurlanda, má segja að frumvarpið líkist einna helst finnsku lögunum en Finnar hafa kjörið að taka þessi mál á mjög breiðum grundvelli, þ. e. a. s. að fjalla um þroskahefta almennt. Finnar kusu hins vegar að fjalla um þessi mál á svo breiðum grundvelli, að í lögunum eru ákvæði um menntun, um greiðslur almannatryggingakerfisins og ennfremur sérákvæði um lögræði, sem ekki er lagt til í frumvarpi því sem hér fylgir að framan.

Of snemmt að fjölyrða nokkuð um reynslu Finna á þessu sviði en hafa skal það hugfast að þessi nýja löggjöf var sett eftir margra ára undirbúningsstarf, þar sem metnir voru allir þeir þættir, er snerta þessi mál og niðurstaðan var sú sem greint er frá hér að framan.

Hvað sem öðru líður þykir fullvíst að þessi lög mæti miklu betur þörfum þroskaheftra en fyrri lög og auðveldi alla framkvæmd og þjónustu á þessu sviði.

Þess skal að lokum getið að í Finnlandi eru í gildi sérstök lög um þjónustu við geðsjúka, en slík lög eru ekki í gildi hér og hafa ekki verið um langan tíma, eða allt frá því að lög um geðveikrahæli voru afnumin hér á Íslandi. Finnar hafa á þennan hátt reynt að greina að þessa tvo þætti, þannig að sé um geðveiki að ræða, þá verði hún aldrei flokkuð undir þroskaheftingu. Hafa þeir í lögum um aðstoð við geðveika lagt áherslu fyrst og fremst á, að fyrirbyggja geðsjúkdóma og telja að með hliðsjón af því verði ekki hægt að taka þessi mál nákvæmlega sömu tökum. Breyttu Finnar þessum lögum verulega um svipað leyti og lögin um aðstoð við þroskahefta voru samin og öðluðust þau lög gildi um leið eða 1. jan. 1978.

Noregur.

Í Noregi er á margan hátt góð aðstaða til að veita þjónustu hvað snertir rannsóknir og greiningu. Stjórnskipuð nefnd hefur lagt til að rannsókn og öll ráðgjöf skuli skipuleggjast í samvinnu með þátttöku lækna, sjúkraliða, uppeldisfræðinga, félagsfræðinga og sálfræðinga.

Í grunnskólalögum frá 1959 er kveðið á um rétt til skyldunáms fyrir öll börn. Þannig hafa þroskaheft börn og fullorðnir notið fræðslu en þetta er ekki talið nægjanlegt. Meirihluti barnanna fær kennslu í sérstökum dagskólum og heimavistarskólum, en þessir skólar eru undir stjórn menntamálaráðuneytis. Biðlisti er hjá þessum skólum, þótt vitað sé að þörfin sé miklu meiri en eftirspurnin gefur til kynna. Enda þótt fyrir hendi séu nokkrir möguleikar til starfsþjálfunar, þá fá margir hópar þroskaheftra ekki meiri menntun en þessa skyldumenntun. Hvað snertir þroskahefta einstaklinga, og þá sérstaklega þá sem eru mjög þroskaheftir

andlega, skortir enn mikið á, en þjónusta fyrir þá er skipulögð af sveitarstjórnum á stofnunum eða heimilum með fjárhagslegum stuðningi frá stjórnvöldum.

Meirihluti kennara hefur ekki hlotið neina sérstaka þjálfun og skólabyggingar sem slíkar eru ekki nægjanlega góðar. Lagt hefur verið til að það verði aðalreglan í framtíðinni að skólayfirvöld á vegum sveitarfélaga, þeirra, sem fá styrk frá ríkinu vegna kostnaðar umfram meðaltal á nemanda í eðlilegri kennslu, ættu að annast alla sérkennslu, jafnvel þótt veita verði hana að einhverju leyti í stofnunum á vegum fylkja eða ríkis. Einnig að sjá fyrir miklu meiri kennslu og þjálfun fyrir fullorðna.

Flestar stofnanir fyrir þroskahefta í Noregi eru á vegum félagasamtaka, sem njóta opinberrar fjárhagsaðstoðar. Nokkur hluti íbúðarhúsnæðis er talinn þarfnast endurnýjunar m. a. vegna þess að það er ofsetið eða að byggingakröfum er ekki fullnægt. Talið er að bæta þurfi heilsugæslu fyrir þroskahefta. Almannatryggingabætur, sem breytast í samræmi við framfærslukostnað eru örorkulífeyrir auk tveggja annars konar bóta, þegar um er að ræða mikla aukavinnu vegna þroskaheftra þriggja ára og eldri á heimilum eða útgjöldum, sem eru verulega hærri en venjulegt er.

Að því er tekur til skipulagningar þjónustunnar hefur komið fram gagnrýni á skort á hópvinnu og samstarfi milli hinna ýmsu þátta, sem tíðum veldur því að fólk, sem þarfnast aðstoðar, neyðist til þess að leita til margra aðila án þess að fá neina samræmdar aðgerðir eða finna neinn, sem taki á sig allsherjar ábyrgð. Stjórnskipuð nefnd, sem gert hefur tillögur um þessi málefni hefur ekki mælt með neinni sérstjórn fyrir hinar ýmsu greinar þjónustu í líkingu við það sem gerist í Danmörku og Svíþjóð. Nefndin aðhylltist það sem hún nefnir hið dreifða samræmda form, þ. e. a. s. decentralisering, sem gefur hinum þroskaheftu kost á ýmiss konar þjónustu innan hinna almennu þjónustukerfa fyrir menntamál, heilsugæslu, félagsleg velferðarmál, starfslega endurhæfingu o. fl., enda sé unnt að koma á raunhæfri samvinnu milli þessara kerfa í hverju sveitarfélagi, fylki og landinu í heild. Lagt er til að settar verði á fót í öllum löndum sérstakir starfshópar sérfræðinga og fulltrúar frá foreldrafélögum til þess að endurskipuleggja þetta samstarf. Sem stendur er unnið að framkvæmd þessara mála í Noregi á þessum grundvelli.

Svíþjóð.

Greining og leit er framkvæmd á fæðingardeildum og barnadeildum sjúkrahúsa, heilsugæslustöðvum, geðdeildum fyrir börn og unglinga svo og af læknum, uppeldisfræðingum og sálfræðingum á vegum sérstakra héraðsnefnda, sem annast málefni vangefinna. Þungaðar konur gangast undir reglulegar heilsufarsskoðanir. Hið sama gildir um börn innan fjögurra ára aldurs. Í Svíþjóð hefur sú meginregla löngum verið viðurkennd að þroskaheftir eigi sama rétt og aðrir borgarar. Lög frá 1967 um tiltekið þroskaheft fólk geyma ákvæði um eftirtalin réttindi: Ókeypis læknishjálp, tannlækningar, aðstoð til handa foreldrum, sem hafa þroskaheft fólk heima hjá sér, gæsla barna innan skólaaldurs, skyldunám fyrir öll þroskaheft börn, er undir lögin eiga og fullorðna, er hefst við 7 ára aldur og er haldið áfram ef þörf krefur til 21 árs aldurs eða jafnvel til 23ja ára aldurs. Lögin fjalla ennfremur um dvöl á stofnunum eða hópheimilum fyrir þá, er hennar þarfnast og starfsstöðvar til dagvistar fyrir þá fullorðnu, sem ekki dveljast á stofnunum og hafa ekki vinnu á hinum almenna vinnumarkaði eða vernduðum vinnustöðum. Þessi lög fjalla um tiltekinn hóp þroskaheftra, þ. e. a. s. vangefna.

Samkvæmt þessum lögum er kveðið á um, að grunnmenntun skuli vera 10 ára nám í reglulegum sérskólum með bekkjum, þá tekur við starfsþjálfun, sem varir yfirleitt í tvö ár. Þeir sem ekki geta tekið þátt í námi í skólabekkjum skulu fá a. m. k. nokkurra stunda þjálfun á viku einir sér eða í fámennum hópum. Öll sérþjónusta, sem kveður á um í lögunum skal látin í té af héraðsstjórnum, undir eftirliti Socialstyrelsen og Skolöverstyrelsen í Stokkhólmi. Mikil þróun hefur átt sér stað í Svíþjóð í þessum málum, þó ekki sé hægt að segja að lögin séu að fullu

komin í framkvæmd enn þann dag í dag. Hundruð barna, sem úrskurðuð hafa verið vangefin njóta ekki fræðslu sem skyldi. Stafar þetta fyrst og fremst af því að menntunaraðstaða er við hæfi þeirra, sem eru lítið þroskaheftir, auk þess sem mörg börn á þessum aldri hafa skerta sjón og heyrn. Ennfremur er mikill skortur á sérhæfðum kennurum og talkennurum. Á síðustu árum hafa byggingar verið hannaðar miðað við hæfi þroskaheftra og þarfir, en enn þann dag í dag eru margar eldri byggingar ekki búnar slíkum kostum. Öll þjónusta í sambandi við menntun er ókeypis, hvort sem hún er í formi skólagöngu eða sérstakra námskeiða. Hið sama gildir um húsnæði og fæði.

Svíar hafa lagt mikið kapp á að mennta þá sem eldri eru, samt sem áður er mikil þörf fyrir aukna starfsemi á þessu sviði. Þessi menntun fer fram í svo kölluðum námshringum, sem skipulagðir eru af ríkisstyrktum fræðslufélögum í samvinnu við stjórnvöld, sem annast málefni vangefinna eða foreldrasamtök. Slík menntun fer einnig fram á sérstökum námskeiðum í heimavistarskólum eða hún er fólgin í starfsþjálfun, sem veitt er á endurhæfingarstofnunum. Margir þeirra, sem koma frá sérskólum fá vinnu á hinum almenna vinnumarkaði og tekst oft að losna undan því oki að vera talinn vangefinn, en erfitt reynist að finna starf við hæfi hinna, sem eftir eru.

Svíar hafa lagt mikla áherslu á það, að þeir læknar, sem vinna á þessu sviði, fá sem mesta og besta þjálfun til slíkra verka. Samvinna við sérfræðinga á almennum sjúkrahúsum er ekki talin nægjanlega góð. Auk þess er skortur á sjúkraþjálfurum í Svíþjóð þó ástandið sé sífellt að lagast á öllum sviðum. Öll tæknileg aðstoð við þroskahefta er ókeypis og næstum öll greidd af hinu opinbera. Hvað snertir tannlækningar sérstaklega er stefnt að því að veita ekki einungis bráðnauðsynlega hjálp, heldur einnig aðgerðir til tannverndar. Þessi þjónusta hefur stóraukist á undanförnum árum. Mikil áhersla er lögð á líkamsþjálfun þroskaheftra, sérstaklega þeirra, sem sækja sérskóla og hefur hún skilað markvissum árangri og er talin nokkuð góð.

Þeir, sem þarfnast sérstaks flutnings til þjónustustofnana og frá, fá flutning ókeypis hjá héraðsnefndum og flest sveitarfélög gefa jafnvel þroskaheftum kost á að a. m. k. nokkrum frístundaferðum á mánuði.

Hvað snertir vistun þroskaheftra í Svíþjóð, þá fer hún fram á mismunandi aðsetursstöðum t. d. á sérstofnunum, á heimavistarskólum eða nemendaheimilum, á hópheimilum, í venjulegum íbúðarhverfum og í eigin íbúðum eða heimilum með takmörkuðu eftirliti og þjónustu. Hvað snertir greiðslur, þá greiða foreldrar ekkert fyrir þjónustu, sem látin er í té á stofnunum, skólum eða heimilum, en fullorðnir aðilar, sem fá lífeyri, fá aðeins að halda vasapeningum og þeir sem stunda vinnu og hafa tekjur verða oft að greiða eitthvað fyrir fæði og húsnæði.

Vaxandi hluti þeirra barna og unglinga, sem þjónustu njóta og einn þriðji hluti hinna fullorðnu, búa hjá foreldrum sínum eða forráðamönnum og aðrir dvelja þar um helgar og í fríum. Ýmiss konar hjálp og aðstoð er fáanleg svo sem heimilisráðgjöf og stundum heimilishjálp og sumardvalarheimili og önnur aðstaða til stuttrar dvalar, leikfangasöfn, sem flest eru rekin af sjálfboðaliðsfélögum, sem einnig skipuleggja námshópa fyrir foreldra, sem vilja kynna sér réttindi og möguleika barna sinna eða læra hvernig þjálfa má börnin, styrki til að aðlaga heimilið þörfum líkamlegra fatlaðra og til hljóðeinangrunar svo dæmi séu tekin. Auk þessa er margs konar starfsemi til hressingar og tilbreytni og er hún bæði skipulögð af stjórnvöldum og foreldrasamtökum. Má hér sem dæmi nefna klúbbstarfsemi, stundum í félagi með skólafólki eða skátum, skemmtiferðir þ. á m. til annarra landa, leikir og íþróttir. Sérstakir fjárstyrkir eru greiddir úr almannatryggingum sem styrkir vegna umönnunar við þroskahefta. Auk þess greiða héraðsráðin fjárhæð, sem numið getur yfir kr. 1000 á mánuði vegna þeirra fatlaðra barna og fullorðinna, sem skapa mikla aukavinnu á heimilum. Örorkulífeyrir fullorðins fólks, sem er um það bil helmingur andlegra þroskaheftra á aldrinum 16—66 ára að viðbættum húsnæðisstyrkjum frá sveitarfélögum, fara oft í 1500 sænskar krónur á mánuði.

Svíþjóð er eitt þeirra landa, sem á hvað lengsta sögu í umönnun og þjálfun þroskaheftra. Óvíða er varið eins miklu fé til þessara mála og í Svíþjóð og er talið að Svíar standi á margan hátt mjög framarlega í þessum málefnum. Í Svíþjóð eru í gildi margs konar lög, er snerta þroskahefta og er þá yfirleitt um sérlög að ræða, þar sem ein ná yfir líkamlega fatlaða (handikapp) og önnur yfir aðstoð við vangefna. Þótt þannig séu fyrir hendi mörg lög á þessum vettvangi í Svíþjóð, hefur öll hjálp og þjónusta við þroskahefta í orðsins fyllstu merkingu verið sameinuð eins og hægt er og í framtíðinni stefnt að enn frekari sameiningu.

Ed. **557. Frumvarp til laga** [271. mál]

um breyting á lögum nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

14. gr. 6. tl. 3 og 4 orðist svo:

3. Húsavíkurumdæmi.

1) Húsavík H 2, starfssvæði Aðaldælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Flateyjarhreppur, Ljósavatnshrepur, Bárðdælahreppur, Reykjahreppur, Reykdælahreppur og Skútustaðahreppur.
2) Laugar H.
3) Reykjahlíð H.
4) Stórutjarnir H.
5) Kópasker H 1, starfssvæði Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur, og Presthólahreppur.

4. Þórshafnarumdæmi.

1) Þórshöfn H 2, starfssvæði Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur, Sauðaneshreppur og Raufarhafnarhreppur.
2) Raufarhöfn H.

2. gr.

14. gr. 7. tl. 1 orðist svo:

1. Egilsstaðaumdæmi.

1) Egilsstaðir H 2, starfssvæði Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðarhreppur.
2) Borgarfjörður eystri H.
3) Seyðisfjörður H 1, starfssvæði Seyðisfjarðarkaupstaður, Seyðisfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur.
4) Vopnafjörður H 1, starfssvæði Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur.
5) Bakkafjörður H.

3. gr.

14. gr. 9. tl. 1 og 2 orðist svo:

1. Keflavíkurumdæmi.

1) Keflavík H 2, starfssvæði Keflavíkurkaupstaðar, Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur, Grindavíkurkaupstaður, Miðneshreppur, Gerðahreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.
2) Grindavík H.
3) Sandgerði H.
4) Gerðar H.

2. Hafnarfjarðarumdæmi.

1) Hafnarfjörður H 2, starfssvæði Hafnarfjarðarkaupstaður.
2) Garðabær H 2, starfssvæði Garðakaupstaður og Bessastaðahreppur.

4. gr.

14. gr. 10 tl. orðist svo:

14.10. Þrátt fyrir framangreinda skiptingu og þar til öðru vísi verður ákveðið, skal heilsugæslustöðin í Stykkishólmi þjóna Flateyjarhreppi, heilsugæslustöðin á Hvammstanga þjóna Bæjarhreppi og heilsugæslustöð í Búðardal sjá um læknismóttöku á Reykhólum. Sveitarfélög skulu greiða sína hlutdeild í kostnaði við byggingu, búnað og rekstur heilsugæslustöðva á þeim stað, sem þau sækja þjónustu til. Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveðið breytingar á framkvæmd einstakra málsliða samkv. 2.—9. mgr. þessarar greinar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og er með því lagt til að lögfestar verði nokkrar breytingar á skipan umdæma samkvæmt lögum nr 57 20. maí 1978 um heilbrigðisþjónustu. Er þetta gert til hagræðingar með hliðsjón af fenginni reynslu sérstaklega hina síðustu mánuði.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Lögð er til sú breyting á 14. gr. 6. tl. 3 að Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur falli undir starfssvæði heilsugæslustöðvar á Kópaskeri í stað Húsavíkur. Liggja til þess eðlilegar og landfræðilegar ástæður.

Í frumvarpi því til nýrra laga um heilbrigðisþjónustu, sem lagt var fram í byrjun s. l. árs var gert ráð fyrir því að á Kópaskeri yrði heilsugæslustöð án læknis, þ. e. a. s. H stöð. Alþingi breytti þessu þannig að samkvæmt lögunum er þar H 1 stöð, en á slíkum stöðvum skal starfa a. m. k. einn læknir. Hins vegar láðist að ákvarða Kópaskeri sérstakt starfssvæði og er hér með reynt að bæta úr því. Lögð er til sú breyting á 14. gr. 6. tl. 4 að á Raufarhöfn verði H stöð í stað H 1 og jafnframt að í stað H 1 stöðvar á Þórshöfn verði H 2 stöð þar sem starfa tveir læknar hið minnsta. Hér er um tilfærslu að ræða til þess að auðveldara verði að fá lækna til starfa. Ógerningur hefur reynst að fá lækni til að setjast að á Raufarhöfn og erfitt er að fá lækni til Þórshafnar. Með því að ætla tveimur læknum aðsetur á Þórshöfn, sem er miðsvæðis og betur búið húsnæði og tækjum heldur en Raufarhöfn, eru líkur á því að betur gangi að fá lækna, ekki bara einn heldur tvo. Þetta fyrirkomulag var áður samkvæmt lögum nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu og gafst betur en hin gildandi skipan.

Um. 2. gr.

Lögð er til sú breyting á 14. gr. 7. tl. 1 að Skeggjastaðahreppur falli undir Vopnafjörð í stað Bakkafjarðar en á Bakkafirði er H stöð og getur hún sem slík ekki haft afmarkað starfssvæði þar sem ekki er samkvæmt lögum gert ráð fyrir lækni þar.

Um 3. gr.

Lagt er til að 14. gr. 9. tl. 1 og 2 verði breytt þannig, að Vatnsleysustrandarhreppur falli undir starfssvæði heilsugæslustöðvar í Keflavík í stað Hafnarfjarðar. Vatnsleysustrandarhreppi hefur til þessa verið þjónað frá Keflavík og féll undir starfssvæði Keflavíkur samkv. fyrri lögum um heilbrigðisþjónustu frá 1973, enda er sú skipan á allan hátt eðlilegri.

Um 4. gr.

Lagt er til að 14. gr. 10. tl. verði breytt þannig að burt falli setningarhlutarnir „og heilsugæslustöð á Þórshöfn þjóni Skeggjastaðahreppi“. Framvegis verður Skeggjastaðahreppi þjónað frá Vopnafirði eins og héraða- og umdæmaskipan gerir ráð fyrir. Hins vegar komi inn nýtt ákvæði um að heilsugæslustöð á Hvammstanga skuli þjóna Bæjarhreppi í Strandasýslu eins og var skv. eldri lögum um heilbrigðisþjónustu. Er sú skipan talin æskilegri.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Nd. 558. Frumvarp til laga [272. mál]

um hátekjuskatt.

Flm.: Árni Gunnarsson, Vilmundur Gylfason,
Bjarni Guðnason, Gunnlaugur Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Fari launatekjur einstaklings yfir 12 milljónir kr. á ársgrundvelli, skal innheimta sérstakan hátekjuskatt, sem nemur 85 af hundraði af þeim tekjum sem eru umfram 1 milljón króna á mánuði.

2. gr.

Þennan sérstaka hátekjuskatt skal innheimta mánaðarlega, þannig að ef tekjur fara yfir 1 milljón kr. á mánuði skal vinnuveitanda skylt að halda eftir 85 af hundraði af því, sem er umfram 1 milljón kr., og leggja það inn á sérstakan reikning ríkissjóðs. Nái tekjur launþega, sem áður hefur greitt þennan skatt, ekki einni milljón króna á mánuði síðar á tímabilinu, skal endurgreiða honum af sama reikningi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá því Alþingi samþykkti frumvarp til laga um viðnám gegn verðbólgu liðu ekki nema nokkrir dagar þar til launahlið frumvarpsins tók að riðlast. Í því sambandi má nefna samninga Flugleiða hf. við hóp flugmanna og lyktir þess máls. Án tillits til þess, hvaða skoðanir menn kunna að hafa á hátekjum eins og þeim sem hér um ræðir, má ljóst vera, að samningar af þessu tagi kunna að leiða til skriðu peningalaunahækkana, bæði hjá áðurnefndu fyrirtæki og hjá fjölmörgum stéttum öðrum í þjóðfélaginu. Líklegar afleiðingar eru, að launahlið efnahagsfrumvarpsins standist ekki, verðbólgumarkmiðin verði að engu gerð og allt þjóðfélagið gjaldi fyrir dýru verði.

Flutningsmenn þessa frumvarps hafa kannað möguleika á lagasetningu um frestun launahækkana í samningum Flugleiða hf. og flugmanna. Sú leið er talin ófær eða illfær, einkum vegna afturvirkni slíkra laga. Sérstakur hátekjuskattur hefur þá kosti fram yfir aðrar leiðir, að hann nær til þeirra hópa í þjóðfélaginu, sem miklar tekjur hafa. Hann er því almenn regla.

Í þessu frumvarpi er lagt til, að á verði lagður sérstakur hátekjuskattur, er komi í stað almennra tekjuskatta, og hann innheimtur með staðgreiðslukerfi. Gallinn við

þessa aðferð er auðvitað sá, að lögin ná ekki til þeirra einstaklinga í þjóðfélaginu, sem hafa haft aðstæður til að „skammta“ sér skatta á löglegan eða ólöglegan hátt. Engu að síður er það álit flutningsmanna, miðað við ríkjandi aðstæður á launamarkaði, að löggjafanum beri að grípa inn í í jöfnunarskyni, svo og til að hamla gegn verðbólguþróun, sem nýtt launaskrið mundi hafa í för með sér.

Minna má á þingsályktunartillögu þingmanna Alþýðuflokksins, sem gerir ráð fyrir afnámi tekjuskatts af **almennum** launatekjum. Þess er fastlega að vænta, að sú þingsályktunartillaga verði samþykkt nú fyrir þinglok. Þar er gert ráð fyrir að tekjuskattur sé afnuminn af almennum launatekjum, sem eru skilgreindar svo, að þær séu tvöfaldar meðaltekjur verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna. Þetta er yfirlýst stefna Alþýðuflokksins. Það breytir ekki hinu, að þegar laun eru orðin óheyrilega há þykir full ástæða til að skattleggja þau mikið í því skyni að koma á jöfnuði og jafnvægi í þjóðfélaginu.

Ed. 559. Nefndarálit [200. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 94 29. des. 1962, um almannavarnir, sbr. lög 30/1967, um breyting á þeim.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Jón G. Sólnes var fjarstaddur þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 25. apríl 1979.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr. Bragi Níelsson.
Bragi Sigurjónsson. Jón Ásbergsson.
Jón Helgason.

Ed. 560. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til laga um dómvexti, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu, sem gerð var á því í allsherjarnefnd neðri deildar.

Alþingi, 25. apríl 1979.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form. Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr. Jón Ásbergsson, frsm.
Bragi Níelsson. Bragi Sigurjónsson.
Jón Helgason.

Ed. 561. Frumvarp til laga [273. mál]

um heimild til hækkunar framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 29 milljónum sérstakra dráttarréttinda í 43.5 milljónir sérstakra dráttarréttinda. Seðlabankinn skal leggja fram það fé, sem þarf vegna hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10, 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samræmi við tillögur, sem samþykktar höfðu verið á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um fjármál og gjaldeyrismál í Bretton Woods í New Hampshire-fylki í Bandaríkjunum árið 1944, gengust rúmlega 40 þjóðir fyrir stofnun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (International Monetary Fund) í lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Íslendingar tóku þátt í ráðstefnunni í Bretton Woods og gerðust aðilar að þessu samstarfi þegar í upphafi. Var stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins undirrituð fyrir Íslands hönd 27. desember 1945 í samræmi við heimild í lögum nr. 105 frá 21. desember 1945. Hafa Íslendingar tekið virkan þátt í þessu samstarfi æ síðan, en þátttökuríkjunum hefur mjög fjölgað með árunum og eru þau nú 139 talsins. Síðast gengu nýfrjálsu ríkin Grænhöfðaeyjar, Salómonseyjar, Dóminíka og Djibouti í samtökin. Utan sjóðsins standa ríki Austur-Evrópu að Rúmeníu og Júgóslavíu undanskildum og örfá önnur ríki, t. d. Kínverska alþýðulýðveldið og Sviss. Ekki er nú talið ólíklegt, að fleiri Austur-Evrópuríki muni sækja um aðild á næstunni, svo og að Kínverska alþýðulýðveldið muni taka við aðild Kína af stjórninni á Formósu.

Tilgangurinn með stofnun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var í aðalatriðum þríþættur:

1. Koma á skipulegu kerfi gjaldeyrisviðskipta milli landa, sem yrði laust við hömlur á gjaldeyrisviðskiptum tengdum inn- og útflutningi vöru og þjónustu.
2. Koma á skráningu stofngengis á gjaldmiðlum þátttökuríkja sjóðsins sem ekki væri breytt nema með samþykki sjóðsins.
3. Mynda sjóð sem aðildarþjóðir gætu tekið skammtímalán úr, þegar þær ættu við greiðslujafnaðarerfiðleika að stríða.

1973 var sú breyting gerð að heimilað var sveigjanlegt gengiskerfi aðildarríkjanna undir eftirliti sjóðsins.

Íslendingar hafa frá upphafi átt mjög náið samstarf við hinar Norðurlandaþjóðirnar um aðildina að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þannig hafa Norðurlöndin t. d. skipst á um að eiga aðalfulltrúa í stjórn sjóðsins, sem nú er skipuð 21 manni, en sameiginlegur kvóti allra Norðurlandanna veitir þeim atkvæðamagn til þess að kjósa einn fulltrúa í stjórnina. Norðurlöndin hafa á sama hátt skipst á um að eiga varafulltrúa í stjórninni. Nú er Finninn Matti Vanhala fulltrúi Norðurlandanna í stjórn sjóðsins, en dr. Gísli Blöndal, hagsýslustjóri, er varafulltrúi. Tveir Íslendingar hafa áður gegnt þessum störfum. Samráð Norðurlandaþjóðanna um afstöðu í málum á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fer fram á vettvangi fjárhagsnefndar Norðurlanda sem kemur saman þrisvar á ári eða oftar og með samráði um einstök mál þar á milli. Annast Seðlabanki Íslands þátttökuna í þessu samstarfi en samkvæmt lögum um bankann er hann fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir ríkisins hönd.

Fjárframlög (kvótar) einstakra ríkja til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins miðast aðallega við þjóðarframleiðslu, hlutdeild hvers ríkis í heimsviðskiptum og sveiflur í gjaldeyristekjum. Af þeim ræðst hve mikla lánamöguleika sérhvert ríki hefur hjá sjóðnum og jafnframt að meginhluta það vægi atkvæða sem hvert ríki hefur í stjórn hans. Einnig byggjast úthlutanir sérstakra dráttarréttinda, SDR, til einstakra ríkja á kvótum þeirra en SDR er gjaldmiðill sem aðildarþjóðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins samþykktu 1968 að myndaður yrði til að taka við stöðu dollarans sem alþjóðlegur gjaldmiðill. Verðgildi SDR ræðst í dag af verðgildi 16 helstu viðskiptagjaldmiðla heims sem vegið er með hlutdeild þeirra í milliríkjaviðskiptum í heiminum.

Segja má að SDR sé að byrja að gegna hlutverki alþjóðlegs gjaldmiðils enda bætast SDR úthlutanir frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum við gjaldeyrisforða aðildarríkjanna. Þessar einingar ryðja sér einnig til rúms í almennum viðskiptum utan ramma sjóðsins og nærtækt dæmi um notkun þeirra er að stofnfé Norræna fjárfestingarbankans er skráð í þeim. Einnig eru fáanleg lán á alþjóðlegum peningamörkuðum sem skráð eru í SDR.

Hinn 1. febrúar s. l. var hver eining SDR jafnvirði 1.28 bandaríkjadals eða um 412 ísl. kr.

Fjórðung fjárframlaganna (kvótanna) bar að greiða í gulli, allt fram til þess tíma er SDR kerfið var tekið upp 1970 en frá þeim tíma er heimilt að greiða fjórðung aukninga með SDR en ¾ hlutarnir eru greiddir í mynt viðkomandi ríkis og geymdir hjá aðildarríkinu sem innstæða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Samkvæmt stofnskrá sjóðsins, stendur honum til boða að lána þetta fé öðrum þjóðum eftir almennum reglum ef staða landsins út á við leyfir. Fram til þessa hefur ekki verið farið fram á þetta við íslensk stjórnvöld en að því er Ísland varðar, er þessi innistæða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins geymd í Seðlabanka Íslands.

Íslenska ríkið tók fyrir milligöngu Seðlabankans ferns konar lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á árunum 1974 til 1976. Var hér um að ræða tvö lán eftir almennum reglum sjóðsins en tvenns konar lán voru fengin eftir sérstökum reglum, annars vegar svokölluð olíulán, hins vegar sérstök jöfnunarlán. Afborganir af þessum lánum hófust 1978.

Alls nam upphæð þessara lána 62.17 milljónum SDR (jafnvirði ca. 25.7 milljarða íslenskra króna miðað við gengi um s. l. áramót). Af þeim voru 39.17 millj. SDR í flokki svonefndra olíulána, 11.50 millj. voru sérstök jöfnunarlán og 11.50 millj. almenn yfirdráttarlán, þar af helmingurinn fenginn af „gullsneið" (gold tranche) og helmingur af svokallaðri fyrstu „sneið". En almennum yfirdráttarlánum er skipt í fimm jafnar „sneiðar" sem hver um sig er 25% af kvóta. „Gullsneiðin" samsvarar þeim hluta sem greiddur var í gulli en sem nú má greiða í SDR. Samsvarandi þessum hluta má yfirdraga og greiðast þá ísl. kr. inn á reikning Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Seðlabankanum að sama skapi, þannig að um einskonar gjaldeyriskaup er að ræða. Þegar þessi hluti er endurgreiddur losna ísl. kr. af reikningnum á sama hátt. Á þenna hlut má draga hvenær sem og hann er jafnframt vaxtalaus. Fyrsta „sneið" er næsta stig almennra yfirdráttarlána og þarf heimild sjóðsins til að draga á hana, en hún er veitt án sérstakra skilyrða. Þannig er mögulegt að yfirdraga allt að 50% af kvóta í formi almennra yfirdráttarlána, án þess að skilyrði séu sett af sjóðsins hálfu. Næstu þrjár „sneiðar" (þ. e. a. s. önnur, þriðja og fjórða „sneið") fást einungis yfirdregnar að settum ákveðnum skilyrðum tengdum ríkisfjármálum, peningamálum og seðlaútgáfu.

Vextir sem greiða ber af almennum yfirdráttarlánum umfram „gullsneiðina" eru breytilegir. Af þeim hluta af fyrstu „sneið" sem Ísland skuldar, voru þeir í upphafi 5.375%, en hækka síðan í 6.375% eftir því sem líður á lánstímann. Þessir vextir eru nú 5.875%, en búið er að endurgreiða 4.6 millj. SDR.

Jöfnunarlán eru veitt án skilyrða og geta þau orðið allt að 50% af kvóta en til stendur að hækka þetta hlutfall í 75%. Jöfnunarlánið verður endurgreitt 1979—1980. Vextir af þessu láni eru mismunandi og fara hækkandi eftir því sem lengra

líður á lánstímann. Upphaflega voru vextirnir 4.375% en verða hæst 6.375%. Þessir vextir eru í dag 5.375%.

Hin svonefndu olíulán sem upphaflega komu til sögunnar í kjölfar olíukreppunnar og voru ætluð til þess að auðvelda olíuinnflutningsríkjum aðlögun að hækkuðu olíuverði, voru fengin í fjórum hlutum, fyrst á árinu 1974, síðan tvö lán á árinu 1975 og loks eitt lán á árinu 1976. Vextir af fyrsta láninu eru 6.875% — 7.125% eftir lánstíma, en vextir af hinum þremur lánunum 7.625% — 7.875%. Vextir af þessum lánum eru nú 7.125% á láninu frá 1974, 7.750% á lánunum frá 1975 og 7.625% á láninu frá 1976.

Síðustu endurgreiðslur þessara lána eru fyrirhugaðar snemma árs 1983, en í árslok 1978 var búið að endurgreiða 4 718 750 SDR af þessum lánum.

Fyrirhugaðar afborganir af lánum til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 1979—1983:

	Almenn yfidráttarlán „Gullsneið"	Fyrsta „sneið"	Jöfnunarlán	Olíulán	SDR Samtals
1979	2 300 000	4 600 000	2 300 000	8 944 375	18 144 375
1980			9 200 000	9 792 500	18 992 500
1981				9 792 500	9 792 500
1982				5 073 750	5 073 750
1983				848 125	848 125
	2 300 000	4 600 000	11 500 000	34 451 250	52 851 250
Greitt 1978	3 450 000	1 150 000		4 718 750	9 318 750
Samtals	5 750 000	5 750 000	11 500 000	39 170 000	62 170 000

Löng erlend lán og nettóskuld við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

	Löng erlend lán[1] Millj. kr.	Nettóskuld við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn[3] Millj. kr.	Í hlutfalli af löngum lánum %	Í millj. SDR
1974	41 442	2 249	5.4	15.5
1975	73 027	6 268	8.6	31.4
1976	95 923	12 435	13.0	56.5
1977	134 320	14 615	10.9	56.5
1978	220 000[2])	19 595	8.9	47.3

1) Það er lán opinberra aðila og einkaaðila til eins árs og lengri tíma, þó ekki skuldin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, sem er talin í gjaldeyrisstöðu bankanna.
2) Bráðabirgðatala.
3) Það er skuld að frádreginni „gullsneiðinni".

Almennt mun óhætt að segja, að vextir af lánum þessum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum séu hagstæðir og talsvert lægri en nú myndi unnt að fá á almennum lánamörkuðum. Þess ber þó vitaskuld að gæta að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er ekki almenn lánastofnun. Lánin sem fengin hafa verið samkvæmt hinum almennu reglum sjóðsins, voru til þess ætluð að styrkja gjaldeyrisstöðu landsins á meðan tekist væri á við tímabundna erfiðleika.

Olíulánin voru eins og áður er frá greint ætluð til þess að auðvelda aðlögun að gjörbreyttum aðstæðum á takmörkuðu sviði, þ. e. a. s. stórhækkuðu olíuverði, og þessi lánaflokkur hefur nú verið lagður niður hjá sjóðnum.

Hin sérstöku jöfnunarlán eru einnig sérstaks eðlis en sá flokkur lána er ætlaður til þess að auðvelda aðildarríkjum sjóðsins að komast yfir óvænta greiðslujafnaðarerfiðleika sem stafa af ófyrirséðri lækkun útflutningstekna.

Heildarkvóti aðildarríkjanna og kvótar einstakra ríkja hafa verið endurskoðaðir með reglubundnum hætti frá því Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn tók til starfa og

hinn 11. desember s. l. var einróma staðfest af sjóðsráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ákvörðun um að hækka heildarkvóta aðildarríkjanna um 50% eða úr 39 milljörðum SDR í 58.6 milljarða SDR. Jafnframt voru gerðar nokkrar innbyrðis breytingar á kvótum örfárra ríkja, þar sem talið var að kvótinn gæfi ekki lengur nægilega rétta mynd af hlutfallslegu mikilvægi viðkomandi ríkja í heimsviðskiptunum. Er þetta í sjöunda sinn sem heildarupphæð kvótanna er hækkuð. Hverju ríki er í sjálfsvald sett hvort það eykur kvóta sinn en vegna þeirra réttinda sem kvótaaukningu fylgja, eru þess fá dæmi að ríki hafi ekki fallist á aukningu kvóta síns, sérstaklega eftir að úthlutun sérstakra dráttarréttinda hófst.

Kvóti Íslands er nú rúmlega 0.07% af heildarkvóta aðildarríkjanna eða 29 milljónir SDR. Með frumvarpi þessu er leitað eftir heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta og ganga frá aukningu á kvóta landsins um 50% í 43.5 milljónir SDR í samræmi við þá reglubundnu endurskoðun sem að er vikið að ofan. Kvóti Íslands hjá sjóðnum var síðast aukinn í samræmi við heimild í lögum nr. 7 frá 29. mars 1977 úr 23 milljónum SDR í 29 milljónir SDR.

Samhliða ákvörðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um allsherjarkvótaaukningu fer nú fram ný úthlutun sérstakra dráttarréttinda. Hin nýja úthlutun SDR hófst um s. l. áramót. Komu þá 3 milljónir SDR í hlut Íslands en ákveðið er að sömu upphæð verði úthlutað til Íslands að nýju 1. janúar 1980 og 1. janúar 1981.

Á árunum 1970—1972 fékk Íslands úthlutað 7.4 milljónum SDR. Þessari upphæð var ráðstafað inn á sérstakan reikning hjá sjóðnum og hefur síðan eftir þörfum verið greitt af honum til að mæta vöxtum og afborgunum af lánum hjá sjóðnum en einnig hefur Seðlabankinn keypt SDR og lagt inn á reikning þennan eftir þörfum. Hefur hann því í raun verið hagnýttur sem viðskiptareikningur en meðalinnistæða má þó ekki vera lægri en 15% (skilyrði voru 30% fram til s. l. áramóta) af upphaflegri úthlutun. Inni í reikningum voru 8.1 millj. SDR í árslok.

Hækkun kvótans nú um 14.5 millj. SDR eykur almenna yfirdráttarmöguleika án skilyrða um 7.25 millj. SDR. Að auki aukast möguleikar á jöfnunarlánum um 7.25 millj. SDR (50% kvótaaukningar) sem líklegt er að hækki í 75% kvótaaukningar, eða 10.9 millj. SDR á næstunni. Á móti kvótahækkun þessari koma því auknir lántökumöguleikar án skilyrða sem samtals nema a. m. k. 14.5 millj. SDR.

Eins og áður getur ber að greiða fjórðung kvótahækkunarinnar eða 3.6 millj. SDR í formi SDR. Unnt er að grípa til hinnar nýju úthlutunar SDR til að inna þá greiðslu af hendi. Sá hluti kvótans sem greiddur er í SDR verður talinn hluti af gjaldeyrisforða Íslands eftir sem áður enda verður mögulegt að taka samsvarandi upphæð að láni hjá sjóðnum hvenær sem er, eins og áður er um getið.

Sþ. 562. Fyrirspurnir. [274. mál]

I. Til forsætisráðherra um sölu á bv. Fonti.

Frá Gunnlaugi Stefánssyni.

Hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um sölu á bv. Fonti? Ef svo er, hverjir eru þá kaupendur og hvaða ástæður liggja þeirri ráðstöfun til grundvallar?

II. Til menntamálaráðherra um byggingamál Ríkisútvarpsins.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Hvenær hefjast að nýju framkvæmdir við útvarpshúsið?
2. Hvenær er áformað að ljúka fyrsta áfanga?
3. Hvernig verður verkið fjármagnað?

III. Til menntamálaráðherra um framkvæmdir við dreifikerfi og búnað Ríkisútvarpsins.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Hvaða framkvæmdir eru áformaðar á þessu ári:
a) Við langbylgjukerfi útvarps?
b) Við FM-kerfið?
c) Á öðrum póstum, t. d. varðandi landshlutaútvarp og tæknibúnað í aðalstöðvum útvarps í Reykjavík?
d) Við dreifikerfi sjónvarps?
e) Í litvæðingunni?

Nd. 563. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta og nefndarmenn orðið sammála um að leggja til að það verði samþykkt.

Alþingi, 26. apríl 1979.

Kjartan Ólafsson, form., frsm.	Halldór E. Sigurðsson, fundaskr.	Bjarni Guðnason.
Vilmundur Gylfason.	Matthías Á. Mathiesen.	Þorbjörg Arnórsdóttir.
	Ólafur G. Einarsson.	

Nd. 564. Frumvarp til laga [275. mál]

um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Innflutningur á vörum til landsins skal ekki háður leyfum, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum, svo og reglugerðum eða auglýsingum, sem ríkisstjórnin setur samkvæmt heimild í lögum þessum, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

Fjármagnsgreiðslur svo og þjónustugreiðslur til annarra landa skulu háðar reglum, sem ráðuneytið setur í reglugerð.

Ríkisstjórnin hefur heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrissölu, er nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Að svo miklu leyti, sem vöruinnflutningur er háður innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, annast viðskiptaráðuneytið útgáfu þeirra. Sama gildir um útgáfu annarra gjaldeyrisleyfa.

Seðlabankinn skal vera til ráðuneytis um framkvæmd þessara mála, og getur ráðuneytið falið honum ákvörðunarvald um einstaka þætti þeirra. Ráðuneytið getur og falið gjaldeyrisbönkunum framkvæmd úthlutunar leyfa og önnur störf í því sambandi.

Heimilt er og að setja á fót sérstaka samstarfsnefnd ráðuneytis, gjaldeyrisviðskiptabanka og Seðlabanka til þess að fjalla um þau mál, sem um getur í þessari grein, svo og önnur mál eftir því sem ráðuneytið telur ástæðu til.

3. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða vörur, sem háðar eru leyfisveitingum, nema tilskilin leyfi séu fyrir hendi. Eigi má heldur tollafgreiða vörur, nema staðfesting gjaldeyrisbanka liggi fyrir um það, að greiðsla hafi verið innt af hendi eða greiðsla tryggð með öðrum löglegum hætti, t. d. með lántöku eða greiðslufresti. Seðlabankinn setur nánari reglur um það, hvernig slíkum yfirlýsingum skuli háttað.

Gjaldeyrisbankar mega ekki láta af hendi gjaldeyri, nema viðkomandi greiðsla sé heimil eða leyfi fyrir hendi, er gefið sé út samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum.

4. gr.

Allur erlendur gjaldeyrir, sem innlendir aðilar eiga eða eignast fyrir seldar vörur, þjónustu eða á annan hátt, skal seldur eða honum skilað gjaldeyrisviðskiptabanka innan eðlilegs frests frá því að hann er kominn eða gat komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans.

Þó er heimilt að leggja gjaldeyri inn á sérstaka reikninga hjá gjaldeyrisviðskiptabönkum, sem opnaðir hafa verið samkvæmt reglum, sem viðskiptaráðuneytið hefur sett.

Gjaldeyrisviðskiptabönkunum er heimilt að varðveita þann gjaldeyri, sem þeim er seldur. Þó skulu þeir selja Seðlabankanum þann gjaldeyri, sem umfram er eðlilegar viðskiptaþarfir þeirra, ef Seðlabankinn telur nauðsyn bera til.

Gjaldeyriseftirlit Seðlabankans getur veitt undanþágu frá reglum 1. málsgreinar, svo og leyft tilteknum aðilum að eiga reikninga í erlendum gjaldeyri utanlands og nota gjaldeyristekjur sínar til að inna tilteknar greiðslur af hendi, samkvæmt nánari reglum, er ráðuneytið setur.

Ráðuneytið setur heildarreglur um ákvæði 1.—4. málsgreinar í reglugerð, þar á meðal reglur um innlenda gjaldeyrisreikninga.

5. gr.

Um rétt viðskiptabanka til að versla með erlendan gjaldeyri fer eftir lögum um Seðlabanka Íslands.

Gjaldeyrisviðskiptabankarnir skulu annast framkvæmd þeirra verkefna, sem þeim eru falin samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim, þar á meðal skýrslugerðir og eftirlitsstörf. Ber þeim m. a. að veita gjaldeyriseftirlitinu upplýsingar, er nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyrismálum, og fara að fyrirmælum þess við eftirlitsstörf.

6. gr.

Gjaldeyriseftirlit Seðlabankans skal fylgjast með því, að erlendum gjaldeyri sé skilað til bankanna og erlendur gjaldeyrir, sem bankarnir selja, sé notaður eins og til var ætlast. Einnig ber því að fylgjast með þeim gjaldeyrisviðskiptum, sem heimiluð eru án milligöngu banka. Gjaldeyriseftirlitið starfar jafnframt samkvæmt ákvæðum V. kafla laga nr. 10 1961 um Seðlabanka Íslands.

Gjaldeyriseftirlitið fylgist með innflutningi fjármagns til landsins.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að gera gjaldeyriseftirlitinu fullnægjandi grein fyrir gjaldeyrisviðskiptum sínum og veita því nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Gjaldeyriseftirlitið getur krafist allra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi þess, og kvatt á sinn fund menn til munnlegrar skýrslugjafar. Enn fremur hefur það rétt til að kanna reikninga og bókhald, svo og að framkvæma á starfsstað nauðsynlegar athuganir.

Gjaldeyriseftirlitið getur í starfi sínu krafist hvers konar upplýsinga, aðgangs og afhendingar á skjölum frá öðrum opinberum aðilum, þar á meðal frá skatt-, toll- og verðlagsyfirvöldum. Því er og heimilt að veita sömu aðilum upplýsingar og afhenda þeim gögn, sem þeim eru nauðsynleg til eftirlits.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. getur Seðlabankinn við óvenjulegar aðstæður, svo sem þegar óvissa ríkir í gjaldeyrismálum innanlands eða utan, einhliða fellt niður gengisskráningu.

Gjaldeyrisbönkunum er þó heimilt að annast nauðsynlegar yfirfærslur meðan gengi er ekki skráð, enda sé áskilin hæfileg trygging í samráði við Seðlabankann við afhendingu gjaldeyrisins og gengið endanlega frá greiðslu fyrir hann strax og gengi hefur verið skráð að nýju.

8. gr.

Innlendum aðilum er óheimilt að kaupa fasteignir erlendis eða erlend verðbréf, nema að fenginni heimild Seðlabankans.

Innlendir aðilar, sem eiga eignir erlendis, svo sem fasteignir og verðbréf, skulu skrásetja þær hjá gjaldeyriseftirlitinu.

Ráðstöfun á andvirði eigna þessara og tekjum af þeim er háð samþykki Seðlabankans.

9. gr.

Seðlabankanum er heimilt að setja reglur um útflutning og innflutning peningaseðla og hvers konar myntar, minnispeninga, gulls og annarra dýrra málma, enn fremur skuldabréfa, verðbréfa og hvers konar skuldbindinga, sem hljóða á greiðslu í íslenskum eða erlendum gjaldeyri. Skulu slíkar reglur auglýstar í Lögbirtingablaðinu.

10. gr.

Gjaldeyrisviðskiptabönkunum er heimilt að semja um yfirdráttarheimildir til skamms tíma hjá erlendum bönkum. Skulu þeir gera Seðlabankanum grein fyrir þeim samningum, svo og ráðuneytinu, ef þess er óskað. Notkun slíkra yfirdráttarheimilda skal ekki vera meiri en sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma, nema að því leyti, sem viðskiptaástæður krefjast um skamma hríð. Seðlabankinn getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

11. gr.

Gjaldskrá bankanna um þóknanir fyrir gjaldeyrisviðskipti skal samin og útgefin af Seðlabankanum í samráði við gjaldeyrisviðskiptabankana og birt í Lögbirtingablaðinu.

12. gr.

Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um að taka lán erlendis, nema með samþykki ríkisstjórnar. Til lána telst í þessu sambandi einnig hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu svo og leigusamningar, sjá þó 2. málsgrein.

Viðskiptaráðuneytið setur, að höfðu samráði við Seðlabankann, reglur um erlendar lántökur til lengri eða skemmri tíma, þar með talið stutt vörukaupalán.

Lántökur gjaldeyrisviðskiptabanka erlendis til að endurlána innlendum aðilum, svo og aðrar lántökur en þær, sem nefndar eru í 10. gr., skulu háðar ákvæðum þessarar greinar.

Um heimildir Seðlabankans til að taka lán erlendis fer eftir ákvæðum 20. gr. laga nr. 10/1961.

13. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða að ekki megi bjóða, selja eða flytja vörur til útlanda, nema að fengnu leyfi. Útflutningsleyfi getur ráðuneytið bundið skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

Útflytjendur eru skyldir að veita ráðuneytinu þær upplýsingar, sem það óskar, um allt er varðar sölu og útflutning vara, sem seljast eiga til útlanda.

14. gr.

Innheimta má af gjaldeyris- og innflutningsleyfum allt að 2% gjald af fjárhæð leyfa. Ríkisstjórnin ákveður, hvernig gjaldi þessu skuli varið.

15. gr.

Gjaldeyriseftirlitinu er heimilt að stöðva tímabundið gjaldeyrissölu til þeirra aðila, sem að þess mati hafa brotið settar gjaldeyrisreglur, þar á meðal um skilaskyldu, notkun erlends gjaldfrests, skýrslugerð og önnur atriði, er gjaldeyrisviðskipti varða. Ákvörðun um þetta má áfrýja til ráðuneytisins, en slíkt málskot stöðvar þó ekki framkvæmd ákvörðunar. Gjaldeyriseftirlitið tilkynnir gjaldeyrisviðskiptabönkunum ákvörðun um stöðvun gjaldeyrissölu.

16. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað, að viðlagðri ábyrgð, skv. ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 6. gr.

17. gr.

Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu skv. 15. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varðar sektum allt að 15 millj. kr. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má auk sektar dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að fjórum árum. Þá má svipta hann atvinnurétti, sbr. 68. gr. almennra hegningarlaga, um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Ráðuneytið setur með reglugerðum nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

19. gr.

Lög þessi taka gildi 1. sept. 1979. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 30 frá 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Löggjöf um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála á langa sögu hér á landi og nær aftur til fjórða áratugsins.

Síðast voru sett lög nr. 30/1960 um þessi mál og hafa þau síðan staðið óbreytt að mestu á nítjánda ár. Frumvarp til laga um þessi efni var flutt á þingi 1970—71, en náði ekki fram að ganga. Er því talið æskilegt að endurskoða lögin nú, þegar mörg ákvæði eru orðin úrelt, auk þess sem þörf er margra nýrra ákvæða.

Árið 1960 var innflutningsskrifstofan lögð niður og bönkum þeim, sem hafa með höndum kaup og sölu á erlendum gjaldeyri, falin meðferð leyfamála, eftir þeim reglum, sem ríkisstjórnin setti.

Bankarnir settu á fót skrifstofu, sem kölluð hefur verið gjaldeyrisdeild bankanna. Stefnumótun í gjaldeyrismálum hefur verið hjá viðskiptaráðuneytinu á grundvelli laganna og í samráði við Seðlabankann. Í gjaldeyrisdeildinni hefur myndast samstarfsvettvangur um afgreiðslu mála með aðild Landsbanka, Útvegsbanka, ráðuneytisins og Seðlabanka. Dagleg stjórn deildarinnar hefur verið í höndum fulltrúa Landsbanka og Útvegsbanka. Hefur heildarstarfslið verið um 20 manns. Hluti gjaldeyrisbeiðna fer til deildarinnar, áður en afgreiðsla fer fram, svo sem ýmsar umsóknir vegna gjaldfrests, ferðalaga, fjármagnsyfirfærslna, náms- og sjúkradvalar svo eitthvað sé nefnt. Áætlað er, að kostnaður við rekstur deildarinnar verði um 120 millj. kr. á þessu ári. Er hann tekinn af leyfisgjöldum. Til ríkissjóðs er áætlað að gangi á þessu ári 350 millj. kr. af sama gjaldstofni, skv. fjárlögum, er afgreidd voru í desember s. l.

Heiti laganna í frumvarpinu hefur verið breytt þannig, að í stað innflutnings- og gjaldeyrismála í lögum nr. 30/1960 er nú talað um gjaldeyris- og viðskiptamál, og er það eðlilegt, þar sem lögin taka bæði til inn- og útflutnings.

Aðalefnisþættir frumvarpsins eru þessir:

Í 1., 2. og 3. grein er fjallað um stefnumótun, verkaskiptingu, vöru- og tollmeðferð o. fl.

Í 4. gr. er fjallað um skilaskyldu gjaldeyris, innlenda gjaldeyrisreikninga og fleiri atriði í því sambandi.

Í 5. gr. er fjallað um þátt gjaldeyrisviðskiptabanka og skyldur þeirra m. a. við gjaldeyriseftirlit.

Í 6. til og með 11. grein er fjallað um ýmis störf, sem gjaldeyriseftirlitið hefur með höndum, svo og ýmis verkefni og heimildir Seðlabankans við skipan þessara mála. Eru í þessum hluta frumvarpsins ýmis ákvæði um framkvæmd gjaldeyrismála og eftirlit, lántökur gjaldeyrisviðskiptabanka, gjaldskrá um erlend viðskipti o. fl.

Í 12. gr. er fjallað almennt um erlendar lántökur.

Í 13. gr. er fjallað um útflutningsleyfi.

Síðan er fjallað í 14. til 19. gr. um ýmis önnur ákvæði og viðurlög, þar á meðal leyfisgjöld, heimild gjaldeyriseftirlitsins til að stöðva tímabundið gjaldeyrissölu o. fl.

Aðalstefnuyfirlýsing laganna er að finna í 1. grein frumvarpsins. Hún er á þá leið, að vöruinnflutningur sé ekki háður leyfum nema í undantekningartilfellum skv. reglum, sem ráðuneytið kann að setja. Ráðuneytið hefur áfram heimild til sérstakra aðgerða í 3. mgr., sem er hliðstætt ákvæði og verið hefur. Gert er ráð fyrir því í 2. mgr., að aðrar yfirfærslur en vegna vara, þ. e. vegna fjármagnsflutninga og þjónustugreiðslna, verði háðar reglum, sem ráðuneytið setur. Í núgildandi lögum er beinlínis tekið fram, að þessar greiðslur séu háðar leyfum.

Í 2. gr. eru ákvæði um breytingar á gildandi fyrirkomulagi við framkvæmd laganna. Er gert ráð fyrir að viðskiptaráðuneytið fari með úthlutun leyfa að svo miklu leyti, sem vöruinnflutningur er háður þeim. Sama gildir um útgáfu annarra gjaldeyrisleyfa, en þar er átt við leyfi vegna fjármagnsflutninga og þjónustugreiðslna. Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn sé til ráðuneytis um framgang þessara mála, og getur ráðuneytið falið honum ákvörðunarvald um einstaka þætti. Það getur og falið gjaldeyrisbönkum framkvæmd úthlutunar leyfa í umboði þess og önnur störf í því sambandi. Ákvæði frumvarpsins miða að því að taka upp líka stefnu í þessum málum og er á Norðurlöndum. Verða afgreiðslum gjaldeyrisviðskiptabanka veittar rýmri heimildir en verið hefur til að afgreiða gjaldeyrisumsóknir jafnóðum eftir föstum reglum. Þarf þá afgreiðsla ekki að tefjast við það að bera verulegan hluta gjaldeyrisbeiðna undir sérstaka nefnd, svo sem verið hefur.

Þá eru gjaldeyrisviðskipti, bæði kaup og sala, orðin það viðamikil, að fyrir dyrum stendur að taka upp reiknistofufærslu á þeim. Skapast um leið möguleiki til þess að hafa nauðsynlegt eftirlit með viðskiptunum, að því leyti sem það er talið gagnlegt, og yrði það mjög auðveldað, en jafnframt dregið úr mikilli vinnu við spjaldskrár og skýrslugerð, sem til þessa hefur verið unnin við gjaldeyrisdeild

bankanna. Með tölvuvinnslu fást skjótari og öruggari upplýsingar til stefnumótunar og eftirlitsstarfa.

Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum á reglum, er varða tollafgreiðslu vara, og er um það fjallað í 3. gr. frumvarpsins.

Í 4. gr. eru mikilvæg ákvæði um skilaskyldu gjaldeyris. Eru þar gerðar nokkrar breytingar, m. a. með því að gera greinarmun á sölu- og skilaskyldu gjaldeyris. Ennfremur er ákvæði, þar sem reglugerðarheimildir eru lögfestar um tilvist innlendra gjaldeyrisreikninga, með því að gjaldeyristekjur einkaaðila, sem ekki eru af viðskiptatoga, nema umboðslaun, megi leggja inn á slíka reikninga, skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Þá er í sömu grein ákvæði um heimildir gjaldeyrisviðskiptabanka til að varðveita þann gjaldeyri, sem þeim er seldur. Er það afleiðing þeirrar starfsemi, sem gjaldeyrisviðskiptabankarnir reka með kaupum og sölu á gjaldeyri, að þeir geta eignast innstæður erlendis. Innstæður, sem þeir eignast erlendis umfram eðlilegar viðskiptaþarfir, verður að skoða sem hluta af þeim gjaldeyrisvarasjóði, sem landið ræður yfir. Alla jafna verður að gera ráð fyrir, að gjaldeyrisviðskiptabankarnir varðveiti slíkar innstæður sjálfir, en þó verður að telja nauðsynlegt, að Seðlabankinn, sem er falið það hlutverk skv. lögum að varðveita gjaldeyrisvarasjóð landsins, geti fengið keyptan slíkan gjaldeyri, ef hann telur nauðsyn bera til, vegna ástands gjaldeyrismála, en að því miðar ákvæði 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Fastar er að orði kveðið í 5. gr. um upplýsingaskyldu gjaldeyrisviðskiptabanka, svo og skyldur þeirra við gjaldeyriseftirlitið.

Þá hefur þótt nauðsynlegt að gefa gjaldeyriseftirlitinu allvíðtækar nýjar heimildir í starfi sínu, sbr. 6. gr. Vakin er sérstök athygli á 4. mgr. hennar um gagnkvæma upplýsingaskyldu opinberra aðila, þar á meðal skatt-, verðlags-, tollyfirvalda og gjaldeyriseftirlitsins. Vísast í því sambandi til breytingar á skattalögum, sem gerð var með 4. gr. laga nr. 63/1977.

Ástand á gjaldeyrismörkuðum utanlands og innan hefur á undanförnum árum ekki ætíð verið svo tryggt sem skyldi. Er því mjög gagnlegt, að ákvæði sé í lögum, sem heimilar að grípa til sérstakra ráðstafana, þegar óvissuástand skapast. Eru ákvæði um það í 7. gr.

Í 10. gr. er fjallað um lántökur gjaldeyrisviðskiptabankanna erlendis. Þykir nauðsynlegt, að lántökur þeirra utanlands séu innan þeirra marka, sem eðlilegar viðskiptaþarfir krefjast, og jafnan ekki umfram það, sem svarar erlendum innstæðum viðkomandi banka á sama tíma. Er nauðsynlegt, að Seðlabankinn og ráðuneytið geti fylgst með slíkum lántökum viðskiptabankanna.

Almennt séð eru sett fram mörg nauðsynleg nýmæli í frumvarpinu, sem reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að vantar í gjaldeyrislöggjöf, bæði til þess að liðka afgreiðslur gjaldeyrisumsókna við bankana, þannig að einstaklingar og fyrirtæki verði ekki fyrir töfum með kaup á gjaldeyri, jafnhliða sem ýmis ákvæði eru sett í lögin, til styrktar nauðsynlegu eftirliti. Mjög gagnlegur samstarfsvettvangur er fyrir hendi milli ráðuneytis, Seðlabanka og gjaldeyrisviðskiptabankanna tveggja um þessi mál. Þó þykir gagnlegt að draga nokkuð úr einhliða áhrifum gjaldeyrisviðskiptabanka af daglegum afgreiðslum með því að auka aðild og afskipti ráðuneytis og Seðlabanka af daglegum málum. Mjög mikilvægt er, að gjaldeyriskerfið sé byggt í samræmi við stefnu ríkisstjórnar um framkvæmd efnahagsmála, innflutnings- og útflutningsmála á hverjum tíma. Jafnframt séu sett hrein og skýr ákvæði um verkefnaskipti þeirra helstu opinberra stofnana, sem um þessi mál fjalla. Frumvarpið stefnir almennt séð í þá átt að liðka afgreiðslur og létta þar með undir í viðskiptalífinu, með því að færa daglegar afgreiðslur í ríkara mæli inn í gjaldeyrisviðskiptabankana, og þeim gefnar hreinar og skýrar reglur um hvað þeir megi gera og hvað þeir megi ekki gera. Jafnframt og á hinn bóginn er áfram beitt nauðsynlegu aðhaldi og mörg ný ákvæði tekin upp til þess að styrkja framkvæmd þessara mála og sérstaklega gjaldeyriseftirlitsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Greinin er í aðalatriðum samhljóða 1. gr. gildandi laga nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála. Gert er ráð fyrir þeirri meginreglu, að gjaldeyrisyfirfærslur fyrir vörum séu ekki háðar leyfum, en um undantekningar frá þeirri reglu geti verið að ræða, og um þær verði sett ákvæði í reglugerðum og auglýsingum að höfðu samráði við Seðlabankann.

Fjármagnsgreiðslur til annarra landa, svo og þjónustugreiðslur, séu háðar reglum, sem ráðuneytið setur í reglugerð. Í núgildandi lögum segir, að greiðslur þessar séu háðar leyfum.

Þriðja málsgrein er samhljóða 2. mgr. 1. gr. laga nr. 30/1960. Í reynd hafa gjaldeyris- og viðskiptamál verið í höndum viðskiptaráðuneytisins, þó í lögum nr. 30/1960 sé talað um ríkisstjórnina í heild.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að ráðuneytið fari með úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa, en Seðlabankinn verði til ráðuneytis um framkvæmdina, og má fela honum ákvörðunarvald um einstaka þætti hennar. Ráðuneytið getur og falið viðskiptabönkunum framkvæmd úthlutunar leyfa í umboði þess og önnur störf í því sambandi. Einnig er gert ráð fyrir heimild fyrir því að samstarfsnefnd ráðuneytis, gjaldeyrisviðskiptabanka og Seðlabankans starfi áfram. Eftir núgildandi lögum fara gjaldeyrisviðskiptabankarnir með alla almenna úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur og getur hún heimilað sérstökum trúnaðarmönnum úthlutun tiltekinna leyfa.

Um 3. gr.

Engin efnisbreyting er í greininni frá 3. gr. laga nr. 30/1960, sbr. 7. og 10. gr. reglugerðar nr. 70/1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála.

Um 4. gr.

Ákvæði um skilaskyldu gjaldeyris, sem nú er í 4. gr. laga nr. 30/1960 er í aðalatriðum óbreytt. Þó er nú í 1. mgr. greint á milli sölu- og skilaskyldu gjaldeyris. Þá hefur orðalagi verið breytt, þar sem í lögunum nr. 30/1960 er sagt, að gjaldeyrir skuli seldur „án óeðlilegs dráttar“, en skilgreint í staðinn, að gjaldeyrir sé seldur eða skilað „innan eðlilegs frests.“

Með reglugerð nr. 219/1977 var vissum aðilum heimilað að fullnægja skilaskyldunni með því að leggja gjaldeyrinn inn á innlenda gjaldeyrisreikninga. Þykir ástæða til, að í lög séu tekin heimildarákvæði um þetta.

Með innlendum aðilum í 1. mgr. er átt við aðila, sem hafa fasta búsetu hér á landi, burt séð frá ríkisfangi. Það á því einnig við útibú og systur-félög erlendra fyrirtækja, sem staðsett eru hér á landi.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir, að gjaldeyrisviðskiptabankarnir varðveiti þann gjaldeyri, sem þeim er seldur, en selji Seðlabankanum þær upphæðir, sem eru umfram eðlilegar viðskiptaþarfir, telji hann nauðsyn bera til. Er rætt nánar um þetta hér að framan.

Undanþágur frá söluskyldu gjaldeyris til hérlends banka geta verið margvíslegar, svo sem þegar um er að ræða gjaldeyrisaflandi aðila, sem bera kostnað í erlendum gjaldeyri, t. d. við sölustarfsemi, sem eðlilegt er að greiðist af gjaldeyristekjum. Sama gildir um kaup á vörum með umboðslaunum. Í 4. mgr. er gert ráð fyrir, að gjaldeyriseftirlitið fái beina heimild til að veita undanþágu frá skilaskyldunni, en slík heimild er tengd því sviði, sem gjaldeyriseftirlitið starfar á.

Samkvæmt 5. mgr. á ráðuneytið að setja heildarreglur um gjaldeyrisskil í reglu-

gerð, svo sem verið hefur og verði þar m. a. nánari reglur um innlenda gjaldeyrisreikninga. Er reiknað með setningu reglugerða um allt svið laganna, nái frumvarpið fram að ganga.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er vísað til laga nr. 10/1961 um Seðlabankann, en í V. kafla þeirra er rætt um rétt gjaldeyrisviðskiptabanka til að versla með erlendan gjaldeyri.

Í 2. mgr. er bönkunum falin ákveðin verkefni og þeir m. a. skyldaðir til að veita gjaldeyriseftirlitinu þær upplýsingar, sem það telur sig þurfa. Í núgildandi lögum eru ekki skýr ákvæði um þetta efni, og því talin ástæða til að bæta þar um.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði að mestu samhljóða 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/1960.

Efni 2. mgr. hefur ekki áður verið orðað í lögum. Er gagnlegt að setja ótvírætt ákvæði um svið, sem telja má, að ekki hafi verið sinnt sem skyldi til þessa.

Fyrri hluti 3. mgr. er óbreyttur frá 2. mgr. 6. gr. laga nr. 30/1960.

Með efni seinni hluta 3. mgr. er stefnt að því að auðvelda gjaldeyriseftirliti starfið, þar sem rýmkaður er aðgangur þess að reikningum og öðrum bókhaldsgögnum aðila og heimild veitt til skýrslutöku og að framkvæma nauðsynlegar athuganir á starfsstöðum. Hefur skort beinar heimildir gjaldeyriseftirlitsins í þessum efnum.

Fjórða mgr. gerir ráð fyrir auknum upplýsingaskiptum milli þeirra opinberu aðila, sem á einn eða annan hátt hafa undir höndum upplýsingar, er varða gjaldeyrismál. Hér er reiknað með, að létt verði nokkuð þeirri þagnarskyldu, sem hingað til hefur verið litið á, að hvíldi á gjaldeyriseftirlitinu. Í þessu sambandi er rétt að minna á lagabreytingu, er náði fram á Alþingi í desember 1977, sjá 3. gr. laga nr. 63/1977, er skattayfirvöld fengu sérstaka heimild til upplýsingagjafar til gjaldeyriseftirlitsins.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta er nýtt. Talin er ástæða til, að fram komi í lögum skýr heimild fyrir Seðlabankann til að fella niður gengisskráningu einhliða, en nauðsynlegar gjaldeyrisafgreiðslur geti þó farið fram í banka, eins og segir í greininni.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýtt í gjaldeyrislögum. Hinn 17. mars 1975 gaf ráðuneytið hins vegar út auglýsingu sama efnis, sem byggð var á lögum nr. 30/1960. Ákvæði 3. mgr. er þó alveg nýtt, en er í samræmi við þá framkvæmd, sem verið hefur.

Um 9. gr.

Ákvæðið er fyllra en samsvarandi ákvæði í 5. gr. laga nr. 30/1960. Í stað ríkisstjórnarinnar er Seðlabankanum nú falið að setja reglur með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Frumkvæði um reglur á þessu sviði kemur fyrst og fremst frá bankanum og er breyting á orðalagi í samræmi við það.

Um 10. gr.

Það er nauðsynlegt, að lántökur gjaldeyrisviðskiptabankanna erlendis séu innan þeirra marka, sem eðlilegar viðskiptaþarfir krefjast, og ekki umfram það, sem svarar erlendum innstæðum þeirra á sama tíma. Er nauðsynlegt, að Seðlabankinn, svo og viðskiptaráðuneytið geti fylgst með slíkum lántökum viðskiptabankanna, eins og vikið var að í athugasemdum að framan.

Um 11. gr.

Bein heimild hefur ekki verið um þessa gjaldskrá í lögum, en hún samin og sett í reynd eins og segir í greininni.

Um 12. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir, að erlendar lántökur séu háðar samþykki viðskiptaráðuneytisins og þær fari eftir reglum, sem það setur, að höfðu samráði við Seðlabankann. Í 7. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir, að til erlendra lántaka þurfi samþykki ríkisstjórnarinnar. Þó eru lántökur til skemmri tíma en eins árs háðar reglum sem ríkisstjórnin setur. Hefur Gjaldeyrisdeild bankanna haft með höndum framkvæmd þessa ákvæðis. Lántökur til lengri tíma en eins árs hafa verið háðar samþykki ríkisstjórnarinnar, að fengnum tillögum langlánanefndar. Viðskiptaráðuneytið hefur annast afgreiðslur leyfa fyrir langlánum (yfir 12 mánuði), og þykir eðlilegt, að ákvarðanir séu hjá ráðuneytinu, þótt meiri hátt mál verði borin undir ríkisstjórnina.

Í 4. mgr. er tekið fram, að erlendar lántökur Seðlabankans falli ekki undir ákvæði greinarinnar, og um þær gildi áfram reglur 20. gr. laga nr. 10/1961, svo sem eðlilegt er.

Um 13. gr.

Í greininni eru mikilvæg ákvæði um tilhögun útflutningsleyfa. Efni greinarinnar er það sama og fram kemur í hluta 8. gr. laga nr. 30/1960. Þó er í stað ríkisstjórnar nú ætlast til, að viðskiptaráðuneytið fari með ákvörðunarvaldið, enda hefur öll framkvæmd þeirra mála verið hjá því. Þá er talin ástæða til að taka fram, að ákvæðið nái ekki aðeins til vara heldur einnig til hvers konar tækja, og er það í samræmi við framkvæmdina undanfarin ár, þó ekki hafi komið skýrt fram í lögum. Eldri úrelt ákvæði eru felld niður.

Um 14. gr.

Greinin er að mestu í samræmi við gildandi ákvæði sbr. 10. gr. laga nr. 30/1960 og lög nr. 104/1978. Ríkisstjórnin ákveður, hvernig leyfisgjaldinu skuli varið.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir, að allt að þriðjungur leyfisgjaldsins megi renna til gjaldeyrisviðskiptabankanna, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, til að standa straum af kostnaði við úthlutun leyfa, en afgangur renni í ríkissjóð.

Um 15. gr.

Ákvæðið er nýtt og heimilar það einhliða ákvörðun gjaldeyriseftirlitsins til að stöðva gjaldeyrissölu til þeirra, sem að þess mati hafa brotið settar gjaldeyrisreglur eða ekki farið að fyrirmælum þess, svo sem við upplýsingagjöf og skýrslugerðir. Talin er ástæða til, að þolandi gjaldeyrisstöðvunar geti borið ákvörðun gjaldeyriseftirlitsins undir ráðuneytið.

Það hefur alla tíð háð gjaldeyriseftirlitinu í starfi að geta ekki gripið fljótt til virkra aðgerða, ef fyrirmælum gjaldeyrisyfirvalda er ekki sinnt. Litið er svo á, að stöðvun á gjaldeyrissölu eða hótun um hana sé áhrifaríkasta aðgerðin.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. laga nr. 30/1960. Vakin er þó athygli á ákvæðum 4. mgr. 6. gr.

Um 17. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 12. gr. laga nr. 30/1960, en dagsektarákvæði hafa þó verið felld niður, þar sem þau eru ekki talin hafa neina raunhæfa þýðingu og hefur aldrei verið beitt í þessu sambandi. Þá er hámark sektarákvæðis hækkað í 15 milljónir.

Um 18. g 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 565. Frumvarp til laga [276. mál]

um breyting á lögum nr. 22 23. apríl 1968 um gjaldmiðil Íslands, sbr. lög nr. 38 8. maí 1974 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

8. gr. laga nr. 22/1968 orðist svo:

Að tillögu Seðlabanka Íslands er ráðherra heimilt að ákveða, að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind með hálfum eða heilum tug aura. Ráðherra ákveður með reglugerð nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 38/1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér er lagt fram er tengt frumvarpi til laga um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils sem lagt var fram á Alþingi 18. febrúar s. l. (Ed. 147. mál).

Í því frumvarpi er gert ráð fyrir að tvær lægstu mynteiningarnar verði 5 aurar og 10 aurar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að núgildandi lögum sem kveða á um að lægsta fjárhæð nemi heilli krónu verði breytt til samræmis við ofangreint lagafrumvarp.

Nd. 566. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til laga um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og mælir með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. 1. og 2. málsl. 3. mgr. orðist svo: Afleysingamenn skulu hafa rétt til aðildar að Lífeyrissjóði bænda. Skulu þeir taka laun eftir sama launaflokki og viðurkenndur er af landbúnaðarráðuneytinu fyrir frjótækna.
2. Við 7. gr. Síðasta mgr. verði sérstök grein (8. gr.).

Bjarni Guðnason skrifar undir með fyrirvara og Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. apríl 1979.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.
Bjarni Guðnason, fundaskr.
Pálmi Jónsson.
Eggert Haukdal.
Þorbjörg Arnórsdóttir.
Þórarinn Sigurjónsson.

Sþ. **567. Skýrsla**

Benedikts Gröndal utanríkisráðherra til Alþingis 1979 um utanríkismál.

I. Inngangur.

Þegar samstjórn Framsóknarflokks, Alþýðuflokks og Alþýðubandalags var mynduð í ágústlok 1978, gáfu stjórnarflokkarnir út samstarfsyfirlýsingu fyrir hið nýja ráðuneyti. Í þeirri yfirlýsingu er kafli um utanríkismál og hljóðar hann svo:

„Þar eð ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki samið um stefnuna í utanríkismálum, verður í þeim efnum fylgt áfram óbreyttri grundvallarstefnu, og verður þar á eigi gerð breyting nema samþykki allra ríkisstjórnarflokkanna komi til. Það skal þó tekið fram, að Alþýðubandalagið er andvígt aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og dvöl hersins í landinu. Ekki verða heimilaðar nýjar meiriháttar framkvæmdir á yfirráðasvæði varnarliðsins."

Samkvæmt þessu ákvæði samstarfsyfirlýsingarinnar hefur í tíð núverandi ríkisstjórnar verið fylgt óbreyttri grundvallarstefnu í utanríkismálum frá því sem var í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Í samstarfsyfirlýsingunni er að auki ákvæði um skipun nefndar um athugun á öryggismálum. Er það nýmæli, og hljóðar svo:

„Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að sett verði upp nefnd, þar sem allir þingflokkar eigi fulltrúa, og verði verkefni nefndarinnar að afla gagna og eiga viðræður við innlenda og erlenda aðila til undirbúnings álitsgerðum um öryggismál íslenska lýðveldisins. Nefndin geri ítarlega úttekt á öryggismálum þjóðarinnar, stöðu landsins í heimsátökum, valkostum um öryggisstefnu, núverandi skipan öryggismála og áhrif á íslenskt þjóðlíf, svo og framtíð herstöðvanna eftir að herliðið fer og varnir gegn hópum hryðjuverkamanna. Nefndin fjalli einnig um hugmyndir um friðlýsingu, friðargæslu og eftirlit á Norður-Atlantshafi og láti semja yfirlit yfir skipan öryggismála smáríkja í heiminum, einkum eyríkja, sem eiga svipaðra hagsmuna að gæta og Íslendingar. Nefndin fái starfskrafta og fé til að sinna verkefnum sínum og til að gefa út álitsgerðir og greinargerðir um afmarkaða þætti í því skyni að stuðla að almennri umræðu."

Tilgangur nefndarinnar er að afla upplýsinga um öryggismál Íslands í því skyni „að stuðla að almennri umræðu", efla hana og gera sem málefnalegasta og raunhæfasta. Nefndin er á engan hátt tengd daglegri stjórn utanríkismála, enda heyrir hún undir forsætisráðuneytið.

Í fjárlögum fyrir árið 1979 var gert ráð fyrir fjármagni til starfsemi öryggismálanefndar. Hún var því skipuð í lok janúar skv. tilnefningum frá fjórum þingflokkum. Eiga eftirtaldir menn sæti í nefndinni:

Einar Ágústsson og Ingvar Gíslason fyrir Framsóknarflokkinn, Björgvin Vilmundarson og Sigurður E. Guðmundsson fyrir Alþýðuflokkinn, Ólafur Ragnar Grímsson og Jónas Árnason fyrir Alþýðubandalagið, og Geir Hallgrímsson og Matthías Á. Mathiesen fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Nefndin hefur þegar tekið til starfa, en formaður hennar er Einar Ágústsson og varaformaður Ólafur Ragnar Grímsson.

Eftir að nýkjörið Alþingi kom saman í október 1978, kaus það að vanda utanríkismálanefnd. Formaður hennar var kjörinn Einar Ágústsson, fyrrverandi utan-

ríkisráðherra. Á fyrsta fundi nefndarinnar lét ég í ljós óskir mínar um, að milli nefndarinnar, mín og ráðuneytisins tækist gott og náið samstarf eins og raunar hefði verið um langt árabil. Formaður nefndarinnar tók undir þessar óskir og hefur samstarfið verið hið besta.

II. Alþjóðamál.

Það ár, sem liðið er síðan fyrirrennari minn, Einar Ágústsson, lagði síðast skýrslu um utanríkismál fyrir Alþingi, hefur verið viðburðaríkt. Vart verður það þó kallað friðarins ár, frekar en önnur undanfarna áratugi, enda varla sá dagur, að ekki mætti telja um og yfir tuttugu staði, þar sem vopnaviðskipti fóru fram innan ríkis eða milli ríkja. Þó gerðust tíðindi, sem horfðu í friðarátt, og enn logar glatt í glóðum þeirra drauma, að deilur verði settar niður eins og sáttmáli Sameinuðu þjóðanna segir fyrir um, með friði en ekki vopnavaldi.

Til meiri háttar tíðinda ársins teljast friðarsamningar milli Ísraels og Egyptalands (eftir 30 ára ófrið), áframhaldandi stríð í Víetnam (eftir 30 ára ófrið) og fall Persakeisara. Allt eru þetta atburðir, sem hafa víðtæk áhrif, og valda sumir þeirra Íslendingum sem öðrum erfiðleikum vegna síhækkandi olíuverðs.

Önnur veigamikil alþjóðamál þokuðust hægt í rétta átt — eða hreyfðust alls ekki. Þar má nefna samskipti austurs og vesturs, afvopnunarmál, ráðstafanir til að jafna metin milli auðugra og fátækra þjóða (nú kallað samskipti norðurs og suðurs), kynþáttamisrétti og sjálfstæðismál í sunnanverðri Afríku, mannréttindamál og sitthvað fleira.

Íslendingar eru þátttakendur í þessum hildarleik. Fjarlægir atburðir hafa áhrif á líf okkar, en sem sjálfstæðri þjóð ber okkur skylda til að fylgjast með, taka afstöðu og nota vel atkvæði okkar í alþjóðasamtökum. Því er skýrsla árlega lögð fyrir Alþingi, svo að þingheimur geti rætt rás viðburða og áhrif, ekki aðeins frá sjónarhól íslenskra hagsmuna, heldur sem örlög mannkyns, sem við erum hluti af.

Afvopnun.

Þrátt fyrir góðan hug og fögur orð vex vígbúnaður ár frá ári um allar jarðir. Auðug risaveldi raða upp nýjustu og fullkomnustu vígvélum hvort gegn öðru, en hin eldri drápstæki eru jafnharðan seld til minni og fátækari ríkja, sem síst skyldu verja fjármunum á svo fávísan hátt.

Afvopnunarmál eru því ofarlega í huga og eitt mikilvægasta viðfangsefni á alþjóða vettvangi. Því miður liggur nær að nefna þennan málaflokk vígbúnaðarmál en afvopnunarmál. Gífurlegu fé er varið til vopnasmíða og tækniframfarir eru á fáum sviðum örari. Það er sorgleg staðreynd, að margar iðnaðarþjóðir eru efnahagslega háðar vopnasölu til að tryggja atvinnu og afla gjaldeyris, og er það hættulegur vítahringur.

Vígbúnaðarkapphlaupinu verður að linna og hervæddar þjóðir verða nú að afvopnast, breyta sverði í plóg. Því miður virðist sú stefnubreyting eiga langt í land. Af átta alþjóðasamningum um takmörkun vopnabúnaðar, sem gerðir hafa verið frá lokum síðari heimsstyrjaldar, hefur aðeins einn kveðið á um raunverulega eyðileggingu vopna. Það var samningur um bann gegn sýklavopnum.

Sameinuðu þjóðirnar héldu á síðasta ári aukaþing um afvopnunarmál, og var það mesta ráðstefna, sem um þau hefur verið haldin. Þáverandi forsætisráðherra, Geir Hallgrímsson, var meðal forustumanna margra ríkja, sem ávörpuðu þingið. Samstaða náðist um lokaályktun í fjórum köflum, það er inngang, yfirlýsingu um markmið, áætlun um aðgerðir og ákvæði um starfsaðferðir. Hafa svo margar þjóðir

aldrei fyrr komið sér saman um svo viðamikla ályktun á sviði afvopnunarmála. Ef til vill má vænta árangurs af þinghaldi þessu og þá helst af þeim skipulagsbreytingum, sem þar voru gerðar á hinum alþjóðlegu afvopnunarviðræðum.

Sú skipan þessara mála, sem auka-allsherjarþingið ákvað, er í megindráttum þannig, að endurvakið er afvopnunarráð (Disarmament Commission), sem allar þjóðir eiga rétt til þátttöku í og ætlað er til umræðna. Þá er gerð breyting á afvopnunarnefndinni (Committee on Disarmament) í Genf, þannig að í stað 31 ríkis, sem þar hafa átt rétt til fulltrúa að undanförnu, er nú gert ráð fyrir að kjarnorkuveldin öll og 32—35 önnur ríki vinni þar að samningagerð um afvopnunarmál. Frakkar, sem samkvæmt eigin ákvörðun stóðu utan við Genfar-samningsviðræðurnar, munu taka þar sæti, og vonir standa til að Kínverjar bætist bráðlega í hópinn. Í stað þess að stórveldin skiptist á um formennsku á fundunum, mun hún nú koma í hlut allra ríkjanna til skiptis.

Jafnframt verður að sjálfsögðu haldið áfram að fjalla um afvopnunarmálin á allsherjarþingum Sameinuðu þjóðanna og þar mun fyrsta nefnd, sem er ein af sjö fastanefndum, hér eftir einvörðungu helga sig afvopnunar- og öryggismálum. Bein tengsl verða milli þingsins, afvopnunarráðsins og afvopnunarnefndarinnar. Meiri festa og markvísari vinnubrögð ættu því að einkenna meðferð mála þessara á næstu árum og vonandi verður árangurinn eftir því. M. a. er brýnt að hraða samningum um algjört bann við hvers kyns tilraunum með kjarnorkuvopn og frekari takmarkanir á meðferð þeirra vopna, samningsgerð um bann við notkun hvers kyns eiturefna í hernaði og bann við notkun sérstaklega ómannúðlegra vopna.

Áðurnefndar breytingar munu auka ábyrgð Sameinuðu þjóðanna á afvopnunarmálunum. Í því sambandi má geta þess, að í nýjustu ársskýrslu sinni hvatti Kurt Waldheim, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, mjög til þess, að minni ríki létu mál þessi meira til sín taka en verið hefur, og benti máli sínu til stuðnings á, hve lítið hafi miðað á tímabilinu frá lokum síðari heimsstyrjaldar — meðan stærri ríkin ein hafa að mestu ráðið ferðinni. Sú skoðun er raunar ekki ný, að smærri ríki gætu með því að taka höndum saman stuðlað að farsælli þróun.

Vonin um varanlegan frið byggist á afvopnun, og von smáþjóðar sem Íslendinga um líf og framtíð byggist á friði. Þess vegna hefur Ísland tekið þátt í afvopnunarstarfi eftir megni og á að halda áfram stuðningi við þann málstað í anda þeirrar hvatningar, sem Waldheim beindi til smáríkjanna.

Ákveðið hefur verið að efna á ný til auka-allsherjarþings um afvopnunarmál á árinu 1982.

Í næsta kafla verður m. a. fjallað um SALT-viðræður Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, en þær fjalla um takmörkun kjarnorkuvopna.

Slökunarstefnan.

Slökunarstefnan (détente) er áfram ráðandi í samskiptum austurs og vesturs og andinn um flest ólíkur því, sem var á dögum kalda stríðsins. Þó hefur ekki tekist að eyða ýmiskonar tortryggni, sem á sinn þátt í að sambúð er stirð á köflum og vígbúnaður heldur áfram. Að þessum málum er þó unnið og miklum tíma varið til að leita lausnar á hinum ýmsu árekstrar- og ágreiningsefnum. Vaxandi samskipti og nánari kynni eru tvímælalaust vænlegust til að tryggja, að þróun haldi áfram í rétta átt.

Samningaviðræður risaveldanna, Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, um takmörkun gereyðingarvopna, svonefndar SALT-viðræður, hafa á undanförnum árum verið einskonar loftvog þessara samskipta ásamt þeirri viðleitni, sem farið hefur fram í tengslum við Helsinki-samþykktina um öryggi og samstarf í Evrópu. SALT-I samkomulagið í maí 1971 og undirritun Helsinki-samþykktarinnar í ágúst 1975 voru þannig vottar um hlýindi og bjartara veður. En af og til hefur þykknað í lofti og hvesst á köflum. Þau ský, sem dregið hefur upp á himin þessara samskipta, hafa oftar en einu sinni átt rætur að rekja til misjafnrar afstöðu til mannréttinda, en

þar kemur einnig við sögu tortryggni Sovétríkjanna vegna batnandi sambúðar Bandaríkjanna og Kína.

SALT-I samkomulagið fól í sér skuldbindingu risaveldanna um að byggja ekki fleiri skotpalla fyrir langdrægar eldflaugar, og ennfremur takmörkun á fjölda kjarnorkueldflauga í kafbátum og kafbáta, sem búnir eru slíkum flaugum. Miðaðist takmörkunin við þann fjölda, sem þá var til eða í smíðum, þ. e. 710 eldflaugar og 44 kafbáta hjá Bandaríkjamönnum og 950 eldflaugar og 62 kafbáta Sovétmanna. Hinn tölulegi munur skýrist af því, að búnaður Bandaríkjamanna var tæknilega fullkomnari, hver eldflaug búin fleiri kjarnaoddum, sem skjóta má hverjum á sitt skotmark. En nú hefur tækni Sovétmanna að þessu leyti fleygt fram hraðar en búist var við.

SALT-I samkomulagið var gert til 5 ára og rann því út 1977. Í millitíðinni höfðu risaveldin náð bráðabirgðasamkomulagi í Vladivostok síðla árs 1974 um að takmarka í 10 ár við 2400 fjölda eldflauga og sprengjuflugvéla sem flytja gereyðingarvopn, og við 1320 eldflaugar með mörgum, dreifanlegum kjarnaoddum. Meðan unnið er að undirbúningi nýs samkomulags, SALT-II, hafa risaveldin verið ásátt um að halda sig við ákvæði SALT-I samkomulagsins. Tækniframfarir hafa hins vegar haldið áfram óbeislaðar og nýjar tegundir bæst í kjarnorkuvopnabúr risaveldanna. Það er því brýnna nú en nokkru sinni fyrr að frekari samningar um takmarkanir og niðurskurð þessara vopna takist hið allra fyrsta. Með tilliti til þessa er ástæða til að fagna því, að nú er talinn vera skammt undan nýr áfangi, SALT-II samkomulag, sem ráðgert mun vera að undirrita á næstunni. Mikilvægt er að því verði fylgt eftir og leitað enn frekari samninga um þá þætti, sem þar hefur ekki reynst unnt að taka með.

Um framkvæmd Helsinki-samþykktarinnar um öryggi og samstarf í Evrópu er það helst að segja, að hún gengur á margan hátt eins og gert var ráð fyrir.

Aðaltilgangur Helsinki-samþykktarinnar var að stuðla að bættum og nánari samskiptum ríkja í austur- og vesturhluta Evrópu. Nokkur árangur hefur þegar náðst í þessum efnum. Mismunandi stjórnskipulag, stjórnarfar og stjórnmálaskoðanir torvelda þessi samskipti að ýmsu leyti, og mun svo ugglaust verða áfram. Aukin samskipti ættu þó að geta stuðlað að bættum skilningi.

Við Íslendingar eigum margvísleg og góð samskipti við Austur-Evrópuríki og höfum lengi átt. Má þar m. a. nefna verslunarviðskipti, menningarsamstarf og tæknisamstarf á sviði fiskveiða, sem allt er í anda þeirrar samvinnu, sem innsigluð var með Helsinki-samþykktinni. Munum við að sjálfsögðu standa að aukinni samvinnu við þessi ríki eftir því sem efni standa til.

Tvíhliða og marghliða samráð í hópi hinna 35 ríkja Helsinki-samþykktarinnar munu áreiðanlega halda áfram að vaxa eftir því sem nær dregur Madrid-fundinum haustið 1980, þar sem gerð verður í annað sinn úttekt á framkvæmd Helsinki-samþykktarinnar. Fundur norrænna embættismanna um mál þessi hér í Reykjavík í byrjun maí er einn liður í þessum samráðum. Mikilvægt er, að Madrid-fundurinn verði undirbúinn sem allra best, svo að árangur náist. Verður í því efni hægt að styðjast við reynslu af Belgrad-fundinum. Öruggt er, að því betur sem aðildarríkjunum gengur að framkvæma hin veigameiri ákvæði Helsinki-samþykktarinnar á þeim þrem misserum, sem enn eru til fundarins, því minni líkur eru á að þar komi til alvarlegs ágreinings.

Öllum ber saman um, að sá árangur til slökunar, sem náðst hefur á stjórnmálasviðinu á þessum áratug, þurfi sem allra fyrst að ná yfir á vígbúnaðarsviðið og draga til muna úr vopnabúnaði. Viðræðurnar í Vín um gagnkvæman niðurskurð herafla Varsjárbandalags- og Atlanthafsbandalagsríkja, sem hófust haustið 1973, fyrir meira en 5 árum, hafa því miður ekki enn borið neinn árangur hvað samningsgerð snertir. Heldur þóttu vænkast horfur á s. l. hausti, en ekki er ljóst enn, hvort eða hvenær stigið verður fyrsta skref í þessum efnum. Þetta er þó hið mikilverðasta mál fyrir áframhald slökunarstefnunnar og viðleitni til að tryggja frið og öryggi ríkja í álfunni með minni vopnabúnaði en nú er.

Ísland er aðili að Helsinki-sáttmálanum og tekur þátt í framkvæmd hans. Íslendingar fagna þeirri slökun í Evrópu, sem fylgt hefur í kjölfar samningsins og vænta þess, að sú þróun haldi áfram og treysti enn frið í álfunni.

Austurlönd nær.

Austurlönd, bæði hin nálægri og fjarlægari, hafa eins og ég vék að í upphafi verið vettvangur meiriháttar atburða að undanförnu. Það er raunar ekki nýtt, þótt þeir atburðir séu nú með nokkuð nýjum hætti.

Ófrið hefur um þrjátíu ára skeið borið hærra í löndum fyrir botni Miðjarðarhafs en frið. Það sætir því miklum tíðindum, að tekist skuli hafa friðarsamningar með Egyptum og Ísraelsmönnum. Viðbrögð Arabaríkja og Palestínumanna við undirritun friðarsamningsins benda að vísu ekki til þess, að lykill að endanlegri lausn deilumálanna í Mið-Austurlöndum sé fundinn. En samt er ástæða til að lofa þá hugkvæmni, þolinmæði og dirfsku, sem býr að baki samningnum. Vonandi sýna þau ríki, sem nú standa gegn samningnum, meiri samkomulagsvilja þegar fram í sækir. Vinna þarf áfram að viðtækari lausn deilumálanna. Þar þarf í senn að tryggja hlut Palestínumanna og búa svo um hnúta, að allar þjóðir í þessum heimshluta ekki síður en öðrum geti búið óhultar innan tryggra landamæra.

Breytingin í Íran og ókyrrð í löndum þar um slóðir hafa ekki haft bætandi áhrif á friðarhorfur í Mið-Austurlöndum í heild. Fall keisaraveldisins kom á margan hátt á óvart, þótt lengi hafi kraumað undir og framtíðarþróun þessa forna ríkis verið óviss. Ef til vill er framtíð ríkisins þó torráðnari nú en áður. Enn er til dæmis ekki ljóst, hvað sá þáttur atburðarásarinnar, sem byggist á vakningu múhameðstrúarmanna, mun leiða af sér innanlands og utan, eða hvaða hlut önnur öfl muni ná í stjórn landsins.

Atburðirnir í Íran virtust koma báðum risaveldunum jafn mikið á óvart og valda þeim báðum miklum áhyggjum. Sovétríkin óttast áhrif vakningar múhameðstrúarmanna innan landamæra sinna, en Bandaríkin hafa misst mikilvægan vopnabróður. Bæði risaveldin auka nú flotastyrk á Indlandshafi, og vonin um friðlýsingu þess er fjær veruleika en nokkru sinni.

Mið-Austurlönd eiga verulegan hluta þeirrar olíu, sem vitað er um á jörðunni. Þau ráða þar með yfir orkulind, sem hin þróuðu iðnríki Vestur-Evrópu, Norður-Ameríku og Japan geta ekki án verið. Enda þótt Íslendingar kaupi mestalla olíu af öðrum, hefur þróun mála austur þar haft alvarleg áhrif á efnahag okkar og valdið okkur þungum búsifjum með hækkun olíuverðs. Stjórnmál þessara landa snerta því beina hagsmuni hér á landi — þótt ekki sé minnst á ógæfu þeirra þjóða, sem í þeim búa, þrátt fyrir olíuauðinn.

Austur-Asía.

Síðustu átök í Suðaustur-Asíu, ekki síst afskipti Vietnams af málum Kampútseu og Kína af Vietnam, sýna að kenningin um að öll ókyrrð þar um slóðir væri íhlutun Bandaríkjamanna að kenna var ýkt. Það verður að teljast kaldhæðni örlaganna, að eftir brottför Bandaríkjamanna skyldu Vietnamar fara með ófriði á hendur nágrönnum sínum með bandarískum vopnum, sem áður var beint gegn þeim sjálfum. Hörmuleg aðför fyrri ráðamanna í Kampútseu að mannréttindum var alvarlegt áhyggjuefni og spor aftur á bak, þegar meginstefna á sviði mannréttindamála verður að teljast fremur í rétta átt. Engu að síður verður hernaður Vietnama í landinu ekki réttlættur, enda hafði hann tilgang sem óskyldur er mannréttindabaráttu. Vissulega ber að vona, að varanleg kyrrð komist á í þessum heimshluta, þar sem stórveldið Kína fann sig knúið til að minna grannríki á tilveru sína og mátt með vopnavaldi. Aldagróinn ágreiningur þjóða þarna um slóðir skapar óvissu um framvindu, en ekkert er brýnna en að fólkið geti nú helgað sig viðtæku uppbyggingarstarfi og friðsælli iðju eftir áratuga stríð og eyðileggingu.

Ástæða er til að minnast sérstaklega á Kína. Bætt samskipti Kína og Japans, sem svo oft hafa eldað saman grátt silfur, geta vissulega haft mikla þýðingu. Það verður að teljast jákvætt að Kína, mannflesta ríki heims, skuli rjúfa einangrun sína og taka upp friðsamleg samskipti við umheiminn. För Deng Xiao Ping varaforsætisráðherra til Bandaríkjanna fyrir skemmstu, eftir stofnun formlegs stjórnmálasambands ríkjanna hinn 1. janúar s. l., markar þarna merkilegt spor. Fróðlegt verður að fylgjast með, hvernig til tekst um þá margþættu samvinnu, sem nú er stefnt að milli Kína og Vesturlanda, en vænta má, að hún hafi töluverð áhrif á þróunina í heiminum á næstu árum.

Afríka.

Ástandið í Afríku, einkum sunnanverðri, hefur verið áhyggjuefni. Þeir, sem bera ábyrgð á hinu mikla kynþáttamisrétti þar, hafa lítið lært, sumir ekkert. Ókyrrð og hætta á alvarlegri átökum er því stöðugt við lýði.

Alvarlegasta vandamálið er þrákelkni valdhafanna í Suður-Afríkulýðveldinu, sem enn halda fast við kynþáttaaðskilnaðarstefnu sína (apartheid). Hinir hvítu íbúar landsins, sem ekki eru nema fimmtungur þjóðarinnar, sitja svo gróflega yfir hlut þeirra þeldökku, að ekki getur staðið til lengdar. Þróunin verður að sveigjast inn á rétta braut, áður en blóðugri átök og verri hörmungar dynja yfir.

Norðurlöndin hafa verið í röð þeirra, sem lengst ganga á alþjóðavettvangi til að vekja athygli á nauðsyn stefnubreytingar. Þau hafa mjög eindregið hvatt til þess að beitt verði þrýstingi gegn Suður-Afríkulýðveldinu á viðskipta- og efnahagssviði í þeim tilgangi að fá ráðamenn þar ofan af óheillastefnu sinni. Hafa þau ýmist flutt eða stutt tillögur, er að þessu hafa miðast á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, og hafa allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna látið frá sér fara margar harðorðar ályktanir um þessi mál.

Það er hins vegar aðeins Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna sem getur ákveðið þvingunarráðstafanir svo að bindandi sé fyrir aðildarríkin. Ráðið hefur enn sem komið er eingöngu lagt bann við sölu til Suður-Afríku á vopnum svo og búnaði, sem nota má til framleiðslu kjarnorkuvopna. Markar þetta bann raunar tímamót bæði í störfum Öryggisráðsins og baráttunni gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnu Suður-Afríkustjórnar. Enn betur má ef duga skal. Því aðeins er árangurs að vænta af slíkum aðgerðum, að þær verði mun víðtækari og flestar eða allar helstu viðskiptaþjóðir Suður-Afríku taki virkari þátt í þeim. Sumar þjóðir eru hins vegar háðar viðskiptum sínum við Suður-Afríku í svo ríkum mæli, ýmist útflutningi þangað eða öflun málma þaðan og annarra vara, að þeim er erfitt um vik að styðja aðgerðir af þessu tagi. En framvindan í þessu efni mun fyrst og fremst velta á Öryggisráðinu sem fyrr segir.

Í sambandi við þvingunar- og mótmælaaðgerðir má geta þess, að norrænu íþróttasamtökin hafa nú til athugunar hugsanlegar hömlur á íþróttasamskiptum við Suður-Afríku, ef orðið gætu til að sporna gegn misrétti hvítra og þeldökkra á sviði íþróttaiðkana þar í landi.

Að því er Namibíu snertir, hefur mikið starf verið unnið til að reyna að ná samkomulagi við Suður-Afríkustjórn um frjálsar og lýðræðislegar kosningar í landinu á grundvelli samþykkta Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúar vestrænu ríkjanna fimm í Öryggisráðinu hafa átt verulegan hlut að máli, en jafnframt hefur komið til atbeini nokkurra grannríkja Namibíu. Vonir standa til að mál þessi komist heil í höfn, áður en mjög langt líður, þótt enn sé við ýmsa örðugleika að glíma, er snerta framkvæmd kosninga og hlutdeild eftirlitsmanna og gæslusveita Sameinuðu þjóðanna, sem ætlað er að tryggja að Namibía öðlist sjálfstjórn og sjálfstæði við sem ákjósanlegust skilyrði. Norðurlönd hafa sameiginlega gefið fyrirheit um að þau muni veita aðstoð við uppbyggingu í landinu.

Zimbabwe hefur verið vettvangur stöðugs skæruhernaðar milli stjórnvalda og þeirra hreyfinga blökkumanna, sem ekki hafa viljað eiga samstarf við Ian Smith

og fylgismenn hans. Þeldökkir íbúar landsins búa ekki lengur við sama misrétti og áður, þótt hvítir menn muni enn um skeið halda meiri völdum en fjöldi þeirra réttlætir. Frambúðarlausn byggð á sáttum hinna ýmsu afla í landinu og algjöru jafnrétti þegnanna virðist þó ennþá eiga langt í land.

Nokkurt útlit er nú fyrir að því ógnarástandi, sem ríkt hefur í Uganda, muni senn linna.

III. Alþjóðastofnanir.

Stórveldi geta staðið ein og treyst á mátt sinn og megin. Smáríkjum hlýtur hins vegar að vera lífsnauðsyn að taka þátt í samtökum, þar sem margir mynda heild til að skapa aðstöðu eða öryggi, sem ekki fæst á annan hátt.

Íslendingar hafa átt í deilum við önnur ríki um lífshagsmuni sína. Þá hafa þeir fundið, hversu mikils virði alþjóðleg samtök eru. Þar hefur oft verið stuðningsmenn að finna. Þar hefur mátt mæla fyrir málstað þjóðarinnar og þangað er hægt að vísa málum á mismunandi hátt. Ef ekki hefðu verið til alþjóðasamtök eins og Sameinuðu þjóðirnar, samtök Norðurlanda og Atlantshafsbandalagið, er óvisst að sjálfstæði Íslendinga stæði jafntraustum fótum og það gerir nú, á 35. ári hins endurreista lýðveldis.

Sameinuðu þjóðirnar.

Lýðveldið Ísland byggir utanríkisstefnu sína og sjálfstæði á þátttöku í Sameinuðu þjóðunum og þeim hugsjónum, er þau samtök byggja á. Hversu ófullkomin sem þau eru og vanmáttug við að tryggja frið milli þjóða, er stofnskrá þeirra stjórnarskrá hins komandi heims, og þarf engan að undra, þótt slík bygging taki nokkra mannsaldra.

Ísland hefur fastanefnd í New York til að fjalla um þátttöku í meginstofnunum Sameinuðu þjóðanna og sendir þangað fulltrúa til höfuðþinga. Þar er unnið mikið starf, og hefur Íslendingum í smæð sinni verið mikill styrkur af samstarfi Norðurlandanna, þótt leiðir liggi hvergi nærri alltaf saman í afstöðu til mála. Um þessi mál hefur að vanda verið gefin út sérstök og ítarleg skýrsla, og vísast hér til hennar til að forðast óþarfa endurtekningu.

Sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna eru risar að vöxtum og fjalla um mikla málaflokka. Er Ísland aðili að flestum þeirra, og hafa verið gefnar út skýrslur um þátttöku og helstu mál, sem hafa verið á dagskrá hverrar um sig. Hér verður því að nægja að nefna ILO, Alþjóðavinnumálastofnunina í Genf, FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnunina í Róm, UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna í París. Þá ber að minnast UNDP, Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, svo og Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en hinn síðarnefndi hefur reynst íslensku efnahagslífi ómetanlegur í harðæri síðustu ára, síðan olíuhækkunin mikla skall á.

Norðurlandaráð.

Norræn samvinna í nútímaskilningi er almennt talin rúmlega aldar gömul, en blómaskeið hennar hófst þó ekki fyrr en með stofnun Norðurlandaráðs 1952.

Samstarf Norðurlandanna er með einstæðum hætti miðað við það, sem þekkist milli annarra þjóða. Sé á það litið frá sjónarhóli einstaklingsins, eru Norðurlöndin að flestu leyti ein heild. Milli þeirra ríkir algert ferðafrelsi, nær algert vinnufrelsi, sameiginlegt tryggingakerfi, gagnkvæm námshlunnindi, jafnvel gagnkvæmur kosningaréttur til sveitarstjórna, svo að nokkuð sé nefnt. Fyrir einstaklinginn eru Norðurlöndin óðum að nálgast það mark, að verða í reynd sem eitt ríki. Þrátt fyrir þetta eru þau fimm sjálfstæð ríki (og fleiri á fullveldisleið). Þessi ríki hafa mismunandi utanríkis- og öryggisstefnu (þrjú í NATO, tvö hlutlaus á mismun-

andi hátt), ólíka viðskiptastefnu (eitt í Efnahagsbandalaginu, hin í EFTA) og fleira greinir þau að.

Ísland er í þjóðbraut stórvelda og leitar því frekar vináttu skyldra smáþjóða. Hana finnum við mesta og besta í samfylgd hinna Norðurlandanna, að svo miklu leyti sem hugsanlegt er í skiptum þjóða.

Eftir því sem raunhæft samstarf Norðurlandanna fer vaxandi, eins og það gerir ár frá ári, skiptir það meira máli fyrir Íslendinga og skilningur á því verður ríkari. Þetta samstarf er önnur stoð íslenskrar utanríkisstefnu.

Það er til marks um eðli norræns samstarfs, að það telst ekki lengur til utanríkismála þátttökuríkjanna nema að litlu leyti. Beint samband er á milli aðila á hverju starfssviði og milli ráðherra einstakra verkefna. Utanríkisráðherrar Norðurlanda halda fundi tvisvar á ári hverju og fjalla um mál utan hinnar norrænu heildar, sérstaklega á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Málefni Norðurlandaráðs heyra undir Alþingi, enda eru þingmenn Íslands af því kjörnir. Hefur sendinefndin á hin norrænu þing gefið út sérstakar skýrslur um þau mál, og verður hér vísað til þeirra um nánari frásögn af því.

Atlantshafsbandalagið.

Hinn 4. apríl voru liðin 30 ár frá stofnun Atlantshafsbandalagsins, en tilvera þess hefur átt drjúgan þátt í að tryggja frið í Evrópu á þessu tímaskeiði. Þótt það sé stuttur tími í sögu þjóða, er vert að minnast þess, að sjaldan hefur í sögu Evrópu ríkt svo langt friðarskeið.

Frá því tímabili kalda stríðsins lauk, og einkanlega undanfarinn áratug, hafa ríki Atlantshafsbandalagsins lagt mikla áherslu á aukin vinsamleg samskipti við þjóðir Varsjárbandalagsríkjanna sem forsendu fyrir varðveislu friðar í álfunni. Slökunarstefnan annars vegar og traustar og sannfærandi varnir hins vegar eru þeir hornsteinar, sem stefna Atlantshafsbandalagsins hefur hvílt á.

Á leiðtogafundi NATO-ríkjanna í London vorið 1977 var ákveðið að framkvæma ítarlega úttekt á samskiptum austurs og vesturs og meta líklega þróun þessara samskipta á komandi áratug. Jafnframt var þar tekin ákvörðun um gerð langtíma áætlunar um varnarþarfir bandalagsríkjanna. Voru skýrslur um báða þessa þætti lagðar fyrir fund ríkisleiðtoga í Washington í lok maí 1978.

Helstu niðurstöðu skýrslunnar um samskipti austurs og vesturs voru þær, að litlar líkur væru á verulegum breytingum á utanríkisstefnu Sovétríkjanna á þessu tímabili. Þau muni halda sig við slökunarstefnuna, eins og Sovétríkin hafa framkvæmt hana, þ. e. óheftar hugmyndafræðilegar deilur við lýðræðisríkin og stöðuga aukningu hernaðarmáttar, en jafnframt muni þau leitast við að efla efnahags-, vísinda- og viðskiptatengsl sín við þessi ríki til að flýta fyrir þróun heima fyrir á þeim sviðum, þar sem Vesturlönd skara fram úr.

Helsinki-samþykktin frá 1975 er sá grunnur, sem frambróun þessara samskipta hvílir mest á. Á þeim fundum, sem haldnir verða til að fylgja eftir framkvæmdum ákvæða þessa skjals, ætla ríki Atlantshafsbandalagsins að leggja áherslu á fullar efndir allra ákvæða.

Loks er í skýrslunni um samskipti austurs og vesturs lögð áhersla á, að öll tækifæri verði notuð til samninga um takmörkun vígbúnaðar og samdrátt herafla, eins og t. d. MBFR-viðræðurnar, án þess að öryggishagsmunum aðildarríkja bandalagsins sé stefnt í tvísýnu.

Samtímis þessari skýrslugerð fór fram umfangsmikil athugun á varnarþörfum bandalagsins næsta áratuginn með hliðsjón af vaxandi hernaðarmætti Sovétríkjanna á undanförnum árum og fyrirsjáanlegri þróun í þeim málum. Er áætlað, að frá 1970 hafi útgjöld Sovétríkjanna til hermála aukist um 4—5 prósent á ári á föstu verðlagi og að nú verji þau til þeirra um 11—13 af hundraði allrar þjóðarframleiðslunnar. Til samanburðar má geta þess, að NATO-ríkin verja að meðaltali 4,5 af hundr-

aði þjóðarframleiðslu til varnarmála. Hefur það hlutfall farið lækkandi á undanförnum árum (1972: 5,3%) þar til nýlega, að þau NATO-ríki, sem til þess hafa fjárhagslegt bolmagn, ákváðu að stefna að 3 prósent árlegri aukningu varnamálaútgjalda til þess að ekki yrði hættuleg röskun á hlutfallslegum varnarmætti þeirra.

Á grundvelli skýrslunnar um varnarþarfir bandalagsins ákváðu varnamálaráðherrar bandalagsríkjanna endurbætur á ýmsum veikum hlekkjum í varnarkerfinu, m. a. varðandi viðbúnað til sendingar liðsauka til Evrópu á hættu- eða styrjaldartímum.

Þessar tvær skýrslugerðir og starf í framhaldi af þeim hafa verið tímafrekustu verkefni Atlantshafsbandalagsins á liðnu ári. Jafnframt er bandalagið sem áður helsti vettvangur upplýsinga og skoðanaskipta aðildarríkjanna um þróun heimsmála. Þar samræma stefnu sína þau aðildarríki, sem þátt taka í viðræðum við Varsjárbandalagsríkin í Vínarborg um samdrátt í herafla í Mið-Evrópu (MBFR)—viðræðum, sem því miður hafa dregist mjög á langinn og sýna, hve erfitt og tímafrekt er að ná raunhæfum árangri jafnvel á takmörkuðum sviðum afvopnunarmála. Einnig hafa Bandaríkjamenn gefið NATO-ráðinu skýrslur um gang tvíhliða viðræðna sinna við Sovétríkin um takmörkun fjölda langdrægra eldflauga, sem borið geta kjarnavopn (SALT), og fengið ábendingar um atriði, sem snerta öryggishagsmuni þessara ríkja.

Á vegum bandalagsins hefur einnig verið unnið að athugunum á því hvernig unnt sé að veita fátækustu ríkjum bandalagsins, Tyrklandi, Portúgal og e. t. v. Grikklandi, efnahagslegan stuðning til að koma undir sig fótunum. Og áfram hefur verið stuðlað að víðtæku samstarfi vísindamanna inna bandalagsríkjanna og utan þeirra að ýmsum verkefnum, sem horft geta til aukinnar velferðar, þ. á m. betra og ómegnaðra umhverfis.

Evrópuráðið.

Evrópuráðið starfaði á árinu 1978 með líku sniði og undanfarin ár. Unnið var að því að auka starfsemi þess á stjórnmálasviðinu og bar viðleitni ráðherranefndarinnar til að samræma stefnu aðildarríkja í utanríkismálum vaxandi árangur.

Ráðherranefndin kom að jafnaði saman tvisvar í mánuði í Strasbourg, þar af voru tveir ráðherrafundir. Ráðgjafarþingið kom að venju þrisvar saman á árinu, en ráðgjafarþingið er umræðuþing Evrópuráðsins. Það ræddi fjölda mála, sem ofarlega eru á baugi í samskiptum aðildarríkja, auk málefna Evrópu almennt. Ráðgjafarþingið samþykkti margar ályktanir og gerði tillögur til ráðherranefndarinnar um ýmis mál.

Þar sem langflest lýðræðisríki Evrópu eru nú orðin aðilar að Evrópuráðinu, eru aðildarríkin sammála um að Evrópuráðið sé heppilegur vettvangur til skoðanaskipta milli þeirra ríkja, sem aðild eiga að Efnahagsbandalaginu og hinna 12 ríkja, sem ekki eru aðilar að EBE. Umræður þessar stuðluðu að eðlilegri þróun samvinnu Evrópuráðsríkjanna á fjölmörgum sviðum.

Um framhald Helsinki-ráðstefnunnar um öryggi og samstarf í Evrópu urðu einnig miklar umræður. Innan Evrópuráðsins er reynt að samræma skoðanir aðildarríkja á því sviði vegna undirbúnings afstöðu þeirra á Madrid-fundinum síðari hluta árs 1980. Innan ráðherranefndarinnar gera menn sér vonir um, að aðildarríkin geti náð verulegri samstöðu um afstöðu til þessara mála með það fyrir augum, að Madrid-fundurinn geti gefið ástæðu til bjartsýni um hagstæðari þróun í samskiptum austurs og vesturs.

Mannréttindamálefni voru í sviðsljósinu allt árið, en þar byggir Evrópuráðið á meira en 25 ára gamalli reynslu. Sáttmáli aðildarríkja um verndun mannréttinda og mannfrelsis hefur stuðlað að auknum skilningi um víða veröld á gildi og varðveislu þeirra mannréttinda, sem eru grundvöllur frelsis og lýðræðis, enda eru öll aðildarríkin þeirrar skoðunar, að ekki sé hægt að takmarka mannréttindi við Vestur-Evrópu, heldur verði að líta á þau mál á breiðari grundvelli. Samþykkti ráðherrafundurinn í apríl 1978 sérstaka yfirlýsingu um mannréttindamál.

Að venju starfaði Evrópuráðið einnig mikið á ýmsum sviðum félags- og heilbrigðismála, mennta-, menningar-, umhverfis- og náttúruverndarmála, íþrótta- og æskulýðsmála, laga og dómsmála auk bæjar- og sveitarstjórnarmála. Í þessu sambandi starfar á vegum ráðherranefndarinnar fjöldi sérfræðinganefnda. Koma þær saman til funda nokkrum sinnum á ári eftir því sem verkefnin gefa tilefni til og eru ferðir fulltrúa og uppihald kostað af Evrópuráðinu. **Af Íslands hálfu var vel unnið í öllum þessum nefndum á árinu og taka íslenskir embættismenn virkan þátt í störfum þeirra. Mannréttindanefndin og Mannréttindadómstóllinn störfuðu með eðlilegum hætti allt árið, en fulltrúar Íslands þar eru þeir Gaukur Jörundsson, prófessor, og Þór Vilhjálmsson, hæstaréttardómari. Njóta þessir aðilar, sem fyrir Íslands hönd taka þátt í margvíslegum störfum Evrópuráðsins mikils álits og leggja Íslendingar þar með drjúgan skerf til aukinnar samvinnu Evrópuráðsríkja.**

Á fyrirsvari Íslands gagnvart ráðherranefndinni varð sú breyting, að aðsetur fastanefndarinnar var í lok ársins flutt til Reykjavíkur frá Bonn, og er það nú í utanríkisráðuneytinu.

IV. Hafréttarmál.

Meðal þeirra málaflokka á alþjóðavettvangi, sem Íslendingar hafa látið mest til sín taka, eru hafréttarmál, enda snerta þau öðrum fremur lífshagsmuni þjóðarinnar. Það var fyrsta meiri háttar framlag Íslendinga á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að leggja til og fá samþykkt, að Alþjóðalaganefndin tæki hafréttarmál til umræðu, og varð það upphaf að örlagaríkum ráðstefnum um þau mál. Jafnframt var djarfleg stefna mörkuð heima fyrir með landgrunnslögunum.

Eftir hrun nýlendukerfisins í álfum heims hlaut að koma að veigamiklum breytingum um rétt á hafinu, sem þekur tvo þriðju hluta jarðarinnar. Fornfáleg lög, sem byggðust á fallbyssum 17. aldar, dugðu ekki lengur.

Langvarandi ráðstefnuhaldi á vegum Sameinuðu þjóðanna er enn ekki lokið, enda þótt vonir séu um, að allsherjarhafréttarsáttmáli verði undirritaður í Caracas í Venezuela árið 1980. Þessi þing hafa þó haft víðtæk áhrif, ríki hafa framkvæmt það, sem virtist njóta almenns stuðnings, og órjúfandi hefð hefur myndast í hafrétti. Merkast þessara ariða er 200 mílna efnahagslögsaga, en marg fleira mætti telja til.

Á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 1978 lagði ég ríka áherslu á að störfum hafréttarráðstefnunnar yrði senn að ljúka, og gerðu það fleiri ræðumenn. Hvar sem íslenskir ráðamenn hafa hitt erlenda, hefur þessu sjónarmiði verið komið að, ef kostur hefur verið. Í áðurnefndri ræðu var boðað, að ríkisstjórn Íslands mundi á liðnum vetri flytja frumvarp um heildarlöggjöf um landhelgismál. Var það gert og er það frumvarp í höndum þingsins. Þar er landhelgi Íslands færð úr 4 mílum í 12, en í stað fiskveiðilögsögu er tekin 200 mílna efnahagslögsaga, sem ekki aðeins nær til fiskjar, heldur og til mengunar og rannsókna. Þessi löggjöf er merkur áfangi í landhelgismálum okkar, þótt henni fylgi ekki ófriður við neinn. Treysta verður því, að Alþingi afgreiði hana fyrir þingslit, enda hafa ekki verið um frumvarpið deilur, heldur samstaða eins og ávallt um kjarnaatriði landhelgismála.

Þriðja hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna hélt sjöunda fund sinn í Genf dagana 28. mars til 19. maí og í New York 21. ágúst til 15. september á síðasta ári. Ráðstefnan ákvað að taka til forgangsathugunar sjö málefni, sem talið var brýnt að komast að samkomulagi um. Sem fyrr var þar helst um að ræða ágreiningsmál varðandi alþjóða hafbotnssvæðið. Rætt var um þrjá meginþætti þessa máls, í fyrsta lagi að hve miklu leyti hagnýting svæðisins yrði í höndum væntanlegrar alþjóðastofnunar frekar en einstakra fyrirtækja, í öðru lagi hvaða gjöld einstök fyrirtæki skyldu greiða fyrir málmvinnsluleyfi á svæðinu, og í þriðja lagi um innri skipan fyrirhugaðrar alþjóðastofnunar, m. a. hvernig ákvörðunartöku yrði háttað. Í umræðum um öll þessi atriði náðist árangur, þó ekki að því marki, að kleift reyndist að knýja fram formlega staðfestingu á niðurstöðum.

Tvö mál önnur hafa reynst sérstaklega erfið viðureignar, annars vegar það hvaða reglur skuli gilda um skiptingu hafsvæða og landgrunns milli nágrannaríkja og hins vegar hvort viðurkennd skuli landgrunnslögsaga strandríkis utan 200 mílna, og ef svo, hvar ytri mörk yrðu ákveðin. Mál þessi voru ítarlega rædd bæði í Genf og á síðari hluta fundarins í New York, en án teljandi árangurs.

Talsverður árangur náðist á fundinum í Genf varðandi kröfu landluktra og „landfræðilega afskiptra" ríkja um þátttöku í fiskveiðum innan lögsögu annarra ríkja. Sama má segja um ágreining um það hvernig leysa beri hugsanleg deilumál varðandi fiskveiðar í efnahagslögsögu. Á síðari hluta fundarins í New York var ákveðið að fresta frekari umræðum um þessi atriði þar til eitthvað þokaðist í samkomulagsátt varðandi önnur ágreiningsmál.

Að lokum má nefna að á fundinum miðaði umræðum um mengun frá skipum vel áfram.

Áttundi fundur ráðstefnunnar hófst í Genf 19. mars og stendur til 27. apríl. Samkomulag er um að halda áfram tilraunum til að leysa framangreind forgangsmál með það fyrir augum að gefa út endurskoðuð heildardrög að sáttmála. Ef verulegur árangur næst á Genfar-fundinum verður haldinn annar fundur seinna á árinu til þess að ganga þannig frá málum, að hægt verði á næsta ári að ljúka störfum ráðstefnunnar og undirrita hafréttarsáttmála.

Jan Mayen.

Ytri mörk íslenskrar lögsögu á hafsvæðinu umhverfis landið og á landgrunninu hafa verið til umræðu undanfarið. Sérstaklega hafa verið í brennidepli umræður um hugsanlega fiskveiðilögsögu Norðmanna við Jan Mayen. Á síðastliðnu ári veiddist töluverð loðna á svæðinu og varð það kveikja að umræðum í Noregi.

Í þessu sambandi eru mörg atriði, sem taka ber tillit til. Í fyrsta lagi má e. t. v. deila um, hvort Norðmönnum leyfist vegna einkenna Jan Mayen að tileinka sér lögsögu umhverfis eyna. Ber þar að líta á ákvæði í 121 . gr. textans, sem til umfjöllunar er á hafréttarráðstefnunni. Einnig kemur til álita að hvaða marki landgrunnslögsaga utan 200 mílna verður viðurkennd, svo og almennt hvaða reglur skal nota til að ákvarða skiptingu hafsvæða og landgrunns milli nágrannaríkja.

Ágreiningur er á hafréttarráðstefnunni um bæði þessi síðarnefndu atriði. Hvað sem öðru líður er margt, sem bendir til þess að ekki beri að ganga út frá miðlínu við skiptingu hafsvæðis og landgrunns milli Íslands og Jan Mayen heldur láta sanngirni og aðstæður ráða. Íslensk og norsk stjórnvöld munu hafa samráð um athugun á þessum málum og hefur fyrsti þáttur þeirrar athugunar verið að safna upplýsingum um fisktegundir á svæðinu.

Norska ríkisstjórnin hefur lengi farið sér hægt í þessu máli, en sökum vaxandi þrýstings heima fyrir hefur hún nú óskað viðræðna við ríkisstjórn Íslands. Hófu þeir viðræðurnar aðalfulltrúar beggja ríkja á hafréttarráðstefnunni í Genf, Hans G. Andersen og Jens Evensen. Fyrsti fundur um málið var síðan haldinn að loknum fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Kaupmannahöfn föstudaginn 30. mars sl. Viðræður um málið eru enn á frumstigi og óljóst um áframhald.

Landhelgisnefnd hefur m. a. vegna þessa máls verið endurvakin. Í henni eiga sæti fulltrúar allra þingflokka.

Samkomulag við Færeyinga.

Hinn 10. janúar sl. var gengið frá samkomulagi við Færeyinga um heimildir annars vegar til handa Færeyingum til loðnu- og kolmunnaveiða og hins vegar til handa Íslendingum til kolmunnaveiða og var samkomulagið staðfest af Alþingi hinn 14. mars sl. Miðast heimildir til loðnuveiða við vetrarvertíð 1979 en til kolmunnaveiða við allt árið.

Með tilliti til ástands loðnustofnsins var ekki talið fært að leyfa Færeyingum að veiða meira en 17 500 smálestir loðnu við Ísland í stað 35 000 lesta árið áður. Hins vegar var þeim leyft að veiða að auki 17 500 smálestir kolmunna. Íslendingar fengu leyfi til þess að veiða allt að 35 000 smálestum kolmunna við Færeyjar.

Þar að auki varð samkomulag um, að Færeyingar minnkuðu um 1 000 lestir, úr 7 000 lestum í 6 000, þorskveiði sína samkvæmt gildandi samningi frá 1976 um handfæra-, línu- og togveiðar þeirra hér við land.

Samkomulag varð um aukið og hert eftirlit með veiðum Færeyinga við Ísland.

Einnig varð samkomulag um að ræða fiskveiðisamninga ríkjanna í heild eftir 6 mánuði.

Veiðar útlendinga við Ísland.

Tveir samningar um fiskveiðiheimildir útlendinga við Ísland eru í gildi auk áðurnefndra fiskveiðiheimilda Færeyinga. Annars vegar samningur við Belga frá 1976 sem gerir ráð fyrir að heildarafli fari ekki yfir 6 500 lestir á ári, þar af þorskafli ekki yfir 1 500 lestir. Utanríkisráðuneytið hefur óskað eftir þeirri endurskoðun, að 1979 verði heildarafli 5 000 lestir, en þorskveiðar engar, þ. e. ekki yfir 15% af afla, og standa yfir viðræður um það í Brussel. Hitt er samningur Norðmanna gerður sama ár, en heildarafli skv. þeim samningi var á sl. ári ákveðinn 2 000 lestir. Þorskafli þeirra var 199 lestir og verður ekki hærri í ár.

Önnur hafréttarmál.

Hinn 1. júní 1978 var gerður samningur milli Íslands og Þýska alþýðulýðveldisins um vísinda- og tæknisamvinnu á sviði sjávarútvegs. Samstarfsnefnd skipuð fulltrúum beggja ríkjanna skal vinna að markmiðum samningsins. Áður höfðu verið gerðir sams konar samningar við Sovétríkin, hinn 25. apríl 1977, og við Pólland, hinn 9. september s. á. Í þessum samningum eru engir aflakvótar.

Þá var, samkvæmt heimild í ályktun Alþingis fullgiltur af Íslands hálfu samningur frá 24. október 1978 um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi. Samningurinn gekk í gildi hinn 1. janúar sl. og eru auk Íslands aðilar að honum Efnahagsbandalag Evrópu, Kanada, Kúba, Noregur, Sovétríkin og Þýska alþýðulýðveldið.

V. Grænland.

Grænlendingar eru næstu nábúar Íslendinga, ef mælt er í beinum fjarlægðum. Samt hafa samskipti þjóðanna um marga mannsaldra verið næsta lítil og tilviljanakennd, og ber að harma það. Náttúran sjálf hefur reist garð milli granna með jöklum háfjöllum og hafís.

Nú er tími til að gera á þessu breytingu. Heimastjórn Grænlendinga gefur ágætt tilefni, og Íslendingar hafa í hendi sér fjölda tækifæra til að auka samskipti við Grænlendinga til muna. Það gerum við í anda vináttu. Okkur langar til að kynnast grönnum okkar betur.

Utanríkisráðuneytið ákvað í mars að senda einn reyndasta sendiherra sinn, Pétur Thorsteinsson, í kynnisferð til Grænlands. Hann gerði skýrslur um för sína, sem ráðuneytið hefur dreift allvíða. Leitaði hann ekki aðeins upplýsinga um þá þróun, sem væntanlega er framundan í Grænlandi, heldur og tækifæra til aukinna samskipta. Þeim verður að fylgja eftir, svo að í framtíðinni skapist föst tengsl milli þessara grannþjóða, og Íslendingar veiti Grænlendingum alla þá aðstoð í lífsbaráttunni, sem þeir geta. Auk þess kunna Íslendingar að hafa margt að læra af aldagamalli menningu og lífsspeki Grænlendinga.

Þar sem Grænlendingar hafa nú kosið sér eigið þing, virðist augljóst að næstu formleg sambönd milli landanna verða á milli þinga, og ætti Alþingi að hafa frumkvæði um að bjóða hinu grænlenska þingi að senda, svo fljótt sem því hentar, sendinefnd til Alþingis, sem jafnframt mundi ræða sambúð landanna á komandi árum. Utanríkisráðuneytið er reiðubúið til að taka þátt í slíku samstarfi og greiða fyrir því sem best það má.

VI. Mannréttindamál.

Mannréttindi eiga erfitt uppdráttar víða um heim. Það er árangur mikilla framfara í fjölmiðlun á síðari árum, að hægara er að fylgjast með gangi þessara mála. Þar með er þó öldungis óvíst, að ekki kunni að gerast margt í þessum efnum, sem aldrei kemst til vitundar almennings, svo að ástandið er í heild varla betra en það sýnist. Brýn þörf er á að vinna áfram að eflingu mannréttinda í öllum heimshlutum.

Grundvöllur aðhalds og aðgerða á þessu sviði er fyrst og fremst Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna og hinir ýmsu samningar og samþykktir, sem gerðir hafa verið á alþjóðavettvangi eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Þess var minnst í desember síðastliðnum, að þá voru liðin 30 ár frá því að Mannréttindayfirlýsingin var gefin út af 48 ríkjum, en þeirra á meðal var Ísland. Það kom í minn hlut að flytja ávarp af þessu tilefni fyrir hönd Norðurlanda á sérstökum fundi allsherjarþingsins í New York, þar sem afmælisins var minnst. Texti ávarpsins er birtur í heild sem fylgiskjal með skýrslunni um starfsemi 33. allsherjarþingsins.

Ég legg áherslu á nauðsyn þess, að haldið verði áfram að styrkja undirstöðu mannréttinda í heiminum með frekari samningsgerð og með því að bæta aðstöðu Sameinuðu þjóðanna til að fylgjast með framkvæmd þessara mála og efndum samninga.

Í þessu sambandi vil ég láta þess getið, að einn Íslendingur, Jakob Þ. Möller, lögfræðingur, starfar nú í mannréttindadeild Sameinuðu þjóðanna og hefur verið þar um nokkurt árabil. Átti utanríkisráðuneytið hlut að því, að hann kom hingað til lands snemma á þessu ári til að flytja erindi um störf Sameinuðu þjóðanna að mannréttindamálum á ráðstefnu, sem Lagadeild Háskóla Íslands hélt um þau mál fyrir almenning í tilefni áðurnefnds afmælis Mannréttindayfirlýsingarinnar. Einnig efndi Félag Sameinuðu þjóðanna til kynningar í fjölmiðlum og ritgerðasamkeppni meðal unglinga vegna afmælisins.

Fyrir þessu þingi liggur tillaga til þingsályktunar um aðild Íslands að alþjóðasamningum um mannréttindi, þ. e. að ríkisstjórnin fái heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, ásamt bókun, og alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem samþykktir voru á 21. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York hinn 16. desember 1966. Samningar þessir gengu í gildi 1976 og hefur um skeið verið unnið að undirbúningi fullgildingar Íslands, svo sem nánar er vikið að í athugasemdum þingsályktunartillögunnar. Með því verður undirstrikuð enn frekar gagnvart öðrum þjóðum sú áhersla, sem við leggjum á aukinn veg mannréttinda í heiminum. Meira máli en aðild að samningum skiptir þó, að mannréttindi séu virt í reynd, svo sem hér á landi er og hefur verið.

VII. Þróunaraðstoð.

Stundum er staðhæft, að Íslendingar, fáir og dreifðir í stóru en harðbýlu landi, þurfi sjálfir svo mjög á að halda þeim fjármunum, sem þeir geta skapað, að ekki sé hægt að ætlast til að þeir leggi öðrum og fátækari þjóðum mikið til. Nokkuð kann að vera hæft í þessu. Hinir eru þó miklu fleiri meðal landsmanna, sem viðurkenna, að velmegun er hér slík, að ekki er stætt á öðru en að við tökum þátt í viðleitni auðugri þjóða til að létta undir með þeim, sem skemmra eru á veg komnir og sumar hverjar búa við mestu vesöld og hörmungar. Íslendingar hafa raunar oft sýnt mikla rausn í þeim efnum.

Þessi afstaða var staðfest með lögum um aðstoð Íslands við þróunarlöndin fyrir 8 árum. Þau tóku mið af því markmiði Sameinuðu þjóðanna, að stuðningur þróaðra ríkja við þróunarríki skyldi í lok áratugsins verða kominn upp í 1% af þjóðarframleiðslu, opinber aðstoð 0.7% og aðstoð einkaaðila 0.3%.

Skemmst er frá því að segja, að mjög skortir á að við Íslendingar séum komnir í námunda við þetta takmark. Samkvæmt fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir, að opinber aðstoð við þróunarlöndin nemi samtals um 322 milljónum króna eða aðeins tæpum 0.05% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Nánari sundurliðun framlaga er að finna í töflu með skýrslu þessari. Þar er einnig samanburður við nokkur undanfarin ár, sem sýnir, að eftir nokkra hækkun fyrir tveimur árum er nú tæpast haldið í horfinu. Og heildaraðstoðin er ennþá töluvert innan við 1/10 af því, sem Alþingi á sínum tíma setti sér, að hún skyldi verða á árinu 1980. Sú fjárhæð, sem ríkisaðstoðin ætti að nálgast er nálægt 4.6 milljörðum miðað við núverandi áætlun um þjóðarframleiðslu.

Þegar staða þessara mála hjá okkur er skoðuð í ljósi framlaga annarra ríkja, kemur m. a. fram, að Svíar, Norðmenn og Danir hafa ýmist þegar náð áðurnefndu marki eða eiga skammt í land. Fjórða Norðurlandaþjóðin, Finnar, veitir hlutfallslega þrefalt meiri aðstoð en við. Er því ljóst, að mál þetta verður að grannskoða við gerð næstu fjárlaga.

Um íslensku aðstoðina er það annars að segja, að í september hófst framkvæmd fyrsta tvíhliða aðstoðarverkefnis, sem stofnunin Aðstoð Íslands við þróunarlöndin undirbýr og gerður er samningur um milli Íslands og eins þróunarríkis. Er það aðstoð við Kenyu til uppbyggingar fiskveiða, sem þannig markar byrjun nýs kafla í þróunaraðstoð okkar, en áður hafa framlög héðan farið til fjölþjóðlegra aðstoðarverkefna. Jafnframt er nú í undirbúningi svipuð, en þó að öllum líkindum víðtækari, tvíhliða aðstoð við Cap Verde-eyjar einnig á sviði fiskveiða. Og áhugi er á að verða við óskum Tanzaníumanna um sérfræðiaðstoð héðan til að greiða fyrir nýtingu jarðhita þar í landi, en hvað úr því máli verður, mun velta á fjárveitingum næsta árs.

Ég tel eðlilegt að stuðningur okkar við þróunarríki beinist í vaxandi mæli inn á þá braut, sem hér er mörkuð, að veita þeim hlutdeild í sérfræðiþekkingu okkar og reynslu. Í þessa átt stefnir einnig samningur við Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sem fyrir skemmstu var undirritaður, um að hér verði komið á fót þjálfunarstarfsemi og fræðslu á sviði jarðhitanýtingar, aðallega ætlaðri til að greiða fyrir því, að þróunarríki, er búa yfir þessari orkulind, geti fært sér hana í sem víðtækust nyt sem fyrst. Orkustofnun mun annast starfsemi þessa með tilstyrk Háskóla Íslands og væntanlega fleiri aðila hérlendis. Unnið hefur verið að undirbúningi þessa máls í nokkur ár. Ánægjulegt er, að það skuli nú vera komið heilt í höfn, en fyrstu styrkþegar eru væntanlegir í sumar og ráðgert að þeir verði 5—10 árlega næstu árin.

Loks ber að geta þess, að við munum verða aðilar að norrænni aðstoð í tengslum við Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) til eflingar fjölmiðlun í Afríku. Er þetta nýtt aðstoðarverkefni til viðbótar norrænum verkefnum í Kenyu, Tanzaníu og Mósambíque, sem við eigum nú þegar hlut að.

VIII. Öryggismál.

Í tveim heimsstyrjöldum á þessari öld hafa stórveldi meginlandsins staðið annars vegar, en stórveldi Atlantshafsins hins vegar. Óttast var, að enn kynni að fara á sömu leið. Til að koma í veg fyrir það voru mynduð Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið. Milli þeirra hófst „kalt stríð", og oft á tíðum virtist friður hanga á bláþræði.

Smám saman hefur myndast valdajafnvægi á þessu svæði og hættan á þeim ófriði, er gæti leitt til kjarnorkustyrjaldar, hefur virst minnka. Ástæða er til að trúa, að hvorki ráðamenn Bandaríkjanna né Sovétríkjanna hafi hug á slíkum ófriði, en þó er tortryggni nógu mikil til þess, að stöðugt vígbúnaðarkapphlaup hefur haldið áfram. Að vísu hafa risaveldin bæði undirritað slökunarsáttmálann frá Helsinki og gert með sér samkomulag um takmörkun kjarnorkuvopna, eiga raunar öðru slíku rétt ólokið. Af þessu hefur leitt, að eftirlit þeirra hvors með vopnabúnaði og athöfnum hins hefur fengið stóraukna þýðingu.

Þau ríki, sem eru aðilar að bandalögunum tveim, byggja varnir sínar undantekningalítið á skjótum liðsauka frá viðkomandi risaveldi, ef til ótíðinda dregi. Er því gert ráð fyrir miklum flutningum í lofti, á landi og sjó. Eftirlitskerfi eru nú talin svo fullkomin á báða bóga, þar á meðal úr gervihnöttum, að snemma mundi sjást aðdragandi meiri háttar viðburða, og því gæfist tími til mótaðgerða.

Þýðing Íslands í þessu kerfi hefur frá upphafi verið mikil og byggst á samgönguleiðum á sjó og í lofti. Þar við hefur á síðari árum bæst, að kafbátar eru nú búnir eldflaugum með kjarnorkuvopnum. Þá hefur þýðing landsins í eftirlitskerfinu farið stöðugt vaxandi.

Erfitt er að deila um þann frið, sem Evrópa hefur uppskorið vegna valdajafnvægis bandalaganna tveggja. Engu að síður er haldið fram þeirri gagnrýni, að slík bandalög auki á vígbúnað, og víst er, að nýjustu og dýrustu vopn koma yfirleitt fram á vegum þeirra.

Í sambandi við 30 ára afmæli Atlantshafsbandalagsins hafa verið umræður um uppruna þess og þróun. Hefur verið bent á aðra kosti, sem þátttökuríkjunum hafa staðið opnir, en engir þeirra hefðu getað náð þeim árangri, sem raun ber vitni. Hinar torsóttu leiðir slökunar og afvopnunar virðast líklegastar til að draga úr þýðingu bandalaganna án þess að hætta skapist á nýjum ófriði. Skyndilegar breytingar, sem raska núverandi valdajafnvægi, gætu skapað hættur á nýjum átökum.

Varnarmáladeild.

Starfsemi varnarmáladeildar var á árinu 1978 með hefðbundnum hætti.

Ýmsar nefndir hafa s. l. ár unnið á vegum deildarinnar. Má þar telja almannavarnanefnd, nefnd um varnir gegn mengun frá varnarsvæðunum, verktökunefnd, stjórnarnefnd Fríhafnar, nefnd um tekjustofna Keflavíkurflugvallar og rekstur Fríhafnar, og flugstöðvarnefnd.

Störf ofangreindra nefnda hafa í sumum tilfellum verið nokkuð yfirgripsmikil og verða ekki rakin hér. Þó er ástæða til að taka sérstaklega fram, vegna umræðna á Alþingi um mengunarmál, að mikið átak hefur verið gert í umhverfismálum Keflavíkurflugvallar á s. l. ári. Var um 60 000 m^2 svæði innan varnarsvæðisins tyrft og sáð í margfalt stærra svæði. Olía við flugskýli var hreinsuð og fyrir liggur, að á vegum varnarliðsins verði gengið tryggilega frá skólpræsi í sjó fram frá radarstöðinni við Sandgerði. Er allt yfirbragð vallarins nú mun betra en áður.

Áætlað er að í ágúst n. k. taki til starfa við vallarsvæðið sorpeyðingarstöð fyrir öll sveitarfélögin á Suðurnesjum, sem eiga stöðina og reka hana. Mun allt sorp af flugvellinum framvegis fara til þessarar stöðvar. Verður staðfastlega að því unnið að halda áfram framangreindu umbótastarfi og nægir að benda á nýlega skipun nefndar um varnir gegn mengun í því sambandi.

Á árinu 1978 var lokið við þriðja áfanga um byggingu íbúðarhúsnæðis á flug-

vellinum fyrir varnarliðsmenn, sem grundvallast á samkomulaginu við Bandaríkjastjórn frá 1974. Er nú þannig komið, að svo til engir hermenn búa utan varnarsvæðisins.

Samkvæmt samkomulaginu frá 1974 var unnið að ýmsum framkvæmdum til að stuðla að auknu flugöryggi á Keflavíkurflugvelli. Merkasta framkvæmdin er bygging nýs flugturns, sem tekinn verður í notkun á miðju þessu ári. Endanlegur kostnaður við bygginguna er álitinn verða rúmir þrír milljarðar íslenskra króna. Töluverðar umbætur voru gerðar innanhúss í flugstöðvarbyggingunni á árinu og fyrirhugaðar eru frekari umbætur utanhúss á komandi sumri.

Fundur um úthlutun framkvæmda til verktaka var haldinn í Norfolk í október á s. l. ári eins og áður. Sérstök nefnd, sem áður hefur verið vikið að, kannaði á árinu með hverjum hætti unnt er að breyta verktöku fyrir varnarliðið, en endanleg umsögn nefndarinnar mun ekki liggja fyrir fyrr en um mitt þetta ár.

Góð samvinna var við varnarliðið eins og t. d. milli björgunarsveitar þess og ýmissa íslenskra aðila. Varnarliðið hljóp auk þess undir bagga við hinar tíðu bilanir á sæsímastrengjunum Icecan og Scotice og lánaði fjórar fjarskiptalínur til Pósts- og símamálastjórnarinnar.

Ný reglugerð var gefin út um tollfrjálsar verslanir á Keflavíkurflugvelli og úttekt gerð á rekstri Fríhafnarinnar. Var skipaður af því tilefni sérstakur fjármálastjóri og vinnur hann að endurskipulagi á allri fjármálastjórn fyrirtækisins.

IX. Flugmál.

Millilandaflug hefur á síðustu áratugum orðið veigamikil atvinnugrein fyrir Íslendinga, sem að auki hefur þá ómetanlegu þýðingu að tryggja góðar samgöngur við umheiminn, en þær eru m. a. undirstaða ferðamála.

Millilandaflug er hvarvetna háð ströngum reglum, og er jafnan þörf ítarlegrar samningagerðar milli viðkomandi ríkja. Hefur meðferð þeirra mála orðið sívaxandi verkefni utanríkisráðuneytisins á undanförnum árum og gerst því flóknara, sem samkeppni hefur aukist á þessu sviði.

Þýðingarmesta flugleið Íslendinga hefur verið milli Luxemborgar og Bandaríkjanna með viðkomu í Keflavík. Þetta flug hefur því aðeins getað þróast svo ævintýralega, sem raun ber vitni, að góð samvinna hefur tekist við yfirvöld í Luxemborg og Bandaríkjunum varðandi lendingarrétt og fleiri atriði.

Þetta flug er nú í hættu vegna stóraukinnar samkeppni og mikillar lækkunar fargjalda hjá öðrum. Hefur framtíð þessa flugs verið umræðuefni utanríkisráðuneytis (í samvinnu við samgönguráðuneyti) við æðstu opinbera aðila í báðum áðurnefndum löndum, án þess að niðurstöður hafi enn fengist. Mun þurfa að halda fast á þessum málum, ef vel á að takast.

Annar þáttur er flugleiðin milli Glasgow og Kaupmannahafnar. Hafa bresk stjórnvöld farið fram á, að Flugleiðir taki ekki farþega, sem aðeins ferðast milli þessara borga. Viðræður um þetta mál fóru fram í júlí s. l. og síðan í London í janúar. Náðist samkomulag um fækkun á þessum ferðum úr þrem í tvær í viku.

X. Utanríkisviðskipti 1978.

Framkvæmd utanríkisviðskipta er að langmestu leyti á vegum viðskiptaráðuneytisins, og er eftirfarandi yfirlit frá því komið.

Þrátt fyrir verðbólguna innanlands og ýmsa efnahagserfiðleika erlendis var þróun utanríkisviðskipta okkar á árinu 1978 mjög hagstæð. Í fyrsta sinn í mörg ár var sem næst jöfnuður í vöruskiptum við útlönd, enda jókst útflutningurinn um 18.3% en innflutningurinn um aðeins 2.6%, hvort tveggja miðað við fast gengi. Ástæður fyrir þessu eru einkum metafli, hátt verð fyrir sjávarafurðir og ál og tiltölulega opnir markaðir fyrir sjávarafurðir okkar.

Fram eftir árinu 1978 ríkti samt veruleg óvissa um sölu á skreið til Nígeríu og saltfiski til Portúgal. Þessi mál leystust farsællega fyrir atbeina og aðgerðir útflytjenda og stjórnvalda, svo að næstum engar birgðir voru af skreið og saltfiski í landinu um áramótin.

Í báðum þessum þýðingarmiklu markaðslöndum, Nígeríu og Portúgal, hafa efnahagserfiðleikar verið þrándur í götu viðskiptanna, en ekki minnkandi eftirspurn og þörf fyrir fisk. Af hálfu Portúgala hefur verið lögð mikil áhersla á, að Íslendingar keyptu meira af portúgölskum vörum og þjónustu til þess að gera þeim kleift að halda áfram saltfiskkaupum. Ríkisstjórnin hafði fullan skilning á þessu vandamáli og beitti sér fyrir því að auka innkaupin frá Portúgal með þeim árangri að sala tókst á öllum saltfiski, sem framleiddur var fyrir Portúgal. Samið var um kaup frá Portúgal m. a. á olíu og bensíni, tveim togurum, straumbreytum og ýmsum tækjum og hlutum fyrir Hrauneyjarfossvirkjun. Er nauðsynlegt að halda áfram viðleitni til að örva vörukaup frá Portúgal og standa þá vonir til, að eðlileg saltfiskviðskipti geti haldið áfram.

Efnahagskreppan, fyrst eftir olíuverðhækkanirnar 1973 og hægfara bati síðan með áframhaldandi atvinnuleysi í mörgum löndum, hefur óhjákvæmilega haft áhrif á alþjóðaviðskiptin. Talsvert hefur borið á verndaraðgerðum, sérstaklega fyrir þær iðngreinar, sem eru verst settar, svo sem skipasmíðar og framleiðsla á járni og stáli, pappír og vefnaðarvöru. Þessar aðgerðir hafa þó ekkert bitnað á útflutningi okkar, sem hefur yfirleitt notið góðs markaðar og tollfrelsis í löndum EFTA og Efnahagsbandalagsins. **Að geta selt flestar útflutningsvörur okkar til 15 Evrópulanda án innflutningshafta eða tolla eru mikil fríðindi, sem yrðu fyrst að fullu metin, ef þau töpuðust. Áhrifin hafa einkum birst í hærra verði afurðanna frekar en í tilflutningi vara milli landa. Ef greiddur hefði verið venjulegur tollur á útflutningi okkar til Efnahagsbandalagsins árið 1978, hefði greiðslan orðið um 4200 milljónir króna og er þá umreiknað til gengis í árslok 1978. Tollalækkanirnar á sjávarafurðum hafa numið um 3 milljörðum króna, en á iðnaðarvörum um 1.2 milljarða kr. Má telja, að þessi tollfríðindi hafi að miklu leyti komið landinu til góða í hækkuðum útflutningstekjum.**

Flóknara er að reikna ávinninginn af tollalækkunum vegna útflutnings til EFTA-landanna, þar eð mismunandi tollar gilda í EFTA-löndunum, en ekki eins og í EBE einn ytri tollur fyrir hverja vörutegund. Ljóst er samt, að tollfríðindin í EFTA-löndum skipta minna máli en tollfríðindin í EBE.

Í fyrra gætti nokkuð tilflutnings á vörutegundum milli svæða og er athyglisvert, að útflutningur til EBE-landa jókst hlutfallslega úr 30% af heildarútflutningi 1977 í 32.1%. Gagnvart EFTA-löndum lækkar útflutningshlutfallið úr 14.6% 1977 í 12.9%, einkum vegna minni saltfisksútflutnings til Portúgal.

Í desember 1978 náðist samkomulag um viðskiptasamning milli EFTA og Spánar, en samningaviðræður höfðu þá staðið yfir á annað ár. Samningurinn tekur þó ekki gildi fyrr en öll EFTA-löndin og Spánn hafa staðfest hann, sem verður væntanlega á næsta ári. Með þessum samningi verður EFTA-löndunum tryggð svipuð aðstaða til viðskipta við Spán og Efnahagsbandalagið hefur haft samkvæmt samningi frá 1970. Í samningnum er gert ráð fyrir, að verndartollar á spönskum vörum í EFTA-löndunum lækki um 60%, en Spánn lækkar tolla sína á vörum frá EFTA-löndum um 25% eða 60%. Er þar einkum um að ræða iðnaðarvörur, en tollur á saltfiski lækkar um 25% eða úr 10% tolli niður í 7.5%.

EFTA hefur einnig tekið upp nánara samband við annað land, Júgóslavíu, og var í fyrra stofnuð sameiginleg nefnd beggja aðila til að vinna að aukinni samvinnu þeirra á milli.

Á næstu árum er reiknað með, að Grikkland, Spánn og Portúgal gerist aðilar að Efnahagsbandalaginu og eru samningar um inngöngu þessara landa í Efnahagsbandalagið þegar hafnir. Við stækkun bandalagsins koma fríverslunarsamningar EFTA-landanna til að ná einnig til nýju aðildarríkjanna, en gera þarf á þeim breyt-

ingar og þá m. a. ákveða lengd tollalækkunartímans, bæði hjá nýja aðildarríkinu og EFTA-löndunum. EFTA mun væntanlega hafa það hlutverk að samræma afstöðu EFTA-landanna til þeirra breytinga, sem leiða af stækkun Efnahagsbandalagsins, þótt Efnahagsbandalagið komi til með að semja við hvert og eitt EFTA-landanna út af fyrir sig. Með stækkun Efnahagsbandalagsins eykst þýðing fríverslunarsamninganna og hið sérstaka samband EFTA-landanna og Efnahagsbandalagsins, byggt á gagnkvæmum viðskiptafríðindum, styrkist.

Mikið hefur verið rætt um nánara samstarf einstakra EFTA-landa og Efnahagsbandalagsins á ýmsum sviðum, sem ákvæði fríverslunarsamninganna ná ekki til, svo sem umhverfismál, vörumerki, einkaleyfi, vísinda- og rannsóknasamstarf og flutningamál. Ekki hefur verið um virka þátttöku okkar að ræða í þessum athugunum, þar sem ekki liggur ljóst fyrir, að þetta samstarf hafi sérstakt gildi fyrir okkur. Samt er sjálfsagt að fylgjast með framvindu þessara mála og taka afstöðu til þeirra, eftir því sem tilefni gefst til.

Það hefur sýnt sig, að fríverslunarsamningurinn við EBE hefur haft vaxandi þýðingu fyrir okkur, eftir að bókun nr. 6 um fríðindi fyrir íslenskar sjávarafurðir í Efnahagsbandalagslöndunum tók gildi 1. júlí 1976. Útflutningur á sjávarafurðum, sem falla undir bókun nr. 6, til Efnahagsbandalagslanda hefur aukist eins og hér segir, og eru tölurnar umreiknaðar til gengis í árslok 1978:

	1975	1976	1977	1978
Útflutningur bókunarafurða, millj. kr. ..	10 788	13 888	26 400	37 065
Hlutfall af heildarútflutningi	10.2	9.6	15.0	23.4

Að verðmæti var þessi útflutningur til EBE um þrisvar og hálfu sinni hærri í fyrra en 1975, árinu áður en bókun nr. 6 tók gildi, og hlutfall af heildarútflutningi hefur á sama tíma hækkað úr 10.2 í 23.4.

Mest munar um aukningu á útflutningi freðfisks til Efnahagsbandalagslandanna, en árið 1975 voru flutt þangað 2643 tonn af freðfiskflökum, en 1978 14570 tonn. Í fyrra jókst einnig útflutningur á ísfiski til Bretlands eftir að löndunarbanni á íslensk fiskiskip hafði verið aflétt. Þar með voru síðustu eftirhreyturnar af fiskveiðideilunni við Breta úr sögunni. Þannig hefur á undanförnum árum tekist að tryggja betri markaðsaðstöðu fyrir sjávarafurðir okkar heldur en nokkru sinni fyrr um leið og viðurkenning hefur fengist fyrir 200 mílna fiskveiðilögsöguna.

Útflutningur iðnaðarvara hefur einnig aukist til EFTA- og Efnahagsbandalagslanda á þessum áratug eins og eftirfarandi tölur sýna:

	Millj. kr.	Hlutdeild af heildarútfl.	Millj. kr.	Hlutdeild af heildarútfl.	Aukning miðuð við U.S.$
EBE-EFTA	650.6	6.9%	21 859.2	12.4%	988%
Þar af ál	519.1	5.5%	16 361.4	9.3%	920%
Mism. aðrar iðnaðarvörur	131.5	1.4%	5 497.8	3.1%	1 259%

Á vegum GATT hafa nú staðið yfir í 5 ár samningaviðræður um tollalækkanir, afnám annarra viðskiptahafta og almennar reglur um alþjóðaviðskipti. Stefnt var að því að ljúka þessum viðræðum fyrir síðustu áramót, en það tókst ekki. Samningaviðræður þessar eru mjög flóknar, því að hér er ekki aðeins um að ræða samning um tollalækkanir heldur einnig um ýmis önnur mál, sem varða alþjóðaviðskipti svo sem opinber innkaup, tollvöruverð, niðurgreiðslu- og jöfnunartolla, vörufölsun og eftirlíkingar. Í Tókíó-viðræðunum taka 98 ríki þátt, en í reynd hafa samningarnir mætt mest á stærstu viðskiptaheildunum svo sem Efnahagsbandalaginu, Bandaríkjunum og Japan. Þótt samkomulag hafi náðst um mörg atriði milli einstakra landa og um marga málaflokka, hefur þó ekki ennþá náðst heildarsamkomulag milli stærstu viðskiptaþjóðanna, en vonir standa til, að svo verði á fyrri hluta þessa árs. Þær almennu viðskiptareglur, sem stærstu viðskiptaþjóðirnar semja um, munu síðan

gilda um viðskipti flestra landa og þær tollalækkanir, sem samið er um, munu einnig gilda í viðskiptum allra GATT-landa.

Mikið er undir því komið, að samkomulag náist á Tókíó-viðræðunum, því að annars er hætta á því, að ýmsar þjóðir muni grípa til ráðstafana, sem verða til að draga úr alþjóðaviðskiptum og koma í veg fyrir áframhaldandi þróun frjálsra alþjóðaviðskipta. Að þessu leyti skipta niðurstöður samninganna Ísland verulegu máli. Hins vegar hefur ekki verið talin ástæða til að leita eftir sérstökum tollalækkunum fyrir íslenskar útflutningsvörur, bæði vegna þess, hve litla þýðingu tollar hafa nú fyrir útflutning okkar og einnig vegna þess, hve samningsaðstaða okkar er veik, þar eð við höfum lítið að bjóða í staðinn. Þó hefur verið farið fram á við Bandaríkin, að tollur á freðfiskflökum yrði lækkaður eða afnuminn, en hann er nú í reynd aðeins tæplega 2% af verðmætinu, og ennfremur að tollur af ullarvörum yrði lækkaður.

Samkvæmt GATT-sáttmálanum njóta íslenskar vörur bestu-kjara meðferðar í Bandaríkjunum, en við höfum engan tvíhliða viðskiptasamning við Bandaríkin, þótt þau séu langstærstu kaupendur af íslenskum afurðum. Viðskiptasamningurinn frá 1943 féll úr gildi, þegar Ísland gerðist aðili að GATT 1967, og eiga viðskipti landanna sér síðan stað á grundvelli GATT-sáttmálans.

Viðskiptin við flest Austur-Evrópuríkin byggjast á viðskiptasamningum, sem gilda í mörg ár í senn. Árlegar viðskiptaviðræður fara fram við helstu viðskiptalönd okkar í Austur-Evrópu — Sovétríkin, Tékkóslóvakíu og Pólland — og er tilgangur þeirra að greiða fyrir viðskiptum og leysa vandamál, sem upp kunna að koma. Í fyrra minnkuðu viðskiptin við Austur-Evrópulönd hlutfallslega, einkum útflutningur til Sovétríkjanna. Hins vegar jókst útflutningurinn mikið til Kína vegna sölu á áli og til Spánar, Brasilíu og Nígeríu.

Í þessum kafla um utanríkisviðskiptin er aðeins stiklað á stóru og sérstaklega gerð grein fyrir þeim viðskiptamálum, sem stjórnvöld hafa fjallað um á árinu, sem leið.

XI. Utanríkisþjónustan almennt.

Starfsemi utanríkisþjónustunnar var með hefðbundnum hætti á síðastliðnu ári. Stofnað var til nýs embættis, viðskiptafulltrúa við sendiráðið í París, í október s. l. Kostnaður við þá stöðu er greiddur af sérstakri fjárveitingu, sem Alþingi samþykkti til aukinnar vinnu að markaðsmálum. Of snemmt er að meta árangur af þessu starfi, en náið samstarf hefur verið haft við íslenska útflytjendur, sem væntanlega munu notfæra sér möguleika á aukinni þjónustu við markaðsleit á meginlandi Evrópu.

Gengið var frá kaupum á nýju húsnæði fyrir sendiherra Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.

Stofnað var til stjórnmálasambands við Barbados eyjar á árinu. Áformað er að skiptast á sendiherrum við Barbados og einnig við Grænhöfðaeyjar (Cap Verde).

Nýjar íslenskar ræðisskrifstofur voru opnaðar í 6 borgum erlendis, þ. e. í New Delhi á Indlandi, Bangkok í Thailandi, í Hong Kong, í Portimao í Portúgal og í borgunum Calgary og Edmonton í Kanada. Í undirbúningi er að opna ræðisskrifstofur í Manila, Dacca, Karachi, Colombo og Haag.

Ég ætla ekki að tíunda hér frekar hin fjölþættu daglegu verkefni sem unnið er að á vegum utanríkisþjónustunnar. Það yrði of langt mál.

Á næsta sumri verða 40 ár liðin, síðan Íslendingar tóku utanríkismál í eigin hendur við innrás Þjóðverja í Danmörku. Ef frá er skilið sendiráðið í Kaupmannahöfn, sem nær alla tíð hafði verið undir forustu Sveins Björnssonar, síðar forseta Íslands, má telja upphaf utanríkisþjónustunnar frá ákvörðun Alþingis í maí 1940.

Í eina tíð var deilt á Alþingi um það „bruðl" að hafa „tildurherra" í Kaupmannahöfn. Svipað sjónarmið hefur oft skotið upp kollinum, þegar skammsýnir menn hafa talið utanríkisþjónustuna þarflítið „tildur."

Þetta er hættulegur misskilningur. Utanríkisþjónusta er óhjákvæmileg fyrir sjálfstæða þjóð, sem vill standa með reisn í félagsskap annarra sjálfstæðra þjóða. Þetta hefur utanríkisþjónustu okkar tekist, enda þótt hún sé svo fáliðuð og févana miðað við verkefnið, að með ólíkindum verður að teljast. Er því fyrir að þakka, að í þjónustuna hefur valist margt afburða fólk, og þar er skilað verki, sem mörgum sinnum fjölmennari sveitir vinna fyrir aðrar þjóðir.

Ég enda þessa skýrslu með því að taka upp og taka undir lokaorð fyrrennara míns Einars Ágústssonar í síðustu skýrslu hans:

„Þegar þess er gætt, að í íslensku utanríkisþjónustunni starfa nú aðeins 39 menn, og hefur sú tala verið óbreytt s. l. 10—12 ár, má reyndar að mínu mati furðu gegna, hversu vel hefur tekist til um framkvæmd þeirrar utanríkisstefnu, sem ríkisstjórnir móta á hverjum tíma.

Ég tel, að tími sé kominn til þess, að við áttum okkur á því, að það kostar nokkuð að vera sjálfstæð þjóð og halda uppi sjálfstæðri utanríkisþjónustu. Sú skoðun er alltof útbreidd, að slík störf séu fólgin í samkvæmislífi og fánýtum hlutum. Eftir alllöng kynni mín af störfum þjónustunnar vil ég fullyrða, að fáir ef nokkrir vinni landi og þjóð meira gagn en einmitt þetta fólk.

Þess vegna er það áskorun mín til Alþingis, að þrátt fyrir erfiða tíma verði veitt það fjármagn, sem að bestu manna yfirsýn er nauðsynlegt til þess að íslenska utanríkisþjónustan geti eigi aðeins haldið áfram heldur aukið sitt þýðingarmikla starf.“

Skrá yfir framlög Íslands vegna þróunaraðstoðar árin 1973—1979 (í þús. kr.).

	1973	1974	1975	1976	1977	1978[1])	1979[1])
A. Langtíma þróunaraðstoð							
1. Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna (UNDP)	5 392	6 040	9 688	12 943	16 000	17 600	27 966
2. Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	15 392	21 392	54 028	43 863	80 000	114 000	114 000
3. Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal					74 000	38 000	54 000
4. Aðstoð Íslands við þróunarlöndin[2])	5 013	7 143	10 299	12 524	25 115	40 000	71 000
5. Alþjóðabankinn (IRBD), stofnfjáraukning						90 000	
6. Háskóli Sameinuðu þjóðanna (UNU), jarðhitadeild							33 200
Alls	25 682	34 575	74 015	69 330	195 115	299 600	300 166
B. Önnur aðstoð, reglubundin framlög[3])							
1. Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn (UNICEF)	1 669	2 400	2 169	2 915	3 517	4 000	5 900
2. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP)	394	351	714	775	1 154	1 160	2 454
3. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR)	1 288	1 003	1 349	1 577	1 972	2 130	4 602
4. Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við Palestínuflóttamenn (UNRWA)	1 013	1 193	1 984	2 408	2 761	2 890	5 369
5. Flóttamannaráð Íslands		800	1 050	555	425	800	800
6. Namibíusjóður Sameinuðu þjóðanna	84	86	149	174	193	210	921
7. Alþjóðanefnd Rauða krossins	126		278	675	407	360	932
8. S-Afríkusjóður Sameinuðu þjóðanna	84	86	149	174	193	210	921
Alls	4 658	5 919	7 842	9 253	10 622	11 760	21 899
Þróunaraðstoð samtals	30 340	40 494	81 857	78 583	205 737	311 360	322 065
Hlutfall af þjóðarframleiðslu viðkomandi árs	0,032%	0,029%	0,044%	0,030%	0,056%	0,058%	0,049%

Skýringar:

1. Skv. fjárlögum.
2. Þar af vegna þróunarverkefna í Kenyu og Tanzaníu í þús. ísl. kr.: 1973: 4 496; 1974: 7 698; 1975: 8 539; 1976: 5 400; 1977: 16 678. Ástæðan til lækkunar á árinu 1976 fólst í breyttu kostnaðarhlutfalli Íslands gagnvart hinum Norðurlöndunum í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar voru á framlögum til Sameinuðu þjóðanna, en við þá skiptingu er stuðst. Verulegum hluta af því fé, sem þarna sparaðist, þ. e. 4,5 milljónum króna, var síðan varið til undirbúnings nýs norræns verkefnis til eflingar landbúnaði í Mosambique, en það er nú hafið.
3. Framlög þessi má á vissan hátt flokka sem þróunaraðstoð, en sum þeirra eru þó e. t. v. fremur neyðarhjálp.

Ed. 568. Breytingartillaga [271. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu.

Frá Alexander Stefánssyni og Braga Nielssyni:

Á undan 1. gr. frv. komi ný grein, sem orðist svo:
14. gr. 3. tl. 4 orðist svo:

4. Stykkishólmsumdæmi.

1) Stykkishólmur H2, starfssvæði Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur, Miklaholtshreppur.
2) Grundarfjörður H1, starfssvæði Grundarfjörður, Eyrarsveit.
3) Búðardalur H2, starfssvæði Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur.

Nd. 569. Breytingartillaga [7. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá sjávarútvegsráðherra.

Við 3. gr. b-liður orðast svo:
50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru undir a-lið þessarar greinar, svo og öllu því, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða, skal varið sem hér segir:

1) 50% skal veitt til hagræðingar í fiskiðnaði og til þess að leysa sérstök staðbundin vandamál.
   Lánin skulu einkum veitt til tæknilegrar hagræðingar, svo sem til vélakaupa, endurnýjunar á vinnslurásum og til að koma upp kældum fiskmóttökum. Þar sem sérstaka nauðsyn ber til að tryggja atvinnuöryggi, koma í veg fyrir atvinnubrest eða ná fram hagkvæmari rekstrareiningum er þó einnig heimilt að veita lán til fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja í fiskvinnslu.
2) 40% skal varið til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra lána.
3) 10% skal renna í sérstakan sjóð til þess að greiða fyrir því, að útgerðaraðilar geti hætt rekstri úreltra fiskiskipa. Heimilt er að sameina þennan sjóð Aldurslagasjóði fiskiskipa og skal að því stefnt.

Ed. 570. Frumvarp til laga [277. mál]

um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969 um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, sbr. lög nr. 59/1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:
Ríkisstjórninni er einni heimilt að flytja inn tilbúin bruggunarefni, hverju nafni sem nefnast, þar með taldir hvers konar lifandi gerlar.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning vínanda, áfengis, tóbaks og annarra vara, sem ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja inn, sbr. 1. gr., og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjármálaráðherra í því skyni að afla ríkissjóði tekna. Þó getur fjármálaráðherra veitt öðrum aðilum heimild til innflutnings á lifandi gerlum, enda uppfylli þeir þau skilyrði, sem sett kunna að verða fyrir slíkri heimild.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal einni heimil starfræksla tóbaksgerðar og framleiðsla áfengra drykkja. Þá er öðrum en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins óheimilt að framleiða bruggunarefni, svo og hvers konar lifandi gerla, nema til komi sérstakt leyfi fjármálaráðherra.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra ákveður á hverjum tíma útsöluverð áfengis, tóbaks og annarra vara, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 1. gr. Álagningarhlutfall á vindlingum (sígarettum) og smávindlum (cigarillos) skal vera þannig, að samkeppnisaðstaða síðarnefndrar vörutegundar gagnvart vindlingum sé auðvelduð, eftir því sem atvik leyfa.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Vörur, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins flytur inn eða framleiðir og getið er í 1. og 2. mgr. 1. gr., hefur hún ein heimild til að selja innanlands. Þó getur fjármálaráðherra heimilað öðrum aðilum dreifingu á lifandi gerlum, enda uppfylli þeir þau skilyrði, sem hann telur nauðsynleg. Um endursölu áfengis hjá vínveitingahúsum fer eftir ákvæðum sérlaga.

5. gr.

Í stað 1. mgr. 7. gr. laganna komi tvær málsgreinar er orðist svo:

Áfengi og tóbak, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, skal merkt með nafni verslunarinnar og/eða merki hennar.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er skylt að verja 2‰ af brúttósölu tóbaks til greiðslu auglýsinga í sjónvarpi, hljóðvarpi, blöðum, kvikmyndahúsum og víðar, þar sem varað er við hættu af tóbaksreykingum. Um alla framkvæmd þessa skal haft samráð við stjórn Hjartaverndar og stjórn Krabbameinsfélags Íslands.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim aðilum, sem við gildistöku þessara laga eiga birgðir af tilbúnum bruggunarefnum svo og birgðir af hvers konar lifandi gerlum, er frjálst að selja þær fram til 1. janúar 1980. Að þeim tíma liðnum skal Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skylt að kaupa þær birgðir, sem viðkomandi aðilar kunna að eiga af framantöldum vörum, á verði, sem ákveðið skal af dómkvöddum matsmönnum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um og eftir 1970 tók að bera nokkuð á innflutningi og verslun með tilbúin bruggunarefni (öl- og víngerðarefni) í neytendaumbúðum. Framan af var um tiltölulega lítið magn að ræða en hins vegar hefur orðið mjög veruleg aukning innflutnings og verslunar með þessi efni síðastliðin þrjú til fjögur ár. Á þessu tímabili hefur a. m. k. eitt íslenskt fyrirtæki hafið framleiðslu á tilbúnum bruggunarefnum. Auk þessa hefur innflutningur og sala á hvers konar gerlum, bæði víngeri og pressugeri, verið algerlega frjáls síðan 1969 en þá var einkasala ÁTVR á pressugeri afnumin, sbr. lög nr. 63/1969. Ef umrædd efni eru fyrir hendi er næsta auðvelt að framleiða á tiltölulega skömmum tíma áfenga drykki. Raunin hefur og orðið sú, eins og flestum má reyndar vera kunnugt, að framleiðsla eða bruggun áfengra drykkja í heimahúsum og á vinnustöðum hefur aukist gífurlega í kjölfar hinnar frjálsu verslunar með umrædd efni.

Samkvæmt 7. gr. áfengislaga nr. 82/1969 er bannað að brugga eða búa til áfengi á Íslandi. Þetta skýlausa bannákvæði dugar skammt í baráttu við þá óheillavænlegu þróun sem átt hefur sér stað í þessum efnum á undanförnum árum, þar eð áfengislöggjöfin er að öðru leyti mjög ófullkomin og veitir ekki möguleika til að fylgja banni þessu eftir svo að vel sé. Skv. 2. gr. áfengislaganna er áfengi skilgreint á þessa leið: „Áfengi telst samkvæmt lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 2,25% af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, sem þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.“ Í skjóli þessa ákvæðis má segja að sala umræddra efna hafi þrifist. Þeir aðilar sem hafa séð um innflutning og dreifingu umræddra vara hafa einfaldlega bent kaupendum á hvernig þeir eiga að halda styrkleika „bruggsins“ innan lögleyfðra marka og hverju það varði fari hann fram úr lögleyfðu hámarki. Þess skal getið hér, að þó svo að 2. málsl. 2. gr. taki til dufts, sem leysa megi upp í vatni, þá nær ákvæðið ekki til umræddra efna, því að þótt þau séu leyst upp í vatni nægir það eitt sér ekki til þess að úr verði áfengur vökvi, heldur þarf a. m. k. að bæta við þau sykri og gerlum. Samkvæmt gildandi löggjöf verða brot á 7. gr. áfengislaganna varla sönnuð nema með því að staðreyna að áfengi hafi verið framleitt úr nefndum efnum. Til þess að svo megi verða þarf að hafa hendur í hári þeirra sem kaupa þessi efni í smásölu og framleiða eða brugga úr þeim áfenga drykki, t. d. í heimahúsum. Af skiljanlegum ástæðum hafa lögregluyfirvöld verið treg til aðgerða af þessu tagi. Á meðan söluaðilar umræddra efna geta skákað í því skjóli að brugga megi óáfenga drykki úr efnunum, þótt sá sé eðlilega ekki tilgangur þeirra sem kaupa þessi efni til bruggunar, má ljóst vera af framansögðu að þess er ekki að vænta að hægt verði að stemma stigu við ólöglegri bruggun hérlendis að óbreyttum lögum.

Nýlega var að tilhlutan fjármálaráðuneytisins athugað fræðilega hve mikið áfengi mætti framleiða úr því magni bruggunarefna sem stærsti innflutningsaðili þessara efna flutti inn á árinu 1978. Niðurstöður athugunar þessarar, sem unnin var af ölgerðarverkfræðingi, leiddu í ljós að úr ofangreindum efnum, sem aðeins umræddur aðili flutti inn, mátti a. m. k. framleiða áfengi sem samsvarar ca. 250 þúsund 0,7 lítra flöskum af brennivíni með 40% rúmmálsprósentu styrkleika.

Af því sem hér að framan hefur verið rakið má ljóst vera að auk þeirra alvarlegu félagslegu vandamála, sem fylgja eða fylgja kunna ástandi því sem nú ríkir í þessum málum, hefur ríkissjóður þegar orðið fyrir mjög verulegu tekjutapi af þessum sökum. Í þessu sambandi er vert að geta þess að tekjur ÁTVR af áfengissölu á s. l. ári voru ca. 1,5 milljarði kr. lægri en gert var ráð fyrir að þær yrðu samkvæmt fjárlögum 1978. Þá eru tekjur ÁTVR af áfengissölu á fyrsta ársfjórðungi þessa árs ca. 20% lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Verði ekkert aðhafst til að

hamla gegn þessari þróun hefur það í för með sér að tekjur ÁTVR verða a. m. k. 3 milljörðum kr. lægri í ár en gert var ráð fyrir að þær yrðu samkvæmt fjárlögum.

Í framhaldi af þessu skal þess getið að svipuð vandamál hafa verið uppi annars staðar á Norðurlöndum. T. d. gripu Svíar til þess ráðs í ársbyrjun 1978 að banna með lögum notkun á „extrakti“ og „koncentrati“ úr malti, þrúgusafa eða öðrum ávaxtasafa við framleiðslu á áfengi. Sala þessara efna (sem hér að framan hafa verið nefnd tilbúin bruggunarefni) er talin hlutdeild í brotum á þeim ákvæðum sem banna notkun efnanna við bruggun. Engu að síður er bruggun áfengra drykkja leyfileg í Svíþjóð ef aðeins er notast við ávexti, malt, ómalað korn o. s. frv. sem grunnefni og þess jafnframt gætt að áfengisstyrkleikinn fari ekki fram úr 4,5%. Þá gekk um síðustu áramót í gildi bann í Finnlandi við notkun tilbúinna bruggunarefna við bruggun áfengra drykkja. Þessar aðgerðir Svía og Finna eiga rætur sínar að rekja til þess, að tekjur ríkjanna af áfengissölu höfðu stórlækkað síðastliðin ár um leið og sala framangreindra efna, sem auðvelda bruggun áfengra drykkja afar mikið, hafði stóraukist. Þá hafa Danir og Norðmenn átt við sömu vandamál að stríða undanfarin ár og talið er líklegt að þeir grípi til svipaðra aðgerða og Svíar og Finnar hafa þegar gert.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórninni einni verði heimilt að flytja inn eða framleiða tilbúin bruggunarefni svo og hvers konar lifandi gerla. Þessi tilhögun hefur verið ríkjandi varðandi innflutning áfengis og tóbaks hérlendis. Með tilbúnum bruggunarefnum er einkum átt við „extrakt“ og „koncentrat“ (þykkni og sterkar lausnir) af malti, þrúgusafa eða öðrum ávaxtasafa sem sérstaklega eru framleidd til bruggunar á áfengu öli eða víni (svokölluðu hrávíni). Þeir tollflokkar, sem vörur þessar flokkast helst undir, eru tnr. 19.02.02 (maltextrakt), 20.07.11 til 20.07.70 (ávaxtakoncentrat) og 21.07.19 (þ. e. svokölluð bruggsett, en þar er um að ræða framangreind efni ásamt ýmsum öðrum hjálparefnum, eins og t. d. geri, hreinsiefnum o. fl., allt í sömu umbúðunum). Þá er nauðsynlegt, ef aðgerðir af þessu tagi eiga að bera raunhæfan árangur, að færa innflutning og sölu á lifandi gerlum aftur í hendur hins opinbera, en notkun gerla er nauðsynleg við bruggun áfengra drykkja. Lifandi gerlar eru nær einungis notaðir við bakstur (pressuger) og framleiðslu á öli, miði og víni (öl- og vínger) og flokkast í tnr. 21.06.01. Samkvæmt þessu frumvarpi er þó gert ráð fyrir að heimila megi öðrum aðilum en ÁTVR innflutning og sölu á gerlum enda uppfylli þessir aðilar skilyrði sem sett kunna að verða í því sambandi. Kemur einkum til álita að heimila öðrum aðilum innflutning á pressugeri enda verði tryggt að það verði einungis notað til brauð- og kökugerðar.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum hefur ríkisstjórnin ein heimild til innflutnings á vínanda, áfengi, tóbaki, vindlingapappír og eldspýtum. Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin öðlist einnig einkaleyfi til innflutnings á tilbúnum bruggunarefnum, hverju nafni sem þau kunna að nefnast, þar með töldum hvers konar lifandi gerlum. Undir þetta ákvæði fellur m. a. „extrakt“ og „koncentrat“ (þykkni eða sterkar lausnir) af malti, þrúgusafa eða öðrum ávaxtasafa sem sérstaklega er framleitt til notkunar við bruggun á öli og víni (svokölluðu hrávíni). Notkun þessara efna styttir verulega þann tíma sem annars tekur að brugga áfenga drykki, og krefst mjög lítillar verkkunnáttu, andstætt því sem raunin er þegar malt eða ávextir eru notaðir sem grunnefni við bruggun. Efni þessi auðvelda þannig mjög verulega bruggun áfengra drykkja. Skv. lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. flokkast umrædd efni einkum undir eftirtalin tollskrárnúmer: Tnr. 19.02.02 (maltextrakt), tnr. 20.07.11 til tnr. 20.07.70 að báðum meðtöldum (ýmiss konar ávaxtakoncentröt) og tnr. 21.07.19 (svokölluð bruggsett, þ. e. a. s. eitthvert framangreindra

efna, ásamt ýmsum hjálparefnum við bruggun, svo sem lifandi gerlar, hreinsiefni, sölt o. fl., allt í sömu umbúðunum). Þá falla undir ákvæðið hvers konar lifandi gerlar, sem flokkast undir tollskrárnúmerið 20.06.01, en hér er einkum um öl-, vín- og þressuger að ræða.

Um 2. gr.

Á sama hátt og gilt hefur um allar einkaleyfisvörur samkvæmt lögum nr. 63/1969 er lagt til að ÁTVR annist innflutning þeirra vara sem um er rætt í 1. gr. frumvarpsins, svo og að henni verði einni heimiluð framleiðsla þeirra eins og annarrar einkaleyfisvöru skv. lögum nr. 63/1969. Þó er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra geti veitt öðrum aðilum heimild til innflutnings á lifandi gerlum eða framleiðslu þeirra og bruggunarefna, enda uppfylli viðkomandi aðilar þau skilyrði sem sett verða og nauðsynleg eru talin til að tryggja að þessi efni verði eigi notuð í ólöglegum tilgangi. Kemur einkum til álita að veita öðrum aðilum en ÁTVR heimild til innflutnings á pressugeri.

Skv. 2. mgr. 2. gr. gildandi laga er ÁTVR einni heimil framleiðsla áfengra drykkja annarra en öls. Skv. 2. mgr. 7. gr. áfengislaga nr. 82/1969 er ríkisstjórninni hins vegar heimilt að leyfa tilbúning áfengs öls vegna sölu til erlends varnarliðs, er hér dvelur, eða til útflutnings. Þar sem ríkisstjórninni er heimilt að leyfa framleiðslu áfengs öls í þessum tilgangi sýnist mjög óeðlilegt að ÁTVR skuli óheimilt samkvæmt lagaboði að öðlast slíkt leyfi. Í ljósi þessa ósamræmis er því lagt til að orðin „annarra en öls“ verði felld niður úr 2. mgr. 2. gr. gildandi laga. Hér er í raun aðeins um samræmingu lagaákvæða að ræða, en ekki um neina efnislega breytingu, þar eð eftir sem áður er bannað að flytja inn eða framleiða áfengt öl fyrir innanlandsmarkað, sbr. 3. og 7. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Um 3. gr.

Greinin er samhljóða núgildandi 3. gr. að öðru leyti en því að fjármálaráðherra skal einnig ákveða verð þeirra vara sem um getur í 1. gr. þessa frumvarps.

Um 4. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 5. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að hún tekur og til dreifingar á þeim vörum sem um ræðir í 1. gr. þessa frumvarps og samkvæmt henni er ráðherra heimilt að veita öðrum aðilum en ÁTVR heimild til dreifingar á lifandi gerlum. Nægir í þessu sambandi að vísa til athugasemda við 2. gr. frumvarpsins að breyttu breytanda.

Um 5. gr.

Allar vörur sem ÁTVR selur ber samkvæmt gildandi lögum að merkja með nafni verslunarinnar og/eða merki hennar. Tæknilegir örðugleikar hafa valdið því að æ erfiðara hefur reynst að fá eldspýtur, sem ÁTVR flytur til landsins, merktar á þennan hátt. Er því lagt til að framvegis verði aðeins skylt að merkja á þennan hátt allt áfengi og tóbak sem ÁTVR selur.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða

Nauðsynlegt er að gefa aðilum, sem stundað hafa innflutning, framleiðslu og sölu þeirra efna sem samkvæmt frumvarpi þessu eru gerð að einkasöluvöru, nokkurn tíma til að losa sig við birgðir sem þeir kunna að eiga af þeim er lög þessi öðlast gildi. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Nd. 571. Breytingartillaga [190. mál]

við frv. til l. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979.

Frá Pálma Jónssyni.

Við 2. gr. frv. bætist:

Þó skal ríkissjóður standa að fullu undir afborgunum, vöxtum og öðrum kostnaði við 600 millj. kr. lántöku vegna skuldagreiðslna Rarik.

Ed. 572. Frumvarp til laga [278. mál]

um breyting á lögum nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu.

Flm.: Alexander Stefánsson, Bragi Nielsson, Oddur Ólafsson, Helgi F. Seljan.

1. gr.

Síðari málsliður 1. málsgr. 20. gr. laganna orðist svo.

Viðhalds- og endurnýjunarkostnaður fasteigna og tækja greiðist af hvorum aðila, þ. e. ríkissjóði og sveitarfélögum, miðað við eignarhlutfall.

2. gr.

4. málsgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður og sveitarfélög eru eignaraðilar í hlutfalli við framlag til sjúkrahúsbygginga, en greiða viðhald fasteigna miðað við eignarhlutfall.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir árslok 1979 skal endurskoða ákvæði laga þessara um kostnaðarskiptingu rekstrar milli ríkis, sveitarfélaga og sjúkrasamlaga í því skyni að einfalda kostnaðarákvæði og stefna að því að öll sveitarfélög sitji við sama borð varðandi kostnað við heilbrigðisþjónustu.

Greinargerð.

Lögin um heilbrigðisþjónustu, nr. 56/1973, sem tóku gildi 1. jan. 1974, mörkuðu vissulega djúp og heillarík spor til framfara á þessu sviði. Megintilgangur laganna kemur fram í 1. gr. þeirra: „Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.“

Einn mikilvægasti þáttur laganna, ekki síst fyrir landsbyggðina, er III. kaflinn um heilsugæslu, en heilsugæsla merkir í lögunum heilsuverndarstarf og allt lækningastarf, sem unnið er vegna heilbrigðra og sjúkra, sem ekki dveljast á sjúkrahúsum. Í samræmi við lögin frá 1973 er hafist handa um byggingu heilsugæslustöðva víðs vegar um land og læknisbústaðir teknir undir lögin, þar sem það er framkvæmanlegt.

Eftir gildistöku laganna 1. jan. 1974 var fastlega gert ráð fyrir, að settar yrðu reglugerðir um framkvæmd laganna, um ýmsa mikilvæga rekstrarþætti, og fast eftir

því leitað. Þetta hefur enn ekki verið gert, hverju sem um er að kenna. Urðu fljótlega árekstrar milli sveitarfélaga annars vegar og sjúkrasamlaga og heilbrigðisráðuneytisins hins vegar, hvernig túlka bæri kostnaðarhluta í rekstri heilsugæslustöðvanna.

Til dæmis kom strax í ljós, að útgjöld sveitarfélaga við rekstur þeirra heilsugæslustöðva, sem eru án tengsla við sjúkrahús, yrðu nær óviðráðanleg, þar sem engir tekjustofnar eru til að mæta þessum auknu útgjöldum. Þar við bætist, að sum sjúkrasamlögin telja sig ekki eiga að greiða til heilsugæslustöðva neinn hluta rekstrar.

Alþingi tók lögin til endurskoðunar 1978 og afgreiddi þau sem lög 5. maí 1978. Breytingar urðu ekki til bóta fyrir sveitarfélögin. Ekkert tillit var tekið til umsagnar og óska Sambands ísl. sveitarfélaga um ýmis mikilvæg atriði, sem þegar var vitað að nauðsynlegt var að breyta og samræma.

Ein helsta breytingin var að ríkissjóður og sveitarfélögin greiddu að jöfnu viðhald og endurnýjunarkostnað fasteigna og tækja heilsugæslustöðva og viðhald fasteigna sjúkrahúsa, þrátt fyrir að eignarhluti ríkisins í þessum mannvirkjum er 85% skv. lögum.

Fyrir þau sveitarfélög, sem reka sjúkrahús, kom þessi breyting algerlega á óvart, þar sem viðhaldskostnaður hafði áður verið greiddur í samræmi við eignarhlutfall. Mun þetta lagaákvæði hafa í för með sér verulegar fjárhagsbyrðar, sem leggjast þyngst á þau sveitarfélög sem standa ein að uppbyggingu og rekstri slíkra stofnana. Flutningsmenn láta fylgja hér með umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, dags. 18/4 1978.

Í fjárlögum fyrir árið 1979 er framlag ríkissjóðs til viðhalds heilbrigðisstofnana 350 millj. kr. miðað við helmingaskiptareglu. Ef frv. þetta verður að lögum munu útgjöld ríkissjóðs til viðhalds heilbrigðisstofnana aukast um 70% (úr 50% í 85%), þ. e. á verðlagi 1979 um 245 millj. kr.

Ljóst er að lögin um heilbrigðisþjónustu hafa skapað nýtt viðhorf til þessa mikilvæga málaflokks og þegar fært okkur verulega nær því takmarki, að allir landsmenn eigi kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, enda þótt stór verkefni séu enn óleyst á þessu sviði. T. d. þarf að finna lausn á læknaskorti, sem nú fer vaxandi úti í dreifbýlinu. Heilbrigðismálin eru nú þegar fyrirferðarmesti útgjaldaflokkur í þjóðfélaginu. Það hlýtur því að teljast eðlilegt og raunar nauðsynlegt, að sífellt fari fram endurskoðun í þessum málaflokki öllum, þar með talin tryggingalöggjöfin, til að ná fram mestri hagkvæmni í öllum rekstri, og þess jafnan gætt að saman fari stjórn og fjármálaleg ábyrgð.

Flutningsmenn leggja áherslu á að viðhaldsþáttur laganna verði leiðréttur, en jafnframt verði hafin endurskoðun á ákvæðum laganna um kostnaðarskiptingu og tilhögun rekstrar milli ríkis, sveitarfélaga og sjúkrasamlaga til einföldunar og reynt að tryggja að öll sveitarfélög sitji við sama borð varðandi kostnað. Kemur þar vissulega til athugunar víðtæk breyting á hlutverki og tilveru sjúkrasamlaga.

En umfram allt vilja flutningsmenn að heilbrigðisþjónustan skili sem bestum árangri fyrir þjóðina í heild.

Fylgiskjal.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavík, 18. apríl 1978.

Frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, 240. mál, þskj. 455.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur á fundi sínum 14. þ. m. fjallað um framangreint frumvarp. Stjórnin vekur athygli á því, að nefnd sú, sem endur-

skoðaði lögin og hélt alls 40 fundi, leitaði ekki álits sambandsins varðandi reynslu sveitarfélaganna af núgildandi lögum um heilbrigðisþjónustu.

Stjórn sambandsins samþykkti á framannefndum fundi sínum að láta í té eftirfarandi umsögn um frumvarpið:

1) Varðandi nýmælin í 6. og 7. gr. frv. um breyting á læknishéruðum, skipan héraðslækna og stofnun heilbrigðismálaráða gerir stjórnin engar athugasemdir.
2) Stjórnin leggur til, að 20. gr. frv. orðist svo:
   20.1. Sérhæft starfslið í heilsugæslustöðvum, s. s. læknar, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður, sjúkraliðar og meinatæknar, skal skipað af ráðherra, enda sé skipun þess í samræmi við reglugerð, sem ráðherra setur skv. 19. gr. 2. mgr.
   20.2 Ríkisjóður greiðir laun sérhæfðs starfsliðs og suklu föst laun þess og yfirvinnugreiðslur vera í samræmi við gildandi kjarasamninga.
   20.3. Viðhalds- og endurnýjunarkostnaður fasteigna og tækja heilsugæslustöðva greiðist af eigendum stöðvanna í hlutfalli við eignaraðild þeirra, sbr. 18. gr. 3. mgr.
   20.4. Annar rekstrarkostnaður heilsugæslustöðva greiðist af hlutaðeigandi sjúkrasamlagi eða sjúkrasamlögum.
3) 21.1. gr. orðist svo:
   Í stað orðsins „sveitarstjórnum“ komi „stjórnum hlutaðeigandi sjúkrasamlags (sjúkrasamlaga).“
4) 22. gr. falli brott.
5) 30. gr. 5. mgr.
   Stjórnin gerir ekki athugasemd við nýmæli það, sem í grein þessari felst, þ. e. um gerð þróunar- og rekstraráætlunar.
6) 34. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Sveitarfélögum er skylt að taka þátt í kostnaði við byggingu heilsugæslustöðva í samræmi við ákvarðanir Alþingis á hverjum tíma.
7) 34. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Ríkissjóður og sveitarfélög eru eignaraðilar í hlutfalli við framlag til sjúkrahúsbygginga og greiða viðhald fasteigna og tækja í samræmi við þau eignarhlutföll.

Skv. 19. gr. 2. mgr. setur ráðherra með reglugerð ákvæði m. a. um læknafjölda og annað sérmenntað starfslið heilsugæslustöðva. Í samræmi við það virðist eðlilegt, að hann ráði slíkt starfslið og það taki laun úr ríkissjóði. Eins og 20. gr. 1. mgr. frv. er nú orðuð eiga læknar, tannlæknar, hjúkrunarfræðingar og ljósmæður að taka laun úr ríkissjóði, en ekki annað sérhæft starfslið, s. s. meinatæknar og sjúkraliðar o.fl.

Það er almenn regla, að eigendur fasteigna greiði viðhaldskostnað þeirra í eignahlutföllum. Engin rök virðast mæla með því að hafa annan hátt á varðandi viðhald heilsugæslustöðva, enda væri slíkt ranglátt.

Óeðlilegt og ósanngjarnt virðist, að sveitarfélög þau, sem staðið hafa að byggingu heilsugæslustöðvar, eigi að greiða allan rekstrarkostnað stöðvanna annan en laun tiltekinna heilbrigðisstarfsmanna og helming viðhalds, svo sem nú er gert ráð fyrir í 20. gr. frv. **og það er varðandi þetta ákvæði, sem megingagnrýni sveitarfélaga hefur komið fram varðandi núgildandi lög um heilbrigðisþjónustu. Dæmi er um, að slíkur kostnaður sveitarfélaga hafi (1977) greitt af þessum sökum sem svarar kr. 6 500 á íbúa,** til viðbótar þáttöku eða framlagi til sjúkrasamlags. Þessi kostnaður er ekkert annað en sjúkrakosnaður, m. a. lyf og umbúðir, sem eðlilegt er að hlutaðeigandi sjúkrasamlög greiði.

Stjórnin telur ákvæði frv. (og núgildandi laga) um þáttöku starfsliðs í stjórnun heilbrigðisstofnana í hæsta máta óeðlileg. Stjórnirnar fjalla fyrst og fremst um fjármál og skipulagsmál, þar sem eðlilegt er að kostnaðaraðilar fjalli um eða fulltrúar þeirra. Hér er eflaust um að ræða útfærslu á einhvers konar atvinnulýðræði, en þá

ris spurningin: Hví ekki að gefa fulltrúum sjúklinga kost á setu í stjórnunum? Heilbrigðistofnanir eru fyrst og fremst til fyrir þá, en ekki starfsfólkið. Þetta virðist stundum gleymast. Stjórn sambandsins gerir þó enga ákveðna tillögu um breytingar í þessu efni, en bendir á, að með sama hætti ætti starfslið stjórnarráðsins að tilnefna fulltrúa í ríkisstjórn og starfslið Alþingis að tilnefna nokkra þingmenn.

Framangreind umsögn stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga sendist hér með háttv. þingdeildarnefnd.

Virðingarfyllst,

Magnús E. Guðjónsson, frkvstj.

Heilbrigðis- og trygginganefnd neðri deildar, Alþingi, Reykjavík.

Ed. 573. Lög [159. mál]

um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

(Afgreidd frá Ed. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 273.

Ed. 574. Lög [90. mál]

um breyting á lögum nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 100.

Ed. 575. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 88 24. des. 1971, um 40 stunda vinnuviku.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt. Minni hluti skilar séráliti.

Alþingi, 30. apríl 1979.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. **Bragi Sigurjónsson, fundaskr.** **Ágúst Einarsson.**

Alexander Stefánsson. **Stefán Jónsson.**

Nd. 576. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til laga um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á 6 fundum, en því var vísað til nefndarinnar 19. mars. Samkomulag varð ekki um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, flytur nokkrar breytingartillögur á sérstöku þingskjali og leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem þar er gerð tillaga um. Einstakir nefndarmenn í meiri hlutanum, og þá einkum Kjartan Ólafsson, sem gegnt hefur formannsstörfum í nefndinni undanfarnar vikur, áskilja sér rétt til að vinna að frekari breytingum á 3. gr. frumvarpsins milli 2. og 3. umræðu um málið.

Minni hlutinn, þeir Matthías Á. Mathiesen og Ólafur G. Einarsson, mun skila séráliti.

Fjölmargir aðilar hafa verið kvaddir á fund nefndarinnar til viðræðna og varðandi upplýsingaöflun. Má þar m. a. nefna fulltrúa frá Húsnæðismálastofnun ríkisins, Ferðamálaráði, Landsvirkjun, frá tveimur samböndum lífeyrissjóða og frá fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Breytingartillögur meiri hl. nefndarinnar snerta níu greinar frumvarpsins.

Við 3. gr. frumvarpsins er gerð breytingartillaga við málsgrein sem í frumvarpinu er á þessa leið: „Ríkisstjórnin kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn skuli kaupa bréf af hvorum þessara fjárfestingarsjóða.“ Lagt er til að niður falli orðin „skuli kaupa“, en í staðinn komi orðið „kaupi“.

Við 9. gr. er gerð sú breyting, að heimild Framkvæmdasjóðs til erlendrar lántöku er hækkuð úr 3 950 millj. kr. í 4 450 millj. kr. Jafnframt er kveðið á um að Framkvæmdasjóður skuli lána Fiskveiðasjóði Íslands allt að 450 millj. kr. af fyrrnefndri upphæð til að mæta lækkuðum tekjum Fiskveiðasjóðs vegna laga nr. 3 frá 2. mars 1979.

Þær breytingar, sem tillaga er gerð um við frumvarpsgreinarnar númer 13, 15, 17, 18 og 19, eru allar af sama tagi. Samkvæmt frumvarpi um heimild til lántöku o. fl. er ráð fyrir því gert, að tekjur þeirra sjóða, sem fjallað er um í 12.—19. gr., skerðist um 10%. Tölur frumvarpsins eru fengnar með því að draga 10% frá þeirri upphæð sem áætlað var í desember s. l. að kæmi í hlut sjóðanna vegna lögbundinna framlaga og markaðra tekjustofna. Nú í apríl liggur hins vegar fyrir að heildartekjur sjóðanna með markaða tekjustofna yrðu að óbreyttum lögum nokkru hærri en áætlað var í desember, og er því nú lagt til að lágmarksframlög til einstakra sjóða eða samanlagðar tekjur einstakra sjóða verði miðaðar við 10% skerðingu frá nýjustu áætlun um það hvað tekjustofnar sjóðanna hefðu fært þeim að óbreyttum lögum. Hér er um nokkra hækkun á tekjum og framlögum til viðkomandi sjóða að ræða frá því sem frumvarpið gerði ráð fyrir, þar sem 10% skerðingin er í breytingartillögunum reiknuð frá hærri stofni en áður. — Tillaga um breytingu í 14. gr. felur í sér að bætt er í greinina setningarhlutanum: „og ákvæði laga nr. 3/1979, um útflutningsgjald af sjávarafurðum“. Breyting á lögum um útflutningsgjald hafði í för með sér lækkun á framlagi ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs. Í ljósi nýrrar spár um aflaverðmæti 1979 og laga nr. 3/1979, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, hefði framlag ríkissjóðs átt að nema um 1 342 millj. kr. Skerðing á framlagi ríkissjóðs um 10% jafngildir því að til sjóðsins rynnu um 1 208 millj. kr., en það er 67 millj. kr. lækkun frá fjárlögum. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að fjárlagatalan 1 275.5 millj. kr. standi óbreytt. Alls nemur þessi hækkun 600—700 millj. kr., en þar af fara rúmar 500 milljónir til Byggingarsjóðs ríkisins.

Við 20. gr. frumvarpsins er gerð sú breytingartillaga, að í stað þess, að allt að 10% af skilum Fríhafnarinnar til ríkissjóðs renni til Ferðamálasjóðs, er hér lagt

til að allt að 30% af þessum skilum renni til Ferðamálasjóðs. Samkvæmt núgildandi lögum, nr. 60/1976, um skipulag ferðamála, eiga hins vegar 10% af veltu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli að renna til Ferðamálasjóðs. Áætlað hefur verið að velta Fríhafnarinnar á árinu 1979 verði um 1 800 millj. kr., en skilin til ríkissjóðs um 480 millj. kr. Sé við þessa áætlun miðað hefðu óbreytt lög fært Ferðamálasjóði 180 millj. kr., samkvæmt frumvarpinu hefði sjóðurinn fengið 48 millj. kr., en samkvæmt breytingartillögunni 144 millj. kr.

Hér hefur verið gerð nokkur grein fyrir þeim breytingartillögum, sem við í meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar leggjum fram nú fyrir 2. umræðu málsins. Við mælum ekki með samþykkt annarra breytingartillagna.

Alþingi, 27. apríl 1979.

Kjartan Ólafsson, form., frsm. Halldór E. Sigurðsson, fundaskr. Bjarni Guðnason.
Vilmundur Gylfason. Þorbjörg Arnórsdóttir.

Nd. 577. Breytingartillögur [190. mál]

við frv. til laga um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   2. mgr. 3. gr. laga nr. 82/1977, um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlana 1978, hljóði svo:
   Að því marki, sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr., er Framkvæmdasjóði Íslands og Byggingarsjóði ríkisins skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Ríkisstjórnin kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn kaupi bréf af hvorum þessara fjárfestingarsjóða. Þá skal og öðrum stofnlána- og fjárfestingarsjóðum heimilt að gefa út og selja lífeyrissjóðum skuldabréf er fullnægja verðtryggingarákvæðum 1. mgr. að mati Seðlabanka Íslands, enda sé sala skuldabréfa þessara í samræmi við lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.
2. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Framkvæmdasjóði er heimilt að taka erlent lán á árinu 1979 að fjárhæð 4 450 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Framkvæmdasjóður skal lána Fiskveiðasjóði Íslands allt að 450 millj. kr. af fyrrnefndri upphæð til að mæta lækkuðum tekjum Fiskveiðasjóðs vegna laga nr. 3 frá 2. mars 1979.
3. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1979 ekki fara fram úr 723 600 þús. kr.
4. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, og ákvæði laga nr. 3/1979, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal

framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1979 ekki fara fram úr 1 275 500 þús. kr.

5. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði a-, b-, c- og d-liðar 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skulu samanlagðar tekjur Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt greindum stafliðum ekki fara fram úr 6 659 100 þús. kr. á árinu 1979.
   Fari tekjur skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1965 með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977, og skv. c-lið 2. mgr. 4. gr. laganna fram úr þessari fjárhæð skal það, sem umfram er, renna í ríkissjóð.
6. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966, um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1979 eigi fara fram úr 183 600 þús. kr.
7. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921, um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti á árinu 1979 ekki fara fram úr 180 000 þús. kr. Það, sem umfram kann að innheimtast á árinu 1979 af erfðafjárskatti, rennur í ríkissjóð.
8. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1979 eigi fara fram úr 94 500 þús. kr.
9. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976, um skipulag ferðamála, skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna eigi fara fram úr 30% af skilum Fríhafnarinnar til ríkissjóðs, að viðbættum 36 000 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.

Sþ. 578. Nefndarálit [31. mál]

um till. til þál. um Suðurnesjaáætlun.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Friðrik Sophusson, Jóhanna Sigurðardóttir og Jón G. Sólnes.

Alþingi, 30. apríl 1979.

Þórarinn Sigurjónsson, varaform.	Kjartan Ólafsson, fundaskr.	Ágúst Einarsson, frsm.

Stefán Valgeirsson.

Nd. 579. Breytingartillaga [226. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá Garðari Sigurðssyni.

1. gr. orðist svo:

Aftan við G 1. í 3. gr. laganna komi nýr liður:

G 2. A. Á tímabilinu frá 1. sept. til 30. nóv. er skipum, sem eru 20 m að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu utan línu sem dregin er 4 mílur utan við viðmiðunarlínu á eftirgreindu svæði:

Á svæði, sem afmarkast af línum réttvísandi 315° frá 66°23'6 N — 23°24'5 V og réttvísandi 0° (360°) frá 66°31'7 — 23°01'0 V.

B. Á tímabilinu frá 1. okt. til 30. nóvember er skipum, sem eru 20 m að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu utan línu sem dregin er 4 mílur utan við viðmiðunarlínu á eftirgreindu svæði:

Á svæði, sem afmarkast af línu réttvísandi 300° frá punkti 65°51'5 N — 24°13'0 V og 66°04'8 N og 23°57'0 V.

Sþ. 580. Tillaga til þingsályktunar [179. mál]

um heildarlöggjöf, skipulag og varnir vegna hættu af snjóflóðum og skriðuföllum.

Flm.: Helgi F. Seljan, Bragi Sigurjónsson, Stefán Valgeirsson, Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir að sett verði hið fyrsta, og eigi síðar en á árinu 1980, heildarlöggjöf um skipulag varna gegn tjóni af völdum snjóflóða og skriðufalla.

Við samningu löggjafarinnar verði m. a. höfð í huga eftirfarandi atriði:

a) Staðið verði skipulega að gagnasöfnun um snjóflóð og skriður sem fallið hafa og rannsóknum á staðháttum og veðurfarsþáttum á þeim stöðum þar sem búast má við hættu af völdum snjóflóða eða skriðufalla. Á grundvelli slíkra athugana verði landi skipt í svæði með tilliti til þessara þátta og settar reglur um nýtingu einstakra svæða.

b) Við skipulag byggðar gildi sú meginregla að byggja ekki hús til íbúðar eða atvinnurekstrar á svæðum, sem talið er af sérfróðum aðilum að snjóflóð eða skriðuföll geti náð til. Ekki verði hafin vinna við skipulag vegna byggðar á nýjum svæðum fyrr en fyrir liggur úttekt og afstaða réttra aðila með tilliti til ofangreindra þátta. Sé talið óhjákvæmilegt að byggja á slíkum svæðum liggi fyrir mótaðar tillögur um kröfur til bygginga, um varnarvirki, tilkostnað og fjármögnun við gerð þeirra, áður en afstaða er tekin til skipulagstillagna af yfirvöldum.

c) Gerðar verði tillögur um varanleg varnarmannvirki fyrir byggð á hættusvæðum, svo og fyrir mikilvægar samgönguleiðir, orkulínur, hitaveitur og önnur mikilvæg mannvirki.

300— 500	3,7	638	172
500— 750	2,5	262	105
750—1000	1,6	79	49
Meiri en 1000	1,3	78	60
Samtals		8 181	1 351

Árið 1978 var ekið slitlagi í 918 km af malarvegum og 1977 var ekið í 959 km eða sem svarar um 69% af þörf, ef tekið er meðaltal áranna 1977—78.

Mikið hefur verið unnið að endurnýjun eldri ræsa á vegum, því að mörg þeirra eru mjög illa farin, en allt of oft kemur það fyrir að ræsi eyðileggist og veldur það stórhættu fyrir umferðina. Þetta er m. a. vegna þess, að ekki hefur verið fjármagn fyrir hendi til að endurnýja gömlu ræsin. Á hverju ári er nokkuð unnið við að veita vatni frá vegum með því að grafa skurði og gera rásir meðfram vegunum.

Árlega þarf að nota mikið fjármagn til viðgerða á vorskemmdum og kemur það til vegna þess, hve burðarlag veganna er þunnt.

Árið 1978 skiptist kostnaður við viðhald malarvega sem hér segir:

Eftirlit og hreinsun	110	m. kr.
Umferðarmerki, stikur, leiðarar	34	—
Mölburður	722	—
Ræsi, skurðir, rásir	109	—
Viðgerðir á malarvegum	108	—
Ýmis kostnaður	38	—
Samtals	1 121	m. kr.

2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Á síðasta ári var varið til viðhalds vega með bundnu slitlagi 220 m.kr., sem skiptast í eftirfarandi kostnaðarliði:

Eftirlit og hreinsun	8	m.kr.
Umferðarmerki, stikur, leiðarar	13	—
Vegmálun	23	—
Umferðarljós, lýsing	13	—
Yfirlagnir	145	—
Axlir	9	—
Viðgerðir	9	—
Samtals	220	m.kr.

Fjármagnsþörf til viðhalds vega með bundnu slitlagi er fundin miðað við að um sé að ræða olíu- eða malbiksslitlag. Af öllum vegum með bundnu slitlagi eru 47 km eða um 20% með steyptu slitlagi sem hefur ekki þurft að endurnýja enn þá.

Vegna þessa er útreiknuð fjármagnsþörf til viðhalds vega með bundnu slitlagi of há í dag, en er rétt sé litið til lengri tíma. Á næstu árum mun verða nauðsynlegt að endurnýja slitlag steypta hluta Reykjanesbrautar vegna hjólfaramyndunar, og mundi það kosta um 350 m.kr. miðað við malbik á verðlagi í ágúst 1978.

2.2.1.3. Viðhald brúa.

Gert er ráð fyrir að svipað hlutfall af viðhaldsfé renni til viðhalds brúa og undanfarin ár. Vegna þess hve endurbyggingu brúa miðar hægt er viðhaldsþörfin meiri en hún væri við eðlilegar aðstæður. Má því gera ráð fyrir að þessar fjárveitingar reynist ónógar eins og þær hafa verið undanfarin ár.

2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Gert er ráð fyrir að 25—38 m.kr. verði varið á hverju ári til viðhalds varnargarða. Erfitt er að áætla þessar framkvæmdir fram í tímann, en tölurnar eru miðaðar við reynslu fyrri ára og fyrirsjáanlega þörf á viðhaldi garða á Skeiðarársandi.

2.2.1.5. Vegheflun.

Á síðasta ári varð kostnaður við heflun malarvega 542 m.kr., þrátt fyrir mjög strangt aðhald og að reynt var að minnka heflun eins og unnt var vegna fjárskorts.

Vegheflun er ekki unnt að minnka neitt að ráði, því að verði langt tímabil á milli heflinga myndast djúpar og stórar holur, sem auk þess að vera hvimleiðar fyrir umferðina valda því, að næsta heflun verður mun dýrari.

Fjármagnsþörfin til heflunar er fundin þannig, að settar eru ákveðnar gæðakröfur um yfirborðssléttleika. Til þess að hægt sé að ná þeim yfirborðssléttleika verður að vera malað efni í slitlagi og auk þess rykbundið. Þar sem þessum tveim síðustu skilyrðum er ekki fullnægt, er á þessu stigi ekki hægt að ná þeim gæðum sem notuð eru sem forsendur við útreikning á fjármagnsþörf. Af þessum ástæðum er lagt til að fjárveiting til heflunar yfir áætlunartímabilið verði aðeins 66% fyrir árið 1979 og aukist í 79% í lok áætlunartímabilsins.

2.2.1.6. Rykbinding.

Á síðasta ári var varið til rykbindingar um 63 m.kr. og voru rykbundnir að vissu marki um 306 km af malarvegum.

Til þess að full not verði af rykbindingu þarf að vera gott mulið slitlag í vegunum og vegirnir þurfa að hafa nægilega afvötnun. Eins og áður er sagt er þetta ekki fyrir hendi nema að litlu leyti. Við útreikning á fjármagnsþörf er gert ráð fyrir að allir malarvegir er hafa umferð meiri en 200 bíla á dag miðað við sumarumferð verði að fullu rykbundnir. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að rykbinda þá vegi er tilbúnir eru til þess og auka svo rykbindingu smátt og smátt.

2.2.1.7. Vinnsla efnis.

Með vaxandi umferð og meiri kröfum til veganna er nauðsynlegt að vinna efni í slitlag malarvega. Eftir því sem meira er vandað til malarslitlags, því lengur endist það í veginum.

Árið 1978 var unnið eftirfarandi magn slitlagsefnis:

Malað efni	198 000 m³
Harpað efni	80 000 m³

Árlega þarf að vinna um 470 000 m³ af slitlagsefni og er það miðað við malað efni. Unnið hefur verið um 59% af því efni sem talið er nauðsynlegt.

Hlutfall fjárveitinga af þörf er hærra fyrir vinnslu efnis en fyrir aðra áðurnefnda viðhaldsliði og er það vegna þess að leitast er við að bæta slitlag malarveganna, en það er forsenda þess að hægt sé að bæta yfirborðssléttleika slitlagsins.

2.2.1.8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð.

Á hverju ári hefur miklu fé verið varið til viðgerða á vegum vegna vatnaskemmda og ófyrirséðra atvika. Samkvæmt mati á þessum kostnaðarlið fyrir síðustu ár er fjármagnsþörf talin um 200 m.kr.

2.2.1.9. Vegmerkingar.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 42.0 m.kr. á árinu 1979, en hækki í 50.0 m.kr. á árunum 1980—82. Reiknað er með, að haldið verði áfram endurbótum á aðvörunarmerkingum og hafin verði vinna við uppsetningu vegnúmera við helstu þjóðvegi landsins.

Hluta af þessari fjárveitingu verður eins og undanfarin ár varið til að setja upp ný merki samkvæmt nýrri reglugerð um umferðarmerki og til viðhalds eldri merkja.

2.2.2. Vetrarviðhald.

Á undanförnum árum hefur kostnaður við vetrarviðhald verið eins og sýnt er á eftirfarandi töflu. Að meðaltali hefur kostnaður verið um 719 m.kr. miðað við verðlag í ágúst 1978, þ. e. vísitölu 100, sé tekið mið af síðustu 11 árum.

Ár	Vetrarviðhald m.kr.	Vísitala viðhalds-kostnaðar	Á verðl. 1978 m.kr.	HHlutfallstala miðað við meðaltal
1968	32,7	5,30	617	86
1969	34,1	6,48	526	73
1970	49,9	7,19	694	96
1971	54,7	8,33	657	91
1972	54,1	9,98	542	75
1973	99,1	12,5	793	110
1974	164,0	20,4	804	112
1975	324,7	33,4	972	135
1976	315,8	43,8	721	100
1977	500,3	67,7	739	103
1978	845,1	100,0	845	117
Meðaltal áranna 1968—1978 ..			719	

Á síðasta ári varð kostnaður við vetrarviðhald 845 m.kr., en fjárveiting var 620 m.kr., þannig að kostnaður varð 225 m.kr. umfram fjárveitingu. Þessa umframeyðslu þarf því að greiða af fjárveitingu ársins 1979, og er hún miðuð við það.

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega aukast nokkuð í heild frá því sem verið hefur undanfarin ár. Þetta á þó ekki við um árið 1979, en þá vantar nokkuð á að sama framkvæmdamagn náist og 1978. Veruleg aukning framkvæmdafjár verður 19780, en þá er gert ráð fyrir fjárveitingu, sem jafngildir meðaltali þess fjármagns, sem rann til nýrra þjóðvega árin 1970—1979. Seinni tvö árin er svo gert ráð fyrir lítils háttar aukningu fjárveitinga.

2.3.1. Til stofnbrauta.

Sú aukning í fjárveitingum, sem hér er gert ráð fyrir 1980—82 fer að stærstum hluta til stofnbrauta, enda þörfin mest þar. Með þeim fjárveitingum, sem verið hafa hin síðustu ár til stofnbrauta, hefur reynst mjög erfitt að takast á við stærri verkefni á stofnbrautum. Þá hefur heldur ekki verið unnt að hefja lagningu bundinna slitlaga í þeim mæli að verulega munaði um.

Mjög aðkallandi er að sinna báðum þessum verkefnaflokkum í mun ríkari mæli en verið hefur undanfarið. Margir veikustu hlekkirnir í vegakerfinu verða ekki endurbættir nema með kostnaðarsömum framkvæmdum, sem ljúka þarf við á tiltölulega skömmum tíma til að þær komist í gagnið. Enn eru í tölu malarvega vegakaflar með mjög mikla umferð, og verður þessum vegum vart haldið í viðunandi ástandi meðan svo er. Er brýnt að leggja bundið slitlag á slíka vegarkafla. Ennfremur er mjög mikilvægt að hefja lagningu bundins slitlags á vegum við þéttbýli, til að draga úr þeirri mengun sem umferð veldur við slíkar aðstæður. Loks er á það að líta að lagning bundins slitlags á mikla umferðarvegi er arðbærasta fjárfesting, sem völ er á í vegakerfinu.

Með þeim tillögum um fjárveitingar, sem hér eru gerðar, verður nokkurt svigrúm til að sinna báðum ofangreindum verkefnaflokkum, jafnframt því sem almenn vegagerð á stofnbrautum fær aukið fjármagn til umráða. Þar sem miklu máli skiptir fyrir hagkvæmni við framkvæmd stærri verka og lagningu slitlaga að fjárhagslegur grundvöllur sé ákveðinn fram í tímann er hér gert ráð fyrir, að fjárveitingum til stofnbrauta sé skipt í þrjá verkefnaflokka, og er skiptingin sýnd í meðfylgjandi töflu.

	1979 m.kr.	1980 m.kr.	1981 m.kr.	1982 m.kr.
a) Almenn verkefni	1965	3500	3700	3740
b) Bundin slitlög	500	950	1400	1800
c) Sérstök verkefni	1000	3200	2900	2800

a) Almenn verkefni.
Í þessum verkefnaflokki er öll almenn vegagerð á stofnbrautum. Þannig er gert ráð fyrir, að nýbygging vegar með bundnu slitlagi fái að jafnaði alla fjárveitingu sína af þessum lið, einnig til að leggja slitlagið. Ennfremur gætu einstakar brýr, sem bundnar eru ákveðnum vegaframkvæmdum, fengið fjárveitingu undir þessum lið.

b) Bundin slitlög.
Miðað er við að fjárveitingar af þessum lið verði fyrst og fremst notaðar til að leggja bundið slitlag á þá vegarkafla, sem við því geta tekið án mikilla lagfæringa. Allmikið er um slíka kafla í vegakerfinu, og er lagning bundins slitlags á þá í mörgum tilvikum mjög arðbær fjárfesting, eins og áður var að vikið.

c) Sérstök stærri verkefni.
Með sérstakri fjárveitingu til stærri verkefna skapast nýr og betri grundvöllur til að undirbúa þessi verk í tæka tíð og skipuleggja framkvæmd þeirra. Miðað er við að fjárveitingar undir þessum lið standi einnig undir brúagerð og lagningu bundins slitlags á viðkomandi kafla. Með tilliti til þess, að í þessum flokki verða tiltölulega fá og stór verk, er eðlilegt að gera áætlun um skiptingu fjárveitinga til þeirra fyrir öll fjögur ár áætlunartímabilsins, þó að sundurliðun á önnur verk nái einungis til þriggja ára.

Í fyrstu yrðu þessar fjárveitingar einkum notaðar til að halda áfram þeim sérstöku verkefnum, sem þegar er byrjað á, svo sem Þingvallavegi, Borgarfirði og Holtavörðuheiði. En meðal verkefna sem vinna ætti að á áætlunartímabilinu mætti nefna Biskupstungnabraut frá Suðurlandsvegi að Þingvallavegi, vegasamband milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur (Hafnarfjarðarveg eða Reykjanesbraut), veg yfir Önundarfjörð, tengingu Inn-Djúps, brú á Héraðsvötn á Grundarstokk, veg um Víkurskarð og veg um Hvalnes- og Þvottárskriður.

2.3.2. Til þjóðbrauta.

Gert er ráð fyrir sömu þróun í fjárveitingum til þjóðbrauta og til stofnbrauta og áður var gerð grein fyrir. Nokkur minnkun verður 1979 borið saman við 1978, en veruleg aukning 1980, og helst hún út áætlunartímabilið.

2.3.3. Til girðinga og uppgræðslu meðfram vegum.

Í árslok 1978 námu ógreiddar kröfur vegna girðinga samkvæmt girðingarlögum alls um 700 m.kr.

Samkvæmt úttekt gerðri á árinu 1978 á eftir að græða upp um 1990 ha og er kostnaður við það um 290 m.kr. á verðlagi í ágúst 1978. Á síðasta ári var fjárveiting til girðinga og landgræðslu 70 m.kr. og var varið 60 m.kr. til girðinga og 10 m.kr. til landgræðslu.

Lagt er til að fjárveiting til girðinga og uppgræðslu fyrir árið 1979 verði 92 m.kr., en 170 m.kr. fyrir hvert af árunum 1980—82.

Gert er ráð fyrir að skipta fjárveitingum á milli girðinga og uppgræðslu í sömu hlutföllum og á síðasta ári.

2.4 TIL BRÚAGERÐA.

Fjárveitingar til brúagerða fylgja sömu þróun á áætlunartímabilinu og fjárveitingar til nýrra vega. Fjárveitinguna ber að skoða sem lágmarksfjármagn til brúagerða, en gert er ráð fyrir, að brýr verði einnig fjármagnaðar af fjárveitingum til stofnbrauta. Með þessu móti væri tryggt að endurbyggingu gamalla brúa á aðalvegakerfi landsins miðaði nokkuð áfram, en það er brýnasta verkefnið í brúagerð um þessar mundir.

2.5. TIL FJALLVEGA O. FL.

2.5.1. Til aðalfjallvega.

Samkvæmt 3.3 eru aðalfjallvegir taldir um 780 km. Lagt er til, að fjárveiting til þeirra verði 21.0 m.kr. á árinu 1979, en 38.0 m.kr. á árunum 1980—82.

2.5.2. Til annarra fjallvega.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 28.0 m.kr. á árinu 1979, en 40.0 m.kr. á árunum 1980—82.

2.5.3. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 24.0 m.kr. á árinu 1979, en 38.0 m.kr. á árunum 1980—82.

2.5.4. Reiðvegir.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 3.0 m.kr. á árinu 1979, en 4.0 m.kr. á árunum 1980—82.

2.6. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Samkvæmt ákvæðum í 21. gr. vegalaga miðast innheimta sýsluvegasjóðsgjalda við kaup í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins hinn 1. desember næsta ár á undan. Þann 1. desember 1978 var þetta tímakaup 890 kr. á klst.

Samkvæmt vegalögum frá 1976 er ríkisframlag eigi lægra en tveimur og hálfum sinnum heimaframlag, sem kveðið er á um í 21., 23. og 26. grein sömu laga.

Miðað við fyrrnefndar forsendur eru heildartekjur sýsluvegasjóðanna á árunum 1979—1982 áætlaðar eins og hér segir:

	Upphæðir í millj. kr.							
	1979		1980		1981		1982	
Skv. 21. og 26. gr. vegalaga		231,6		301,1		301,1		301,1
Skv. 23. gr. vegalaga		43,7		56,9		56,9		56,9
Aukaheimaframlag		39,2		51,0		51,0		51,0
Aukaríkisframlag	98,0		127,5		127,5		127,5	
Ríkisframlag skv. 21. gr., og 26. gr. vegalaga	439,5	537,5	688,3	815,8	895,0	1 022,5	895,0	1 022,5
Samtals		852,0		1 224,8		1 431,5		1 431,5

2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Samkvæmt 32. gr. vegalaga renna 12½% af mörkuðum tekjum vegamála hvert ár til þessara vega og skal ¾ hlutum framlagsins skipt eftir íbúatölu milli þeirra þéttbýlisstaða, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, en ¼ hluta fjárins er ráðstafað af fjárveitinganefnd Alþingis, eins og segir í 34. gr. vegalaga.

	1979	1980	1981	1982
Heildarframlag samkv. 32. gr.	1 190	1 640	1 760	1 845
¼ hluti skv. 34. gr.	297	410	440	461
Til skipta skv. íbúatölu þann 1. des. s. l.	893	1 230	1 320	1 384

Áætluð íbúatala þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri þann 1. desember 1978 er 196 700. Má því gera ráð fyrir, að upphæð á hvern íbúa verði um 4 540 kr. árið 1979.

2.8 TIL VÉLAKAUPA OG BYGGINGAR ÁHALDAHÚSA.

2.8.1. Til véla- og verkfærakaupa.

Í tillögu þessari til vegáætlunar 1979—82 er gert ráð fyrir, að fjárveiting til véla- og verkfærakaupa hækki frá fyrri vegáætlun í 58 m. kr. á árinu 1979 og síðan í 80 m. kr. á árunum 1980—82.

Gert er ráð fyrir, að því fé ásamt afskriftafé véla verði eins og að undanförnu, fyrst og fremst varið til endurnýjunar á þeim vinnuvélum sem Vegagerðin þarfnast, en ekki fást leigðar á almennum markaði, svo sem vegheflum, vélum til malarvinnslu, vélum til brúagerða o. s. frv.

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Á árinu 1979 er gert ráð fyrir að fjárveiting verði 85 m. kr., en verði síðan hækkuð í 120 m. kr. á árunum 1980—82. ,

Fjárveitingum þessum, ásamt hluta af rekstrartekjum véla og hluta af áhaldaleigu, verður varið til þess að sinna mörgum aðkallandi verkefnum, sem standa fyrir dyrum eða verið er að vinna að.

Helstu verkefni sem unnið er að eru bygging áhaldahúsa á Ólafsvík, Ísafirði, Sauðárkróki og Reyðarfirði.

Í Reykjavík er verið að byggja hús fyrir birgðadeild, sem þá verður sameinuð á einn stað, en hún hefur verið til húsa á tveim stöðum. Skrifstofa Vegagerðarinnar er nú í þrem stöðum til mikils óhagræðis fyrir starfsemina. Nú hefur fengist aukið húsnæði í Borgartúni 7 og er unnið að því að flytja hluta skrifstofu þangað og þar með stigið skref til sameiningar starfseminnar.

Auk þess verður þessum fjárveitingum varið til þess að sinna öðrum minni, en jafnframt mjög aðkallandi verkefnum, eins og t. d. að undirbúa lóðir og aðstöðu á öðrum bækistöðvum Vegagerðarinnar víðsvegar um landið.

2.9. Til tilrauna í vegagerð.

Fjárveiting þessi er ½% af mörkuðum tekjum vegasjóðs samkvæmt lögum.

Er áætlað, að haldið verði áfram tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar á þessu vegáætlunartímabili, eins og verið hefur.

III. Um flokkun vega.

3.1 Þjóðvegir eftir kjördæmum.

Í þessum tillögum eru þjóðvegir flokkaðir eftir 12. gr. vegalaga. Gerðar eru tillögur um nokkrar viðbætur frá fyrri vegáætlun og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir í viðkomandi flokkum.

Þar sem þjóðvegur endar við bæ, er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar, en hún telst sýsluvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali 2.3.0.—01 eru sýndar í töfluformi vegalengdir stofnbrauta, þjóðbrauta og þjóðvega í þéttbýli miðað við kjördæmi eins og þær voru 1. janúar 1979.

3.2.1. Stofnbrautir.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á vegum þeim, sem töldust stofnbrautir skv. vegáætlun 1977—1980:

60 . **Vestfjarðavegur.**
Vesturlandsvegur — Snæfellsnesvegur verði þjóðbraut. Auk þess nokkrar minniháttar orðalagsbreytingar á lýsingu annara vega.

Nýir vegir:

343 **Álfsstétt.**
Af Eyrarbakkavegi að Eyrarbakka.

411 **Arnarnesvegur.**
Af Hafnarfjarðarvegi á Arnarneshæð, um Nónhæð á Reykjanesbraut við Hnoðraholt.

Í fylgiskjali 2.3.1.—01 eru vegalengdir stofnbrauta miðað við kjördæmi sýndar í töfluformi.

3.2.2. Þjóðbrautir.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á vegum þeim sem töldust þjóðbrautir skv. vegáætlun 1977—1980: 22 Dalavegur, tengist frá Smáragötu að Básaskersbryggju, númerið breytist einnig. 240 Stórhöfðavegur, breyting á legu næst Vestmannaeyjakaupstað, einnig breyting á númeri. 250 Dímonarvegur, breyting á legu.

622 Svalvogavegur, lagt er til að kaflinn frá Sveinseyri að Lokinhömrum falli niður. 706 Núpsdalsvegur, lagt er til að kaflinn frá Neðra-Núpi að Miðfjarðarvegi falli niður. 742 Mýravegur, lagt er til að við bætist kaflinn frá Skrapatungu að Þverárfjallsvegi, en kafli þessi tilheyrði áður 743 Laxárdalsvegi, sem lagt er til að falli niður að öðru leyti. 748 Reykjastrandarvegur, lagt er til að vegurinn lengist frá Fagranesi að Hólakoti. 821 Eyjafjarðarbraut vestri, lagt er til að vegurinn lengist að Hólsgerði. 827 Sölvadalsvegur, lagt er til að kaflinn frá Eyvindarstöðum að Þormóðsstöðum falli niður. 866 Austursandsvegur, lagt er til að vegurinn lengist frá Skógum að Akursseli. 943 Hjaltastaðarvegur, lögð er til sú breyting að vegurinn liggi frá Sandbrekku yfir Selfljót á 94 Borgarfjarðarveg hjá Gagnstöð í stað þess að liggja um Hrafnabjörg á 94 Borgarfjarðarveg hjá Unaósi.

Auk þess eru lagðar til orðalagsbreytingar á lýsingu nokkurra vega.

Þá er lagt til að eftirfarandi vegir verði teknir í tölu þjóðbrauta:

458 **Brautarholtsvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan Klébergs að Brautarholti.

579 **Flugvallarvegur Stykkishólmi:** Af Stykkishólmsvegi við Nesveg að flugvelli.

616 **Flugvallarvegur Patreksfirði:** Af Örlygshafnarvegi innan Sauðlauksdals að flugvelli.

621 **Mosdalsvegur:** Af Vestfjarðavegi í Dynjandisvogi að Ósi í Mosdal.

623 **Flugvallarvegur Dýrafirði:** Af Svalvogavegi utan Þingeyrar að flugvelli.

626 **Flugvallarvegur Önundarfirði:** Af Valþjófsdalsvegi hjá Holti að flugvelli.

631 **Flugvallarvegur Ísafirði:** Af Djúpvegi utan Kirkjubæjar í Skutulsfirði að flugvelli.

646 **Flugvallarvegur Gjögri:** Af Strandavegi í Reykjarfirði að flugvelli.

647 **Munaðarnesvegur:** Af Strandavegi í Norðurfirði að Munaðarnesi.

749 **Flugvallarvegur Sauðárkróki:** Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi að flugvelli.

792 **Flugvallarvegur Siglufirði:** Frá Siglufirði yfir Fjarðará að flugvelli.

820 **Flugvallarvegur Akureyri:** Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar að flugvelli.

870 **Kópaskersvegur:** Af Norðausturvegi að Kópaskeri.

871 **Flugvallarvegur Kópaskeri:** Af Norðausturvegi norðan Kópaskers að flugvelli.

873 **Flugvallarvegur Raufarhöfn:** Af Norðausturvegi norðan Ormarslóns að flugvelli.

966 **Flugvallarvegur Djúpavogi:** Frá Djúpavogi að flugvelli sunnan kauptúns.

988 **Flugvallarvegur Öræfum:** Af Austurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.

Í fylgiskjali 2.3.2.—01 eru vegalengdir þjóðbrauta miðað við kjördæmi sýndar í töfluformi.

3.3 AÐALFJALLVEGIR.

Aðalfjallvegir eru þeir sömu og í vegáætlun fyrir árin 1977—1980.

Sú breyting er þó gerð að Sprengisandsleið er nú aðeins talin sú leið, sem liggur af Þjórsárdalsvegi við Sigölduvirkjun á Bárðardalsveg vestri hjá Mýri í Bárðardal, en álmur þær, sem áður voru taldar með Sprengisandsleið fá nú sérstök nöfn, þ. e. Skagafjarðarleið, Eyjafjarðarleið og Gæsavatnaleið. Þetta stafar m. a. af því að aðalfjallvegir hafa nú verið númeraðir á svipaðan hátt og þjóðbrautir og stofnbrautir. Byggist númerakerfi þeirra á bókstafnum F og tveimur tölustöfum.

Auk framanskráðrar breytingar hefur sú breyting verið gerð á Eyjafjarðarleið (áður Sprengisandsleið) að vegurinn liggur nú um Eyjafjarðardal á Eyjafjarðarbraut vestri í stað þess að liggja um Hólafjall á Sölvadalsveg.

Einnig hefur sú breyting verið gerð á Gæsavatnaleið, að hún liggur frá brú á Kreppu á Austurlandsveg hjá Möðrudal í stað þess að liggja austur á Jökuldalsveg.

Fskj. 2.2.1.—01

Sumarviðhald þjóðvega

Ár	Viðhaldskostn. m.kr.	Vísitala viðhalds	Viðhaldskostn. miðað við verðlag 1978 m.kr.	Lengd akfærra þjóðvega km	Viðhaldskostn. á km miðað við verðlag 1978. Þús. kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum m.km.	Viðhaldsk. á hvern ekinn km miðað við verðlag 1978. kr.
1968	149,0	6,03	2471	8920	277	42,117	272	9,1
1969	150,2	7,36	2041	8186	249	43,606	290	7,0
1970	179,3	8,18	2192	8186	268	43,567	308	7,1
1971	218,1	9,49	2298	8148	281	47,011	328	7,0
1972	303,6	11,4	2663	8164	326	52,489	349	7,6
1973	334,0	13,9	2403	8104	297	57,155	371	6,5
1974	680,0	22,3	3049	8211	371	63,189	395	7,7
1975	840,0	36,4	2308	8336	277	71,364	420	5,5
1976	1172,0	46,9	2499	8336	300	71,459	420	6,0
1977	1437,0	67,5	2129	8336	255	73,410	449	4,7
1978	2655,0	100,0	2655	8409	316	78,481	450	5,9
1979	3958,0							
1980	5470,0							
1981	5820,0							
1982	6160,0							

Þjóðvegir 1. janúar 1979

	Stofnbrautir km	Þjóðbrautir km	Þjóðvegir í þéttbýli km	Þjóðvegir km
Suðurlandskjördæmi	458,8	1 125,2	14,4	1 598,4
Reykjaneskjördæmi	179,7	183,2	62,0*)	424,9
Vesturlandskjördæmi	538,6	862,9	12,7	1 414,2
Vestfjarðakjördæmi	792,2	539,9	14,2	1 346,3
Norðurlandskjördæmi vestra	367,3	754,5	11,5	1 133,3
Norðurlandskjördæmi eystra	565,0	643,6	14,6	1 223,2
Austurlandskjördæmi	869,1	588,3	22,8	1 480,2
Samtals	3 770,7	4 697,6	152,2	8 620,5

*) Lengd þjóðvega í þéttbýli í Reykjavík meðtalin.

Stofnbrautir 1. janúar 1979

	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	11,9	446,9	458,8
Reykjaneskjördæmi	6,4	173,3	179,7
Vesturlandskjördæmi	4,0	534,6	538,6
Vestfjarðakjördæmi	0	792,2	792,2
Norðurlandskjördæmi vestra	0	367,3	367,3
Norðurlandskjördæmi eystra	12,8	552,2	565,0
Austurlandskjördæmi	0	869,1	869,1
Samtals	35,1	3 735,6	3 770,7

Þjóðbrautir 1. janúar 1979

	Ekki akfært km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	5,7	1 119,5	1 125,2
Reykjaneskjördæmi	0	183,2	183,2
Vesturlandskjördæmi	38,0	824,9	862,9
Vestfjarðakjördæmi	9,0	530,9	539,9
Norðurlandskjördæmi vestra	26,9	727,6	754,5
Norðurlandskjördæmi eystra	4,4	639,2	643,6
Austurlandskjördæmi	11,9	576,4	588,3
Samtals	95,9	4 601,7	4 697,6

Fskj. 2.4—01.

Skrá yfir óbrúaðar ár, lengd 4—10 m, á þjóðvegum 1. janúar 1979.

Kjördæmi	Vegur Nr.	Nafn	Á	Fjöldi í kjörd.
Suðurland	52	Uxahryggjavegur	Sæluhúskvísl	
—	268	Þingskálavegur	Næfurholtslækur	
—	—	—	Höfðalækur	
—	308	Hamarsvegur	Skurður hjá Skógsnesi	
—	365	Gjábakkavegur	Vallaá	5
Reykjanes	41	Reykjanesbraut	Kópavogslækur	
—	—	—	Hraunholtslækur	
—	—	—	Setbergslækur	3
Vesturland	576	Framsveitarvegur	Hjarðarbólsá	1
Norðurl. v.	752	Skagafjarðarvegur	Hrútagil	
—	762	Sæmundarhlíðarvegur	Skarðsá	2
Norðurl. e.	1	Norðurlandsvegur	Hrossadalsá	
—	85	Norðausturvegur	Hestmalarós	
—	802	Ólafsfjarðarv. eystri	Kálfsá	3
Austurland	912	Hlíðarvegur	Hellisá	
—	939	Axarvegur	Innri Víná	
—	—	—	Ytri Víná	
—	—	—	Grjótá	
—	—	—	Selá	
—	953	Mjóafjarðarvegur	Þverá	
—	—	—	Króará	
—	—	—	Innri Hesteyrará	
—	—	—	Ytri Hesteyrará	9
			Alls	23

Skrá yfir óbrúaðar ár, lengd ⩾ 10 m, á þjóðvegum 1. janúar 1979.

Kjördæmi	Vegur Nr.	Nafn	Á	Fjöldi í kjörd.
Suðurland	349	Þórsmerkurvegur	Jökulsá	
—	—	—	Seljadalsá	1
—	—	—	Krossá	
—	34	Eyrarbakkavegur	Ölfusá	4
Reykjanes	431	Hafravatnsvegur	Seljadalsá	1
Vesturland	1	Vesturlandsvegur	Borgarfjörður	
—	592	Skorravíkurvegur	Skorravíkurá	2
Norðurl. v.	722	Vatnsdalsvegur	Vatnsdalsá hjá Undirf.	
—	743	Laxárdalsvegur	Norðurá	
—	754	Héraðsdalsvegur	Héraðsvötn hjá Flatat. ..	3
Norðurl. e.	802	Ólafsfjarðarv. eystri	Fjarðará hjá Hóli	1
Austurland	943	Hjaltastaðavegur	Bjarglandsá	
—	—	—	Jökulsá	2
			Alls	13

Fskj. 2.4.—03.

Aldur brúa, 10 m og lengri

Byggingarár	Fjöldi brúa	Reiknað álag
1906—1909	2	Mannþröng 400 kg/m²
1910—1919	15	— —
1920—1929	38	Mannþröng 400 kg/m² eða vagn 6 tonn
1930—1939	92	— —
1940—1949	107	Mannþröng 400 kg/m² eða vagn 6—20 tonn
1950—1959	245	Vagn 20—34 tonn
1960—1969	180	— —
1970—1978	144	Vagn 20—63 tonn
Samtals	823	

Fskj. 2.6.—01.

Sýsluvegir 1. janúar 1979

	Óakf. km	Samkv. a—c lið 19. gr. Rutt km	Lagt km	Alls km	Samkv. d—e lið 19. gr. km	Sýsluv. alls km	
V.-Skaftafellssýsla		16,8	121,3	138,1	4,5	142,6	
Rangárvallasýsla		9,2	228,0	238,1	64,3	302,4	
Árnessýsla		1,6	308,3	309,9	7,7	317,6	
							762,6
Gullbringusýsla		2,0	4,6	6,6		6,6	
Kjósarsýsla		7,0	69,7	76,7		76,7	
							83,3
Borgarfjarðarsýsla		5,9	79,5	85,4	4,0	89,4	
Mýrasýsla	0,7	28,6	107,5	136,8	28,4	165,2	
Snæf.- og Hnappadalssýsla	1,7	14,2	108,9	124,8	28,5	153,3	
Dalasýsla	7,2	19,2	53,1	79,5	13,0	92,5	
							500,4
A.-Barðastrandarsýsla ...		15,7	16,4	32,1	61,2	93,3	
V.-Barðastrandarsýsla ...	1,7	7,5	38,0	47,2	42,3	89,5	
V.-Ísafjarðarsýsla		17,5	32,6	50,1	63,4	113,5	
N.-Ísafjarðarsýsla	0,6	17,2	23,7	41,5	43,5	85,0	
Strandasýsla		11,5	40,9	52,4	99,1	151,5	
							532,8
V.-Húnavatnssýsla	0,6	15,0	105,3	120,9	43,1	164,0	
A.-Húnavatnssýsla	1,6	14,4	86,4	102,4	10,8	113,2	
Skagafjarðarsýsla	11,7	42,8	144,9	199,4	6,9	206,3	
							483,5
Eyjafjarðarsýsla	3,1	13,5	100,8	117,4		117,4	
S.-Þingeyjarsýsla	11,8	41,5	134,2	187,5		187,5	
N.-Þingeyjarsýsla	24,6	59,3	73,2	157,1		157,1	
							462,0
N.-Múlasýsla	0,2	74,3	140,3	214,8	21,1	235,9	
S.-Múlasýsla	0,2	44,7	88,0	132,9	25,3	158,2	
A.-Skaftafellssýsla	0,9	19,2	50,2	70,3	22,4	92,7	
							486,8
Samtals	66,6	498,6	2 156,7	2 721,9	589,5		3 311,4

Fskj. 2.7.—01.

Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1979

Kjördæmi	Bundið slitlag m	Án slitlags m	Samtals m
Suðurlandskjördæmi	9 280	5 125	14 405
Reykjaneskjördæmi	19 683	6 822	26 505
Reykjavík	25 085	10 390	35 475
Vesturlandskjördæmi	7 208	5 455	12 663
Vestfjarðakjördæmi	5 549	8 671	14 220
Norðurlandskjördæmi vestra	7 460	4 082	11 542
Norðurlandskjördæmi eystra	6 570	8 000	14 570
Austurlandskjördæmi	18 898	3 935	22 833
Samtals	99 733	52 480	152 213

Sþ. 590. Tillaga til þingsályktunar [286. mál]

um kosningu nefndar til að kanna þróun og stöðu tölvunotkunar og annarra þátta gagnatækni á Íslandi.

Flm.: Ólafur Ragnar Grímsson, Einar Ágústsson, Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til að kanna þróun og stöðu tölvunotkunar og annarra þátta gagnatækni á Íslandi og áhrif þeirra á atvinnu- og félagslíf, skipan innflutnings- og markaðsmála, útbreiðslu og hagnýtingu tækniþekkingar, öryggismál þjóðarinnar og þróun lýðræðislegra stjórnarhátta.

Nefndin skal skila Alþingi skýrslu um störf sín ekki síðar en í lok ársins 1980 og skal í skýrslunni gerð grein fyrir hugsanlegum valkostum hvað snertir framtíðarþróun á sviði tölvunotkunar og annarra þátta gagnatækni og gerð tillagna að stefnumörkun Alþingis á þessu sviði.

Greinargerð.

Á undanförnum áratugum hafa orðið gífurlegar framfarir á sviði tölvutækni. Á sífellt fleiri sviðum þjóðfélagsins eru starfshættir grundvallaðir á tæknivæddri upplýsingaöflun og upplýsingaúrvinnslu. Framfarir á sviði tölvutækni hafa auðveldað vélræna hagnýtingu mikils upplýsingamagns á mjög stuttum tíma og gert margvíslegum stofnunum og fyrirtækjum kleift að byggja upp svokallaða upplýsingabanka, þar sem margvíslegar upplýsingar um einstaklinga og þjóðfélagsstarfsemi eru varðveittar. Mjög er mismunandi frá einu sviði til annars hverjir hafa forræði yfir slíkum upplýsingabönkum og hvaða sjónarmið og hagsmunir móta þróun þeirra.

Í kjölfar tölvuvæðingarinnar hefur þróast ný grein sem nefnd hefur verið **gagnatækni** á íslenska tungu (informatics á ensku). Gagnatækni er samheiti fyrir alla þá þætti á sviði tækni, fræðistarfsemi og framleiðslu, sem lúta að kerfisbundinni meðferð upplýsinga. Gagnatækni vísar því til mun víðtækari starfsemi en hugtakið tölvutækni. Í raun tekur gagnatækni til allra þeirra þátta í tæknivæðingu upplýsingastarfseminnar sem á okkar tímum hafa þegar leitt til afdrifaríkra þjóðfélagsbreytinga og munu á komandi árum tvímælalaust vera meðal helstu orsaka framþróunar á sviði framleiðslu, stjórnsýslu og annarra grundvallarsviða í nútímasamfélögum. Áhrifa gagnatækninnar gætir nú þegar á flestum sviðum mannlegs lífs, m. a. á stjórnun bæði þjóðfélaga í heild sinni, atvinnufyrirtækja í framleiðslunni

og stofnana á sviði stjórnsýslunnar. Starfsemi þessara aðila grundvallast í æ ríkara mæli á aðgangi að upplýsingum og möguleikum til fljótvirkrar úrvinnslu á þeim. Þessi þróun hefur haft í för með sér að æ fleiri gera sér grein fyrir því, að þróun upplýsingastarfseminnar, gagnatækninnar, er meðal þeirra þátta þjóðfélagsins þar sem stjórnvöld verða að móta stefnuna með markvissum og yfirgripsmiklum hætti.

Þróun tölvunotkunar og annarra þátta gagnatækni hefur afdrifaríkar afleiðingar fyrir þróun framleiðslukerfisins, skipan tæknimála og starfshætti stjórnsýslu. Hún hefur einnig afgerandi áhrif á þróunarskilyrði lýðræðislegra stjórnunarhátta og lýðræðislegrar umræðu í nútímasamfélagi. Með tilkomu sífellt ódýrari og smærri tækja á þessu sviði er gert ráð fyrir því, að gagnatækni muni í framtíðinni hafa afdrifarík áhrif á æ fleiri athafnasvið í þjóðfélaginu, ekki aðeins á stofnanir og fyrirtæki, heldur einnig á starfsemi alls konar félagssamtaka og einnig á lífið á heimilunum. Sérfræðingar, sem fylgjast hvað mest með þessari þróun, telja að vænta megi gerbyltingar á gerð þjóðfélagsins, atvinnuháttum og jafnvel á lífsmynstri þorra fólks á næstu áratugum vegna nýsköpunar á sviði gagnatækni.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja að tölvunotkun og útbreiðsla annarra þátta gagnatækni sé nú þegar orðin svo afgerandi þáttur í íslensku þjóðfélagi, að nauðsynlegt sé að mörkuð sé heildarstefna Íslendinga á þessu sviði á sama hátt og unnið er að stefnumótun á sviði efnahagsmála, félagsmála, menntamála, heilbrigðismála og annarra grundvallarþátta í gerð nútímaþjóðfélags. Fjölþætt gagnasöfnun og ítarlegar umræður eru hins vegar nauðsynlegur undanfari slíkrar stefnumótunar. Flutningsmenn telja því nauðsynlegt að Alþingi kjósi nú þegar nefnd til að vinna það verk og verði nefndinni ætlað rúmlega eitt ár til verksins og henni veitt öll nauðsynleg aðstaða til að skila því sómasamlega. Markmið nefndarstarfsins verði að skila Alþingi ítarlegri skýrslu um alla þá þætti sem eru nauðsynlegar forsendur fyrir stefnumörkun þjóðarinnar á sviði tölvunotkunar og annarra þátta gagnatækni. Í slíkri stefnumörkun er nauðsynlegt að taka mið af þjóðfélagslegum markmiðum, bæði efnahagslegum markmiðum og markmiðum um lýðræðislega stjórnarhætti bæði á sviði atvinnulífs og stjórnsýslu. Einnig er nauðsynlegt að nefndin fjalli ítarlega um það, á hvern hátt Íslendingar geti tryggt öryggi þjóðarinnar og sjálfsforræði gagnvart tæknibúnaði á sviði upplýsingavinnslu og endurnýjun hans. Efnahagslegt sjálfstæði þjóðar grundvallast í æ ríkara mæli á forræði yfir þeim tæknibúnaði sem er undirstaða upplýsingaöflunarinnar og upplýsingaúrvinnslunnar sem fram fer í þjóðfélaginu.

Þótt umræða um tölvunotkun og aðra þætti á sviði gagnatækni hafi verið mjög umfangsmikil í helstu nágrannalöndum okkar á undanförnum árum, hefur tiltölulega lítið farið fyrir slíkri umræðu hér á landi. Nýlega birtist þó grein eftir Elías Davíðsson kerfisfræðing í Morgunblaðinu, 5. apríl s.l., þar sem m. a. var fjallað um þróun gagnatækni á Íslandi og vikið að erlendum aðilum sem unnið hafa að stefnumótun á þessu sviði. Skulu hér tilfærðir nokkrir kaflar úr þessari grein til frekari upplýsingar og rökstuðnings með tillögunni:

„Íslendingar byrjuðu að nota tölvutækni — sem er e. t. v. hinn mest áberandi þáttur gagnatækni — þegar árið 1962. Í dag eru á Íslandi um 100 tölvur, sem fást nær allar við gagnavinnslu. Borðtölvur, bókhaldsvélar og reiknivélar eru ekki taldar hér með. Það er engin opinber skráning til um þennan vélakost. Samkvæmt grófu mati sérfróðra manna er heildarverðmæti gagnavinnsluvéla 3—4 milljarðar króna.

Innflutningur gagnavinnsluvéla til landsins jókst á s.l. 10 árum frá um 30 þús. dollurum árið 1969 í rúmlega 1.5 millj. dollara árið 1978, samkvæmt innflutningsskýrslum Hagstofu Íslands. Þetta segir þó ekki alla söguna um gjaldeyrisnotkun á þessu sviði, vegna vægis svonefndra duldra greiðslna sem koma ekki fram í neinum opinberum skýrslum.

Þótt fjöldi tölva á Íslandi sé álitlegur, ef miðað er við mannfjölda, flokkast Ísland samt með þeim þjóðum, sem eru á frumstigi í þróun gagnatækni, sbr. flokkunarkerfi Sameinuðu þjóðanna (sjá UNESCO/SC—78/SPIN/3, 1—29).

Engin opinber stefna í gagnatækni hefur verið mörkuð á Íslandi með tveimur umdeildum undantekningum þó. Önnur er ákvörðun stjórnsýslunnar um að skipa ríkisstofnunum að kaupa tölvuþjónustu sína hjá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar. Hin undantekningin er ákvörðun um að veita bandaríska fyrirtækinu IBM sérstöðu á Íslandi. Sú sérstaða birtist m. a. í sérstakri meðferð á sviði gjaldeyris- og tollamála svo og í afskiptaleysi verðlagsyfirvalda af fyrirtækinu. Báðar þessar ákvarðanir hafa verið teknar án samráðs við Alþingi og geta því ekki skoðast sem marktæk stefnumörkun.

Markaðsmál á sviði gagnavinnsluvéla hafa mótast annars vegar af 10—15 ára forskoti IBM hér á landi (fram yfir önur fyrirtæki) og hins vegar af þeirri lagalegri sérstöðu fyrirtækisins sem getið er að ofan. Markaðshlutdeild fyrirtækisins var í mörg ár 100%, en hefur að mati kunnugra lækkað í um 80% að verðmætum til, eftir tilkomu fáeinna keppinauta sem einnig flytja inn tölvubúnað. Rekstrarstaða samkeppnisaðila IBM hér á landi er þó óviss, þegar til lengdar lætur. Kemur þar til bæði mikill aflsmunur milli þeirra og IBM og einnig ósambærilegur aðgangur að erlendu lánsfé.

Tölvur eru notaðar á Íslandi við lausn margvíslegra verkefna á flestum sviðum athafnalífsins. Telja má víst að þær hafi stuðlað víða að hagræðingu, betri þjónustu við almenning og eflt hagnýta rannsóknarstarfsemi. Opinberir aðilar nota tölvur við mörg verkefni stjórnsýslu og við bókhald, s. s. við fjárhagsáætlanir, launaútreikning, bókhald ríkis og sveitarfélaga, reikningsskrift þjónustufyrirtækja o. fl. Svo að segja allt bankakerfið á Íslandi notar nú tölvur við daglegan rekstur og gæti ekki verið án þessarar tækni nema með mikilli fjölgun starfsmanna.

Með stóraukinni tölvunotkun hefur þess þó ekki verið gætt sem skyldi að huga að öryggi íslenska ríkisins. T. d. mun öll viðgerðarþjónusta á stærri tölvum vera í höndum hins erlenda aðila, IBM, en vélbúnaður er að mestu leyti eign þessa fyrirtækis og leigður út til viðkomandi fyrirtækja. Fari svo, að IBM kysi að hætta starfsemi sinni á Íslandi, af viðskiptalegum eða öðrum ástæðum, gæti slíkt sett allt banka- og stjórnsýslukerfið á annan endann. Bókstaflega allt efnahagskerfið er í dag háð þjálli starfsemi örfárra tölvumiðstöðva, sem nota vélbúnað frá þessu eina fyrirtæki. Þótt líkur á brottför þessa fyrirtækis héðan séu ekki miklar að því er virðist, verða stjórnvöld samt að reikna með slíkum möguleika, þegar öryggi þjóðarinnar er haft í huga. Í því sambandi er rétt að geta þess, að IBM hætti starfsemi sinni á Indlandi á s.l. ári vegna ósamkomulags við indversku stjórnina.

Kunnátta Íslendinga á sviði rafeindatækni hefur aukist á síðustu árum. Á meðan Iðntækni var og hét smíðaði það fyrirtæki margvíslegan rafeindabúnað og nokkur tengiefni í sambandi við tölvur. Raunvísindastofnun Háskólans hefur undanfarin ár fengist við smíði ýmiss konar búnaðar í sambandi við tölvur, t. d. fyrir frystihús, og aðlagað innfluttar vélar að þörfum íslenskra tölvunotenda. Fleiri aðilar á landinu hafa fengist við slíka smíði, einkum eftir að örtölvur komu á markaðinn. Tæknikunnátta á þessu sviði er ómetanleg fyrir þjóðina. Hún gerir Íslendingum kleift að verða óháðari stórframleiðendum og hagnýta sér það besta, sem völ er á, á alþjóðlegum mörkuðum....

Ýmsum ríkjum hefur verið mörkuð stefna í gagnatækni eða tölvumálum til að styrkja fullveldi og sjálfstæði viðkomandi þjóðar. Þetta á bæði við um þróuð iðnríki á Vesturlöndum og um ríki sem eru á svipuðu iðnþróunarstigi og Ísland. Öflugustu iðnríki utan Bandaríkjanna hafa t. d. öll lagt áherslu á eflingu innlends tölvuiðnaðar til þess að losna úr einokun bandarískra fyrirtækja á þessu sviði. Öll Norðurlöndin (utan Íslands) hafa lagt grundvöll að tölvuiðnaði. Smærri ríki, sem hafa ekki eða telja sig ekki hafa bolmagn til að ráðast í slíkan iðnað, leggja áherslu á að efla samningsaðstöðu sína gagnvart risafyrirtækjunum, sem ráða ferðinni í þessari iðngrein. Á stöku stað er það enn fremur stefna stjórnvalda að samhæfa gagnatækni alhliða efnahagsþróun samfélagsins eða nota þessa lykiltækni fyrst og fremst við forgangsverkefni, s. s. við iðnþróun eða í þágu menntunar og heilsuverndar.

Mikilvægi þess, að þjóðríki taki gagnatækni föstum tökum í þágu uppbyggingar og þróunar, hefur leitt til þess að UNESCO ákvað árið 1961 að setja á laggirnar sérstaka deild að nafni IBI (Intergovernmental Bureau for Informatics). Frá 1969 hefur IBI starfað að mestu leyti sjálfstætt, en fjöldi aðildarríkja IBI hefur aukist jafnt og þétt. Á vegum IBI fer fram samstarf þjóðríkja um stefnumörkun og hagnýtingu gagnatækninnar svo og samræmingu og stöðlun þar sem við á. Um 70 ríki, jafnt aðildarríki IBI og önnur ríki, hafa þegar tekið þátt í störfum þessarar alþjóðastofnunar. IBI hefur einkum beint kröftum sínum til að aðstoða minni ríki við skilgreiningu á vandamálum og hugsanlegri stefnumörkun í þessum efnum."

Nd. 591. Breytingartillaga [190. mál]

við frv. til l. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979.

Frá Ellert B. Schram.

Ný grein komi á eftir 21. gr., er verði 22. gr., er orðist á þessa leið:

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán í því skyni að skila Ríkisútvarpinu eftirstöðvum af tolltekjum af innfluttum sjónvarpstækjum á árinu 1978 að upphæð 832 millj. kr.

Ed. 592. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur fjallað um málið á þremur fundum, fengið umsagnir margra aðila og tekið við hálfu þriðja þúsundi undirskrifta, sem beint er gegn frv. Að vísu taka andmælendur frv. — að dómi nefndarmanna — ekki nægilegt tillit til þess mismunar, sem er á því veiðarfæri, sem hér er ráðgert að beita með ströngum takmörkunum, og dragnótinni í þeirri mynd sem hún áður var.

Eigi að síður telur nefndin að málið sé ekki nægilega undirbúið pólitískt og fiskifræðilega, svo að náðst geti um það æskileg sátt.

Því leggur nefndin til að deildin beini þeirri ósk til ríkisstjórnarinnar að hún hlutist til um að Hafrannsóknastofnunin haldi áfram tilraunum með kolaveiðar á Faxaflóa, svo að úr því verði skorið hvort nýta megi þennan fiskstofn á skynsamlegan hátt þannig að ekki skaði fiskislóð á þessu þýðingarmikla svæði.

Með tilliti til ofanritaðs leggur nefndin til að **frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alexander Stefánsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1979.

Stefán Jónsson, form., frsm. Oddur Ólafsson. Ágúst Einarsson. Geir Gunnarsson.

Karl Steinar Guðnason. Guðmundur Karlsson.

Nd. 593. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 16. des. 1885, sbr. lög nr. 32 29. apríl 1967, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1979.

Vilmundur Gylfason, form.	Einar Ágústsson, fundaskr.	Árni Gunnarsson, frsm.
Gils Guðmundsson.	Friðrik Sophusson.	Svava Jakobsdóttir.
	Matthías Á. Mathiesen.	

Nd. 594. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir fjölgun hæstaréttardómara úr sex í sjö. Jafnframt er m. a. gert ráð fyrir að aðeins þrír dómarar skipi dóm í kærumálum og minni háttar málum. Hvort tveggja er talið hraða meðferð mála fyrir dómstólum.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt eins og það kom frá efri deild.

Matthías Á. Mathiesen mun gera grein fyrir afstöðu sinni.

Alþingi, 2. maí 1979.

Vilmundur Gylfason, form.	Einar Ágústsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson, frsm.
Svava Jakobsdóttir.	Gils Guðmundsson.	Árni Gunnarsson.

Nd. 595. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, sbr. lög nr. 75/1967, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Undirritaðir nefndarmenn hafa athugað frumvarpið og leggja til að það verði samþykkt. Matthías Á. Mathiesen skilar séráliti.

Alþingi, 2. maí 1979.

Vilmundur Gylfason, form., frsm.	Einar Ágústsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson, með fyrirvara.
Svava Jakobsdóttir.	Gils Guðmundsson.	Árni Gunnarsson.

Nd. 596. Nefndarálit [267. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Undirritaðir nefndarmenn hafa athugað frumvarpið og leggja til að það verði samþykkt óbreytt. Matthías Á. Mathiesen skilar séráliti.

Alþingi, 2. maí 1979.

Vilmundur Gylfason, form., frsm.	Einar Ágústsson, fundaskr.	Friðrik Sophusson, með fyrirvara.
Gils Guðmundsson.	Svava Jakobsdóttir.	Árni Gunnarsson.

Nd. 597. Frumvarp til laga [70. mál]

um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 76 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:
Tekjur deildarinnar eru:
1. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi 25 milljónum krónum til ársloka 1986.
2. Framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, að fjárhæð 35 milljón krónur til ársloka 1986.
3. Vaxtatekjur.

18. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980. Með lögum þessum er felldur úr gildi III. kafli laga nr. 115 7. nóvember 1941, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Nd. 598. Frumvarp til laga [160. mál]

um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. maí)

1. gr.

Tilgangur forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum er að veita aðstoð við nauðsynleg bús- og heimilisstörf þegar veikindi, slys eða önnur forföll ber að höndum.
Búnaðarsamböndunum er heimilt að setja á stofn forfalla- og afleysingaþjónustu eftir lögum þessum, hvert á sínu svæði.

2. gr.

Yfirstjórn forfalla- og afleysingaþjónustu skal vera hjá Búnaðarfélagi Íslands í umboði landbúnaðarráðuneytisins. Dagleg umsjón og skipulag starfsins innan hvers svæðis verði undir stjórn viðkomandi búnaðarsambands. Kostnaður búnaðarsambandanna við stjórnun og skipulagningu forfalla- og afleysingaþjónustunnar greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi sem Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Landbúnaðarráðuneytið ákveður tölu afleysingamanna í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Heimilt er að ráða tvo starfsmenn fyrir hver 150 heimili, eða fleiri menn í hluta úr starfi. Ennfremur er heimilt að lausráða viðbótarstarfskraft sé þess þörf í einhverjum tilfellum.

Heimilt er búnaðarsamböndum að ráða afleysingamenn að hluta fyrir færri heimili, ef sérstök landfræðileg skilyrði gera það hagkvæmt, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands þá ráðstöfun. Allir bændur eða þeir sem veita búum forstöðu, og makar þeirra, eiga rétt á aðstoð í veikinda- og slysatilfellum, enda hafi þeir meiri hluta tekna sinna af landbúnaði og séu aðilar að Lífeyrissjóði bænda. Þeir bændur, sem hafa meiri hluta tekna sinna af öðru en landbúnaði, eiga rétt á aðstoð í hlutfalli við tekjur þeirra af landbúnaði.

3. gr.

Ríkissjóður leggi fram fé til að greiða föst mánaðarlaun 60 afleysingamanna skv. lögum þessum.

Skulu ákvæði þessi um framlag ríkissjóðs koma til framkvæmda á árunum 1979-1981.

Afleysingamenn skulu hafa rétt til aðildar að Lífeyrissjóði bænda. Skulu þeir taka laun eftir sama launaflokki og viðurkenndur er af landbúnaðarráðuneytinu fyrir frjótækna. Föst mánaðarlaun miðist við 40 stunda vinnuviku. Afleysingamenn skulu hafa endurgjaldslaust fæði og húsnæði hjá viðkomandi búi á starfstíma sínum. Einnig greiðir það ferðakostnað og yfirvinnu sem samið er um. Hámarkstími, sem bóndi getur haft afleysingamann með þeim kjörum, er 24 dagar á ári. Sama gildir um maka hans.

Heimilt er þó að framlengja dvöl afleysingamanns um lengri tíma, ef hans er ekki þörf annars staðar, en þá greiðir viðkomandi bóndi laun afleysingamannsins. Þó skal ávallt leggja áherslu á aðstoð í bráðum veikinda- og slysatilfellum, svo að svigrúm gefist til að gera aðrar ráðstafanir.

4. gr.

Veikist bóndi eða maki hans og óskað er aðstoðar, skal tilkynna það formanni viðkomandi búnaðarfélags, sem síðan tilkynnir það búnaðarsambandi. Skal þá liggja fyrir læknisvottorð um að viðkomandi sé óvinnufær.

5. gr.

Afleysingamenn skulu hafa alhliða starfsreynslu við bústörf. Koma skal á námskeiðum við bændaskólana, sem þjálfi fólk til afleysingastarfa.

6. gr.

Nú er ekki þörf fyrir mann, sem ráðinn er í afleysingastörf, til starfa í veikinda- eða slysatilfellum, skal þá yfirstjórn afleysingaþjónustunnar leitast við að ráða manninn til þeirra, sem þurfa að fara frá búi af öðrum orsökum, svo sem við töku orlofs. Skal þá bóndi greiða starfið að fullu. Fé, sem fæst greitt fyrir slík störf, má nota til að greiða fyrir forfallaþjónustu annars staðar á sama ári, ef fastir starfsmenn geta ekki sinnt öllum beiðnum, þegar þær berast. Að öðrum kosti komi fé þetta til frádráttar á heildarkostnaði við starfið.

7. gr.

Landbúnaðarráðuneytið setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga.

Þar skal nánar skilgreint hverjir hafa rétt til aðstoðar samkvæmt lögum þessum og um réttindi og skyldur aðstoðarfólks og því sett erindisbréf.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 599. Nefndarálit [273. mál]

um frv. til l. um heimild til hækkunar framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1979.

Jón Helgason, form., frsm. Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr. Karl Steinar Guðnason.
Ey. Kon. Jónsson. Geir Gunnarsson. Jón G. Sólnes.

Ed. 600. Frumvarp til laga [287. mál]

um breyting á lögum nr. 108 31. desember 1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. bætist:

Framleiðslueftirlitið skal og veita Fiskvinnsluskólanum nauðsynlega aðstoð við námskeið á vegum skólans skv. 3. gr. laga nr. 55 15. apríl 1971.

2. gr.

2. mgr. 9. gr. orðist svo:

Sjávarútvegsráðuneytið löggildir matsmenn. Fiskiðnaðarmenn með próf frá Fiskvinnsluskólanum skulu hljóta löggildingu að loknu prófi frá Fiskvinnsluskólanum sem ferskfisk- og freðfiskmatsmenn. Löggilding til mats á saltfiski, saltsíld og skreið fer fram eftir að þeir hafa starfað allt að 2 mánuðum eða minnst 300 vinnustundir að mati með löggiltum kennslu-matsmanni, þegar um saltfisk og saltsíld er að ræða, eða allt að 1 mánuði eða minnst 170 vinnustundir, þegar um skreið er að ræða. Aðra matsmenn löggildir sjávarútvegsráðuneytið samkvæmt tilnefningu forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða, enda hafi þeir sótt námskeið fyrir fiskmatsmenn. Sjávarútvegsráðuneytið lætur matsmenn undirrita eiðstaf um að þeir vilji rækja af alúð og kostgæfni skyldur þær, sem starfi þeirra fylgja. Fiskiðnaðarmenn með próf frá Fiskvinnsluskólanum skulu njóta forgangs við ráðningu matsmanna.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að svipta matsmann löggildingu um stundarsakir, hafi hann sýnt vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi. Þó skal veita matsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt, áður en hann er sviptur löggildingu um stundasakir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Jafnframt frumvarpi þessu um breyting á lögum nr. 108/1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, er flutt frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla. Meginmarkmiðið með frumvörpum þessum, ef að lögum verða, er að tryggja réttarstöðu fiskiðnaðarmanna, er þeir hafa lokið prófi frá Fiskvinnsluskólanum, og setja skýrari ákvæði um lokapróf, verklegt próf, svo og starfsþjálfun að prófi loknu. Jafnframt er stefnt að því að afmarka betur en nú er gert hlutverk þessara stofnana varðandi námskeiðahald fyrir matsmenn svo og endurmenntun þeirra.

Ef þingvilji er fyrir því að frumvörp þessi verði að lögum, er æskilegt að þau nái fram að ganga samtímis eða sem næst því þar sem markmiðunum, sem að er stefnt, verður ekki náð, nema þau nái bæði fram að ganga og er æskilegt, að slíkt gæti gerst tímanlega fyrir lok prófa fiskiðnaðarmanna frá Fiskvinnsluskólanum í maí n. k.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 55/1971 er gert ráð fyrir því, að námskeiðahald fyrir matsmenn verði alfarið á vegum Fiskvinnsluskólans, en hann leiti atbeina og samvinnu við Framleiðslueftirlitið varðandi þau. Hér er lagt til að tekin séu af tvímæli um skyldu Framleiðslueftirlitsins til slíkrar samvinnu. Fiskmat ríkisins og Framleiðslueftirlitið, sem leysti fyrrgreinda stofnun af hólmi, hafa mjög lengi haldið uppi námskeiðahaldi fyrr matsmenn og hefir Framleiðslueftirlitið talið það hlutverk sitt aðallega á grundvelli ákvæða í reglugerð nr. 71/1973 sem er eldri en lögin um Framleiðslueftirlitið. Ákvæði í lögum nr. 108/1974 um þetta efni eru óljós. Hins vegar eru skýr og ótvíræð ákvæði í gildandi lögum um Fiskvinnsluskólann um skyldu hans til að halda uppi slíkum námskeiðum og hefir sú starfsemi verið í mótun og fer nú hraðvaxandi. Ástæðulaust er að tvær stofnanir séu að fást við þetta verkefni sitt í hvoru lagi, en hins vegar auðsætt hagræði að samvinnu umræddra stofnana í þessu efni. Þetta fyrirkomulag ætti einnig að geta leitt til nokkurs sparnaðar við rekstur Framleiðslueftirlitsins.

Um 2. gr.

Samkvæmt gildandi lögum löggilda lögreglustjórar matsmenn samkvæmt tilnefningu forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Þar segir og, að nemendur úr Fiskvinnsluskólanum skuli njóta forgangs við ráðningu (löggildingu) matsmanna. Engin tímamörk eru um það, hvenær löggilding fæst. Framkvæmdin hefir verið sú, að þeir, sem sóst hafa eftir löggildingu, hafa starfað með löggiltum matsmönnum, sem hafa vottað um hæfni manna, er þeir hafa talið þá geta sinnt matsstörfum sjálfstætt. Með gr. þessari eru sett ákveðin tímamörk fyrir starfstíma með reyndum matsmönnum, kennslumatsmönnum. Jafnframt er í frumvarpi til laga um breyting á lögum um Fiskvinnsluskólann, sem flutt er jafnframt frumvarpi þessu, hert á prófkröfum, sem eiga að tryggja, ásamt hinni tímabundnu starfsþjálfun, sem um ræðir í þessari gr., að lokapróf fiskvinnslumanna frá Fiskvinnsluskólanum hafi gert þá hæfa, eins og frekast er auðið, til að taka að sér sjálfstæð matsstörf.

Þess er ekki að vænta að menn með próf frá sérnámsskóla eins og Fiskvinnsluskólanum uni algerri óvissu um það, hvenær þeir öðlist rétt til að stunda störf, sem þeir hafa sérstaklega menntað sig til að stunda.

Þess skal getið, að engin vandkvæði hafa risið í sambandi við löggildingu nemenda með próf frá Fiskvinnsluskólanum til mats á freðfiski og ferskum fiski.

Eins og fyrr segir löggilda lögreglustjórar matsmenn. Að athuguðu máli þykir rétt að fela sjávarútvegsráðuneytinu að veita matsmönnum löggildingu af hagkvæmnisástæðum, m. a. vegna náinna tengsla þess við Framleiðslueftirlitið. Þetta fyrirkomulag ætti og að geta leitt til samræmdari krafna og reglna um löggildingu.

Í annarri mgr. eru ákvæði, sem ætlað er að veita öllum matsmönnum aðhald um vandvirkni í starfi og viðhald þekkingar sinnar. Matsmenn geta ekki komið undir 7. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem fjallar m. a. um þetta efni, vegna tæmandi upptalningar í 11. gr. gildandi laga um Framleiðslueftirlitið á þeim starfsmönnum þess, er lög nr. 38/1954 taka til. Hins vegar verður að telja eðlilegt, að aðhald sé veitt í þessu efni og ætti að jafnaði að vera möguleikar á að bæta úr þekkingarskorti vegna ákvæða frumvarps um breytingu á lögum um Fiskvinnsluskólann sem flutt er jafnframt þessu frumvarpi, en í 1. gr. þess er Fiskvinnsluskólanum gert að halda námskeið til endurmenntunar matsmanna.

Sþ. 601. Skýrsla

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1978.

I. INNHEIMTA TEKNA.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins voru innheimtar tekjur vegasjóðs 31. desember 1978, sem hér segir:

	Samkvæmt vegáætlun m.kr.	Rauntekjur pr. 31.12. '78 m.kr.		Mismunur m.kr.
1.1. Bensíngjald:				
Brúttótekjur		4 654		
Endurgreiðslur		28		
	4 460		4 626	166
1.2. Þungaskattur:				
Km-gjald		800		
Árgjöld	1 250	348		
			1 148	÷102
1.3. Gúmmígjald	90		96	6
1.4. Ríkisframlag	1 300		1 490	190
1.5. Lánsfé	2 200		2 200	0
	9 300		9 560	260

1.0. Bifreiðainnflutningur.

Á árinu 1978 voru fluttar inn 8 862 bifreiðar, og er það 1 080 bifreiðum fleira en árið áður. Heldur dró úr innflutningi síðustu mánuði ársins, og má búast við, að á árinu 1979 verði flutt inn heldur minna af bifreiðum en árið 1978.

Mest var flutt inn af fólksbifreiðum eða alls 8 096. Innflutningur vörubifreiða var alls 368, þar af 162 með yfir 10 tonna leyfðum heildarþunga. Sendibifreiðar voru 345 og sérsmíðaðar bifreiðar til ýmissa verkefna 53. Áætlað er, að bifreiðaeign í lok árs 1978 hafi verið orðin um 83 700 bifreiðar. Fjölgun frá árinu áður er um 7,3%

Sundurliðaðar tölur um fjölda bifreiða í landinu í janúar 1979 liggja ekki enn fyrir, en 1. janúar 1978 var skiptingin, eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

Teg. bifreiðar		Bensín	Dísel	Alls
Fólksbifreiðar		66 973	3 242	70 215
Alm. bifreiðar		201	674	875
Vörubifreiðar		2 975	3 941	6 916
	70 149	70 149	7 857	78 006

1.1. Bensíngjald.

Bensínsala á árinu 1978 varð 121,5 m. ltr, en það er 6,2% aukning frá árinu áður. Ef hins vegar er miðað við meðaleyðslu á bifreið, þá er hún heldur minni en árið áður eða 1 670 ltr á móti 1 685 árið 1977.

Á árinu var ráðstöfunarfé vegasjóðs aukið um 260 m. kr. (sjá lið 2. 3. 0. 5.). Þar af áttu 220 m. kr. að koma inn með sérstakri hækkun á bensíngjaldi. Í heild urðu tekjur 54 m. kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir, en það má rekja til þess, að fyrirhuguð hækkun bensíngjalds á miðju ári varð í raun framkvæmd seinna.

Bensínsala og meðaleyðsla á bensínbifreið.

Ár	Bensínsala millj. lítra	Meðaleyðsla lítrar
1971	77,5	1 756
1972	84,9	1 745
1973	95,1	1 757
1974	104,4	1 736
1975	103,6	1 623
1976	104,5	1 616
1977	114,4	1 685
1978	121,5	1 670

1.2. Þungaskattur.

Innheimtar tekjur af þungaskatti urðu 102 m. kr. undir áætlun. Ef miðað er við tekjur á föstu verðlagi og tillit tekið til aukningar díselbíla, hafa tekjur af þungaskatti heldur minnkað á síðustu árum, og má rekja ofangreindan halla til ofáætlunar á þessum tekjustofni. Heildartekjur af þungaskatti voru 1 148 m. kr., sem skiptast þannig, að tekjur af km-gjaldi voru 800 m. kr. og af árgjaldi 348 m. kr. Mælagjald er nú innheimt af díselbílum, sem eru að heildarþyngd 3 t og meir. Eigendum minni bíla er hins vegar heimilt að velja á milli innheimtu skv. km-gjaldi eða föstu árgjaldi.

Þungaskattur díselbíla er nú innheimtur af um 8 100 bifreiðum. Áætlað er að um 5 000 greiði eftir mæli, en um 3 100 fast árgjald. Þar af eru um 2 000 bílar í eign bænda, sem fá 50% afslátt.

1.3. Gúmmígjald.

Tekjur af gúmmígjaldi, sem nú er 45 kr. á hvert kg af innfluttu gúmmíi, urðu 96 m. kr., en það er 6 m. kr. umfram áætlun. Má rekja það til meiri innflutnings bifreiða en gert var ráð fyrir í tekjuspá.

Alls voru flutt inn 2 140 tonn af hjólbörðum. Áætlað er að 1 460 tonn séu vegna endurnýjunar og 680 tonn vegna innflutnings nýrra bifreiða.

Hér að neðan eru tölur yfir innflutning hjólbarða og árleg meðalnotkun bifreiða af gúmmíi.

Ár	Innfl. vegna nýrra bifr.	Innfl. vegna endurnýjunar	Innfl. alls tonn	Meðalendur-nýjun kg/bifr.
1971	590	1 030	1 620	21
1972	540	1 270	1 810	23
1973	610	1 380	1 990	23
1974	810	1 530	2 340	23
1975	270	1 110	1 380	16
1976	340	1 050	1 390	15
1977	570	1 530	2 100	20
1978	680	1 460	2 140	18

1.4. Ríkisframlag.

Ríkisframlag var í vegáætlun 1978 1 300 m. kr., en er hér hækkað um 150 m. kr., sem er mismunur á innheimtu og áætlun á mörkuðum tekjustofnum vegasjóðs. Þá er ríkisframlag ennfremur hækkað um 40 m. kr., sem er sá hluti þess 260 m. kr. viðbótarfjármagns, sem vegasjóður fékk til ráðstöfunar á árinu 1978 (sjá lið 2. 3. 0. 5.).

1.5. Lánsfjáröflun.

Lánsfjáröflun önnur en bráðabirgðalán og vinnulán, nam 2 200 m. kr. Af þeim voru 800 m. kr. lántaka sérstaklega tengd NA-vegi (sjá lið 2. 3. 0. 1.).

II. SKIPTING ÚTGJALDA.

Heildarupphæð fjárveitinga til vegamála skv. vegáætlun var 9 300 m. kr., og skiptist hún milli framkvæmdaliða skv. töflu hér að neðan. Um mitt árið var ráðstöfunarfé vegasjóðs aukið um 260 m. kr. (sbr. lið 2. 3. 0. 5.), þannig að heildarfjárveiting varð 9 560 m. kr. Auk þess var í vegáætlun heimild til töku vinnulána eða annarra bráðabirgðalána til nýrra þjóðvega að upphæð 400 m. kr. (sbr. lið 2. 3. 0. 2.).

SKIPTING ÚTGJALDA SKV. VEGÁÆTLUN

	Upph. í m.kr.	
Stjórn og undirbúningur:		
1. Skrifstofukostnaður	190	
2. Verkfræðilegur undirbúningur	254	
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	37	
4. Eftirlaunagreiðslur	29	
		510
Viðhald þjóðvega:		
1. Sumarviðhald		
1. Viðhald malarvega	1 042	
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	179	
3. Viðhald brúa	120	
4. Viðhald varnargarða	17	
5. Heflun vega	483	
6. Rykbinding	96	
7. Vinnsla efnis	491	
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	132	
9. Vegmerkingar	40	
	2 600	
2. Vetrarviðhald	620	
		3 220
Til nýrra þjóðvega:		
1. Stofnbrautir	2 951	
2. Þjóðbrautir	700	
3. Girðingar og landgræðsla	70	
		3 721
Til fjallvega o.fl.:		
1. Aðalfjallvegir	17	
2. Aðrir fjallvegir	23	
3. Reiðvegir	2	
4. Þjóðgarðavegir o.fl.	15	
		57

	Upph. í m.kr.	
Til brúagerða:		
1. Brýr 10 m og lengri	458	
2. Smábrýr	105	
		563
Til sýsluvega:		340
Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:		706
Til véla og áhaldahúsa:		
1. Til véla- og verkfærakaupa	38	
2. Til byggingar áhaldahúsa	56	
		94
Til tilrauna:		29
Til greiðslu halla:		
1. Halli í árslok 1976	106	
2. Halli 1977 áætl.	130	
3. Yfirfært á næsta ár	176	60
Samtals		9 300

2.0. VERÐHÆKKANIR OG GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN.

Þegar vegáætlun var lögð fram á Alþingi í febrúar 1978, voru meðalverðlagshækkanir milli áranna 1977 og 1978 áætlaðar 30%. Voru öll markmið og stefna vegáætlunar miðuð við þá hækkun. Verðlagsþróun breyttist hins vegar mjög til hins verra, er leið á árið, og raunveruleg verðhækkun varð mun meiri, eða eins og eftirfarandi vísitölur sýna:

	Vegagerð	Brúagerð	Viðhald
1. Vísitala í vegáætlun (áætluð)	8 400	12 310	9 920
2. Vísitala í ágúst 1978	9 420	13 050	11 310
Hækkun 1—2	12,1%	6,0%	14,0%

Til að mæta þessum verðhækkunum, var dregið úr framkvæmdum í nýbyggingu vega og sumarviðhaldi. Óhjákvæmilega varð nokkur halli á öðrum bundnum liðum. Snjómokstur varð 225 m. kr. umfram áætlun, sem bæði má rekja til verðhækkana umfram áætlun og einnig til meiri snjómoksturskostnaðar en í meðalári. Þá varð ennfremur 20 m. kr. halli á bundnum liðum stjórnar og undirbúnings.

Halli þessi verður greiddur af vegáætlun 1979.

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR.

2.1.0. Starfsmannahald.

Um s. l. áramót voru ársmenn hjá Vegagerð ríkisins 438, og er um töluverða fækkun að ræða frá áramótun 1977—1978, en þá voru ársmenn 470. Ástæðan fyrir þessari fækkun er fyrst og fremst sú, að minni framkvæmdir eru nú í Borgarfirði en voru s. l. vetur.

Á kjörum opinberra starfsmanna voru 135 starfsmenn, en heimiluð stöðugildi eru 139.

Yfir aðalframkvæmdatímann, þ. e. mánuðina júní, júlí og ágúst, s. l. sumar voru starfsmenn 1 300—1 400 að meðtöldum u. þ. b. 400 vörubifreiðastjórum.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna um s. l. áramót eftir starfsstéttum og umdæmum.

	Rvík Reykjanes	Suðurland	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Borgarfjarðar brú	SAMTALS Jan. '79	Jan. '78	Jan. '77
Skrifstofa, yfirstjórn	20	2	3	1	2	4	1		33	36	35
Verkfræðil. undirbúningur	34	3	4	4	3	4	4		56	52	51
Vegaeftirlit	4								4	4	4
Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB	14					1			15	17	17
Iðnlærðir verkstjórar	7	1	1		1	4	2	2	18	17	17
Verkstjórar	12	11	12	9	6	15	15		80	74	80
Iðnaðarmenn	26	1	5	2	2	6	3	11	56	67	65
Vélamenn	24	11	22	11	10	20	15	3	116	122	121
Verkamenn	21	2	8	1	1	7		9	48	65	67
Ráðskonur, matráðskonur	6	1				3		2	12	16	17
Fastir starfsm. í jan. 1979	168	32	55	28	25	64	40	27	438	470	474
Fastir starfsm. í jan. 1978	162	31	57	29	25	67	46	53		470	
Fastir starfsm. í jan. 1977	167	30	65	27	25	71	47	42			474

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Útgjöld á þessum lið voru áætluð 190 m. kr., en urðu 220 m. kr. eða 15,8% hærri en áætlað var. Stafar þessi hækkun að miklu leyti af launahækkunum, en liður þessi er að stórum hluta launagreiðslur.

Um 66% þessa kostnaðar féll til í Reykjavík og á Suðvesturlandi, en 34% kostnaðarins féll til í öðrum landshlutum. Þar eru skrifstofur á eftirtöldum stöðum: í Borgarnesi, á Ísafirði, á Sauðárkróki, á Akureyri, á Reyðarfirði og á Selfossi.

2.1.2. Verkfræðilegur undirbúningur.

Fjárveiting var 254 m. kr., og var henni varið til undirbúningsframkvæmda, einkum þeirra, sem ekki höfðu fjárveitingu á árinu. Var hér um að ræða mælingar, kortagerð og ýmsar rannsóknir auk hönnunarvinnu og annars tæknilegs undirbúnings. Sumpart var hér um áframhald vinnu frá fyrra ári að ræða.

Meðal verka, sem unnið var að undirbúningi við, má nefna:

Suðurlandsveg frá Landvegi að Hvolsvelli.
Eyrarbakkaveg milli Eyrarbakka og Þorlákshafnarvegar.
Vesturlandsveg um Hvalfjörð, í Norðurárdal og á Holtavörðuheiði.
Vestfjarðaveg í Önundarfirði.
Siglufjarðarveg í Mánárskriðum.
Norðurlandsveg í Langadal og á Öxnadalsheiði.
Norðfjarðarveg milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar.


2.2.1. Sumarviðhald.

Til þessa liðar telst allur kostnaður við viðhald á auðum vegum, og fer mest af því fram að sumarlagi. Skiptist þessi liður í eftirfarandi viðhaldsliði.

Sumarviðhald	Fjárveiting m.kr.
1. Viðhald malarvega	1 042
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	179
3. Viðhald brúa	120
4. Viðhald varnargarða	17
5. Heflun vega	483
6. Rykbinding	96
7. Vinnsla efnis	491
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	132
9. Vegmerkingar	40
	Samtals 2 600

Á meðfylgjandi töflu er viðhaldskostnaður á árunum 1968—78 tilgreindur og jafnframt færður upp til verðlags 1978, lengd akfærra þjóðvega, viðhaldskostnaður á hvern km miðað við verðlag 1978, bílafjöldi í ársbyrjun viðkomandi árs og áætlaður fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum í millj. km. Í síðasta dálki töflunnar er síðan viðhaldskostnaður á hvern ekinn km miðað við verðlag 1978, og eru þær tölur einnig sýndar á meðfylgjandi súluriti.


Ár	Viðhaldskostn. m. kr.	Vísitala viðhalds	Viðhaldsk. miðað við verðlag 1978 m. kr.	Lengd akfærra þjóðvega km.	Viðhaldsk. á km miðað við verðlag 1978. Þús. kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum m. km.	Viðhaldsk. á hvern ekinn km miðað við verðlag 1978. kr.
1968	149,0	6,0	2471	8920	277	42,117	272	9,1
1969	150,2	7,4	2041	8186	249	43,606	290	7,0
1970	179,3	8,2	2192	8186	268	43,576	308	7,1
1971	218 1	9,5	2298	8148	281	47,011	328	7,0
1972	303,6	11,4	2663	8164	326	52,489	349	7,6
1973	334,0	13,9	2403	8104	297	57,155	371	6,5
1974	680,0	22,3	3049	8211	371	63,189	395	7,7
1975	840,0	36,4	2308	8336	277	71,364	420	5,5
1976	1172,0	46,9	2499	8336	300	71,459	420	6,0
1977	1437,0	67,5	2129	8336	255	73,410	449	4,7
1978	2655,0	100,0	2655	8409	316	78,481	450	5,9



Eins og undanfarin ár var lögð mikil áhersla á, að sem minnst af viðhaldsfé færi í vorviðgerðir, en sem mest til viðhalds og endurbóta á vegum.

Lögð var áhersla á að reyna að koma í veg fyrir vorskemmdir með því að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann, þar sem nauðsyn krafði, en engu að síður urðu víða nokkrar vorskemmdir á vegum víðsvegar um landið.

Kort það sem hér fer á eftir, sýnir þær öxulþungatakmarkanir, sem settar voru síðastliðið vor.



Í meðfylgjandi töflu er þjóðvegum skipt niður eftir umferðarþunga. Nær þessi skipting yfir kjördæmi. Einnig er gerður greinarmunur á malarslitlagi og bundnu slitlagi.

Kjördæmi	Gerð slitlags	Sumardagsumferð bílar/dag: Minni en 50	50–100	100–200	200–300	300–500	500–750	750–1 000	1 000–1 500	1 500–2 000	2 000–3 000	3 000–5 000	5 000–10 000	Meiri en 10 000	Árumferð millj. ekinna km: Alls	Alls í kjörd.
		Fjöldi km af vegum í hverjum umferðarflokki: km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km
Suðurland	Malar	474	326	310	112	186	74	22	5	–	–	–	–	–	56	
	Bundið	–	–	–	–	1	16	4	1	14	22	12	–	–	36	92
Reykjanes	Malar	–	76	74	4	5	24	–	35	3	7	–	–	–	23	
	Bundið	–	–	3	–	7	2	1	36	7	15	38	14	5	135	158
Vesturland	Malar	445	386	174	189	81	46	45	20	–	–	–	–	–	55	
	Bundið	–	–	–	1	–	4	5	–	–	–	–	–	–	2	57
Vestfirðir	Malar	640	436	201	8	27	3	–	–	2	–	–	–	–	22	
	Bundið	–	–	–	–	–	–	–	3	–	–	–	–	–	1	23
Norðurl. ve.	Malar	476	222	114	101	118	67	7	–	–	–	–	–	–	34	
	Bundið	–	–	–	–	–	–	5	–	–	–	–	–	–	1	35
Norðurl. ey.	Malar	387	207	280	138	124	44	4	5	–	1	–	–	–	43	
	Bundið	–	–	–	–	–	–	–	–	5	2	–	–	–	3	46
Austurland	Malar	462	188	559	135	97	4	1	–	–	–	–	–	–	38	
	Bundið	–	–	–	–	2	1	–	2	–	–	–	–	–	1	39
Samtals	Malar	2884	1841	1712	687	638	262	79	65	5	8	–	–	–	271	
	Bundið	–	–	3	1	10	23	15	43	26	39	50	14	5	179	
	Alls	2884	1841	1715	688	648	285	94	107	31	47	50	14	5	450	450

Kjördæmi	Gerð slitlags	Árumferð millj. ekinna km: Alls km	Alls í kjörd. km
Suðurland	Malar	1509	
	Bundið	70	1579
Reykjanes	Malar	228	
	Bundið	128	356
Vesturland	Malar	1386	
	Bundið	10	1396
Vestfirðir	Malar	1317	
	Bundið	3	1320
Norðurl. ve.	Malar	1105	
	Bundið	5	1110
Norðurl. ey.	Malar	1189	
	Bundið	7	1196
Austurland	Malar	1446	
	Bundið	5	1451
Samtals	Malar	8181	
	Bundið	229	
	Alls	8409	

2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Þessi liður innifelur kostnað við endurnýjun ræsa, skurðgröft, rásagerð, eftirlit, endurnýjun umferðarmerkja og stika, malarburð og fleira.

Til malarburðar var varið 723,5 m. kr., en það gerir um 27% af heildarkostnaði sumarviðhalds.

Eftirfarandi tafla sýnir lengd vega, sem malarbornir voru 1977, ásamt fjölda rúmmetra, sem ekið var í slitlag vega.

Kjördæmi	Lengd km	Malarmagn m^3	Magn m^3/m
Suðurland	153	178 500	1,17
Reykjanes	52	33 000	0,63
Vesturland	156	132 500	0,85
Vestfirðir	145	64 000	0,44
Norðurland vestra	160	110 000	0,69
Norðurland eystra	144	80 000	0,56
Austurland	108	96 000	0,89
Samtals	918	694 000	0,76

Meðalkostnaður við akstur og útlagningu hvers rúmmetra varð 1041 kr.

2.1.3. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 37 m. kr.

A. Talning umferðar.


Umferðartalning fór fram eftir skipulagi, sem unnið hefur verið eftir síðan 1975.

Talin var umferð allt árið á 43 stöðum um land allt. Auk þess var gerð víðtæk könnun á sumarumferð á Norðaustur- og Austurlandi.

Umferðin 1978 virðist hafa verið mjög svipuð því, sem hún var 1977, sumarumferð hefur aukist lítillega (3%), en ársumferð hefur staðið í stað.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir dreifingu ársumferðar á vegakerfinu.

Á fylgiskjölum 2.1.3. 1—4 eru talningarstaðir sýndir ásamt umferðartölum á hverjum stað.


ÁRSUMFERÐ 1978
≤ 200 bílar á dag
200-500 " "
500-1000 " "
> 1000 " "

B. Athugun á umferðarslysum.

Safnað var upplýsingum um umferðarslys á þjóðvegum (að þjóðvegum í þéttbýli undanskyldum), sem gerð var lögregluskýrsla um á árinu 1977. Alls bárust upplýsingar um 798 slys. Í 179 þeirra eða um 22% tilfella urðu meiðsli á fólki. Staðsetning slysanna var skráð og eðli þeirra. Í ljós kom, að um þriðjungur slysanna varð, er bifreið var ekið út af vegi, og um helmingur allra slysa með meiðslum á fólki varð í útafakstri.

Þá var reiknuð út slysatíðni miðað við umferð (fjöldi slysa fyrir hverja 1 000 000 ekinna km). Meðalslysatíðni á þjóðvegakerfinu á árinu 1977 reyndist vera 1,77.

Sá þjóðvegur, sem flest slys urðu á, var Hafnarfjarðarvegur, en alls voru á árinu 1977 gerðar lögregluskýrslur um 140 slys og óhöpp á honum. Er þá miðað við veginn allan frá Fossvogslæk að Reykjanesbraut. Eru þetta um 17,5% allra slysa, sem upplýsingar bárust um. Slysatíðni á honum reyndist vera 2,99 slys á hverja 1 000 000 ekna km, þ. e. verulega hærri en landsmeðaltal.

Reiknað er með, að slysaathugunum verði haldið áfram með svipuðum hætti og niðurstöður þeirra verði notaðar til þess að ákvarða þá staði, sem sérstaklega þarfnast endurbóta vegna öryggissjónarmiða.

C. Vegaeftirlit.

Störf vegaeftirlitsins voru með svipuðu sniði og undanfarin ár. Unnið var við eftirlit með öxulþunga bifreiða á þjóðvegum. Jafnframt fylgdust vegaeftirlitsmenn með ástandi ökumæla í díselbifreiðum vegna innheimtu þungaskatts.

Vegaeftirlitið sá að venju um vegmerkingar, umferðartalningar, upplýsingamiðlun um ástand vega og annaðist samræmingu á snjómokstri á þjóðvegum landsins.

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrv. vegaverkstjóra og ekkna þeirra ásamt nokkurra fyrrv. verkamanna voru áætlaðar 29,0 m. kr., en urðu ekki nema 28,3 m. kr., þar sem eftirlaunaþegum fækkaði nokkuð frá því sem áætlað var. Einn verkstjóri og ein verkstjóraekkja öðluðust rétt til eftirlauna á árinu. Einn fyrrv. verkstjóri og tvær verkstjóraekkjur létust, en frestað var greiðslu eftirlauna til eins verkstjóra og þriggja verkamanna.

Í árslok nutu því alls 12 fyrrv. verkstjórar, 14 verkstjóraekkjur og 10 fyrrv. verkamenn eftirlauna.

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Fjárveiting til sumarviðhalds var	2 600 m. kr.
Fjárveiting til vetrarviðhalds var	620 m. kr.
Samtals til viðhalds vega	3 220 m. kr.

2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Lagt var um 15,0 km slitlag, þar af 12,0 km olíumöl og 3,0 km malbik. Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir gerð bundins slitlags í árslok 1978 eftir kjördæmum.

Kjördæmi	Lengdir í km				
	Steypa	Malbik	Olíumöl	Klæðning	Samt.
Suðurland		2,7	63,5	6,2	72,4
Reykjanes	46,6	26,2	54,2		127,0
Vesturland			5,1	5,0	10,1

Kjördæmi	Lengdir í km Steypa	Malbik	Olíumöl	Klæðning	Samt.
Vestfirðir		3,4			3,4
Norðurland vestra				5,4	5,4
Norðurland eystra		7,0			7,0
Austurland			4,9		4,9
Samtals	46,6	39,3	127,7	16,6[1])	230,2

1) Klæðningar eru taldar með bundnu slitlagi, þó svo að aðferðin sé enn á tilraunastigi (sbr. kafli 3.1.), og að óvíst sé um endingu þessarar slitlagsgerðar.

2.2.1.3. Viðhald brúa.

Fjárveiting á vegáætlun var 120,0 m. kr.

Langstærsta verkefnið var ryðhreinsun og málun stálgrindarbrúar á Þjórsá á Suðurlandsvegi, og nam kostnaður við það verk eitt hér um bil 63 m. kr. Auk þess voru sett timburgólf á gamlar steyptar brýr á Botnsá í Hvalfirði og Laxá í Leirársveit. Lokið var við styrkingu á undirstöðum brúar á Vesturós Héraðsvatna á Siglufjarðarvegi.

2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Fjárveiting var 17,0 m. kr. Unnið var nokkuð að viðhaldi varnargarða á Suðausturlandi og Vesturlandi.

Fyrirhuguðum viðhaldsverkefnum á Skeiðarársandi var frestað til næsta árs.

2.2.1.5. Heflun vega.

Reynt var að draga úr heflun, eins og hægt var, en engu að síður varð kostnaður um 56,0 m. kr. hærri en fjárveitingin eða um 16%. Þessi upphæð var tekin af liðnum viðhald malarvega.

2.2.1.6. Rykbinding.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega 1978, sem rykbundnir voru með klórkalsíum eða sjó. Einungis hluti þessara vega fékk þó fulla rykbindingu. Í töflunni eru einnig upplýsingar um lengd malarvega með umferð meiri en 300 bílar á dag, miðað við sumarumferð. Eins og taflan sýnir, vantar mikið á að ná því marki að rykbinda alla malarvegi með umferð meiri en 300 bílar á dag.

Kjördæmi	Rykbinding 1977 km	Lengd malarvega með umferð meiri en 300 b/d km
Suðurland	50	287
Reykjanes	42	74
Vesturland	50	192
Vestfirðir	6	32
Norðurland vestra	60	192
Norðurland eystra	70	179
Austurland	28	102
Samtals	306	1 058

2.2.1.7. Vinnsla efnis.

Vegagerðin starfrækti tvær mulningsvélasamstæður og tvo litla malara að nokkru. Ennfremur starfrækti Vegagerðin tvær hörpusamstæður, en ein hörpusamstæða var ekki starfrækt vegna fjárskorts. Þessar vélar vinna steinefni í slitlag og burðarlag.

Vinnsla efnis 1978, sem fer til viðhalds, var sem hér segir:

Kjördæmi	Mölun m³	Hörpun m³	Samt. m³
Suðurland	31 500	–	31 500
Reykjanes	20 000	–	20 000
Vesturland	40 500	–	40 500
Vestfirðir	30 000	–	30 000
Norðurland vestra	–	55 000	55 000
Norðurland eystra	55 500	–	55 500
Austurland	20 500	25 000	45 500
Samtals	198 000	80 000	278 000

2.2.1.8. Vatnaskemmdir.

Eins og oftast áður, urðu talsverðar skemmdir á vegum vegna vatnavaxta. Skemmdir þessar eru margs konar. Í miklum rigningum og leysingum falla t. d. aur- og grjótskriður á vegi í bröttum hlíðum. Vatn flæðir yfir vegi, þegar skurðir og ræsi eru full af snjó og klaka, og rýfur þá oft skörð í vegi, skemmdir verða á ræsum og fyllingum við brýr o. s. frv.

Í öllum landshlutum urðu talsverðar skemmdir af vatnavöxtum á liðnu ári. Mestar urðu þær á Austurlandi, og þá helst um miðjan maí-mánuð á Suðurfjarðarvegi, einkum í Vattarnesskriðum og Kambaskriðum. Einnig urðu þá skemmdir á vegum í Breiðdal og Jökuldal. Um mánaðamótin júlí-ágúst urðu skemmdir á Norðfjarðarvegi, milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Í október urðu vatnaskemmdir á Vestfjörðum og þá einkum á vegum í Barðastrandarsýslum. Vegir skoluðust þar víða í burtu, ræsi eyðilögðust og fyllingar skoluðust frá nokkrum brúm. Í þessum vatnavöxtum skemmdist brúin hjá Brjánslæk á Barðaströnd verulega.

2.2.1.9. Vegmerkingar.

Fjárveiting var 40,0 m. kr.

Á liðnu ári var einkum unnið að endurbótum á aðvörunarmerkingum. Teknir voru fyrir helstu vegir á Norðaustur- og Austurlandi og aðstæður metnar að nýju í samvinnu við vegalögregluna. Á sama hátt var farið um alla þjóðvegi á Suðurlandi og Reykjanesi. Eftir þessu mati var síðan unnið að endurbótum á aðvörunarmerkingum. Á liðnu sumri var gert nokkurt átak í að setja upp vegvísa á vegum um hálendið.

Helstu fjallvegir fengu númer, líkt og aðrir vegir, og er merkingu þeirra hagað í samræmi við það.

Auk áðurgreindra verkefna var unnið að margs konar öðrum verkefnum, sem lúta að merkingum.

2.2.2. Vetrarviðhald.

Veturinn 1978 var yfirleitt í meðallagi snjóþungur. Frá áramótum til vors var snjómagn nálægt meðallagi, en frá hausti til áramóta var yfirleitt snjólétt, nema í nóvember.

Á Holtavörðuheiði voru snjómokstursdagar 23 á árinu, en 28 á árinu 1977. Á Breiðadalsheiði 44 dagar, en 48 á árinu 1977, og á Oddsskarði 38 dagar í stað 39 á árinu 1977.

Þrátt fyrir að veturinn 1978 hafi verið í meðallagi, var fjárnotkun um 845 m. kr., en það er um 225 m. kr. umfram áætlun. Ástæðurnar fyrir þessari umframeyðslu eru einkum tvær, þ. e. of lág áætlun fyrir hinar nýju snjómokstursreglur, sem gengu í gildi 1977, og hitt, að kröfur um snjómokstur og aðra vetrarþjónustu eru sífellt vaxandi og meiri en reglurnar gera ráð fyrir.

Hér á eftir fer tafla, sem sýnir, hve marga daga ýmsir fjallvegir eru ófærir vegna snjóa í hverjum mánuði árið 1978. Einnig er sýnt, hve marga daga unnið hefur verið við snjómokstur á þeim.

	Jan	Febr.	Mars	Apr.	Maí	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	Hlutfall af 365 dögum %	Snjómokstursdagar
Fróðárheiði		1	5										6	2	15
Svínadalur		4	5								2		11	3	20
Kletthás	31	28	31	16						1	13	3	123	34	10
Hálfdán	9	7	10	1							5		32	9	31
Dynjandisheiði	31	28	31	13						3	25	3	134	37	10
Hrafnseyrarheiði	31	28	31	11						3	10	5	119	33	19
Breiðadalsheiði	18	19	27	7						1	9	3	84	23	44
Botnsheiði	19	20	28	6						2	7	2	84	23	36
Þorskafjarðarheiði	31	28	31	25						3	28	31	177	48	12
Holtavörðuheiði	4	3	5										12	3	23
Vatnsskarð	5	7	5										17	5	32
Sigluf. v., Fljót-Sigl.	4	11	12							1	9		37	10	36
Lágheiði	31	28	31	21						3	18	31	193	53	7
Öxnadalsheiði	4	3	5								4		16	4	31
Ólafsfjarðarmúli	8	7	10	1						1	8		35	10	34
Vaðlaheiði	31	28	31	23							12	1	126	35	7
Hólssandur	31	28	31	30	22					12	30	31	215	59	2
Axarfjarðarheiði	31	28	31	30	21					12	30	31	214	59	4
Sandvíkurheiði	4	17	21	6							9		57	16	11
Vopnafjarðarheiði	31	28	31	30	15					2	30	31	198	54	6
Möðrudalsöræfi	31	28	31	19								11	120	33	3
Vatnsskarð eystra	24	21	26	9							12	5	97	27	11
Fjarðarheiði	12	9	19	7							8	1	56	15	37
Oddsskarð	7	7	12	5							7	2	40	11	38
Breiðdalsheiði	31	28	31	24							14	12	140	38	8

Yfirlit yfir kostnað við vetrarviðhald 1968—1978.

Ár	Jan.—Júní m. kr.	Okt.—Des. m. kr.	Allt árið m. kr.	Vísitala viðhalds kostnaðar	Á verðl. 1978 m. kr.
1968	25,5	7,2	32,7	5,30	617
1969	18,3	15,8	34,1	6,48	526
1970	34,0	15,9	49,9	7,19	694
1971	34,0	20,7	54,7	8,33	657
1972	24,4	29,7	54,1	9,98	542
1973	59,0	40,1	99,1	12,5	793
1974	91,6	72,4	164,0	20,4	804
1975	245,4	76,3	324,7	33,4	972
1976	227,4	88,4	315,8	43,8	721
1977	323,0	171,3	500,3	67,7	739
1978	526,9	318,2	845,1	100,0	845

Kostnaður við vetrarviðhald nokkurra fjallvega.

Fjallvegir	Lengd kafla km.	Kostn. v/snjómokstur m. kr.	Kostnaður á km. þús. kr.
Rvík-Selfoss og Þrengslavegur	64	49,9	779,7
Holtavörðuheiði	38	25,6	673,7
Fróðárheiði	13	6,0	461,5
Miklidalur og Hálfdán	29	7,4	255,2
Breiðadalsheiði	16	18,2	1 137,5
Haganesvík — Siglufjörður	31	19,1	616,1
Öxnadalsheiði	30	15,8	526,7
Ólafsfjarðarmúli	18	18,5	1 027,8
Fjarðarheiði	25	22,9	916,0
Oddsskarð	22	30,9	1 404,6

2.2.3. Yfirlit um viðhald þjóðvega og skiptingu þess.

Í meðfylgjandi töflum er gefið yfirlit um viðhaldskostnað þjóðvega og skiptingu hans.

Viðhaldskostnaður þjóðvega 1968—1978.

Ár	Fjárv. í vegáætl. m. kr.	Heildar-kostnaður m. kr.	Vetrar-viðhald m. kr.	Vetrarviðhald sem hluti af heildarkostnaði %
1968	139,4	181,7	32,7	18,0
1969	175,0	184,3	34,1	18,5
1970	197,4	229,2	49,9	21,8
1971	250,0	272,8	54,7	20,1
1972	355,0	357,7	54,1	15,1
1973	375,0	433,1	99,1	22,9
1974	716,4	844,0	164,0	19,4
1975	1 048,7	1 161,7	321,7	27,7
1976	1 381,0	1 462,1	315,8	21,6
1977	1 878,0	1 979,8	500,3	25,3
1978	3 220,0	3 500,2	845,1	24,1

Skipting viðhaldskostnaðar.

Í meðfylgjandi töflu er sýnt yfirlit um skiptingu viðhaldskostnaðar fyrir árið 1978. Skiptingin nær til sautján kostnaðarliða samkvæmt nýrri kostnaðarskiptingu, sem var gerð fyrir allt landið í fyrsta skipti árið 1978.

Í næstu töflu er svo tilgreind lengd akfærra vega og kostnaður við viðhald vega á km, ásamt eknum km og viðhaldskostnað á hvern ekinn km. Í töflunni er einnig sýndur kostnaður við sumarviðhald og kostnaður á hvern ekinn km.

Skipting viðhaldskostnaðar þjóðvega árið 1978.

	Kostnaðarliðir	Kjördæmi: Suðurland	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. ve.	Norðurl. ey.	Austurland	Allt landið	Hlutfall af heildarkostnaði
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.		%
Vetrarviðhald	116,2	58,5	98,9	171,7	69,9	142,3	187,6	845,1		24,1
Eftirlit og hreinsun	23,1	11,0	14,4	23,6	11,8	10,7	23,4	118,0		3,4
Umferðarmerki, stikur og leiðarar	4,8	15,6	7,6	6,9	5,8	3,0	3,3	47,0		1,3
Vegmálun	4,4	16,8	–	0,1	–	0,6	0,5	22,4		0,6
Umferðarljós, lýsing	–	12,6	–	–	–	–	–	12,6		0,4
Mölburður	189,1	38,9	126,5	72,5	74,3	101,3	119,9	722,5		20,7
Yfirlögn	45,0	99,6	–	–	–	–	–	144,6		4,1
Axlir og gangbrautir	2,8	4,9	–	0,6	–	0,8	–	9,1		0,3
Heflun	117,6	36,2	119,5	50,7	52,2	69,4	96,6	542,2		15,5
Rykbinding	12,2	8,7	14,3	2,9	4,7	11,2	8,6	62,6		1,8
Ræsi, skurðir og rásir	18,5	2,4	28,1	25,9	21,3	10,4	2,3	108,9		3,1
Viðgerðir á malarvegum	19,6	0,7	23,6	4,6	10,2	11,6	37,3	107,6		3.0
Viðgerðir á bundnum slitlögum	3,6	4,0	–	1,0	–	0,6	0,1	9,3		0,3
Vatnaskemmdir	8,4	5,0	16,3	17,3	5,1	12,5	21,0	85,6		2,4
Vinnsla efnis	56,5	42,3	74,4	42,4	66,6	91,7	52,5	426,4		12,2
Viðhald brúa og varnargarða	74,5	7,8	19,4	7,0	18,4	4,4	6,3	137,8		4,0
Ýmis kostnaður	16,9	11,8	19,4	21,0	14,2	8,9	6,3	98,5		2,8
Samtals	713,2	376,8	562,4	448,2	354,5	479,4	565,7	3500,2		

Viðhaldskostnaður þjóðvega miðað við hvern km og ekinn km árið 1978.

Kjördæmi	Viðhaldskostnaður fyrir árið 1978.	Lengd akfærra vega	Viðhaldskostnaður á hvern km.	Eknir km. 1978	Viðhaldskostnaður á hvern ekinn km.	Kostnaður við sumarviðhald 1978.	Kostn. við sumarviðhald á hvern ekinn km.
	m.kr.	km	þús.kr.	m.km	kr.	m.kr.	kr.
Suðurland	713,2	1 579	452	92	7,8	597,0	6,5
Reykjanes	376,8	356	1 058	158	2,4	318,3	2,0
Vesturland	562,4	1 396	403	57	9,9	463,5	8,1
Vestfirðir	448,2	1 320	340	23	19,5	276,5	12,0
Norðurland ve.	354,5	1 110	319	35	10,1	284,6	8,1
Norðurland ey.	479,4	1 196	401	46	10,4	337,1	7,3
Austurland	565,7	1 451	390	39	14,5	378,1	9,7
Samtals	3 500,2	8 409	416	450	7,8	2655,1	5,9

Í meðfylgjandi töflu er sýndur sumarviðhaldskostnaður á malarvegum og vegum með bundnu slitlagi, einnig lengd vega í hvorum flokki og eknir km. Ennfremur er tilgreindur sumarviðhaldskostnaður á hvern km og hvern ekinn km.

	Gerð vega Kostnaður við sumarviðhald í m. kr.	Fjöldi km.	Fjöldi ekinna km í milljónum.	Kostnaður á hvern km. í þús. kr.	Kostnaður á hvern ekinn km í kr.
Malarvegir	2 427,1	8 181	271	297	9,0
Vegir með bundnu slitlagi	228,0	228	179	1 000	1,3
Samtals	2 655,1	8 409	450	316	5,9

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda.

2.3.0.1. Föst lán til vegaframkvæmda.

Samkvæmt vegáætlun skyldi ríkissjóður afla lánsfjár að upphæð samtals 2 200 m. kr. til að brúa bilið milli áætlaðra framkvæmda samkvæmt vegáætlun annars vegar og tekjuöflunar hins vegar, þ. e. markaðra tekna og ríkisframlags. Alls þessa lánsfjár var aflað með útgáfu spariskírteina, en engin happdrættisskuldabréf voru gefin út á árinu. Hluti lántökunnar eða 800 m. kr. var af lánsfjáröflun til norður- og austurvegar, en að öðru leyti var hún í samræmi við lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.

Vextir, afborganir og lántökukostnaður vegna þessara lána, svo og allra þeirra lána, sem tekin hafa verið til vegagerðar frá upphafi, var greitt beint úr ríkissjóði utan vegáætlunar, eins og venja hefur verið undanfarin ár. Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins námu útgjöld ríkissjóðs vegna greiðslu vaxta og verðbóta á s. l. ári 1 402,1 m. kr., en til greiðslu afborgana fóru 858,8 m. kr.

Eftirfarandi tafla sýnir hreyfingar á lánum þessum á árinu:

Lán yfirtekin af ríkissjóði.

(Upphæðir í m. kr.)

Skuldir í árslok 1977		8 506,0
Ný lán á árinu	2 200,0	
Gengistap	2 246,5	4 446,5
		12 952,5
Afborganir		858,8
Skuldir í árslok samtals		12 093,7

Lán í erlendri mynt miðað við gengi í árslok voru samtals 5 625,6 m. kr. Engin ný erlend lán voru tekin á árinu, en uppfærsla þessara lána vegna óhagstæðrar gengisþróunar nam 2 246,5 m. kr.

Innlend verðtryggð lán voru í árslok samtals 6 456,6 m. kr. á nafnverði, og voru því einungis 11,5 m. kr. af lánum þessum óbundin gengis- og vísitölubreytingum.

2.3.0.2 Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.

Í vegáætlun var heimild til töku vinnulána eða annarra bráðabirgðalána til nýrra stofnbrauta að upphæð 400 m. kr. Var gert ráð fyrir að afla þessara lána hjá verktökum, vinnuvélaeigendum og heimamönnum í viðkomandi héruðum með fyrirheiti um endurgreiðslu á tímabilinu febrúar til mars árið 1979 án vaxta. Ekki tókst að afla nema 231,1 m. kr. lánsfjár á þennan hátt.

Þessu til viðbótar voru tekin bráðabirgðalán að upphæð samtals 96,8 m. kr., þar sem sérstakar óskir höfðu komið frá heimamönnum um að hraða eða ljúka ákveðnum framkvæmdum, og fylgdi óskum þessum jafnan tilboð um að leggja fram vaxtalaust lánsfé. Var í flestum þessara tilfella haft samráð við þingmenn viðkomandi kjördæma. Af þessum lánum fóru 19,2 m. kr. til stofnbrauta, en 77,6 m. kr. til þjóðbrauta.

Auk þessa voru tekin bráðabirgðalán til viðhalds þjóðvega að upphæð samtals 12,5 m. kr., aðallega í Vesturlandskjördæmi, en 5,0 m. kr. lánaði Landsvirkjun til mölburðar á Þjórsárdalsvegi á kaflanum frá Búrfellsstíflu að vegamótum Sigölduvegar.

Verktakafyrirtækin Miðfell h.f. og Hlaðbær h.f. lánuðu samtals 34,9 m. kr. vegna lagningar nýrra slitlaga á vegi.

Loks var tekið lán að upphæð 35,0 m. kr. hjá Framkvæmdasjóði Íslands til uppbyggingar vegar á Efra-Jökuldal í Norður-Múlasýslu, en þingmenn kjördæmisins höfðu ákveðið að beita sér fyrir fjárveitingu á vegáætlun 1979 til endurgreiðslu lánsins ásamt vöxtum.

Bráðabirgðalán í árslok voru því samtals 410,3 m. kr. á móti 369,3 m. kr. í árslok 1977 og skiptust þannig eftir viðfangsefnum:

	Árslok 1978 m.kr.
Til stofnbrauta	250,3
Til þjóðbrauta	112,6
Til viðhalds	12,5
Til nýrra slitlaga á vegi	34,9
Samtals	410,3

Í greinargerð um framkvæmdir á einstökum vegum er nánar greint frá þessum bráðabirgðalánum (sbr. 2.3.1., 2.3.2. og fskj. 2.3.1.-1 og 2.3.2.-1).

2.3.0.3. Önnur lán til vegaframkvæmda.

A. Lán frá Seðlabanka Íslands.

Árið 1977 tók Áhaldahús Vegagerðar ríkisins lán hjá Seðlabanka Íslands að upphæð 350,0 m. kr., sem endurlánað var að mestu í nokkur stór verkefni í vegagerð, eins og frá var greint í skýrslu ráðherra fyrir það ár.

Lán þetta endurgreiðist á 5 árum 1978—1982 með jöfnum árlegum afborgunum og er gengistryggt. Nam uppfærsla þess á s. l. ári vegna óhagstæðrar gengisþróunar 173,8 m. kr., en

til greiðslu afborgunar og vaxta fóru 153,4 m. kr., og var sú fjárhæð tekin af fjárveitingum til þeirra verka, sem lánsfjárins nutu á sínum tíma.

Ógreiddar eftirstöðvar lánsins námu í árslok 419,1 m. kr. á þáverandi gengi.

2.3.0.4 Fjárveitingar samkvæmt vegáætlun.

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega í vegáætlun voru samtals 3 721,0 m.kr. og skiptust þannig, að til stofnbrauta var varið 2 951,0 m.kr., til þjóðbrauta 700,0 m.kr. og til girðinga og landgræðslu 70,0 m.kr. Nánari grein fyrir skiptingu þessa fjármagns er gerð í umfjöllun viðkomandi verkefna (sbr. 2.3.1., 2.3.2., 2.3.3. og fskj. 2.3.1.-1 og 2.3.2.-1).

2.3.0.5. Viðbótarfjármagn.

Í júlí var bensínskattur hækkaður til samræmis við hækkun byggingarvísitölu. Með þessu móti var ráðstöfunarfé vegasjóðs aukið um 260,0 m.kr. Samkvæmt ákvörðun samgönguráðuneytisins var þessu fjármagni varið til að ljúka mætti ákveðnum áföngum í nokkrum nýbyggingum.

Þörf þessara verkefna fyrir aukið fjármagn stöfuðu af verðhækkunum umfram það, sem reiknað var með við gerð vegáætlunar í ársbyrjun 1978 eða af sérstökum niðurskurði við gerð áætlunarinnar. Nánari grein fyrir skiptingu þessa fjármagns er gerð í umfjöllun viðkomandi verkefna (sbr. 2.3.1., 2.3.2. og fskj. 2.3.1.-1 og 2.3.2.-1).

2.3.0.6. Frestun framkvæmda.

Í september ákvað ríkisstjórnin að fresta fjárveitingum til framkvæmda skv. vegáætlun, að upphæð 100,0 m.kr.

Þar eð liðið var svo á framkvæmdatímabilið, reyndist ekki unnt að dreifa frestun almennt á framkvæmdir, heldur varð í flestum tilvikum að fresta ákveðnum verkefnum í heild eða ákveðnum verkhlutum.

Frestun framkvæmda skiptist þannig, að fjárveitingar til stofnbrauta lækkuðu um 48,0 m.kr., til þjóðbrauta um 37,0 m.kr. og til smábrúa um 15,0 m.kr. Nánari grein fyrir frestuninni er gerð í umfjöllun viðkomandi verkefna (sbr. 2.3.1., 2.3.2., og 2.5.2.).

2.3.0.7 Yfirlit um framkvæmdir skv. vegáætlun.

Heildarfjárfesting á árinu 1978 í nýjum stofnbrautum, þjóðbrautum og brúm varð 4 459,0 m.kr. Framkvæmdir urðu, sem hér segir:

1. Stofnbrautir:
   - a) Fullaðarfrágangur undirbyggingar ..... 86,0 km
   - b) Lagning malarslitlags ..... 92,0 km
   - c) Lagning bundins slitlags ..... 26,2 km [1])
   - d) Brýr 10 m og lengri, 8 brýr ..... 178 m
   - e) Smábrýr, 4 brýr ..... 19 m

2. Þjóðbrautir:
   - a) Undirbyggður vegur ..... 80,0 km
   - b) Lagning burðarlags og malarslitlags ..... 90,0 km
   - c) Lagning bundins slitlags ..... 1,9 km
   - d) Brýr 10 m og lengri, 2 brýr ..... 90 m
   - e) Smábrýr, 4 brýr ..... 22 m

3.	Sýsluvegir:	
	a) Brýr 10 m og lengri, 2 brýr	42 m
	b) Smábrýr, 9 brýr	53 m
4.	Fjallvegir:	
	a) Brýr 10 m og lengri, 1 brú	60 m

1) Hér eru ekki taldir með 16,6 km af vegum, sem lagðir voru með klæðningu (ottadekki) í tilraunaskyni.

2.3.1. Til stofnbrauta.

Fjárveiting til nýrra stofnbrauta var 2 951,0 m.kr. Lánsheimildir voru 400,0 m.kr. (sbr. 2.3.0.2.) og viðbótarfjárveiting var 260,0 m.kr. (sbr. 2.3.0.5.). Frestað var framkvæmdum fyrir 48,0 m.kr. (sbr. 2.3.0.6.).

Þessum upphæðum var skipt samkvæmt eftirfarandi yfirliti, en í fylgiskjali 2.3.1.-1 er gerð grein fyrir ráðstöfun á einstökum fjárveitingum.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárv. m.kr.	Lánsh. m.kr.	Viðb. fjárv. m.kr.	Frestun framkv. m.kr.
1	Suðurlandsvegur				
10	Álftaversvegur—Hafursey	1,4			
14	Um Reynisfjall	4			
15	Um Hólsá	2,6			
17	Um Steina	30			
28	Landvegur—Þjórsá	188	40	10	
30	Skeiðavegur				
02	Ólafsvallav. — Skálholtsv.	20			
34	Eyrarbakkavegur				
02—04	Selfoss — Þorlákshafnarv.	95	20		
35	Biskupstungubraut				
02	Sog — Vaðnes	15			÷13
36	Þingvallavegur				
06	Ristarhlið — Kárastaðir	45			
38	Þorlákshafnarvegur				
02—03	Þrengslav. — Þorlákshöfn	2			
1	Vesturlandsvegur				
16	Dalsmynni — Kiðafell	78			
36	Þingvallavegur				
02	Gljúfrasteinn — Suðurá	45			
40	Hafnarfjarðarvegur				
03—04	Kópavogur — Hafnarfjörður	70	40		÷15
45	Garðskagavegur				
03	Garður — Sandgerði	45			
433	Reykjalundarvegur				
01	Að Reykjalundi	5			
1	Vesturlandsvegur				
05	Um Borgarfjörð	600		220	
51	Akranesvegur				
01	Vesturlandsv. — Akranes	75	15		
54	Ólafsvíkurvegur				
02	Um Urriðaá	15			
06	Um Gröf	5			
08	Kirkjuhóll — Ytri-Garðar	20			
55	Heydalsvegur				
01	Styrking	25	10		
56	Stykkishólmsvegur				
03	Snæfellsnesv. — Nesvogur	12			
57	Snæfellsnesvegur				
06	Um Álftafjörð	20	5		
60	Vestfjarðavegur				
08	Um Jónsvað	30	10		

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárv. m.kr.	Lánsh. m.kr.	Viðb. fjárv. m.kr.	Frestun framkv. m.kr.
1	Vesturlandsvegur				
01	Sýslumörk — Miklagil	90	30	20	
60	Vestfjarðavegur				
01	Garpsdalur — Gróustaðaá	3			
03	Kambur — Bær	6,5			
03	Skáldstaðir — Bjarkarlundur	2			
09	Utan Eyrar	30	5		
14	Fossá — Vatnsdalsá	50	5		
23	Hjarðardalsá — Ingjaldssandsv.	8			
25	Yfir Önundarfjörð	5			
61	Djúpvegur				
01	Þorskafjarðarheiði	4			
10	Strandsel — Ögur	22	5		
10—11—12	Skarðshlíð — Eyri, Skötufirði	25	5		
14	Hestfjarðará — Eyri	3			
16	Um Vatnshlíð	6			
21	Vestfjarðavegur — Ísafjörður	70	20		÷5
63	Bíldudalsvegur				
05	Í Reykjafjarðarbotni	8			
68	Hólmavíkurvegur				
04	Um Bæ	6			
04	Um Prestsbakka	20			
06	Um Slitrur	28,5			
09	Austan Þorpa	2			
10	Um Heydalsá	4			
1	Norðurlandsvegur				
03	Um Hrútafjarðarháls	60	20		
06	Um Víðidalsá	15			÷5
08	Vatnsdalur — Reykjabraut	32	5		
13	Í Langadal	32	10		
15	Hjá Vatnshlíð	10			
21	Öxnadalsheiði	18			
75	Sauðárkróksbraut				
03	Varmahlíð — Sauðárkrókur	30			
06	Austur-Eylendi	40	15		
76	Siglufjarðarvegur				
08	Móskógar — Brúnastaðir	25			
10	Almenningsnöf — Gangnamunni	5			
82	Ólafsfjarðarvegur				
02	Knappsstaðir — Siglufjarðarv.	10			
1	Norðurlandsvegur				
01	Um Öxnadalsheiði	20			
05	Norðan Akureyrar	66	15		
11	Svalbarðsströnd — Víkurskarð	41	12		
15	Ljósavatnsskarð	8			
16	Kross — Fosshóll	10	3		
20	Brún — Máskot	10	5		
20	Vestan Helluvaðs	6			
21	Vindbelgur — Neslandavík	2			
23	Arnarvatn — Námaskarð	80	8		
82	Ólafsfjarðarvegur				
01	Hörgárdalsv — Norðurlandsv.	30			
03	Hagaás — Dalvík	20	12		
85	Norðausturvegur				
01—02	Kaldakinn	21	7		
07—08	Tjörnes	20			
10	Lón — Víkingavatn	26	5		
17	Melrakkaslétta	42	5		
25—26	Syðra-Áland — Langanesv.	15			
802	Ólafsfjarðarvegur eystri				
02	Ólafsfjörður — Ólafsfj.v.	24.	8		
901	Austurlandsvegur				
08	Jökuldalsv. eystri — Hvanná	24	10		

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárv. m.kr.	Lánsh. m.kr.	Viðb. fjárv. m.kr.	Frestun framkv. m.kr.
13	Lagarfljótsbrú — Norðfjarðarv.	26			
15	Upphéraðsv. — Litla-Sandfell	15			÷5
22	Skrúðskambur — Fossgerði	20	5		
30—32	Fyrir Hvalneshorn	30	10		
34	Brekka — Þorgeirsstaðir	9			
44—45	Jökulsá — Kvíá	21	5		
985	Norðausturvegur				
04	Hafnarvegur — Hundsvatnslækur	13			
09	Vopnafjörður — Hlíðarvegur	20			÷5
12	Teigará — Bæjaröxl	7			
992	Norðfjarðarvegur				
05	Suðurfjarðav. — Reyðarfjörður	47	10		
05	Suðurfjarðav. — Reyðarfj. (brú)	25			
09	Eskifjörður — Gangnamunni E.	44		10	
993	Seyðisfjarðarvegur				
03	Sýslumörk — Kaupstaður	39	10		
996	Suðurfjarðavegur				
03	Hafranes — Vattarnes	13			
05	Höfðahús — Búðir	39	10		
	Samtals	2 951	400	260	÷48

2.3.2. Til þjóðbrauta.

Til nýbyggingar þjóðbrauta voru fjárveitingar 700,0 m.kr., en frestanir á framkvæmdum (sbr. 2.3.0.6.) voru samtals 37,0 m.kr. Var þessum upphæðum skipt samkvæmt eftirfarandi yfirliti, en í fylgiskjali 2.3.2.-1 er gerð sérstök grein fyrir ráðstöfun á einstökum fjárveitingum.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárv. m.kr.	Frestun framkv. m.kr.
22	Stórhöfðavegur		
01	Ýmsir staðir	6	
26	Landvegur		
04	Galtalækur — Búrfell	14	
204	Meðallandsvegur		
02	Um Eldvatn	18	
208	Búlandsvegur		
01	Ýmsir staðir	4	
252	Landeyjarvegur		
01—06	Ýmsir staðir	6	
261	Fljótshlíðarvegur		
02	Hvolsvöllur — Hlíðarendi	15	÷12
268	Þingskálavegur		
02—03	Þingskálar — Næfurholt	5	
275	Ásvegur		
01	Um Skammalæk	14	
30	Hrunamannavegur		
04	Um Laxárholt	1,5	
33	Gaulverjabæjarvegur		
02	Stokkseyri — Baugsstaðir	10	
35	Biskupstungnabraut		
05	Austan Brúarár	10	
06	Um Litla-Fljót	8,5	
37	Laugarvatnsvegur		
02	Um Laugarvatn	18	
308	Hamarsvegur		
01	Skógsnes — Sýrlækur	12	
44	Hafnavegur		
02	Flugvöllur — Stapafellsvegur	12	
416	Álftanesvegur		
01	Að þéttbýli	33	

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárv. m.kr.	Frestun framkv. m.kr.
425	Nesvegur		
01	Hafnir — Reykjanesviti	5	
503	Akrafjallsvegur		
03	Við Akranes	3	
514	Laugarholtsvegur		
01	Bæjarsveitarv. — Laugarholt	10	
518	Hálsasveitarvegur		
01	Sturlu-Reykir — Litli-Hvammur	10	÷10
523	Hvítársíðuvegur		
01	Um Fróðastaði	10	
533	Álftaneshreppsvegur		
01	Tenging við Ólafsvíkurveg	3	
535	Grímsstaðavegur		
01	Ólafsvíkurvegur — Vegamót Grenja	7	
540	Hraunhreppsvegur		
01	Um Norðlæk	3	
559	Laxárdalsvegur		
02	Laxárdalsheiði	13	
574	Útnesvegur		
02—04	Styrking	10	
576	Framsveitarvegur		
01	Hjá Bár	5	
588	Gillastaðavegur		
01	Laxárdalsvegur — Laxá	5	
590	Klofningsvegur		
07	Fagridalur — Tjaldanes	30	
607	Reykhólasveitarvegur		
01	Um Barmahlíð	14	
622	Svalvogavegur		
04	Meðaldalsá — Sveinseyri	14	
624	Ingjaldssandsvegur		
01	Gemlufall — Núpur	9	
633	Vatnsfjarðarvegur		
01—04	Djúpvegur — Djúpvegur	10	
659	Laxárdalsvegur		
02	Sýslumörk — Hólmavíkurv.	5	
664	Flateyrarvegur		
01	Sólbakki, Garðar-Hvilft	9	
665	Súgandafjarðarvegur		
01	Um Botnsheiði	12	
704	Miðfjarðarvegur		
03	Bjarg — Laugarbakki	6	
711	Vatnsnesvegur		
01	Hvammstangi — Skarð	22	
715	Víðidalsvegur vestri		
01	Hvarf — Kolugil	8	
717	Borgarvegur		
01	Síðuvegur — Vatnsnesvegur	2	
726	Auðkúluvegur		
01	Reykjabraut — Svínvetningabr.	35	
734	Svartárdalsvegur		
01	Norðurlandsv. — Bergsstaðir	3	
742	Mýravegur		
01	Skagastrandarv. — Laxárdalsv.	5	
745	Skagavegur		
06	Keta — Selnes	2	
09	Þverárfjallsv. — Sauðárkrókur	11	
752	Skagafjarðarvegur		
01	Norðurlandsvegur — Efribyggðarvegur	5	
781	Deildardalsvegur		
01	Siglufjarðarv. — Siglufjarðarv.	3	
786	Sléttuhlíðarvegur		
01	Siglufjarðarv. — Siglufjarðarv.	2	

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárv. m.kr.	Frestun framkv. m.kr.
787	Flókadalsvegur		
01	Siglufjarðarv. — Siglufjarðarv.	6	
789	Sléttuvegur		
01	Siglufjarðarv. — Ólafsfjarðarv.	25	
83	Grenivíkurvegur		
02	Fnjóskadalsv. — Grenivík	21	
805	Svarfaðardalsvegur		
01—02	Ólafsfjarðarv. — Atlastaðir	22	
811	Hjalteyrarvegur		
01	Ólafsfjarðarv. — Hjalteyri	3	÷3
821	Eyjafjarðarbraut vestri		
02	Finnastaðav. — Eyjafjarðarbr. eystri	18	
829	Eyjarfjarðarbraut eystri		
01	Norðurlandsv. — Munkaþverá	12	
856	Laxárdalsvegur vestri		
01	Staðarbraut — Halldórsst.	3	
868	Laxárdalsvegur		
01	Norðausturv. — Holt	8	
869	Langanesvegur		
01—03	Þórshöfn — Flugvöllur	13	÷12
94	Borgarfjarðarvegur		
01—03	Seyðisfjarðarv. — Steinsvað	26	
925	Hróarstunguvegur		
04	Vífilsstaðavegur — Austurlandsv.	2	
931	Upphéraðsvegur		
01	Austurlandsvegur — Rauðilækur	22	
04	Innan við Gilsá	6	
938	Múlavegur syðri		
01	Skriðdalsvegur — Birkihlíð	4	
953	Mjóafjarðarvegur		
01	Norðfjarðarv. — Háheiði	11	
954	Helgustaðarvegur		
02	Mjóeyri — Stóra-Breiðavík	1	
964	Breiðdalsvegur		
01	Austurlandsv. — Austurlandsv.	6	
91	Hafnarvegur í Bakkafirði		
01	Norðausturvegur — Hafnarkauptún	13	
x	Samtals	700	÷37

2.3.3. Girðingar og uppgræðsla.

Fjárveiting var 70,0 m.kr., og var varið 60,0 m.kr. til girðinga, en 10,0 m.kr. til uppgræðslu. Auk þess var varið til uppgræðslu 48,4 m.kr. vegna nýbygginga, sem unnar hafa verið á síðustu árum. Til uppgræðslu var því varið 58,4 m.kr.

Eins og á síðustu árum, var gerður verksamningur við fyrirtækið Sáning h.f. um sáningu og dreifingu á áburði. Í eftirfarandi töflu er sýnt, hve marga hektara á eftir að græða upp í hverju kjördæmi, ásamt því hve mikið var framkvæmt á árinu 1978.

Kjördæmi	Uppgræðsla 1978 Áburðardr. ha.	Sáning ha.	Samtals ha.	Eftir að græða upp 1/1 1979. ha.
Suðurland	18	46	64	80
Reykjanes	54	12	66	50
Vesturland	103	16	119	580
Vestfirðir	137	2	139	430

Kjördæmi	Uppgræðsla 1978 Áburðardr. ha.	Sáning ha.	Samtals ha.	Eftir að græða upp 1/1 1979. ha.
Norðurl. ve.	22	0	22	140
Norðurl. ey.	38	214	252	510
Austurland	10	117	127	200
Samtals	382	407	789	1 990

Fjárveitingu til girðinga var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt girðingalögum um girðingar með vegum og ristarhlið. Í árslok var gerð könnun á, hve mikið væri óbætt af slíkum kröfum og kom í ljós, að þær námu 700,7 m.kr. Í árslok 1977 námu kröfur um girðingar 526,0 m.kr. og nemur því hækkunin á eldri kröfum vegna verðbreytinga, ásamt nýjum kröfum 274,7 m.kr., þrátt fyrir 60,0 m.kr. fjárveitingu á árinu.

2.4. TIL FJALLVEGA O.FL.

2.4.1. Til aðalfjallvega.

Fjárveiting til aðalfjallvega var 17,0 m.kr., og var henni skipt samkvæmt eftirfarandi yfirliti, en í fylgiskjali 2.4.1.-1 er gerð grein fyrir ráðstöfun á einstökum fjárveitingum.

	Fjárv. m.kr.
1. Kaldadalsvegur	1,6
2. Kjalvegur	4,2
3. Fjallabaksvegur nyrðri	2,7
4. Sprengisandsleið	8,5
Samtals	17,0

2.4.2. Til annarra fjallvega.

Fjárveiting til annarra fjallvega var 23,0 m.kr., og var henni skipt, eins og hér greinir:

Heiti vegar	Kjördæmi	Upph. í þús.kr.	
1. Vegur að Laka	Suðurland	300	
2. Afréttarvegur Hörgslandshrepps	—	50	
3. Afréttarvegur Kirkjubæjarhrepps	—	100	
4. Vegur að Sólheimajökli	—	100	
5. Afréttarvegur Hvammshrepps	—	100	
6. Vegur að Dyrhólaey	—	100	
7. Afréttarvegur Álftavershrepps	—	75	
8. Fjallabaksleið syðri	—	200	
9. Fimmvörðuháls	—	250	
10. Afréttarvegur Hvolshrepps	—	200	
11. Vegur í Landmannalaugar	—	250	
12. Afréttarvegur V.-Eyjafjallahrepps	—	75	
13. Tindfjallavegur	—	300	
14. Afréttarvegur Flóa og Skeiða	—	100	
15. Afréttarvegur Hrunamanna	—	200	
16. Vegur á Haukadalsheiði	—	130	
17. Hlöðuvallavegur	—	250	
18. Afréttarvegur Gnúpverja	—	100	
19. Vegur í Kerlingafjöllum	—	500	
			3 380

Heiti vegar	Kjördæmi	Upph. í þús.kr.	
20. Gamli Þingvallavegurinn	Reykjanes	500	
21. Vegur í Bláfjöll	—	2 800	
22. Vegur í önnur skíðasvæði a) Hamragil	—	420	
b) Skálafell	—	100	
			3 820
23. Vegur að Langavatni	Vesturland	1 200	
24. Vegur fram með Kjarrá	—	100	
25. Vegur um Grenjadal	—	212	
26. Vegur á Snæfellsjökul	—	776	
27. Vegur um Brekkudal	—	100	
28. Vegur um Haukadalsskarð	—	32	
29. Vegur um Hrossaborg	—	200	
			2 520
30. Afréttarvegur fram Laxárdal	Vestfirðir	100	
31. Vegur um Kollafjarðarheiði	—	600	
32. Vegur um Blámu og Nesdal	—	100	
33. Vegur í Skálavík	—	170	
34. Vegur um Steingrímsfjarðarheiði	—	410	
35. Brú á Hvalá í Ófeigsfirði	—	600	
			1 980
36. Vegur um Víðidalstunguheiði	Norðurl. vestra	300	
37. Vegur um Arnarvatnsheiði	—	400	
38. Vegur um Grímstunguheiði	—	430	
39. Vegur í Sauðadal	—	200	
40. Vegur um Eyvindarstaðaheiði	—	270	
41. Vegur um Kiðaskarð og Mælifellsdal	—	500	
42. Ýmsir fjallvegir í Skagafirði	—	100	
43. Vegur í Lambahraun	—	500	
			2 700
44. Hörgárdalsheiði	Norðurl. eystra	50	
45. Vegur að afrétt Svarfaðardalshrepps	—	50	
46. Vegur um Leirdalsheiði	—	250	
47. Vegur um Flateyjardalsheiði	—	250	
48. Vegur fram Eyjafjarðardal	—	1 000	
49. Ýmsir fjallvegir í Eyjafirði	—	400	
50. Vegur norður Látraströnd	—	100	
51. Vegur í Öskju	—	750	
52. Ýmsir fjallvegir í S.-Þingeyjarsýslu	—	400	
53. Vegur að Dettifossi (vestan)	—	250	
54. Ýmsir fjallvegir í N.-Þingeyjarsýslu	—	560	
			4 060
55. Vegur um Saurbæjarheiði	Austurland	300	
56. Vegur um Smjörvatnsheiði	—	400	
57. Vegur að Snæfelli	—	500	
58. Vegur í Loðmundarfjörð	—	400	
59. Vegur á Þorvaldsstaðaafrétt	—	280	
60. Vegur í Kollumúla	—	1 000	
			2 880
61. Ferðafélag Íslands (sæluhús)		540	
62. Ferðafélag Akureyrar (sæluhús)		360	
63. Sæluhús á Norður- og Austurlandi		360	
64. Óskipt		400	
			1 660
	Alls		23 000

2.4.3. Til reiðvega.

Fjárveiting var 2,0 m.kr. og inneign frá fyrra ári nam 546 þús. kr. Landssamband hestamanna skipti þessari fjárhæð milli hestamannafélaga á eftirfarandi hátt:

		þús. kr.
1.	Hestamannafélagið Geysir, Rangárvöllum	100
2.	— Smári, Árnessýslu	200
3.	— Trausti, Árnessýslu	100
4.	— Sleipnir, Selfossi	100
5.	— Ljúfur, Hveragerði	100
6.	— Sörli, Hafnarfirði	200
7.	— Gustur, Kópavogi	200
8.	— Fákur, Reykjavík	346
9.	— Hörður, Kjósarsýslu	200
10.	— Dreyri, Akranesi	100
11.	— Snæfellingur, Snæfellsnesi	100
12.	— Glaður, Dalasýslu	100
13.	— Þytur, V.-Húnavatnssýslu	100
14.	— Stígandi, Skagafirði	100
15.	— Léttfeti, Sauðárkróki	200
16.	— Léttir, Akureyri	200
17.	— Þjálfi, S.-Þingeyjarsýslu	100
	Alls	2 546

2.4.4. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Fjárveiting var 17,5 m.kr. (þar af 2,5 m.kr. frá Ferðamálaráði).

Í samráði við Náttúruverndarráð og að fengnum tillögum umhverfisnefndar Ferðamálaráðs var fjárveitingu skipt, eins og hér segir:

		m.kr.
1.	Þjórsárdalur (Gjá, Þjófafoss, Hjálparfoss o. fl.)	0,5
2.	Gjátindsleið, austan Eldgjár	0,3
3.	Þingvellir	3,0
4.	Vatnsskarð — Vigdísarvellir — Höskuldarvellir	0,9
5.	Reykjanesviti	0,5
6.	Bláfjöll	1,1
7.	Dritvík	0,3
8.	Þjófadalir	1,0
9.	Jökulsárgljúfur	8,0
10.	Askja	0,3
11.	Dimmuborgir	0,3
12.	Ásbyrgi	0,3
13.	Kollumúli	1,0
	Alls	17,5

2.5. TIL BRÚAGERÐA

2.5.1. Til brúa 10 m og lengri.

Fjárveiting til brúa 10 m og lengri var 458,0 m.kr., og var henni skipt samkvæmt eftirfarandi yfirliti, en í fylgiskjali 2.5.1.-1 er gerð grein fyrir byggingu einstakra brúa.

	Fjárv. í m.kr.
Markarfljót hjá Emstrum (fjallv.)	15
Eldvatn hjá Syðri-Fljótum (204)	52
Svínadalsá á Jónsvaði (60)	43
Prestbakkaá (68)	36
Heydalsá (68)	20
Víðidalsá (1)	88
Grjótá á Öxnadalsheiði (1)	18
Búðarárgil (85)	70
Staðará hjá Ánastöðum (sýsluv.)	7
Njörvadalsá í Reyðarfirði (92)	5
Breiðdalsá í Reyðarfirði (92)	38
Breiðdalsá í Breiðdal (964)	38
Djúpá hjá Holtaseli (sýsluv.)	28
Samtals	458

2.5.2. Til smábrúa.

Fjárveiting til smábrúa var 105,0 m.kr. og skiptist hún sem hér segir:

Heiti	Vegur nr.	Lengd m	Áætl. kostn. m.kr.	Þar af fjárv. til smábrúa m.kr.	Aths.
Stekkakelda	34	5	14	14	Endurbygging
Skammilækur	275	4	12	12	„
Eyrardalsá	61	6	20	20	„
Ytri-Hvammsá	711	4	12	12	„
Grundará	711	6	12	12	„
Myrká	814	8	12	12	„
Fossá	85	4	12	12	„
Nýgræðukvísl	1	4	5	5	Nýbygging
Brýr á sýsluvegum			24	6	
Samtals			123	105	

Byggingu brúar á Myrká var frestað (sbr. 2.3.0.6.).
Eftirtaldar brýr voru byggðar á sýsluvegum:

	Sýsla	Lengd m
Hleypilækur	V.-Skaft.	4
Hölulækur	V.-Skaft.	4
Lækur hjá Reykjarbóli	Árness.	5
Austurá hjá Bíldsfelli	Árness.	7
Kjálká	Árness.	12

	Sýsla	Lengd m
Bjarngötudalsá	V.-Barð.	6
Reyká hjá Hrafnsgili	Eyjafj.	4
Reykjaá	S.-Þing.	3
Tunguá	N.-Þing.	8

Ákvarðanir um byggingu brúa á sýsluvegum eru teknar af viðkomandi sýslunefndum, og greiðast 3/4 kostnaðar af sýsluvegasjóðum en 1/4 af fjárveitingu til smábrúa. Að þessu sinni hefur verið byggt með meira móti af smábrúm á sýsluvegum, og verður að gera ráð fyrir, að kostnaður, sem greiða þarf af fjárveitingu til smábrúa, fari nokkuð fram úr þeim 6,0 m.kr., sem áætlaðar voru.

2.6. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Fjárveiting til sýsluvegasjóða á árinu 1978 var 348,1 m.kr., og skiptist hún milli sýslna skv. reglugerð nr. 62/1964, eins og sýnt er í meðfylgjandi töflu.

Í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1977 voru tekjur sýsluvegasjóðanna samkv. 21. og 26. gr. vegalaga áætlaðar alls 112,2 m.kr., en urðu 113,8 m.kr., en þar af var aukaframlag samkv. 21. gr. 2. mgr. 17,7 m.kr. Tekjur samkv. 23. gr. vegalaga voru áætlaðar 7,967 þús.kr., en urðu 7,214 þús.kr. Heildartekjur samkv. þessum þremur greinum urðu þannig 121,1 m.kr. eða 0,9 m.kr. hærri en áætlað var.

Á árinu 1978 var innheimta sýsluvegasjóðsgjalda samkv. 21. og 26. gr. vegalaga miðuð við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. des. 1977, sem var 620 kr. á klst., og er það 63% hækkun frá kaupgjaldi 1. des. 1976. Samkvæmt því voru áætlaðar tekjur samkv. 21. og 26. gr. 183,9 m.kr. og þar af aukaframlag 23,6 m.kr.

Raunverulegar tekjur sýsluvegasjóða 1977

(Upphæðir í þús. kr.)

	Framlög hreppsfélaga samkv. vegalögum: Samtals	Aðalframlag skv. 21. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 21. gr. 2. mgr.	Vegaskattur af fasteignum skv. 23. gr. vegalaga	Ríkisframlag samkv. vegalögum: Aðalframlag skv. 28. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 28. gr. 3. mgr.	Samtals
Gullbringusýsla	2 342	0	454	777	0	3 573	
Kjósarsýsla	6 274	418	410	3 727	1 045	11 874	
Borgarfjarðarsýsla	3 307	0	827	3 186	0	7 320	
Mýrasýsla	3 753	0	1 065	5 090	0	9 908	
Snæf.- og Hnappadalssýsla	3 823	615	0	4 928	1 252	10 618	
Dalasýsla	2 590	864	0	3 508	2 159	9 121	
A.-Barðastrandarsýsla	934	0	0	1 603	0	2 537	
V.-Barðastrandarsýsla	2 721	0	0	2 109	0	4 830	
V.-Ísafjarðarsýsla	3 786	0	0	2 606	0	6 392	
N.-Ísafjarðarsýsla	1 306	0	0	2 018	0	3 324	
Strandasýsla	2 043	131	112	2 697	327	5 310	
V.-Húnavatnssýsla	2 601	780	459	4 296	1 965	10 101	
A.-Húnavatnssýsla	3 169	784	637	3 909	1 960	10 459	
Skagafjarðarsýsla	5 020	1 575	1 011	8 321	3 937	19 864	
Eyjafjarðarsýsla	6 033	2 011	404	4 289	4 310	17 047	
S.-Þingeyjarsýsla	6 659	2 131	39	9 251	5 328	23 408	
N.-Þingeyjarsýsla	2 473	472	4	7 965	1 180	12 094	
N.-Múlasýsla	5 064	1 372	536	8 685	3 430	19 087	
S.-Múlasýsla	4 872	935	626	5 843	2 338	14 614	
A.-Skaftafellssýsla	2 217	441	0	2 924	1 243	6 825	
V.-Skaftafellssýsla	3 093	1 031	0	4 824	2 577	11 525	
Rangárvallasýsla	8 127	2 476	630	8 545	6 190	25 968	
Árnessýsla	13 914	1 680	0	9 899	3 925	29 418	
Samtals	96 121	17 716	7 214	111 000	43 166	275 217	

Áætlaðar tekjur sýsluvegasjóða 1978

(Upphæðir í þús. kr.)

vegalögum:	Framlög hreppsfélaga samkv. vegalögum: Aðalframlag skv. 21. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 21. gr. 2. mgr.	Vegaskattur af fasteignum skv. 23. gr. vegalaga	Ríkisframlag samkv. vegalögum: Aðalframlag skv. 28. gr. 1. mgr.	Aukaframlag skv. 28. gr. 3. mgr.	Samtals
Gullbringusýsla	3 693	594	725	1 958	1 485	8 455
Kjósarsýsla	11 472	3 214	2 500	10 040	8 035	35 261
Borgarfjarðarsýsla	5 485	0	1 300	8 358	0	15 143
Mýrasýsla	10 288	0	1 800	13 317	0	25 405
Snæf.- og Hnappadalssýsla	6 434	1 013	0	12 188	2 819	22 454
Dalasýsla	4 300	1 433	0	9 187	3 583	18 503
A.-Barðastrandarsýsla	1 502	0	0	3 871	0	5 373
V.-Barðastrandarsýsla	4 550	0	0	5 639	0	10 189
V.-Ísafjarðarsýsla	6 200	0	1 000	6 964	0	14 164
N.-Ísafjarðarsýsla	1 993	0	1 000	4 860	0	7 853
Strandasýsla	3 295	107	200	5 645	267	9 514
V.-Húnavatnssýsla	4 156	1 236	800	11 025	3 075	20 292
A.-Húnavatnssýsla	5 220	1 297	1 000	10 195	3 243	20 955
Skagafjarðarsýsla	8 697	2 552	1 259	20 938	6 380	39 826
Eyjafjarðarsýsla	9 967	3 322	1 000	12 770	9 022	36 081
S.-Þingeyjarsýsla	11 141	3 572	400	21 226	8 930	45 269
N.-Þingeyjarsýsla	3 971	751	150	19 043	1 878	25 793
N.-Múlasýsla	8 290	2 468	700	23 126	6 170	40 754
S.-Múlasýsla	8 066	1 699	800	15 327	4 248	30 140
A.-Skaftafellssýsla	3 735	322	0	7 690	665	12 412
V.-Skaftafellssýsla	4 970	0	0	12 591	0	17 561
Rangárvallasýsla	13 127	0	800	22 009	0	35 936
Árnessýsla	19 808	0	0	30 033	275	50 116
Samtals	160 360	23 580	15 434	288 000	60 075	547 449

2.7. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Mannfjöldi í kaupstöðum og þéttbýlisstöðum með 200 íbúum og fleiri var, samkv. endanlegum tölum um mannfjölda á Íslandi, þann 1. des. 1977, útgefnum af Hagstofu Íslands, þann 20. júní 1978:

Kaupstaðir	167 717	
Þéttbýlisstaðir með 200 íbúa o. fl.	26 826	
Samtals	194 543	
Framlag samkv. 32. gr. vegalaga:		
12½% af áætluðum mörkuðum tekjum samkv. vegáætlun 1978	Kr.	725 000 000
12½% af endanl. mörkuðum tekjum árið 1977: Kr. 3 143 635 185	Kr. 392 954 398	
Tekið til skipta 1977	Kr. 408 875 000	Kr. ÷ 15 920 602
		Kr. 709 079 398
25% sjóður samkv. 34. gr. vegalaga		Kr. 177 269 850
Til skipta 1978		Kr. 531 809 548

Skiptitala á hvern íbúa: $\frac{531\,809\,548}{194\,543}$ = **Kr. 2 733,63**

Þéttbýlissvæði með 200 íbúa og fleiri þann 1. desember 1977 skv. töflu frá Hagstofu Íslands.

Kaupstaðir:	Íbúar	Framlag 1978 kr.
1. Reykjavík	83 887	229 316 439
2. Kópavogur	12 889	35 233 822
3. Seltjarnarnes	2 714	7 419 085
4. Garðabær	4 446	12 153 741
5. Hafnafjörður	11.865	32 434 579
6. Grindavík	1 779	4 863 137
7. Keflavík	6 473	17 694 819
8. Njarðvík	1 815	4 961 548
9. Akranes	4 644	12 695 000
10. Bolungarvík	1 186	3 242 091
11. Ísafjörður	3 203	8 755 833
12. Sauðárkrókur	2 001	5 470 003
13. Siglufjörður	2 059	5 628 554
14. Ólafsfjörður	1 158	3 165 549
15. Dalvík	1 228	3 356 904
16. Akureyri	12 643	34 561 347
17. Húsavík	2 340	6 396 706
18. Seyðisfjörður	958	2 618 822
19. Neskaupstaður	1 663	4 546 035
20. Eskifjörður	1 025	2 801 976
21. Vestmannaeyjar	4 618	12 623 926
22. Selfoss	3 123	8 537 142
	167 717	458 477 058

Kauptún:	Íbúar	Framlag 1978 kr.
1. Sandgerði (Miðneshr.)	1 104	3 017 933
2. Gerðar (Gerðahr.)	805	2 200 576
3. Vogar, (Vatnsl.str.hr.)	369	1 008 711
4. Mosfellshreppur	2 036	5 565 681
5. Borgarnes	1 461	3 993 841
6. Hellissandur og Rif	594	1 623 779
7. Ólafsvík	1 132	3 094 475
8. Grundarfjörður	675	1 845 204
9. Stykkishólmur	1 151	3 146 414
10. Búðardalur (Laxárdalshr.)	297	811 890
11. Patreksfjörður	1 035	2 829 312
12. Tálknafjörður	231	631 470
13. Bíldudalur, (Suðurfj.hr.)	335	915 768
14. Þingeyri	385	1 052 449
15. Flateyri	438	1 197 332
16. Suðureyri	500	1 366 817
17. Súðavík	220	601 400
18. Hólmavík	367	1 003 244
19. Hvammstangi	484	1 323 079
20. Blönduós	851	2 326 323
21. Skagaströnd (Höfðahr.)	600	1 640 181
22. Hofsós	285	779 086
23. Hrísey	294	803 689
24. Grenivík, (Grýtubakkahr).	251	686 142
25. Reykjahlíð, (Skútust.hr.)	223	609 600
26. Raufarhöfn	508	1 388 686
27. Þórshöfn	449	1 227 402
28. Vopnafjörður	610	1 667 517
29. Egilsstaðir	986	2 695 364
30. Reyðarfjörður	702	1 919 012
31. Fáskrúðsfjörður, (Búðahr)	785	2 145 903
32. Stöðvarfjörður	345	943 104
33. Breiðdalsvík	225	615 068
34. Djúpivogur, (Búl.hr.)	365	997 777
35. Höfn í Hornafirði	1 277	3 490 852
36. Vík í Mýrdal	347	948 571
37. Hvolsvöllur	507	1 385 953
38. Hella, (Rangárvallahr.)	510	1 394 154
39. Stokkseyri	469	1 282 075
40. Eyrarbakki	545	1 489 831
41. Hveragerði	1 143	3 124 545
42. Þorlákshöfn	930	2 542 280
	26 826	73 332 490
Samtals	194 543	531 809 548

Úthlutun úr 25% sjóði þéttbýlisfjár árið 1978, samkv. bréfi fjárveitinganefndar Alþingis, dags. 10. maí 1978.

Óráðstafað frá 1977	Kr.	801 518
Framlag 1978	Kr.	177 269 850
	Kr.	178 071 368

Úthlutun 1978:

Kaupstaðir

1. Hafnarfjörður	Kr.	5 000 000
2. Akranes	—	13 000 000
3. Sauðárkrókur	—	4 000 000
4. Ólafsfjörður	—	6 000 000
5. Dalvík	—	2 500 000
6. Húsavík	—	18 000 000
7. Seyðisfjörður	—	5 100 000
8. Eskifjörður	—	5 400 000
9. Neskaupstaður	—	5 500 000
10. Vestmannaeyjar	—	17 000 000
11. Selfoss	—	1 000 000

Kauptún

1. Njarðvík	—	6 000 000
2. Vogar (Vatnsleysustr.)	—	11 500 000
3. Borgarnes	—	7 000 000
4. Hellissandur og Rif	—	2 000 000
5. Ólafsvík	—	2 400 000
6. Grundarfjörður	—	4 200 000
7. Stykkishólmur	—	4 100 000
8. Patreksfjörður	—	3 600 000
9. Tálknafjörður	—	2 200 000
10. Suðureyri	—	5 000 000
11. Súðavík	—	2 800 000
12. Hvammstangi	—	6 100 000
13. Reykjahlíð	—	600 000
14. Raufarhöfn	—	10 000 000
15. Þórshöfn	—	6 000 000
16. Vopnafjörður	—	5 000 000
17. Breiðdalsvík	—	1 800 000
18. Vík í Mýrdal	—	2 500 000
19. Hvolsvöllur	—	3 000 000
20. Eyrarbakki	—	5 000 000
21. Þorlákshöfn	—	2 400 000
Vegagerð ríkisins	—	1 700 000
		Kr. 177 400 000
Óráðstafað til 1979	Kr.	671 368

Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1979.

Kjördæmi	Bundið slitlag m	Án slitlags m	Samtals m
Suðurlandskjördæmi	9 280	5 125	14 405
Reykjaneskjördæmi	19 683	6 822	26 505
Reykjavík	25 085	10 390	35 475
Vesturlandskjördæmi	7 208	5 455	12 663
Vestfjarðakjördæmi	5 549	8 671	14 220
Norðurlandskjördæmi v. ..	7 460	4 082	11 542
Norðurlandskjördæmi e. ..	6 570	8 000	14 570
Austurlandskjördæmi	18 898	3 935	22 833
Samtals	99 733	52 480	152 213

2.8. TIL VÉLA OG ÁHALDAHÚSA

2.8.1. Vélakaup.

Fjárveiting var 38,0 m.kr., en auk þess var afskriftafé véla varið til vélakaupa.

Helstu vélar sem keyptar voru:

4 vegheflar
1 vörubifreið
4 pallbifreiðar fyrir vinnuflokka
2 vörulyftarar
1 festivagn (malarvagn)
1 tengivagn
2 snjótennur
1 vélkrani
2 viðgerðabifreiðar
4 mælingabifreiðar
7 jeppar
6 fólksbílar
1 sand- og malardreifari
1 dráttarvél með fylgihlutum

Auk þess sem að ofan er talið, voru keypt ýmis tæki vegna brúasmíða og almennra framkvæmda, svo sem: dælur (vatnsdælur), rafstöðvar, loftverkfæri, rafsuðuvélar, tæki vegna járnalagna o.fl.

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Fjárveiting var 56,0 m.kr., en auk þess var hluta af áhaldaleigu varið til byggingar áhaldahúsa.

1. Í Reykjavík var unnið að endurbótum á skrifstofuhúsnæði, en Vegagerðin flutti hluta af starfsemi sinni á efstu hæð hússins að Borgartúni 7, þar sem Rannsóknarlögregla ríkisins hafði áður aðsetur. Einnig var gert fokhelt nýtt húsnæði birgðadeildar í lóð Vegagerðarinnar við Grafarvog.

2. Í Ólafsvík voru steyptar undirstöður undir nýtt áhaldahús og hús Vegagerðarinnar á Vegamótum var selt.
3. Á Ísafirði var að mestu lokið við byggingu skrifstofuhúss og steyptar voru undirstöður undir nýtt verkstæðishús. Byggt var íbúðarhús fyrir umdæmisverkfræðing, en húsnæði Vegagerðarinnar að Túngötu 20 verður selt.
4. Á Sauðárkróki var að mestu lokið við að gera fokhelda nýja skrifstofubyggingu, og byrjað var á undirstöðum undir nýja verkstæðisbyggingu.
5. Á Reyðarfirði var lokið við byggingu skrifstofuhúsnæðis. Einnig voru steyptar undirstöður undir verkstæðishús og hluti hússins gerður fokheldur.
6. Minniháttar lagfæringar og endurbætur voru gerðar á nokkrum öðrum áhaldahúsum, auk þess sem hafinn var undirbúningur að lóðaframkvæmdum á Húsavík, Vopnafirði og Höfn, Hornafirði.

2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

Fjárveiting var 29,0 m.kr.
Unnið var að eftirtöldum rannsóknarverkefnum.

1. **Slitþol steinefna:**
   Rannsókn þessi hófst á árinu 1976, og var henni haldið áfram á árinu 1978. Hún var gerði í samvinnu við gatnadeild Reykjavíkurborgar og framkvæmd af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

2. **Viðloðun steinefna:**
   Haldið var áfram rannsókn, sem hófst 1976. Rannsóknin er gerð í samvinnu við gatnadeild Reykajvíkurborgar og framkvæmd af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins..

3. **Olíumöl:**
   Fylgst var með tilraunaköflum, sem gerðir voru 1977 og þeir slitmældir.

4. **Samnorrænt rannsóknaverkefni:**
   Haldið var áfram þátttöku í norrænu rannsóknaverkefni. Var að þessu sinni gerð könnun á því, hvernig heppilegast væri að standa að öxulþungamælingum og hvaða tæki væru heppilegust til þeirra hluta.

5. **Rykbinding:**
   Rannsókn á rykbindingu hófst á árinu, og er gert ráð fyrir, að henni ljúki 1979.

6. **Snjóflóðavarnir:**
   Byggðar voru svonefndar bremsukeilur ofan Flateyrarvegar við Flateyri. Er keilum þessum ætlað að stöðva snjóflóð, sem á veginn falla með nokkurra ára millibili.

7. **Könnun á öxulþunga:**
   Haldið áfram könnun á öxulþunga, sem hófst 1977.

8. **Gerð burðarlaga:**
   Hafin var gagnasöfnun um reynslu af mismunandi malarefnum í burðarlög.

9. **Ódýr slitlög:**

Hafin var tilraun við ódýrt slitlag samkvæmt norskri fyrirmynd, sbr. kafla 3.1. Lagt var á samtals 16,6 km af malarvegum, sem skiptast þannig

a) Þingvallavegur austan þjóðgarðs og innan hans 6,2 km.
b) Vesturlandsvegur undir Hafnarfjalli 5,0 km.
c) Norðurlandsvegur sunnan Blönduóss 5,4 km.

Kostnaður var að hluta til greiddur af fjárveitingu til tilrauna, en að öðru leyti af fjárveitingum til viðhalds og nýbyggingar á viðkomandi köflum.

3.1. SÉRSTÖK VERKEFNI

3.1.1. Tilraun með ódýrt slitlag.

Á síðastliðnu sumri hóf Vegagerðin tilraunir með gerð ódýrs slitlags, sem þróað hefir verið í Noregi á undanförnum árum undir nafninu „Ottadekk". Reynsla sú, sem þar hefur fengist, bendir til, að um sé að ræða slitlag, sem endist á við olíumöl, en er mun ódýrara, enda ekki með sömu yfirborðsgæði.

Vegagerðin hefur fylgst með tilraunum Norðmanna og sendi s. l. vor tæknifræðing og verkstjóra til Noregs til að kynna sér niðurstöður og vinnubrögð. Fóru þeir einnig til Svíþjóðar sömu erinda, en Svíar hafa unnið að svipuðum tilraunum að undanförnu.

Slitlagið er byggt þannig upp, að heflað og þjappað yfirborð malarvega er sprautað asfalti og yfir það dreift góðri ofaníburðarmöl og hún þjöppuð. Við umferð þrýstist asfaltið upp í gegnum mölina, sem við það binst líkt og um malbik væri að ræða.

Þegar svo er komið er þetta endurtekið, þannig að fullgert slitlag er byggt upp af tveimur yfirborðssprautunum og tveimur malarlögum.

Tilraunirnar í sumar sem leið voru gerðar á þremur stöðum, þar sem umferð og aðstæður eru mismunandi, á Þingvallavegi vestan þjóðgarðsins, á Vesturlandsvegi í Melasveit og á Norðurlandsvegi sunnan Blönduóss, 5—6 km á hverjum stað. Alls var lagt á 16,6 km.

Ekki vannst tími til að leggja bæði lögin nema á um eins km kafla á tveim þessara tilraunakafla.

Líklegt má telja, að kostnaður við þetta slitlag sé 30—40% lægri en olíumöl.

Fyrsta vísbending um árangur tilraunanna fæst í vor, þegar frost fer úr jörðu, en endanlegur árangur kemur vart í ljós fyrr en eftir nokkur ár.

Þar sem aðstæður hér eru í ýmsu frábrugðnar því sem er í Noregi, svo sem veðrátta, steinefni o. fl., en gerð þessa nýja slitlags krefst á hinn bóginn vandaðra vinnubragða þjálfaðra manna, er við ýmsa byrjunarörðugleika að etja, og búast má við einhverjum áföllum. Verður ekki hjá því komist að halda þessum tilraunum áfram næstu ár, en miklir hagsmunir í húfi, að þessi tækni nái fótfestu og skili árangri.

4.1. Yfirlit um fjármagn til vegamála.


Á meðfylgjandi súluritum er sýnd þróun í útgjöldum til vegamála í heild á þessum áratug, svo og í útgjöldum til viðhalds annars vegar og nýrra vega og brúa hins vegar.


Súlurit um heildarútgjöld sýnir, að 1978 urðu þau svipuð og var 1976, en lítið eitt meiri en 1977. Hámarki náði fjármagn til vegamála 1973, en hefur farið mjög minnkandi síðan.

Slík þróun í fjármagni til vegamála setur óhjákvæmilega sitt mark á vegakerfið og ástand þess. Viðhaldsfé hefur í megindráttum staðið í stað eins og sést á súluritinu, þó að ástand vegakerfisins og sívaxandi umferð kalli á stóraukið átak á því sviði. Er svo komið að stórir


hlutar aðalveganna liggja undir skemmdum vegna skorts á viðhaldsfé, einnig þeir vegir sem byggðir hafa verið upp fyrir tiltölulega fáum árum. Hið bágborna ástand kemur berlegast í ljós á vorin, en þá er mikill hluti vegakerfisins lamaður í 1—1½ mánuð vegna aurbleytu (sjá kort í lið 2.2.1.).

Ekki er þróunin síður alvarleg, þegar litið er til fjármagns til nýrra þjóðvega og brúa, en þar er fjármagn nú minna en helmingur þess sem var 1973. Með því fjármagni sem nú er til ráðstöfunar er ekki svigrúm til að ráðast í stærri verkefni í vega- og brúagerð. Það er heldur ekki svigrúm til að hefjast handa um lagningu bundinna slitlaga í þeim mæli að verulega muni um það. Mörg brýn verkefni þarf að leysa innan þessara verkefnaflokka, ef ekki á að vera um stöðnun og afturför að ræða.






HEILDARFJÁRMAGN TIL SUMAR- OG VETRARVIÐHALDS
UPPHÆÐIR Í MILLJÖRÐUM KRÓNA Á VERÐLAGI 1978




HEILDARFJÁRMAGN TIL NÝBYGGINGAR VEGA OG BRÚA
UPPHÆÐIR Í MILLJÖRÐUM KRÓNA Á VERÐLAGI 1978


Fskj. 2.1.3.-1


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1978
SUÐVESTURLAND
REYKJAVÍK, í janúar 1979
Skýringar:
HELLA
HVOLSVÖLLUR
HVERAGERÐI
SELFOSS
ÞYKKVIBÆR
VESTMANNAEYJAR
VÍK
ÞORLÁKSHÖFN
BORGARNES
AKRANES
REYKJAVÍK
SELTJARNARNES
KÓPAVOGUR
GARÐABÆR
HAFNARFJÖRÐUR
VOGAR
KEFLAVÍK
GERÐAR
SANDGERÐI
NJARÐVÍK
HAFNIR
GRINDAVÍK
STAPI
HELLNAR


Fskj. 2.1.3.-2


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1978
NORÐVESTURLAND
REYKJAVÍK, í janúar 1979
Skýringar:
SIGLUFJÖRÐUR
HAGANESVÍK
HOFSÓS
SAUÐÁRKRÓKUR
KÁLFSHAMARSVÍK
SKAGASTRÖND
BLÖNDUÓS
HVAMMSTANGI
BORÐEYRI
HÓLMAVÍK
BÚÐARDALUR
STYKKISHÓLMUR
GRUNDARFJÖRÐUR
ÓLAFSVÍK
HELLISSANDUR
BÍLDUDALUR
SVEINSEYRI
VATNEYRI
PATREKSFJÖRÐUR
SUÐUREYRI
FLATEYRI
ÍSAFJÖRÐUR
SUÐAVÍK
HNÍFSDALUR
BOLUNGARVÍK

Fskj. 2.1.3.-3


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1978
NORÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK, í janúar 1979
Skýringar:
500 Meðalumferð á dag júní-sept. fast talning
400 " " " skyndiatalning
600 " " árs talning
200(10%) Hlutfallstala: sýnir á hvern umferðartölu
tekinn samsvarandi hlutfall þungra bíla af vökumandi
umferð samkv. athugun
BAKKAGERÐI
SEYÐISFJÖRÐUR
NESKAUPSTAÐUR
ESKIFJÖRÐUR
BÚÐAREYRI
BÚÐIR
EGILSSTAÐIR
VOPNAFJÖRÐUR
BAKKAFJÖRÐUR
BÖRSHÖFN
RAUFARHÖFN
KÓPASKER
HÚSAVÍK
GRENIVÍK
HRÍSEY
AKUREYRI
HJALTEYRI
DALVÍK
ÓLAFSFJÖRÐUR

Fskj. 2.1.3.-4


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1978
SUÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK, í janúar 1979
Skýringar:
Meðalumferð á dag, júní - sept. fast talning
ársfast talning skynditeljing
Hlutfallstala sýnir hlutfall á milli umferðartölu
BREIÐDALSVÍK
DJÚPIVOGUR
HÖFN
SKAFTAFELL
HVOLSVÖLLUR
KIRKJUBÆJAR-KLAUSTUR

Stofnbrautir — Greinargerð um framkvæmdir.

1 **Suðurlandsvegur:**

10 Álftaversvegur-Hafursey:

Fjárveiting var 1,4 m.kr. og var varið til greiðslu á umframeyðslu frá fyrra ári.

14 Um Reynisfjall:

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Kortlagður var megin hluti leiðarinnar yfir Reynisfjall.

15 Um Hólsá:

Fjárveiting var 2,6 m.kr. og var henni varið til greiðslu á umframeyðslu frá fyrra ári.

17 Um Steina:

Fjárveiting var 30,0 m. kr. Byggður var 2,9 km langur kafli um bæinn Steina undir Eyjafjöllum. Eftir er að ljúka frágangi á veginum.

28 Landvegur-Þjórsá:

Fjárveiting var 188,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 60,0 m.kr. (Lánsheimild var 40,0 m. kr.). Greitt var vinnulán frá árinu 1977 að upphæð 56,5 m.kr. Viðbótarfjárveiting skv. 2.3.0.5. var 10,0 m.kr. Undirbyggður var 5,2 km langur kafli milli Rauðalækjar og Þjóðólfshaga og lagt olíumalarslitlag á 6,8 km langan kafla milli Þjóðólfshaga og Kálfholts. Olíumalarlögnin var unnin af verktakafyrirtækinu Miðfelli h.f. Eftir er að ganga frá veginum milli Rauðalækjar og Kálfholts.

30 **Skeiðavegur:**

01 Suðurlandsvegur-Ólafsvallavegur:

Fjárveiting var 20,0 m.kr. Undirbyggður var 2,3 km langur kafli milli Borgarkots og Ólafsvallavegar. Eftir er að aka slitlagi í veginn og einnig er frágangi ólokið.

34 **Eyrarbakkavegur:**

02—04 Selfoss-Þorlákshafnarvegur:

Fjárveiting var 95,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 20,0 m.kr. (Lánsheimild var 20,0 m.kr.). Undirbyggður var 5,1 km langur kafli milli Bjarkar og Markakeldu. Þar af var lögð olíumöl á 2,7 km langan kafla milli Bjarkar og Stekkakeldu Olíumalarlögnin var unnin af verktakafyrirtækinu Hlaðbæ h.f.

35 **Biskupstungnabraut:**

02 Sog-Vaðnes:

Fjárveiting var 15,0 m.kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs, sbr. 2.3.0.6.

36 **Þingvallavegur:**

06 Ristarhlið-Kárastaðir:

Fjárveiting var 45,0 m.kr. Ekið var jöfnunarlagi á 3,6 km langan kafla frá ristarhliði að afleggjara að Almannagjá og lögð klæðning (ottadekk) á kaflann, sbr. 2.9. Einnig var klæðning lögð á 2,6 km langan kafla innan Þjóðgarðsins.

38 **Þorlákshafnarvegur:**

02—03 Þrengslavegur-Þorlákshöfn:

Fjárveiting var 2,0 m.kr. og var henni varið til landgræðslu.

1 **Vesturlandsvegur:**

16 Dalsmynni-Kiðafell:

Fjárveiting var 78,0 m.kr. Jafnaður var 4,6 km langur kafli frá Tíðaskarði að Kiðafelli (Eiríkshól) og hann lagður olíumöl. Fljótlega eftir að verkinu lauk komu fram miklar skemmdir á slitlaginu. Var þegar hafist handa um rannsóknir á

orsökum skemmdanna. Þær rannsóknir eru nú langt komnar og ættu niðurstöður að liggja fyrir í vor.

36 **Þingvallavegur:**

02 Gljúfrasteinn-Suðurá:

Fjárveiting var 45,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

40 **Hafnarfjarðarvegur:**

03—04 Kópavogur-Hafnarfjörður:

Fjárveiting var 70,0 m.kr. (Lánsheimild var 40,0 m.kr.). Lagt var slitlag á vestari akbraut frá Kópavogi suður að Arnarneshæð og lokið var við frágang á sama kafla. Lokið var uppsetningu á götulýsingu við vestari akbraut frá Kópavogi suður fyrir Arnarneshæð. Framkvæmdum fyrir 15,0 m.kr. var frestað, sbr. 2.3.0.6.

45 **Garðskagavegur:**

03 Garðar-Sandgerði:

Fjárveiting var 45,0 m.kr. Undirbyggður var 3,8 km langur kafli frá Sandgerði norður fyrir Kolbeinshæð og er þá eftir að undirbyggja 0,8 km af heildarlengd kaflans.

433 **Reykjalundarvegur:**

01 Að Reykjalundi:

Fjárveiting var 5,0 m.kr. Eftirstöðvar frá fyrra ári voru 10,0 m.kr. Gengið var frá og lögð olíumöl á o,6 km langan kafla, sem undirbyggður var 1977.

Vesturlandsvegur:

05 Um Borgarfjörð:

Fjárveiting var 600,0 m.kr. og viðbótarfjármagn skv. 2.3.0.5. 220,0 m.kr. Ónotaður hluti af Seðlabankaláni frá fyrra ári var 72,0 m.kr. (sbr. skýrslu ráðherra það ár), en vextir og afborganir af láninu 1978 voru 112,0 m.kr. Til ráðstöfunar í Borgarfirði urðu því 780,0 m.kr. Lokið var að steypa langbita brúarinnar, og var þeim komið fyrir á stöplum, nema bitum í nyrsta hafi. Enn er óbyggður landstöpull að norðan. Lokið var gerð þverbita og gólfplötu í 11 af 13 höfum. Ekið var út meginhluta fyllingar sunnan brúar og gerð þar 130 m bráðbirgðabrú. Unnið var áfram að ýmis konar rannsóknum og athugunum. Meðal annars var leitað að heppilegri grjótnámu og er nú í gangi tilraunavinnsla norðan fjarðar.

51 **Akranesvegur:**

01 Vesturlandsvegur-Akranes:

Fjárveiting var 75,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 21,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 2,4 m.kr. (Lánsheimild var 15,0 m.kr.). Lokið var við að leggja olíumöl á 4,3 km langan kafla frá Akranesi að Ósholti, einnig var land utan vegar jafnað að mestu. Ólokið er frágangi á öxlum og vegfláum ásamt sáningu.

54 **Ólafsvíkurvegur:**

02 Um Urriðaá:

Fjárveiting var 15,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 8,0 m.kr. Lagt var jöfnunarlag og slitlag á 1,5 km langan kafla um Urriðaá og lokið var við frágang á kaflanum.

06 Um Gröf:

Fjárveiting var 5,0 m.kr. Greidd var 0,8 m.kr. skuld frá fyrra ári. Framkvæmdum var frestað, en fjárveitingunni bætt við fjárveitingu á kaflanum Kirkjuból-Ytri-Garðar.

08 Kirkjuból-Ytri-Garðar:
Fjárveiting var 20,0 m.kr. Einnig var unnið fyrir fjárveitingu kaflans um Gröf 4,2 m.kr. Byggður var 2,5 km langur kafli frá Hofgörðum út fyrir Ytri-Garða.

Heydalsvegur:
01 Ólafsvíkurvegur-Hraunholt:
Fjárveiting var 25,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 9,7 mkr. (Lánsheimild var 10,0 m.kr.). Greidd var 6,0 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lokið var styrkingu á 3,0 km löngum kafla frá Hreggstöðum að Hraunholtum. Einnig var malað og ekið út slitlagi á 9,0 km langan kafla frá Ólafsvíkurvegi að Hraunholtum.

56 **Stykkishólmsvegur:**
03 Snæfellsnesvegur-Nesvegur:
Fjárveiting var 12.0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

57 **Snæfellsnesvegur:**
06 Um Álftafjörð:
Fjárveiting var 20,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 4,4 m.kr. (Lánsheimild var 5,0 m.kr.). Vegurinn var lagfærður á 4,0 km löngum kafla frá Narfeyri að Kársstöðum og á 0,5 km löngum kafla í Úlfarsfellshlíð. Frágangi er ólokið.

60 **Vestfjarðavegur:**
06 Um Jónsvað:
Fjárveiting var 30,0 m.kr. (Lánsheimild var 10,0 m.kr.). Tengd var ný brú á Jónsvað með 2,0 km löngum vegi, en frágangi er ólokið.

1 **Vesturlandsvegur:**
01 Sýslumörk-Miklagil:
Fjárveiting var 90,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. voru 31,5 m.kr. (Lánsheimild var 30,0 m.kr.). Viðbótarfjárveiting skv. 2.3.0.5. var 20,0 m.kr. Greidd var 24,5 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lokið var við undirbyggingu á 3,6, km löngum kafla frá Borgarási að Dæld og ekið burðarlagi í 5,0 km langan kafla frá Bláhæð að Dæld. Eftir er að aka jöfnunarlagi og slitlagi á 6,5 km langan kafla frá Hæðasteinsbrekku að Dæld, en frágangi utan vegar er ekki lokið.

60 **Vestfjarðavegur:**
01 Garpsdalur-Gróustaðaá:
Fjárveiting var 3,0 m.kr. Greidd voru vinnulán frá fyrra ári.
03 Kambur-Bær:
Fjárveiting var 6,5 m.kr. Greidd voru vinnulán og skuld frá fyrra ári.
03 Skáldstaðir-Bjarkarlundur:
Fjárveiting var 2,0 m.kr. Greidd voru vinnulán frá fyrra ári.
09 Utan Eyrar:
Fjárveiting var 30,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. voru 5,0 m.kr. (Lánsheimild var 5,0 m.kr.). Byggður var um 1,5, km langur nýr kafli í fjöru utan Eyrar. Gamli vegurinn var með kröppum beygjum og blindhæðum, auk þess sem hann var snjóþungur á vetrum.
14 Fossá-Vatnsdalsá:
Fjárveiting var 50,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. voru 1,7 m.kr. (Lánsheimild var 5,0 m.kr.). Unnið var við byggingu vegarins á 3,0 km löngum kafla frá Þingmannaá að sjávarfyllingu í Vatnsfirði. Auk þess var unnið að frágangi á öllum kaflanum frá Fossá að Vatnsdalsá. Má segja, að vegagerð fyrir Hörgsnes sé þar með lokið, nema að því leyti, að ekki tókst að ljúka lagningu malarslitlags vegna

óhagstæðs tíðarfars í haust. Verður það gert næsta sumar. Með opnun vegarins fyrir Hörgsnes leggst leiðin yfir Fossárháls niður.

23 Hjarðardalsá-Ingjaldssandsvegur:

Fjárveiting var 8,0 m.kr. Greidd voru vinnulán frá fyrra ári að upphæð 2,7 m.kr. Lokið var við uppbyggingu og frágang á 1,7 km löngum snjóþungum kafla, sem hafist var handa við endurbyggingu á sumarið 1977.

25 Yfir Önundarfjörð:

Fjárveiting var 5,0 m.kr. Unnið var að rannsóknum á þykkt og gerð jarðlaga í Önundarfirði. Með rannsóknum þessum hafa fengist hönnunarforsendur fyrir grundun brúa og ákvörðun á sigi og jafnvægisástandi hugsanlegra vegfyllinga í firðinum.

27 Um Breiðadalsheiði:

Fjárveiting var engin. Lokið var við frágang á 0,5 km löngum nýbyggingarkafla frá fyrra ári, sem ekki tókst að ljúka þá vegna verkfalls.

61 **Djúpvegur:**

01 Þorskafjarðarheiði:

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Framkvæmdar voru mælingar, sem eru undirstaða fyrir kortagerð á heiðinni.

10 Strandsel-Ögur:

Fjárveiting var 22,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. voru 4,2 m.kr. (Lánsheimild var 5,0 m.kr.). Byggður var um 1,7 km langur nýr kafli um Strandsel. Auk þess var undirbyggður um 0,3 langur kafli utan við Strandsel.

10—11—12 Skarðshlíð-Eyri, Skötufirði:

Fjárveiting var 25,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. voru 2,6 m.kr. (Lánsheimild var 5,0 m.kr.). Ekið var burðarlagi og slitlagi í veginn á 8,0 km langan kafla í austanverðum Skötufirði. Auk þess var unnið að frágangi á kaflanum, og lokið var við frágang á nýbyggingarköflum á Djúpvegi í Hestfirði og í Vatnshlíð frá fyrra ári. Enn er talsvert verk óunnið, þannig að telja megi að hinni eiginlegu tengingu Djúpvegarins í Skötufirði sé lokið.

14 Hestfjarðará-Eyri:

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

16 Um Vatnshlíð:

Fjárveiting var 6,0 m.kr. Greidd voru vinnulán og skuld frá fyrra ári.

21 Vestfjarðavegur-Ísafjörður:

Fjárveiting var 70,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. voru 4,0 m.kr. (Lánsheimild var 20,0 m.kr.). Greidd voru vinnulán frá fyrra ári að upphæð 2,8 m.kr. Framkvæmdum fyrir 5,0 m.kr. var frestað, sbr. 2.3.0.6. Unnið var að gerð 0,8 km langs vegarkafla í fjöru frá Tunguá að tengingu utan steypustöðvar á Ísafirði. Ráðgert var, að vegurinn yrði opnaður til umferðar í desember s. l., en vegna óhagstæðs tíðarfars varð að fresta þeirri opnun fram yfir áramót.

63 **Bíldudalsvegur:**

05 Í Reykjafjarðarbotni:

Fjárveiting var 8,0 m.kr. Innistæða frá fyrra ári var 2,0 m.kr. Endurbyggður var um 1,5 km langur kafli.

68 **Hólmavíkurvegur:**

04 Um Bæ:

Fjárveiting var 6,0 m.kr. Lagfærður var um 0,7 km langur kafli.

04 Um Prestbakka:

Fjárveiting var 20,0 m.kr. Byggður var 1,0 km langur kafli um nýja brú á Prestbakkaá.

06 Um Slitrur:
Fjárveiting var 28,5 m.kr. Greidd voru vinnulán frá fyrra ári að upphæð 2,3 m.kr. Heimild fékkst fyrir töku á 2,4 m.kr. vinnulánum. Undirbyggður var 2,0 km langur kafli, þannig að mögulegt var að beina vetrarumferðinni á nýja veginn. Eftir er allur frágangur á veginum og fyllingar á nokkrum köflum.

09 Austan Þorpa:
Fjárveiting var 2,0 m.kr. Greidd voru vinnulán frá fyrra ári.

10 Um Heydalsá:
Fjárveiting var 4,0 m.kr. Byggður var 0,6 km langur kafli um nýja brú á Heydalsá.

Norðurlandsvegur:

03 Hrútafjarðarháls:
Fjárveiting var 60,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 10,7 m.kr. (Lánsheimild var 20,0 m.kr.). Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 18,7 m.kr. Ekið var burðarlagi í 4,2 km langan kafla frá Heggstaðanesvegi að Tjarnarkotsvegi. Tjarnarkotsvegur var styrktur og hann notaður sem tengivegur. Einnig var undirbyggður 0,7 km langur kafli austan Tjarnarkotsvegar.

06 Um Víðidalsá:
Fjárveiting var 15,0 m.kr. Tengd var ný brú yfir Víðidalsá með 0,7 km löngum kafla, en frágangi er ólokið, þar sem fresta varð framkvæmdum fyrir 5,0 m.kr., sbr. 2.3.0.6.

08 Vatnsdalur-Reykjabraut:
Fjárveiting var 32,0 m.kr. (Lánsheimild var 5,0 m.kr.). Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 6,3 m.kr. Lagður var 1,3, km langur kafli um Axlarbala.

13 Í Langadal:
Fjárveiting var 32,0 m.kr. (Lánsheimild var 10,0 m.kr.). Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 1,6 m.kr. Lagður var 1,4 km langur kafli sunnan við Hólahorn, en frágangi er ólokið.

15 Hjá Vatnshlíð:
Fjárveiting var 10,0 m.kr. Lagfærðir voru tveir snjóþungir staðir við sýslumörk og við Stóra-Vatnsskarð, samtals 0,9 km að lengd.

21 Á Öxnadalsheiði:
Fjárveiting var 18,0 m.kr. Tengd var ný brú yfir Grjótá með 1,2 km löngum kafla, en frágangi er ólokið.

75 **Sauðárkróksbraut:**

03 Varmahlíð-Sauðárkrókur:
Fjárveiting var 30,0 m.kr. Endurbyggður var 2,0 km langur kafli frá Ytra-Skörðugili út undir Glaumbæ.

05 Austur Eylendi:
Fjárveiting var 40,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 4,8 m.kr. (Lánsheimild var 15,0 m.kr.). Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 3,4 m.kr. Ekið var slitlagi í 7,2 km langan kafla frá Siglufjarðarvegi að Garðsási og undirbyggður 2,0 km langur kafli um Utanverðunes.

76 **Siglufjarðarvegur:**

08 Móskógar-Brúnastaðir:
Fjárveiting var 25,0 m.kr. Lokið var við 3,1 km langan kafla frá Ólafsfjarðarvegi að Gautlandi og lagfærð sig á 3,0 km löngum kafla frá Gautlandi að Dælisósi.

10 Almenningsnöf-Gangnamunni:
Fjárveiting var 5,0 m.kr. Gerð var 0,7 km löng jarðýtuslóð neðarlega í Mánárskriðum.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

02 Knappsstaðir-Siglufjarðarvegur:
Fjárveiting var 10,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 2,0 m.kr. Endurbyggður var 0,3 km langur kafli um Reykjarhól og vegur hækkaður á stuttum kafla við Molastaði.

1 **Norðurlandsvegur:**

01 Um Öxnadalsheiði:
Fjárveiting var 20,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 3,3 m.kr. Tengd var ný brú yfir Grjótá með 0,7 km löngum kafla, en frágangi er ólokið.

05 Norðan Akureyrar:
Fjárveiting var var 66,0 m.kr. (Lánsheimild var 15,0 m.kr.). Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 4,0 m.kr. Lagt var malbik og gengið frá 2,3 km löngum kafla frá Blómsturvallavegi að Dagverðareyrarvegi.

11 Svalbarðsströnd-Víkurskarð:
Fjárveiting var 41,0 m.kr. (Lánsheimild var 12,0 m.kr.). Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 5,6 m.kr. Keyrt var slitlag í 1,6 km langan kafla frá Hallandsnesi að Sólbergi og undirbyggður, með hluta af burðarlagi, 0,9 km langur kafli frá Breiðabóli að Mógili.

15 Ljósavatnsskarð:
Fjárveiting var 8,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

16 Kross-Fosshóll:
Fjárveiting var 10,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 2,0 m.kr. (Lánsheimild var 3,0 m.kr.). Keyrt var burðarlag og slitlag í 1,6 km langan kafla um Hrúteyjarkvísl.

20 Brún-Máskot:
Fjárveiting var 10,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 4,9 m.kr. (Lánsheimild var 5,0 m.kr.). Lagður var 0,8 km langur kafli um Brún og hluta af burðarlagi ekið í 0,7 km langan kafla ofan við Brún.

20 Vestan Helluvaðs:
Fjárveiting var 6,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

21 Vindbelgur-Neslandsvík:
Fjárveiting var 2,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

23 Arnarvatn-Námaskarð:
Fjárveiting var 80,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 7,2 m.kr. (Lánsheimild var 8,0 m.kr.). Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 53,2 m.kr. Gengið var frá og keyrt slitlagi á 6,3 km langan kafla frá Norðurlandsvegi að Geiteyjarströnd. Breikkaður og hækkaður var 0,7 km langur kafli í Bjarnarflagi og lokið við snyrtingu á nýjum kafla í Námaskarði. Einnig var lagður 1,4 km langur kafli um Arnarvatnshellur, en frágangi er ólokið.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

01 Hörgárdalsvegur-Norðurlandsvegur:
Fjárveiting var 30,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 9,6 m.kr. (Tekið var lán út á lánsheimild „Norðurlandsvegur, 05 Norðan Akureyrar"). Lagður var 0,9 km langur kafli frá Norðurlandsvegi að Djúpárbakka og endurbyggður að mestu 1,2 km langur kafli frá Hörgárdalsvegi að Spónsgerði.

03 Hagaás-Dalvík:
Fjárveiting var 20,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 6,4 m.kr. (Lánsheimild var 12,0 m.kr.). Lagður var 0,5 km langur kafli um Kálfskinn, en frágangi er ólokið. Undirbyggður var 1,1 km langur kafli frá Hátúni að Skógarhóli.

85 **Norðausturvegur:**
01—02 Kaldakinn:
Fjárveiting var 21,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 4,3 m.kr. (Lánsheimild var 7,0 m.kr.). Lagður var 1,5 km langur kafli frá Arnþórsgerði að Torfunesi, en frágangi er ólokið.
07—08 Tjörnes:
Fjárveiting var 20,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 4,8 m.kr. Endurbyggður var 1,6 km langur kafli frá Ísólfsstöðum að Hóli.
10 Lón-Víkingavatn:
Fjárveiting var 26,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 4,3 m.kr. (Lánsheimild var 5,0 m.kr.). Lagður var 2,0 km langur kafli frá Lóni að Sultum, en frágangi er ólokið.
17 Melrakkaslétta:
Fjárveiting var 42,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 3,6 m.kr. (Lánsheimild var 5,0 m.kr.). Lagður var 2,5 km langur kafli við Sigurðarstaði, en frágangi er ólokið.
25—26 Syðra-Áland—Langanesvegur:
Fjárveiting var 15,0 m.kr. lagður var 1,0 km langur kafli um Syðri-Brekku, en frágangi er ólokið.

802 **Ólafsfjarðarvegur eystri:**
02 Ólafsfjörður—Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 24,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 6,2 m.kr. (Lánsheimild var 8,0 m.kr.). Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 4,9 m.kr. Ekið var burðarlagi í 1,2 km langan kafla um Ólafsfjarðarvatn að Bustabrekkuá og lagður 0,9 km langur kafli frá Bustabrekkuá að Hólkoti, en frágangi er ólokið.

1 **Austurlandsvegur:**
08 Jökuldalsvegur eystri-Hvanná:
Fjárveiting var 24,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 16,0 m.kr. (Lánsheimild var 10,0 m.kr.). Byggður var 3,0 km langur kafli frá Vikalæk að Svelgsá. Eftir er að leggja slitlag og byggja 0,3 km langan kafla um Svelgsá.
13 Lagarfljótsbrú-Norðfjarðarvegur:
Fjárveiting var 26,0 m.kr. Lagt var jöfnunarlag og olíumalarslitlag á 2,2 km langan kafla frá Lagarfljótsbrú að vegamótum Norðfjarðarvegar auk afleggjara að flugstöðvarbyggingu.
15 Upphéraðsvegur-Litla Sandfell:
Fjárveiting var 15,0 m.kr. Tekið var 7,0 m.kr. bráðabirgðalán. Undirbyggður var 2,0 km langur kafli milli Vínár og Stóra Sandfells. Framkvæmdum fyrir 5,0 m.kr. var frestað sbr. 2.3.0.6.
22 Skrúðskambur-Fossgerði:
Fjárveiting var 20,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 5,0 m.kr. (Lánsheimild var 5,0 m.kr.). Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 4,0 m.kr. Byggður var 2,3 km langur kafli frá Krossgerði og út fyrir Kross. Eftir er að leggja jöfnunarlag og slitlag.

30—32 Fyrir Hvalneshorn:
Fjárveiting var 30,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 10,0 m.kr. (Lánsheimild var 10,0 m.kr.). Byggður var 0,8 km langur kafli yfir lónið fram undan Hvalnesbæ.

34 Brekka-Þorgeirsstaðir:
Fjárveiting var 9,0 m.kr. Lokið var við 1,8 km langan kafla milli Karlsár og Hlíðarár, sem undirbyggður var 1977.

44—45 Jökulsá-Kvíá:
Fjárveiting var 21,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 5,0 m.kr. (Lánsheimild var 5,0 m.kr.). Lokið var við 2,8 km langan kafla frá Hrútá að Breiðárfarvegi, sem lokið var að mestu við að undirbyggja árið 1977. Tengd var renna á Nýgræðnakvísl.

85 **Norðausturvegur:**

04 Hafnarvegur-Hundsvatnslækur:
Fjárveiting var 13,0 m.kr. Byggður var 1,4 km langur kafli milli Bakkaár og Hölknár í Bakkafirði. Enn fremur var endurbyggður o,5 km langur kafli norðan Bakkaár.

09 Vopnafjörður-Hlíðarvegur:
Fjárveiting var 20,0 m.kr. Unnið var að endurbótum og styrkingu á 6,9 km á Sunnudalsvegi og 1,0 km á Hlíðarvegi hjá Syðri Vík. Framkvæmdum fyrir 5,0 m.kr. var frestað sbr. 2.3.0.6.

12 Teigará-Bæjaröxl:
Fjárveiting var 7,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

92 **Norðfjarðarvegur:**

05 Suðurfjarðavegur-Reyðarfjörður:
Fjárveiting var 47,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 2,0 m.kr. (Lánsheimild var 10,0 m.kr.). Byggður var 2,0 km langur kafli frá Melshorni að ristarhliði. Eftir er að leggja jöfnunarlag og slitlag á 1,0 km. Lagt var jöfnunarlag og olíumalarslitlag á 1,0 km langan kafla innan við Reyðarfjörð frá ristarhliði að þéttbýlismörkum og 0,5 km langan kafla utan við þorpið frá þéttbýlismörkum út fyrir ristarhlið.

05 Suðurfjarðarvegur-Reyðarfjörður (brú):
Fjárveiting var 25,0 m.kr. Byggð var ný brú á Norðurá.

09 Eskifjörður-gangnamunni:
Fjárveiting var 44,0 m.kr. Viðbótarfjárveiting skv. 2.3.0.5 var 10,0 m.kr. Greidd var 24,0 m.kr. skuld frá fyrra ári. Steypt var 3,2 m breið akbraut ásamt kantsteini í jarðgöngum. Lengd samtals 431 m. Unnið var við rafbúnað og hurðir.

93 **Seyðisfjarðarvegur:**

03 Sýslumörk-kaupstaður:
Fjárveiting var 39,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 7,0 m.kr. (Lánsheimild var 10,0 m.kr.). Undirbyggður var að mestu 0,8 km langur kafli um Efri Staf.

96 **Suðurfjarðavegur:**

03 Hafranes-Vattarnes:
Fjárveiting var 13,0 m.kr. Tengd var renna á Breiðdalsá í Reyðarfirði.

05 Höfðahús-Búðir:
Fjárveiting var 39,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2 var 11,0 m.kr. (Lánsheimild var 10,0 m.kr.). Byggðir voru tveir kaflar um Höfðahús samtals 0,8 km langir og 0,3 km langur kafli um Brimnes. Eftir er að leggja jöfnunarlag og slitlag.

Þjóðbrautir — Greinargerð um framkvæmdir.

22 **Stórhöfðavegur:**
01 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 6,0 m.kr. Framkvæmdum var frestað þar sem verið er að hanna nýjan veg að flugstöð.

26 **Landvegur:**
04 Galtalækur-Búrfell:
Fjárveiting var 14,0 m.kr. og var henni varið til endurgreiðslu á bráðabirgðaláni frá 1977.

204 **Meðallandsvegur:**
02 Um Eldvatn:
Fjárveiting var 18,0 m.kr. Byggður var 2,6 km langur kafli til að tengja nýja brú á Eldvatni. Eftir er að hækka veginn að hluta og aka í hann slitlagi.

208 **Búlandsvegur:**
01 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 4,0 m.kr. Tekið var 2,7 m.kr. bráðabirgðalán. Ruddur var 2,3 km langur kafli við bæinn Skaftárdal og byggt nýtt ræsi á Miðá og það tengt með 0,3 km löngum kafla.

250 **Dímonarvegur:**
01 Suðurlandsvegur-Fljótshlíðarvegur:
Fjárveiting frá fyrra ári var 5,0 m.kr. Rudd var 8,0 km löng slóð frá Rauðuskriðum á Fljótshlíðarveg hjá Merkjá og byggð nokkur ræsi.

252 **Landeyjarvegur:**
01—06 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 6,0 m.kr. Endurbættur var 3,0 km langur kafli við Miðey.

261 **Fljótshlíðarvegur:**
02 Hvolsvöllur-Hlíðarendi:
Fjárveiting var 15,0 m.kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.3.0.6.

268 **Þingskálavegur:**
02—03 Þingskálar-Næfurholt:
Fjárveiting var 5,0 m.kr. Byggður var 2,2 km langur kafli ofan Bolholts.

275 **Ásvegur:**
01 Um Skammalæk:
Fjárveiting var 14,0 m.kr. Byggður var 1,0 km langur kafli um Skammalæk.

30 **Hrunamannavegur:**
04 Um Laxárholt:
Fjárveiting var 1,5 m.kr. og var varið til greiðslu á umframeyðslu frá fyrra ári.

33 **Gaulverjabæjarvegur:**
02 Stokkseyri-Baugsstaðir:
Fjárveiting var 10,0 m.kr. Fullgerður var 1,1 km langur kafli milli Skipaár og Baugsstaða.

35 **Biskupstungnabraut:**
05 Austan Brúarár:
Fjárveiting var 10,0 m.kr. Fullgerður var 0,6 km langur kafli og byggt ræsi um Fellsgil.

06 Um Litla-Fljót:
Fjárveiting var 8,5 m.kr. Fullgerður var 1,5 km langur kafli milli Torfastaða og Brautarhóls, en vegurinn var byggður 1977.

37 **Laugarvatnsvegur:**
02 Um Laugarvatn:
Fjárveiting var 18,0 m.kr. Undirbyggður var 0,5 km langur kafli til viðbótar við þá 0,9 km sem byggðir voru árið 1977. Ólokið er frágangi og lagningu slitlags á 1,4 km.

308 **Hamarsvegur:**
01 Skógsnes-Sýrlækur:
Fjárveiting var 12,0 m.kr. Skv. ósk hreppsnefndar Gaulverjabæjarhrepps var fénu varið til endurbyggingar á Villingaholtsvegi. Fullgerður var 0,5 km langur kafli við Loftsstaði og 0,6 km langur kafli við vegamót Gaulverjabæjarvegar.

44 **Hafnavegur:**
03 Stapafellsvegur-Hafnir:
Fjárveiting var 12,0 m.kr. er fór til greiðslu á skuld frá fyrra ári.

416 **Álftanesvegur:**
01 Að þéttbýli:
Fjárveiting var 33,0 m.kr. Undirbyggður var og lögð olíumöl á 1,1 km langan kafla frá Bessastaðavegi að Landakoti.

425 **Nesvegur:**
01 Hafnir — Reykjanesviti:
Fjárveiting var 5,0 m.kr. Vinnulán var 15,0 m.kr. Undirbyggður var að hluta 12,0 km langur kafli frá Merkinesi að saltverksmiðju.

503 **Akrafjallsvegur:**
03 Við Akranes:
Fjárveiting var 3,0 m.kr. Lán frá Akranesbæ var 7,0 m.kr. Lokið var við að leggja olíumöl á 0,8 km langan kafla frá Garðabraut að Leynislæk. Eftir er að ganga frá öxlum og vegfláa.

514 **Laugarholtsvegur:**
01 Um Bæjarhverfi:
Fjárveiting var 10,0 m.kr. Greidd var 7,2 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lokið var frágangi á 1,5 km löngum kafla norðan Bæjarhverfis og greiddar voru landbætur til bænda.

518 **Hálsasveitarvegur:**
01 Sturlu-Reykir — Litli-Hvammur:
Fjárveiting var 10,0 m.kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.3.0.6.

523 **Hvítársíðuvegur:**
01 Um Fróðastaði:
Fjárveiting var 10,0 m.kr. Lokið var byggingu á 0,7 km löngum kafla í Fróðastaðatúni. Einnig voru gerðar nokkrar lagfæringar á veginum í Hvítársíðukrók.

533 **Álftaneshreppsvegur:**
01 Tenging við Ólafsvíkurveg:
Fjárveiting var 3,0 m.kr. Lokið var við byggingu á 0,6 km löngum kafla, sem er tenging á Ólafsvíkurveg rétt vestan Langárbrúar.

535 **Grímsstaðavegur:**
01 Ólafsvíkurvegur — vegamót Grenja:
Fjárveiting var 7,0 m.kr. Lokið var nýbyggingu og endurbótum á 0,9 km löngum kafla um ás skammt ofan við Árbæ.

540 **Hraunhreppsvegur:**
01 Um Norðurlæk:
Fjárveiting var 3,0 m.kr. Framkvæmdum var frestað vegna kostnaðarauka á öðrum nýbyggingum.

59 **Laxárdalsvegur:**
02 Laxárdalsheiði:
Fjárveiting var 13,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

568 **Skógarnesvegur:**
02 Litlaþúfa — Ólafsvíkurvegur:
Fjárveiting var engin. Vinnulán voru 0,4 m.kr. Vegurinn var hækkaður á 250 m löngum kafla fram með Laxá.

574 **Útnesvegur:**
02—04 Styrking:
Fjárveiting var 10,0 m.kr. Greidd var 1,5 m.kr. skuld frá fyrra ári. Styrktur var 12,0 km langur kafli frá Hólahólum að Móðulæk.

576 **Framsveitarvegur:**
01 Hjá Bár:
Fjárveiting var 5,0 m.kr. Greidd var 0,7 m.kr. skuld frá fyrra ári. Fullgerður var 1,7 km langur kafli frá Bár að Þórdísarstöðum.

588 **Gillastaðavegur:**
01 Laxárdalsvegur — Laxá:
Fjárveiting var 5,0 m.kr. Framkvæmdum var frestað vegna kostnaðarauka á framkvæmd 59—02.

590 **Klofningsvegur:**
05 Um Skarð:
Fjárveiting var engin en fjárveiting af 590—07 var flutt til í samráði við heimamenn. Byggður var 7,7 km langur kafli frá Krossi að Búðardalsá og lagfærður 0,7 km langur kafli vestast í Heinabergshlíð.
07 Fagridalur — Tjaldanes:
Fjárveiting var 30,0 m.kr. og innistæða frá 1977 var 4,2 m.kr. Í samráði við heimamenn var fjárveiting flutt á 590—05, um Skarð.

607 **Reykhólasveitarvegur:**
01 Um Barmahlíð:
Fjárveiting var 14,0 m.kr. Auk þess fékkst heimild fyrir töku á 2,8 m.kr. vinnulánum. Byggður var um 2,0 km langur kafli í stað snjóþungs vegar um Barmahlíð.

622 **Svalvogavegur:**
04 Meðaldalsá — Sveinseyri:
Fjárveiting var 14,0 m.kr. Endurbyggður var um 1,8 km langur snjóþungur kafli milli Meðaldalsár og Haukadalsár.

624 **Ingjaldssandsvegur:**
01 Gemlufall — Núpur:
Fjárveiting var 9,0 m.kr. Að auki voru fluttar 5,0 m.kr. í verkið úr fjárveitingu

Flateyrarvegar 64—01. Greidd var 0,5 m.kr. skuld frá fyrra ári. Byggður var upp 1,1 km langur snjóakafli milli Lækjaróss og Mýra.

633 **Vatnsfjarðarvegur:**

01—04 Djúpvegur — Djúpvegur:

Fjárveiting var 10,0 m.kr. Greidd var 0,6 m.kr. skuld frá fyrra ári. Endurbyggður var um 1,0 km langur kafli á svella- og snjóastöðum utan Svansvíkur í Ísafirði.

659 **Laxárdalsvegur:**

01 Sýslumörk — Hólmavíkurvegur:

Fjárveiting var 5,0 m.kr. Lagfærður var um 0,3 km langur snjóakafli ofan Hólmavíkurvegar.

64 **Flateyrarvegur:**

01 Sólbakki, Garðar — Hvilft:

Fjárveiting var 9,0 m.kr. Greidd var 1,0 m.kr. skuld frá fyrra ári. Að ósk hreppsnefndar Flateyrarhrepps var framkvæmdum frestað vegna nýrra skipulagssjónarmiða. Fluttar voru 5,0 m.kr. í Ingjaldssandsveg 624—01.

65 **Súgandafjarðarvegur:**

01 Um Botnsheiði:

Fjárveiting var 12,0 m.kr. Greidd voru 2,1 m.kr. vinnulán frá fyrra ári. Haldið var áfram byggingu vegarins á Botnsheiði upp úr snjó. Byggður var um 0,4 km langur kafli austan sjónvarpshúss.

704 **Miðfjarðarvegur:**

03 Bjarg — Laugabakki:

Fjárveiting var 6,0 m.kr. Ekið var burðar- og slitlagi í 1,7 km langan kafla frá Urriðaá að Bergsstöðum, en frágangi er að öðru leyti ekki lokið.

711 **Vatnsnesvegur:**

01 Hvammstangi — Skarð:

Fjárveiting var 22,0 m.kr. Skipt var um jarðveg í 0,5 km löngum kafla frá Skólavegi að Hvammavegi og undirbyggður 1,1 km langur kafli frá Hvammavegi að Mörk.

715 **Víðidalsvegur vestri:**

01 Hvarf — Kolugil:

Fjárveiting var 8,0 m.kr. Endurbyggður var 0,8 km langur kafli á milli Hvarfs og Kolugils.

717 **Borgarvegur:**

01 Síðuvegur — Vatnsnesvegur:

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Lagfærður var 0,3 km langur snjóþungur kafli austan Þorfinnsstaða.

726 **Auðkúluvegur:**

01 Reykjanesbraut — Svínvetningabraut:

Fjárveiting var 35,0 m.kr. Lagður var 2,6 km langur kafli frá Mosfelli að Geithömrum og endurbyggður að mestu 1,0 km langur kafli frá Geithömrum að Grund.

734 **Svartárdalsvegur:**

01 Norðurlandsvegur — Bergsstaðir:

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Lagfærðir voru tveir hættulegir staðir í Bergsstaðaklifi, samtals 0,3 km að lengd.

742 **Mýravegur:**
01 Skagastrandarvegur — Laxárdalsvegur:
Fjárveiting var 5,0 m.kr. Lagður var 0,4 km langur kafli hjá Neðri-Mýrum, en frágangi er ekki lokið.

745 **Skagavegur:**
06 Keta — Selnes:
Fjárveiting var 2,0 m.kr. Greidd var 2,0 m.kr. skuld frá fyrra ári.
09 Þverárfjallsvegur — Sauðárkrókur:
Fjárveiting var 11,0 m.kr. Ekið var burðarlagi í þrjá snjóþunga kafla á Laxárdalsheiði, samtals 1,7 km að lengd.

752 **Skagafjarðarvegur:**
01 Norðurlandsvegur — Efribyggðarvegur:
Fjárveiting var 5,0 m.kr. Gengið var frá 0,2 km langri tengingu að brú yfir Borgará og lagður 0,2 km langur kafli sunnan brúar.

781 Deildardalsvegur:
01 Siglufjarðarvegur — Siglufjarðarvegur:
Fjárveiting var 3,0 m.kr. Undirbyggður var 1,5 km langur kafli um Gröf.

786 **Slétturhlíðarvegur:**
01 Siglufjarðarvegur — Siglufjarðarvegur:
Fjárveiting var 2,0 m.kr. Greidd var 2,0 m.kr. skuld frá fyrra ári.

787 **Flókadalsvegur:**
01 Siglufjarðarvegur — Siglufjarðarvegur:
Fjárveiting var 6,0 m.kr. Endurbyggður var 0,7 km langur kafli um Sólgarða.

789 **Sléttuvegur:**
01 Siglufjarðarvegur — Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 25,0 m.kr. Greidd var 5,7 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lokið var við 2,9 km langan kafla frá Siglufjarðarvegi að Stóru—Brekku.

83 **Grenivíkurvegur:**
02 Fnjóskadalsvegur — Grenivík:
Fjárveiting var 21,0 m.kr. Endurbyggður var 0,5 km langur kafli um Borgargerði og lagfærðir þrír snjóþungir staðir við Ytri-Grund, Lómatjörn og Grýtubakka, samtals 1,2 km að lengd.

805 **Svarfaðardalsvegur:**
01—02 Ólafsfjarðarvegur — Atlastaðir:
Fjárveiting var 22,0 m.kr. Lagður var 1,6 km langur kafli frá Tunguvegi suður fyrir Hreiðarsstaðakot.

811 **Hjalteyrarvegur:**
01 Ólafsfjarðarvegur — Hjalteyri:
Fjárveiting var 3,0 m.kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.3.0.6.

821 **Eyjafjarðarbraut vestri:**
02 Finnastaðavegur — Eyjafjarðarbraut eystri:
Fjárveiting var 18,0 m.kr. Lagður var 0,8 km langur kafli frá Dalsgerði að Djúpadalsá.

829 **Eyjafjarðarbraut eystri:**
01 Norðurlandsvegur — Munkaþverá:
Fjárveiting var 12,0 m.kr. Styrktur og lagfærður var 3,7 km langur kafli frá Þverá að Freyvangi.

841 **Fremstafellsvegur:**
01 Norðurlandsvegur — Norðausturvegur:
Fjárveiting var engin, en tekið var 1,2 m.kr. bráðabirgðalán. Styrktur var 1,9 km langur kafli frá Norðausturvegi að Fremstafelli.

843 **Lundarbrekkuvegur:**
01 Bárðardalsvegur eystri — Víðiker:
Fjárveiting var engin, en tekið var 2,0 m.kr. bráðabirgðalán. Lagfærður var 1,3 km langur kafli sunnan vegamóta Bárðardalsvegar eystri.

856 **Laxárdalsvegur vestri:**
01 Staðarbraut — Halldórsstaðir:
Fjárveiting var 3,0 m.kr. Tekið var 3,0 m.kr. bráðabirgðalán. Lagður var 1,7 km langur kafli í Gljúfrunum, en frágangi er ólokið.

868 **Laxárdalsvegur:**
01 Norðausturvegur — Holt:
Fjárveiting var 8,0 m.kr. Vegurinn var allur (2,7 km) styrktur og lagfærður.

869 **Langanesvegur:**
01—03 Þórshöfn — flugvöllur:
Fjárveiting var 13,0 m.kr. Framkvæmdum var frestað sbr. 2.3.0.6.

94 **Borgarfjarðarvegur:**
01—03 Seyðisfjarðarvegur — Steinsvað:
Fjárveiting var 26,0 m.kr. Byggður var 1,9 km langur kafli á Breiðavaðsmýri. Ólokið er lagningu jöfnunarlags og slitlags á kaflann.
08 Njarðvík — Borgarfjörður:
Fjárveiting var engin. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 5,0 m.kr. Unnið var að breikkun vegar í Njarðvíkurskriðum.

923 **Jökuldalsvegur:**
01 Austurlandsvegur — Hákonarstaðir:
Fjárveiting var engin. Lán frá Framkvæmdasjóði Íslands sbr. 2.3.0.2 var 35,0 m.kr. Byggður var 2,9 km langur kafli milli Hnappár og Hnjúksár. Ólokið er lagningu slitlags á kaflann.

925 **Hróarstunguvegur:**
04 Vífilstaðir — Austurlandsvegur:
Fjárveiting var 2,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

931 **Upphéraðsvegur:**
01 Austurlandsvegur — Rauðilækur:
Fjárveiting var 22,0 m.kr. Tekið var 11,0 m.kr. bráðabirgðalán. Greidd var 14,0 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lokið var við 2,4 km langan kafla milli Ekkjufells og Setbergs, sem byggður var 1977.
04 Innan við Gilsá:
Fjárveiting var 6,0 m.kr. Byggður var 1,2 km langur kafli á Gilsáraurun hjá Vallholti.

938 **Múlavegur syðri:**
01 Skriðdalsvegur — Birkihlíð:
Fjárveiting var 4,0 m.kr. Lokið var við 2,5 km langan kafla frá Skriðdalsvegi að Birkihlíð, sem byggður var 1977.

953 **Mjóafjarðarvegur:**
01 Norðfjarðarvegur — Háheiði:
Fjárveiting var 11,0 m.kr. Tekið var 2,0 m.kr. bráðabirgðalán. Ekið var

burðarlagi í 0,9 km langan kafla á Slenjudal og unnið að endurbótum á 2,0 km löngum kafla í Eyvindarárdal.

954 **Helgustaðarvegur:**

02 Mjóeyri — Stóra Breiðuvík:

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

964 **Breiðdalsvegur:**

01 Austurlandsvegur — Austurlandsvegur:

Fjárveiting var 6,0 m.kr. Byggður var 1,3 km langur kafli og tengd brú á Breiðdalsá hjá Flögu. Unnið var að endurbótum á 1,1 km löngum kafla utan við Flögu.

91 **Hafnarvegur í Bakkafirði:**

01 Norðausturvegur — Höfn:

Fjárveiting var 13,0 m.kr. Byggður var 2,7 km langur kafli frá Bakka að Höfn og endurbættur 1,2 km langur kafli frá Bakka að vegamótum Norðausturvegar.

Fskj. 2.4.1.—4

Aðalfjallvegir — Greinargerð um framkvæmdir.

1. Kaldadalsvegur:

Fjárveiting var 1,6 m.kr. og var henni varið til almenns viðhalds á veginum.

2. Kjalvegur:

Fjárveiting var 4,2 m.kr. Mölborinn var 1,0 km langur kafli ofan við vegamót við Gullfoss. Einnig var öll leiðin hefluð, stikur endurnýjaðar og framkvæmdar ýmsar minni háttar lagfæringar.

3. Fjallabaksvegur nyrðri:

Fjárveiting var 2,7 m.kr. Mölborinn var 2,0 km langur kafli við Syðri—Ófæru og leiðin hefluð og framkvæmdar ýmsar minni háttar lagfæringar.

4. Sprengisandsleið:

Fjárveiting var 8,5 m.kr. Mölborinn var og lagfærður 12,0 km langur kafli frá Jökulsá eystri að Sjónarhólsdrögum og einnig voru mölbornir verstu kaflanir í Eyjafjarðardal að Sandá. Vað á Hagakvísl var lagfært og merkt, auk þess sem gerðar voru ýmsar minni háttar lagfæringar á allri leiðinni og vegurinn heflaður.

Fskj. 2.5.1.—1

Brýr 10 m og lengri — Greinargerð um framkvæmdir.

Markarfljót hjá Emstrum (fjallv.):

Lokið var byggingu og tengingu 60 m langrar stálbitabrúar með timburgólfi, en undirstöður hennar voru byggðar 1977. Áætlaður kostnaður var 21,0 m.kr. Framlag af þjóðargjöf til landgræðslu var 6,0 m.kr., en fjárveiting á vegáætlun 15,0 m.kr.

Eldvatn hjá Syðri—Fljótum (204):

Byggð var 50 m löng stálbitabrú með steyptu gólfi. Kom hún í stað ónýtrar gamallar brúar. Kostnaður var áætlaður 52,0 m.kr.

Svínadalsá á Jónsvaði (60):

Byggður var 5,5 m breiður stokkur úr sinkhúðuðu stáli á steyptum undirstöðum. Upphaflega kostnaðaráætlun var miðuð við steinsteypt mannvirki og nam 43,0 m.kr. Gert er ráð

fyrir nokkrum sparnaði vegna breyttrar tilhögunar. Brúin kemur í stað ónýtrar 26 m langrar steyptrar brúar frá 1948.

Prestbakkaá (68):

Byggð var 27 m steypt eftirspennt bitabrú í einu hafi. Áætlaður kostnaður var 36,0 m.kr. Brúin kemur í stað steyptrar brúar frá 1931.

Heydalsá (68):

Byggð var 10 m plötubrú. Áætlaður kostnaður var 20,0 m.kr.

Víðidalsá (1):

Byggð var 70 m steypt eftirspennt bitabrú í þremur höfum. Áætlaður kostnaður var 88,0 m.kr. Brúin kemur í stað 60 m steyptrar brúar frá 1927.

Grjótá á Öxnadalsheiði (1):

Byggð var 12 m steypt bitabrú í nýrri veglínu, sem kemur í stað 13 m brúar frá 1945. Áætlaður kostnaður var 18,0 m.kr.

Búðargil (85):

Byggð var 27 m löng og 12 m breið brú yfir Búðarárgil á Húsavík. Brúin er á þjóðvegi í þéttbýli í Húsavík, og er gert ráð fyrir að tenging hafnarsvæðisins verði um götu, sem liggi undir brúna. Áætlaður kostnaður var 75,0 m.kr. en fjárveiting 70,0 m.kr. og er gert ráð fyrir að framlag vegasjóðs til þjóðvegar í þéttbýli á Húsavík gengi til framkvæmdanna.

Njörvadalsá í Reyðarfirði (92):

Byggð var 18 m löng og 9,2 m breið steypt plötubrú. Brúin liggur í nýrri veglínu og kemur í stað gamalla brúa á Geithúsaá og Njörvadalsá. Kostnaður var áætlaður 30,0 m.kr. Fjárveiting til brúargerðar var 5,0 m.kr., en afgangur greiðist að öðru leyti af fjárveitingu til vegarins.

Áreyjará í Reyðarfirði (sýsluv.):

Í vegáætlun er 7,0 m.kr. fjárveiting til brúar á Staðará hjá Ánastöðum. Þegar Ánastaðir fóru í eyði á s.l. vori var ákveðið að byggja heldur brú á Áreyjará fyrir umrædda fjárveitingu, en sú brú var á vegáætlun 1979. Byggð var 12 m stálbitabrú með timburgólfi.

Breiðdalsá í Reyðarfirði (96):

Byggður var 8,0 m breiður hálfbogamyndaður stokkur úr sinkhúðuðu stáli á steyptum undirstöðum. Mun þetta vera stærsta mannvirki þessarar tegundar á landinu. Kostnaðaráætlun var miðuð við steypt mannvirki og nam 38,0 m.kr., en nokkuð mun hafa sparast við breytta tilhögun.

Breiðdalsá í Breiðdal (964):

Byggð var 40 m stálbitabrú með timburgólfi. Kostnaður var áætlaður 38,0 m.kr.

Djúpá hjá Holtaseli (sýsluv.):

Byggð var 30 m stálbitabrú með timburgólfi. Kostnaður var áætlaður 28,0 m.kr.

Sþ. 602. Nefndarálit [5. mál]

um till. til þál. um iðngarða.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og fengið um það umsagnir. Er hún sammála um að mæla með samþykkt þess.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Friðrik Sophusson, Jóhanna Sigurðardóttir og Jón G. Sólnes.

Alþingi, 2. maí 1979.

Þórarinn Sigurjónsson, varaform., frsm. Kjartan Ólafsson, fundaskr. Ágúst Einarsson.

Stefán Valgeirsson.

Sþ. 603. Nefndarálit [72. mál]

um till. til þál. um meðferð íslenskrar ullar.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og fengið um það umsagnir. Er hún sammála um að mæla með samþykkt þess.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Friðrik Sophusson, Jóhanna Sigurðardóttir og Jón G. Sólnes.

Alþingi, 2. maí 1979.

Þórarinn Sigurjónsson, varaform., frsm. Kjartan Ólafsson, fundaskr. Ágúst Einarsson.

Stefán Valgeirsson.

Sþ. 604. Nefndarálit [172. mál]

um till. til þál. um könnun á þætti landbúnaðarframleiðslu í atvinnulífi þjóðarinnar.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Friðrik Sophusson, Jóhanna Sigurðardóttir og Jón G. Sólnes.

Alþingi, 2. maí 1979.

Þórarinn Sigurjónsson, varaform., frsm. Kjartan Ólafsson, fundaskr. Ágúst Einarsson.

Stefán Valgeirsson.

Nd. 605. Nefndarálit [218. mál]

um frv. til l. um landhelgi, efnuahagslögsögu og landgrunn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., sem komið er til hennar frá Ed.
Ed. gerði breytingu á 6. gr. frv. og vill allsherjarnefnd Nd. mæla með frv. svo breyttu.

Alþingi, 3. maí 1979.

Vilmundur Gylfason, form.	Einar Ágústsson, fundaskr., frsm.	Matthías Á. Mathiesen.
Svava Jakobsdóttir.	Gils Guðmundsson.	Árni Gunnarsson.
	Friðrik Sophusson.	

Nd. 606. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 59/1978.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Meiri hluti heilbrigðis- og tryggingaefndar mælir með samþykkt frv. með svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

1. gr. orðist svo:
Á eftir h-lið 39. gr. laganna komi nýr stafliður, i, er orðist svo:
Að greiða kostnað samkv. nánari ákvörðun tryggingaráðs, vegna psoriasissjúklinga, sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga erlendis sem komi í stað sjúkrahúsvistar.
Tryggingaráð setur nánari reglur um greiðslufyrirkomulag og skipulag slíkra ferða, auk hámarksfjölda psoriasissjúklinga sem árlega geti notið slíkrar fyrirgreiðslu.

Matthías Bjarnason gerir grein fyrir afstöðu sinni í umræðum.

Alþingi, 3. maí 1979.

Einar Ágústsson, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Jóhanna Sigurðardóttir, frsm.
Bjarnfríður Leósdóttir.	Vilmundur Gylfason.	Jósef H. Þorgeirsson.

Ed. 607. Breytingartillaga [247. mál]

við frv. til l. um Rafmagnseftirlit ríkisins.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og Ragnhildi Helgadóttur.

Við 9. gr. 1. tl. Í stað „1.5%“ komi: 1%.

Ed. 608. Nefndarálit [247. mál]

um frv. til l. um Rafmagnseftirlit ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur. Fjarverandi voru Ágúst Einarsson, Ragnhildur Helgadóttir og Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi, 3. maí 1979.

Ólafur Ragnar Grímsson, varaform., frsm. Jón Helgason, fundaskr. Stefán Jónsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Nd. 609. Breytingartillaga [7. mál]

við brtt. á þskj. 540 [Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu].

Frá Matthíasi Bjarnasyni og Lúðvík Jósepssyni.

Í stað „75 millj. kr.“ komi: 125 millj. kr., og í stað „15 millj. kr.“ komi: 25 millj. kr.

Ed. 610. Frumvarp til laga [7. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

(Eftir 3. umr. í Nd., 3. maí.)

Samhljóða þskj. 7 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs skv. 2. gr. laga þessara, umfram greiðslu skv. 4 og 5. mgr. þeirrar lagagreinar, skal lagt í sérstakan gengismunarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

a. 50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði frystra sjávarafurða, saltfisks, verkaðs, óverkaðs og flaka, skreiðar, fiskmjöls, loðnumjöls og loðnulýsis, skal renna til viðkomandi deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en andvirði saltsíldar skal verða stofnfé deildar fyrir saltsíld.

b. 50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru undir a-lið þessarar greinar, svo og öllu því, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða, skal varið sem hér segir:

1) 50% skal veitt til hagræðingar í fiskiðnaði og til þess að leysa sérstök staðbundin vandamál.

Lánin skulu einkum veitt til tæknilegrar hagræðingar, svo sem til vélakaupa, endurnýjunar á vinnslurásum og til að koma upp kældum fiskmóttökum. Þar sem sérstaka nauðsyn ber til að tryggja atvinnuöryggi, koma í veg fyrir atvinnubrest eða ná fram hagkvæmari rekstrareiningum er þó einnig heimilt að veita lán til fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja í fiskvinnslu.

2) 40% skal varið til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra lána.
3) 10% skal renna í sérstakan sjóð til þess að greiða fyrir því, að útgerðaraðilar geti hætt rekstri úreltra fiskiskipa. Heimilt er að sameina þennan sjóð Aldurslagasjóði fiskiskipa og skal að því stefnt.

Áður en kemur til skipta á fé skv. a- og b-lið þessarar greinar, skal greiða lífeyrissjóði sjómanna 75 millj. kr. til að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur og aðrar tryggingabætur til sjómanna og 15 millj. kr. til orlofshúsa sjómannasamtakanna, og enn fremur 10 millj. kr. sem varið yrði til öryggismála sjómanna skv. nánari ákvörðun sjávarútvegs- og samgönguráðherra.

Ed. 611. Frumvarp til laga [288. mál]

um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Í lögum þessum táknar orðið **planta** heilar jurtir og viðarplöntur svo og hluta þeirra. Orðið **mein** táknar frávik frá því, sem heilbrigt má teljast, og **skaðvaldur** þær lífverur og lífræna þætti, er meinum valda á plöntum: veirur (vira), berfrymingar (mycoplasma), bakteríur (bacteria), sveppir (fungi) og meindýr.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra getur samkvæmt lögum þessum gefið út reglugerðir, sem stuðla að því: 1) að hindra eða takmarka innflutning hættulegra skaðvalda til landsins, 2) að hindra eða hamla gegn dreifingu skaðvalda innanlands eða útrýma skaðvöldum, sem þegar hafa borist til landsins, sé það talið gerlegt, og 3) að hindra eða hamla gegn því, að skaðvaldar, sem aðrar þjóðir vilja verjast, berist frá Íslandi til viðkomandi landa. Landbúnaðarráðherra ákveður með hliðsjón af tillögum sérfræðinga í plöntusjúkdómum og meindýrum, hvaða skaðvalda beri að líta á sem svo hættulega, að þeir falli undir ráðstafanir, er lög þessi ákveða.

3. gr.

Til að ná þeim tilgangi, sem nefndur er í 2. gr., getur landbúnaðarráðherra m. a.:

a) fyrirskipað eftirlit með innflutningi, útflutningi og dreifingu innanlands á öllum tegundum plantna og sett reglur um slíka flutninga,
b) bannað innflutning, útflutning og dreifingu innanlands á einstökum tegundum skaðvalda, plantna eða afbrigðum þeirra og einnig hluta, er borið geta skaðvald, eins og t. d. mold, húsdýraáburður og umbúðir,
c) sett það skilyrði fyrir innflutningi, útflutningi eða dreifingu innanlands, að plönturnar séu algjörlega lausar við ákveðna skaðvalda, eða sett ákveðin hámörk um magn skaðvalda,
d) bannað ræktun tiltekinna plöntutegunda á ákveðnum svæðum eða takmarkað ræktun við plöntur gæddar ákveðnum eiginleikum,
e) fyrirskipað jarðeigendum eða ræktendum að gera varnarráðstafanir gegn plöntusjúkdómum og meindýrum á eigin kostnað,
f) fyrirskipað eyðingu eða sérstaka meðhöndlun á plöntum eða á hlutum, sem geta borið og dreift skaðvaldi (t. d. mold, verkfæri, umbúðir, flutningatæki og geymslustaðir),
g) fyrirskipað sóttkví undir eftirliti sem skilyrði fyrir innflutningi.

4. gr.

Allir, sem hafa í fórum sínum plöntur, er þeir hafa grun eða vissu um, að beri skaðvald, sem sett hafa verið opinber fyrirmæli um, eða verði þeir varir við skaðvaldinn sjálfan, ber tafarlaust að tilkynna það þeim aðila, sem landbúnaðarráðherra hefur falið að annast frmkvæmd eða eftirlit með, að settum fyrirmælum hér að lútandi sé framfylgt. Plöntur eða skaðvald má þá ekki flytja frá einum stað til annars nema með samþykki þessa aðila.

5. gr.

Eigendur plantna, ræktunarstaða, flutningatækja og bygginga eða þeir, sem umráðarétt hafa yfir slíku, skulu án endurgjalds leyfa aðgang, sýnatöku, rannsóknir og aðgerðir (sjá þó 6. gr.), er fyrirskipaðar kunna að verða og nauðsynlegar mega teljast til að ná þeim tilgangi, sem nefndur er í 2. gr. þessara laga.

6. gr.

Hafi lög þessi verið brotin, skal þeim, er sök á, skylt að framkvæma á eigin kostnað þær aðgerðir, er landbúnaðarráðherra eða umboðsmenn hans fyrirskipa. Ef sá, er sök á, framkvæmir ekki þær aðgerðir, er honum hafa verið settar, má gera þær á hans kostnað. Þegar um er að ræða samræmda herferð gegn ákveðnum skaðvaldi, skal þó greiða kostnað við hana úr ríkissjóði og eyðing uppskeru þá bætt eftir mati dómkvaddra manna.

7. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 17 frá 31. maí 1927.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þau lög, sem nú eru í gildi varðandi sjúkdóma og meindýr á plöntum, eru frá 31. maí 1927 og heita „Lög um varnir gegn sýkingu nytjajurta“. Lög þessi eru löngu orðin úrelt og er þörf endurskoðunar. Verður hér gerð nánari grein fyrir, hvað átt er við.

Einn mikilvægasti liður í vörnum gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum er eftirlit með innflutningi plantna. Þetta eftirlit er þörf á að endurskipuleggja og endurbæta, en reglugerðin um eftirlit með innflutningi plantna o. fl. frá 19. ágúst 1948 er orðin það úrelt, að erfitt er að framkvæma eftirlit samkvæmt henni. Þessi reglugerð er fyrst og fremst miðuð við innflutning kartaflna og þær kröfur, sem gerðar eru til þess heilbrigðisvottorðs, er fylgja skal innfluttum plöntum, veita einungis einhverja tryggingu gagnvart nokkrum kartöfluskaðvöldum. Ef heilbrigðisvottorð á að veita einhverja tryggingu, verður að taka fram í reglugerðinni nákvæmlega, hvaða skaðvaldar það eru, sem við viljum verjast, og vottorðið á svo að ábyrgjast, að viðkomandi skaðvaldar séu ekki í plöntusendingunni. Það er búið að dragast allt of lengi að endurnýja þessa reglugerð og gera þannig úr garði, að hún veiti tryggingu gagnvart skaðvöldum á öllum tegundum plantna. Byrjað er að undirbúa drög að nýrri reglugerð um innflutning á plöntum, en forsenda þess, að hægt sé að setja slíka reglugerð, er að hinn lagalegi rammi sé fyrir hendi.

Að vísu má segja, að 1. og 2. gr. laganna frá 1927 séu það rúmar, að þær heimili næstum hvað sem er, en athygli skal vakin á því, að í 1. gr. er talað um „hættu-

lega jurtasjúkdóma“ og strangt tekið, nær það ekki yfir meindýr á plöntum. Það er einnig hugsanlegt, að skaðvaldar berist á milli án þess að vera á plöntu, og er því rétt að beina ljósi að skaðvöldunum í stað sjúkdómanna, sem þeir valda.

Í 4. gr. gömlu laganna er kveðið á um upplýsingaskyldu fyrir þá, sem hafa undir höndum plöntur, sem eru sjúkar eða sem geta sýkst, og nefnt sem dæmi vörtupest í kartöflum. Flestir landsmenn hafa undir höndum sjúkar plöntur eða plöntur, sem geta sýkst, en ekki er ástæða til, að tilkynnt sé um öll tilfelli. Nauðsynlegt er að taka fram, að upplýsingaskyldan gildi einungis um þá skaðvalda, sem opinber fyrirmæli hafi verið gefin út um. Einnig er óheppilegt að nefna einn sjúkdóm sérstaklega sem dæmi í lögunum og það án latneska heitisins. Gætu menn t. d. ruglað vörtupest saman við vörtukláða, en sá síðarnefndi er mjög algengur sjúkdómur hér.

5. gr. gömlu laganna á ekki heima í lögum, heldur eiga slík fyrirmæli að koma fram í reglugerð um innflutning plantna. 7. gr. er að sjálfsögðu úrelt með þær sektarupphæðir, sem þar eru nefndar.

Í hinu nýja frumvarpi eru lögin kölluð: „Lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum“. Var frumvarpið samið með hliðsjón af norsku, sænsku og dönsku lögunum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

1. gr. Skýrgreining á nokkrum mikilvægum orðum.
2. gr. Tilgangur laganna.
3. gr. Helstu aðgerðir, sem landbúnaðarráðherra er heimilt að grípa til, til að ná þeim tilgangi, sem felst í 2. gr.
4. gr. Upplýsingaskylda almennings gagnvart þeim aðila, sem annast skal eftirlit eða framkvæmd með settum fyrirmælum. Í reglugerðum kemur síðan fram, hver sá aðili er, en hann mun í flestum, ef ekki öllum tilfellum vera Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
5. gr. Heimild til handa hinu opinbera til töku sýna og til rannsókna, sem nauðsynlegar mega teljast, til að ná tilgangi laganna.
6. gr. Kveðið á um, hver skuli bera kostnað af nauðsynlegum aðgerðum.
7. gr. Varðandi brot á lögunum.

Varðandi hina einstöku liði 3. greinar skal eftirfarandi tekið fram:

a) Þessi liður er augljós og á að heimila eftirlit með inn- og útflutningi og flutningi milli landshluta.

b) Í vissum tilfellum getur verið nauðsynlegt að banna flutning á ákveðnum tegundum plantna, þar sem erfitt er að sjá við rannsókn, hvort plöntur eru smitberar eða ekki og er þá öruggast að banna flutning frá sýktu svæði.

c) Þarfnast ekki skýringar.

d) Nauðsynlegt getur verið að banna ræktun á móttækilegum tegundum einhvern tíma, meðan verið er að svelta ákveðinn skaðvald út. Með plöntur gæddar ákveðnum eiginleikum er t. d. átt við ónæm afbrigði innan sömu tegundar.

e) Þarfnast ekki skýringar.

f) Með sérstakri meðhöndlun er t. d. átt við sótthreinsun.

Það sem þessi lög þurfa fyrst og fremst að heimila, og þá með sérstökum reglugerðum, er eftirfarandi:

1. Eftirlit með innflutningi á öllum tegundum plantna og plöntuhluta, til að hindra, að hættulegir skaðvaldar berist til landsins með þessum innflutningi.
2. Eftirlit með útflutningi plantna til að tryggja, að skilyrðum viðkomandi landa verði fullnægt þannig, að hægt sé að gefa út fullgilt heilbrigðisvottorð með slíkum sendingum.

3. Eftirlit með og aðgerðir gegn ákveðnum skaðvöldum. Gefa þarf út sérstakar reglugerðir um þá skaðvalda, sem útrýma þarf eða að takmarka útbreiðslu á. Hér má t. d. nefna kartöfluhnúðorminn, en mjög brýnt er að hefja aðgerðir gegn honum. Þar þyrfti að banna kartöflurækt í smituðum görðum um ákveðinn tíma.
4. Eftirlit með ræktun og sölu kartöfluútsæðis til að hindra, að hættulegir skaðvaldar berist með útsæðinu og til að bæta heilbrigðisástand í kartöfluræktinni almennt.

Ed. 612. Frumvarp til laga [289. mál]

um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Hljómsveitin heitir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

Sinfóníuhljómsveit Íslands er sjálfstæð stofnun með sérstakan fjárhag og lýtur sérstakri stjórn. Málefni hennar heyra undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Starf Sinfóníuhljómsveitarinnar miði að því að auðga tónmenningu Íslendinga með því að efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist, íslenskri og erlendri, og að auðvelda mönnum að njóta hennar, m. a. með hljómlistarflutningi víðsvegar um landið.

Tengja ber starf hljómsveitarinnar tónlistarkennslu í landinu svo sem kostur er.

3. gr.

Að rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands standa eftirtaldir aðilar og greiða þeir stofn- og rekstrarkostnað hennar í eftirgreindum hlutföllum:

a) Ríkissjóður 50%
b) Ríkisútvarp 25%
c) Borgarsjóður Reykjavíkur, bæjarsjóður Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Seltjarnarness 25%. Reykjavíkurborg er greiðsluaðili framlags þessara sveitarfélaga til hljómsveitarinnar en framlag skiptist í hlutfalli við íbúatölu þeirra.

Með samþykki rekstraraðila getur menntamálaráðuneytið heimilað fleiri sveitarfélögum aðild að rekstri hljómsveitarinnar.

Efna má til samvinnu Sinfóníuhljómsveitar Íslands við Þjóðleikhúsið og aðra aðila um uppfærslur á viðskiptagrundvelli og skulu framlög hljómsveitarinnar í þessu skyni greiðast af rekstrarfé hennar eftir ákvæðum sem setja má í reglugerð, sbr. 12. grein.

4. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar skal skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af þeim sveitarfélögum, sem aðild eiga skv. 3. gr., einum tilnefndum af starfsmannafélagi hljómsveitarinnar, einum tilnefndum af fjármálaráðuneytinu og einum tilnefndum af Ríkisútvarpinu. Menntamálaráðuneytið skipar formann án tilnefningar og skal hann hafa staðgóða tónlistarmenntun. Menntamálaráðuneytið skipar stjórnina til fjögurra ára og ákveður henni þóknun sem greiðist af rekstrarfé hljómsveitarinnar.

5. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður sér framkvæmdastjóra og ber hann ábyrgð á störfum sínum gagnvart henni. Hann skal ráðinn til 4 ára í senn en endurráðning er heimil. Stjórn hljómsveitarinnar ákveður verksvið framkvæmdastjóra.

6. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður fastan hljómsveitarstjóra og aðalhljómsveitarstjóra og skipar verkum með þeim.

Stjórnin ræður hljóðfæraleikara, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, í minnst 65 stöðugildi. Aðra hljóðfæraleikara ræður stjórnin eftir því sem viðfangsefni krefjast, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra og innan þeirra marka sem fjárframlög heimila, enda hafi viðfangsefnið verið samþykkt í fjárhagsáætlun.

Um launakjör og vinnutíma starfsmanna hljómsveitarinnar fer eftir kjarasamningum þeirra og fjármálaráðherra.

Heimilt er að ráða tónskáld til starfa í þágu hljómsveitarinnar í takmarkaðan tíma eða panta verk til flutnings hjá tónskáldum.

7. gr.

Við verkefnaval Sinfóníuhljómsveitar Íslands skal stjórn hennar njóta aðstoðar verkefnavalsnefndar. Skal hún skipuð 7 mönnum, einum tilnefndum af Tónskáldafélagi Íslands, einum tilnefndum af Ríkisútvarpinu, einum tilnefndum af starfsmönnum hljómsveitarinnar, einum tilnefndum af fræðsluráði Reykjavíkur að höfðu samráði við aðildarsveitarfélög. Ráðinn hljómsveitarstjóri og konsertmeistari skulu einnig skipa nefndina en formaður hennar er tilnefndur af menntamálaráðuneytinu.

Verkefnavalsnefnd skal skila áætlun um verkefni hljómsveitarinnar og gera kostnaðaryfirlit fyrir eitt ár í senn og skal það liggja fyrir stjórn til samþykktar eigi síðar en 1. júní ár hvert. Þóknun fyrir störf nefndarinnar greiðist af rekstrarfé stofnunarinnar.

8. gr.

Stjórn hljómsveitarinnar skal leggja starfs- og fjárhagsáætlun fyrir fjárveitingaraðila með nægum fyrirvara til þess að gögn liggi fyrir þegar fjárlög eru undirbúin og afgreidd og fjárhagsáætlanir viðkomandi sveitarfélaga. Framkvæmdastjóri býr starfs- og fjárhagsáætlunina í hendur stjórnarinnar. Stjórnin ber ábyrgð á að fjárreiður og reikningshald sé í góðu lagi. Efnahags- og rekstrarreikningur skal gerður að loknu hverju almanaksári og sendur ríkisendurskoðun til endurskoðunar.

9. gr.

Heimilt er að semja við ríkisbókhaldið um að það taki að sér bókhald Sinfóníuhljómsveitarinnar. Starfskrafta á skrifstofu og til aðstoðar við æfingar, tónleika, nótnavörslu og annað skal framkvæmdastjóri ráða að fengnu samþykki ráðninganefndar ríkisins. Jafnframt er heimilt að semja við Ríkisútvarpið um samvinnu svo sem verið hefur og eftir því sem um semst.

10. gr.

Sinfóníuhljómsveit Íslands skal árlega fara í tónleikaferðir um landið. Gera skal sérstaka fjárhagsáætlun vegna ferðanna. Hluti skemmtanaskatts (10%) samkv. 7. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt rennur til greiðslu kostnaðar ferðanna.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands var lagt fyrir 99. löggjafarþing en varð eigi útrætt. Hinn 31. ágúst 1978 skipaði menntamálaráðuneytið eftirgreinda menn í nefnd til að endurskoða frumvarpið: Kristin Hallsson, fulltrúa, form., Jón Böðvarsson deildarstjóra og Gunnar Egilsson hljómlistarmann. Nefndin tók þegar til starfa og skilaði nýju frumvarpi til menntamálaráðherra 3. apríl 1979.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er nær óbreytt eins og nefndin skilaði því frá sér. Breytingar, sem gerðar hafa verið, varða tónlistarmenntun formanns stjórnar, sbr. 4. gr. og heimild hljómsveitarinnar til að ráða tónskáld til starfa, sbr. 6. gr. 4. mgr. Í greinargerð nefndarinnar kom eftirfarandi fram:

„Frumvarp það, sem lagt var fyrir 99. löggjafarþing, hafði mætt mikilli mótspyrnu Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem taldi að ef frumvarpið yrði að lögum í þeirri mynd, sem það lá fyrir í, myndi það stofna tilvist hljómsveitarinnar í voða. Lágu til þess aðallega þrjú atriði frumvarpsins, sem sé ákvæði 6. gr. að stjórn hljómsveitarinnar skuli ráða „allt að 65 hljóðfæraleikara til fastra starfa við hljómsveitina“, og ennfremur ákvæði 3., 4. og 9. gr. frv. sem gera ráð fyrir Þjóðleikhúsinu sem rekstrar- og stjórnunaraðila hljómsveitarinnar. Þriðja atriðið, sem Starfsmannafélag S. Í. hafði út á frumvarpið að setja, voru tengsl þau milli yfirstjórnar og verkefnavalsnefndar hljómsveitarinnar, sem frv. gerði ráð fyrir, en þau eru sambærileg við það sem verið hefur undanfarna tæpa tvo áratugi og ekki gefið góða raun að mati Starfsmannafélagsins. Að öðru leyti lýstu allir yfir ánægju sinni með frumvarpið. Þegar það var tekið til fyrstu umræðu í neðri deild Alþingis tóku 9 þingmenn til máls og fögnuðu því að loks skyldi komin hreyfing í þá átt að tryggja tilvist Sinfóníuhljómsveitar Íslands með lögum.

Nefndin gat af þessu séð hvað lagfæra þurfti í gerð frumvarpsins og beindi athygli sinni fyrst og fremst að þeim atriðum.

Nefndin var sammála um að ákvæði 6. gr., sem tiltók fjölda hljóðfæraleikara sem ráða mætti til fastra starfa, væri óeðlilegt, auk þess yrði það þess valdandi að ef til stæði einhvern tíma í framtíðinni að bæta þó ekki væri nema einum hljóðfæraleikara við hljómsveitina þyrfti til þess lagabreytingu. Allar nýjar ráðningar hjá opinberum stofnunum eru háðar samþykki ráðninganefndar ríkisins sem mundi að sjálfsögðu ná til nýrra ráðninga í Sinfóníuhljómsveitina eins og annarra opinberra stofnana og því telur nefndin greinina óþarfa. Stærðir sinfóníuhljómsveita eru háðar vissum lögmálum sem of langt mál væri að fjalla um hér, svo að nefndin taldi ástæðu til að tryggt yrði með lögum að stærð Sinfóníuhljómsveitar Íslands fari ekki niður fyrir 65 stöðugildi hljóðfæraleikara sem er lágmarksstærð hljómsveitar sem fæst við flutning sinfónískra tónverka.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að Sinfóníuhljómsveit Íslands verði sjálfstæð stofnun sem njóti fjárstuðnings frá ríkissjóði og sveitarfélögunum í næsta nágrenni Reykjavíkur og geri auk þess viðskiptasamning við Ríkisútvarp, Þjóðleikhús o. fl. aðila. Frumvarpið stefnir jafnframt að því að allt rekstrarform hljómsveitarinnar miðist við sjálfstæðan, skipulagðan rekstur sem hefur fyrst og fremst að markmiði að þjóna því menningarhlutverki sem sinfóníuhljómsveitir um allan heim gegna.

Nauðsynlegt er að hverfa rúma tvo áratugi aftur í tímann. Fyrstu fimm árin í sögu hljómsveitarinnar voru fjárhagslega mjög erfið og ótrygg svo að oft lá við að

starf hljómsveitarinnar yrði lagt niður. Árið 1956 var horfið til þess ráðs að tryggja tilvist hennar með fjárframlögum ríkissjóðs, borgarsjóðs Reykjavíkur, Ríkisútvarps og Þjóðleikhúss, auk þess sem Tónlistarfélagið í Reykjavík tryggði visst framlag til rekstrarins. Hélst þetta fyrirkomulag svo til óbreytt í 15 ár og gafst ágætlega til að byrja með. Tónleikahald hljómsveitarinnar var ekki mikið, svo að hægt var að nýta hljómsveitina meira í þágu Ríkisútvarps og Þjóðleikhúss. Eðlilegur vöxtur hljómsveitarinnar og aukin aðsókn að tónleikum hennar kallaði á aukið tónleikahald. Þegar Ríkisútvarpið tók að sér að sjá um rekstur hljómsveitarinnar árið 1961 voru teknir upp fastir áskriftartónleikar og ýmsir liðir í rekstrinum betur skipulagðir en áður. Gekk svo um nokkurra ára skeið en á seinni hluta áratugsins var farið að síga á ógæfuhliðina með reksturinn, en í þetta sinn ekki af fjárhagsástæðum heldur af erfiðleikum í skipulagningu vinnu hljómsveitarinnar. Þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, skipaði fimm manna nefnd árið 1969 til að finna lausn á rekstrarvandamálum hljómsveitarinnar. Nefndin starfaði í 15 mánuði og kannaði ítarlega allar hliðar á rekstri hljómsveitarinnar. Þá hafði Þjóðleikhúsið verið rekstraraðili að hljómsveitinni frá árinu 1956, eða í tæp 15 ár, og átt kröfu á vinnu hljómsveitarmanna í sína þágu allan þann tíma. Var rekstri hljómsveitarinnar þannig komið að ekki var hægt með góðu móti að láta hana sinna öðrum verkefnum sínum en áskriftartónleikum vegna þarfa leikhússins á vinnu hljómsveitarmanna sem var innifalin í vinnuskyldu þeirra. Öllum þeim þáttum, sem sérhver starfandi sinfóníuhljómsveit þarf og á að sinna, eins og t. d. barnatónleikar, skólatónleikar, fjölskyldutónleikar, alþýðutónleikar og tónleikaferðir út á land, varð að halda í algjöru lágmarki eða fella niður vegna þess að ekki var hægt að segja til um þörf Þjóðleikhússins nema nokkra daga fram í tímann. Útilokaði það alla skipulagningu á starfi hljómsveitarinnar. Ennfremur kom í ljós að vinnuskyldukvöðin kom ójafnt niður á hljómsveitarfólki, eða allt frá engri sýningu á starfsári hjá einum hljómsveitarmanni upp í 60 sýningar hjá öðrum og allt þar á milli. Ógjörningur var að fyrirbyggja misskiptingu á vinnunni því að þörf leikhússins miðaðist við ákveðin hljóðfæri. Niðurstaða nefndarinnar frá 1969 varð því sú að nauðsynlegt væri að ríkið yfirtæki framlög Þjóðleikhússins og gerði hljómsveitinni með því kleift að starfa eðlilega. Var sú breyting gerð árið 1971 og frá þeim tíma fram til dagsins í dag hafa rekstraraðilar verið: ríkissjóður 50.6%, borgarsjóður 21.4% og Ríkisútvarp 28%. Frá árinu 1971 hefur Þjóðleikhúsið því samið sérstaklega um hljómlistarflutning.

Af þessu má sjá að reynslan hefur ótvírætt sýnt að fyrra rekstrarformið leiddi til erfiðleika og fráleitt væri að binda með lögum fyrirkomulag sem hefur dæmt sjálft sig óhæft.

Um tengsl milli yfirstjórnar hljómsveitarinnar og verkefnavalsnefndar hefur nefndin orðið sammála um eftirfarandi.

Ef vel á að takast með starf Sinfóníuhljómsveitarinnar þarf að vinna markvisst að skipulagningu tónleika hennar frá listrænu og menningarlegu sjónarmiði. Þetta ábyrgðarstarf er í höndum verkefnavalsnefndar sem undirbýr tillögur sínar í hendur yfirstjórnar hljómsveitarinnar. Verkefnavalsnefnd hefur ekki ákvörðunarvald og á því undir yfirstjórn að sækja með samþykki fyrir áætlunum sínum. Er því nauðsynlegt að framkvæmdastjóri sitji fundi verkefnavalsnefndar og stjórnar. Á þann hátt skapast nauðsynleg tengsl milli hins listræna og stjórnunarlega í starfi hljómsveitarinnar en á því hefur oft staðið starfseminni til óþæginda.

Í athugasemdum þessum hafa verið tekin til umfjöllunar þau atriði meðfylgjandi frumvarps sem eru til breytinga á frumvarpinu frá 1977. Að öðru leyti er vísað til athugasemda sem fylgdu því frumvarpi en þar er m. a. að finna greinargóða úttekt á starfi og sögu hljómsveitarinnar og tónlistarlífs á Íslandi.

Að lokum skal tekið fram að rætt var við fjölmarga aðila og ráðlegginga leitað um einstaka þætti þessa frumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar, og breytingar á frumvarpinu frá 1977.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að Sinfóníuhljómsveit Íslands verði sjálfstæð stofnun.

Um 2. gr.

Um gildi æðri tónlistar í lífi fólks í ört vaxandi hraða hins tæknivædda heims ber að leggja mikla áherslu á að sem flestir þegnanna hafi auðveldan aðgang að göfgandi tónlistarflutningi. Þess vegna er eðlilegt að störf hljómsveitarinnar verki sem hvati til aukinnar tónlistarmenntunar m. a. í þeirri von að starfsemi hljómsveitarinnar og eðlileg endurnýjun sé tryggð.

Um 3. gr.

Erfitt er að ákveða við hvað skuli miða til að finna greiðsluhlutföll milli rekstraraðila Sinfóníuhljómsveitarinnar. Kemur þar til eðlismunur aðildar hvort um er að ræða framlög gegn vinnu hljómsveitarinnar, eins og í tilfelli Ríkisútvarpsins, eða fjárveiting til að styðja veitta þjónustu, eins og í tilfelli sveitarfélaganna, eða beinan fjárstuðning ríkissjóðs. Í frumvarpinu frá 1977 var gert ráð fyrir 10% framlagi frá Þjóðleikhúsinu sem í þessu frumvarpi er fellt inn í framlag ríkissjóðs. Einnig er framlag Ríkisútvarpsins lækkað um 3% og einnig bætt við ríkissjóðsframlagið þannig að hlutur ríkissjóðs er nú 50%, Ríkisútvarps 25% og sveitarfélaganna 25%. Áður var framlag Reykjavíkurborgar einnar 21.4%. Þá er gert ráð fyrir heimild fyrir fleiri sveitarfélög að rekstraraðild. Varðandi tónleikaferðir um landið, sem nú er gert ráð fyrir að verði auknar, þá þótti rétt að fjármögnun ferða verði ekki tengd framlögum fyrrgreindra sveitarfélaga. Réttara þótti að tónleikaferðir yrðu fjármagnaðar af skemmtanaskatti (10%) og er vísað til 11. greinar frumvarpsins.

Bætt er við málsgrein varðandi samvinnu við uppfærslur söngleikja eða listdans eða annarra verkefna þar sem hljómsveitar er þörf. Hér er gerð tilraun til að efla og auðvelda tónlistarflutning Þjóðleikhússins og fleiri aðila, t. d. Íslenska dansflokksins og Íslensku óperunnar, svo að eitthvað sé nefnt. Einnig má nefna kirkjuleg kórverk, tónlistardaga á Akureyri o. fl. Ljóst er að samstarf hljómsveitarinnar um þessi atriði krefst aukins skipulags og verður að vera innan stjórnunarsviðs hljómsveitarinnar sjálfrar. Með þessu fyrirkomulagi ætti ekki að vera hætta á því að önnur starfsemi hljómsveitarinnar líði fyrir þessa samvinnu. Það atriði, að Sinfóníuhljómsveitin sjálf greiði laun vegna þessarar samvinnu af eigin rekstrarfé, er rökstutt með því að í þessu lagafrumvarpi er ekki gert ráð fyrir sérstöku fjárframlagi frá Þjóðleikhúsinu og þau 10%, sem ráðgerð voru sem framlag leikhússins í frumvarpinu frá 1977, eru nú innifalin í hluta ríkissjóðs.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Stærðir hljómsveita, sem flytja sinfónísk verk, eru háðar vissum lögmálum sem stjórnast af fjölda hljóðfæra í hverjum hinna 16 hljóðfæraflokka sem sinfóníuhljómsveitir samanstanda af. Það er óumdeilanlegt að eigi hljómsveit að vera fær um að flytja sinfónísk verk þá kemst hún ekki af með færri en 65 hljóðfæraleikara. Mörg verkefni krefjast töluvert fleiri hljóðfæraleikara. Er þá ljóst að stjórn hljómsveitarinnar verður að leita heimildar ráðninganefndar ríkisins til aukaráðninga ef verkefnaval skipast þannig að fleiri hljóðfæraleikara er þörf.

Um 7. gr.

Þessi grein hefur breyst allverulega frá frumvarpinu sem lagt var fram 1977.

Verkefnavalsnefnd hefur það hlutverk að skipuleggja og gera tillögur um alla starfsemi hljómsveitarinnar. Gerir hún tillögur um verkefni, stjórnendur, einleikara, einsöngvara og samstarf við kóra, Þjóðleikhús og aðra aðila. Einnig ber nefndinni að skipuleggja aukatónleika, m. a. barnatónleika, fjölskyldutónleika og tónleikaferðir. Að þessum málum verður að vinna af sérþekkingu. Þá er gert ráð fyrir að tillögum verkefnavalsnefndar fylgi kostnaðaráætlun. Er þetta nauðsynlegt þar sem í verkefnavalsnefnd þarf að velja menn með sérþekkingu á möguleikum hljómsveitarinnar og hafa þekkingu á verkefnunum og hvers þau krefjast í flutningi. Rétt er að hafa í huga að tillögur verkefnavalsnefndar þarf að leggja fyrir stjórn hljómsveitarinnar til samþykktar, sbr. 8. gr.

Um 8. gr.

Greinin er mjög í anda 8. gr. frumvarpsins frá 1977. Kveðið er á um gerð áætlana til fjárlaga. Kemur þar fram að skipulag starfsins og verkefni verða að vera ákveðin með verulegum fyrirvara. Þetta atriði er ekki aðeins nauðsynlegt með tilliti til fjárlagagerðar og áætlana sveitarfélaganna heldur líka með það í huga að koma í veg fyrir tilviljunarkennda starfsemi hljómsveitarinnar.

Um 9. gr.

Felld er niður 9. gr. frumvarpsins frá 1977 um samvinnu Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitarinnar, enda um þá samvinnu rætt í 3. gr. þessa frumvarps.

Hér kemur hins vegar ný grein um starfsemi hljómsveitarinnar sem sjálfstæðrar stofnunar og þarfnast hún ekki skýringar.

Um 10. gr.

Í frumvarpinu frá 1977 var 10. gr. um að Ríkisútvarpið annist skrifstofuhald fyrir hljómsveitina o. fl. Þetta atriði er nú flutt í 9. gr.

Í 10. gr. þessa frumvarps er rætt um hljómleikaferðir. Við nánari athugun var nefndin sammála um að jafnframt því að auknar tónleikaferðir væru æskilegar þá væri ekki rétt að allir rekstrarðilar, sbr. 3. gr., væru þátttakendur í kostnaði við þær og þá síst sveitarfélögin. Skemmtanaskattur er greiddur af öllum landsmönnum og er því ekki óeðlilegt að sá hluti hans, sem rennur til hljómsveitarinnar, verði látinn standa undir kostnaði við ferðirnar.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringar.“

Ed. 613. Frumvarp til laga [290. mál]

um lyfjadreifingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

I. KAFLI

Yfirstjórn.

1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með yfirstjórn lyfjadreifingar samkvæmt lögum þessum. Í því ráðuneyti starfar lyfjamálastjóri, sem annast framkvæmd lyfjamála innan ráðuneytisins fyrir hönd ráðherra. Skal hann vera lyfjafræðingur að mennt og uppfylla að öðru leyti skilyrði laga, til að öðlast lyfsöluleyfi.

II. KAFLI

Um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi.

2. gr.

Lyfjabúðir og lyfjaútibú skulu vera í héruðum skv. 6. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978. Héruðum skal skipt í lyfsöluumdæmi svo sem hér greinir:

Reykjavíkurhérað.

Staðarval og fjöldi lyfjabúða er ákveðinn af ráðuneytinu með hliðsjón af ákvörðun borgarstjórnar um staðarval heilsugæslustöðva í Reykjavík skv. 14. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

Vesturlandshérað.

1. Akranesumdæmi: Lyfjabúð.
2. Borgarnesumdæmi: Lyfjabúð.
3. Ólafsvíkurumdæmi: Lyfjaútibú frá Stykkishólmi.
4. Stykkishólmsumdæmi: Lyfjabúð í Stykkishólmi og lyfjaútibú í Búðardal.

Vestfjarðahérað.

1. Patreksfjarðarumdæmi: Lyfjabúð.
2. Ísafjarðarumdæmi: Lyfjabúð á Ísafirði og lyfjaútibú í Bolungarvík. Enn fremur verði lyfjaútibú frá Patreksfirði á Þingeyri er gegni bæði heilsugæslustöð á Þingeyri og Flateyri.
3. Hólmavíkurumdæmi: Lyfjaútibú frá Ísafirði, eða eftir atvikum frá lyfjabúð í öðru umdæmi, ef betur hentar.

Norðurlandshérað vestra.

1. Hvammstangaumdæmi: Lyfjaútibú frá Blönduósi.
2. Blönduósumdæmi: Lyfjabúð.
3. Sauðárkróksumdæmi: Lyfjabúð.
4. Siglufjarðarumdæmi: Lyfjabúð.

Norðurlandshérað eystra.

1. Dalvíkurumdæmi: Lyfjabúð á Dalvík og lyfjaútibú á Ólafsfirði.
2. Akureyrarumdæmi: 2 lyfjabúðir.
3. Húsavíkurumdæmi: Lyfjabúð.
4. Þórshafnarumdæmi: Lyfjaútibú á Þórshöfn frá Húsavíkur Apóteki sem einnig gegnir Raufarhöfn.

Austurlandshérað.

1. Egilsstaðaumdæmi: Lyfjabúð á Egilsstöðum og lyfjaútibú á Seyðisfirði og á Vopnafirði, sem einnig gegnir Bakkafirði.
2. Norðfjarðarumdæmi: Lyfjabúð í Neskaupstað og lyfjaútibú á Fáskrúðsfirði, sem einnig gegnir Stöðvarfirði og lyfjaútibú á Eskifirði, sem einnig gegnir Reyðarfirði.
3. Hafnarumdæmi: Lyfjabúð á Höfn og lyfjaútibú á Djúpavogi, sem einnig gegnir Breiðdalsvík.

Suðurlandshérað.

1. Víkurumdæmi: Lyfjaútibú frá Rangárvallaumdæmi, sem einnig gegnir Kirkjubæjarklaustri.
2. Rangárvallaumdæmi: Lyfjabúð á Hellu og lyfjaútibú á Hvolsvelli.
3. Árnesumdæmi:
   a) Lyfjabúð í Laugarási, sem einnig gegnir Laugarvatni.
   b) Lyfjabúð á Selfossi og lyfjaútibú á Eyrarbakka sem einnig gegnir Stokkseyri.
   c) Lyfjabúð í Hveragerði og lyfjaútibú í Þorlákshöfn.
4. Vestmannaeyjaumdæmi: Lyfjabúð.

Reykjaneshérað.

1. Keflavíkurumdæmi: Lyfjabúð í Keflavík og lyfjaútibú í Grindavík og Sandgerði.
2. Hafnarfjarðarumdæmi: 2 lyfjabúðir í Hafnarfirði og lyfjaútibú í Garðabæ, sem einnig gegnir Bessastaðahreppi.
3. Kópavogsumdæmi: Lyfjabúð.
4. Mosfellsumdæmi: Lyfjabúð.
5. Seltjarnarnesumdæmi: Lyfjadreifing verði samræmd skipulagi heilbrigðisþjónustu í Reykjavík og Seltjarnarneskaupstað sameiginlega.

Nú er ákveðið að byggja nýja heilsugæslustöð í umdæmi, þar sem er, eða stofnuð skal lyfjabúð, skv. lögum þessum, og lætur ráðuneytið þá gera sérstaka athugun í samráði við viðkomandi sveitarstjórn og heilbrigðismálaráð, Lyfjafræðingafélag Íslands og Apótekarafélag Íslands, á því hvort hentugt þyki að lyfjabúð sé í heilsugæslustöðinni, eða nægja þyki með tilliti til nauðsynlegra tengsla heilsugæslustöðvar og lyfjabúðar, að lyfjabúðin sé rekin í næsta nágrenni við stöðina. Slík athugun skal gerð með virkri þátttöku ofangreindra aðila og skili þeir skriflegu áliti sínu til ráðherra.

Lyfjabúð eða undirstofnun hennar (lyfjaútibú, lyfjaforði), sem starfa í heilsugæslustöð sbr. 13. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, greiðir leigu fyrir húsnæði sitt.

Að öðru leyti veitir ráðherra leyfi til flutnings lyfjabúðar sem ekki hefur fengið aðstöðu í heilsugæslustöð, að fengnum umsögnum Apótekarafélags Íslands, Lyfjafræðingafélags Íslands og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar um lyfjaútibú, verður þeim komið á fót eftir því sem aðstæður leyfa og er þá fyrst og fremst miðað við að takist að útvega lyfjafræðinga eða aðstoðarlyfjafræðinga til starfa í þeim. Miðað er þó við að fyrirkomulag þetta sé komið til fullra framkvæmda eigi síðar en 3 árum eftir gildistöku laga þessara .

3. gr.

Lyfsöluleyfi má veita einstaklingum, lyfsölusjóði og Háskóla Íslands samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Forseti Íslands veitir einstaklingum lyfsöluleyfi, en ráðherra staðfestir ráðningu forstöðumanna lyfjabúða, sem reknar eru af stofnunum.

Handhafa lyfsöluleyfis er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna um réttarstöðu hans og starfshætti svo sem þau eru á hverjum tíma.

Umsóknir um lyfsöluleyfi skulu sendar ráðherra. Þær skulu lagðar fyrir 3ja manna nefnd, sem skipuð er af ráðherra þannig: Einn samkvæmt tilnefningu Lyfjafræðingafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Apótekarafélags Íslands, auk lyfjamálastjóra, sem er formaður nefndarinnar. Varamenn félaganna eru skipaðir á sama hátt, en varamaður lyfjamálastjóra er skipaður af ráðherra án tilnefningar. Sæki nefndarmaður um lyfsöluleyfi tekur varamaður sæti hans í nefndinni. Kjörtími nefndarmanna er 3 ár. Nefndin lætur ráðherra í té umsögn um faglega hæfni þeirra umsækjenda, sem að hennar áliti eru hæfastir og skipar þeim í töluröð, þó aðeins þremur hæfustu, ef umsækjendur eru þrír eða fleiri. Telji nefndin einhvern umsækjanda óhæfan, skal hún geta þess.

Nú sækir engin um tiltekið lyfsöluleyfi eða engin umsækjandi er talin hæfur að dómi nefndarinnar og er þá lyfsölusjóði skylt að kaupa viðkomandi lyfjabúð og annast rekstur hennar til bráðabirgða með þeim réttindum og skyldum er því fylgja samkvæmt lögum þessum. Lyfsölusjóður annast rekstur lyfjabúðar í slíku tilviki, þangað til umsækjandi gefur sig fram eða lyfsöluleyfi er úr gildi fellt.

Háskóli Íslands getur öðlast eitt lyfsöluleyfi með sérstöku tilliti til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala. Lyfsöluleyfi sem Háskóli Íslands hefur þannig hlotið verður ekki framselt.

Háskóli Íslands skal hafa frumkvæði að tímabundinni vistun stúdenta í Lyfjaverslun ríkisins, sjúkrahúsapótekum og öðrum lyfjabúðum og lyfjagerðum eftir því sem þörf krefur.

Ef starfandi lyfsali óskar þess, kaupir lyfsölusjóður lyfjabúð hans með þeim hætti, sem kveðið er á um í 12. gr. enda eigi að starfrækja hana áfram. Lyfsalinn á þá rétt til þess að starfa sem forstöðumaður lyfjabúðarinnar út starfstíma sinn sbr. 6. gr. sbr. og ákvæði 1 til bráðabirgða. Þegar lyfsali, sem á þennan hátt hefur selt lyfsölusjóði lyfjabúð sína, lætur af störfum, ákveður ráðherra hvort lyfsöluleyfið skuli auglýst á ný með venjulegum hætti eða lyfsölusjóður annist áfram rekstur lyfjabúðarinnar.

4. gr.

Skilyrði til að öðlast lyfsöluleyfi eða fá skipun í stöðu forstöðumanns lyfjabúðar er að umsækjandi hafi starfsleyfi í samræmi við I. kafla laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978.

Samvinnufélög þau, er öðlast hafa leyfi til að reka lyfjabúð fyrir gildistöku laga þessara, halda leyfi sínu til 30. júní 1988. Að þeim tíma liðnum ákveður ráðherra hvort lyfsölusjóður taki við rekstri þeirra eða leyfin framlengist. Fer um réttarstöðu forstöðumanna þeirra á sama hátt og segir í 7. málsgr. 3. gr.

Áður en leyfisbréf er afhent, ber lyfsala að undirrita heit um, að hann muni rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi og í samræmi við landslög.

Skilyrði þessarar greinar eiga jafnt við um forstöðumenn sjúkrahúsapóteka, samvinnulyfjabúða, forstöðumann háskólaapóteks og forstöðumenn sbr. 7. málsgr. 3. gr. Umsóknir um slíkar stöður forstöðumanna skulu lagðar fyrir nefnd þá sem um getur í 3. málsgr. 3. gr. og samþykkir ráðherra ráðningu þeirra.

5. gr.

Starfandi læknir (tannlæknir, dýralæknir) má ekki vera eigandi eða starfsmaður lyafjabúðar.

6. gr.

Lyfsöluleyfi fellur niður, ef leyfishafi:

1. Tekur ekki við rekstri lyfjabúðar innan þess frests, sem tiltekinn er í 11. gr.
2. Deyr eða fullnægir ekki lengur skilyrðum 4. gr.
3. Hættir að veita forstöðu lyfjabúð án þess að hafa gert ráðstafanir um rekstur hennar samkvæmt 14. gr. eða getur ekki tekið við stjórn hennar á ný.
4. Fær lyfsöluleyfi fyrir annarri lyfjabúð.
5. Er sviptur leyfinu samkvæmt ákvæðum þessara eða annarra laga.

Lyfsöluleyfi fellur niður í lok þess árs, sem leyfishafi verður sjötugur, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða, 1. tölulið.

Ef leyfishafi óskar, getur ráðherra hvenær sem er fellt úr gildi lyfsöluleyfi hans.

III. KAFLI

Um rekstur lyfjabúða.

7. gr.

Lyfjabúð skal velja heiti, sem ráðherra samþykkir og auðkenna á áberandi hátt. Handhöfum lyfsöluleyfa er heimilt að nefna lyfjaverslanir sínar og þær einar lyfjabúðir eða apótek.

8. gr.

Lyfjabúð er heimilt að versla með lyf, eiturefni og hættuleg efni. Enn fremur lyfjagögn, hjúkrunar- og sjúkragögn og skyldar vörur, sem notaðar eru í heilsubótar- eða heilsugæsluskyni.

Lyfjabúð er enn fremur heimilt að selja snyrtivörur og barnavörur.

Aðrar vörur má ekki selja í lyfjabúð og skal ráðuneytið skera úr í vafaatriðum.

9. gr.

Lyfjabúðum er skylt að versla með lyf, sem selja má hér á landi, enn fremur helstu gerðir lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna.

10. gr.

Nú tekur lyfsali við rekstri annarrar lyfjabúðar eða fær lausn frá starfi, og er honum þá rétt og skylt að reka lyfjabúðina, þar til hinn nýi leyfishafi tekur við, sbr. 11. gr., eða lyfjabúðin er lögð niður.

Nú deyr lyfsali, og fer þá með réttindi og skyldur dánarbús til rekstrar lyfjabúðar sem hér segir:

1. Ef erfingjar taka á sig ábyrgð á skuldum, er búinu rétt og skylt að annast rekstur lyfjabúðarinnar í sex mánuði eftir lát lyfsala undir stjórn forstöðumanns, enda samþykki ráðherra ráðningu hans. Hafi lyfsöluleyfinu ekki verið ráðstafað að þeim tíma loknum, tekur lyfsölusjóður við rekstrinum og annast hann þar til leyfið hefur verið veitt að nýju.
2. Ef erfingjar taka ekki að sér ábyrgð á skuldum dánarbúsins, eða sé það tekið til gjaldþrotaskipta annast lyfsölusjóður rekstur lyfjabúðarinnar, þar til leyfi til reksturs hennar hefur verið veitt og fer um frest til þess skv. 1. tölulið.

Þegar lyfsöluleyfi fellur niður vegna annarra orsaka, ákveður ráðherra, hvernig haga skuli rekstri lyfjabúðarinnar, og má þá um stundarsakir reka hana á kostnað lyfsölusjóðs.

11. gr.

Handhafi lyfsöluleyfis skal hefja reksturinn innan árs frá leyfisveitingu.

Ráðherra getur eftir atvikum lengt þann frest, séu knýjandi ástæður fyrir hendi.

Nú er það ráðið að lyfsali láti af rekstri lyfjabúðar í því skyni að taka við rekstri annarrar lyfjabúðar, og getur sá er tekur við af honum, ekki krafist þess

að hefja reksturinn, fyrr en hinn fyrrnefndi hefur hafið rekstur lyfjabúðar þeirrar, er hann tekur við, enda hefjist sú starfræksla innan þeirra fresta, sem greindir eru í 1. og 2. málsgrein.

12. gr.

Ef lyfsali lætur af rekstri lyfjabúðar, eða bú hans krefst þess, skal lyfsala þeim, er við tekur, skylt að kaupa vörubirgðir og áhöld lyfjabúðarinnar, að svo miklu leyti, sem þau eru nothæf og við hæfi rekstrarins.

Ráðherra getur, ef fráfarandi lyfsali eða bú hans krefst þess, skyldað lyfsala þann, er við lyfjabúð tekur, til þess að kaupa húseign þá, er lyfjabúðin er í, enda sé hún eingöngu ætluð til rekstrar lyfjabúðarinnar og íbúðar lyfsalans og viðunandi hæf til hvors tveggja. Þessarar kvaðar skal sérstaklega getið í auglýsingu um lyfsöluleyfi. Ef lyfjabúð flytur í heilsugæslustöð við lyfsalaskipti, er lyfsölusjóði heimilt að kaupa húseign þá er lyfjabúðin er í og búnað hennar, þegar svo stendur á.

Vilji fráfarandi lyfsali eða bú hans ekki selja húsnæði lyfjabúðarinnar, skal honum skylt að leigja það þeim, er við tekur, í allt að tvö ár. Ágreiningi um leigufjárhæð og leiguskilmála skal lokið með þeim hætti ,er segir í 5. málsgrein.

Ef fráfarandi lyfsali hefur haft húsnæði lyfjabúðarinnar á leigu gengur lyfsalinn, sem við tekur, inn í leigusamninginn allt að einu ári.

Ef ekki næst samkomulag milli lyfsala þess, sem við tekur eða lyfsölusjóðs og hins fráfarandi eða bús hans um þau atriði, sem um ræðir í þessari grein, skal ágreiningurinn úrskurðaður af gerðardómi, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður.

Ráðherra skipar þrjá menn í gerðardóm til fjögurra ára í senn og þrjá til vara. Skulu formaður og varaformaður fullnægja dómaraskilyrðum. Auk þess tilnefna málsaðilar sinn manninn hvor til setu í gerðardómi í hverju einstöku máli.

Gerðardómur ákveður hvernig kostnaði af hverju máli skuli skipt milli málsaðila.

Nýi leyfishafinn getur krafist að fá keypt búnað og áhöld lyfjabúðarinnar sem teljast nauðsynleg til rekstrarins. Nýi leyfishafinn hefur forkaupsrétt að húsnæði lyfjabúðarinnar.

13. gr.

Lyfsali samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar 4. greinar skal sjálfur annast forstöðu lyfjabúðar sinnar og bera ábyrgð á rekstri hennar svo og undirstofnunum sbr. VI. kafla.

Handhafi lyfsöluleyfis (Háskóli Íslands, sjúkrahúsapótek, samvinnufélög, lyfsölusjóður) ber ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar og undirstofnana hennar samkvæmt ákvæðum 4. málsgreinar 4. greinar. Hann skal fela lyfjabúð sína í umsjá forstöðumanns, sem einnig ber ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar og undirstofnunum hennar.

Þegar ræðir um lyfsala í lögum þessum, er átt við leyfishafa og forstöðumann lyfjabúðar samkv. 4. gr. eftir því sem við á.

Lyfsala ber að sjá lyfjabúð sinni fyrir nægu og hæfu starfsliði.

Lyfsala ber að skipuleggja störf í lyfjabúð sinni á þann hátt að sem tryggilegast sé girt fyrir misferli. Sérstaklega er lyfsala skylt að gæta þess um lyfjagerð, lyfjaafgreiðslu og hvers konar meðferð lyfja, að störfum og skráningu starfa sé þannig hagað, að jafnan sé auðrakið hver starfsmaður eigi hlut að máli, ef misferli kynni að eiga sér stað.

Nú verða mistök um gerð eða afhendingu lyfs í lyfjabúð og stafar mönum eða skepnum heilsutjón af, en ekki sannast hver persónulega er að misferlinu valdur eða ber ábyrgð á því, og skal þá refsing mæld lyfsala eða forstöðumanni lyfjabúðar, ef misferlið má rekja til skorts á hæfu starfsliði, ónógs eftirlits, ófullkominnar vinnutilhögunnar, eða annarra skipulagsgalla á rekstri lyfjabúðarinnar, enda verði lyfsali (forstöðumaður) talinn eiga sök á því, sem aflaga fer í þessum efnum.

14. gr.

Í fjarveru lyfsala vegna orlofs, sjúkdóms eða af öðrum ástæðum, skal hann fela lyfjafræðingi að annast rekstur lyfjabúðarinnar, enda sé ekki um lengra tímabil en tvo mánuði, að ræða.

Heimilt er að fela aðstoðarlyfjafræðingi að annast reksturinn, innan greinds tímabils, ef hann er starfsmaður lyfjabúðarinnar og enginn lyfjafræðingur er fáanlegur til starfa. Samráð skal ávallt hafa við lyfjamálastjóra um setningu staðgengils lyfsala, nema um yfirlyfjafræðing lyfjabúðarinnar sé að ræða.

Líði tveir mánuðir svo að lyfsali geti ekki annast rekstur lyfjabúðar sinnar eða verði í upphafi að álíta að svo muni fara, skal forstöðumaður annast reksturinn á eigin ábyrgð. Leita skal samþykkis lyfjamálastjóra um ráðningu forstöðumanns. Sá forstöðumaður skal fullnægja skilyrðum 4. greinar.

IV. KAFLI

Starfsmenn lyfjabúða.

15. gr.

Í lyfjabúð skal starfa til aðstoðar lyfsala a. m. k. einn lyfjafræðingur. Ef í lyfjabúð starfar aðeins einn lyfjafræðimenntaður maður auk lyfsala getur lyfjamálastjóri leyft, að hann sé aðstoðarlyfjafræðingur. Ráðherra getur og leyst lyfsala sem rekur litla lyfjabúð undan skyldu til að hafa aðstoðarlyfjafræðing enda mæli Lyfjaeftirlit ríkisins með því. Lyfjamálastjóri getur, að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins, gefið leiðbeiningar um hver sé nauðsynlegur fjöldi starfsmanna í lyfjabúð, sundurliðað í menntunarstig.

16. gr.

Um nám, próf og starfsréttindi afgreiðslu- og aðstoðarfólks í lyfjabúðum og öðrum stofnunum, sem afgreiða, framleiða eða selja lyf í heildsölu, skulu sett ákvæði í reglugerð. Lyfjabúðum er skylt samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins í reglugerð að vista lyfjatækninema til verklegs náms.

Ráðuneytinu er heimilt að starfrækja námskeið eða skóla í lyfjatækni í samvinnu við samtök lyfsala og lyfjafræðinga.

17. gr.

Eigi má ráða starfsmann í lyfjabúð, nema hann leggi fram heilbrigðisvottorð frá lækni. Starfsfólk lyfjabúða skal árlega gangast undir almenna læknisrannsókn.

18. gr.

Starfsmenn lyfjabúða eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju eða grun, sem þeir í starfi sínu öðlast um sjúkdóma eða önnur einkamál, sbr. 12. gr. laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978.

Um vitnaskyldu framangreindra aðila fer eftir því sem segir í réttarfarslögum.

19. gr.

Nú telur Lyfjaeftirlit ríkisins rekstri lyfjabúðar ábótavant vegna vanrækslu af hendi lyfsala eða annarra starfsmanna lyfjabúðarinnar, og skal eftirlitið þá tilkynna ráðuneytinu og landlækni það. Ráðherra ákveður eftir málsatvikum, hvernig farið skuli með hvert einstakt slíkt mál.

Um missi starfsréttinda fer eftir V. kafla laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978.

Aðila skal gefinn kostur á að tjá sig skriflega eða munnlega um málið áður en ráðherra ræður því til lykta.

V. KAFLI
Um afgreiðslu lyfja.

20. gr.

Ráðherra mælir með reglugerð fyrir um búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjabúða og annarra lyfjaverslana, þar á meðal um þær bækur, sem lyfsölum er skylt að halda.

21. gr.

Ráðherra mælir fyrir í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða. Lyfjabúð skal eins fljótt og auðið er afgreiða lyf, lyfjagögn, hjúkrunar- og sjúkragögn hvort sem er á venjulegum afgreiðslutíma eða vöktum.

22. gr.

Um meðferð og geymslu lyfja í lyfjabúð fer skv. löggiltri lyfjaskrá eða öðrum fyrirmælum, sem ráðuneytið gefur út.

23. gr.

Auk þess sem lyfsala eða forstöðumanni lyfjabúðar er skylt að haga bókhaldi lyfjabúðar sinnar í samræmi við lög nr. 51 2. maí 1968 um bókhald ber honum að hlíta ýtarlegri fyrirmælum þar að lútandi, ef sett verða í reglugerð.

Skylt er þeim, sem selja lyf að leyfa athugun á bókhaldi sínu og bókhaldsgögnum, ef þess er krafist í umboði ráðherra.

24. gr.

Lyfjabúð skal hafa hæfilegar vörubirgðir miðað við stærð hennar og ávísanir þeirra lækna, tannlækna og dýralækna, sem starfa á svæði lyfjabúðarinnar.

25. gr.

Með afgreiðslurétti á lyfjum og eiturefnum er átt við rétt, til að bera ábyrgð á afgreiðslu lyfseðils og framkvæma lokaeftirlit með að rétt sé afgreitt samkvæmt lyfjaávísun eða eiturbeiðni. Slíkan rétt hafa lyfjafræðingar og aðstoðarlyfjafræðingar í lyfjabúðum og útibúum. Lyfseðill skal áritaður fangamarki af þeim, sem ber ábyrgð á afgreiðslu samkvæmt honum.

Ráðherra er heimilt að veita lyfjatækni takmarkaðan og staðbundinn afgreiðslurétt úr lyfjaforða, enda sé einungis um staðlaðar pakkningar að ræða samkvæmt lista sem staðfestur er af ráðuneytinu eftir tillögu héraðslæknis og lyfsala. Ef lyfjatæknir er ekki fáanlegur til starfa í lyfjaforða, er heimilt að veita hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður slíkan afgreiðslurétt.

26. gr.

Meðferð lyfja og eiturefna skal ávallt háð eftirliti lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga og skulu þeir sjá um að gildandi reglum sé í hvívetna fylgt.

27. gr.

Lyfsali er skyldur til að afgreiða lyf gegn staðgreiðslu, þó einungis gegn lyfseðli þau lyf, sem aðeins má afgreiða á þann hátt. Ef læknir lætur þess getið á lyfseðli, að lyf eða sjúkragögn þurfi að afgreiða án tafar, og auk þess, hvern hann telji bera ábyrgð á greiðslunni, skal lyfsali afgreiða hið umbeðna svo skjótt sem auðið er.

VI. KAFLI
Undirstofnanir lyfjabúða.

28. gr.

Innan umdæmis lyfjabúðar starfa lyfjaútibú skv. ákvæðum 2. gr., og stofna má lyfjaforða frá lyfjabúð samkvæmt meðmælum eða ósk hlutaðeigandi heilbrigðis-

málaráðs, lyfsala eða viðkomandi sveitarstjórnar, enda gerist þess þörf að dómi ráðherra.

29. gr.

Lyfjaútibú er útibú frá lyfjabúð og er starfrækt til þess að halda uppi viðunandi lyfjaþjónustu þar sem ekki telst grundvöllur til að stofna lyfjabúð.

Lyfjaútibú skal bera heiti sem auðkennir það nafni viðkomandi lyfjabúðar.

30. gr.

Í lyfjaútibúi má ekki framleiða lyf eða aðrar vörur. Í lyfjaútibúi skulu vera til sölu öll algeng lausasölulyf, sem eftirspurn er eftir á viðkomandi svæði auk allra algengra lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna. Lyfseðilsskyld lyf má afgreiða í lyfjaútibúi samkvæmt lyfjaávísun. Skulu slík lyf geymd í hirslum sem má læsa.

Afgreiðslutími lyfjaútibús skal ákveðinn af ráðuneytinu og skal þar sérstaklega kveðið á um afgreiðslutíma lyfseðilsskyldra lyfja.

31. gr.

Lyfseðilsskyld lyf skulu afgreidd úr lyfjaútibúi af lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi, sem starfar á vegum viðkomandi lyfjabúðar. Alla aðra afgreiðslu annast lyfjatæknir (hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir), sem gætir útibúsins, þegar lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur er ekki viðstaddur.

32. gr.

Þar sem strjálbýlt og langt eða erfitt er að komast til næstu lyfjabúðar eða lyfjaútibús má vera lyfjaforði frá lyfjabúð. Í lyfjaforða mega vera auk lausasölulyfja, sáraumbúða, hjúkrunar- og sjúkragagna einstök lyfseðilsskyld lyf, sem nauðsynlegt er að geta gripið skjótt til, sbr. 25. gr.

Lyfjaforði skal vera í gæslu lyfjatæknis, hjúkrunarfræðings, ljósmóður eða annars ábyrgs umboðsmanns, sem lyfsali ræður til þess og skal lyfjamálastjóra tilkynnt um nafn og stöðu hans. Ráðuneytið getur mælt svo fyrir að lyfsala sé skylt að hafa lyfjaforða á ákveðnum stað eða í ákveðnu hverfi.

33. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum umsögnum Apótekarafélags Íslands, Lyfjafræðingafélags Íslands, heilbrigðismálaráðs viðkomandi héraðs og Lyfjaeftirlits ríkisins að lyfjaútibú skuli verða lyfjabúð og skal lyfsala viðkomandi lyfjabúðar tilkynnt sú ákvörðun með hæfilegum fyrirvara. Skal hann þá fá lyfsöluleyfi fyrir hinni nýju lyfjabúð, ef hann óskar þess, enda segi hann um leið lausu leyfi sínu fyrir hinni eldri.

34. gr.

Á stöðum þar sem ekki er lyfjabúð, lyfjaútibú eða lyfjaforði en læknir hefur aðsetur getur ráðherra heimilað viðkomandi lækni að annast afhendingu lyfja, sáraumbúða og annarra hjúkrunargagna gegn greiðslu. Varanna skal aflað frá lyfjabúð (lyfjaútibúi) í umdæminu á heildsöluverði að viðbættu þjónustugjaldi, sem ákveðið er af ráðherra að fengnum tillögum lyfjaverðlagsnefndar og skulu þær vera í stöðluðum órofnum umbúðum. Hlutaðeigandi lyfjabúð annast eftirlit með slíkum lyfjabirgðum.

35. gr.

Nánari fyrirmæli um búnað, rekstur og fyrirkomulag lyfjaútibúa og lyfjaforða skulu sett í reglugerð.

VII. KAFLI

Innflutningur og heildsala lyfja.

36. gr.

Leyfi til innflutnings lyfja hafa þau fyrirtæki ein, sem til þess hafa hlotið starfsleyfi sem ráðherra gefur út.

37. gr.

Leyfi til að dreifa lyfjum og lyfjaefnum í heildsölu hafa þau fyrirtæki ein, sem til þess hafa hlotið leyfi ráðherra.

Til að fá starfsleyfi verður lyfjaheildsala, sbr. 1. málsgr. að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Að henni veiti faglega forstöðu lyfjafræðingur, sem hefur starfsleyfi hér á landi sbr. I. kafla laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978. Skal hann gegna fullu starfi við fyrirtækið.
2. Að vera þannig búin að húsnæði, tækjum og starfsliði, að dómi Lyfjaeftirlits ríkisins, að hún fullnægi kröfum um geymslu og meðferð lyfja.

Lyfjaheildsölum er óheimilt að rjúfa lyfjapakkningar. Óheimilt er að breyta áletrun á pakkningum lyfja, nema á ábyrgð framleiðanda og að fenginni umsögn lyfjanefndar. Lyfjaeftirlit ríkisins fylgist með að slík breyting sé gerð á tryggilegan hátt.

Lyfjaheildsölum er óheimilt að selja lyf öðrum en þeim, sem leyfi hafa til smásölu lyfja, svo og til notkunar á sjúkrahúsum og þeim tilraunastofnunum, sem leyfi hafa til tilrauna með lyf.

38. gr.

Nú er lyfjainnflytjandi eða lyfjaheildsala einkainnflytjandi skráðs sérlyfs og er forráðamönnum hennar þá skylt að hafa ávallt þær birgðir lyfsins á boðstólum, sem hæfilegar teljast að mati Lyfjaeftirlits ríkisins.

39. gr.

Umboðsmönnum erlendra sérlyfjaframleiðenda (innflytjendum, heildsölum) er skylt að greiða fyrir kaupum Lyfjaverslunar ríkisins á lyfjum, frá umbjóðendum þeirra annað hvort beint frá framleiðanda á skráðu innkaupsverði (fob./cif.) eða með afhendingu úr eigin vörubirgðum umboðsmanns á kostnaðarverði. Með kostnaðarverði er hér átt við það verð, sem heimilt er að leggja til grundvallar fyrir álagningu í heildsölu, auk opinberra gjalda.

Sama máli gildir um bóluefni og ónæmisefni vegna þarfa heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa.

40. gr.

Starfandi læknar (dýralæknar, tannlæknar), lyfsalar og aðrir starfsmenn lyfjabúða og starfsmenn sjúkrahúsapóteka mega ekki vera umboðsmenn erlendra sérlyfjaframleiðenda. Sama gildir um eignaraðild þessara aðila að sérlyfjainnflutningsfyrirtækjum og lyfjaheildsölum, sbr. ákvæði 3 til bráðabirgða.

41. gr.

Ráðherra getur afturkallað starfsleyfi lyfjainnflytjanda og lyfjaheildsala ef um alvarlega eða endurtekna vanrækslu við meðferð og/eða dreifingu lyfja er að ræða.

42. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins annast eftirlit með fyrirtækjum þeim, sem flytja inn og dreifa lyfjum í heildsölu, og gerir tillögur til ráðherra um reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um húsnæði, búnað, rekstur og starfsmenn slíkra fyrirtækja.

VIII. KAFLI

Um Lyfjaverslun ríkisins.

43. gr.

Íslenska ríkið rekur lyfjaheildverslun og lyfjagerð sem sjálfstæða stofnun undir nafninu Lyfjaverslun ríkisins. Lyfjaverslun ríkisins er skylt að útvega hvers konar lyf, lyfjagögn og sjúkragögn fyrir sjúkrahús og dvalarheimili aldraðra sem rekin

eru af ríki og sveitarfélögum. Þá er Lyfjaverslun ríkisins skylt að útvega heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum bóluefni til ónæmisaðgerða.

44. gr.

Lyfjaverslun ríkisins annast framleiðslu lyfja og sölu til sjúkrahúsa og dvalarheimila aldraðra í landinu.

Lyfjaverslun ríkisins annast framleiðslu lyfja og birgðahald Almannavarna.

45. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir Lyfjaverslun ríkisins. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Landssambandi sjúkrahúsa, annar tilnefndur af fjármálaráðuneytinu, hinn þriðji skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra án tilnefningar, og er hann formaður stjórnarinnar.

46. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar forstjóra Lyfjaverslunar ríkisins í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr. laga þessara.

47. gr.

Um búnað og fyrirkomulag í Lyfjaverslun ríkisins fer eftir þeim meginreglum sem gilda um lyfjagerðir og lyfjaheildsölur og lýtur fyrirtækið eftirliti Lyfjaeftirlits ríkisins.

IX. KAFLI

Um lyfjaþjónustu á sjúkrahúsum.

48. gr.

Á hverju sjúkrahúsi skal starfa lyfjafræðingur, sem hefur umsjón með og ber ábyrgð á öflun lyfja og eftirliti með notkun þeirra innan sjúkrahússins. Heimilt er að starf þetta tengist starfi viðkomandi lyfjafræðings í lyfjabúð eða lyfjaútibúi í umdæminu.

Dvalarheimili aldraðra skulu afla sér faglegrar aðstoðar lyfjafræðings að því er varðar öflun, geymslu og notkun lyfja innan stofnunarinnar.

49. gr.

Á deildaskiptum sjúkrahúsum starfa sérstök sjúkrahúsapótek, sem hafa umsjón með og bera ábyrgð á öflun og varðveislu lyfja og eftirliti með notkun þeirra á einstökum deildum.

Yfirlyfjafræðingur er forstöðumaður slíks sjúkrahúsapóteks, og skal ráðinn af viðkomandi sjúkrahússtjórn, en umsóknir um slíkar stöður lagðar fyrir stöðunefnd sbr. 3. málsgrein 3. gr. og skal ráðning hans staðfest af ráðherra.

Yfirlyfjafræðingur sjúkrahússapóteks ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart stjórn sjúkrahússins.

50. gr.

Ráðherra getur veitt heimild til þess að sjúkrahúsapótek annist dreifingu lyfja til sjúklinga, sem ekki liggja á sjúkrahúsinu, ef skráning er sérstaklega bundin við notkun á sjúkrahúsum, sérstökum sjúkradeildum og/eða við ávísun sérfræðinga í einstökum greinum læknisfræði.

Slík afgreiðsluheimild nær einnig til almennra lyfja, sem nauðsynleg eru sjúklingum, er sendir eru af sjúkrahúsi í stutt leyfi um helgar eða hátíðar.

Ráðherra getur og veitt heimild til þess að stærri sérhæfð sjúkrahús fái sams konar heimild og kveðið er á um í 1. og 2. málsgrein þessarar greinar enda þótt þau séu ekki deildaskipt.

Um afgreiðslu lyfja frá sjúkrahúsi til sjúklinga utan sjúkrahúss samkvæmt heimild þessarar greinar, fer eftir þeim almennu reglum, sem gilda um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

51. gr.

Óheimilt er að afhenda lyf frá sjúkrahúsi til sjúklinga, sem ekki eru liggjandi á sjúkrahúsinu né heldur til starfsfólks, með öðrum hætti en um getur í 50. gr.

52. gr.

Á hverju sjúkrahúsi skal starfa 3ja til 5 manna lyfjanefnd, sem er ráðgefandi um lyfjaval sjúkrahússins. Í slíkri lyfjanefnd skal vera a. m. k. 1 starfandi lækna sjúkrahússins og 1 lyfjafræðingur í þjónustu sjúkrahússins.

Að jafnaði skal þess gætt, þegar völ er á fleiri en einu jafngildu lyfi, að velja til notkunar á sjúkrahúsi þau lyf, sem ódýrari eru, og innlenda framleiðslu fremur en erlenda.

53. gr.

Stofna skal sérstaka samstarfsnefnd Lyfjaverslunar ríkisins og sjúkrahúsapóteka. Í samstarfsnefnd þessari skulu eiga sæti forstjóri Lyfjaverslunar ríkisins og einn af deildarlyfjafræðingum hennar, yfirlyfjafræðingar sjúkrahúsapóteka og auk þess skipar ráðherra einn mann í samstarfsnefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Verkefni samstarfsnefndarinnar er að leita samræmingar og hagkvæmni í innkaupum og framleiðslu lyfja, lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna vegna þarfa sjúkrahúsa.

54. gr.

Stjórn sjúkrahúss er heimilt, að höfðu samráði við yfirlyfjafræðing sjúkrahúsapóteks, að haga dreifingu lyfja til sjúkrahúss þannig, að Lyfjaverslun ríkisins afgreiði beint til einstakra deilda þess öll algeng lyf, en beint til sjúkrahúsapóteksins þau lyf önnur sem nauðsynlegt er að hafa á sjúkrahúsinu af öryggisástæðum.

Lyfjanefnd sjúkrahússins gerir skrá yfir þau lyf sem þannig má afgreiða beint á deildir sjúkrahússins.

55. gr.

Heilsugæslustöðvar skulu afla sér lyfja frá lyfjabúð eða lyfjaútibúi í hlutaðeigandi lyfsöluumdæmi. Lyfjabúðir selja heilsugæslustöðvum lyf á heildsöluverði að viðbættu ákveðnu þjónustugjaldi, sem lyfjaverðlagsnefnd gerir tillögur um og ráðherra staðfestir.

56. gr.

Stjórn sjúkrahúss ber að sjá svo um að húsnæði og búnaður sjúkrahúsapóteks eða lyfjageymslu sjúkrahússins sé við hæfi og skal hlíta úrskurði Lyfjaeftirlits ríkisins þar að lútandi, samkvæmt ákvæðum um búnað og rekstur þeirrar starfsemi, sem sett verða í reglugerð.

57. gr.

Sett skulu í reglugerð fyrirmæli um geymslu og meðferð lyfja í sjúkrahúsum, dvalarheimilum aldraðra, heilsugæslustöðvum og enn fremur í lækningastofum og öðrum stofnunum, þar sem lyf eru notuð til lækninga.

X KAFLI

Um dreifingu dýralyfja.

58. gr.

Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum, hefur heimild til að selja lyfjabúðum og héraðsdýralæknum framleiðslu sína á dýralyfjum og bóluefni í heildsölu. Þá getur tilraunastöðin flutt inn og selt sömu aðilum í heildsölu ormalyf, sem skráð eru hér á landi eða gerðar eru tilraunir með.

Tilraunastöðin að Keldum getur selt bændum slík lyf og bóluefni í smásölu eftir því sem aðstæður krefjast, enda sé slík sala undir eftirliti dýralækna tilraunastöðvarinnar.

59. gr.

Lyfjabúðir og lyfjaútibú skulu hafa á boðstólum algengustu dýralyf miðað við þarfir í hverju lyfsöluumdæmi. Lyfjabúðir og lyfjaútibú skulu sjá dýralæknum fyrir dýralyfjum, sem þeim er nauðsynlegt að selja í vitjunum. Dýralæknir fær þessi lyf á heildsöluverði að viðbættu þjónustugjaldi, sem lyfjaverðlagsnefnd gerir tillögur um og ráðherra staðfestir.

Þar sem héraðsdýralæknir situr, en ekki er lyfjabúð eða lyfjaútibú á staðnum, hefur hann í umdæmi sínu á hendi sölu dýralyfja, sem hann kaupir frá lyfjabúð, lyfjaheildsölu eða hjá Tilraunastöðinni að Keldum.

XI. KAFLI

Eftirlit, málarekstur og refsing.

60. gr.

Lyfjaeftirlit og annað eftirlit samkvæmt lögum þessum eða öðrum fyrirmælum er í höndum Lyfjaeftirlits ríkisins undir yfirstjórn ráðuneytisins.

61. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt, og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi allt að 2 árum.

XII. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

62. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara getur ráðherra sett með reglugerð.

63. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980.

Með lögum þessum eru úr gildi felld:

1. Lyfsölulög nr. 30 29. apríl 1963 II., III. V., VI. VII., VIII. kafli.
2. II. kafli laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63 28. maí 1969.
3. Önnur ákvæði sömu laga og annarra laga, sem fara í bága við lög þessi.

Bráðabirgðaákvæði.

1. Þeir lyfsalar, sem höfðu lyfsöluleyfi 1. júlí 1963, og fullnægja ákvæðum laganna, eiga rétt á að halda leyfinu til 75 ára aldurs.
2. Ákvæði 4. málsgreinar 7. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 um hlutbundið lyfsöluleyfi (Reykjavíkur Apótek) eiga við meðan starfandi er lyfsali, sem öðlast hefur leyfið fyrir gildistöku laga þessara.
3. Ráðherra getur vikið frá skilyrðum 40. gr., ef fyrirtæki sem starfar þegar lög þessi öðlast gildi og hefur að meginmarkmiði eflingu innlendrar lyfjaframleiðslu, er almennt í eign lyfsala og lyfjafræðinga og enginn einstakur þeirra á verulegra hagsmuna að gæta í fyrirtækinu.

   Önnur fyrirtæki, sem starfa í bága við ákvæði 40. gr. við gildistöku laga þessara, hafa 4 ára frest til að aðlaga sig þeim.
4. Heimilt er fyrst um sinn að Lyfjaverslun ríkisins starfi í rekstrarlegum tengslum við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og hafi sameiginlegt skrifstofuhald með henni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Ath. að tölur og tákn í svigum vísa til viðmiðunar í lyfsölulög nr. 30 29. apríl 1963.

Dæmi: (N) þýðir ný grein, (19) vísað til samskonar ákvæðis í 19. gr. lyfsölulaga, (20 óbreytt) vísað til 20. gr. lyfsölulaga og að sú grein standi a. m. k. efnislega óbreytt í hinu nýja frumvarpi.

Um 1. gr. (N)

Greinin skýrir sig sjálf í samræmi við starfsemi lyfjamáladeildar, sem starfar í ráðuneytinu. Tekið er þó upp sérstakt starfsheiti deildarstjóra lyfjamáladeildar, sem skýrir betur verksvið hans.

Um 2. gr. (6)

Hér er um megin stefnubreytingu frá gildandi lögum að ræða. Gert er ráð fyrir því að tekin verði upp umdæmisskipun lyfsölunnar og hefur verið höfð náin hliðsjón af skiptingu héraða í heilsugæsluumdæmi sbr. lög um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978.

Ætlunin er því að lögbinda staðarval lyfjabúða utan Reykjavíkurhéraðs, Í Reykjavík verði staðarval og fjöldi lyfjabúða ákveðinn af ráðuneytinu með hliðsjón af ákvörðun borgarstjórnar um staðarval heilsugæslustöðva.

Þá er gert ráð fyrir því, að lyfjaútibú verði stofnsett með lögum á þeim stöðum, þar sem ekki er talið að lyfjabúð geti borið sig. Hins vegar ber þess að geta að lyfjaútibú geta veitt þjónustu sem nálgast verulega þjónustustig lyfjabúða.

Rétt er að benda á að lyfjaútibú er ekki sjálfstæð rekstrareining heldur lýtur það faglegri stjórn lyfsala eða forstöðumanns lyfjabúðar þeirrar, sem annast rekstur útibúsins, sbr. 29. gr.

Í þessari grein felst einnig meiri háttar stefnumörkun um tengsl lyfjabúða og heilsugæslustöðva.

Í greininni er ekki afdráttarlaust mælt svo fyrir að lyfjabúðir skuli vera í heilsugæslustöð, heldur verði athugað í hverju einstöku tilviki hvort hentugt þyki vegna nauðsynlegra tengsla heilsugæslustöðvar og lyfjabúðar, að lyfjabúðin sé í stöðinni.

Í greininni er ákvæði sem gerir ráð fyrir að þetta landsskipulag lyfjasölu komist á með hæfilegum aðlögunartíma hvað lyfjaútibú snertir.

Um 3. gr. (7)

Nýmæli í þessari grein er þriggja manna nefndin, sem fjallar um hæfni umsækjenda um lyfsöluleyfi. Samkæmt lyfsölulögum nr. 30/1963 hefur starfað tveggja manna nefnd skipuð einum fulltrúa frá hvoru félaga lyfjafræðinga og apótekara. Í þessari grein er gert ráð fyrir að lyfjamálastjóri sé aðili að nendinni og er það ætlað að gefa starfi nefndarinnar aukið vægi og gildi.

Þá er gert ráð fyrir því að Háskóli Íslands fái heimild til að kaupa eina af starfandi lyfjabúðum og starfrækja hana með sérstöku tilliti til rannsókna og kennslu í lyfjafræði lyfsala.

Í þessari grein er einnig gert ráð fyrir að lyfsölusjóður kaupi og annist til bráðabirgða rekstur lyfjabúðar, sem enginn umsækjandi er að, eða verið talinn hæfur. Á þennan hátt rekur lyfsölusjóður lyfjabúð þangað til umsækjandi gefur sig fram eða annað er ákveðið.

Í 7. málsgrein felst mjög veigamikið nýmæli þess efnis að lyfsölusjóður kaupi lyfjabúð, ef starfandi lyfsali óskar þess og á þá viðkomandi lyfsali rétt til þess að starfa sem forstöðumaður lyfjabúðarinnar út starfstíma sinn. Þykir rétt að það verði svo ákvörðun ráðherra hvort slík lyfjabúð verði aftur auglýst laus með venjulegum hætti eða rekin áfram af lyfsölusjóði, þegar starfstíma forstöðumanns lýkur.

Um 4. gr. (9)

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu hin sömu og í hliðstæðri grein lyfsölulaga nr. 30/1963. Þó gert er ráð fyrir að samvinnufélög þau er öðlast hafa leyfi til að reka lyfjabúð fyrir gildistöku laganna haldi leyfi sínu til 30. júní 1988, en þá ákveði ráðherra hvort þau verði þá frá þeim tíma yfirtekin af lyfsölusjóði á sama hátt og segir í 7. málsgrein 3. gr. eða leyfin framlengd. Dagsetningin 30. júní 1988 er miðuð við þau 25 ár sem þessum lyfjabúðum var heimilað að starfa samkvæmt lyfsölulögum sem tóku gildi 1. júlí 1963. Með þeim lögum var gert ráð fyrir að framlengja megi leyfið til 25 ára í senn ef ástæður mæla með því.

Um 5. gr. (10. óbreytt)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr. (11. óbreytt)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr. (8)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr. (40)

Með þessari grein er gert ráð fyrir að aðrar vörur, en skilgreindar lyfjabúðarvörur séu ekki til sölu í lyfjabúðum. Þetta er meiri háttar stefnubreyting frá því sem nú gildir. Samkvæmt lyfsölulögum má lyfsali selja aðrar vörur í lyfjabúð, ef hann aflar sér sérstaks verslunarleyfis, en með þessum ákvæðum er horfið frá því.

Um 9. gr. (N)

Þessi grein segir fyrir um hvaða vörur lyfjabúðum er skylt að versla með.

Um 10. gr. (12. óbreytt)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr. (31. óbreytt)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr. (32)

Nýmæli í þessari grein eru fyrst og fremst réttur hins nýja leyfishafa til að fá keyptan búnað og áhöld sem teljast nauðsynleg til reksturs lyfjabúðar, en samkv. gildandi lögum hefur viðtakandi lyfjabúðar ekki slíkan rétt.

Þá er sett inn ákvæði um forkaupsrétt hins nýja leyfishafa að húsnæði lyfjabúðar. Er þannig gert ráð fyrir að hann geti gengið inn í kauptilboð.

Um 13. gr. (33. óbreytt)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr. (35)

Nýmæli er að ávallt skuli haft samráð við lyfjamálastjóra um setningu staðgengils lyfsala. Þá er einnig rétt að undirstrika að reglan verður sú, að lyfjafræðingur leysi lyfsala af, en aðstoðarlyfjafræðingur aðeins ef hann er starfandi í lyfjabúðinni og lyfjafræðingur er ekki fáanlegur til afleysinga. Þetta atriði skýrist með því að ekki er lengur sá skortur á lyfjafræðingum sem var þegar lyfsölulög voru sett 1963.

Um 15. gr. (36)

Nýmæli í þessari grein er, að ráðuneytið geti gefið leiðbeiningar um hver sé nauðsynlegur starfsmannafjöldi í lyfjabúð. Er þetta ákvæði eðlilegt, þar sem gert er ráð fyrir, að ráðherra veiti undanþágu frá kröfu um að starfandi sé aðstoðarlyfjafræðingur í hverri lyfjabúð.

Um 16. gr. (16)

Nýmæli er heimild ríkisins til að standa að menntun tæknimenntaðs aðstoðarfólks við lyfjagerð og lyfjaafgreiðslu. Í reynd hefur þó slík menntun farið fram í ríkisreknum skóla, Lyfjatæknaskóla Íslands, frá árinu 1974.

Um 17. gr. (37)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr. (46)

Ítarleg ákvæði eru um þagnarskyldu í lögum um lyfjafræðinga nr. 35/1978, og er vísað fyrst og fremst til þeirra laga þar að lútandi.

Um 19. gr. (20)

Sama er að segja um þessa grein og þá næstu á undan að ítarleg ákvæði um missi starfsréttinda eru í V. kafla laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978 og vísast því til þeirra.

Um 20. gr. (30. óbreytt)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr. (38)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr. (26)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr. (45. óbreytt)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr. (25)

Þessi grein er ekki eins almennt orðuð og tilsvarandi grein í gildandi lögum. Er hér farið inn á þá braut að gera birgðaskyldu fyrir einstök lyf háð aðstæðum á hverju svæði fyrir sig.

Um 25. gr. (N)

Greinin er algert nýmæli. Talað er um afgreiðslurétt á lyfjum og eiturefnum og kveðið er skýrt á um hverjir hafa hann, en það eru lyfjafræðingar og aðstoðarlyfjafræðingar.

Þó er gert ráð fyrir að veita megi sérmenntuðum heilbrigðisstéttum takmarkaðan afgreiðslurétt úr lyfjaforðum í dreifbýli, enda ekki kostur á að leysa lyfjadreifingarvandamál með öðrum hætti víða um land.

Um 26. gr. (N)

Kveðið er hér skýrt á um skyldu lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga um að sjá svo um að í hvívetna sé fylgt settum reglum um geymslu og meðferð lyfja.

Um 27. gr. (27. óbreytt)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr. (43, 44)

Gert er ráð fyrir sbr. 2. gr. að lyfjaútibú starfi í einstökum heilsugæsluumdæmum, þar sem ekki er grundvöllur fyrir rekstri sjálfstæðrar lyfjabúðar.

Einnig er gert ráð fyrir að stofna megi svo kallaða lyfjaforða frá lyfjabúð, samkvæmt meðmælum eða ósk frá héraðslækni, lyfsala eða viðkomandi sveitarstjórn. Lyfjaforði yrði alla jafna í umsjá lyfjatæknis, hjúkrunarfræðings eða ljós-

móður og er gert ráð fyrir að í honum sé ákveðinn nauðlyfjalager lyfseðilsskyldra lyfja auk lausasölulyfja og hjúkrunar- og sjúkragagna.

Lyfjaforði er nýyrði og hét samkvæmt lyfsölulögum 1963 lyfjaútsala. Slíkar lyfjaútsölur hafa starfað víða um land frá því að lyfsölulög tóku gildi.

Um 29. gr. (43)

Í þessari grein er lyfjaútibú skilgreint.

Um 30. gr. (N)

Greinin fjallar um birgðaskyldu lyfjaútibús og reglur um afgreiðslu lyfseðilsskyldra lyfja og afgreiðslutíma.

Alla jafna má gera ráð fyrir að rýmisþörf lyfjaútibús sé 30 m² geymslu- og vinnuaðstaða, en auk þess þarf að gera ráð fyrir afgreiðsluaðstöðu og snyrtingu.

Miðað við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, þess efnis að lyfjaútibú skuli vera í heilsugæslustöð ef ekki er lyfjabúð á staðnum, hafa nú verið hönnuð lyfjaútibú og útsölur (forðar) á nokkrum stöðum á landinu. Með því nýtist sameiginleg vinnuaðstaða í heilsugæslustöðvum, þar sem afgreiðsluaðstaða er sameinuð annarri afgreiðslu heilsugæslustöðvarinnar með öðrum starfsþáttum stöðvarinnar.

Um 31. gr. (N)

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við 25. gr.

Um 32. gr. (44)

Greinin fjallar um skilgreiningu á stöðu og starfsemi lyfjaforða. Eðlilegt má teljast að ráðuneytið hafi frumkvæði um staðarval lyfjaforða í dreifbýli og geti lagt lyfsala þá skyldu á herðar að annast rekstur lyfjaforða.

Um 33. gr. (N)

Með þessari grein er ráðherra gefin heimild til að ákveða að lyfjaútibú skuli verða lyfjabúð ef líkur eru til að það geti borið sig sem sjálfstæð eining og lyfjabúð, sem gegndi því áður hafi áframhaldandi rekstrargrundvöll.

Um 34. gr. (42)

Með þessari grein er gert ráð fyrir að læknir, sem hefur aðsetur á stað, þar sem ekki er lyfjabúð, lyfjaútibú eða lyfjaforði geti haft með höndum sölu lyfja og hjúkrunarvara. Í reynd er því gert ráð fyrir að öll eða nær öll lyfjasmásala í landinu færist í hendur lyfjabúða og undirstofnana þeirra.

Um 35. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 36. gr. (N)

Með þessari grein er gert ráð fyrir, að fyrirtæki geti öðlast leyfi til innflutnings lyfja, án þess að um leyfi til heildsölu sé að ræða. Hér er meðal annars höfð í huga síaukin notkun tollvörugeymslu við innflutning lyfja.

Um 37. gr. (51)

Í þessari grein er fjallað um starfsleyfi lyfjaheildsala. Skilyrði til starfsleyfis eru nánast þau sömu og verið hafa, samkvæmt lyfsölulögum. Samt er nú kveðið á um faglega stjórn lyfjafræðinga, en áður voru lögfest skilyrði um tæknilega stjórn þeirra yfir lyfjaheildsölu.

Starf lyfjafræðinga við lyfjaheildsölur er fyrst og fremst faglegs eðlis og er það þannig undirstrikað í þessari grein.

Í greininni eru jafnframt ákvæði um hverjum lyfjaheildsölur mega selja lyf í heildsölu.

Um 38. gr. (N)

Hér er sett ákvæði, sem ekki hefur verið áður í lögum, um birgðaskyldu einkaumboðsmanna lyfja.

Um 39. gr. (N)

Hér eru sett ákvæði þess efnis að Lyfjaverslun ríkisins geti aflað sér hverra þeirra lyfja, bóluefna og ónæmisefna, sem nauðsyn krefur vegna þarfa sjúkrahúsa og dvalarheimila aldraðra. Þykir nauðsynlegt að slíkt afdráttarlaust ákvæði sé haft í lögum þannig að tryggð sé heimild Lyfjaverslunarinnar til innflutnings og heildsölu lyfja vegna þarfa þessara stofnana.

Um 40. gr. (57)

Ákvæðum þessarar greinar er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunatengsl þeirra, sem ávísa lyfjum og þeirra sem selja lyf sbr. og 5. gr. Á sama hátt þykir eðlilegt að þeir sem stunda smásölu lyfja séu ekki í hagsmunatengslum við erlenda sérlyfjaframleiðendur.

Um eignaraðild lyfsala og annarra starfsmanna lyfjabúða að innlendum lyfjaframleiðslufyrirtækjum gildir öðru máli og eru engar hömlur settar á slíkt, enda aldalöng hefð af framleiðslu lyfsala á lyfjum, þótt sú formbreyting sé nú orðin staðreynd, að framleiðsla lyfja færist á verksmiðjustig.

Um 41. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 43. gr. (N)

Grein þessi er efnislega samhljóða 9. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63 28. maí 1969.

Um 44. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 45. gr. (N)

Í þessari grein er gert ráð fyrir að yfirstjórn Lyfjaverslunar ríkisins sé í höndum Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Með tilliti til fyrri tengsla Lyfjaverslunar ríkisins við Fjármálaráðuneytið og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sbr. ákvæði til bráðabirgða þykir rétt að Fjármálaráðuneytið tilnefni einn mann í stjórn Lyfjaverslunarinnar og jafnframt þykir rétt að landssamtök þeirra sem annast rekstur sjúkrahúsa tilnefni einn stjórnarmann og hinn þriðji verði svo skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra án tilnefningar og sé hann formaður stjórnarinnar.

Um 46. gr. (N)

Í þessari grein er gert ráð fyrir að skipun forstjóra Lyfjaverslunar ríkisins sé á sama hátt og um veitingu lyfsöluleyfis sé að ræða.

Um 47. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 48. gr. (N)

Hér er sett það ákvæði að á hverju sjúkrahúsi (sbr. skilgreining laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978) og dvalarheimili aldraðra skuli starfa lyfjafræðingur, sem annist öflun og eftirlit með lyfjum á þessum stofnunum. Ákvæði þetta

er mjög rúmt því það verður háð stærð hverrar stofnunar og aðstæðna á hverjum stað, hversu mikið starf verður um að ræða.

Þá þykir eðlilegt að starf þetta geti tengst starfi lyfjafræðings í lyfjabúð eða lyfjaútibúi í heilsugæsluumdæminu, enda er það líklega alla jafna hentugasta fyrirkomulagið.

Þá er ekkert því til fyrirstöðu að tvær stofnanir eða fleiri sameinist um þjónustu sama lyfjafræðings.

Um 49. gr. (N)

Í þessari grein er sett sérstakt ákvæði um lyfjaþjónustu á deildaskiptum sjúkrahúsum. Þykir rétt að nefna slíkar þjónustudeildir á sjúkrahúsi sjúkrahúsapótek, þar sem um viðfeðma þjónustu við deildir sjúkrahúss og sjúklinga er að ræða.

Starfsemi sjúkrahúsapóteks er með öllu ólík starfsemi venjulegrar lyfjabúðar (apóteks), en engu að síður þykir rétt að taka upp heitið sjúkrahúsapótek, jafnvel þótt um beina sölu lyfja sé ekki að ræða.

Áður hefur verið notað heitið lyfjabúr, sem þykir óviðeigandi og betur eigi við um lyfjabirgðir á einstökum deildum.

Gert er ráð fyrir að forstöðumaður sjúkrahúsapóteks fái starfsheitið yfirlyfjafræðingur og verði ráðinn á sama hátt og gildir um forstöðumenn lyfjabúða, en viðkomandi sjúkrahússtjórn annist formlega ráðningu.

Um 50. gr. (13)

Í þessari grein er gert ráð fyrir heimild, sem reyndar hefur verið í lyfsölulögum frá 1963, að stofna megi sérstakt sjúkrahúsapótek á deildarskiptum sjúkrahúsum. Dreifing slíkra sjúkrahúsapóteka á lyfjum til sjúklinga verður þó takmörkuð við þau lyf, sem aðeins eru skráð sérstaklega til notkunar á sjúkrahúsum, sérstökum sjúkradeildum og/eða við ávísun sérfræðinga í einstökum greinum lækningafræði. Ennfremur getur heimildin náð til almennra lyfja, sem sjúklingar þurfa að hafa með sér í helgarleyfi og leyfi um hátíðar.

Þykir mjög nauðsynlegt að sjúkrahús geti öðlast slíka heimild, þar sem vandséð er með hverjum hætti hægt er að sjá sjúklingum, sem ekki liggja inni á sjúkrahúsinu, fyrir meðferð á hinum sérstöku sjúkrahúslyfjum. Þar að auki er hér um fjárhagslegt atriði fyrir sjúkrahúsin að ræða, þar sem engin heimild er til gjaldtöku fyrir lyf til sjúklinga utan sjúkrahúss.

Þá þykir rétt, að önnur stærri sjúkrahús geti fengið leyfi til slíkrar dreifingar lyfja, ef nauðsyn krefur, enda má ætla að töluvert sé um helgar- og hátíðaleyfi sjúklinga á slíkum sjúkrahúsum.

Um 51. gr. (N)

Hér er kveðið skýrt á um að önnur afhending lyfja frá sjúkrahúsum til sjúklinga, sem ekki liggja á sjúkrahúsinu, eða til starfsfólks, sé óheimil.

Um 52. gr. (N)

Hér er um mikilvægt nýmæli að ræða, þar sem kveðið er á um að á sérhverju sjúkrahúsi starfi lyfjanefnd, sem sé ráðgefandi um lyfjaval sjúkrahússins. Gera má ráð fyrir að slík lyfjanefnd sé 3 manna á minni sjúkrahúsum, en 5 manna á deildaskiptum sjúkrahúsum og öðrum stærri sjúkrahúsum.

Slíkar lyfjanefndir hafa mikla þýðingu. Þeim er meðal annars ætlað að setja upp ákveðna lyfjalista fyrir hvert sjúkrahús og marka stefnu um lyfjagjöf á sjúkrahúsinu.

Þá er sett fram það stefnumark að notuð séu að jafnaði ódýrari lyf þegar um jafngild lyf er að ræða og fremur innlend en erlend.

Gera verður ráð fyrir að slíkar lyfjanefndir verði ólaunaðar.

Um 53. gr. (N)

Hér er um að ræða nýmæli, sem er samstarfsnefnd þeirra aðila sem vinna í föstu starfi við lyfjaþjónustu við sjúkrahús.

Eins og fram kemur í greininni er nefndinni fyrst og fremst ætlað það hlutverk að samræma innkaup, ekki aðeins lyfja, heldur einnig lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna vegna þarfa sjúkrahúsa.

Um 54. gr. (N)

Í þessari grein er gert ráð fyrir að haga megi dreifingu lyfja til sjúkrahúsa þannig að öll algengustu lyf verði afgreidd beint á deildir sjúkrahússins. Með þessu er opnuð leið til hagræðingar í innkaupaaðferðum.

Um 55. gr. (N)

Í þessari grein er gert ráð fyrir að heilsugæslustöðvar afli sér lyfja frá lyfjabúð eða lyfjaútibúi í hlutaðeigandi lyfsöluumdæmi, eins og tíðkast hefur um öflun heimilislækna á lyfjum til notkunar í starfi.

Um 56. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 57. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 58. gr. (N)

Með þessari grein er lögfest ákvæði um sölu Tilraunastöðvarinnar að Keldum á framleiðslu sinni og innfluttum ormalyfjum hvort sem er í heildsölu til lyfjabúða eða dýralækna, eða í smásölu beint til bænda. Hér er um að ræða staðfestingu á því fyrirkomulagi sem verið hefur um skeið.

Um 59. gr. (49)

Hér er sett skylda á lyfjabúðir og lyfjaútibú, að hafa á boðstólum dýralyf og kveðið á um að dýralæknar afli sér dýralyfja úr birgðum lyfjabúða (lyfjaútibúa) til sölu í vitjunum. Þar sem ekki er lyfjabúð eða lyfjaútibú er ætlast til að sala dýralyfja sé í höndum dýralæknis.

Um 60. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 61. gr. (68)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 62. gr. (69)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 63. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um bráðabirgðaákvæði.

1. Ákvæðið er í fullu samræmi við bráðabirgðaákvæði í lyfsölulögum nr. 30 29. apríl 1963.
2. Rétt þykir að færa form lyfsöluleyfis í Reykjavíkurapóteki til samræmis við það sem almennt gildir samkvæmt lögum þessum.
3. Rétt þykir að veita rúman aðlögunartíma þeim lyfjaheildsölum, sem starfa í bága við 40. gr., þ. e. til ársloka 1983. Þó þykir eftir atvikum rétt að ráðherra geti heimilað starfandi fyrirtæki, sem almennt er í eign lyfsala og lyfjafræðinga, að vera umboðsaðili og/eða stunda innflutning sérlyfja. Slík heimild yrði þó bundin því að sama fyrirtæki hafi að meginmarkmiði að efla innlenda lyfjaframleiðslu.

Það skilyrði er einnig sett að upphæð eignaraðildar (dreifing hlutabréfa) sé nokkuð jöfn og enginn einstakur lyfsali eða lyfjafræðingur eigi meira en 10% í fyrirtækinu.

4. Hentugt þykir að gera ráð fyrir að Lyfjaverslun ríkisins verði áfram rekstrarlega í tengslum við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, enda þótt gert sé ráð fyrir rekstri hennar sem sjálfstæðrar stofnunar. Lyfjaverslunin hefur verið með sameiginlegt skrifstofuhald við Áfengisverslun ríkisins og virðist ekki ástæða til að breyta því að sinni.

Greinargerð.

Með bréfi Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra dagsettu 25. september 1978 var skipuð nefnd til að gera tillögur um tilhögun lyfjadreifingar í landinu, á grundvelli ákvæðis í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, þar sem segir: „Athugað verði að tengja lyfjaverslun heilbrigðisþjónustu og setja hana undir félagslega stjórn".

Í nefnd þessa voru eftirtaldir skipaðir: Almar Grímsson, deildarstjóri formaður, Adda Bára Sigfúsdóttir borgarfulltrúi, Georg H. Tryggvason aðstoðarmaður ráðherra, Sigmundur Sigfússon aðstoðarlandlæknir og Vilhjálmur G. Skúlason prófessor, öll án tilnefningar. Auk þess áttu sæti í nefndinni Einar Birnir framkvæmdastjóri, tilnefndur af lyfjavöruhópi Félags íslenskra stórkaupmanna, Oddur C.S. Thorarensen lyfsali, tilnefndur af Apótekarafélagi Íslands og Þór Sigþórsson lyfjafræðingur tilnefndur af Lyfjafræðingafélagi Íslands. Sú breyting varð meðan nefndin starfaði, að Oddur C.S. Thorarensen lét af störfum í nefndinni, en Werner I. Rasmusson lyfsali tók við störfum hans. Sigurjón Jónsson lyfjafræðingur hefur verið ritari nefndarinnar.

Nefndin hefur haldið alls 11 fundi en auk þess hafa tvær undirnefndir starfað milli funda. Nefndin hefur haft til skoðunar frumvörp um Lyfjastofnun ríkisins og lyfjaframleiðslu, sem lögð voru fyrir Alþingi 1973 og 1974. Auk þess fékk nefndin til meðferðar einn kafla úr drögum að frumvarpi til lyfjalaga sem endurskoðunarnefnd lyfsölulaga, skilaði í febrúar 1978. Þessi kafli fjallaði um dreifingu lyfja og var ákveðið að nema hann úr frumvarpi til lyfjalaga og geyma til frekari meðferðar og endurskoðunar á lyfjadreifingarþætti lyfsölulaga.

Með þessum drögum að frumvarpi til laga um lyfjadreifingu er lokið endurskoðun lyfsölulaga nr. 30/1963. Lög um lyfjafræðinga nr. 35/1978 tóku gildi 1. júlí 1978 og lyfjalög tóku gildi 1. janúar 1979.

Tillögur nefndarinnar miða fyrst og fremst við íslenskar aðstæður og eru ekki beint sniðnar eftir erlendri fyrirmynd.

Nefndin hefur aflað sér upplýsinga umfram sérþekkingu einstakra nefndarmanna og ritara nefndarinnar, með því að boða ýmsa kunnáttumenn á fundi hennar. Þannig mætti borgarlæknir á fund annarrar undirnefndarinnar til að gera grein fyrir hugmyndum um heilsugæslustöðvar í Reykjavík.

Þá mætti forstjóri Lyfjaverslunar ríkisins og lyfjafræðingar ríkisspítalanna, Borgarspítala og St. Jósefsspítala Landakoti bæði á fundi nefndarinnar og annarrar undirnefndar hennar.

Í sambandi við kaflann um dýralyf og dreifingu þeirra mættu forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum og yfirdýralæknir á fund nefndarinnar.

Þeir þrír nefndarmenn, sem tilnefndir voru til starfa í nefndinni af félagssamtökum hafa og haft nokkuð samráð við umbjóðendur sína.

Nefndinni var gert að skila tillögum sínum í formi draga að frumvarpi eða frumvörpum um innflutning, heildsölu og smásölu lyfja. Þá var lögð á það áhersla, að nefndin hraðaði störfum og skilaði tillögum sínum, ef kostur væri fyrir ára-

mót 1978—1979. Nefndinni tókst ekki að verða við þessum óskum og var veittur aukinn frestur til febrúarloka 1979.

Tillögur þessar liggja nú fyrir í meðfylgjandi drögum að frumvarpi til laga um lyfjadreifingu ásamt athugasemdum við einstakar greinar þess. Skal nú gerð grein fyrir sjónarmiðum nefndarinnar við gerð þessara draga.

Eins og fram kemur í umboði nefndarinnar var henni gert að athuga tengingu lyfjaverslunar við heilbrigðisþjónustu og setja hana undir félagslega stjórn. Nefndin hefur haft þetta eindregið að leiðarljósi og leggur því til að skipulag lyfjadreifingar í landinu verði í nánum tengslum við skipulag heilbrigðisþjónustu og staðarval heilsugæslustöðva samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978.

Er þannig kveðið á í drögum nefndarinnar að frumvarpi, um staðarval lyfjabúða og lyfjaútibúa, að enginn landshluti verður útundan. Nefndinni er hins vegar ljóst að slíku fyrirkomulagi verður ekki komið á með skjótum hætti m. a. vegna þess, að með öllu er óvíst hversu vel gengur að fá lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga til starfa úti á landsbyggðinni. Leggur nefndin því til að veittur verði þriggja ára aðlögunartími til að koma á því kerfi sem hún leggur til.

Athygli skal vakin á því, að með þessu leggur nefndin til að lyfjasala fari alfarið úr höndum lækna, en eins og kunnugt er hafa læknar að verulegu leyti annast lyfjasölu sumstaðar í dreifbýli. Nefndinni er ljóst að slík lyfjasala lækna hefur verið neyðarúrræði víðast hvar, og munu þó finnast fámenn héruð þar sem tekjur af lyfjasölu lækna eru hugsanlega mikilvæg forsenda þess að læknir fáist í héraðið.

Þykir nefndinn óeðlilegt að slík tekjuhlið lyfjasölunnar ráði úrslitum um það hvort læknir fáist eða ekki og leggur því áherslu á að slík vandamál verði fremur leyst með öðrum hætti.

Nefndin hefur haft til athugunar þau ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu (13. gr.), þar sem kveðið er á um tengsl lyfjabúða og undirstofnana þeirra við heilsugæslustöðvar. Í lögum um heilbrigðisþjónustu er ákvæði þess efnis að lyfjaútibú og lyfjaútsölur (lyfjaforðar) séu í heilsugæslustöðvum, ef ekki er lyfjabúð á staðnum. Jafnframt er ákvæði þess efnis að ráðherra getur ákveðið að lyfjabúð skuli vera í heilsugæslustöð. Í drögum þessarar nefndar er gert ráð fyrir að athugað verði í hverju einstöku tilviki hvort hentugt þyki að lyfjabúð sé í heilsugæslustöð, sem ákveðið er að reisa. Jafnframt bendir nefndin á að tengsl lyfjabúða og heilsugæslustöðva séu mjög nauðsynleg og æskileg, ef ekki er annar kostur betri, að lyfjabúð sé í heilsugæslustöð. Hins vegar er nefndinni ljóst að slíkt hefur í för með sér aukinn byggingarkostnað heilsugæslustöðva og þykir því rétt að taka til athugunar hvert einstakt tilvik, þannig að sé lyfjabúð í nálægð við heilsugæslustöð verði stöðu hennar ekki raskað.

Nefndin hefur fjallað mjög itarlega um lyfjaþjónustu á sjúkrahúsum og er þar að finna mestu nýmæli frumvarpsins.

Nefndinni þykir einsýnt að eftirlit lyfjafræðinga með öflun lyfja og varðveislu og notkun þeirra á sjúkrahúsum sé mjög mikilvægt hvort sem er faglega eða í hagræðingaskyni. Hefur nefndin því orðið sammála um að setja mjög ákveðin fyrirmæli um störf lyfjafræðinga við sjúkrahús almennt, og ennfremur sérákvæði um störf þeirra við hin deildarskiptu sjúkrahús. Er gert ráð fyrir að á þeim starfi svonefnd sjúkrahúsapótek, sem geti öðlast heimild til að afhenda sjúklingum, er ekki liggja á sjúkrahúsinu, sérstök lyf, sem einungis má nota á sjúkrahúsum. Slíkt heimildarákvæði er mjög mikilvægt, þar sem í reynd er óheimilt að afhenda slík lyf til notkunar handa öðrum sjúklingum en þeim sem liggja inni á sjúkrahúsum.

Nefndin opnar einnig leið í tillögum sínum, til að Lyfjaverslun ríkisins geti afgreitt öll algengustu lyf beint til deilda sjúkrahúss ef henta þykir. Slíkt á ekki að raska stöðu sjúkrahúsapóteks, en er ætlað að vera til hagræðingar í innkaupum.

Þá leggur nefndin til að lögfest verði stofnun sérstakrar samstarfsnefndar þeirra aðila sem hafa með þjónustu við sjúkrahús og lyfjadreifingu á þeim að

gera. Er þeirri nefnd ætlað að leita samræmingar í innkaupum á lyfjum, lyfjagögnum, hjúkrunar- og sjúkragögnum í hagkvæmnisskyni.

Að því er varðar dýralyf hefur nefndin orðið sammála um að Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum haldi þeim starfsháttum sem tíðkast hafa hingað til, það er að selja framleiðslu sína og innflutt ormalyf í heildsölu til dýralækna og lyfjabúða og ef aðstæður krefjast í smásölu beint til bænda. Þá hefur nefndin orðið ásátt um að setja þá kvöð á lyfjabúðir og lyfjaútibú að hafa á boðstólum þau dýralyf, sem almennt eru notuð í viðkomandi umdæmi og að lyfjabúðir og lyfjaútibú sjái dýralæknum fyrir þeim lyfjum sem þeir þurfa að selja í vitjunum gegn ákveðinni þóknun. Þá er með öllu tekið fyrir sölu annarra en Tilraunastöðvarinnar, lyfjabúða og lyfjaútibúa og dýralækna á dýralyfjum.

Hvað varðar félagslega stjórn á lyfjasölu hefur nefndin gert sér ljóst, að enda þótt rekstur lyfjabúða og lyfjaheildsala sé að mestu í einkaeign, er aðhald hins opinbera með rekstri þessara fyrirtækja mjög mikið. Má þar nefna starfsemi lyfjaverðlagsnefndar sem að meiri hluta er skipuð fulltrúum opinberra aðila og ákveður verðlagsgrundvöll lyfja. Lyfjaeftirlit ríkisins hefur árlegt eftirlit með lyfjabúðum, lyfjaheildsölum og öðrum stofnunum, sem geyma lyf eða dreifa þeim og hefur jafnframt eftirlit með innkaupsverði erlendra sérlyfja. Skal tekið fram, og undirstrikað, að innkaupsverð erlendra sérlyfja er viðurkennt við skráningu þeirra og er ekki um að ræða breytingar á slíku innkaupsverði nema Lyfjaeftirlit ríkisins samþykki það.

Lyfjaverðlagsnefnd hefur jafnframt eftirlit með framleiðsluverði innanlands og gerir tillögur til ráðherra um vinnugjaldskrá.

Nefndin hefur þótt mikilverðast að tryggja stöðu Lyfjaverslunar ríkisins sem innkaupa- og dreifingaraðila fyrir sjúkrahús ríkisins og sveitarfélaga auk dvalarheimila aldraðra. Ákvæði í drögum nefndarinnar að frumvarpi, tryggja það, að Lyfjaversluninni verði ekki settur stóllinn fyrir dyrnar með innkaup erlendis frá og telur nefndin þannig að hagsmunum hennar sé borgið.

Lyfjaverslun ríkisins er í raun lyfjagerð og lyfjaheildsala í senn og má þannig telja hana samkeppnisaðila við einkafyrirtæki í þessari atvinnugrein, en í reynd er hún fyrst og fremst þjónustuaðili við sjúkrahúsin og ætlar nefndin henni það hlutverk áfram.

Nefndin minnir á, að árið 1973 var lagt fram á Alþingi frumvarp um Lyfjastofnun ríkisins sem miðaði að því að ríkið tæki að sér að öllu leyti innflutning og heildsölu lyfja. Ekki náðist pólitísk samstaða um slíkt fyrirkomulag.

Nefndin leggur til að Lyfjaverslun ríkisins verði stjórnunarlega sett undir Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, enda óumdeilanlega um mikilvægan hlekk að ræða í þjónustu við heilbrigðisstofnanir. Með tilliti til fyrri tengsla Lyfjaverslunarinnar við Fjármálaráðuneytið og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leggur nefndin til að einn þriggja stjórnarmanna Lyfjaverslunar ríkisins verði tilnefndur af Fjármálaráðuneytinu og heimilt verði að reka stofnunina áfram um sinn í tengslum við ÁTVR.

Nefndin vekur athygli á lyfjadreifingarkerfum á öðrum Norðurlöndum.

Í Danmörku er innflutningur og heildsala lyfja í höndum einkaaðila, sjúkrahúsapótekin rekin af einstökum sjúkrahúsum og í einu tilviki hafa nokkur sjúkrahús sameinast um rekstur, framleiðslu- og dreifingarmiðstöðvar. Lyfjabúðir eru annars í einkaeign með svipuðu opinberu eftirliti og hér á landi.

Í Finnlandi eru bæði heildsölur og lyfjabúðir í einkaeign, nokkur sjúkrahúsapótek rekin af sjúkrahúsum, 1 háskólaapótek og 1 apótek vegna þarfa heraflans.

Í Noregi hefur ríkið einkarétt til innflutnings og heildsölu lyfja, en lyfjabúðir eru í einkaeign með svipuðu sniði og eftirliti og í Danmörku. Nokkur sjúkrahúsapótek eru rekin af sjúkrahúsum.

Í Svíþjóð annast hlutafélag (Apoteksbolaget), sem að meiri hluta (65%) er í eign ríkisins rekstur lyfjabúða og flestra sjúkrahúsapóteka, en nokkur sjúkrahús-

apótek eru í eign sveitarfélaga. Lyfjaheildsala er að mestu í einkaeign, en Apoteksbolaget á meiri hluta í einni lyfjaheildsölu.

Nefndin hefur haft í huga félagslegan rekstur lyfjabúða, en samkomulag hefur orðið um að leggja ekki til algera kerfisbreytingu.

Þykir rétt að Háskóli Íslands geti öðlast eitt lyfsöluleyfi vegna kennslu og rannsókna á sviði lyfjafræði lyfsala, en mikilvægasta ákvæðið, sem varðar félagslegan rekstur lyfjabúða er í 7. málsgrein 3. gr. frumvarpsdraganna, þar sem gert er ráð fyrir því að starfandi lyfsali geti selt lyfsölusjóði lyfsöluleyfi og lyfjabúð sína og verði þá hinn fráfarandi lyfsali forstöðumaður slíkrar lyfjabúðar út starfstíma sinn.

Þarna er farið út á þá braut, að hverjum lyfsala er í sjálfsvald sett hvort hann vill starfa áfram sem sjálfstæður rekstraraðili eða hvort hann vill selja opinberum aðila leyfi sitt og rekstur. Nefndin telur að með þessu fyrirkomulagi fengist mikilvæg reynsla á opinberum rekstri lyfjabúða. Að sjálfsögðu er með öllu óljóst að hve miklu leyti starfandi lyfsalar munu nota sér þetta ákvæði, en rétt þykir að gera slíka tilraun með nýtt rekstrarform frekar en að breyta um rekstrarform lyfjabúða með skjótum hætti.

Þá er rétt að geta þess að lagt er til að þegar starfsleyfi Samvinnulyfjabúðanna tveggja á Selfossi og Akureyri renna út taki lyfsölusjóður við rekstri þeirra eða leyfin framlengist.

Ákvæði um starfsemi lyfsölusjóðs eru í X. kafla lyfjalaga nr. 49/1978 og þykir nefndinni rétt að sjóðurinn annist rekstur þeirra lyfjabúða sem lyfsalar kynnu að vilja afsala sér, fremur en að stofna til nýs opinbers fyrirtækis eða stofnunar í því skyni.

Samkvæmt framansögðu telur nefndin að hún hafi athugað sem best verður kosið miðað við ríkjandi ástæður hvernig lyfjaverslun verði best tengd heilbrigðisþjónustunni og sett undir félagslega stjórn.

Eins og fram kemur í fylgiskjölum með þessari greinargerð hafa verið gerðir nokkrir fyrirvarar um einstök ákvæði frumvarpsins, en í öllum aðalatriðum hefur, eins og fram kemur orðið full samstaða um gerð þess.

Fylgiskjal I.

27. febrúar 1979.

Ég undirritaður tel engin rök mæla með því að samvinnufélög reki lyfjabúðir. **Slegið er föstu með þessu nefndaráliti, að lyfjabúðir séu heilbrigðisstofnanir, sem fengja þurfi traustum böndum við aðra heilbrigðisþjónustu.**

Ég tel því eðlilegt, að það verði ákvörðun ráðherra, þegar núgildandi rekstrarleyfi **samvinnulyfjabúðanna renna út, hvort lyfsölusjóður taki við rekstri þeirra, eða þau verði auglýst laus til umsóknar með venjulegum hætti.**

Þannig tel ég að 2. málsgr. 4. gr. skuli orðast:

Samvinnufélög þau, er öðlast hafa leyfi til að reka lyfjabúð fyrir gildistöku laga þessara, halda leyfi sínu til 30. júní 1988. Að þeim tíma liðnum ákveður ráðherra hvort lyfsölusjóður taki við rekstri þeirra eða leyfin auglýst með venjulegum hætti. **Fer um réttarstöðu forstöðumanna þeirra lyfjabúða á sama hátt og segir í 7. málsgrein 3. gr.**

Í þessu séráliti mínu felst enginn dómur á rekstri þessara tveggja lyfjabúða fram til þessa.

Almar Grímsson.

Fylgiskjal 2.

27. febrúar 1979.

Ég undirritaður tel það ekki rétta leið til breytingar á rekstrarformi lyfjabúða, að lyfsala sé í sjálfsvald sett að afsala sér lyfsöluleyfi sínu, samkvæmt 7. málsgrein 3. greinar, og hljóta þá sjálfkrafa forstöðu lyfjabúðar sinnar út starfstíma sinn.

Með ákvæði þessu er farið inn á þá braut, að fjölga rekstrarformum almennra lyfjabúða frá núverandi mynd, og tel ég það skref afturábak, þar sem mikilvægt er, frá skipulagslegu sjónarmiði, að rekstrarform almennra lyfjabúða í landinu sé hið sama. Enda tíðkast slíkt alfarið í hverju hinna Norðurlandanna.

Ennfremur verður að teljast óeðlilegt, að einstaklingur eigi með lögum, jafn einhliða kröfu á hendur ríkisstofnun, svo sem 7. málsgrein 3. greinar felur í sér.

Því er það álit mitt að 7. málsgrein 3. greinar skuli felld niður.

Ennfremur tel ég samkvæmt framansögðu að 2. málsgrein 4. greinar skuli orðast svo:

Samvinnufélög þau, er öðlast hafa leyfi til að reka lyfjabúð fyrir gildistöku laga þessara, halda leyfi sínu til 30. júní 1988. Að þeim tíma liðnum skulu leyfin auglýst með venjulegum hætti.

Þór Sigþórsson.

Fylgiskjal 3.

27. febrúar 1979.

Í fertugustu grein draga að frumvarpi til laga um lyfjadreifingu dags. 27. febrúar 1979 er lýst og kveðið á um það grundvallaratriði, að skilja beri að ráðgjöf um lyfjanotkun og lyfjaval og sérstaka hagsmuni vegna lyfjasölu.

Hinum almenna neytanda er nauðsyn að geta hiklaust falið trúnað sinn lækni eða lyfjafræðingi eða hverjum öðrum, sem heimild hefur til að veita upplýsingar og ráðgjöf eða gefa fyrirmæli um notkun og val lyfja. Slíkum trúnaði fylgir að ráðgefandi sé óumdeilanlega óháður sérfræðingur svo sem greinin lýsir.

Vegna aðstæðna á íslenskum lyfjamarkaði í dag þykir rétt að veita allt að fjögurra ára aðlögunartíma þeim fyrirtækjum sem ekki samrýmast ákvæðum fertugustu greinarinnar við gildistöku hennar.

Undirrituðum þykir og rétt að ráðherra geti framlengt þennan frest vegna skammtímasjónarmiða um fjármögnun innlendrar lyfjaframleiðslu, sýnist það vænlegt, og sérstök skilyrði séu fyrir hendi.

Hinu ber þó að lýsa og vara við að bein og óbein tengsl umbjóðenda erlendra sérlyfjaframleiðenda, þar sem umbjóðandi er jafnframt innlendur lyfjaframleiðandi, eru í flestu líklegri til að virka hemjandi en hvetjandi á þróun hinnar innlendu framleiðslu sé til lengri tíma litið.

Í samræmi við ofanritað leggjum við til að 3. grein bráðabirgðaákvæða draganna orðist svo:

„Lyfjaheildsölur, sem starfa í bága við ákvæði 40. gr. við gildistöku laga þessara, hafa 4 ára frest til að aðlaga sig þeim.

Ráðherra getur framlengt þennan frest ef fyrirtæki, sem starfar þegar lög þessi öðlast gildi og hefur að meginmarkmiði eflingu innlendrar lyfjaframleiðslu, er almennt í eign lyfsala og lyfjafræðinga og enginn einstakur þeirra á verulegra hagsmuna að gæta í fyrirtækinu."

Georg Tryggvason. **Einar Birnir.** **Sigmundur Sigfússon.**

Fylgiskjal 4.

27. febrúar 1979.

Veiting lyfsöluleyfis felur í sér það tvennt meðal annars að vera opinber embættisveiting og að vera veiting einkasöluleyfis (í héraði eða hverfi) til einstaklinga, með væntanlega þrem undantekningum. Slíkri embættisveitingu fylgir að sjálfsögðu sá réttur að viðkomandi geti sagt embættinu lausu ef honum svo sýnist.

Verði þessi drög að frumvarpi, að lögum, er og vel fyrir því séð að ekki verði stofnuð lyfjabúð nema rekstrargrundvöllur sé fyrir hendi að yfirsýn þar til bærra umsagnaraðila.

Það er augljóst að sé á einhverjum tíma meirihluti á löggjafarþingi þjóðarinnar fyrir þjóðnýtingu þessara (lyfjabúða) eða annarra fyrirtækja getur slíkt eignarnám farið fram. Hitt er með öllu ófært að einstakir menn, sem veitingu hafa fengið sbr. ofanritað og hafa ekki sýnt fram á verulega eða t. d. sérstaka staðbundna (sbr. lyfjalög nr. 49/1978, 41. gr. 1., 2. og 4. liður) rekstrarerfiðleika, geti ákveðið á eina hendi að hætta rekstri. Án þess að segja embætti sínu lausu og þar á ofan að sjóður kostaður af opinberu fé sé skyldugur að taka við rekstri þeirra. Þeir skipi sjálfa sig um leið forstjóra þessa sama reksturs áfram, en nú á ábyrgð og kostnað hins opinbera sjóðs.

Í samræmi við ofanritað tel ég að síðasta málsgrein þriðju greinar, draga að frumvarpi til laga um lyfjadreifingu dags. 27. febrúar 1979 eigi að falla niður.

Einar Birnir.

Fylgiskjal 5.

Reykjavík, 28.02.1979.

Athugasemdir og sérálit fulltrúa A. Í. í Lyfjadreifingarnefndinni við frumvarpsdrögin.

Lyfjadreifingarnefnd telst nú hafa lokið störfum sínum. Að mati A. Í. hefur samningu frumvarpsins verið hraðað óþarflega mikið þar eð engin knýjandi þörf er á skjótum breytingum á því fyrirkomulagi lyfjadreifingarinnar, sem nú er við líði. Við teljum að æskilegt hefði verið að kanna og vinna betur einstaka þætti frumvarpsdraganna, en mjög knöpp tímamörk voru sett um samningu þeirra og bera þau merki þess.

A. Í. lýsir því yfir að það telur margt fært til betri vegar með þessu frumvarpi, en þó er ýmislegt sem að okkar dómi er til hins verra.

Hjálagt gerum við athugasemdir við 3 greinar frumvarpsins og lýsum jafnframt andstöðu okkar við ákvæði 40. greinarinnar hvað snertir lyfsala og aðra starfsmenn lyfjabúða.

Apótekarafélag Íslands,

Werner Rasmusson, formaður.

Athugasemdir Apótekarafélags Íslands við drög að frumvarpi til laga um lyfjadreifingu.

Um 7. mgr. 3. gr.

Menn getur greint á hvort lyfjabúðir landsins skuli reknar af einkaaðilum eða af því opinbera.

A. Í. fer þó ekki dult með þá skoðun sína að einkarekstur lyfjabúða landsins eins og hann er í dag sé frá þjóðhagslegu sjónarmiði séð, bæði ódýrasta og þjónustulega besta rekstrarformið.

Ákvæði þessarar greinar um að hver einstakur lyfsali geti einhliða ákveðið að lyfsölusjóður kaupi lyfjabúð hans og að ráðherra ákveði hvort leyfið skuli auglýst

að nýju eða lyfsölusjóður reki lyfjabúðina áfram er verið að auka verulega á verksvið lyfsölusjóðs, sem upprunalega var aðeins ætlað að reka lyfjabúð til bráðabirgða í neyðartilvikum.

Látin var fara fram atkvæðagreiðsla í A. Í. um fyrrnefnd ákvæði og var meiri hluti félaga andvígur því að lyfsölum væri gert kleift að ráðstafa lyfjabúðum sínum á framangreindan hátt.

Um 2. málsgr. 4. gr.

A. Í. álítur mjög óheppilegt að rekstrarform lyfjabúða séu mörg og ólík. Samkvæmt þessum drögum eiga þau að vera a. m. k. þrenns konar:

1. einstaklingsfyrirtæki,
2. samvinnufélög,
3. ríkisstofnun (Háskóli Íslands, Lyfsölusjóður).

Svo nokkuð sé nefnt má geta þess að mikill mismunur er t. d. á skattlagningu fyrrnefndra rekstrarforma og gæti það m. a. valdið Lyfjaverðlagsnefnd erfiðleikum í sambandi við ákvörðun lyfjaverðs.

A. Í. styður sérálit formanns nefndarinnar um Samvinnulyfjabúðir (sjá fskj. 1).

Um 40. gr.

Ákvæði þessarar greinar stefna að því að útiloka lyfsala og lyfjafræðinga frá þátttöku í fyrirtækjum, sem annast umboð, innflutning og heildsölu sérlyfja.

Rök þau, sem notuð eru til stuðnings þessa ákvæðis eru að lyfjafræðingar í apótekum hafi það mikil áhrif á lyfjaval lækna að þeir geti með ráðleggingum sínum dregið taum ákveðinna erlendra sérlyfjaframleiðenda í eiginhagsmunaskyni. En þetta á sér litla stoð í raunveruleikanum. Fyrirspurnir lækna til lyfjafræðinga eru fyrst og fremst um auknar upplýsingar, svo sem skömmtun, aukaáhrif, samsetningu ákveðinna tiltekinna lyfja, en ekki leiðbeiningar um lyfjaval. Fljótt á litið virðast lyfsalar og lyfjafræðingar geta átt mikilla hagsmuna að gæta með eignaraðild að lyfjainnflutningsfyrirtæki, en þegar betur er að gáð kemur í ljós að innflutningur sérlyfja er bundin einkaumboðum og einkainnflutningi og ráða apótekin því ekki hvar þau kaupa tiltekin lyf eins og var árið 1963 þegar Lyfsölulögin voru sett. Þá gátu fleiri en eitt fyrirtæki flutt inn frá sama sérlyfjaframleiðanda og þá gátu apótekin vissulega hyglað einu heildsölufyrirtæki umfram annað.

Eins og kunnugt er stofnuðu lyfsalar innkaupasamband árið 1956 og var markmiðið með stofnun þess að sjá apótekum landsins fyrir ýmsum þeim vörum sem þeim er lögum samkvæmt skylt að hafa á boðstólum, en engin heildsali skyldur að versla með. Samtökin efldust og hófu rekstur lyfjagerðar og hefur fyrirtæki þeirra Pharmaco h. f. í nokkur ár verið í fararbroddi hvað varðar framleiðslu lyfja og er með stærri innflytjendum á erlendum sérlyfjum. Sem dæmi má nefna að þegar í ársbyrjun 1972 hófst gæðaeftirlit með framleiðslu fyrirtækisins í eigin rannsóknarstofu, sem var hin fyrsta sinnar tegunar hér á landi.

Með drögum þessum er stefnt að því að útiloka starfrækslu fyrirtækisins í núverandi mynd, en Pharmaco h. f. virðist vera mikill þyrnir í augum hinna lyfjaheildverslananna sem hver um sig er í eigu einstakra fjölskyldna og telja Pharmaco h. f. óþægilegan keppinaut.

Í 3. grein bráðabirgðaákvæðanna er að vísu gert ráð fyrir því að ráðherra geti veitt undanþágu frá ákvæðum 40. greinar fyrir fyrirtæki sem uppbyggt er eins og Pharmaco h.f. Sé tillit tekið til þess að uppbygging og skipulagning lyfjaframleiðslu verður að miða til nokkurra ára fram í tímann er augljóst að mikil óvissa skapast um rekstrargrundvöll og áframhaldandi uppbyggingu innlendrar lyfjaframleiðslu þegar rekstrarformið er háð samþykki ráðherra, sem getur veitt og afturkallað starfsleyfi að eigin geðþótta.

A. Í. álítur sjálfsagt að lyfsölum og starfsmönnum lyfjabúða sé óheimilt að vera persónulegir umboðsmenn erlendra sérlyfjaframleiðenda, en telur fráleitt að banna

þeim takmarkaða þátttöku í félögum, sem eru umboðsaðilar. Ef löggjafinn ákveður að samþykkja ákvæði 40. gr. óbreytt frá því sem í drögunum er, álítur A. Í. óhjákvæmilegt annað en að undanþáguheimildinni fyrir óbreyttri starfsemi Pharmaco h. f. sé bundin í lögunum sjálfum.

A. Í. vill ennfremur ítreka nauðsyn þess að Pharmaco h. f. geti samhliða lyfjaframleiðslunni óbreytt flutt inn og selt erlend sérlyf til þess að tryggja áframhaldandi rekstur og uppbyggingu þess.

Lyfjaheildsalar hafa bundist sterkum samtökum til verndar hagsmunum sínum. Apótekin eru skylduð samkvæmt lögum til þess að kaupa lyf sín hjá þessum aðilum, sem hver um sig er einkainnflytjandi fyrir tiltekna erlenda framleiðendur. Með félagslegri þátttöku lyfsala og lyfjafræðinga í Pharmaco h. f. hefur skapast aðstaða til þess að knýja á samtök lyfjaheildsalanna um betri og hagkvæmari þjónustu með hagsmuni neytandans fyrir augum. Lyfjaverðlagsnefnd ákvarðar smásöluverð lyfja samkvæmt stöðluðum rekstrarskýrslum, sem apótekum landsins er skylt að skila árlega.

Ekki eru neinar slíkar lagalegar kröfur gerðar til lyfjaheildsala sem væri þó mjög eðlileg ráðstöfun til ákvörðunar lyfjaverðs.

Það er skoðun A. Í. að öll lyfjadreifing, bæði í heildsölu og smásölu eigi að vera í höndum þeirra, er hafa sérmenntað sig til þess. Ákvæði 40. gr. stefnir að því að koma heildsöludreifingunni til aðila sem eru utan stéttar lyfjafræðinga.

Apótekarafélag Íslands,

Werner Rasmusson, formaður.

Nd. 614. Frumvarp til laga [291. mál]

um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Nefnd sex manna, tilnefnd af samtökum framleiðenda og ríkisstjórninni skal á grundvelli ákvæða 4. gr. ákveða afurðaverð til framleiðenda og verð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu, samkvæmt nánari ákvæðum laga þessara. Af hálfu framleiðenda tilnefnir stjórn Stéttarsambands bænda tvo menn í nefndina en Framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann. Ríkisstjórnin tilnefnir þrjá menn. Fulltrúar ríkisins í nefndinni skulu auk þess sem þeir gæta þess að fylgt sé ákvæðum 4. gr., gæta hagsmuna neytenda í landinu og er ríkisstjórninni rétt að velja þá, með tilliti til þess. Tilnefningu fulltrúa í Sexmannanefnd skal lokið 15. júlí ár hvert.

Hagstofustjóri og forstöðumaður Búreikningastofunnar skulu vera nefndinni til aðstoðar.

2. gr.

3. málsgrein 6. gr. orðist svo:

Náist ekki meirihluti í Sexmannanefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, eða varðandi verðlagningu söluvara samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar, skal vísa ágreiningnum til þriggja manna yfirnefndar er fellir fullnaðarúrskurð. Hvor nefndarhluti Sexmannanefndar tilnefnir einn mann í nefndina þó ekki úr hópi nefndarmanna, en oddamaður skal tilnefndur af nefndinni í heild. Fái enginn stuðning meirihluta Sexmannanefndar sem oddamaður, tilnefnir hæstiréttur oddamanninn. Skipa skal varamenn á sama hátt.

3. gr.

Í stað orðsins „neytenda“ í 7. gr. komi „ríkisstjórnarinnar“.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir, að lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins verði breytt, m. a. á þann hátt að teknir verði upp beinir samningar fulltrúa bænda og ríkisvaldsins um verðlags-, framleiðslu- og önnur hagsmunamál landbúnaðarins.

Á grundvelli þessa ákvæðis samstarfsyfirlýsingarinnar er þetta frumvarp flutt.

Ekki hefur enn náðst samstaða um heildarendurskoðun Framleiðsluráðslaganna. Er því lagt til að nú verði aðeins breytt þeim ákvæðum sem fjalla um skipun Sexmannanefndar og yfirnefndar í það horf að ríkisstjórnin tilnefni fulltrúa í þessar nefndir í stað samtaka launþega eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum.

Það hefur lengi verið ósk samtaka bænda að þessi háttur yrði upp tekinn.

Ekki eru lagðar til breytingar á verksviði Sexmannanefndar frá því sem er í gildandi lögum en þó má gera ráð fyrir því þegar ríkisvaldið er orðinn þátttakandi í samningagerðinni að grundvöllur skapist til samninga á breiðum grundvelli um verðlags- og kjaramál milli ríkisvaldsins og bænda.

Mjög er brýnt að slíkir beinir samningar geti hafist sem fyrst, þar sem leitað verði leiða til lausnar þess vanda sem nú er í framleiðslu- og sölumálum landbúnaðarins. Jafnframt verði í slíkum samningum unnið að því að aðlaga landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðarinnar betur en nú er, og bæta félagslega stöðu búvöruframleiðenda.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um skipun Sexmannanefndar.

Meginbreytingin er sú að gert er ráð fyrir að ríkisstjórnin skipi þrjá menn í nefndina í stað Alþýðusambands Íslands, Landssambands iðnaðarmanna og Sjómannafélags Reykjavíkur, sem samkvæmt gildandi lögum hafa rétt til að tilnefna einn mann hvert í Sexmannanefnd.

Niður eru felld ákvæði um hvernig með skuli fara ef einhver aðili ekki tilnefnir menn í nefndina. Naumast er ástæða til að gera ráð fyrir að til slíks komi þegar um er að ræða beina samninga við ríkisvaldið.

Um 2. gr.

Felld eru niður ákvæði í 3. málslið 6. greinar um starf sáttasemjara í þessum málum, en gert ráð fyrir að ágreiningsefnum sé vísað beint til yfirnefndar.

Þá eru felld niður ákvæði 3. málsliðar greinarinnar um hvernig með skuli fara ef málsaðilar nota ekki rétt til að tilnefna menn í yfirnefnd.

Um 3. gr.

Greininni er breytt til samræmis við það að gert er ráð fyrir að ríkisstjórnin verði aðili að Sexmannanefnd í stað neytenda áður.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um gildistöku laganna. Gert er ráð fyrir að þau taki þegar gildi og yrði þá skipun Sexmannanefndar samkvæmt þeim lokið fyrir 15. júlí n. k.

Ed. **615. Frumvarp til laga** [292. mál]

um breytingu á lögum nr. 32/1933 um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Smjörlíki nefnist í lögum þessum allt það feitmeti sem líkist smjöri, hver svo sem uppruni þess er eða samsetning, þegar í því er feiti sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur, í magni er nemur meiru en 25% af heildarmagni fitunnar. — Ostlíki nefnist ostur sem í er önnur fita en mjólkurfita, í magni er nemur meiru en 25% af heildarmagni fitunnar. — Rjómalíki nefnist feitijafningur sem líkist rjóma, en inniheldur aðra feiti en mjólkurfitu í magni er nemur meiru en 25% af fitumagninu. — Mjólkurlíki kallast vökvi sem líkist mjólk að útliti og efnasamsetningu en inniheldur feiti sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur, í magni er nemur meiru en 25% af heildarfitumagni. — Þar sem í lögum þessum er talað um smjörlíkisgerð, eftirlit með smjörlíkisgerðum o. s. frv., tekur það einnig til ostlíkis-, mjólkurlíkis- og rjómalíkisgerða, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl. hafa verið óbreytt í nær hálfa öld.

Á þessum tíma hefur hinsvegar orðið veruleg breyting í tækni og geymslu matvæla á heimilum og utan þeirra, þekkingu á matvælaframleiðslu, neysluvenjum og næringarþörf. Íslenskur mjólkuriðnaður hefur eftir föngum lagað sig að breyttum aðstæðum hverju sinni með leitun að fjölbreyttara tegundavali og með hliðsjón af hollustuháttum, þó einkum á sviði ostagerðar og mjólkurdrykkja.

Á síðari árum hefur komið fram áhugi fyrir fjölbreyttari framleiðslu smjörafurða með hliðsjón af nýjum viðhorfum við geymslu og gerðar matvælanna. Hefir þar verið haft í huga að halda bragðeiginleikum smjörsins og fjölbreytni þess í tegundum fitusýra og gera það auðsmyrjanlegt við kæliskápshitastig.

Til þess þarf að blanda það með óhertri jurtaolíu (soya-olíu) innan þeirra marka sem heimilað er með þessari lagabreytingu.

Íblöndunin fer fram með tækni sem háð er einkaleyfi, en er framkvæmanleg með þeim vélaútbúnaði sem mjólkuriðnaðurinn ræður yfir.

Á árunum 1969 og 1970 setti sænski mjólkuriðnaðurinn á markaðinn nýja afurð undir nafninu BREGOTT. Það er smjör með að jafnaði 20% íblöndun soyaolíu af fituinnihaldi, þó mismunandi eftir eðli smjörfitunnar á hverjum stað, og árstíma.

Á yfirstandandi ári komu fram óskir frá Osta- og smjörsölunni í Reykjavík til landbúnaðarráðuneytisins um að kannaðir væru möguleikar þess að framleidd yrði og seld hér innanlands hliðstæð afurð. Ráðuneytið taldi þessa ósk eðlilega en taldi jafnframt að til þess þyrfti breytingu á fyrrnefndum lögum.

Breyting sú sem hér er lagt til að verði gerð, leiðir af sér að afurð hliðstæð BREGOTT mun ekki heyra lengur undir lög um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl. frekar en framleiðsla á smjöri án íblöndunar, heldur undir lög nr. 12 frá 17. mars 1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lög nr. 24 frá 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

Nefna ber að í niðurstöðum samstarfsnefndar, sem vinnur að endurskoðun á reglugerð um mjólk og mjólkurvörur nr. 269/1973, segir:

„Mjólkurvara er hver sú matvara sem unnin er úr mjólk eða fellur til við mjólkurvinnslu. Í mjólkurvöru geta auk efna mjólkurinnar verið ýmsir aðrir efnisþættir (sbr. 14. gr.). Efnisþættir þessir mega ekki fara yfir 25% af heildarmagni mjólkurvörunnar. Undir reglugerð þessa falla þær gerðir mjólkurvöru, sem taldar eru í 4.—13. gr.“

Að sjálfsögðu yrði smjör án íblöndunar áfram á boðstólum, því hér er einungis verið að hugsa um fjölbreyttara tegundaval fyrir neytendur, en verið hefur.

Um 1. gr.

Í núgildandi lögum telst smjörlíki allt það feitmeti, sem líkist smjöri, hver sem uppruni þess er eða samsetning, þegar í því eru einhver þau fituefni, sem ekki eiga rót sína að rekja til mjólkur, það er án tillits til magns þeirra í hlutfalli við mjólkurfeiti.

Sama regla er fyrir ostlíki, rjómalíki og mjólkurlíki.

Með þeirri breytingu sem frumvarpið felur í sér, er þeirri skipan komið á, að önnur feitiefni en úr mjólk, mega nema allt að 25% af heildarfeitimagni rjóma, smjörs, osta eða mjólkur, án þess að nefnist smjör-, rjóma, ost- eða mjólkurlíki, og falli undir þessi lög.

Ed. 616. Nefndarálit [238. mál]

um frv. til laga um námsgagnastofnun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Tveir nefndarmenn, Oddur Ólafsson og Ragnhildur Helgadóttir, skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 2. maí 1979.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Bragi Níelsson, fundaskr.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Helgi F. Seljan.	Ragnhildur Helgadóttir, með fyrirvara.	Oddur Ólafsson, með fyrirvara
	Alexander Stefánsson.	

Ed. 617. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 7. maí 1979.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr.		Bragi Sigurjónsson.
Bragi Níelsson.	Jón Helgason.	Jón G. Sólnes.	Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 618. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd neðri deildar hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Við undirritaðir nefndarmenn leggjum til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem við flytjum á þingskjali 619.

Þetta er í þriðja sinn sem frumvarp til laga um framhaldsskóla liggur fyrir Alþingi. Frumvarpið var að þessu sinni lagt fram í desembermánuði, og strax að loknu jólaleyfi þingmanna hófust reglubundin störf beggja menntamálanefnda Alþingis við frumvarpið. Fundir voru 14 talsins og haldnir daglega er dró nær lokum. Fjölmargar umsagnir lágu fyrir. Eftirtaldir aðilar komu á fund nefndarmanna og ræddu meginstefnu frumvarpsins, einstök atriði þess og málefni framhaldsskólastigsins í heild: Hörður Lárusson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, Guðmundur Arnlaugsson, rektor Menntaskólans við Hamrahlíð, Guðni Guðmundsson, rektor Menntaskólans í Reykjavík, og Ólafur Ásgeirsson, skólameistari Fjölbrautaskólans á Akranesi.

Það frumvarp til laga um samræmdan framhaldsskóla, sem hér liggur fyrir, hefur þá meginstefnu að jafna möguleika nemenda til náms, hvar svo sem þeir eru búsettir á landinu, og binda endi á þá úreltu aðgreiningu á verkmenntun og bóklegu námi sem núverandi skipulag framhaldsnáms gerir ráð fyrir. Í samræmdum framhaldsskóla er öllum námsbrautum gert jafnt undir höfði, bæði stjórnunarlega og fjárhagslega. Skipulag hins samræmda framhaldsskóla tryggir því jafnframt að möguleikar til áframhaldandi náms fylgja jafnt öllum námsbrautum, en við núgildandi skipulag eru þessi sjálfsögðu réttindi að mestu bundin við þá sem valið hafa bóknámsleiðina, en nemendur á verknámsbrautum hafa haft afar takmarkaða möguleika á að skipta um námsbraut eða sækja fram til æðri menntunar. Opnar leiðir eru milli allra námsbrauta, og veitir það hverjum einstökum nemanda svigrúm og aukið valfrelsi til að finna nám við sitt hæfi.

Yfirgnæfandi meiri hluti umsagnaraðila lýsir fyllsta stuðningi við þessa meginstefnu frumvarpsins, enda þótt ýmsar athugasemdir hafi verið gerðar við einstök atriði þess.

Í ályktun fundar fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var á Húsavík 28. og 29. mars einvörðungu til þess að fjalla um frv., segir:

„Þrátt fyrir þá ágalla, sem hér hefur verið bent á, leggur fulltrúaráðið áherslu á, að það er sammála mörgum atriðum frumvarpsins og telur brýnt, að lög um samræmdan framhaldsskóla verði sett."

Þá segir í umsögn frá Fræðsluráði Reykjavíkur:

„Fræðsluráð Reykjavíkur vísar til þeirrar afstöðu er fram kom í umsögn þáverandi fræðsluráðs frá nóvember 1977, að það væri „samþykkt þeirri meginstefnu frumvarpsins að allt nám á framhaldsskólastigi verði samræmt og námsefni skipað í skilgreinda áfanga með opnum leiðum til framhaldsnáms."

„Mikilvægt er," segir enn fremur í þessari umsögn fræðsluráðs, „að stefnt er að því að nemendur stöðvist ekki í námi né tefjist að ráði þótt þeir leiti nýrra leiða á námsbrautinni. Mjög er því til bóta að ætla nemendum mislangan tíma til að ljúka sama námsefni. Fræðsluráð fagnar ekki hvað síst þeirri viðleitni er í frumvarpinu felst að gera verk- og bóknámi jafnhátt undir höfði og væntir þess að þeirri stefnu verði fast fylgt eftir."

Ekki er ráðrúm í nefndaráliti að vitna í þá ótalmörgu aðila sem lýsa stuðningi við hugmyndina um samræmdan framhaldsskóla og hvetja til lagasetningar um hann. Meðal þeirra eru t. d. Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasambandið, Félag menntaskólakennara, ýmis fræðsluráð og reyndir skólamenn. Fljótlegra væri að til-

greina þá sem eru hugmyndinni andvígir eða leggjast gegn því að Alþingi afgreiði frumvarpið.

Við minnum á, að nú þegar eru skólamenn í nánast öllum fræðsluumdæmum landsins farnir að skipuleggja nám samkvæmt meginhugmyndum frumvarpsins um samræmdan framhaldsskóla og hætt er við að skortur á lagasetningu hamli mjög eðlilegri þróun þessara mála.

Þá minnum við einnig á, að samræmdur framhaldsskóli er forsenda þess, að grunnskólalög geti komið til fullra framkvæmda, enda liggur sama menntastefnan til grundvallar báðum þessum skólastigum, sem hljóta því að byggjast upp í samhengi.

Þá er í frv. kveðið á um hlutdeild framhaldsskóla í fullorðinnafræðslu, og teljum við að þar sé stórum áfanga náð í þessum mikilvæga þætti menntunar og löngu orðið knýjandi að Alþingi komi skipulagi á hann.

Augljóst er af framansögðu að hlutur Alþingis liggur eftir, og teljum við ekki vansalaust að Alþingi skjóti sér lengur undan þeirri ábyrgð að afgreiða frumvarp til laga um framhaldsskóla. Teljum við að með breytingartillögum okkar sé bætt úr helstu ágöllum frumvarpsins og með þeim séu þeir agnúar á brott numdir, sem voru okkur og flestum umsagnaraðilum helst þyrnir í augum.

Ein veigamesta breytingin á frv. frá fyrri gerðum þess varðar fjármögnun framhaldsskólastigsins. Í frv. er gert ráð fyrir að tvö fyrstu ár framhaldsskólans séu kostuð sameiginlega af ríki og sveitarfélögum eftir hliðstæðum meginreglum og gilda um grunnskóla, en kostnaður af námi umfram tvö fyrstu árin greiðist af ríkissjóði.

Fulltrúaráðsfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga á Húsavík 28. og 29. mars fjallaði sérstaklega um framhaldsskólafrumvarpið. Í ályktun þess fundar segir m. a. svo um kostnaðarákvæði frumvarpsins:

„Verði sú niðurstaða löggjafans við samþykkt þessa frumvarps, að aukin verði kostnaðarleg þátttaka sveitarfélaga í rekstri framhaldsskóla, verður að gera þá kröfu, að annað tveggja verði gert, að létta af þeim útgjaldaliðum eða veita þeim nýja tekjustofna til að mæta þeim kostnaði.

Samkvæmt athugun, sem gerð var á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga, hefur komið fram, að kostnaðarauki sveitarfélaga af rekstri framhaldsskóla er áætlaður um 500 millj. kr. miðað við verðlag á árinu 1979. Þá má einnig gera ráð fyrir einhverjum kostnaðarauka sveitarfélaga vegna stofnkostnaðar.

Til þess að bæta sveitarfélögum aukna greiðslubyrði munum við að beiðni menntamálaráðherra flytja frumvarp til laga um breytingu á þeim ákvæðum laga nr. 63/1974, um grunnskóla, er snerta viðhald og endurnýjun fasteigna og búnaðar, í þá mynd sem þau höfðu fram til 1975, en þá var sú breyting gerð að sveitarfélög skyldu greiða þessa kostnaðarliði að fullu. Áætlað er að hluti ríkissjóðs í viðhaldskostnaði vegna grunnskóla, ef það frumvarp verður að lögum, verði 770 milljónir króna miðað við verðlag á árinu 1979. (Sjá nánar í greinargerð með því frumvarpi.)

Við teljum að með þessu móti sé fyllilega komið til móts við kröfu Sambands íslenskra sveitarfélaga um að fjárhagsbyrðar sveitarfélaganna aukist ekki þótt kostnaðarskipting sú, sem frumvarp til laga um framhaldsskóla gerir ráð fyrir, verði að lögum. Þá teljum við rökrétt að velja þessa leið þar eð fullt samræmi yrði þá í þessum efnum varðandi grunnskóla og fyrstu tvö ár framhaldsskólans, en víða á landinu, einkum utan höfuðborgarinnar, er allt þetta nám kennt í sama húsnæðinu.

Nefndin kvaddi Indriða Þorláksson, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu, á sinn fund til þess að ræða kostnaðaráhrif frumvarpsins í heild. Samdi hann einnig, að beiðni nefndarinnar, greinargerð um áhrif frumvarpsins á heildarkostnað framhaldsskóla og er sú greinargerð prentuð sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti. Um fjármál framhaldsskólans má einnig lesa í greinargerð með frumvarpinu (bls. 53—58), og er sú greinargerð byggð á athugun sem unnin var af fjárlaga- og hagsýslustofnun-

inni og menntamálaráðuneytinu í mars 1977, áður en frumvarpið var lagt fram upphaflega.

Verði frumvarp til laga um framhaldsskóla samþykkt mun það hafa mikla kerfisbreytingu í för með sér, þar eð allt framhaldsnám verður innan einnar rammalöggjafar og lög um sérskóla og einstaka þætti framhaldsfræðslu afnumin. Eru þau lög talin upp í 37. gr. frumvarpsins, og er sú upptalning auðvitað tengd hugmyndum nefndarinnar, sem samdi frumvarpið, um námsbrautirnar átta sem skýrðar eru í greinargerð frumvarpsins.

Það er álit undirritaðra nefndarmanna, að með þeirri afgreiðslu mála, sem lögð er til í frumvarpinu, færist úrslitavald um skipulag framhaldsskóla með of skjótum og gagngerum hætti úr höndum Alþingis til menntamálaráðuneytisins. Teljum við að ýmsir þættir framhaldsnáms þurfi miklu meiri umræðu við áður en endanleg ákvörðun er tekin um einstakar námsstofnanir. Gildir þetta einkum um sérnám ýmiss konar, sem einmitt um þessar mundir er í mikilli gerjun. Er hér t. d. um að ræða hjúkrunarnám, fósturnám og vélstjóranám. Talsmenn þessara stétta hafa eindregið mótmælt þeim hugmyndum sem fram koma í greinargerð frumvarpsins um tilhögun náms þeirra. Nefndin hélt sérstakan fund um menntunarmál hjúkrunarfræðinga og mættu á þeim fundi: Jóhanna Bernharðsdóttir, form. Félags háskólamenntaðra hjúkrunarkvenna, María Pétursdóttir, skólastjóri Nýja hjúkrunarskólans, Svanlaug Árnadóttir, formaður Hjúkrunarfélags Íslands, Þorbjörg Jónsdóttir, skólastjóri Hjúkrunarskóla Íslands, og Ólafur Ólafsson, landlæknir. Þá mættu á annan fund nefndarinnar fulltrúar frá Nemendafélagi Fósturskóla Íslands (Rannveig Traustadóttir o. fl.) og ræddu menntunarmál sín við nefndarmenn.

Af ástæðum, sem að framan eru greind, og vegna mótmæla þessara aðila við 37. gr. frumvarpsins, leggjum við því til að Alþingi marki stefnuna í málefnum sérskólanna með samþykkt þingsályktunar um meginefni þeirra reglugerða er settar verða um hverja námsbraut. Með því móti, ef samþykkt verður, er tryggt að Alþingi fjallar sérstaklega um hvern námsþátt framhaldsskólastigsins og enginn sérskóli verður lagður niður með lögum nema Alþingi hafi áður fjallað um hann sérstaklega og samþykkt aðra skipan á þeirri menntun er þar er veitt.

Um aðrar breytingartillögur okkar verður nánar fjallað í framsögu.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 7. maí 1979.

Svava Jakobsdóttir, form., frsm. Ingvar Gíslason, fundaskr. Bjarnfríður Leósdóttir.

Eiður Guðnason, með fyrirvara. Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Frumvarp til laga um framhaldsskóla.
Áhrif frumvarpsins á heildarkostnað framhaldsskóla.

Í greinargerð með frumvarpinu á bls. 53—58 er fjallað um kostnaðaráhrif þess. Sú umfjöllun er byggð á athugun sem unnin var af fjárlaga- og hagsýslustofnuninni og menntamálaráðuneytinu í mars 1977, áður en frumvarpið var lagt fram upphaflega.

Eins og þar er bent á er töluleg úttekt á kostnaði af frumvarpinu mjög erfið, þar sem frumvarpið er rammi nýrrar námsskipunar, en fjallar ekki um einstök framkvæmdaatriði. Lögunum er ætlað að móta og stýra þróun framhaldsskólans og sem

slíkt hefur það áhrif á ýmsa þá þætti sem ákvarða kostnað af skólahaldinu. Í greinargerð frumvarpsins og ofangreindri athugun er leitast við að afmarka þessa þætti og leiða rök að væntanlegri þróun þeirra og áhrifum hennar á kostnað.

Rétt er að hafa hugfast að þróun og breytingar í þessum efnum eru og hafa verið í gangi á liðnum árum og verða það framvegis með eða án nýrrar löggjafar. Gildir það um flesta þá þætti sem nefndir eru í greinargerðinni. Er því afar hæpið að tengja kostnaðarbreytingar beinlínis við ákvæði frumvarpsins, nema að því marki sem það mótar þessari þróun braut sem leiðir til kostnaðarmeiri eða kostnaðarminni framkvæmdar á skólahaldi en ætla má að orðið hefði án laganna.

Þær hreyfingar áhrifaþátta og áhrif þeirra á kostnað, sem um er fjallað í greinargerðinni, eru í stórum dráttum þessar:

I. Rekstrarkostnaður.

a) Fjöldi námsmanna.
b) Kennslukostnaður í almennu bóknámi.
c) Verknámskennsla.
d) Kostnaður vegna skólasóknar nemenda.
e) Fræðsla fullorðinna.
f) Námsskrárgerð.
g) Menntun kennara.
h) Stjórnun.

II. Stofnkostnaður.

a) Almennt kennsluhúsnæði.
b) Verknámsaðstaða.
c) Heimavistir.

I. Rekstrarkostnaður.

a) Fjöldi námsmanna.

Hlutfallsleg skólasókn á framhaldsskólastigi er orðin mjög mikil og nærri því marki sem gert er ráð fyrir í greinargerðinni. Nemendur á framhaldsskólastigi eru nú um 12 000. Ekki verður um fjölgun að ræða á næstu árum vegna fjölgunar landsmanna í þeim aldurshópum sem máli skipta þar sem þeim fer heldur fækkandi. Þær breytingar, sem frumvarpið felur í sér, eru í greinargerðinni taldar fremur munu leiða til fækkunar á námsmönnum þar sem nám yrði markvissara og blindgötur og krókaleiðir verða ekki eins til að lengja námstíma og nú er. Skv. greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að nemendur í framhaldsskólum verði að óbreyttri árgangastærð um 10 000 talsins. Vera kann að sú áætlun sé í lægra lagi, en í öllu falli virðist með rökum unnt að fullyrða að um fjölgun verði ekki að ræða, en e. t. v. nokkra fækkun.

b) Kennslukostnaður, bóknám.

Kennslukostnaður er langstærsti einstaki útgjaldaliður skólahalds eða um 70% rekstrarkostnaðar. Verður hann best mældur með fjölda kennslustunda sem framkvæmdar eru. Sá fjöldi ræðst í aðalatriðum af tvennu, þ. e. heildarfjölda nemenda og stærð námshópa. Á fjölda nemenda hefur þegar verið minnst. Stærð námshópa er óvissari þáttur þegar litið er fram á við. Annars vegar býður það kerfi, sem verið hefur að ryðja sér til rúms í framhaldsskólum, svokallað áfangakerfi, upp á þannig möguleika að vænta má tilhneigingar til að skipta nemendum í fremur smáa námshópa, en einnig felur það í sér möguleika til aukinnar samkennslu og þar með fækkunar á

námshópum. Ætla má að ef staðið verður að stjórnun þessa þáttar með sæmilega hagkvæmum hætti megi halda stærð námshópa í bóklegu námi áþekkum og nú er, en hún er í þéttbýli um 20 nemendur að jafnaði, en eitthvað lægri í dreifbýli. Með tilliti til þessara tveggja þátta, nemendafjölda og stærðar námshópa, má ætla að kennslustundafjöldi í bóknámi vaxi ekki.

c) **Verknámskennsla í skólum.**

Á síðustu árum hafa verknámsþættir iðnfræðslu í vaxandi mæli verið teknir inn í skólana. Á það einkum við um grunnnám, þ. e. verklegt undirstöðunám á fyrsta ári, en einnig framhaldsnám í nokkrum iðngreinaflokkum. Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að grunnnámið geti náð til u. þ. b. 70 námshópa (hver 12—15 nemendur) á landinu. Til kennslu í þessum hópum þarf um 50 kennara, þ. e. launakostnað um 250 millj. kr. á ári auk annars rekstrarkostnaðar sem ætla má um 150 millj. kr. á ári eða alls um 400 millj. kr. á ári. Ælta má að nærri helmingur af þessari kennslu sé kominn til framkvæmda þannig að aukning á þessu sviði að því er rekstrarkostnað varðar gæti orðið 200—250 millj. kr. Þá má gera ráð fyrir nokkurri aukningu í framhaldsdeildum verknámsskóla, en eins og bent er á í greinargerð frumvarpsins þarf að kanna hvort þær aðrar leiðir varðandi þennan námsþátt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, séu ekki hagkvæmari.

d) **Kostnaður við skólasókn.**

Sú stefna frumvarpsins að dreifa framhaldsnámi ætti að verða til þess að draga úr þeim kostnaði sem ella yrði vegna rekstrar heimavista og styrkja. Hins vegar má vænta nokkurrar aukningar á aksturskostnaði.

e) **Fræðsla fullorðinna.**

Kostnaður ríkisins af þessum þætti skólahalds hefur ekki verið stór á liðnum árum. Einkum hefur þar verið um að ræða svokallaðar öldungadeildir. Gera má ráð fyrir nokkurri aukningu í þessari starfsemi og auknum kostnaði ríkisins frá því sem nú er. Miðað við aðrar tillögur, sem fram hafa komið í þessu efni, má gera ráð fyrir að sú framkvæmd, sem frumvarpið miðast við, verði ódýrari þar sem nýttar eru stofnanir sem þegar eru fyrir hendi og kostnaði dreift á ríki, sveitarfélög og nemendur.

f) **Námsskrárgerð.**

Ljóst er að námsskrárgerð fyrir framhaldsskólann verður kostnaðarsöm. Til hennar voru á síðasta ári ætlaðar um 40 millj. kr., sem að mestu leyti gekk til námsskrárgerðar fyrir iðnfræðslu. Í grunnskólanum hefur þessi kostnaðarliður verið nærri 1% af rekstrarkostnaði skólanna. Vegna mun meira umfangs, fleiri og fjölbreyttari námsgreina má gera ráð fyrir að í framhaldsskólanum þurfi þessi kostnaður að vera hlutfallslega meiri um nokkurt skeið meðan álag vegna breytinga er mest.

g) **Menntun kennara.**

Í lögum um embættisgengi kennara og skólastjóra eru þau ákvæði sem marka stefnu í þessum efnum, og breytir þetta frumvarp ekki þar um. Kostnaðarauka er helst að vænta af endurmenntunarnámskeiðum sem vafalítið verður þörf fyrir. Miðað við svipað hlutfall og er á grunnskólastigi hefði kostnaður við endurmenntun framhaldsskólakennara orðið ca. 15 millj. kr. í stað um 5 millj. kr. sem til þess þáttar voru ætlaðar í fjárlögum 1978.

h) **Stjórnun.**

Ekki er ástæða til að ætla að kostnaðarauki verði verulegur af ákvæðum frumvarpsins um framhaldsskólaráð, sem ekki er ætlað að koma saman oft á ári hverju. Hins vegar er gert ráð fyrir að námssviðsnefndir og námsbrautanefndir verði allumsvifamiklar og fylgir því einhver kostnaðarauki. Á móti kemur að í sumum greinum eru þegar starfandi hliðstæðar nefndir sem lagðar yrðu niður.

II. **Stofnkostnaður.**

a) **Almennt kennsluhúsnæði.**

Ætla má að þessi þátur fylgi að mestu nemendafjölda og því ekki ástæða til að gera ráð fyrir aukningu frá þeim þörfum sem þegar eru fyrir höndum. Hins vegar má ætla að dreifing framhaldsnámsins og það skipulag, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verði til þess að auka nýtingu á skólahúsnæði úti um land sem fyrir er eða byggja þarf fyrir grunnskóla.

b) **Verknámsaðstaða.**

Húsnæði fyrir þá verklegu kennslu í iðnnámi, sem hafin er og ætla má að vaxi á næstunni, er ekki fyrir hendi nema að nokkru leyti. Miðað við 70 námshópa, sbr. framangreint, yrði þörf á að hafa 35 kennslueiningar. Áætlað er að hver þeirra kosti um 100 millj. kr. eða alls um 3.5 milljarða. Nokkur hluti þessarar aðstöðu er fyrir hendi eða í byggingu, en viðbótarþörf má áætla 2—2.5 milljarða.

c) **Heimavistir.**

Ekki þarf að ætla að skólaskipulag skv. frumvarpinu kalli á verulegar heimavistir umfram það sem fyrir er og ákveðið hefur verið að byggja.

Samandregnar niðurstöður.

I. **Rekstrarkostnaður.**

a) Fjöldi námsmanna: Óbreytt eða e. t. v. nokkur fækkun.
b) Kennslukostnaður, bóknám: Óverulegar breytingar.
c) Verknám, kennsla og annar rekstur: Aukning í grunnnámi um 200 millj. og einhver í framhaldsdeildum verknámsskóla.
d) Skólasóknarkostnaður: Ekki aukning.
e) Fræðsla fullorðinna: Aukning kostnaðar einhver.
f) Námsskrárgerð: Kostnaðaraukning nokkur, lauslega áætluð 50 millj. kr., tímabundin aukning.
g) Menntun kennara: Endurmenntunarnámskeið 10—15 millj. kr.
h) Stjórnun: Aukning kostnaðar einhver.

II. **Stofnkostnaður.**

a) Almennt kennsluhúsnæði: Ekki aukning.
b) Verknámsaðstaða: Byggingaþörf 2—2.5 milljarðar kr.
c) Heimavistir: Ekki aukning.

Þar sem þeir þættir, sem fjallað er um, eru í þróun og munu kalla á aukinn kostnað hvort sem löggjöf sem þessi verður sett eða ekki skal lögð áhersla á að ekki er hægt að líta á þær tölur, sem hér eru nefndar, sem mat á kostnaðaráhrifum. Má í því sambandi einkum nefna verknámskennslu og byggingar fyrir hana sem er þegar komið nokkuð áleiðis.

Nd. **619. Breytingartillögur** [151. mál]

við frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

1. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Um námsáfanga, markmið þeirra, megininntak, umfang og skipan á námsbrautir skal ákveðið í námsskrá, sem menntamálaráðuneytið setur í samráði við samtök kennara og nemenda á framhaldsskólastigi. Námsáfangar í sama eða sambærilegu námsefni skulu jafngildir á öllum brautum þar sem þeir eru hluti af náminu. Sé verkþjálfun liður í námsáfanga skal hún metin til eininga svo sem aðrir námsþættir.
2. Við 27. gr. Í stað 1. málsl. 3. málsgr. komi:
   Menntamálaráðuneytið setur eða skipar skólastjóra framhaldsskóla að fengnum tillögum og umsögnum skólanefndar og fastra kennara við skólann sé ekki um nýjan skóla að ræða. Ráðuneytið setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum og umsögnum skólanefndar og skólastjóra viðkomandi skóla.
3. Við 28. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Setja skal í reglugerð ákvæði um orlof og endurmenntun starfsmanna framhaldsskóla. Við setningu þeirra skal þess gætt, að réttindi kennara í þessum efnum verði eigi minni en þau eru skv. núgildandi lögum og reglugerðum.
4. Við 30. gr. Úr staflið b falli niður orðin „gegn jafnháu framlagi sveitarfélaga".
5. Við 32. gr. Við greinina bætist:
   Sama máli gegnir um skóla sem nú eru reknir af ríkinu einu ef ekki næst samkomulag við sveitarfélög um rekstraraðild samkv. 31. gr., sbr. og 36. gr., enda sé um sérhæft nám að ræða.
6. Við 33. gr. Í stað síðustu málsgr. komi:
   Námsvistargjöld skulu greidd úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga af framlagi sjóðsins til viðkomandi sveitarfélags. Skal menntamálaráðuneytið afla og leggja fram þau gögn sem nauðsynleg eru í því skyni.
   Í skólum, sem reknir eru af sveitarfélögum ásamt ríkinu, renna námsvistargjöldin til þeirra sveitarfélaga sem að rekstri skólans standa.
7. Við 34. gr. Greinin orðist svo:
   Kostnaður vegna sérstakra námskeiða, sem stofnað er til skv. 15. gr., greiðist sem hér segir: Rekstrarkostnaður húsnæðis, svo sem ljós, hiti, ræsting og viðhald, greiðist eftir þeim reglum sem gilda um sömu kostnaðarliði í reglulegu starfi skólans. Annar kostnaður við námskeiðin skal að þriðjungi greiddur úr ríkissjóði, að þriðjungi af sveitarfélögum og að þriðjungi innheimtur með námskeiðsgjöldum af nemendum, sem þó skulu aldrei á einstökum námskeiðum fara yfir hámark sem ákveðið skal í reglugerð. Slík reglugerðarákvæði skulu miða að því að ekki verði óeðlilegt misræmi í námsskeiðsgjöldum.
8. Á eftir 34. gr. komi ný grein svo hljóðandi:
   Föst laun skólastjóra, kennara og annarra starfsmanna, sem menntamálaráðuneytið setur eða skipar, greiðist beint úr ríkissjóði. Hluti ríkissjóðs í öðrum kostnaði skóla, sem reknir eru af sveitarfélögum, skal greiddur mánaðarlega samkvæmt áætlun sem menntamálaráðuneytið samþykkir. Uppgjör skal fara fram árlega þegar endurskoðaðir reikningar liggja fyrir.
9. Við 35 gr. (sem verður 36. gr.). Síðari málsgr. orðist svo:
   Við breytingar á rekstraraðild skólastofnana á þessum tíma skulu fasteignir þær, sem reistar hafa verið og notaðar til skólahalds, ásamt búnaði og tilheyrandi lóðum vera áfram til afnota fyrir skólastarf án endurgjalds. Verði sú skólastarfsemi, sem þannig er stofnað til, lögð niður innan fjögurra ára frá breyting-

unni skal eignunum ráðstafað sameiginlega af þeim aðilum, sem áttu þær fyrir, og skipt milli þeirra í samræmi við fyrri eignaraðild.

10. Við 37. gr. (sem verður 38. gr.). Upphaf greinarinnar orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins fljótt og við verður komið að dómi menntamálaráðuneytisins og eigi síðar en að liðnum 5 árum frá gildistöku, sbr. og 36. gr. Jafnframt falla úr gildi lagaákvæði er fara í bága við lög þessi. Eftirtalin lög um skóla á framhaldsskólastigi skulu gilda til bráðabirgða þar til settar hafa verið reglugerðir um tilsvarandi námsbrautir, skólagerðir eða skólastofnanir með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 37. gr., enda hafi Alþingi áður gefist kostur á að marka stefnuna með samþykkt þingsályktunar um meginefni viðkomandi reglugerða, sbr. lokamálsgrein þessarar greinar.

Nd. 620. Frumvarp til laga [293. mál]

um breyting á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum samkv. V. kafla laga nr. 94/1975, um breytingar á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.

Flm.: Svava Jakobsdóttir, Bjarnfríður Leósdóttir, Eiður Guðnason, Ingvar Gíslason, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

1. málsgr. 79. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir viðhaldskostnað húsa, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar og húsaleigu í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur.

Úr 2. málsgr. 79. gr. falli niður lokaorðin: „Viðhald og endurnýjun bókasafna greiða sveitarfélög.“

2. gr.

2. málsgr. 80. gr. laganna orðist svo:

Hreinar tekjur af eignum skólanna greiðast í ríkissjóð í því hlutfalli sem stofnkostnaður er greiddur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981 og taka til viðhaldskostnaðar og leigutekna eftir þann tíma.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra í tengslum við frumvarp til laga um framhaldsskóla sem Alþingi hefur nú til meðferðar.

Í því frumvarpi eru ákvæði varðandi kostnað á þann veg að hluti sveitarfélaga eykst nokkuð frá því sem verið hefur, eins og kemur fram í greinargerð þess. Í frekari athugun á þessum þætti, sem fram hefur farið í menntamálaráðuneytinu, og í athugun, sem framkvæmd var á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga, hefur komið fram að kostnaðarauki sveitarfélaga af rekstri framhaldsskóla er áætlaður um 400—450 millj. kr. á ári miðað við verðlag á árinu 1979. Einnig má gera ráð fyrir einhverjum kostnaðarauka sveitarfélaga vegna stofnkostnaðar.

Tilgangur þess frumvarps, sem hér er flutt, er að bæta sveitarfélögum þá auknu greiðslubyrði sem að framan getur. Er það gert með þeim hætti að breyta þeim ákvæðum laga nr. 63/1974, um grunnskóla, er snerta viðhald og endurnýjun fasteigna og búnaðar í þá mynd sem þau höfðu fram til 1975, en þá var sú breyting gerð að sveitarfélög skyldu greiða þessa kostnaðarliði að fullu.

Auk þess sem að framan greinir er breyting þessi í samræmi við það að ákvæði laganna, eins og þau hafa verið frá 1975, hafa ekki reynst vel. Örðugleikum hefur valdið að gera skil á milli viðhalds og endurnýjunar annars vegar og endurbóta, breytinga og nýkaupa á búnaði hins vegar. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, verður þáttur ríkissjóðs í öllum þessum liðum hinn sami og verður það til einföldunar. Samkvæmt rekstrarreikningum grunnskóla fyrir árið 1977 var viðhaldskostnaður skólanna um 735 millj. kr. Hluti ríkissjóðs skv. eldri lagaákvæðum og ákvæðum þessa frumvarps hefði orðið um 385 millj. kr., þ. e. helmingur viðhaldskostnaðarins, nema í heimavistarskólum þar sem hann er áætlaður 75%.

Sá kostnaðarauki sveitarfélaga af rekstri framhaldsskóla sem nefndur er hér að framan, 400—450 millj. kr., er miðaður við áætlað verðlag ársins 1979. Með þeim forsendum sem þar voru notaðar, er reiknað með rúmlega tvöföldun verðlags frá 1977 til 1979. Má því með sama hætti áætla að hluti ríkissjóðs í viðhaldskostnaði á árinu 1979 skv. ákvæðum frumvarpsins yrði um 770 millj. kr.

Gildistökutíminn er miðaður við að frumvarp þetta taki gildi á sama tíma og ákvæði laga um framhaldsskóla að því er tekur til námsvistargjalda.

Nd. 621. Frumvarp til laga [294. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Flm.: Bjarnfríður Leósdóttir, Svava Jakobsdóttir.

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, barnalífeyris, barnsburðarbóta, mæðralauna, fæðingarstyrks, ekkjubóta og ekkjulífeyris.

2. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi ný grein er verði 15. gr., svohljóðandi:

Allar íslenskar konur, sem forfallast vegna barnsburðar, skulu njóta barnsburðarbóta í 90 daga samtals. Rýmri réttur samkvæmt kjarasamningum eða öðrum lögum helst. Bætur samkvæmt öðrum ákvæðum þessara laga hafa ekki áhrif á greiðslur samkvæmt grein þessari.

Upphæð greiðslu barnsburðarbóta skal miðast við full laun fyrir 8 klst. dagvinnu, eins og þau eru á hverjum tíma samkvæmt næstlægsta taxta verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og greiðast mánaðarlega eftir á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í vaxandi mæli stunda konur atvinnu utan heimilis. Mikilvægar atvinnugreinar eru bornar uppi af vinnu kvenna. Nægir í því sambandi að minna á fiskiðnað landsmanna.

Aukin þátttaka kvenna í atvinnulífinu kallar á ýmsar félagslegar aðgerðir til að mæta þörfum þeirra. Þessum þörfum hefur ekki verið sinnt nægilega til þessa.

Mikið vantar t. d. á að hægt sé að bjóða börnum jafnan rétt til dvalar á dagvistunarheimilum eða að nægilegt tillit sé tekið til þess almennt, að aukin útivinna foreldra krefst stofnana sem sinnt geta uppeldi barna og tekið við hlutverki því sem móðir gegnir á heimili.

Enn þá er afkoma margra kvenna mjög ótrygg við barnsburð. Frá þessu er þó veigamikil undantekning, því þær konur, sem starfa hjá ríki og bæjarfélögum, hafa þriggja mánaða barnsburðarleyfi á fullum launum. Síðan 1975 hafa konur í verkalýðsstétt fengið atvinnuleysisbætur vegna barnsburðar í jafnlangan tíma. Ekki nærri allar konur geta notið þessara réttinda, og Atvinnuleysistryggingasjóður er ekki fær um að inna þessar greiðslur af hendi, sem eru orðnar meira en helmingur af greiðslum sjóðsins, enda ekki til þess stofnaður.

Almennur og jafn réttur allra íslenskra kvenna er markmiðið með þessari breytingu á lögum um almannatryggingar, að öllum konum verði tryggð þessi sjálfsögðu réttindi.

Ed. 622. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til laga um breytt verðgildi íslenks gjaldmiðils.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu, sem hann flytur tillögu um á sérstöku þingskjali. Minni hl. mun skila séráliti.

Ágúst Einarsson og Karl Steinar Guðnason áskilja sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögu um nafn gjaldmiðils.

Alþingi, 8. maí 1979.

Jón Helgason, form., frsm. Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr. Karl Steinar Guðnason.
Ágúst Einarsson. Geir Gunnarsson.

Ed. 623. Breytingartillaga [147. mál]

við frv. til laga um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í stað ártalsins „1980“ í 1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8. og 11. gr. komi: 1981.

Ed. 624. Nefndarálit [265. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. lög nr. 2 11. febr. 1970, lög nr. 66 30. apríl 1973 og lög nr. 71 31. maí 1976, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1979.

Jón Helgason, form., frsm. Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr. Karl Steinar Guðnason.
Ágúst Einarsson. Ey. Kon. Jónsson. Geir Gunnarsson.
Jón G. Sólnes.

Ed. 625. Breytingartillaga [147. mál]

við frv. til l. um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils.

Frá Eyjólfi K. Jónssyni, Ágúst Einarssyni og Karli Steinari Guðnasyni.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:
Heiti gjaldmiðilsins skal vera mörk og eyrir.

Ed. 626. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Eins og kom fram við 1. umr. um frv. þetta í Ed. er Sjálfstæðisflokkurinn út af fyrir sig fylgjandi því, að nákvæm athugun fari fram á því, hvort ekki væri æskilegt að auka verðgildi krónunnar. Nægir í því sambandi að benda á tillöguflutning þar að lútandi, sem þm. Sjálfstæðisflokksins hafa ýmist verið flm. að eða stutt.

Í sambandi við þessi mál hefur ávallt verið lögð rík áhersla á það af hálfu Sjálfstæðisflokksins, að til þess að hagstæður árangur náist af væntanlegri verðgildisbreytingu gjaldmiðilsins þurfi að vera fyrir hendi stöðugleiki í efnahagsmálum þjóðarinnar almennt, eða þá að í sambandi við slíka breytingu yrðu gerðar ráðstafanir í meðferð efnahagsmála, sem tryggðu að jákvæður árangur af gjaldeyrisbreytingunni næðist.

Öllum er ljóst, að sjaldan eða aldrei hefur ríkt meiri óvissa og óstöðugleiki í efnahagsmálum þjóðarinnar en einmitt nú. Er því alveg óhætt að staðhæfa að eins og efnahagsmálum þjóðarinnar er nú háttað eru allar aðstæður mjög óhagstæðar, að meira sé ekki sagt, til þess að stíga jafnörlagaríkt skref og frv. það, er hér ræðir um, felur í sér. Við teljum því mjög hæpið að ákvörðun nú um jafnþýðingarmikið málefni og breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils sé tímabær og treystum okkur því ekki að mæla með samþykkt frv. að svo komnu máli.

En með hliðsjón af því, að fyrirhuguð breyting á ekki að koma til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1981 í stað 1. jan. 1980, eins og tilgreint er í frv., mun minni hl. ekki snúast gegn samþykkt frv. og munum við sitja hjá við afgreiðslu þess.

Eyjólfur Konráð Jónsson telur eðlilegt, að nafni gjaldmiðilsins verði breytt, ef til breytingar á verðgildi gjaldmiðilsins kemur, og mun hann því flytja sérstaka breytingartillögu þar að lútandi.

Alþingi, 8. maí 1979.

Jón G. Sólnes, frsm. **Ey. Kon. Jónsson.**

Ed. 627. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Nauðsyn ber til að taka fram í ákvæði til bráðabirgða að skyldusparnaðarfé það, sem safnast hefur fyrir þá, sem búsettir eru í sveit, frá 1. janúar 1979 til gildistöku laga þessara, skuli ávaxta í Byggingarsjóði ríkisins.

Fram til 1. janúar 1979 var fé þetta ávaxtað í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands, en skv. 10. gr. laga nr. 60 16. maí 1978 var felld niður, frá og með 1. janúar 1979, sú skylda Stofnlánadeildar að veita lán til nýbygginga og endurbygginga íbúðarhúsa á lögbýlum, en sú skylda var forsenda þess, að skyldusparnaðarfé þeirra, sem búsettir eru í sveit, skyldi ávaxtað í Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Byggingarsjóður ríkisins tók þessar skyldur í verki á sínar herðar 1. janúar 1979, þannig að rétt þykir og sjálfsagt að skyldusparnaðarfé þeirra, sem í sveitum eru búsettir, ávaxtist þar frá þeim degi, enda ráð fyrir því gert bæði af fyrirsvarsmönnum Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Byggingarsjóðs ríkisins.

Af framangreindum ástæðum flytur nefndin svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

Á eftir 4. gr. komi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Skyldusparnaðarfé það, sem safnast hefur fyrir þá, sem búsettir eru í sveit, frá 1. **janúar 1979 til gildistöku laga þessara, skal ávaxtað í Byggingarsjóði ríkisins.**

Alþingi, 8. maí 1979.

Ólafur Ragnar Grímsson, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Ágúst Einarsson, frsm.
Alexander Stefánsson.	**Þorv. Garðar Kristjánsson.**	**Soffía Guðmundsdóttir.**
	Guðmundur Karlsson.	

Sþ. 628. Nefndarálit [41. mál]

um till. til þál. um varnir gegn olíumengun í nágrenni Keflavíkurflugvallar.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna, og varð samkomulag um að leggja til að **vísa henni til ríkisstjórnarinnar,** þar eð í ljós kom að utanríkisráðherra hefur þegar skipað nefnd manna til að fjalla um málið.

Alþingi, 8. maí 1979.

Einar Ágústsson, form.	Árni Gunnarsson, fundaskr., frsm.	Friðjón Þórðarson.
Gils Guðmundsson, með fyrirvara.	Svava Jakobsdóttir, með fyrirvara.	Vilmundur Gylfason.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Ed. 629. Nefndarálit [270. mál]

um frv. til laga um aðstoð við þroskahefta.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og jafnframt haft til meðferðar frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð öryrkja, 22. mál frá Nd. Taldi nefndin útilokað að samþykkja þessi tvö frumvörp sitt í hvoru lagi vegna stjórnunarlegs misræmis sem þá kæmi fram og gerir því tillögu um samræmingu sem fram kemur í breytingartillögum er nefndin flytur á sérstöku þingskjali. Eru bæði frumvörpin þannig afgreidd frá nefndinni.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða styðja breytingartillögur er fram kunna að koma við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 1979.

Ólafur Ragnar Grímsson, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Alexander Stefánsson, frsm.
Ágúst Einarsson.	Guðm. Karlsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.

Soffía Guðmundsdóttir.

Ed. 630. Breytingartillögur [270. mál]

við frv. til laga um aðstoð við þroskahefta.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 3. gr. Á eftir 1. málslið 3. mgr. bætist:
   Auk þess skal Öryrkjabandalag Íslands tilnefna einn fulltrúa í nefndina og Landssamtökin Þroskahjálp einn fulltrúa.
2. Við 10. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein:
   Heimilt er að fela starfandi stofnunum verkefni greiningarstöðvar ríkisins uns hún tekur til starfa.
3. Við 12. gr. Við fyrri mgr. bætist: 11. Vistheimili.
4. **Við 13. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:**
   Umsóknir um þjónustu og vistun á stofnunum, sbr. 12. gr., skulu sendar viðkomandi svæðisstjórn. Svæðisstjórn heimilar vistun að höfðu samráði við forstöðumann, enda sé áður leitað umsagnar greiningarstöðvar ríkisins og hún mælt með vistun.
5. Við 17. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Ríkið skal sjá um að komið verði á fót þeim stofnunum, sem taldar eru upp í 12. gr., tölulið 2—9. Kostnaður greiðist úr Framkvæmdasjóði, sbr. 6. kafla. Sveitarfélög sjá um að koma upp deildum samkv. 1. tölul. 12. gr. og fer um **þann kostnað í samræmi við lög nr. 112/1976.**
6. Á eftir 23. gr. komi nýr kafli sem verður 6. kafli og orðast svo:

Framkvæmdasjóður.

24. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra og er hann í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Hlutverk sjóðsins er að fjármagna þær framkvæmdir, sem taldar eru í 1. mgr. 17. gr., og aðrar framkvæmdir ríkisins vegna sérkennslu og endurhæfingar, einnig endur-

hæfingarstöðvar og dvalarheimili, sem ekki er fyrirsjáanlegt að fé verði veitt til úr þeim lána- og styrktarsjóðum, er um getur í lögum nr. 27/1970, eða á annan hátt, sbr. enn fremur 2. mgr. 26. gr.

25. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a) Ríkissjóður skal árlega leggja sjóðnum til a. m. k. 1 000 milljónir króna. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við verðlagsvísitölu miðað við árið 1979 að grunni.
b) Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
c) Vaxtatekjur.

26. gr.

Stjórnarnefnd, sbr. 3. mgr. 3. gr., annast stjórn sjóðsins. Hlutverk hennar er að ráðstafa fé sjóðsins í samræmi við ákvæði 24. gr., að fengnum tillögum ráðuneyta félagsmála og menntamála. Leita skal staðfestingar viðkomandi ráðherra, sbr. 52. gr. laga nr. 63/1974 og 5. gr. laga nr. 27/1970.

Heimilt skal þó að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra verkefna varðandi sérkennslu og endurhæfingu, sem ríki eða sveitarfélagi ber sannanlega ekki að greiða.

Við úthlutun úr sjóðnum skal taka sérstakt tillit til fjölda einstaklinga, sem úrlausnar þarfnast á hverju sviði og í hverju byggðarlagi. Varast ber að ráðast í óhæfilega mörg verkefni samtímis.

27. gr.

Formaður stjórnarnefndar annast daglegan rekstur sjóðsins í skrifstofu félagsmálaráðuneytisins, nema ráðherra ákveði aðra tilhögun.

28. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur stjórnarnefndinni í té árlega endurskoðaða áætlun um þörf stofnana vegna kennslu þroskaheftra, sbr. 52. gr. laga nr. 63/1974, og gerir tillögur um fjármögnun hennar. Ráðuneytið veitir sjóðsstjórn allar upplýsingar um kennslu þroskaheftra, þar á meðal um sérkennsluþörf í hverju byggðarlagi og í landinu öllu.

29. gr.

Félagsmálaráðuneytið í samráði við endurhæfingarráð lætur stjórnarnefnd í té áætlun og upplýsingar varðandi endurhæfingu. Þessir aðilar skulu gera reglulega könnun á þörfinni fyrir endurhæfingar- og vinnustöðvar með tilliti til hvers byggðarlags og landsins alls. Könnunin skal einnig ná til dvalarheimila.

Lána- og styrktarsjóðum þeim, sem um getur í endurhæfingarlögum, er skylt að veita stjórnarnefnd reglulega yfirlit yfir það fé, sem er til ráðstöfunar og fyrirhugað er að verja til framkvæmda.

Nd. 631. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 43 26. maí 1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri og Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri mættu á fund nefndarinnar. Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Efnismálsgrein greinarinnar orðist svo:
   Landgræðsla ríkisins fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um, fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins.
2. Við 2. gr. Í stað „landgræðslustjóra“ í 2. málsgr. komi: Landgræðslu ríkisins.
3. Við 3. gr. Í stað „landgræðslustjóra“ komi: Landgræðslu ríkisins.

Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 1979.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Finnur Torfi Stefánsson, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Eggert Haukdal.	Þórarinn Sigurjónsson.	Lúðvík Jósepsson.

Nd. 632. Nefndarálit [259. mál]

um frv. til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. 2. málsgr. orðist svo:
Lánskjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra.

Eðvarð Sigurðsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 1979.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Finnur Torfi Stefánsson, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Eggert Haukdal.	Þórarinn Sigurjónsson.	Lúðvík Jósepsson.

Sþ. 633. Nefndarálit [12. mál]

um till. til þál. um eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með einni breytingu, sem nefndin flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.
Fjarstaddir við afgreiðslu málsins voru nefndarmennirnir Friðrik Sophusson, Jóhanna Sigurðardóttir og Jón G. Sólnes.

Alþingi, 8. maí 1979.

Þórarinn Sigurjónsson, varaform.	Kjartan Ólafsson, fundaskr., frsm.	Ágúst Einarsson.
	Stefán Valgeirsson.	

Sþ. 634. Breytingartillaga [12. mál]

við till. til þál. um eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum.

Frá atvinnumálanefnd.

3. málsgrein tillögunnar orðist svo:

Jafnframt skal lánadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins falið að veita heimaaðilum aðstoð við stofnun fyrirtækja, sem komið er á fót samkvæmt þessari áætlun, og skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda. Sérstaklega ber að kanna möguleika á stofnun og stuðningi við framleiðslusamvinnufélög í sveitum. Stuðla ber að því, að veitt verði óafturkræf framlög úr Byggðasjóði eða ríkissjóði til stuðnings smáiðnaði í sveitum, allt að 15% stofnkostnaðar.

Sþ. 635. Nefndarálit [182. mál]

um till. til þál. um könnun á sendingu matvæla til þróunarlanda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Alþingi, 8. maí 1979.

Páll Pétursson, form., frsm.	Vilmundur Gylfason, fundaskr.	Ellert B. Schram.
Lárus Jónsson.	Gunnlaugur Stefánsson.	Bjarnfríður Leósdóttir.
	Ólafur Ragnar Grímsson.	

Sþ. 636. Nefndarálit [209. mál]

um till. til þál. um könnun á vissum þáttum heilbrigðisþjónustu með tilliti til hugsanlegs sparnaðar og bættrar þjónustu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Alþingi, 8. maí 1979.

Páll Pétursson, form., frsm.	Vilmundur Gylfason, fundaskr.	Ellert B. Schram.
Lárus Jónsson.	Gunnlaugur Stefánsson.	Bjarnfríður Leósdóttir.
	Ólafur Ragnar Grímsson.	

Ed. **637. Frumvarp til laga** [295. mál]

um breytingu á lögum um Háskóla Íslands nr. 84/1970, sbr. l. nr. 7/1971, 67/1972, 88/1973, 3/1975 og 45/1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun, er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu.

2. gr.

Upphaf 2. gr., 6. mgr. orðist svo:

Áður en lögum og reglugerðum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli.

3. gr.

3. gr., 1. mgr. orðist svo:

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru skipaðir prófessorar í starfi einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar, dósentar og lektorar og allir þeir, sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við háskólann og stofnanir hans og hafa háskólapróf. Nú er skipaður háskólakennari í orlofi og annar settur í hans stað, og fer hann þá með atkvæðisrétt hins skipaða. Þá eiga allir stúdentar, sem skrásettir eru í Háskóla Íslands tveimur mánuðum á undan rektorskjöri, atkvæðisrétt. Greidd atkvæði stúdenta skulu gilda sem einn þriðji hluti greiddra atkvæða alls, en greidd atkvæði annarra atkvæðisbærra aðila skulu gilda sem tveir þriðju hlutar greiddra atkvæða alls.

4. gr.

4. gr., 1. mgr. orðist svo:

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeilda, tveir fulltrúar kjörnir til tveggja ára í senn á almennum félagsfundi í Félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, og fjórir fulltrúar stúdenta, kjörnir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn. Kjörinn skal einn fulltrúi Félags háskólakennara og tveir fulltrúar stúdenta árlega. Háskólaritari og kennslustjóri eiga einnig sæti á fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn.

5. gr.

5. gr., 1. mgr. orðist svo:

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir menn úr háskólaráði fundar, er rektor skylt að boða til hans, svo og ef einn þriðji hluti fastráðinna og settra kennara háskólans æskir fundar. Nú er fundur boðaður að frumkvæði kennara, sem eiga ekki sæti í ráðinu, og er þeim þá rétt að senda fulltrúa, einn eða fleiri eftir ákvörðun rektors, á fundinn. Hafa slíkir fulltrúar málfrelsi á fundinum, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

6. gr.

Í 7. gr., 1. mgr. eru felld niður orðin:

„en starfslið við stjórnun deilda ræður háskólaritari, eftir því sem fjárveitingar leyfa.“

7. gr.

10. gr., 1. mgr. orðist svo:

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, þ. á m. erlendir lektorar, aðjúnktar og stundakennarar.

8. gr.

10. gr., 5. mgr. orðist svo:

Háskólaráð setur meginreglur um starfsskyldur háskólakennara og leysir úr því, hvernig starfsskylda einstakra kennara skuli skiptast, sbr. nánar í 1. mgr. 18. gr.

9. gr.

10. gr., 7. mgr. orðist svo:

Í reglugerð má mæla fyrir um starfsheiti fastráðinna starfsmanna háskólastofnana.

10. gr.

11. gr. 1. mgr. breytist þannig, að í stað orðanna „erlenda sendikennara“ komi: erlenda lektora.

11. gr.

13. gr., 2. mgr. breytist þannig, að brott falli sá hluti, er hefst á orðunum: „Þó skal kjörtímabil þriggja þeirra deildarforseta...“ og lýkur með orðunum: „...hverjir þeirra skuli gegna störfum eitt ár og hverjir tvö.“

12. gr.

14. gr., 1. mgr. orðist svo:

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi, og eiga þar sæti prófessorar, dósentar og lektorar, sbr. 10. gr. 1. mgr., svo og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta deildinni, og er þeim skylt að sækja fundi. Enn fremur eiga þar sæti þrír fulltrúar stúdenta í deildum, þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti samkvæmt lögum eða deildarsamþykktum, er tólf eða færri, og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja sex til viðbótar. Háskóladeild er heimilt að ákveða, að dósentar og lektorar í hlutastarfi, svo og aðjúnktar, megi sitja deildarfundi með atkvæðisrétti.

13. gr.

Aftan við 1. mgr. 14. gr. komi ný málsgrein, er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Kennari, sem menntamálaráðherra veitir lausn undan kennsluskyldu, skal jafnframt vera undan þeirri skyldu þeginn að sækja deildarfundi, enda á hann ekki atkvæðisrétt á fundum, meðan lausnin stendur. Heimilt er að veita lausn undan kennsluskyldu með þeim áskilnaði, að skyldur og réttindi til stjórnunarstarfa séu óbreytt. Kennari, sem háskólaráð hefur veitt rannsóknarleyfi samkvæmt kjarasamningi, skal eiga rétt til setu á deildarfundi með fullum réttindum, ef hann æskir þess.

14. gr.

Í lok 4. mgr. 14. gr., er verður 5. mgr. 14. gr., komi nýr málsliður, svohljóðandi:

Heimilt er háskóladeild á fundi að afsala sér ákvörðunarvaldi í tilteknum málum eða málaflokkum til slíkrar stjórnarnefndar og afturkalla heimildina að því er varðar mál, er eigi hafa hlotið afgreiðslu í nefndinni.

15. gr.

16. gr. orðist svo:

Hver deild eða námsbraut semur kennsluskrá fyrir sig og skal þar gerð grein fyrir námsefni, kennsluháttum, prófkröfum, stjórn deildar- og námsbrautarmála og félagsmálum stúdenta.

Við hverja deild og námsbraut skulu starfa ráðgefandi námsnefndir, sem jafnmargir kennarar og nemendur eiga sæti í. Hlutverk námsnefnda er að fjalla um tillögur um námsefni í hverri kennslugrein, semja umsagnir og tillögur um námsskipan og kennslufyrirkomulag greinar.

16. gr.

17. gr. orðist svo:

Háskólaárið telst frá 15. september til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár háskólans skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri frá 15. september til 23. janúar og vormisseri frá 24. janúar til 31. maí. Háskólaráð getur ákveðið aðra misseraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir. Leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð.

17. gr.

19. gr., 1. mgr. i.f. breytist þannig, að orðin „og menntamálaráðherra“ falli niður.

18. gr.

19. gr., 2. mgr. falli niður.

19. gr.

21. gr., 1. mgr. orðist svo:

Hver sá, sem staðist hefur fullnaðarpróf frá íslenskum skóla, sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, á rétt á að vera skrásettur háskólaborgari, gegn því að greiða skrásetningargjald.

20. gr.

21. gr., 3. mgr. síðari málsl. orðist svo:

Þá er háskólaráði og heimilt samkvæmt umsókn að leyfa skrásetningu einstaklinga er lokið hafa öðru námi hérlendis með þeim árangri, sem hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur nægja til framhaldsnáms við Háskóla Íslands, enn fremur skal rektor vera þessum ráðstöfunum meðmæltur.

21. gr.

21. gr., 7. mgr. orðist svo:

Skrásetningargjöld skulu háð samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra.

22. gr.

24. gr. orðist svo:

Háskólaráð getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans.

Áður en brottrekstur er ráðinn, skal leita umsagnar háskóladeildar stúdents. Veita skal stúdent kost á að svara til saka. Enn fremur skal leita umsagnar stjórnar í deildarfélagi stúdents.

Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna menntamálaráðuneytinu. Stúdent er heimilt að skjóta úrskurði háskólaráðs til menntamálaráðherra. Kæra frestar framkvæmd úrskurðar, en stúdent má þó ekki ganga undir próf, meðan á málskoti stendur.

Nú tekur stúdent sig á, og er háskólaráði þá heimilt að fella brott fyrri úrskurð um brottrekstur.

23. gr.

25. gr. orðist svo:

Hljóti stúdent dóm fyrri refsivert brot, er hefur flekkun mannorðs í för með sér skv. 2. gr. l. nr. 52/1959, er háskólaráði heimilt að víkja honum úr skóla. Stúdentinn getur skotið þeirri ákvörðun til menntamálaráðherra með þeim hætti, er segir í 24. gr. Heimilt er háskólaráði að víkja stúdent úr skóla um stundarsakir, meðan rannsókn á slíku máli stendur yfir.

24. gr.

26. gr. orðist svo:

Afskipti háskólans af háskólastúdent hætta, er stúdent lýkur fullnaðarprófi í grein sinni eða prófi, er sérstakur lærdómstitill er við tengdur, enda haldi hann ekki áfram óslitið námi í grein sinni til æðri prófstiga. Nú er mælt fyrir um, að stúdentar skuli skrá sig til náms hvert háskólaár, sem þeir stunda nám við skólann, og falla þeir þá niður af stúdentatali, ef þeir láta ekki skrá sig til náms.

Nú óskar stúdent að gera hlé á námi sínu heilt kennsluár eða lengur, og skal hann þá leita heimildar viðkomandi háskóladeildar eða námsbrautar og skrá sig árlegri skrásetningu, meðan á leyfistíma stendur, enda sé gætt ákvæða um tímamörk náms.

25. gr.

29. gr., 2. mgr. orðist svo:

Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

26. gr.

Lokamálsliður 31. gr. orðist svo:

Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga aðeins atkvæðisrétt um veitingu doktorsnafnbóta í heiðursskyni.

27. gr.

Í 36. gr., 1. mgr. falli niður orðin „happdrætti og.“

28. gr.

Aftan við 1. mgr. 36. gr. komi ný málsgrein, er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Háskólanum skal heimilt að eiga og reka lyfjabúð til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala.

29. gr.

36. gr., 2. mgr., er verður 36. gr., 3. mgr., orðist svo:

Forseti Íslands veitir embætti háskólabókavarðar að fengnum tillögum háskólaráðs. Menntamálaráðherra skipar aðra bókaverði að fengnum tillögum háskólaráðs. Háskólaráð ræður annað starfslið bókasafns eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Háskólaráð setur reglur um stjórn háskólabókasafns og fær háskólabókaverði erindisbréf.

30. gr.

37. gr., 1. og 3.—5. mgr. falli brott.

31. gr.

Í 38. gr., 2. mgr., falli niður setningin „Prófessorinn í lyfjafræði hefur umsjón með kennslu í lyfjafræði lyfsala.“

32. gr.

38. gr., 3. og 4. mgr. falli brott.

33. gr.

39. gr. falli brott.

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal þá fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á fundi háskólaráðs 28. október 1976 var kjörinn 7 manna nefnd til þess að endurskoða og samræma innbyrðis reglugerð fyrir Háskóla Íslands svo og til þess að gera tillögur til reglugerðarbreytinga vegna setningar laga nr. 45/1976. Með bréfi háskólarektors, dagsettu 8. desember 1976, var Jónatan Þórmundsson, prófessor, skipaður formaður nefndarinnar eftir tilnefningu forseta lagadeildar. Í nefndinni áttu sæti auk formanns: Erla Elíasdóttir, aðstoðarháskólaritari, Halldór Guðjónsson, kennslustjóri, Jóhannes L. L. Helgason, hrl., Sigríður Thorlacius, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, Stefán Sörensson, háskólaritari, og Þorsteinn Magnússon, þjóðfélagsfræðinemi.

Við endurskoðun reglugerðarinnar kom fljótt í ljós, að óhjákvæmilegt yrði að gera breytingar á lögum um Háskóla Íslands nr. 84/1970 með áorðnum breytingum. Að öðrum kosti yrðu óframkvæmanlegar margar nauðsynlegar eða æskilegar breytingar á reglugerðinni. Nefndin samdi því jöfnum höndum tillögur til breytinga á lögum og reglugerð. Jafnframt var tækifærið notað til þess að nema brott úr lögunum nokkur úrelt ákvæði.

Í háskólaráði og menntamálaráðuneyti voru gerðar nokkrar breytingar og viðbætur við tillögur nefndarinnar.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ekki er hér um efnisbreytingu að ræða, heldur er vikið við orðalagi í síðari hluta greinarinnar.

Um 2. gr.

Bætt er við orðunum „ og reglugerðum“ til þess af taka af öll tvímæli. Hugtakið lög í þessu ákvæði hefur í framkvæmd verið skilið í rýmri merkingu þess, og er því ekki um efnisbreytingu að ræða.

Um 3. gr.

Ákvæðið felur í sér skýrari reglur en nú gilda um kjörgengi og kosningarétt við rektorskjör. Nokkur óvissa hefur ríkt um réttarstöðu settra starfsmanna. Áskilnaður um skipaðan prófessor í starfi er gerður til þess að útiloka þá, sem gegna fullu starfi utan háskólans og eru í leyfi að nokkru leyti eða öllu frá starfi sínu við háskólann. Þá er sett nýtt ákvæði um atkvæðisrétt starfsmanna í orlofi. Sé maður settur í stað hins skipaða, fer hann með atkvæðisrétt hins skipaða. Endranær heldur hinn skipaði starfsmaður rétti sínum, t. d. meðan hann er í rannsóknarorlofi.

Um 4. gr.

Felldur er brott sá hluti ákvæðisins, er lýtur að kjöri fulltrúa stúdenta og Félags háskólakennara fyrst eftir að þeim var fjölgað, en jafnframt er ákvæðið orðað á þann veg, að sama tilhögun verði áfram á kjöri þessara fulltrúa.

Um 5. gr.

Sú breyting er hér gerð, að í stað eins þriðja hluta prófessora kemur einn þriðji hluti fastráðinna og settra kennara háskólans. Rétt þykir, að rektor eigi ákvörðun um fulltrúafjölda fundarbeiðenda.

Um 6. gr.

Ákvæði þessu er breytt til samræmis við þá venju, sem myndast hefur, að menntamálaráðherra skipi eða ráði starfslið við stjórnun deilda eins og annað starfslið.

Um 7. gr.

Með ákvæði þessu er lagt til, að erlendir sendikennarar öðlist réttarstöðu lektora, og þykir rétt að nefna þá í ákvæðinu til áréttingar. Ráðning þeirra er þó með öðrum hætti, sbr. 1. mgr., 11. gr. háskólalaga.

Um 8. gr.

Ástæðulaust þykir að setja ákvæði í reglugerð um starfsskyldur kennara. Í kjarasamningum er nú gert ráð fyrir, að háskólaráð setji slíkar reglur innan ramma kjarasamnings.

Um 9. gr.

Engin ákvæði eru nú í reglugerð um slík starfsheiti, og virðist ekki knýjandi þörf fyrir þau. Er þessu ákvæði laganna því breytt í heimildarákvæði.

Um 10. gr.

Um þessa tillögu má vísa til þess, er sagði um 6. gr.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu hafa jafnt settir kennarar sem skipaðir í fullu starfi seturétt á deildarfundum með fullum réttindum og skyldum. Þá er deildum heimilað að veita dósentum og lektorum í hlutastarfi svo og aðjúnktum seturétt með fullum réttindum og skyldum. Er ætlast til, að seturéttur og atkvæðisréttur fylgist að. Réttinn má veita ákveðnum flokki eða flokkum kennara, en ekki tilteknum einstaklingum innan slíks flokks, t. d. sumum aðjúnktum, en ekki öðrum. Skýr lagaákvæði hefur skort um þetta atriði, og framkvæmdin hefur verið nokkuð á reiki.

Um 13. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli, er varðar rétt og skyldu kennara í orlofi til þess að sækja deildarfundi. Hefur talsverð óvissa verið um ýmis atriði þar að lútandi. Annars vegar er fjallað um leyfi, sem menntamálaráðherra veitir. Aðalreglan er þá sú, að kennara er óskylt, en heimilt að sækja fundi. Geri hann það, á hann ekki atkvæðisrétt, heldur fer sá með réttinn, sem settur er í hans stað. Ráðherra er þó heimilt að veita lausn undan kennsluskyldu með þeim áskilnaði, að réttindi og skyldur til stjórnunarstarfa haldist. Hefur reyndar borið við í framkvæmd, að þessi leið sé farin. Hins vegar er lagt til, að kennari með rannsóknarleyfi samkvæmt kjarasamningi eigi rétt til setu á fundum með fullum réttindum, ef hann æskir þess. Í slíkum tilvikum kemur að jafnaði enginn í hans stað á fundum, þar sem kennsla er oftast í höndum stundakennara. Er óeðlilegt, að kennari, sem um skamman tíma helgar sig einum þætti starfsins, eigi þess ekki kost að hafa áhrif á langtímaákvarðanir varðandi kennslugreinar sínar, reglugerðarákvæði eða önnur mikilsverð atriði, er deild hans varða.

Um 14. gr.

Ákvæði þetta er sett til þess að taka af öll tvímæli um valdmörk deildarfunda og deildarráðs.

Um 15. gr.

Í stað „lestrar- og kennsluáætlun“ í gildandi ákvæðum kemur „kennsluskrá“ og er kveðið nokkru nánar á en áður hvað í henni skuli vera.

Við er bætt ákvæði um ráðgefandi námsnefndir í deildum og námsbrautum. Hafa slíkar námsnefndir starfað um skeið í einstökum deildum og reynst vel. Fleiri deildir búa sig undir að taka þær upp. Þykir því rétt að mæla hér svo fyrir um að námsnefndir skuli starfa við allar deildir og námsbrautir.

Um 16. gr.

Hugtakið háskólaár er hér skilgreint, svo að nú er munurinn á háskólaári og kennsluári skýr. Eru hugtökin notuð í samræmi við það annars staðar í tillögum þessum. Gert er ráð fyrir nokkrum breytingum á tímamörkum kennsluársins og skiptingu þess í kennslumisseri. Stuðla breytingar þessar að því, að kennslumisserin verði álíka löng og kennsluárið í heild álíka langt í öllum deildum og námsbrautum háskólans. Háskólaráð getur þó ákveðið aðra misseraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir ef ástæða þykir til.

Um 17. gr.

Ástæðulaust þykir að leita samþykkis menntamálaráðherra um staðgengil þess, sem orlof fær samkvæmt greininni, enda er það almenna reglan, að stundakennarar séu ráðnir af deildum, sbr. 1. mgr. 11. gr. háskólalaga.

Um 18. gr.

Fyrri hluta ákvæðisins er úreltur, þar sem um þessi atriði er nú fjallað í kjarasamningum. Um síðari hluta þess má vísa til 12. og 13. gr. tillagna þessara.

Um 19. gr.

Hér er lagt til að niður falli síðari hluti 1. mgr. 21. gr. gildandi laga, þar sem réttur til þess að verða skrásettur háskólaborgari er bundinn því skilyrði, að stúdent hafi ekki gerst sekur um neina þá óhæfu, sem geri það varhugavert, að dómi háskólaráðs, að veita honum skólavist. Ekki er til þess vitað að á ákvæði þetta hafi reynt. Er það og næsta óljóst hvað við er átt.

Um 20. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða núgildandi ákvæði 21. gr. háskólalaga, en orðalagið er lagfært.

Um 21. gr.

Lagt er til, að skrásetningargjöld megi ákveða án reglugerðarbreytingar hverju sinni. Þetta hefur litla efnisbreytingu í för með sér, þar sem samþykkt háskólaráðs og menntamálaráðherra þarf eftir sem áður. Ákvörðun verður þá ekki birt í Stjórnartíðindum.

Um 22. gr.

Felld er niður 1. mgr. gildandi ákvæðis svohljóðandi: „Allir skrásettir stúdentar eru skyldir að gæta velsæmis bæði í háskólanum og utan hans.“ Er bæði óljóst og tevgjanlegt hvað þar er við átt.

Fyrsta málsgrein er samhljóða 2. mgr. gildandi ákvæðis að öðru leyti en því, að felldur er niður lokamálsliðurinn um háttsemi, sem ósamboðin er háskólaborgara.

Önnur málsgrein er efnislega samhljóða 3. mgr. núgildandi ákvæðis.

Þriðja málsgrein svarar til 4. og 5. mgr. núgildandi ákvæðis. Eina efnisbreytingin er sú, að skjóta má úrskurði háskólaráðs til menntamálaráðherra í stað þess að kæra hann til Hæstaréttar. Eðlilegast þykir, að kæra fari eftir almennum reglum stjórnarfarsréttar um málskot til æðra stjórnvalds. Hins vegar gæti komið til venjulegrar dómstólameðferðar, ef stúdent teldi ákvörðun háskólaráðs eða menntamálaráðherra haldna einhverjum ógildis- eða ógildingarannmörkum.

Fjórða málsgrein er samhljóða 6. mgr. núgildandi ákvæðis.

Um 23. gr.

Felld er niður 1. mgr. núgildandi ákvæðis um að dómara sé skylt að tilkynna rektor þegar réttarrannsókn er hafin gegn skrásettum háskólastúdent fyrir háttsemi, sem talin er varða við almenn hegningarlög. Hefur ákvæðið í reynd verið óvirkt að mestu.

23. gr. kemur í stað 2. mgr. 25. gr. gildandi laga, en felur í sér allmikla breytingu. Gert er ráð fyrir, að stúdent sé ekki fortakslaust rækur, heldur sé háskólaráði aðeins heimilt að víkja honum úr skóla. Ákvörðun um brottvikningu getur stúdent skotið til menntamálaráðherra, sbr. nánar 3. mgr. 22. gr. tillagnanna. Háskólaráði er heimilt að víkja stúdent úr skóla um stundarsakir, meðan rannsókn stendur yfir, og verður slíkri ákvörðun ekki haggað af æðra stjórnvaldi. Brot þau, sem hér um ræðir, eru einungis þau brot, sem hafa flekkun mannorðs í för með sér, þ. e. ef brot er svívirðilegt að almenningsáliti, sökunautur hefur verið fullra 18 ára, er hann framdi brotið, og refsing er 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla er dæmd, sbr. 2. gr. l. nr. 52/1959, sbr. l. nr. 45/1961.

Um 24. gr.

Breytingar á þessu ákvæði leiðir af nýjum skrásetningarháttum, sem þegar eru komnir í framkvæmd að mestu leyti.

Um 25. gr.

Öllum stúdentum er veittur réttur til þess að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar. Einnig er stúdentum veitt heimild til að óska eftir skipun prófdómara í einstöku prófi.

Um 26. gr.

Með þessari breytingu er fulltrúum stúdenta á deildarfundum fenginn atkvæðisréttur um veitingu doktorsnafnbóta í heiðursskyni.

Um 27. gr.

Fellt er niður ákvæði um yfirumsjón háskólaráðs með Happdrætti Háskóla Íslands, þar sem eftirlit með því er í höndum dómsmálaráðuneytisins og happdrættisráðs skv. l. nr. 13/1973.

Um 28. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli, en ýmsar ástæður liggja til þess, að slík heimild er háskólanum nauðsynleg.

Í fyrsta lagi hafa um skeið verið vandkvæði á því að fá nemendur í lyfjafræði lyfsala vistaða í hinum ýmsu lyfjabúðum, en slík námsvist er óhjákvæmilegur þáttur í menntun lyfjafræðinga. Hefur þurft að standa í samningaþófi um þetta nokkur undanfarin ár. Þennan vanda mundi lyfjabúð í eigu háskólans leysa.

Í öðru lagi hefur að undanförnu verið rætt um þann möguleika, að upp verði tekin við Háskóla Íslands kennsla til kandidatsprófs í lyfjafræði lyfsala, enda hafa tilmæli um það borist frá ýmsum aðilum. Til kandidatsprófs þarf nú þriggja ára nám utanlands til viðbótar tveggja ára námi hér heima, en kandidatsprófið eitt veitir

réttindi til þess að reka lyfjabúð. Forsenda þess að slíkt nám megi taka upp hér, er að háskólinn eigi og reki lyfjabúð.

Í þriðja lagi mundi gefast kostur til verulegrar framleiðslu á lyfjum og þannig nýtast sérþekking, sem þegar er fyrir hendi innan háskólans.

Um 29. gr.

Breytingar á ákvæðinu stafa af breyttum aðstæðum. Skotið er inn nýrri setningu um skipun annarra bókavarða en háskólabókavarðar. Ákvæði um sérþekkingu og kennslu í bókasafnsfræðum er óþarft.

Um 30. gr.

Óþarft þykir að binda fjölda prófessora í lögum, enda er slík tilhögun til þess fallin að tefja fyrir stofnun nýrra embætta. Um atriði þau, er getur í 3. og 4. mgr., er eðlilegast, að til komi ákvörðun deildar í samráði við hlutaðeigandi prófessor. Prófessorsembættið í ættfræði var tímabundið og tengt við nafn. Þar sem prófessorinn hefur nú fengið lausn fyrir aldurs sakir, er lagt til, að 5. mgr. sé felld brott.

Um 31. gr.

Ákvæði þetta á nú ekki lengur við, eftir að skipaður hefur verið prófessor í lyfjafræði lyfsala.

Um 32. gr.

Ákvæði þessi eiga ekki lengur við. Uppeldisfræði er nú ein af kennslugreinum félagsvísindadeildar og fellur inn í almenna námsskipan hennar. Í forspjallavísindum er nú enginn prófessor.

Um 33. gr.

Ákvæði þetta er óþarft.

Um 34. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 638. Frumvarp til laga [296. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1970, um Fjárfestingarfélag Íslands hf.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson.

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1977“ í 6. gr. laga nr. 46/1970 komi: til ársloka 1982.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lög um Fjárfestingarfélag Íslands hf. voru sett 1970, var félaginu veittur sami réttur í skattamálum og öllum öðrum fjármálastofnunum. Skyldi hann gilda til ársloka 1977, en vonir stóðu til að félagið hefði þá eflst svo að það gæti hafið skattgreiðslur. Stöðug verðbólga hefur hins vegar valdið því, að fjármunir félagsins hafa fremur rýrnað en vaxið. Starfsemi félagsins hefur einnig verið þrengri stakkur skorinn en ætlað var vegna ástands íslenskra peningamála.

Engu að síður er eðlilegt að þrautreyna hugmyndir þær, sem Fjárfestingarfélag Íslands hf. var stofnað til að framkvæma, en til þess er nauðsynlegt að félagið fái framlengingu skattfríðinda í nokkur ár enn, og er því lagt til að réttindin gildi í 5 ár til viðbótar þeim 7 sem upphaflega var ákveðið.

Sþ. 639. Þingsályktun [119. mál]

um aðild Íslands að alþjóðasamningum um mannréttindi.

(Afgreidd frá Sþ. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 437.

Ed. 640. Breytingartillaga [190. mál]

við brtt. á þskj. 577 [Ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979]

Frá Albert Guðmundssyni.

Á eftir orðunum „skv. 25. gr. laganna“ í 9. lið komi: á árinu 1979.

Sþ. 641. Fyrirspurn [297. mál]

til landbúnaðarráðherra um rekstrarlán til sauðfjárbænda.

Frá Kjartani Ólafssyni.

1. Hvað hafa rekstrarlán til sauðfjárbænda undanfarin 8 ár numið stórum hluta hvert ár um sig af skilaverði við upphaf sláturtíðar fyrir heildarfjölda sláturfjár haustið eftir að lánin voru veitt?
2. Hverjar eru núgildandi reglur í þessum efnum og hver má ætla að verði í ár breytingin frá fyrra ári hvað varðar upphæð rekstrarlána sem hlutfalls af skilaverði við upphaf sláturtíðar á komandi hausti?
3. Hefur ríkisstjórnin áformað að vinna að breytingum á þeim lánareglum sem nú gilda um rekstrarlánin, og ef svo er, hvaða breytingum hyggst þá ríkisstjórnin beita sér fyrir?

Ed. 642. Lög [7. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 610 (sbr. 7).

Nd. 643. Frumvarp til laga [92. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 59/1978.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. maí.)

1. gr.

Á eftir h-lið 39. gr. laganna komi nýr stafliður, i, er orðist svo:

Að greiða kostnað samkv. nánari ákvörðun tryggingaráðs, vegna psoriasissjúklinga, sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga erlendis sem komi í stað sjúkrahúsvistar.

Tryggingaráð setur nánari reglur um greiðslufyrirkomulag og skipulag slíkra ferða, auk hámarksfjölda psoriasissjúklinga sem árlega geti notið slíkrar fyrirgreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 644. Frumvarp til laga [147. mál]

um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. maí.)

1. gr.

Í lögum þessum nefnist gjaldmiðill sá, sem löglega var gefinn út fyrir gildistöku laga þessara, 1. janúar 1981, gömul króna, til aðgreiningar frá gjaldmiðli gefnum út frá þeim degi, en hann nefnist ný króna í lögum þessum.

Lög þessi taka bæði til peningaseðla og peninga sleginna úr málmi (myntar).

2. gr.

Frá og með 1. janúar 1981 hundraðfaldast verðgildi krónunnar. Jafngildir þá ein ný króna eitt hundrað gömlum krónum, og á sama hátt jafngildir einn eyrir nýrrar krónu einni gamalli krónu. Breytist ákvæðisverð eldri seðla og myntar, sem þá eru í umferð, í samræmi við það.

3. gr.

Nú eru í lögum, reglugerðum, stjórnvaldaákvörðunum, úrskurðum eða gjaldskrám, sem út voru gefnar fyrir 1. janúar 1981, greindar fjárhæðir í krónum og skulu þær fjárhæðir þá lækkaðar þannig, að hin nýja fjárhæð telst einn hundraðasti hluti af eldri fjárhæðinni.

4. gr.

Sérhver fjárhæð í dómi, skuldabréfi, skuldaviðurkenningu, víxli, tékka, leigusamningi, hlutabréfi og öðrum skjölum, sem skylda til greiðslu í krónum eða lofa greiðslu í krónum og út hafa verið gefin fyrir 1. janúar 1981, en greiðsla hefur eigi verið innt af hendi, skal breytast þannig, að hin nýja fjárhæð skal teljast einn hundraðasti hluti af hinni eldri fjárhæð.

Gildir þetta um allar greiðslur samkvæmt skjölum þessum, svo og hvers konar aðrar munnlegar og skriflegar greiðsluskuldbindingar, sem eigi hafa verið inntar af hendi fyrir 1. janúar 1981.

5. gr.

Frá og með 1. janúar 1981 skal hvers konar endurgjald og laun fyrir vinnu og starf, þóknanir og endurgjald fyrir vöru og þjónustu reiknast í hinum nýju krónum.

6. gr.

Í bókhaldi skulu öll viðskipti, sem eiga sér stað frá og með 1. janúar 1981, færð með nýjum krónum. Sömuleiðis skulu öll reikningsskil tímabils, sem lýkur á árinu 1981 og þar á eftir, færð með nýjum krónum.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu seðlar þeir, sem út hafa verið gefnir, og mynt sú, sem slegin hefur verið og gefin út fyrir 1. janúar 1981, halda gildi sínu og vera lögeyrir í allar greiðslur hér á landi í sex mánuði eftir gildistöku laganna, þó þannig, að verðmæti hvers seðils eða myntar skal reiknast einn hundraðasti hluti af ákvæðisverði.

Frá og með 1. júlí 1981 skulu seðlar þeir og mynt, sem út var gefin fyrir 1. janúar 1981, hætta að vera lögmætur gjaldmiðill í lögskiptum manna. Seðlabanka Íslands er þó skylt að innleysa þá seðla og mynt í 18 mánuði eftir lok sex mánaða frestsins.

Sömu reglur og greinir í 1. og 2. mgr. skulu gilda um frímerki, sparimerki, stimpilmerki og önnur hliðstæð heimildarskjöl, að öðru leyti en því, að útgefandi er innlausnarskyldur.

8. gr.

Fjárhæð, sem við verðgildisbreytinguna 1. janúar 1981 verður minni en hálfur eyrir nýrrar krónu, fellur niður, en hálfur eyrir og hærri fjárhæð skal hækka í einn eyri nýrrar krónu.

9. gr.

Viðskiptaráðherra setur að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands reglugerð um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum, enda liggi ekki við broti þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Nd. **645. Frumvarp til laga** [298. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1977.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1977 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum í þús. kr.:

	Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00	Æðsta stjórn ríkisins	556 226	804 794
01	Forsætisráðuneytið	1 740 042	1 799 919
02	Menntamálaráðuneytið	13 460 637	15 995 203
03	Utanríkisráðuneytið	1 020 590	1 303 776
04	Landbúnaðarráðuneytið	4 845 588	5 870 267
05	Sjávarútvegsráðuneytið	2 161 762	2 581 960
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	5 307 045	7 066 901
07	Félagsmálaráðuneytið	3 947 670	4 699 904
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	29 562 306	34 561 029
09	Fjármálaráðuneytið	6 011 535	4 276 472
10	Samgönguráðuneytið	9 324 436	10 412 775
11	Iðnaðarráðuneytið	2 846 142	3 233 064
12	Viðskiptaráðuneytið	5 897 244	6 645 745
13	Hagstofa Íslands	69 310	77 667
14	Ríkisendurskoðun	83 415	99 552
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	2 319 299	3 392 099
	Mismunur	803 334	
	Samtals	89 956 581	102 821 127

	Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	88 792 281	98 379 573
12	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	222 800	240 049
13	Ýmsar tekjur	941 500	1 657 910
	Mismunur		2 543 595
	Samtals	89 956 581	102 821 127

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1977, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Sþ. **646. Frumvarp til fjáraukalaga** [299. mál]

fyrir árið 1977.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1977 er veitt:

		Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	81 280
01	Forsætisráðuneytið	59 877
02	Menntamálaráðuneytið	2 534 566
03	Utanríkisráðuneytið	283 186
04	Landbúnaðarráðuneytið	1 024 679
05	Sjávarútvegsráðuneytið	420 198
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	1 759 856
07	Félagsmálaráðuneytið	752 234
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	4 998 723
10	Samgönguráðuneytið	1 088 339
11	Iðnaðarráðuneytið	386 922
12	Viðskiptaráðuneytið	748 501
13	Hagstofa Íslands	8 357
14	Ríkisendurskoðun	16 137
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	1 072 800
	Samtals	15 235 655

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1977. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgjöldum, sem ríkisreikningurinn 1977 sýnir, að undanskildum alþingiskostnaði.

Ed. 647. Frumvarp til laga [300. mál]

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

I. KAFLI
Tilgangur og gildissvið.

1. gr.

Með lögum þessum er leitast við, að

a) tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu,
b) tryggja skilyrði fyrir því, að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál, í samræmi við gildandi lög og reglur, í samræmi við ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.

2. gr.

Lög þessi gilda um alla starfsemi, þar sem einn eða fleiri menn vinna, hvort sem um er að ræða eigendur fyrirtækja eða starfsmenn.

Undanþegin lögum þessum eru:

a) siglingamál og önnur verkefni, sem sérstaklega eru falin Siglingamálastofnun ríkisins, samanber lög nr. 51/1970 og lög nr. 12/1976 um kafarastörf. Einnig alþjóðasamþykktir, sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verksvið Siglingamálastofnunar ríkisins, þar með talið um gáma, um flutning á hættulegum efnum, um mengun sjávar og fleira,
b) loftferðir, samanber lög nr. 34/1964 og lög nr. 71/1974 um breyting á lögum nr. 34/1964 um loftferðir. Einnig alþjóðasamþykktir, sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verksvið flugmálastjórnar.
c) algeng heimilisstörf í einkaíbúðum.

3. gr.

Lög þessi ná til vinnu við loftför á jörðu niðri, nema um störf áhafnar sé að ræða.

Í tillögunum er enn fremur lagt til, að gerð verði sérstök allsherjarathugun og úttekt á ástandi aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustöðum.

Úttektinni skal fyrst og fremst beint að eftirfarandi atriðum:

1. Vinnuhúsnæði almennt.
2. Loftræstingu og efnasamsetningu andrúmslofts vinnuhúsnæðis, svo sem vegna uppgufunar, reyks og ryks.
3. Meðferð hættulegra efna.
4. Hreinsun vinnuhúsnæðis og hreinsunaraðferðum.
5. Hávaða í vinnuhúsnæði og orsökum hans.
6. Lýsingu vinnuhúsnæðis með tilliti til vinnuaðstöðu og verkefna.
7. Upphitun vinnuhúsnæðis og rakastigs á vinnustað.
8. Hlífðar- og öryggisbúnaði gegn heilsutjóni og slysum og notkun hans.
9. Vélbúnaði í vinnuhúsnæði, svo og vélknúnum tækjum og öryggisbúnaði slíkra tækja.
10. Vinnuaðstöðu og áhöldum.
11. Starfsmannarými, þ. e.

a. Fataskiptaaðstöðu og fataskápum.
b. Mötuneyti, mat- og kaffistofu.
c. Snyrtiaðstöðu, svo sem handlaugum, salernum og böðum.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Öryggiseftirlit ríkisins framkvæmi sameiginlega, samkvæmt sérstöku umboði stjórnvalda, úttekt vinnustaða á næstu 12 mánuðum og fái til þess sérstaka fullnægjandi fjárveitingu.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Öryggiseftirlit ríkisins skulu gera úttektarskýrslu um alla vinnustaði, sem úttektin nær til, í samráði við vinnuveitanda og trúnaðarmenn og láti viðkomandi fyrirtæki og verkalýðsfélög fá afrit hennar.

Komi í ljós, að vinnustaður er samkvæmt úttektarskýrslu ekki útbúinn í samræmi við lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23 1. febrúar 1952 og reglugerðir settum samkvæmt þeim og heilbrigðisreglugerð skv. 9. gr. laga nr. 12/1969, skulu Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Öryggiseftirlit ríkisins gefa stjórnendum viðkomandi vinnustaða fyrirmæli um úrbætur, sem nauðsynlegar eru til að vinnustaður verði útbúinn í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Verði nauðsynlegum úrbótum ekki lokið innan tiltekins tíma, sem ákveðinn er af Heilbrigðiseftirliti ríkisins og Öryggiseftirliti ríkisins, með tilliti til undrbúnngs og framkvæmdatíma úrbóta, í samráð við forstöðumenn viðkomandi fyrirtækis og trúnaðarmann á vinnustað, er eftirlitsstofnun skylt að banna vinnu verkafólks á vinnustaðnum.

Komi til lokunar vinnustaða af þessum ástæðum og verkafólk missi vinnu sína, skal því sagt upp starfi með tilskildum uppsagnarfresti, enda tilkynni stofnanirnar fyrirtæki lokun með þeim fyrirvara, að slíkt sé mögulegt.

Sé um að ræða sérstaklega slæmt ástand varðandi hollustuhætti og öryggi á vinnustað, skal fyrirtækinu skylt að gera úrbætur þegar í stað. Sé það ekki gert, skal banna vinnu á staðnum tafarlaust, enda haldi fólk þá launum út uppsagnarfrestinn.

Í sambandi við slíka stöðvun skal þess gætt að hún geti ekki skapað hættuástand fyrir umhverfið.

Þeim fyrirtækjum, sem skylt er að framkvæma úrbætur á aðbúnaði, hollustuháttum og vinnuumhverfi, skal veitt lán til að framkvæma úrbæturnar og/eða til kaupa á nauðsynlegum tækjum í því skyni.

Stjórnvöld útvegi fjármagn í þeim tilgangi.

Tryggt skal að slíkt lánsfé verði eingöngu notað til endurbóta á vinnuumhverfi og öryggisbúnaði.

A.S.Í., V.S.Í. og V.M.S. tilnefni fulltrúa, til þess að fylgjast með úttekt á ástandi vinnustaða og til þess að fjalla um lánaþörf og lánveitingar ásamt fulltrúum stjórnvalda.

Hinn 22. júní 1977 ritaði forsætisráðuneytið Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna eftirfarandi bréf:

„Ríkisstjórnin hefur ákveðið að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í nefndinni munu eiga sæti 3 fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, 1 fulltrúi frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, 2 fulltrúar frá Vinnuveitendasambandi Íslands og 3 fulltrúar skipaðir af ráðherra, án tilnefningar. Skipar ráðherra formann nefndarinnar.

Skal stefnt að því að ný lög um þessi mál taki gildi eigi síðar en í ársbyrjun 1979.

Ríkisstjórnin hefur ennfremur ákveðið að beita sér fyrir því, að næstu mánuði verði gerð sérstök athugun á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum. Athugun þessi mun ná til ákveðins og takmarkaðs fjölda vinnustaða og skal gerð í því skyni að knýja á um úrbætur á aðbúnaði og öryggi á vinnustöðum og verða niðurstöður hennar hafðar til hliðsjónar við undirbúning lagasetningar um þetta efni.

Er gert ráð fyrir að ofangreind nefnd leggi á ráðin um þessa athugun og fylgist með henni.

Ríkisstjórnin mun stefna að því að upp verði tekið reglubundið allsherjareftirlit með öryggismálum og vinnuvernd á öllum vinnustöðum, fyrst í stað með eflingu þess eftirlits, sem fyrir er.

Í því skyni að unnt verði að koma fram aðkallandi úrbótum á aðbúnaði og öryggi vinnustaða, þar sem þeirra er þörf, mun ríkisstjórnin beita sér fyrir að fé fáist til lána til fyrirtækja í þessu skyni.

Þess er hér með farið á leit við yður, að þér tilnefnið fulltrúa yðar til þátttöku í áðurgreindri nefnd og tilkynnið félagsmálaráðuneytinu ákvörðun yrðar svo fljótt sem kostur er."

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar skipaði félagsmálaráðherra hinn 14. september 1977 nefnd, til þess að semja frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Formaður var skipaður Hallgrímur Dalberg ráðuneytisstjóri en ásamt honum voru skipaðir: Bolli B. Thoroddsen, hagræðingarráðunautur, Karl Steinar Guðnason, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og Guðjón Jónsson, formaður Málmiðnaðarsambands Íslands, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Barði Friðriksson, hæstaréttarlögmaður og Geir Þorsteinsson, verkfræðingur, tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands, Júlíus Kr. Valdimarsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Friðgeir Grímsson, öryggismálastjóri, tilnefndur af Öryggiseftirliti ríkisins og Hrafn V. Friðriksson, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, tilnefndur af Heilbrigðiseftirliti ríkisins.

Nefndin hélt fyrsta fund sinn 21. september 1977.

Var þá ákveðið að skipa starfsnefnd þriggja úr aðalnefndinni og að hlutverk hennar yrði, að undirbúa og skipuleggja fundi aðalnefndarinnar, með því að annast gagnasöfnun og setja fram hugmyndir og tillögur til umfjöllunar í aðalnefndinni.

Starfsmaður nefndarinnar var ráðinn Örn Bjarnason, skólayfirlæknir.

Starfsnefndin hélt 24 bókaða fundi og aðalnefndin 36. Auk þess var fjallað um einstök mál og efnisatriði af undirnefndum milli reglulegra funda.

Í byrjun var aðallega fjallað um undirbúning vinnustaðakönnunarinnar, en á 9. fundi, 19. júlí 1978, voru lögð fram frumdrög að lagafrumvarpi. Þar var í samræmi við ákvörðun aðalnefndarinnar, gert ráð fyrir rammalögum, sem síðan yrði fyllt inn í með reglugerðum, starfsreglum og öðrum reglum og fyrirmælum um nánari útfærslu einstakra atriða.

Nefndin hefir gert sér far um, að einfalda lagafrumvarpið og forðast skörun við önnur lög og leitast hefur verið við að skilgreina hugtök, sem um er fjallað, eins nákvæmlega og kostur er.

Við samningu frumvarpsins hafa fyrst og fremst verið hafðar í huga íslenskar aðstæður, en einnig hefir m. a. verið höfð hliðsjón af nýlegri löggjöf um sama efni í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, svo og samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þá hefir verið stuðst við drög að frumvarpi til laga um vinnuvernd, en nefnd undir stjórn Hjálmars Vilhjálmssonar, þáverandi ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins, vann að þessu verkefni 1973—1975 í samræmi við málefnasamning ríkisstjórnarinnar, að hún skyldi beita sér fyrir setningu laga um alhliða vinnuvernd. Lög nr. 23 1. febrúar 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, með síðari breytingum hafa verið höfð til hliðsjónar, svo og lög nr. 12 17. mars 1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, lög nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu, ásamt fjölda annara laga og reglugerða, samanber Fylgiskjal 2.

Ýmis ákvæði í gildandi lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum hafa verið tekin efnislega upp í lagafrumvarpið, svo sem ýmsar skilgreiningar, en í samræmi við þá ákvörðun nefndarinnar, að vinna að frumvarpi að rammalögum, er gert

ráð fyrir, að ýmis ákvæði laganna um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, muni verða felld inn í reglugerðir og reglur, sem settar verði í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir, að við setningu reglugerða verði höfð hliðsjón af niðurstöðum vinnustaðakönnunarinnar.

Nefndin hefir leitað samráðs við fjölda margar stofnanir, sem lögum samkvæmt hafa eftirlit á vinnustöðum hér á landi og aðra aðila, sem nefndin hefur talið mál þetta varða, svo sem Bifreiðaeftirlit ríkisins, Búnaðarfélag Íslands, eiturefnanefnd, Flugmálastjórn (loftferðaeftirlit), Framleiðslueftirlit sjávarafurða, Hagstofu Íslands, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, landlæknisembættið, Rafmagnseftirlit ríkisins, Siglingamálastofnun ríkisins og yfirdýralækni. Þá hefir verið haft samband við ýmsa sérfræðinga í ráðuneytum, svo sem landbúnaðarráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og menntamálaráðuneyti og við nefnd þá, sem endurskoðar lög nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Nefndin hefur unnið samkvæmt því meginsjónarmiði, að eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum verði sem allra mest innan vinnustaðanna sjálfra.

Í frumvarpi þessu er, í samræmi við samkomulagið frá 19. apríl 1977, lagt til, að ein stofnun, sem nefnd er Vinnueftirlit ríkisins, sjái um framkvæmd laganna, ef lögfest verða, sbr. XII. kafla frumvarpsins.

Í þessu sambandi er lögð rík áhersla á nauðsyn náins samstarfs allra þeirra aðila, sem hafa eftirlit á vinnustöðum, til þess að komið verði í veg fyrir tvöfalt og oft margfalt eftirlit með sama þætti á vinnustað, eins og nú vill brenna við.

Almennar athugasemdir.

I.

Gildissvið er í frumvarpinu rýmkað frá lögum nr. 23 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og gilda þau um alla starfsemi, þar sem einn eða fleiri starfsmenn vinna og einnig til þeirrar starfsemi, þar sem eigandi vinnur einn í fyrirtæki sínu.

Lögin um öryggisráðstafanir á vinnustöðum taka aðeins til starfsemi, þar sem tveir starfsmenn eða fleiri vinna.

Frumvarpið tekur til skrifstofuvinnu og vinnu við landbúnaðarstörf, sem undanskilin eru í lögum nr. 23 1952.

Á sama hátt og er í þeim lögum eru siglingar, fiskveiðar og loftferðir undanþegin í frumvarpinu.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum fer dómsmálaráðuneytið með mál er varða öryggisgæslu á vinnustöðum og Öryggiseftirlit ríkisins, sbr. lög nr. 73 28. maí 1969 og Auglýsingu um reglugerð nr. 96 1969 um Stjórnarráð Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að félagsmálaráðherra fari með mál, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Er það í samræmi við skipun nefndarinnar og þá skoðun hennar, að þessi mál heyri undir félagsmálaráðuneytið, enda falla málefni vinnumarkaðarins fyrst og fremst undir það ráðuneyti.

II.

Í frumvarpinu er lögð á það meginhersla, að eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi verði sem allra mest innan fyrirtækjanna sjálfra og atvinnurekendur og starfsmenn skipuleggi sameiginlega ráðstafanir á vinnustöðum, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Eru ákvæði laganna í þessu efni að verulegu leyti nýmæli og í anda þess, sem fram kemur í 1. gr. laganna um tilganga þeirra, sbr. umsögn um greinina síðar.

III.

Nýmæli eru í frumvarpinu um öryggisnefndir sérgreina. Í II. kafla er gert ráð fyrir, að í stærri fyrirtækjum verði stofnaðar öryggisnefndir sem í sitja fulltrúar

atvinnurekenda og fulltrúar starfsmanna. Í III. kafla er á sama hátt gert ráð fyrir að hægt sé að setja nefndir í sérgreinum, til þess að vinna að lausn vandamála, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan viðkomandi sérgreinar.

IV.

Skyldur atvinnurekenda eru skilgreindar í kaflanum um almennar skyldur, en auk þess eru ákvæði er lúta að skyldum atvinnurekenda í kaflanum um öryggis- og heilbrigðisstarfsemi innan fyrirtækja og í kaflanum um heilsuvernd og fleira. Eru ákvæði þessi mun ítarlegri en eru í gildandi lögum.

Hið sama gildir um skyldur verkstjóra og starfsmanna svo og þeirra, sem selja, setja upp, gera við eða hanna, leigja út eða lána vélar, tæki og annan búnað, sem ætlaður er til notkunar við atvinnurekstur, svo og þá sem hanna framleiðslusamstæður, húsnæði vinnustaða og önnur mannvirki og ennfremur um þá sem gefa ráð í þessum efnum.

V.

Í frumvarpinu eru fyllri ákvæði um framkvæmd vinnu, en eru í gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að nánari fyrirmæli verði í reglum, sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur.

VI.

Í frumvarpinu eru fyllri ákvæði um hættuleg efni og vörur en eru í lögum nr. 23 1952, að því er varðar meðferð þeirra og hugsanleg áhrif á starfsmenn og starfsumhverfi.

VII.

Samfelldur lágmarkshvíldartími skal vera 8 klukkustundir, samkvæmt gildandi lögum. Samkvæmt frumvarpinu á hann að vera 10 klukkustundir.

Gert er ráð fyrir, að leyfð séu ákveðin frávik frá þessu atriði, þegar nauðsyn ber til, en slíkt er háð samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og samþykki Vinnueftirlits um framkvæmd.

Þá eru í frumvarpinu ítarleg ákvæði um vikulegan frídag og frávik frá honum, sem háð eru sömu skilyrðum og greinir hér á undan.

VIII.

Ákvæðin um vinnu barna og ungmenna eru mun ítarlegri, en núgildandi ákvæði í lögum nr. 23 1952.

IX.

Í kaflanum um heilsuvernd, læknissokðanir og aðrar rannsóknir er fjallað um atvinnusjúkdómavarnir.

Gert er ráð fyrir, að sú starfsemi verði innan heilbrigðiskerfisins og sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum verði falin heilsuvernd starfsmanna í samræmi við gildandi lög um heilbrigðisþjónustu. Eru þessi ákvæði mun ítarlegri en eru í gildandi lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

X.

Með stofnun Vinnueftirlits ríkisins er leitast við að færa undir eina stofnun allt eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum, sem lög þessi ná til, sbr. I. kafla laganna. Slíkt eftirlit hefur hingað til verið í höndum fleiri stofnana og ráðuneyta, en það fyrirkomulag hefur leitt til margvíslegra vandkvæða og öryggisleysis í framkvæmd.

Hlutverk Vinnueftirlits ríkisins er ítarlega skilgreint í XII. kafla lagafrumvarpsins.

Ráðherra skal skipta stofnuninni í deildir og landinu í eftirlitssvæði.

Um eftirlitsstörf eru almenn ákvæði, en gert er ráð fyrir að ráðherra setji stofnuninni starfsreglur. Þessi almennu ákvæði hafa hins vegar verið skerpt og færð í form, sem talið er að geti hentað, einnig í afbrigðilegum tilvikum. Er stefnt að

því að Vinnueftirlit ríkisins geti betur komið á umbótum, en reynst hefir kleift með stoð í núgildandi lögum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stjórn Vinnueftirlitsins sé skipuð 7 mönnum: Alþýðusamband Íslands tilnefni 3 stjórnarmanna, Vinnuveitendasamband Íslands tilnefni 2 og Vinnumálasamband samvinnufélaganna einn og ráðherra skipi einn stjórnarmanna án tilnefnigar. Er þetta með svipuðum hætti og er um skipun öryggisráðs samkvæmt núgildandi lögum og í samræmi við samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

XI.

Tilkynningarskylda atvinnurekenda um tilvist, starfrækslu og breytingu fyrirtækja hefir verið flókin og á reiki.

3. og 11. grein laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum fjalla um þessi atriði, en ekki hefur tekist framkvæmd á þeim lagagreinum, svo að gagni hafi komið.

Tilkynningarskylda er því í frumvarpinu bundin með einfaldari hætti, en áður var.

XII.

Það nýmæli er í frumvarpinu, að gert er ráð fyrir að kostnaður við Vinnueftirlit ríkisins verði borinn uppi af iðgjöldum, sem reiknist á sama hátt og iðgjöld til slysatrygginga samanber lög um almannatryggingar. Nefndin taldi rétt að fara þessa leið, þar sem í ljós hefir komið, að gjaldskrárfyrirkomulag það, sem gilt hefir hjá Öryggiseftirliti ríkisins og byggt er á lögum nr. 23/1952, hefir reynst illa og verið kostnaðarsamt í framkvæmd. Eru þessu máli gerð ítarleg skil í umsögn um 77. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. KAFLI

Tilgangur og gildissvið.

Um 1. gr.

Nefndin hefur í starfi sínu leitast við að tryggja, að hægt sé að fylgja félagslegri og tæknilegri þróun í landinu og að hægt sé að leysa vandamál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan vinnustaðanna sjálfra.

Um 2. gr.

Áður var lýst þeirri rýmkun, sem lagt er til að verði á gildandi lögum.

Í gildandi lögum eru skrásett ökutæki undanskilin. Gert er ráð fyrir að Vinnueftirlit ríkisins hafi eftirlit með þeim skrásettum ökutækjum, sem ekki lúta eftirliti annarra aðila lögum samkvæmt og er nánar fjallað um þetta í VII. kafla.

Nýmæli er að eftirlit skuli haft með búvélum og er einnig fjallað um það í VII. kafla.

Nefndin hefur fjallað mjög mikið um eftirlit í landbúnaði almennt. Þar er fyrir höndum mikið verkefni. Nú þegar fer fram eftirlit ýmissa aðila með ýmsum þáttum í landbúnaði, en þetta eftirlit þarf að efla. Nefndinni er hinsvegar ljóst, að nokkurn tíma muni taka að koma á auknu eftirliti og er gert ráð fyrir að það verði gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands, yfirdýralækni og aðra þá aðila, sem um þessi mál fjalla.

Í gildandi lögum eru verksmiðjur í skipum háðar eftirliti Öryggiseftirlits ríkisins.

Í þessari grein er kveðið svo á, að siglingamál og önnur verkefni sem sérstaklega eru falin Siglingamálastofnun ríkisins séu undanþegin lögum þessum.

Í samræmi við þá skýru verkaskiptingu í eftirlitsstörfum, sem leitast er við, er gert ráð fyrir, að störf lögskráðra manna, verði háð eftirliti Vinnueftirlits ríkisins, þegar þeir starfa undir verkstjórn úr landi.

Um 3. gr.

Í þessari grein er, eins og í næstu grein á undan, leitast við að skilja á milli eftirlitsstarfa Vinnueftirlits ríkisins annars vegar og Loftferðaeftirlits og Siglingamálastofnunar hins vegar.

Öll störf, er varða loftför á jörðu niðri, eru háð eftirliti Vinnueftirlits ríkisins nema ef um störf áhafnar er að ræða. Eftirlitið nær þannig til vinnupalla kringum loftför, aðbúnaðar í flugskýlum, öryggis í flugskýlum og verkstæðum, að því er varðar t. d. lyftur, háþrýstikúta, brunavarnir, rafmagnsmótora o. s. frv., vinnutækja, sem notuð eru við loftför t. d. lyftara, dráttarvagna o. s. frv. Eldsneytisáfylling loftfara er undir eftirliti flugmálastjórnar (Loftferðaeftirlit). Hinsvegar hefur Vinnueftirlit ríkisins og skyldur gagnvart eftirliti með afgreiðslubifreiðum eldsneytis, eldsneytisgeymum og rafmótorum utan loftfars.

Í þessari grein er kveðið svo á um, að ráðherra geti falið Vinnueftirliti ríkisins eftirlit með áhöldum og vélum, mannvirkjum og framkvæmdum, sem lögin ná ekki til. Er þetta í samræmi við núgildandi ákvæði, en þeim hefur verið beitt, m. a. varðandi eftirlit með lyftum í fjölbýlishúsum og vatnshitunarkerfum, öðrum en jarðvarmaveitum.

II. KAFLI

ÖRYGGIS- OG HEILBRIGÐISSTARFSEMI INNAN FYRIRTÆKJA

Samskipti atvinnurekenda og starfsmanna.

Vísað er til þess, að hugtakið fyrirtæki er skilgreint í 90. grein, atvinnurekandi í 12. grein, verkstjóri í 20. grein og starfsmaður í 24. grein.

Bent skal á það markmið laga þessara, að eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi sé sem mest flutt inn á vinnustaðina sjálfa og að það byggist á samstarfi starfsmanna og atvinnurekenda.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru almennt orðuð ákvæði um skyldur starfsmanna, verkstjóra og atvinnurekenda að eiga samstarf um að stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á þeim vinnustöðum, þar sem eru einn til níu starfsmenn. Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins getur ákveðið, að 5. grein gildi fyrir þá starfshópa, sem hér um ræðir.

Um 5. gr.

Í lögum nr. 23/1952 eru ákvæði um að í fyrirtækjum, þar sem 5 starfsmenn eða fleiri vinna, er þeim heimilt að velja sér trúnaðarmann, sem gæti hagsmuna þeirra varðandi öryggi á vinnustað. Reynslan hefur hinsvegar orðið sú, að heimild þessi hefur sáralítið verið notuð.

Samkvæmt frumvarpinu er það hinsvegar ótvíræð skylda, að á vinnustöðum, þar sem tíu starfsmenn eru eða fleiri, að starfsmenn skuli tilnefna úr sínum hópi sérstakan öryggistrúnaðarmann, sem gæti hagsmuna starfsmanna að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

Þrátt fyrir ótvíræðan rétt og skyldu starfsmanna til að velja sérstakan öryggistrúnaðarmann er ekki loku fyrir það skotið að sami maður geti jafnframt verið félagslegur trúnaðarmaður starfsmanna, telji þeir slíka skipan heppilega.

Atvinnurekandi skal tilnefna einn aðila af sinni hálfu öryggisvörð, til þess að vinna að aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi sérstaklega.

Um 6. gr.

Í fyrirtækjum, þar sem eru 20 starfsmenn eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd. Í henni skulu sitja tveir fulltrúar starfsmanna og tveir fulltrúar atvinnurekanda. Þessi nefnd skal skipuleggja og hafa eftirlit með ráðstöfunum, sem varða aðbúnað,

hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og ennfremur skal nefndin annast fræðslu starfsmanna um þessi efni.

Í greininni eru einnig ákvæði um samstarf eftirlitsmanna Vinnueftirlits ríkisins við atvinnurekanda, öryggistrúnaðarmenn, félagslegan trúnaðarmann starfsmanna og við öryggisnefndir.

Ákvæðin í 5. og 6. grein um sérstakan öryggistrúnaðarmann starfsmanna, öryggisvörð og öryggisnefndir í fyrirtækjum eru algjör nýmæli.

Um 7. gr.

Sjálfsagt þykir að stjórn Vinnueftirlits ríkisins setji nánari reglur um fyrirkomulag þeirrar starfsemi, sem fjallað er um í þessum kafla.

Um 8. gr.

Í greininni er lögð á það áhersla að fulltrúi/fulltrúar vinnuveitenda hafi fullt umboð hans. Auk þess er hér fjallað um ýmsar skyldur atvinnurekanda varðandi þá starfsemi, sem miðar að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í fyrirtæki hans, þar á meðal skyldu hans að eiga frumkvæði að samstarfi öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna, öryggisnefnda og þeirra, sem annast heilbrigðisþjónustu, þ. e. a. s. starfsfólks þeirrar heilbrigðisstofnunar, sem annast heilsuvernd starfsmanna, samanber 66. grein, samanber einnig 16. grein.

Flest atriði þessarar greinar eru nýmæli, í samræmi við það, að skipulag starfsemi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækja er að mestu nýsmíð.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um skyldu Vinnueftirlits ríkisins til að veita fyrirtækjum sérfræðilega aðstoð eða benda á sérfræðinga, er ráðgjöf geta veitt varðandi bættan aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

III. KAFLI

Öryggisnefndir sérgreina.

Ákvæði þessa kafla eru algjör nýmæli.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir því, að aðilar vinnumarkaðarins geti stofnað öryggisnefndir í sérgreinum, svo sem byggingariðnaði, fiskiðnaði, hafnarvinnu, iðju- og verksmiðjustarfsemi, málmiðnaði og skipasmíði o. s. frv.

Vinnueftirlit ríkisins skal viðurkenna slíkar nefndir.

Hugmyndin að baki þessari grein er að virkja þá sérfræðiþekkingu, sem aðilar vinnumarkaðarins í hverri grein hafa yfir að ráða og er þetta í samræmi við þá stefnu, sem mörkuð er í 1. grein laga þessara.

Gert er ráð fyrir að öryggisnefndir sérgreina fái, þegar við á, til umsagnar nýjar reglugerðir og einstök mál, sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins fjallar um hverju sinni og ennfremur að öryggisnefndir geti átt frumkvæði að því að leggja ákveðnar hugmyndir fyrir stjórnina.

Í 3. mgr. þessarar greinar er kveðið á um skyldu Vinnueftirlitsins að ráðfæra sig við öryggisnefnd viðkomandi sérgreinar, sem stjórnin hefur viðurkennt.

Í 4. mgr. þessarar greinar er kveðið á um skyldu öryggisnefnda að stunda fræðslustarfsemi, bæði gagnvart atvinnurekendum og starfsmönnum.

Í 5. mgr. þessarar greinar er á sama hátt og í 2. mgr. þessarar greinar gert ráð fyrir, að öryggisnefndir geti lagt fram tillögur um breytingar á gildandi reglum.

Í 6. mgr. þessarar greinar segir að stjórn Vinnueftirlits ríkisins setji reglur um skipulag, verkefni og starfsemi öryggisnefnda, sérgreina svo og um fjármögnun vegna starfsemi þeirra.

IV. KAFLI

ALMENNAR SKYLDUR

a: Skyldur atvinnurekenda.

Um 12. gr.

Í lögum nr. 23/1952 telst sá einn atvinnurekandi, sem hefir tvo eða fleiri starfsmenn í þjónustu sinni.

Í samræmi við þá meginstefnu laga þessara, að allir, sem atvinnurekstur hafi með höndum, beri ábyrgð sem slíkir, er í lögunum gert ráð fyrir, að einstaklingar sem stunda atvinnustarfsemi séu taldir atvinnurekendur.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, en vísað er til athugasemda við V.—VIII. kafla.

Um 14. gr.

Í þessari grein er með ákveðnari hætti, en áður hefur verið, kveðið á um skyldur atvinnurekenda að því er varðar kennslu og þjálfun starfsmanna.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Í grein þessari eru með ótvíræðum hætti lögð sú skylda á atvinnurekanda að hann eigi frumkvæði að því, að það samstarf, sem II. kafli laganna fjallar um, komist á og verði rækt.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru nýmæli, þar sem kveðið er á um, að þar sem fleiri en einn atvinnurekandi á aðild að starfsemi á sama vinnustað, skuli þeir hafa samvinnu um, að tryggja góðan aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum í heild, sbr. og 36. grein.

Í flestum tilvikum leysast mál sem þessi án utanaðkomandi aðgerða. Leysist þau hins vegar ekki á þann hátt, er gert ráð fyrir, að stjórn Vinnueftirlits ríkisins geti sett reglur um það, hvernig slíku samstarfi skuli háttar sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

Um 18. gr.

Grein þessi gefur Vinnueftirliti ríkisins heimild til þess að krefjast þess, að atvinnurekandi láti gera rannsókn eða úttekt, þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um, að starfsskilyrði fullnægi ekki ákvæðum þeim, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa og er hún í öllum aðalatriðum í samræmi við ákvæði laga nr. 23/1952.

b: Skyldur verkstjóra.

Um 20.—23. gr.

Skilgreining á verkstjóra er nýmæli í lögum og ákvæðin um stöðu hans og skyldur eru það einnig.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

c: Skyldur starfsmanna.

Um 24. gr.

Í lögum nr. 23/1952 er verkamaður skilgreindur, sem karl eða kona, sem vinnur utan heimilis síns í annars manns þjónustu.

Þekkt er, að stórfelldur atvinnurekstur, sem skipulagður er af ákveðnum atvinnufyrirtækjum, á sér stað á heimilum. Má þar til nefna saumaskap, þar sem starfsmönnum eru lagðar til vinnuvélar og efni.

Skilgreining gildandi laga nær ekki til slíkra starfa.

Nauðsynlegt er að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi undir slíkum kringumstæðum sé í samræmi við frumvarpið.

Í frumvarpinu er orðið starfsmaður tekið upp í stað orðsins verkamaður, sem notað er á hliðstæðan hátt í eldri lögum.

Um 25.—28. gr.

Augljóst er að samstarf það, sem gert er ráð fyrir í II. kafla laga þessara, getur ekki átt sér stað, nema starfsmenn taki virkan þátt í því. Hér er því með ótvíræðum hætti lögð sú skylda á starfsmenn, að þeir ræki slíkt samstarf.

d: Skyldur þeirra sem selja, setja upp, gera við og hanna vélar, tæki, áhöld og annan búnað, sem ætlaður er til notkunar við atvinnurekstur.

Um 29.—35. gr.

Í þessum kafla er með skýrari og ótvíræðari hætti, en er í lögum nr. 23 1952 kveðið á um skyldur þeirra, sem selja, setja upp, gera við, lána út, leigja eða hanna vélar, tæki, áhöld og annan búnað, sem ætlaður er til notkunar við atvinnurekstur.

Bent skal á þau nýmæli, sem eru í 2. mgr. 29. gr. um að leiðbeiningar um meðferð, viðhald, flutning, uppsetningu og frágang skuli vera á **íslensku.**

Ennfremur skal bent á nýmæli í 3. mgr. 29. gr., þar sem kveðið er á um að reglur þær, sem eru í 1. mgr. 29. gr. gildi einnig, þegar búnaður er endurseldur, lánaður út eða leigður og nýmælin í 1. mgr. 29. gr. um merkingar véla og tækja, svo og ákvæði í 1. mgr. 30. gr. um skyldur hönnuða og 3. mgr. 32. gr. um skyldur ráðgjafa. Jafnframt er vakin athygli á, að í 33. grein kemur fram, að reglur varðandi búnað gilda um meðferð hættulegra efna og vara.

Skyldur verktaka o. fl.

Um 36. gr.

Sjá skýringu við 17. grein.

V. KAFLI

Framkvæmd vinnu.

Um 37. gr.

Þarf ekki skýringa við að öðru leyti en því, að hér eins og annars staðar í frumvarpinu, er til frekari áherslu getið „góðs aðbúnaðar og hollustuhátta“, jafnframt því „að gætt sé fyllsta öryggis“, eins og í greininni stendur. Telja má víst, að fyllsta öryggis sé ekki gætt nema góðs aðbúnaðar og hollustuhátta sé einnig gætt.

Að fylgja skuli viðurkenndum stöðlum er nýmæli í frumvarpi sem þessu hér á landi. Þar eð staðlar eru sífellt að færast nær því að vera samnorrænir eða nánast alþjóðlegir þykir rétt að tekið sé mið af þeim.

Reglugerðir eða sérstök lagaákvæði verða að jafnaði síðar gerð um efnið. Auk þess vísar notkun staðla til samræmingar og einföldunar.

Um 38. gr.

Í greininni er ekki tæmandi upptalning á því, sem setja þarf reglur um. Upptalning er gerð til þess, að minna aðila, sem hlut eiga að, á tiltekin veigamikil atriði.

Um 39. gr.

Þrátt fyrir skyldu atvinnurekanda, sbr. 93. grein, að tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um fyrirhugaðar breytingar fyrirtækja sinna, þykir rétt að benda á, að hægt sé að gera kröfur um framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðir eftir hina áætluðu breytingu á fyrirtækinu, svo að ljóst verði hvort eða hvaða varúðarráðstafana kunni að verða þörf eftir það.

Um 40. gr.

Með grein þessari eru sett nánari og ákveðnari takmörk en áður um vinnu ákveðinna aðila við tiltekin störf og að reglur **verði settar** um það sem í **núgildandi** lögum er tilgreint að ráðherra **geti** sett reglugerð um. Þess er vænst að þetta verki hvetjandi í þá átt, að reglur verði settar um þetta efni.

VI. KAFLI

Vinnustaður.

Um 41. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, þar sem hugtakið vinnustaður er skilgreint.

Um 42. gr.

Vísað er til skýringa við 37. grein.

Um 43. gr.

Vísað er til skýringa við 38. grein.

Um 44. gr.

Í þessari grein er tekið fram, að reglur skulu settar um áætlanir vegna nýbygginga, breytinga, uppsetningu tækja eða búnaðar, sem leggja skal fyrir Vinnueftirlit ríkisins, áður en breytingarnar eða uppsetningin er gerð.

VII. KAFLI

Vélar, tækjabúnaður og fleira.

Um 45. gr.

Hér eru skilgreiningar á fimm flokkum véla. Skilgreiningar þessar ná yfir allar vélar, sem knúðar eru af öðrum vélum eða knýja aðrar vélar. Skilgreiningar þessar eru ekki til annars staðar, svo vitað sé, en þær auðvelda setningu á reglum og reglugerðum varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi þeirra sem starfa við eða eru í nánd við vélar.

Um 46. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 47. gr.

Í þessari grein eru fyllri ákvæði, en eru í eldri lögum, um setningu reglna varðandi þau atriði, sem upp eru talin í grein þessari og setja skal sérstakar reglur um.

Um 48. gr.

Það er nýmæli í íslenskum lögum að banna megi framleiðslu og innflutning á hættulegum búnaði.

Um 49. gr.

Í núgildandi lögum er tíðni skoðana fastbundin minnst einu sinni á ári. Þessar reglur hafa um of bundið hendur Öryggiseftirlits ríkisins miðað við mismunandi þarfir, m. a. fyrir strjálli skoðanir.

Samkvæmt þessari grein hefir Vinnueftirlit ríkisins frjálsar hendur, að setja reglur í samræmi við raunverulegar þarfir, auk þess sem gert er ráð fyrir mun víðtækara starfssviði, svo sem varðandi farandvélar, farandvinnuvélar og búvélar.

VIII. KAFLI

Hættuleg efni og vörur.

Um 50. gr.

Í þessum kafla er fjallað um efni og vörur, sem geta verið hættuleg eða á annan hátt stofnað heilsu manna og öryggi í voða. Um slík efni og vörur gilda ákvæði laga nr. 85 31. desember 1968 um eiturefni og hættuleg efni. Í 20. grein þeirra laga segir, að öryggismálastjóri hafi eftirlit með framkvæmd ákvæða laganna svo fremi að það sé í verkahring hans.

Gert er ráð fyrir því að forstjóri Vinnueftirlits ríkisins taki við þessu hlutverki og í kaflanum eru ákvæði, sem skilgreina skyldur Vinnueftirlits ríkisins nánar í þessu tilliti.

Í 1. mgr. þessarar greinar eru almenn ákvæði um meðferð áðurnefndra efna og vara á vinnustað, sem skal vera þann veg, að starfsmenn skulu varðir gegn slysum, eitrunum og sjúkdómum.

Í 2. mgr. þessarar greinar er vísað til laga og reglugerða, sem fjalla um þessi mál, sbr. upptalningu í lista þeim, yfir lög og reglugerðir o. fl., sem varða lög þessi. Þessi ákvæði miðast við valdsvið forstjóra Vinnueftirlits ríkisins, skv. 20. gr. laga nr. 85 1968 og ennfremur lög nr. 46 1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Um 51. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er sú skylda lögð á Vinnueftirlit ríkisins, að gefa út leiðbeiningar um ýmis atriði er varða hættuleg efni og vörur.

Í 2. mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir, að stofnunin geti, í samráði við heilbrigðisyfirvöld og aðra aðila, eins og t. d. Iðntæknistofnun Íslands, bannað framleiðslu, flutning og notkun hættulegra efna og vara, í samræmi við 20. gr. laga nr. 85/1968.

IX. KAFLI

Hvíldartími og frídagar.

Um 52.—58. gr.

Vísað er til almennra athugasemda í inngangskafla.

Meginstefna frumvarpsins er, að lágmarkshvíldartími er lengdur. Hinsvegar þykir óhjákvæmilegt að hafa í frumvarpinu ákvæði, sem leyfa viss frávik vegna sérstakra aðstæðna og atvinnuhátta.

Ákvæðin í 52.—56. grein varðandi samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd eru til áréttingar um að samtök launþega og atvinnurekenda geri samkomulag sín á milli um nánari útfærslu hvíldar- og frídagaákvæða, sbr. ákvæði þau, sem þegar er að finna um hliðstæð efni í samningum ýmissa stéttarfélaga.

X.

Vinna barna og ungmenna.

Um 59.—63. gr.

Með ákvæðunum í þessum kafla er leitast við að tryggja, að börn og ungmenni vinni ekki störf, sem eru hættuleg heilsu þeirra eða þroska, en jafnframt viðurkenndur réttur þeirra til þess að fá vinnu við sitt hæfi. Á þetta bæði við tegund starfs og lengd vinnutíma.

Gert er ráð fyrir að Vinnueftirlit ríkisins setji fram nánari skilgreiningar um vinnu barna með hliðsjón af lögum um vernd barna og unglinga.

XI. KAFLI

Heilsuvernd, læknisskoðanir og aðrar rannsóknir.

Um 64. gr.

Með atvinnusjúkdómum, samkvæmt þessari grein, er átt við hið sama og kemur fram í 78. grein, staflið f, en það eru þeir sjúkdómar, sem ætla má að eigi orsakir í starfsumhverfi. Getur þar verið um að ræða beinar orsakir, þar sem tiltekinn þáttur í starfsumhverfi er sannanlega aðalorsök sjúkdóma eða kvilla, slysa eða eitrana eða í starfsumhverfi er að finna meðverkandi orsakir sjúkdóma eða kvilla og þessi skilgreining á atvinnusjúkdómi er óháð því, hvort um bótaskyldan sjúkdóm sé að ræða eða ekki.

Framkvæmd atvinnusjúkdómavarna verði í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu nr. 57 1978 og í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld.

Um 65. gr.

Skilgreining á heilsuvernd starfsmanna er samin með hliðsjón af samþykkt Alþjóðavinnumálaþingsins á Tillögu nr. 112 24. júní 1959 um heilsugæslu á vinnustöðum. Þar sem gert er ráð fyrir að öll lækningastarfsemi verði á vegum heilbrigðiskerfisins og á kostnað sjúkratrygginga, er hér fjallað um framkvæmd heilsuverndar, sem einnig verði innan heilbrigðiskerfisins.

Um 66. gr.

Heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum er ætlað að veita heilsuverndarþjónustu. Nefndin hefur kynnt sér þau þjónustuform, sem eru á hinum Norðurlöndunum og er sammála um, að eðlilegt sé, að heilsuvernd sé að öllu leyti á vegum heilbrigðskerfisins, sbr. tilvitnun í lög nr. 57 1978 í 1. mgr. þessarar greinar.

Gert er ráð fyrir að hvert fyrirtæki geri skriflegan samning við stjórn heilsugæslustöðvar eða sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar, þegar það á við.

Vinnueftirlitið skal stuðla að því að slíkir samningar séu gerðir og ef upp koma ágreiningsatriði milli heilsugæslustöðvar/sjúkrahúss og atvinnurekanda að hlutast til um að skorið sé úr þeim ágreiningi af réttum yfirvöldum.

Um 67. gr.

Auk þeirrar almennu heilsuverndar, sem gert er ráð fyrir skv. 65. og 66. grein, er í sumum starfsgreinum og á ákveðnum vinnustöðum þörf nákvæmari rannsókna og skoðana, sem miða að því að hefta og koma í veg fyrir atvinnusjúkdóma og fjallar greinin um það á hvern hátt skuli að því staðið að ákveða um slíkar skoðanir og rannsóknir og eru ákvæðin mun nákvæmari en er í núgildandi lögum.

Um 68. gr.

Til læknis þess, sem gert er ráð fyrir, að Vinnueftirlit ríkisins hafi í þjónustu sinni, eru gerðar sömu kröfur og um landlækni, sbr. lög nr. 57 1978, 3. mgr. 3. gr. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 69. gr.

Greinin er að mestu samhljóða ákvæðum í núgildandi lögum.

Um 70. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 71. gr.

Í samræmi við tilgang laganna um, að vandamál varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sé hægt að leysa innan vinnustaðanna sjálfra er hér áréttuð skylda Vinnueftirlits ríkisins að hlutast til um að einstökum starfsmönnum eða hópum starfsmanna sé veitt fræðsla um þau atriði í starfsumhverfi þeirra, sem geta verið hættuleg, þegar skilyrði teljast varasöm heilsu þeirra eða öryggi. Jafnframt er vísað í 14. grein um skyldu atvinnurekenda í þessu efni og ennfremur í skilgreiningu á verkefni Vinnueftirlits ríkisins um almenna fræðslu í 78. gr.

Um 72 gr.

Auk heilsuverndarstarfsemi, læknisskoðana og annarra rannsókna, sem gerðar eru með tilliti til heilbrigði starfsmanna, þarf í sumum greinum matvælaframleiðslu að gera aðrar kröfur um rannsóknir, sem fyrst og fremst miðast við að vernda gæði framleiðslunnar. Í slíkum tilvikum er gert ráð fyrlir, að stjórn Vinnueftirlits ríkisins taki tillit til slíkra sérþarfa.

XII. KAFLI

Vinnueftirlit ríkisins.

Kaflinn fjallar um Vinnueftirlit ríkisins. Vísað er til þess, sem segir um stofnunina í inngangi athugasemda og í X. lið almennra athugasemda.

Um 73. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir sérstakri stofnun, sem nefnist Vinnueftirlit ríkisins, er fari með eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum og að hún sé sjálfstæð og hafi aðsetur í Reykjavík.

Félagsmálaráðherra fer með þessi mál og skal hann skipta stofnuninni í deildir og setja reglur um skiptingu landsins í eftirlitsumdæmi.

Í 6. mgr. þessarar greinar er ráðherra gert skylt að setja reglugerð, er hafi inni að halda nánari ákvæði um framkvæmd á lögunum, ef lögfest verða.

Um 74. gr.

Greinin fjallar um skipun stjórnar stofnunarinnar, sem skal vera til fjögurra ára.

Um 75. gr.

Greinin fjallar um stefnumörkun og starfssvið stofnunarinnar og tengsl hennar við félagsmálaráðuneytið.

Um 76. gr.

Greinin fjallar um stöðu, starfssvið og skyldur forstjóra stofnunarinnar.

Um 77. gr.

Eðlilegt þykir, að rekstrarkostnaður Vinnueftirlits ríkisins sé borinn uppi af þeim aðilum, sem njóta þjónustu stofnunarinnar. Er þetta í samræmi við gildandi fyrirkomulag.

Öryggiseftirlit ríkisins annast í dag að mestu það eftirlit og aðra þjónustu, sem Vinnueftirliti ríkisins er ætlað að veita, samkvæmt frumvarpi þessu. Gjaldskrárfyrirkomulag það, sem rekstur Öryggiseftirlits ríkisins hefir byggst á hingað til,

er að dómi núverandi öryggismálastjóra tímafrekt, óhentugt, þungt í vöfum og kostnaðarsamt.

Nefndin hefir því leitast við að finna leið, til þess að fjármagna starfsemi Vinnueftirlits ríkisins með nýjum hætti og hefir komist að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt sé, þar sem hér er um að ræða aðgerðir til þess að koma í veg fyrir slys, eitranir, sjúkdóma og kvilla á vinnustöðum, að megintekjustofn Vinnueftirlits ríkisins verði iðgjöld, sem reiknist á sama hátt og iðgjöld til slysatrygginga, samanber lög um almannatryggingar. Um leið og kveðið er á um að atvinnurekstrinn standi undir kostnaði af starfsemi Vinnueftirlits ríkisins, leggur nefndin áherslu á, að eftirlit verði haft með því, að sá ávinningur, sem ætlast er til að leiði af framkvæmd laganna og komi fram í fækkun meiðsla og slysa og minni tíðni sjúkdóma, leiði til samsvarandi lækkunar á þeim slysatryggingagjöldum, sem atvinnurekstrinum er gert að greiða á hverjum tíma.

Um 78. gr.

Í greininni eru verkefni Vinnueftirlits ríkisins skilgreind í átta liðum og er þar m. a. að finna ákvæði um aukna fræðslu og upplýsingamiðlun varðandi hættur á vinnustöðum og varnir gegn þeim.

Um 79. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 80. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 81. gr.

Í þessari grein er leitast við að tryggja, að Vinnueftirliti ríkisins berist sem flestar og fyllstar upplýsingar um meiðsli, slys og eitranir á vinnustöðum og önnur þau tilvik, sem máli kunna að skipta og skyldur lagðar á stofnunina að framkvæma rannsókn á orsökum þeirra, í þeim tilgangi að koma í veg fyrir þau.

Um 82. gr.

Greinin fjallar um samskipti starfsmanna Vinnueftirlits ríkisins og atvinnurekenda og er efnislega að mestu samhljóða 37. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Um 83. gr.

Sama skýring og við 82. gr.

Um 84. gr.

Greinin fjallar um það, hvernig með skuli fara, ef atvinnurekandi lætur hjá líða að framkvæma þær umbætur, sem Vinnueftirlit ríkisins hefir krafist að gerðar verði.

Í gildandi lögum nr. 23/1952 eru viðurlögin við slíkri vanrækslu þau, að öryggismálastjóri getur látið framkvæma lagfæringu á kostnað viðkomandi fyrirtækis, en það fyrirkomulag hefir, að mati öryggismálastjóra, reynst algerlega óframkvæmanlegt.

Í grein þessari er því það nýmæli, að stofnunin getur, þegar frestur er liðinn, látið stöðva vinnu eða loka starfsemi.

Um 85. gr.

Greinin er að mestu efnislega samhljóða 2. mgr. 38. gr. og 39. gr. laga nr. 23/1952.

Um 86. gr.

Grein þessi fjallar um það, hvernig við skuli brugðist, ef ljóst verður, að skyndilega hefur komið upp bráð hætta á heilsutjóni eða vinnuslysum starfsmanna á vinnustað.

Í grein þessari er það nýmæli, að atvinnurekanda og starfsmönnum, sem falin hefir verið verkstjórn, öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf er skylt, þegar svo stendur á, sem að ofangreinir, að hlutast til um, að starfsemi verði stöðvuð strax og/eða að starfsmenn hverfi frá þeim stað, þar sem hættuástand ríkir. Ennfremur er í 2. mgr. þessarar greinar tekið fram, að ekki sé hægt að gera þá aðila, sem taldir eru í 1. mgr. þessarar greinar, ábyrga fyrir því tjóni, sem fyrirtæki kann að verða vegna fyrrgreindra aðgerða.

Um 87. gr.

Í þessari grein er fjallað um, að ef stöðvun starfsemi virðist geta haft þau áhrif, að eyðilegging verðmæta eða þjóðhagslegt tjón geti hlotist af, þá geti Vinnueftirlit beitt dagsektum í stað lokunar. Ennfremur er í 2. mgr. þessarar greinar kveðið á um það, hvernig fara skuli með um áfrýjun sektarúrskurða.

Um 88. gr.

Í grein þessari er það nýmæli, að í hverju fyrirtæki skuli vera eftirlitsbók eða annað tilsvarandi skráningarform, þar sem skráð skulu samskipti Vinnueftirlits ríkisins og fyrirtækja og annað það, sem máli kann að skipta fyrir starfsmenn og/eða fyrirtæki.

Vinnueftirlit ríkisins setur nánari reglur um framangreind atriði.

Um 89. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

XIII. KAFLI

Tilkynningarskylda fyrirtækja, veiting starfsleyfa og fleira.

Um 90. gr.

Í greininni eru skilgreind hugtökin starfsemi og fyrirtæki.

Um 91. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 92. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli.

Um 93. gr.

Greinin er efnislega að mestu samhljóða 1. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 23/1952.

Um 94. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. mgr. 11. gr. laga nr. 23/1952.

Um 95. gr.

Greinin fjallar um veitingu starfsleyfis, sem sjálfsagt þykir að sé fyrir hendi til tryggingar því, að starfsemi fullnægi ákvæðum þeim, sem eru í frumvarpinu.

Um 96. gr.

1. mgr. þessarar greinar þarfnast ekki skýringa.

2. mgr. þessarar greinar er að mestu efnislega samhljóða 5. mgr. 11. gr. laga nr. 23/1952.

Um 97. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

XIV. KAFLI

Áfrýjun úrskurða.

Um 98. gr.

Greinin fjallar um málsskot og þarfnast ekki skýringa.

XV. KAFLI

Refsiákvæði.

Um 99. gr.

Grein þessi fjallar um viðurlög við brotum gegn lögum þessum og hvernig með skuli fara.

XVI. KAFLI

Gildistaka.

Um 100. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Bráðabirgðaákvæði 1:

Nauðsynlegt þykir, að forstjóra Vinnueftirlits ríkisins sé heimilt að veita frest til aðlögunar, svo sem um ræðir í ákvæði þessu.

Bráðabirgðaákvæði 2:

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Bráðabirgðaákvæði 3:

Ákvæði þetta er í samræmi við samkomulag aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar frá 19. apríl 1977.

Fylgiskjal I.

Sérálit Hrafns V. Friðrikssonar um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, dags. 23. apríl 1979.

Frumvarp þetta, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hefur verið samið án þess að niðurstöður könnunar þeirrar á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Öryggiseftirlit ríkisins var falið að framkvæma, liggi fyrir.

Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar frá 14. sept. 1977 skal hún hafa hliðsjón af niðurstöðum nefndrar könnunar við undirbúning lagasetningar um það mál, sem hér er um fjallað. Slík könnun á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum þykir sjálfsagður undanfari lagasetningar um þau mál sem hér um ræðir og fór fram í þessum tilgangi í Noregi, Danmörku og Svíþjóð á sínum tíma.

Við gerð frumvarps til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum á Íslandi verður að telja meiri nauðsyn á slíkri könnun heldur en í nágrannalöndum okkar, sem hafa haft vinnustaðarannsóknir af ýmsu tagi í gangi í mörg ár og þekkja betur til aðstæðna en við Íslendingar, sem erum byrjendur á þessu sviði.

Við Skipulag vinnustaðaeftirlits, t. d. í nágrannalöndum okkar hefur verið tekið tillit til annarra laga og reglna, sem um svipað efni fjalla, allt eftir því fyrirkomulagi sem til staðar hefur verið í þessum löndum hverju sinni.

Þannig er eftirlit með smærri vinnustöðum (undir 10 starfsmenn) í Svíþjóð í höndum eftirlitsmanns viðkomandi sveitarfélags, og heilbrigðisnefndir í Finnlandi fara með eftirlit með smærri vinnustöðum þar í landi. Hins vegar hefur eftirlit af hálfu sveitarfélaga með vinnustöðum verið lagt niður í Danmörku og Noregi. Þó er í Noregi vinnuverndarnefndir á vegum sveitarfélaga.

Miðað við gildandi ákvæði laga t. d. um heilbrigðiseftirlit í þessum löndum er ofangreint fyrirkomulag eðlilegt.

Það er aftur á móti í hæsta máta óeðlilegt að við gerð frumvarps til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum fyrir Ísland skuli ekkert tillit hafa verið tekið til ákvæða í gildandi lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 12/1969, reglugerða settum samkv. þeim lögum eða annarra laga eða reglna, sem heilbrigðisnefndum og/eða Heilbrigðiseftirliti ríkisins ber að sjá um framkvæmd á og varðar skipulag almenns eftirlits, með aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustöðum af hálfu heilbrigðisnefnda.

Þetta er því athyglisverðara, þegar haft er í huga að auk þess sem heilbrigðisnefndum ber að fylgjast með allri starfsemi innan síns umdæmis, þar með að vinnustaðaeftirliti sé framfylgt af þar til skyldum eftirlitsstofnunum, hafa heilbrigðisnefndir beint eftirliti með aðbúnaði og hollustuháttum meira en 70% starfandi manna hér á landi.

Hefur af hálfu Heilbrigðiseftirlits ríkisins og heilbrigðisnefnda stöðugt verið unnið að eflingu og frekari uppbyggingu eftirlits með aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustöðum í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Ætti öllum sem til þekkja að vera ljóst, að miðað við þau lög og reglur sem nú eru í gildi á Íslandi og varða aðbúnaðar- og hollustumálefni og þá þróun og uppbyggingu sem átt hefur sér stað hvað þessi mál varðar hér á landi, þá er eðlilegast að yfirumsjón og eftirlit með aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustöðum alls konar verði alfarið í höndum heilbrigðisnefnda og Heilbrigðiseftirlits ríkisins undir yfirstjórn heilbrigðismálaráðherra og undir faglegu eftirliti landlæknis.

Slíkt fyrirkomulag myndi að mestu koma í veg fyrir tvíverknað og auk þess sem gera verður ráð fyrir minni rekstrar- og stofnkostnaði.

Þá verður að telja óeðlilegt að hagsmunaaðilum er falin umsjón með opinberu eftirliti og er þá átt við tillögur frumvarpsins um stjórn eftirlitsstofnunar.

Er eðlilegast að Alþingi og ráðherra skipi stjórn eftirlitsstofnunar.

Þá er lagtst gegn þeirri megnu miðstýringu með eftirliti á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum, sem í frumvarpinu felst.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar Heilbrigðiseftirlits ríkisins til nefndarinnar dags. 22. mars 1979, varðandi frumvarpið eins og það lá fyrir þá, en sáralitlar breytingar hafa verið gerðar á því síðan.

Fylgiskjal II.

Helstu lög, reglugerðir, tilkynningar, leiðbeiningar, reglur, starfsreglur o. fl., sem varða lög þessi.

1. LÖG

Lög nr. 23 1. febrúar 1952 Um öryggisráðstafanir á vinnustöðum (sbr. l. nr. 57, 21. apríl 1954, l. nr. 52, 20. maí 1955 og l. nr. 39, 29. apríl 1967).

Lög nr. 85 31. desember 1968 Um eiturefni og hættuleg efni (sbr. l. nr. 27, 18. apríl 1973).

Lög nr. 46 13. maí 1977 Um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Lög nr. 55 22. maí 1969 Um brunavarnir og brunamál.

Lög nr. 12 17. mars 1969 Um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Lög nr. 57 20. maí 1978 Um heilbrigðisþjónustu.

Lög nr. 67 1. janúar 1972 Um almannatryggingar (með síðari breytingum).
Lög nr. 19 21. maí 1964 Skipulagslög (sbr. l. nr. 42 11. mars 1974 og l. nr. 31 12. maí 1978).
Nr. 42 18. maí 1978 Iðnaðarlög.
Nr. 95 20. desember 1962 Um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum.
Lög nr. 54 16. maí 1978 Byggingarlög (öðlast gildi 1. janúar 1979).
Lög nr. 58 29. apríl 1967 Orkulög.
Lög nr. 40 23. apríl 1968 Umferðarlög (sbr. l. nr. 55 12. maí 1970, l. nr. 23 3. maí 1972, l. nr. 25 24. apríl 1974, l. nr. 54 25. maí 1976, l. nr. 62 31. maí 1976 l. nr. 16 5. maí 1977, l. nr. 30 11. maí 1977, l. nr. 48 17. maí 1977, l. nr. 64 18. maí 1978, l. nr. 65 16. maí 1978 og l. nr. 66 18. maí 1978.
Lög nr. 51 12. maí 1970 Um Siglingamálastofnun ríkisins.
Lög nr. 12 13. apríl 1976 Um kafarastörf.
Lög nr. 34 21. maí 1964 Um loftferðir (sbr. l. nr. 71 21. maí 1971).
Lög nr. 62 28. maí 1969 Um fyrirtækjaskrá.
Lög nr. 53 13. maí 1966 Um vernd barna og ungmenna.
Nr. 80 11. júní 1938 Um stéttarfélög og vinnudeilur.

2. REGLUGERÐIR, AUGLÝSINGAR, REGLUR

Nr. 10 16. febrúar 1929 Um eftirlit með verksmiðjum og vélum, gefin út af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu (sett skv. lögum nr. 14 7. maí 1928).
Nr. 91 17. mars 1933 Um meðferð og framleiðslu á gasi til iðnaðar og um búnað og meðferð hylkja fyrir þjappað loft, svo og um hreinsun og viðgerð á bensíntunnum, gefin út af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, öðlaðist gildi 1. apríl s. á.
Nr. 95 30. júní 1941 Um breytingu á reglugerð nr. 10 16. febrúar 1929, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, gefin út af atvinnu- og samgöngumálaráðuneyt.
Nr. 49 12. mars 1947 Um öryggisbúnað sýningartækja við kvikmyndasýningar, gefin út af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.
Nr. 201 8. október 1952 Um öryggisráðstafanir gegn slysahættum við vinnu í kötlum, kerum, og geymum, gefin út af samgöngumálaráðuneytinu.
Nr. 202 8. október 1952 Um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir við sprautumálun, gefin út af samgöngumálaráðuneytinu.
Nr. 21 18. febrúar 1953 Starfsreglur fyrir Öryggiseftirlit ríkisins (sbr. breytingu á starfsreglum nr. 17 5. febrúar 1955).
Nr. 124 5. desember 1955 Starfsreglur fyrir Öryggisráð.
Nr. 69 16. apríl 1953 Um öryggisráðstafanir við fermingu og affermingu skipa gefin út af samgöngumálaráðuneytinu.
Nr. 145 20. júlí 1953 Um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á bifreiðaverkstæðum gefin út af samgöngumálaráðuneytinu.
Nr. 83 4. júní 1954 Um flutning á ammoníumnitratáburði á landi og geymslu hans, gefin út af samgöngumálaráðuneytinu.
Nr. 24 7. mars 1956 Um skráningu og tilkynningu atvinnusjúkdóma, gefin út af samgöngumálaráðuneytinu — reglur.
Nr. 154 6. nóvember 1956 Um öryggisráðstafanir við notkun naglabyssu, gefnar út af iðnaðarráðuneytinu — reglur.
Nr. 12 25. janúar 1965 Um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum, gefin út af iðnaðarmálaráðuneytinu.
Nr. 121 5. september 1967 Um réttindi til vinnu og meðferðar á vinnuvélum, gefin út af iðnaðarmálaráðuneytinu (sbr. reglugerð nr. 438 28. desember 1978).
Nr. 203 20. júlí 1972 Um búnað, rekstur og eftirlit með lyftum og lyftubúnaði, gefin út af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og öðlaðist gildi 1. september s. á.

Nr. 204 20. júlí 1972 Um öryggisráðstafanir við byggingavinnu, gefin út af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og öðlaðist gildi 1. september s. á.

Nr. 225 14. maí 1975 Um húsnæði vinnustaða, gefin út af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og öðlaðist gildi 1. janúar 1976.

Nr. 55 20. mars 1970 Um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.

Nr. 45 8. febrúar 1972 Heilbrigðisreglugerð.

Nr. 132 13. júlí 1971 Um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (sbr. reglugerð nr. 419 9. desember 1976 og reglugerð nr. 106 10. desember 1977).

Nr. 164 15. júní 1972 Um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna.

Nr. 445 16. maí 1978 Um flokkun eiturefna og hættulegra efna.

Nr. 455 14. október 1975 Um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni, gefin út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Nr. 264 31. desember 1971 Um raforkuvirki.

Nr. 269 8. júní 1978 Um brunavarnir og brunamál.

Nr. 302 26. júní 1978 Um vatnshitunarkerfi, önnur en jarðvarmakerfi.

Nr. 51 15. maí 1964 Um gerð og búnað ökutækja o. fl. (sbr. reglugerð nr. 172 24. ágúst 1966, nr. 33 11. mars 1967, nr. 181 30. desember 1967, nr. 322 30. desember 1968 og nr. 102 4. maí 1973).

Nr. 163 26. ágúst 1969 Um gul aðvörunarljós á ökutækjum.

Nr. 40 19. febrúar 1976 Um skráningu ökutækja (sbr. reglugerð nr. 381 28. október 1976 og nr. 10 18. janúar 1978).

Nr. 23 14. febrúar 1967 Auglýsing um fyrirmynd að byggingarsamþykkt fyrir skipulagsskylda staði utan Reykjavíkur (Fylgiskjal: Byggingarsamþykkt).

Nr. 7 9. janúar 1976 Um prófun búvéla.

Nr. 129 9. júlí 1971 Um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna (sbr. reglugerð nr. 5 4. janúar 1973).

Nr. 127 16. apríl 1974 Um skráningu eiturefna og hættulegra efna til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Nr. 91 1. mars 1974 Um gerð íláta undir hættuleg efni og merkingu þeirra.

Nr. 479 28. desember 1977 Um gerð íláta, merkingu, varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu hættulegra efna.

Nr. 131 9. júlí 1971 Um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa.

Yfirlit yfir plöntulyf, örgresisefni, stýriefni og útrýmingarefni, sem flytja má til landsins, selja eða nota, sbr. 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 132/1971 og skrá yfir framleiðendur og umboðsmenn (Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Nr. 455 14. október 1975 Um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni (sbr. reglugerð nr. 349 30. ágúst 1978).

Nr. 273 3. nóvember 1969. Um starfssvið og starfshætti eiturefnanefndar.

Nr. 5 12. janúar 1968 Um geislavarnir ríkisins.

3. TILKYNNINGAR OG LEIÐBEININGAR ÖRYGGISEFTIRLITS RÍKISINS

26. mars 1946 Um opnar þvotta- og ullarvindur, miðflóttavindur, sem notaðar eru í þvottahúsum eða við iðnað.

9. apríl 1965 Um net, sem notuð eru við höfnina til útskipunar á fisk- og skreiðarpökkum.

Okt. 1966—des. 1970 Um viðhald og eftirlit lyftiverkpalla.

Öryggisreglur fyrir verkstjóra við losun og lestun skipa.

Leiðbeiningar um klór (Cl_2).

Reglur um uppsetningu, gerð og notkun tækja fyrir fljótandi klór.

Verkpallar og búnaður þeirra. Aðvörun um hættu af völdum kolsýrings (CO).

15. janúar 1971 Tilkynning um persónuhlífar.

11. maí 1971 Tilkynning vegna síðhærðra verkamanna.
10. sept. 1973 Um lýsingu á virkjunarsvæði v/Sigölduvirkjun.
15. apríl 1975 Tilkynning um notkun hlífðarbúnaðar á vélum.
Prófun tækjastjóra fyrir farandvinnuvélar.
1. júní 1976 Um myndun varhugaverðra efna við málmsuðu.
Leiðbeiningar um meðferð eiturefna og hættulegra efna:
Nóvember 1976 Um brennisteinssýru (H_2SO_4).
Nóvember 1976 Um saltsýru (HCl).
Janúar 1977 Um cýaníð (blásýrusölt).
Febrúar 1977 Um saltpéturssýru (HNO_3).

4. ANNAÐ

1. GJALDSKRÁ fyrir eftirlitsstörf Öryggiseftirlits ríkisins (Stj.tíð B, nr. 42/1979).
2. Tillaga Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 112/1959 um heilsugæslu á vinnustöðum (Skýrsla félagsmálaráðuneytisins, Rvk. 1960).

Fylgiskjal III.

Lög, reglugerðir o. fl., sem varða aðra eftirlitsaðila en Vinnueftirlit ríkisins (eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla o. fl).

Lög nr. 12 1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
Lög nr. 24 1936 um eftirlit með matvælum og neyslu- og nauðsynjavörum.
Reglugerð nr. 17 1939 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.
Reglugerð nr. 250 1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.
Reglugerð nr. 101 1977 um breytingu á reglugerð nr. 250 1976.
Reglugerð nr. 162 1977 um breytingu á reglugerð nr. 101 1977.
Reglugerð nr. 269 1973 um mjólk og mjólkurvörur.
Reglugerð nr. 540 1975 um breytingu á reglugerð nr. 269 1973.
Bráðabirgðareglur nr. 57 1941 um framleiðslu og sölu á rjómaís, með eða án bragðbætandi efna.
Lög nr. 53 1963 um veitingasölu, gististaðahald og fleira.
Reglugerð nr. 129 1964 um gisti- og veitingastaði.
Lög nr. 30 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.
Reglugerð nr. 168 1970 um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum.
Reglugerð nr. 205 1967 um útbúnað sláturhúsa, kjötfrystihúsa, kjötverkunarstöðva og meðferð og flutning sláturafurða.
Lög nr. 31 1970 um dýralækna.
Lög nr. 43 1974 um breyting á lögum nr. 31 1970.
Reglur nr. 286 1973 um meðferð og merkingu sláturafurða af alifuglum.
Reglugerð nr. 442 1977 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða.
Lög nr. 95 1962 um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum og geislatækjum.
Reglugerð nr. 5 1968 um geislavarnir ríkisins.
Lög nr. 108 1974 um framleiðslueftirlit sjávarafurða.
Reglugerð nr. 55 1970 um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.

Nd. 648. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 1974, um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd Nd. hefur haft til athugunar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 74 1974, um meðferð opinberra mála.
Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

2. gr. frumvarpsins falli niður.

Alþingi, 9. maí 1979.

Vilmundur Gylfason, form., frsm.	Einar Ágústsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson.
Árni Gunnarsson.	Svava Jakobsdóttir.	Friðrik Sophusson.
	Matthías Á. Mathiesen.	

Sþ. 649. Nefndarálit [183. mál]

um till. til þál. um endurskipan varnarmálanefndar utanríkisráðuneytisins.

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur haft til meðferðar tillögu til þingsályktunar um endurskipan varnarmálanefndar utanríkisráðuneytisins.
Nefndin leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 9. maí 1979.

Einar Ágústsson, form.	Árni Gunnarsson, fundaskr.	Vilmundur Gylfason, frsm.
Friðjón Þórðarson.	Ey. Kon. Jónsson.	Svava Jakobsdóttir.
	Gils Guðmundsson.	

Ed. 650. Frumvarp til laga [270. mál]

um aðstoð við þroskahefta.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

Samhljóða þskj. 556 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:
Málefni þroskaheftra heyra undir 3 ráðuneyti. Hjúkrunar- og sjúkradeildir heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, fræðsla undir menntamálaráðuneytið og önnur mál undir félagsmálaráðuneytið.
Sérstök deild innan félagsmálaráðuneytisins annast málefni þroskaheftra. Félagsmálaráðherra setur reglur um starfsemi og verksvið deildarinnar.
Ráðuneytin skipa sinn manninn hvert í stjórnarnefnd málefna þroskaheftra,

sem m. a. skal gæta þess, að ráðstafanir varðandi alla þjónustu við þá verði samræmdar. Auk þess skal Öryrkjabandalag Íslands tilnefna einn fulltrúa í nefndina og Landssamtökin þroskahjálp einn fulltrúa. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins er formaður nefndarinnar, sem skipuð skal til þriggja ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin úrskurðar ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar laganna, en vísa má þeim úrskurði til félagsmálaráðherra.

10. gr. hljóðar svo:

Ríkið starfrækir eina aðalgreiningarstöð, greiningarstöð ríkisins. Hlutverk hennar er fyrst og fremst:

a) Rannsókn og greining á þroskaheftum, sem vísað er þangað.
b) Tilvísanir til meðferðaraðila.
c) Ráðgjöf fyrir foreldra, forráðamenn og meðferðaraðila.
d) Skráning og varðveisla upplýsinga um þroskahefta í samvinnu við fræðslu- og heilbrigðisyfirvöld.
e) Leiktækjaþjónusta og uppeldisráðgjöf fyrir foreldra og forráðamenn.
f) Leiðbeiningastarf og þjálfun starfsmanna, er annast þjónustu samkv. 5. gr., í samvinnu við svæðisstjórnir.

Á greiningarstöð ríkisins skulu starfa:

Forstöðumaður, sérmenntaður í uppeldi og umönnun þroskaheftra.
Læknar.
Sálfræðingar.
Félagsráðgjafar.
Sjúkraþjálfarar.
Sérkennarar.
Iðjuþjálfar.
Þroskaþjálfar.
Fóstrur auk aðstoðarfólks.

Heimilt er að fela starfandi stofnunum verkefni greiningarstöðvar ríkisins uns hún tekur til starfa.

12. gr. hljóðar svo:

Stofnanir fyrir þroskahefta skulu vera:

1. Deildir tengdar dagvistarstofnunum og leikskólum.
2. Göngudeildir, þar sem jafnframt skal veita eftirvernd.
3. Skammtímafósturheimili.
4. Leikfangasöfn.
5. Skóladagheimili.
6. Sambýli (Pensionöt).
7. Afþreyingarheimili.
8. Hjúkrunarheimili.
9. Verndaðir vinnustaðir ásamt vinnumiðlun.
10. Heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila.
11. Vistheimili.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um starfsemi þessa og verkskiptingu milli einstakra stofnana.

13. gr. hljóðar svo:

Umsóknir um þjónustu og vistun á stofnunum, sbr. 12. gr. skulu sendar viðkomandi svæðisstjórn. Svæðisstjórn heimilar vistun að höfðu samráði við forstöðumann, enda sé áður leitað umsagnar greiningarstöðvar ríkisins og hún mælt með vistun.

Sé um að ræða stofnanir, sem reknar eru af öðrum aðilum en ríkinu, skal jafnframt hafa samráð við stjórnir þeirra.

17. gr. hljóðar svo:

Ríkið skal sjá um að komið verði á fót þeim stofnunum, sem taldar eru upp í 12. gr., tölulið 2—9. Kostnaður greiðist úr Framkvæmdasjóði, sbr. 6. kafla. Sveitarfélög sjá um að koma upp deildum samkv. 1. tölul. 12. gr. og fer um þann kostnað í samræmi við lög nr. 112/1976.

Ríkið tryggir þroskaheftum ókeypis vist á þeim stofnunum, sem um getur í 12. gr., og greiðir alla þjónustu á þessum stofnunum.

Flutningur til og frá þjónustustofnun greiðist sem hluti af reksturskostnaði viðkomandi stofnunar.

Kostnaður samkv. 14. og 15. gr. greiðist úr ríkissjóði.

Niðurlag frv. (24.—32. gr. og ákvæði til bráðabirgða) hljóða svo:

6. KAFLI
Framkvæmdasjóður.

24. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra og er hann í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Hlutverk sjóðsins er að fjármagna þær framkvæmdir, sem taldar eru í 1. mgr. 17. gr., og aðrar framkvæmdir ríkisins vegna sérkennslu og endurhæfingar, einnig endurhæfingarstöðvar og dvalarheimili, sem ekki er fyrirsjáanlegt að fé verði veitt til úr þeim lána- og styrktarsjóðum, er um getur í lögum nr. 27/1970, eða á annan hátt, sbr. enn fremur 2. mgr. 26. gr.

25. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a) Ríkissjóður skal árlega leggja sjóðnum til a. m. k. 1 000 milljónir króna. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við verðlagsvísitölu miðað við árið 1979 að grunni.
b) Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
c) Vaxtatekjur.

26. gr.

Stjórnarnefnd, sbr. 3. mgr. 3. gr., annast stjórn sjóðsins. Hlutverk henar er að ráðstafa fé sjóðsins í samræmi við ákvæði 24. gr., að fengnum tillögum ráðuneyta félagsmála og menntamála. Leita skal staðfestingar viðkomandi ráðherra, sbr. 52. gr. laga nr. 63/1974 og 5. gr. laga nr. 27/1970.

Heimilt skal þó að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra verkefna varðandi sérkennslu og endurhæfingu, sem ríki eða sveitarfélagi ber sannanlega ekki að greiða.

Við úthlutun úr sjóðnum skal taka sérstakt tillit til fjölda einstaklinga, sem úrlausnar þarfnast á hverju sviði og í hverju byggðarlagi. Varast ber að ráðast í óhæfilega mörg verkefni samtímis.

27. gr.

Formaður stjórnarnefndar annast daglegan rekstur sjóðsins í skrifstofu félagsmálaráðuneytisins, nema ráðherra ákveði aðra tilhögun.

28. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur stjórnarnefndinni í té árlega endurskoðaða áætlun um þörf stofnana vegna kennslu þroskaheftra, sbr. 52. gr. laga nr. 63/1974, og gerir tillögur um fjármögnun hennar. Ráðuneytið veitir sjóðsstjórn allar upplýsingar um kennslu þroskaheftra, þar á meðal um sérkennsluþörf í hverju byggðarlagi og í landinu öllu.

29. gr.

Félagsmálaráðuneytið í samráði við endurhæfingarráð lætur stjórnarnefnd í té áætlun og upplýsingar varðandi endurhæfingu. Þessir aðilar skulu gera reglulega könnun á þörfinni fyrir endurhæfingar- og vinnustöðvar með tilliti til hvers byggðarlags og landsins alls. Könnunin skal einnig ná til dvalarheimila.

Lána- og styrktarsjóðum þeim, sem um getur í endurhæfingarlögum, er skylt að veita stjórnarnefnd reglulega yfirlit yfir það fé, sem er til ráðstöfunar og fyrirhugað er að verja til framkvæmda.

7. KAFLI
Ýmis ákvæði.

30. gr.

Svæðisstjórnir og stofnanir samkv. 12. gr. skulu senda stjórnarnefnd reikninga yfir reksturinn ásamt skýrslu fyrir hvert almanaksár eigi síðar en fyrir lok febrúar ár hvert.

31. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 53/1967 um fávitastofnanir, ásamt síðari breytingum að undanskildum lögum nr. 12/1977. Auk þess falla úr gildi öll ákvæði almannatryggingalaga nr. 67/1971 ásamt síðari breytingum, sem ekki samrýmast lögum þessum. Ennfremur ákvæði annarra laga, sem kunna að ganga í berhögg við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar í stað skal hefjast handa um stofnun sérstakrar deildar í félagsmálaráðuneytinu, sbr. 2. gr., og skipun í stjórnarnefnd samkv. 3. gr. og svæðisstjórnir samkv. 4. gr., þannig að starfsemi þessara aðila verði að fullu hafin við gildistöku laganna.

Þær stofnanir, er starfa við gildistöku laganna, mega starfa áfram óbreyttar til ársloka 1982. Þær skulu eigi síðar en í lok september 1982 senda umsókn um starfsleyfi í samræmi við 16. gr. laganna og skal með umsókn fylgja nákvæm lýsing á fyrirhugaðri starfsemi.

Nd. 651. Frumvarp til laga [301. mál]

um breyting á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga, og vegalögum nr. 6/1977.

Flm.: Albert Guðmundsson.

1. gr.

Í stað orðanna „orlofsheimili launþegasamtaka“ í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 8/1972 komi: orlofsheimili, sem samtök vinnumarkaðarins og einstakir meðlimir þeirra reisa á svæðum, sem sérstaklega eru keypt og skipulögð fyrir slíka starfsemi.

2. gr.

Fyrri málsliður 24. gr. laga nr. 6/1977 orðist svo:

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili, orlofsheimili, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins og einstakir meðlimir þeirra reisa á svæðum sem sérstaklega eru keypt og skipulögð fyrir slíka starfsemi, og vitar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð

Í inngangi að nýútkomnu riti Landverndar, sem ber nafnið Útilíf, segir m. a. svo: „Með vaxandi þéttbýli, einhæfni í störfum og inniveru hefur æ betur komið í ljós þörf mannsins fyrir nána snertingu við náttúruna og tilbreytingu frá hinu manngerða umhverfi steinsteypu, malbiks, stáls og véla.“ Þarna er vikið að þörf sem er tiltölulega nýtilkomin í okkar þjóðfélagi, en er vissulega fyrir hendi og er sannarlega engin gerviþörf. Þörfin fyrir snertingu við náttúruna kemur m. a. fram í löngun borgarbúans til að komast burt úr skarkala og mengun borgarinnar í umhverfi þar sem náttúrufegurðin er innan seilingar og mengun, þar með talin hávaðamengun, í lágmarki. Í þessu skyni hafa margir borgarbúar komið sér upp sumarbústöðum til að dvelja í um helgar og í sumarleyfum sínum. Á árinu 1973 var talið að alls væru 2 394 sumarbústaðir á landinu, þar af 75% á svæðinu frá Hvalfjarðarbotni að Ölfusá.

Nokkuð er um liðið síðan aðildarsamtök vinnumarkaðarins, sem m. a. hafa á stefnuskrá sinni að vinna að menningarmálum, gerðu sér ljóst að það væri einmitt verkefni fyrir þau að stuðla að því, að meðlimir þeirra ættu kost á orlofsdvöl á fögrum stöðum. Meðal áfanga á leiðinni að því marki má nefna kjarasamningsákvæði um greiðslur vinnuveitenda í orlofsheimilasjóði stéttarfélaga sem komu í kjarasamninga nálægt miðjum síðasta áratug og síðan kaup launþegasamtaka á löndum undir orlofsheimili, stundum einna og stundum í samvinnu við samtök vinnuveitenda. Sem dæmi má nefna kaup Iðju, félags verksmiðjufólks á Svignaskarði í Borgarfirði og kaup Múrarafélags Reykjavíkur og Múrarameistarafélags Reykjavíkur á Öndverðarnesi í Grímsnesi.

Á þessum stöðum hafa viðkomandi samtök látið skipuleggja orlofshúsabyggð og hafist handa um að koma upp aðstöðu fyrir dvalargesti til hollrar tómstundaiðkunar. Með því fyrirkomulagi að slíkir aðilar kaupi land og skipuleggi með þessar þarfir í huga vinnst margt miðað við kaup einstaklinga á landi í sama tilgangi. Sem dæmi má nefna:

1. Stórbætta landnýtingu á eftirsóttum stöðum.
2. Markvissa stjórnun á því að þokkilegur heildarsvipur verði á orlofshúsabyggðinni.
3. Eftirlit með því að framkvæmdum sé lokið innan hæfilegs tíma.
4. Eftirlit með hrifnaði og umgengni á svæðinu.
5. Aukna möguleika á að koma upp hvers konar aðstöðu til heilsuræktar, svo sem sundlaugum og íþróttavöllum, enn fremur þjónustumiðstöðvum og aðstöðu til félagslífs.

Í framkvæmd hefur nýtingu landssvæða þeirra, sem keypt hafa verið í þessum tilgangi verið með tvennum hætti. Annars vegar hefur tilhögunin verið sú, að einungis stéttarfélög og atvinnurekendafélög eiga húsin og leigja þau meðlimum sínum til skamms tíma í senn (Svignaskarð). Hins vegar er sú tilhögun, að félögin eiga fá hús sem leigð eru út, en leyfa félagsmönnum að reisa sjálfir hús á svæðinu til einkaafnota. Félögin áskilja þá sér og/eða meðlimum sínum einkarétt til kaupa á húsunum með sérstökum kjörum ef eigandi óskar að selja eða missir rétt til að fá leigusamning sinn framlengdan (Öndverðarnes). Fyrrnefnda fyrirkomulagið hefur þann

kost, að nýting húsanna verður meiri en ella og fleiri eiga kost á orlofsdvöl. Síðarnefnda fyrirkomulagið flýtir hins vegar fyrir uppbyggingu á svæðinu, en af því leiðir aftur að öll aðstaða til sameiginlegra þarfa kemst fyrr upp en ella.

Löggjafarvaldið hefur að nokkru viðurkennt menningar- og félagslegt hlutverk þessarar starfsemi með þeirri breytingu sem gerð var á lögum um tekjustofna sveitarfélaga á árinu 1972, en þá voru orlofsheimili launþegasamtaka undanþegin greiðslu fasteignaskatts og þar með skipað á bekk með sjúkrahúsum, félagsheimilum, kirkjum, skólum og safnahúsum. Nýlega hefur komið í ljós að tiltekin sveitarfélög túlka undanþáguákvæðið þröngt og telja það aðeins taka til þeirra orlofsheimila launþegasamtaka sem eru skráð eign samtakanna sjálfra. Þennan skilning hefur svo yfirstandandi eignarmatsnefnd tekið undir í úrskurði nú fyrir skömmu. Þá orkar tvímælis að undanþágan taki til vegaskatts skv. 23. gr. vegalaga, þótt hann sé hreinn fasteignaskattur, þar sem hann ber annað nafn. Í því sambandi er einnig á það að líta, að IV. kafli vegalaga geymir undanþáguákvæði hliðstætt 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, en þar er orlofsheimila launþegasamtaka að engu getið.

Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er ætlunin að undanþiggja öll orlofsheimili launþegasamtaka, sem reist eru á svæðum, sem skipulögð eru fyrir slíka starfsemi, greiðslu fasteignaskatta hverju nafni sem nefnast. Þá þykir eðlilegt og í samræmi við þær jafnréttishugmyndir, sem ríkjandi eru í þjóðfélaginu, að orlofsheimili vinnuveitendasamtaka sitji hér við sama borð. Þess er að vænta, að þau rök verði sett fram á móti frumvarpinu að verið sé að svipta sveitarfélög þau, sem hér eiga hlut að máli, drjúgum tekjustofnum sem þau hafa fulla þörf fyrir. Þar er því fyrst til að svara, að vafasamt verður að telja að sumarbústaðir séu grundvöllur tekjuöflunar sveitarfélaga þar sem eigendur þeirra njóta ekki í teljandi mæli þeirra framkvæmda sem tekjustofnum sveitarfélaga er ætlað að standa undir, nema þeir séu jafnframt heimilisfastir í sveitarfélaginu. Þá er þess og að gæta að orlofsbyggðir hafa í raun reynst viðkomandi sveitarfélögum nokkur lyftistöng. Þær veita t. d. þeim aðilum í sveitarfélögunum, sem fást við verslun og flutningastarfsemi, drjúgar tekjur og fjölga atvinnutækifærum þann tíma ársins sem skólar starfa ekki og framboð vinnuafls er mest. Þá er ástæða til að ætla að stóraukin aðsókn að sundstöðum í grennd við orlofsbyggðir, t. d. í Borgarfirði, sem er bein afleiðing af tilvist orlofsbyggðanna, hafi átt þátt í að gera eigendum mannvirkjanna kleift að gera aðstöðu og þjónustu þar með því besta sem þekkist, heimamönnum sem öðrum til gagns og yndisauka.

Ed. 652. Nefndarálit [283. mál]

um frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Tveir nefndarmenn skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara og einn, Ragnhildur Helgadóttir, var fjarstaddur.

Alþingi, 9. maí 1979.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.
Bragi Níelsson, fundaskr., með fyrirvara.
Alexander Stefánsson.
Oddur Ólafsson, með fyrirvara.
Helgi F. Seljan.
Ólafur Ragnar Grímsson.

Nd. 653. Lög [153. mál]

um breytingu á lögum nr. 29 16. des. 1885, sbr. lög nr. 32 29. apríl 1967, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

(Afgreidd frá Nd. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 249.

Nd. 654. Lög [154. mál]

um breytingu á lögum nr. 3 12. apríl 1978, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 250.

Ed. 655. Frumvarp til laga [189. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

1. gr.

3. mgr. 10. gr. falli niður.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins.

3. gr.

2. mgr. 13. gr. orðist svo:

Ákveða má í reglugerð sérstakt gjald, er skattyfirvald ákveður á hendur þeim, sem vanrækir sparimerkjakaup, er nema má allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir. Sömuleiðis má með reglugerð ákveða, að hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessara laga um skyldusparnað, skuli skylt að gera skattyfirvaldi grein fyrir sparimerkjaeign sinni með framvísun sparimerkjabókar sinnar að viðlögðu 200 króna gjaldi. Gjöld þessi renna til Byggingarsjóðs ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skyldusparnaðarfé það, sem safnast hefur fyrir þá, sem búsettir eru í sveit, frá 1. janúar 1979 til gildistöku laga þessara, skal ávaxtað í Byggingarsjóði ríkisins.

Ed. 656. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til laga um húsaleigusamninga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Auk þess flytur einn nefndarmanna sérstaka breytingartillögu um húsaleigunefndir.

Alþingi, 9. maí 1979.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. | Bragi Sigurjónsson, fundaskr. | Ágúst Einarsson.
Guðmundur Karlsson. | Alexander Stefánsson. | Soffía Guðmundsdóttir.
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 657. Breytingartillögur [177. mál]

við frv. til laga um húsaleigusamninga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 8. gr.
   a) Við 1. málsgr. bætist:
   Hafi tímabundinn samningur verið gerður samkvæmt þessari grein og hann endurnýjaður að ósk leigusala tvisvar í röð eða oftar án verulegrar breytingar, hefur leigutaki rétt til ótímabundins samnings, nema sérstakar ástæður mæli því í mót.
   b) 3. málsgr. orðist svo:
   Forleigurétturinn fellur niður ef leigusali lætur íbúðarhúsnæðið í té til afnota til a. m. k. eins árs skyldmenni í beina línu, kjörbörnum eða fósturbörnum og systkinum sínum og börnum þeirra eða tengdaforeldrum eða tekur íbúðarhúsnæðið til afnota fyrir sjálfan sig.
2. Við 9. gr.
   a) Liður B orðist svo:
   Hvort leigutaki skuli leggja fram tryggingarfé og með hvaða hætti og hvar það skuli varðveitt.
   b) Liður C orðist svo:
   Hvernig greiða skuli leiguna.
3. Við 10. gr. Hún orðist svo:
   Ef aðilar hafa vanrækt að gera skriflegan leigumála eða notað óstaðfest eyðublöð við gerð hans, gilda öll ákvæði laga þessara um réttarsamband þeirra. Upphæð leigunnar ákveðst þá sú fjárhæð sem leigusali getur sýnt fram á að leigutaki hafi samþykkt. Komi engin sönnunargögn fram um leigufjárhæðina er rétt að kveðja til úttektarmenn, sbr. XI. kafla laga þessara, til þess að ákveða sanngjarna fjárhæð leigunnar.
4. Við 18. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Hafi fógetaúrskurður gengið um útburð leigutaka er fógeta þó heimilt að ákveða að leigutaki megi dveljast áfram í húsnæðinu í allt að 3 mánuði frá úrskurðardegi, þyki sú niðurstaða sanngjörn, þegar litið er á hagsmuni leigutaka annars vegar og leigusala hins vegar.

5. Við 20. gr.
   a) Við 1. lið bætist:
   Þetta gildir þó aðeins ef leigutaki hefur búið skemur en eitt ár í sömu leiguíbúð. Hafi leigutaki búið ár eða lengur í sömu íbúð gildir ákvæði þetta um endurtekið samningsbrot, enda hafi leigusali sent leigutaka skriflega aðvörun þess efnis að við næsta brot verði þessu ákvæði beitt.
   b) 3. töluliður orðist svo:
   Ef leigutaki nýtir húsnæðið á annan hátt en lög þessi eða leigumáli mæla fyrir um og landslög leyfa að öðru leyti og lætur ekki af misnotkun þess þrátt fyrir skriflega áminningu leigusala.
   c) 8. töluliður orðist svo:
   Ef leigutaki vanrækir, þrátt fyrir áminningar leigusala, skyldur sínar til að sjá um að góð regla og umgengni haldist í hinu leigða húsnæði, sbr. 48. gr., eða gerist sekur um persónulega meingerð gagnvart leigusala eða fjölskyldu hans.
6. Við 38. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Hann skal jafnan halda hinu leigða húsnæði í leigufæru ástandi, m. a. með því að láta mála húsnæðið og endurnýja gólfdúka þess, teppi eða annað slitlag með hæfilegu millibili eftir því sem góðar venjur um viðhald húsnæðis segja til um.
7. Við 44. gr. Hún orðist svo:
   Leggi leigusali út rekstursgjöld þau sem leigutaki skal greiða samkvæmt 42. gr. falla þau í gjalddaga á næsta greiðsludegi húsaleigu.
8. Við 45. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Þegar ráðist er í að tengja leiguhúsnæði við hitaveitu eða fjarvarmaveitu eða í aðrar endurbætur á húsnæðinu sem lækka reksturskostnað þess fyrir leigutaka, er leigusala heimilt að hækka umsamda eða lögbundna húsaleigu um allt að helming þeirrar upphæðar er nemur sparnaði leigutaka í reksturskostnaði af völdum slíkrar breytingar.
9. Við 52. gr. Hún orðist svo:
   Húsaleiga og annað endurgjald, sem leigutaka ber að greiða, skal greitt á þeim stað sem báðir aðilar samþykkja. Verði ekki samkomulag skal leigutaki koma greiðslunni til leigusala á heimili hans eða vinnustað eða öðrum þeim stað er hann tiltekur innan héraðs.
   Heimilt er þó leigutaka að inna umrædda greiðslu af hendi til banka eða senda í pósti með löglegum hætti. Telst leiga þá greidd þann dag sem hún er innt af hendi í bankanum eða pósthúsinu.
   Hafi leigusali ekki heimili eða skrifstofu í sama sveitarfélagi og hið leigða húsnæði er í, skal hann hafa í sveitarfélaginu umboðsmann sem leigutaki getur snúið sér til.
10. Við 55. gr.
   a) 2. málsgr. orðist svo:
   Tryggingarfé skal varðveitt í banka eða sparisjóði á hæstu mögulegum vöxtum. Óheimilt er aðilum að ráðstafa fé þessu án samþykkis beggja, nema að undangengnum dómi um bótaskyldu leigutaka. Þó skal leigusala heimilt að taka af tryggingarfé þá upphæð er dæmda var gert að greiða, eða fyrir sannanlegum viðgerðarkostnaði hafi upphæð ekki verið tilgreind í dómi, og svo til greiðslu vangoldinnar leigu.
   b) 3. málsgr. orðist svo:
   Að því leyti sem leigusali á ekki kröfu í tryggingarfé samkvæmt 2. málsgr. er leigusala heimilt að innleysa féð að liðnum 7 dögum frá því leigutíma lauk eða fullnaðarúrskurður gekk í ágreiningsmáli um bótaskyldu leigutaka.
   c) 4. málsgr. falli brott.

11. Við 57. gr. Hún orðist svo:

Nú deyr leigutaki áður en leigutíma er lokið, og er þá dánarbúi leigutaka heimilt að segja leigumála upp með venjulegum fyrirvara enda þótt leigumáli hafi verið gerður til lengri tíma. Uppsögn skal miðuð við næsta almennan fardag samkvæmt 15. gr. ef hið leigða er íbúðarhúsnæði. Eftirlifandi maka, skyldmennum og venslamönnum, sem voru heimamenn leigutaka við andlát hans eða höfðu framfæri af atvinnustarfsemi, sem stunduð var í húsnæðinu, og vilja taka við leigumálanum með réttindum og skyldum, er heimilt að ganga inn í leigumálann í stað hins látna nema af hendi leigusala séu færðar fram gildar ástæður, er mæla því gegn.

Ed. 658. Breytingartillaga [177. mál]

við frv. til laga um húsaleigusamninga.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

Á eftir 75. gr. komi nýr kafli sem verði XIII. kafli og orðist svo:

XIII. KAFLI
Húsaleigunefndir.

76. gr.

Í hverjum kaupstað skal vera húsaleigunefnd skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Bæjarstjórnir skulu kjósa húsaleigunefndir til 4 ára í senn.

Hlutverk húsaleigunefnda skal vera að fylgjast með framkvæmd húsaleigumála og afla upplýsinga um þau, hlutast til um að úttektarmenn, sbr. 63. gr. þessara laga, séu dómkvaddir, gefa aðilum leigumála, sem þess óska, leiðbeiningar um ágreiningsefni og leitast við að sætta slíkan ágreining ef báðir aðilar óska.

Nd. 659. Breytingartillaga [291. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarráðherra.

Á eftir 4. gr. komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Sexmannanefnd skal án tafar taka til meðferðar þá tekjuskerðingu sem við framleiðendum landbúnaðarafurða blasir vegna söluerfiðleika á þeirri framleiðslu sem er umfram innanlandsþarfir. Skal nefndin fyrir 1. sept. 1979 leggja fyrir ríkisstjórnina tillögur um lausn þess vanda þannig að tekjuskerðing bænda verði sem minnst.

Nd. **660. Frumvarp til laga** [190. mál]

um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. maí.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1979 allt að 9 295 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfé samkvæmt 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1979.

3. gr.

2. mgr. 3. gr. laga nr. 82/1977, um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlana 1978, hljóði svo:

Að því marki, sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr., er Framkvæmdasjóði Íslands og Byggingarsjóði ríkisins skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Ríkisstjórnin kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn kaupi bréf af hvorum þessara fjárfestingarsjóða. Þá skal og öðrum stofnlána- og fjárfestingarsjóðum heimilt að gefa út og selja lífeyrissjóðum skuldabréf er fullnægja verðtryggingarákvæðum 1. mgr. að mati Seðlabanka Íslands, enda sé sala skuldabréfa þessara í samræmi við lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1979 að fjárhæð allt að 6 500 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á kostnaði við byggingu virkjunar við Hrauneyjarfoss og lokaframkvæmdir við Sigölduvirkjun.

5. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituframkvæmda sem hér segir:

1. Akureyrarbær, lán á árinu 1979 að fjárhæð allt að 1 800 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Lán til annarra hitaveituframkvæmda samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 1 345 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1979 svo sem hér segir:

1. Reykjavíkurborg eða Rafmagnsveitu Reykjavíkur, lán að upphæð 680 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Reykjavíkurborg eða Hafnarsjóði Reykjavíkur, lán að upphæð 340 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Öðrum sveitarfélögum, lán samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila allt að 900 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán að fjárhæð 465 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

8. gr.

Byggðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1979 að fjárhæð 1 480 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt til þess að standa undir fjármagnsútgjöldum vegna byggðalína.

9. gr.

Framkvæmdasjóði er heimilt að taka erlent lán á árinu 1979 að fjárhæð 4 450 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Framkvæmdasjóður skal lána Fiskveiðasjóði Íslands allt að 450 millj. kr. af fyrrnefndri upphæð til að mæta lækkuðum tekjum Fiskveiðasjóðs vegna laga nr. 3 frá 2. mars 1979.

10. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem tilgreindir eru í 5., 3. tl. 6., 7., 8. og 9. gr. með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði II. kafla laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, með síðari breytingum, skal húsnæðismálastjórn á árinu 1979 veita Framkvæmdasjóði Íslands lán af sparnaðarfé skv. III. kafla laganna er nemi 2 000 millj. kr. Lánskjör skulu vera hliðstæð og þau er Byggingarsjóður ríkisins nýtur að jafnaði af skyldusparnaðarfé ungmenna.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 33. gr. jarðalaga nr. 65/1976 skal framlag ríkissjóðs til Jarðasjóðs á árinu 1979 eigi fara fram úr 10 800 þús. kr.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1979 ekki fara fram úr 723 600 þús. kr.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, og ákvæði laga nr. 3/1979, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1979 ekki fara fram úr 1 275 500 þús. kr.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-, b-, c- og d-liðar 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skulu samanlagðar tekjur Byggingarsjóðs ríkisins **samkvæmt greindum stafliðum ekki fara fram úr 6 659 100 þús. kr. á árinu 1979.** Fari tekjur skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1965 með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977, og skv. c-lið 2. mgr. 4. gr. laganna fram úr þessari fjárhæð skal það sem umfram er renna í ríkissjóð.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1979 eigi fara fram úr 297 000 þús. kr.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966, um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1979 eigi fara fram úr 183 600 þús. kr.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921, um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti á árinu 1979 ekki fara fram úr 180 000 þús. kr. Það, sem umfram kann að innheimtast á árinu 1979 af erfðafjárskatti, rennur í ríkissjóð.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1979 eigi fara fram úr 94 500 þús. kr.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976, um skipulag ferðamála, skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna eigi fara fram úr 30% af skilum Fríhafnarinnar til ríkissjóðs, að viðbættum 36 000 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.

21. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán ríkissjóðs, þar sem lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Jafnframt er Landsvirkjun veitt heimild til lántöku í sama tilgangi. Skal ráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 661. Frumvarp til laga [259. mál]

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. maí.)

Samhljóða þskj. 531 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru.

Lánskjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra.

Nd. 662. Frumvarp til laga [195. mál]

um breyting á lögum nr. 43 26. maí 1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. maí.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi:

Landgræðsla ríkisins fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um, fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins.

2. gr.

3. og 4. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Matsnefndir skulu semja álitsgerð um allar nauðsynlegar varnarframkvæmdir samkvæmt 1. gr. fyrir 1. maí ár hvert. Skal þar koma fram áætlaður kostnaður við fyrirhleðslur og aðrar lagfæringar á árfarvegum í sýslunni fyrir næsta ár eða fleiri, ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða. Enn fremur sé gefin stutt lýsing á tilhögun fyrirhugaðra framkvæmda á hverjum stað.

Álitsgerðina skal matsnefnd senda til Landgræðslu ríkisins, en afrit af henni til Vegagerðar ríkisins, Búnaðarfélags Íslands, búnaðarsambands sýslunnar og þeirra landeigenda, sem hlut eiga að máli.

3. gr.

1. málsliður 8. gr. laganna orðist svo:

Vegagerð ríkisins sér um byggingu og viðhald mannvirkja samkvæmt fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni í samráði við Landgræðslu ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 663. Breytingartillaga [190. mál]

við frv. til laga um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979.

Frá Eggert Haukdal.

Við 5. gr. Fyrir „1 345 millj. kr.“ í 2. tölul. komi: 1 645 millj. kr., þar af til Hitaveitu Vestmannaeyja 600 000 kr.

Sþ. 664. Breytingartillaga [12. mál]

við till. til þál. um eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum.

Frá Friðrik Sophussyni.

3. málsgrein tillögunnar orðist svo:

Jafnframt skal lánadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins falið að veita heimaaðilum aðstoð við stofnun fyrirtækja, sem komið er á fót, og gera tillögur um fjármagnsöflun. Stuðla ber að því, að veitt verði óafturkræf framlög úr Byggðasjóði eða ríkissjóði til stuðnings smáiðnaði í sveitum.

Nd. **665. Nefndarálit** [151. mál]

um frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Við undirritaðir nefndarmenn í menntamálanefnd neðri deildar erum ekki sammála meiri hluta nefndarinnar um afstöðu til frumvarps til laga um framhaldsskóla. Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum, sem lagðar eru til á þingskjali 619. Við erum hins vegar ekki reiðubúnir til að mæla með samþykkt frumvarpsins að svo stöddu. Ástæðurnar eru einkum eftirfarandi:

1. Fyrir hefur legið, að kostnaður sveitarfélaga mun aukast mjög verulega vegna þeirrar kostnaðarskiptingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir og felst í því, að kostnaður af tveimur fyrstu skólaárum framhaldsskólans skiptist milli ríkis og sveitarfélaga eftir sömu meginreglum og kostnaður við grunnskóla.

Eftir kröftug mótmæli Sambands ísl. sveitarfélaga er sú breyting lögð til, að komið verði til móts við sveitarfélögin með því að viðhaldskostnaður grunnskóla leggist jafnt á ríki og sveitarfélög, í stað þess að hann sé að öllu leyti greiddur af sveitarfélögum eins og nú er. Þessari breytingu erum við algjörlega andvígir, enda gengur það þvert á stefnu Sambands ísl. sveitarfélaga og Sjálfstæðisflokksins um kostnaðar- og verkaskiptingu á þessum vettvangi.

Jafnframt stendur eftir það samkrull við kostnaðarskiptingu á framhaldsskólastiginu, sem við teljum afar óæskilegt og erfitt.

2. Engar raunhæfar upplýsingar liggja fyrir um það, hvaða útgjaldaauka samþykkt frumvarpsins hefur í för með sér. Að vísu fylgir kostnaðaráætlun með frumvarpinu, og í nefndaráliti meiri hlutans er gerð tilraun til að meta áhrif frumvarpsins á heildarkostnað framhaldsskóla, en í báðum tilfellum er rennt blint í sjóinn eins og raunar er viðurkennt í nefndarálitinu.

Óskað hefur verið álits sveitarfélaga og þá sérstaklega Reykjavíkurborgar á kostnaðarákvæðum frumvarpsins, eins og þau munu verða ef breytingartillögurnar verða samþykktar, en þær upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram í nefndinni. **Ekki hefur heldur verið lagt fram kostnaðarmat fjárlaga- og hagsýslustofnunar né** Þjóðhagsstofnunar þrátt fyrir ítrekaða beiðni þar um.

Ljóst er þó að full óvissa ríkir um kostnaðarauka ríkis og sveitarfélaga, en slíkt er auðvitað óviðunandi þegar svo stórt og umfangsmikið mál er á ferðinni.

3. Miðað við það, sem að framan er sagt, og með hliðsjón af ástandi í skólamálum, **sérstaklega er varðar verkmenntun, er veruleg hætta á því, að hér sé verið** að samþykkja löggjöf sem í sjálfu sér kann að vera góðra gjalda verð, en hefur það eitt í för með sér að raska stórlega núverandi kerfi, án þess að ríki, sveitarfélög **eða fræðsluyfirvöld hafi nokkur tök á að framkvæma hana svo viðhlítandi sé.**

4. Ágreiningur hefur verið um framtíð sérskólanna. Samkv. frumvarpinu og breytingartillögum meiri hl. nefndarinnar er ekki skorið á þann hnút.

Þessi þáttur málsins er þó svo veigamikill, að ótækt er að afgreiða þetta frumvarp án þess að tekin sé ljós og skýr afstaða til hans og staða sérskólanna ákveðin **í tengslum við stefnumótun í framhaldsskólanámi.**

5. Framkvæmd laganna mun verða mjög undir því komin, hvernig reglugerðir verða úr garði gerðar. Heimildir um setningu reglugerða eru svo rúmar og vald ráðuneytis þar með svo víðtækt, að þar getur brugðið til beggja átta. Það er skoðun undirritaðra, að þessar heimildir eigi að þrengja, og setja nánari lagaákvæði þar að lútandi.

6. Mjög miklar efasemdir hafa komið fram hjá reyndum skólamönnum um ágæti **þeirrar stefnu að breyta menntaskólum í núverandi mynd í samræmda framhaldsskóla eða fjölbrautaskóla.**

Þá er ekki dregið úr mikilvægi verkmenntunar og því að auka veg hennar, en bent á að þar með megi ekki um leið draga úr gæðum hins klassíska bóknáms, eins og líkur verða til með þessari kerfisbreytingu.

Vakin hefur verið athygli á því, að sambærilegt framhaldsskólakerfi, m. a. í Svíþjóð, hefur leitt til þess, að nemendur eru mun verr undir háskólanám búnir, og hefur raunar dregið mjög úr möguleikum þeirra til að fá aðgang að viðurkenndum háskólum.

Af þeim ástæðum, sem að framan eru raktar, og ýmsum öðrum erum við undirritaðir ekki reiðubúnir til að mæla nú með samþykkt frumvarpsins á þessu þingi, en leggjum til að frumvarpið fái frekari athugun.

Sú stefna, sem fram kemur í frumvarpinu um samræmt nám, þar sem fleiri leiðir verða opnaðar og forðast blindgötur og þar sem hlutur verknáms er aukinn, er í rétta átt. Að því leyti erum við samþykkir frumvarpinu, og við erum sammála því, að nauðsyn ber til að setja nýja löggjöf um framhaldsskólanám hér á landi.

En hér er svo veigamikið og viðkvæmt mál á ferðinni, sem úrslitum ræður um gæði náms og hæfni nemenda til að takast á hendur frekara nám eða almenn störf, að ekki má rasa um ráð fram. Fræðsluyfirvöld og almenningur allur verða að vera samstiga í ákvörðunum, sem hafa í för með sér róttækar breytingar, sem þetta frumvarp kann að leiða til.

Með þetta í huga berum við fram svofellda

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Þar sem frumvarp þetta þarf bersýnilega frekari athugunar við, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. maí 1979.

Ellert B. Schram, frsm. Ólafur G. Einarsson.

Ed. 666. Nefndarálit [276. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 22 23. apríl 1968, um gjaldmiðil Íslands, sbr. lög nr. 38 8. maí 1974, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins óbreytts. Karl Steinar Guðnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. maí 1979.

Jón Helgason, form., frsm. Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr. Geir Gunnarsson.

Ágúst Einarsson. Jón G. Sólnes. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 667. Nefndarálit [277. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, sbr. lög nr. 59/1971.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin var ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. byggir afstöðu sína á því, að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hafi einkasölu á vörum til framleiðslu á áfengi, og mælir því með samþykkt frv. Jón G. Sólnes leggur til að frv. verði fellt. Karl Steinar Guðnason og Eyjólfur K. Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. maí 1979.

Jón Helgason, form., frsm. | Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr. | Geir Gunnarsson.
Ágúst Einarsson.

Ed. 668. Breytingartillaga [247. mál]

við frv. til laga um Rafmagnseftirlit ríkisins.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

Við 9. gr. 3. tölul. greinarinnar orðist svo:
Þeir, sem flytja inn til landsins eftirlitsskyld rafföng og hluta þeirra eða framleiða þau innanlands, greiði til eftirlitsins gjald, sem af innfluttum rafföngum og hlutum greiðist af tollverði viðkomandi vöru, en af innlendri framleiðslu af verksmiðjuverði vörunnar. Má gjald þetta nema allt að ¾% af viðkomandi verði.

Ed. 669. Nefndarálit [243. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 79/1972.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur fjallað um frv. á nokkrum fundum, fengið umsögn Búnaðarfélags Íslands og einnig fengið menn til viðtals við nefndina. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþ. með breytingum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Minni hlutinn, Þorv. Garðar Kristjánsson og Eyjólfur Konráð Jónsson, skilar séráliti.

Alþingi, 10. maí 1979.

Helgi F. Seljan, form., frsm. | Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. | Bragi Sigurjónsson.
Bragi Nielsson. Soffía Guðmundsdóttir.

Ed. 670. Breytingartillögur [243. mál]

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 79/1972.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 2. gr. frv. Niður falli orðin „enda séu framkvæmdir þær“ o. s. frv. út málsgreinina. Í stað komi: enda hafi Búnaðarfélag Íslands og Stofnlánadeild landbúnaðarins komið sér saman um stærðarmörk framkvæmdanna í sambandi við lán og styrkveitingar svo og að samræmis sé gætt við búrekstraráætlun fyrir viðkomandi jörð, þegar gerðar eru.
2. Við 3. gr. frv.
   a) Í a-lið fyrri upptalningar stafliða falli brott orðin „eða framræst ræktunarland“.
   b) Í stað „35 ha.“ í a-lið og c-lið fyrri stafliða-upptalningar komi: 30 ha.
   c) d-liður í síðari upptalningu stafliða falli brott.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 671. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 36 frá 23. maí 1975, um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Frumvarpið er komið frá Ed. sem gerði á því minni háttar breytingar.
Fjárhags- og viðskiptanefnd mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 10. maí 1979.

Lúðvík Jósepsson, form., frsm.	Halldór E. Sigurðsson, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson.
Matthías Á. Mathiesen.	Finnur Torfi Stefánsson.	Vilmundur Gylfason.
	Kjartan Ólafsson, með fyrirvara.	

Sþ. 672. Þingsályktun [209. mál]

um könnun á vissum þáttum heilbrigðisþjónustu með tilliti til hugsanlegs sparnaðar og bættrar þjónustu.

(Afgreidd frá Sþ. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 417.

Sþ. 673. Þingsályktun [182. mál]

um könnun á sendingu matvæla til þróunarlanda.

(Afgreidd frá Sþ. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 348.

Ed. 674. Breytingartillaga [247. mál]

við frv. til laga um Rafmagnseftirlit ríkisins.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

Við 1. lið 9. gr. Í stað „1.5%“ komi: 1.2%.

Nd. 675. Breytingartillaga [291. mál]

við brtt. á þskj. 659 [Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.].

Frá Sighvati Björgvinssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Um rétt leigusala til uppsagnar leigumála vegna hjúskaparslita gilda lokaákvæði 57. gr., eftir því sem við á.

60. gr.

Annað hjóna getur ekki, svo bindandi sé, afsalað þeim rétti sem hinu er með ákvæðum þessa kafla áskilinn til yfirtöku á leigumála.

61. gr.

Nú deyr leigutaki að atvinnuhúsnæði en dánarbú hans ákveður að selja atvinnustarfsemi, sem þar var stunduð, og getur leigusali þá ekki reist uppsögn leigumála eða kröfu um breytingu á efni hans á þeim atvikum sérstaklega, enda sé söluverðmæti slíkrar atvinnustarfsemi háð áframhaldandi afnotum af hinu leigða húsnæði og að notkun þess haldist óbreytt áfram. Sama gildir, eftir því sem við á, ef ástæða fyrir sölu á atvinnustarfsemi er sambúðar- eða hjúskaparslit eða gjaldþrot leigutaka.

62. gr.

Þegar leigutaki er starfsmaður leigusala og hefur fengið íbúðarhúsnæði á leigu vegna þess starfa, fellur leigumáli niður án sérstakrar uppsagnar ef leigutaki lætur af starfanum að eigin ósk, er löglega vikið úr starfi vegna brota í því eða vegna þess að fyrirfram umsömdum ráðningartíma er lokið.

XI. KAFLI
Úttektarmenn.

63. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnir skulu sjá um, að hlutaðeigandi dómari dómkveðji úttektarmenn — einn aðalmann og einn til vara — til að annast þau störf, sem úttektarmönnum eru fengin með lögum þessum. Í Reykjavík skulu úttektarmenn vera tveir og tveir til vara og sér borgarstjórn um að þeir séu dómkvaddir.

64. gr.

Störf þau, sem úttektarmönnum eru falin með lögum þessum, skulu þeir annast af kostgæfni og gæta ætíð fyllsta hlutleysis gagnvart báðum málsaðilum. Þeir skulu kosta kapps um að leiða ágreining og deilumál til lykta með friðsamlegum hætti og vera leigusölum og leigutökum til leiðbeiningar og ráðgjafar eftir því sem tök eru á. Þeir skulu gæta þagmælsku um einkahagi fólks sem þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu.

65. gr.

Eyðublöð fyrir úttektaryfirlýsingar skal félagsmálaráðuneytið láta úttektarmönnum í té án endurgjalds.

66. gr.

Þóknun fyrir störf sín og útlagðan kostnað skulu úttektarmenn fá greidd samkvæmt reikningi. Skal þóknunin miðast við unninn tímafjölda hverju sinni og skal tímagjald vera hið sama og samkvæmt útseldum tímakaupstaxta trésmíðameistara fyrir almenna dagvinnu í hæsta þrepi án álags.

67. gr.

Þegar úttekt er gerð á húsnæði í upphafi eða lok leigutíma skulu aðilar leigumála staðgreiða að jöfnu kostnað af starfi úttektarmanns.

Þegar úttektarmaður er fenginn til aðstoðar af öðrum ástæðum en í 1. mgr. segir, skal sá aðili leigumála leggja út kostnaðinn, sem úttektarmanninn kvaddi til. Að kröfu aðila ákveður úttektarmaður hvort hinn aðilinn skuli greiða þennan kostnað ef hann er bersýnilega valdur að ágreiningsefninu, eða að kostnaðurinn skiptist milli aðila, teljist þeir báðir eiga sök á deilumálinu.

XII. KAFLI
Leigumiðlun.

68. gr.

Þeim einum, sem hafa hlotið til þess sérstaka löggildingu, er heimilt að reka miðlun með leiguhúsnæði, sem lög þessi taka til, í því skyni að koma á leigumála eða annast um framleigu eða skipti á leiguhúsnæði sé það gert í atvinnuskyni eða gegn endurgjaldi.

69. gr.

Löggildingu til að reka miðlun með leiguhúsnæði má veita þeim mönnum sem öðlast geta rétt til að annast kaup og sölu fasteigna fyrir aðra, enda fullnægi þeir nánari skilyrðum, sem sett kunna að verða í reglugerð þar að lútandi.

Heimilt er samtökum leigusala eða húseigenda, samtökum leigutaka, sveitarstjórnum svo og félögum eða stofnunum að reka leigumiðlun í eðlilegum tengslum við aðra starfsemi sína, enda lúti leigumiðlun stjórn löggilts leigumiðlara.

Lögreglustjóri, þar sem leigumiðlun skal rekin, lætur í té leyfisbréf gegn leyfisgjaldi, sem ráðherra ákveður og renna skal í ríkissjóð. Leyfið skal gefið út til fimm ára í senn.

70 gr.

Starfsheiti þess, sem leyfi fær til leigumiðlunar, skal vera leigumiðlari.

Leigumiðlari skal hafa opna skrifstofu, þar sem hann rekur starfsemi sína.

Leigumiðlari ber ábyrgð á að leigumáli sé gerður í samræmi við lög þessi. Honum ber skylda til að upplýsa aðila um réttindi þau og skyldur, sem þeir taka á

sig með undirritun leigumálans, svo og um réttaráhrif hans almennt eftir því sem ástæða er til.

Óheimilt er leigumiðlara að gerast sjálfur aðili að leigumála, sem honum er falið að koma á. Hann skal ætíð gæta þess að nafn, nafnnúmer og heimilisfang leigutaka og leigusala komi skýrt fram í leigumálanum.

71. gr.

Leigumiðlara ber þóknun úr hendi leigusala fyrir að koma á leigumála. Óheimilt er honum að áskilja sér hærri þóknun en sanngjarnt má teljast með tilliti til þeirrar vinnu, sem hann lætur í té, og þeirra hagsmuna sem um er að tefla.

Óheimilt er að taka sérstakt gjald fyrir skráningu, tilvísun eða aðra álíka þjónustu. Sama gildir um gjaldtökur vegna kostnaðar við auglýsingar og þess háttar útgjöld. Heimilt er þó að víkja frá þessu þegar um er að ræða leigu á meiri háttar atvinnuhúsnæði.

Óheimilt er leigumiðlara að taka þóknun af leigutaka fyrir miðlunina og gerð leigumála.

72. gr.

Leigumiðlara er rétt að taka að sér innheimtu og móttöku húsaleigu, eftirlit með umgengni um húsnæðið og framkvæmd viðhalds á því, skiptingu reksturskostnaðar, vörslu tryggingarfjár svo og önnur þau störf í tengslum við framkvæmd leigumálans sem aðilar hans, annar eða báðir, fela leigumiðlara að annast fyrir sína hönd.

Umboð leigumiðlara til slíkra starfa skal gera skriflegt og skal báðum aðilum leigumálans fengið afrit af því.

Endurgjald til leigumiðlara fyrir þessi störf skal sanngjarnt og í samræmi við fyrirhöfn hans. Skal það að jafnaði eigi nema hærri fjárhæð en sem svari sex til tíu hundraðshlutum af leigufjárhæðinni.

73. gr.

Leigumiðlara er óheimilt að skýra frá því sem hann kemst að í starfi sínu um hagi viðskiptamanna sinna eða þeir hafa trúað honum fyrir.

74. gr.

Leigumiðlari er bókhaldsskyldur samkvæmt lögum nr. 51 2. maí 1968.

Leigumiðlari skal halda skrá um húsnæði það, sem honum er falið að selja á leigu, og varðveita eintak af öllum leigumálum sem hann gerir.

75. gr.

Gerist leigumiðlari sekur í starfi sínu um vanrækslu eða brot gegn ákvæðum laga þessara eða hann missir einhver þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir leyfisveitingu, getur hlutaðeigandi lögreglustjóri svipt hann leyfi sínu tímabundið eða til loka leyfistímans.

XIII. KAFLI
Húsaleigunefndir.

76. gr.

Í hverjum kaupstað skal vera húsaleigunefnd skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Bæjarstjórnir skulu kjósa húsaleigunefndir til 4 ára í senn.

Hlutverk húsaleigunefnda skal vera að fylgjast með framkvæmd húsaleigumála og afla upplýsinga um þau, hlutast til um að úttektarmenn, sbr. 63. gr. þessara laga, séu dómkvaddir, gefa aðilum leigumála, sem þess óska, leiðbeiningar um ágreiningsefni og leitast við að sætta slíkan ágreining ef báðir aðilar óska.

XIV. KAFLI
Kynning laganna o. fl.

77. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal kynna almenningi efni laga þessara. Kostnaður við það greiðist úr ríkissjóði.

Heimilt er ráðhera að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

XV. KAFLI
Refsiákvæði.

78. gr.

Brot gegn ákvæðum I. til XII. kafla laga þessara varða sektum nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum.

XVI. KAFLI
Gildistaka.

79. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Þó skulu leigumálar, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þeirra, halda gildi uns þeir renna út, þó eigi lengur en til 1. janúar 1980. Frá þeim tíma skulu lög þessi einnig taka til þeirra.

Aðilar leigumála, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, skulu gera skriflega leigumála samkv. II. kafla laganna fyrir 1. janúar 1980. Hafi slíkur leigumáli ekki verið gerður fyrir þann tíma gilda öll ákvæði laga þessara um réttarsamband aðila.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 39 7. apríl 1943 um húsaleigu með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi leigumáli verið stimplaður og honum þinglýst skal endurnýjunarsamningur samkv. 79. gr. vera undanþeginn þessum gjöldum, enda sé leigumálinn óbreyttur að meginefni til.

1978—79 (100. löggjafarþing) — 303. mál.

Sþ. 700. Tillaga til þingsályktunar

um iðnaðarstefnu.

Frá iðnaðarráðherra.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir framkvæmd iðnaðarstefnu, sem hafi eftirfarandi meginmarkmið:

1) Að örva framleiðni í íslenskum iðnaði þannig að framleiðnistig hans verði sambærilegt við það, sem gerist í helstu viðskiptalöndum, og skilyrði skapist fyrir bætt lífskjör.
2) Að stuðla að hagkvæmri fjárfestingu, til að fjölga störfum í iðnaði og tryggja fulla atvinnu með hliðsjón af aðstæðum í öðrum atvinnugreinum og áætlunum um fjölda fólks á vinnumarkaði.
3) Að leggja sérstaka áherslu á að efla iðnað á þeim sviðum, þar sem innlendir samkeppnisyfirburðir geta nýst til arðbærrar framleiðslu á vörum og þjónustu, jafnt fyrir heimamarkað sem til útflutnings.
4) Að bæta starfsskilyrði og auka áhrif starfsfólks á vinnustöðum, og koma í veg fyrir skaðleg áhrif af völdum iðnvæðingar á náttúru landsins og umhverfi.
5) Að tryggja forræði landsmanna yfir íslensku atvinnulífi og auðlindum, og stuðla að æskilegri dreifingu og jafnvægi í þróun byggðar í landinu.

Fyrrgreindum markmiðum verði m. a. náð með áætlunum, er taki til einstakra iðngreina og verkefna í nýiðnaði og með opinberum aðgerðum, sem í aðalatriðum miði að eftirfarandi:

1) Bættri aðstöðu til iðnrekstrar með markvissri jöfnun á starfsskilyrðum iðnaðarins við aðra höfuðatvinnuvegi, m. a. í skattamálum og lánamálum.
2) Gengisákvarðanir verði í ríkari mæli miðaðar við samkeppnisstöðu iðnaðarins jafnt á heimamarkaði sem erlendis.
3) Lánasjóðir iðnaðarins verði efldir og þeim gert kleift að auka verulega þátttöku sína í fjármögnun á umbótum og nýsköpun í iðnaði.
4) Hlutverk þjónustustofnana iðnaðarins verði endurskoðað og lagað að breyttum þörfum, er m. a. miðist við að auka fræðslu og stuðla að bættri framleiðni og nýsköpun í iðnaði og greiða fyrir útflutningi iðnaðarvara. Jafnframt verði aukin áhersla lögð á rannsóknar- og þróunarstarfsemi í þágu iðnaðar.
5) Ríkisvaldið hafi forystu um verulegt átak í uppbyggingu fjármagnsfreks nýiðnaðar, m. a. með því að stjórn á iðnrekstri á þess vegum verði gerð markvissari, og skipulagslegt forræði á þessum atvinnurekstri verði sett í hendur eins aðila, sem hafi fjárhagslegt bolmagn og sjálfstæði til ákvarðana um arðvænleg nýiðnaðarverkefni.
6) Iðngarðar verði byggðir með lánafyrirgreiðslu til sveitarfélaga eða samtaka í iðnaði.
7) Útflutningsviðleitni fyrirtækja sé örvuð, m. a. með skattalegum aðgerðum.
8) Opinberum innkaupum verði beitt til að ýta undir og efla iðnþróun.
9) Felld verði að fullu niður aðflutningsgjöld á aðföngum til samkeppnisiðnaðar og þeirra þjónustugreina iðnaðar, er eiga í samkeppni.
10) Iðnaður á heimamarkaði fái aðstöðu til verðlagningar hliðstætt því, sem gerist um innfluttar samkeppnisvörur.

11) Nýting orkulinda og verðlagning orku miði að því að skapa innlendum iðnaði samkeppnisyfirburði.
12) Í því skyni að auka fjárfestingu í iðnaði verði hvatt til aukinnar eiginfjármyndunar fyrirtækja, m. a. með ráðstöfunum í skattamálum.
13) Stuðlað verði að félagslegum rekstrarformum og um leið að auknum réttindum og ábyrgð starfsfólks á vinnustað og á rekstri fyrirtækja.
14) Hið almenna skólakerfi taki mið af æskilegri iðnþróun, m. a. með aukinni samvinnu milli skólakerfisins og stofnana og samtaka iðnaðarins. Aukin áhersla verði lögð á fullorðinsfræðslu og bætta almenna starfsmenntun.
15) Rannsóknir á hag og þróunarhorfum íslensks iðnaðar verði efldar.
16) Mótuð verði stefna um verktakastarfsemi, sem m. a. geri innlendum aðilum kleift að annast stórar verklegar framkvæmdir. Samkeppnisstaða innlendra verktaka gagnvart erlendum aðilum verði jöfnuð.
17) Rík áhersla verði lögð á bætt starfsumhverfi, og samstarf stjórnvalda og aðila í iðnaði aukið, til að ná því markmiði, svo og til að tryggja nauðsynlegar mengunarvarnir og koma í veg fyrir óæskilega röskun umhverfis af völdum iðnrekstrar.

Iðnaðarráðuneytið hafi forystu um að samræma aðgerðir hins opinbera, stofnana iðnaðarins og samtaka hans, til að greiða fyrir framgangi þessarar stefnu.

Greinargerð:

1. Tilgangur þingsályktunartillögunnar.

Með tillögu þeirri til þingsályktunar, sem hér er lögð fram, er gerð tilraun til þess að móta samræmda stefnu í iðnaðarmálum af hálfu hins opinbera og fá fram skýra afstöðu Alþingis til þess, hver eigi að verða þáttur iðnaðar í þeim umbreytingum í atvinnulífinu, sem sýnast nauðsynlegar á næstu árum. Með tillögunni er reynt að skapa samstöðu um þær aðgerðir, sem nauðsynlegar eru taldar, ef iðnaðurinn á að geta gegnt því hlutverki að verða ein megin undirstaða framfara í atvinnu- og efnahagslífi á komandi árum.

Þess er vænst að með skýran vilja Alþingis í þessu máli að bakhjarli, geti stjórnvöld tekið með virkum hætti á þeim fjölmörgu vandamálum, sem enn standa í vegi fyrir eðlilegri þróun iðnaðar og búið honum hagstæðari skilyrði til vaxtar.

Við meðferð máls þessa í ríkisstjórn var fallist á, að þingsályktunartillaga þessi um iðnaðarstefnu yrði flutt á yfirstandandi þingi, en jafnframt kom fram að einstakir ráðherrar hafa ekki tekið endanlega afstöðu til vissra efnisatriða tillögunnar.

2. Tillögur Samstarfsnefndar um iðnþróun.

Í september 1978 skipaði iðnaðarráðherra nefnd 9 manna, með víðtæk tengsl og reynslu í iðnaðarmálum, og skyldi nefndin m. a. hafa það hlutverk að undirbúa fyrir iðnaðarráðuneytið drög að iðnaðarstefnu, sem hafa mætti til hliðsjónar við opinbera stefnumótun á þessu sviði. Í þeirri þingsályktunartillögu, sem hér er lögð fram, hefur í meginatriðum verið tekið mið af tillögum nefndarinnar. Fylgir álit hennar með þessari þingsályktunartillögu.

3. Horfur í atvinnumálum — staða iðnaðar.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi áliti Samstarfsnefndar um iðnþróun, ríkir nú meiri óvissa um þróun í atvinnumálum og varðandi atvinnuöryggi á næstu árum en áður hefur verið talið, og gætu framundan verið miklar breytingar á þróun atvinnulífs og skiptingu vinnuafls í landinu eftir atvinnugreinum.

Ástæður slíkra breytinga má í aðalatriðum rekja til þeirrar þróunar, sem hér greinir:

1) Líklegt er að fleira fólk komi á vinnumarkaðinn en áður hefur verið talið, m. a. með aukinni þátttöku kvenna í atvinnulífinu.
2) Fækkun fólks við landbúnaðarstörf gæti orðið meiri en áður hefur verið gert ráð fyrir.
3) Fjölgun starfa í iðnaði hefur orðið mun hægari en áður var áætlað, og hefur starfsfólki í iðnaði fækkað hlutfallslega gagnstætt því sem ráð var fyrir gert.
4) Líklegt er talið, að hlutur starfa í byggingariðnaði af heildarvinnuafli í landinu dragist nokkuð saman á næstunni.
5) Störfum í sjávarútvegi mun ekki fjölga verulega á næstu árum, þar sem auknum afla verður væntanlega mætt með aukinni hagræðingu í fiskvinnslustöðvum og með bættri nýtingu framleiðslugetunnar.
6) Brottflutningur fólks af landinu hefur aukist verulega á síðustu árum og var um 3500 manns sitt hvort árið 1976 og 1977, en það eru 1000 fleiri en fluttust til landsins hvort ár.

Ekki verður séð að unnt reynist að leysa þennan aðsteðjandi vanda á viðunandi hátt á næstu árum nema áhersla verði lögð á að efla og byggja upp arðvænlegan iðnað, sem skilað geti mikilli framleiðni.

Líkur benda til, að iðnaður þurfi að taka við a. m. k. 3000 manns til viðbótar í arðbær störf fram til ársins 1982 og um 1600 að auki fram til ársins 1987, eða alls um 4600 miðað við óbreytta þátttöku kvenna í atvinnulífi frá því, sem var á árinu 1977. Haldi hlutur kvenna áfram að vaxa svo sem verið hefur, verða þessar tölur um 4000 árið 1982 og nálægt 2500 til viðbótar fram til 1987. Hugsanlega gæti þessi þörf fyrir ný störf orðið mun meiri, ef veruleg aukning yrði á framleiðni í iðnaði og fækkun í einstökum greinum hans. Á móti því gæti þó aukinn hlutur þjónustu vegið í verulegum mæli.

Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt um nauðsyn iðnþróunar og að breikka þurfi undirstöður efnahagslífsins. Stjórnvöld hófu alvarlegar tilraunir við skipulega stefnumótun í iðnaðarmálum í byrjun sjötta áratugsins og hafa síðan öðru hvoru verið gerðar einstaka tilraunir til skipulegra átaka, m. a. í tengslum við EFTA-inngöngu, með tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna upp úr 1970 og störfum Iðnþróunarnefndar 1973—75. Þrátt fyrir þessa viðleitni og tillögur, sem fram hafa komið, verður að telja, að til þessa hafi ekki verið mótuð samræmd iðnaðarstefna af hálfu hins opinbera.

Þetta stefnuleysi hefur leitt til þess, að lítið hefur gætt skipulegra átaka til að efla og byggja upp innlendan iðnað.

Á árunum 1968 til 1973 varð að vísu veruleg aukning á framleiðslu í iðnaði, þannig að heildarframleiðslan í þeim greinum, sem tölulegar upplýsingar liggja fyrir um, nálægt tvöfaldaðist. Eftir árið 1973 hefur hins vegar dregið mjög úr framleiðsluaukningu og borið hefur á samdrætti sum árin.

Svipaða sögu er að segja um framleiðni í iðnaði. Hún jókst hröðum skrefum á árunum 1968 til 1973, en hefur nær staðnað hin síðari ár. Eins og nú horfir dragast Íslendingar aftur úr öðrum þjóðum í framleiðni í iðnaði, þrátt fyrir að fjárfesting í iðnaði hafi haldist nokkuð jöfn allt tímabilið.

Þá miklu aukningu á framleiðslu og framleiðni í iðnaði, sem varð á árunum 1968 til 1973, má fyrst og fremst rekja til þeirra hagstæðu skilyrða, sem honum voru sköpuð á þessum tíma, eftir efnahagsráðstafanir í kjölfar samdráttar í sjávarútvegi 1967—1968. Gengisskráning var þá iðnaði hagstæð og með bættum tollakjörum, eflingu sjóða iðnaðarins og aukinni lánafyrirgreiðslu og hagræðingarstarfi, m. a. í tengslum við inngönguna í EFTA, batnaði nýting á framleiðslugetu í iðnaði, og hann dafnaði ört.

Hin hagstæða þróun í sjávarútvegi á árunum 1972—73, sem m. a. leiddi til gengishækkunar vorið 1973, hafði í för með sér erfiðari stöðu í iðnaði, og á árinu 1974 kom til mikilla erfiðleika í útflutningsiðnaði. Þar eð þess hefur ekki verið gætt að leiðrétta og jafna aðstöðu iðnaðarins, m. a. með hliðsjón af þróun í sjávarútvegi, hefur þetta ástand í rauninni varað hingað til.

Samhliða þessari þróun hefur iðnaðurinn mætt vaxandi samkeppni af völdum innflutnings eftir afnám tolla og minnkandi innflutningshöft. Þótt aðeins hafi í undantekningartilvikum orðið verulegur samdráttur í framleiðslu af völdum innflutnings, hefur aðstaða innlendra framleiðenda þrengst á markaðnum og ekki orðið framleiðsluaukning hjá mörgum þeirra. Aðlögunartíminn í kjölfar EFTA—aðildar hefur nýst illa vegna ófullnægjandi aðgerða til stuðnings iðnaði, örrar verðbólguþróunar og alþjóðlegra efnahagserfiðleika í kjölfar olíuverðhækkana veturinn 1973.

Nauðsynlegt er að menn líti fordómalaust á þann sérstaka vanda fyrir íslenskan iðnað, sem leiðir af sambýli við sjávarútveginn. Þar eð sjávarútvegurinn hefur haft alla yfirburði sem aðalútflutningsatvinnuvegur landsmanna og í reynd verið burðarásinn í hagvexti hérlendis fram á síðustu ár, hafa ákvarðanir um meginatriði í efnahagsmálum ráðist af hagsmunum og aðstæðum í sjávarútvegi. Þannig ræðst gengi íslensku krónunnar og þar með afurðaverð útflutningsiðnaðar og samkeppnisverð á innfluttum iðnaðarvörum fyrst og fremst af afkomu og viðskiptakjörum sjávarútvegsins. Eftir afnám verndartolla og innflutningshafta skiptir þetta atriði sköpum fyrir iðnaðinn.

Þessi sambýlisvandi iðnaðar og sjávarútvegs hefur sennilega haft meiri áhrif á þróunarmöguleika iðnaðar en margir gera sér grein fyrir og hefur að líkindum orðið afdrifaríkari en breytingar af völdum erlendrar samkeppni. Telja verður það eitt af grundvallaratriðum fyrir árangursríkri iðnþróun, að komið verði á jafnræði með þessum atvinnuvegum á þeim sviðum, er máli skipta til að skapa vaxtarforsendur fyrir iðnað.

Margt bendir nú til að Íslendingar séu á tímamótum í atvinnumálum, þar sem hagnýta þurfi mun fjölþættari kosti en hingað til. Þannig verði auk öflugs sjávarútvegs og fiskiðnaðar að koma til fjölbreyttur iðnaður, sem m. a. byggi á og vaxi upp af þeirri þekkingu og reynslu, sem við höfum öðlast í hefðbundnum atvinnugreinum hingað til. Af öðrum þáttum, sem rennt geta stoðum undir öfluga innlenda iðnþróun, má nefna ýmsar hráefnisauðlindir og innlenda orku, svo og ýmis önnur náttúruskilyrði og hugvit, til að framleiða samkeppnishæfar iðnaðarvörur til heimanota og útflutnings.

Þessu nýja hlutverki sínu fær iðnaðurinn ekki valdið nema til komi breytt viðhorf gagnvart málefnum hans og að honum verði markvisst sköpuð skilyrði til vaxtar.

4. Leiðir að markmiðum:

Að baki tillögum þeim, sem fram koma í þingsályktunartillögunni um aðgerðir til að efla iðnað, liggja eftirfarandi meginviðhorf gagnvart iðnþróun og þeim leiðum, sem áhersla er lögð á:

1) Að iðnþróun sé viðfangsefni, sem ekki verður unnið að með árangri nema með samhæfðu átaki margra aðila í fyrirtækjum og samtökum iðnaðarins, stofnunum hans og í opinberum stjórnsýslustofnunum.
2) Að leggja verði forgangsáherslu á þróun iðnaðar á næstu árum, með sérstakri áherslu á aukinn útflutning iðnaðarvara.
3) Að búa þurfi iðnaðinum hagstæð vaxtarskilyrði í þjóðlífinu, og markvisst verði unnið að því að jafna stöðu iðnaðar og annarra atvinnuvega. Þegar teknar eru ákvarðanir um aðalatriði efnahagsmála verði sérstaklega gætt að áhrifum þeirra á iðnaðinn.
4) Skapa þarf jarðveg til að dreift frumkvæði fái notið sín við margbreytileg viðfangsefni í iðnaði og horft sé til sem flestra kosta en ekki eingöngu byggt á afmörkuðum sviðum iðnaðar.
5) Jafnframt þessu verði lögð áhersla á að efla sérstaklega þær greinar og fyrirtæki, sem hafa góð vaxtarskilyrði og geta veitt varanlega samkeppnisyfirburði. Iðnaður með mikla

framleiðni getur að jafnaði greitt góð laun og þannig valdið miklum margföldunaráhrifum á atvinnu í þjónustugreinum. Er því talið vænlegast að leggja fyrst og fremst áherslu á uppbyggingu iðnaðar, sem getur skilað mikilli framleiðni, bæði til að leysa atvinnuvandamálið og lyfta lífskjörum landsmanna. Greinum, sem fara halloka í samkeppni, þarf að hjálpa til að umbreytast, en ekki að verja þær með óraunhæfri aðstoð eða varnaraðgerðum.

6) Sérstaklega þarf að kanna með hvaða hætti verði unnt að nýta orkulindir landsins þannig að landsmenn haldi forræði í þeirri uppbyggingu, og að hún samrýmist að öðru leyti settum þjóðfélagslegum markmiðum, sem víðtæk samstaða getur tekist um.
7) Stuðlað sé að aðlögun og nýsköpun í efnahagslífinu með því að hvetja til vöruþróunar, markaðsleitar og rannsóknar- og þróunarstarfsemi hjá fyrirtækjum, m. a. með skattalegum aðgerðum og fjárhagslegri aðstoð hins opinbera og tæknilegum stuðningi frá stofnunum iðnaðarins.
8) Gera þarf hinum almenna iðnaði auðveldara að takast á við stærri verkefni en hingað til. Jafnframt þarf að styðja sveitarfélög til að greiða fyrir iðnþróun í byggðum landsins, t. d. með byggingu iðngarða.
9) Óhjákvæmilegt er að ríkið eitt sér eða í samvinnu við aðra aðila taki þátt í stofnun meiriháttar nýiðnaðarfyrirtækja. Stjórn ríkisins á eigin atvinnurekstri þarf að verða markvissari og setja ætti eignarforræði yfir fyrirtækjum í ríkiseign á eina hendi. Gera þarf auknar arðsemiskröfur til ríkisfyrirtækja og ráðstafa arði af slíkum iðnfyrirtækjum til þróunar og uppbyggingar nýiðnaðar.
10) Nauðsynlegt er að auka áhrif starfsfólks á eigið vinnuumhverfi og gefa mönnum þannig kost á að hafa áhrif á viðfangsefni sín og skilja þýðingu þeirra. Er vænlegast að ná þessu marki með því að leggja áherslu á rekstur á félagslegum grundvelli og með auknum réttindum og ábyrgð starfsmanna í fyrirtækjum. Er hugsanlegt að þannig megi bæta rekstrarárangur fyrirtækja jafnframt því sem félagslegum þörfum er fullnægt.
11) Kappkosta verður að vaxandi iðnaður leiði ekki af sér óæskilega röskun á náttúru og félagslegu umhverfi. Aukin framleiðsla og sókn til betri lífskjara má ekki verða á kostnað heilbrigðs umhverfis eða skynsamlegrar nýtingar auðlinda.
12) Við breytingar á atvinnuháttum þarf að tryggja sem best jafnvægi í þróun byggðar í landinu og að ekki skapist misvægi, sem leiði til verulegrar byggðaröskunar. Sérstaklega þarf að huga að iðnaði, sem geti viðhaldið byggð í sveitum landsins og byggðakjörnum þar, og tekið við vinnuafli, sem ekki fær verkefni við landbúnaðarstörf.

Framkvæmd iðnaðarstefnu.

Skortur á samhæfingu á störfum og stefnu hinna fjölmörgu aðila, sem í reynd hafa áhrif á gang mála, er sá þáttur, sem öðrum fremur hefur staðið í vegi fyrir æskilegri þróun iðnaðar. Í fámennu og tiltölulega fjármagnsvana þjóðfélagi ber brýna nauðsyn til sameiginlegs átaks margra aðila, til að koma umbótum í framkvæmd. Á sviði iðnþróunar hefur vöntun á stefnumörkun haft í för með sér sundurvirkni í störfum opinberra stofnana, sem iðnaðinum þjóna, lánasjóða iðnaðarins og samtaka hans, með þeim afleiðingum að ekki hefur tekist að koma ýmsum nauðsynjamálum fram.

Að fenginni afstöðu Alþingis til þeirra stefnumiða, sem sett eru fram í þessari þingsályktunartillögu, þarf iðnaðarráðuneytið og aðrir aðilar, er málið varðar, að ná fram nauðsynlegri samstöðu og móta nánar þær aðgerðir, sem hér eru boðaðar, m. a. með nýmælum í löggjöf.

Sú reynsla, sem fengist hefur af starfi Samstarfsnefndar um iðnþróun til þessa, bendir til að þar sé æskilegt samstarfsform til að tengja þá aðila, sem láta sig málefni iðnaðarins varða.

Í framhaldi af mótun iðnaðarstefnu skiptir miklu að skapa sem víðtækasta samstöðu um framkvæmd hennar og tryggja að einstök mál verði farsællega til lykta leidd.

Jafnframt því sem iðnaðarráðuneytið hyggst nýta áfram þann samráðsvettvang, sem fenginn er innan Samstarfsnefndar um iðnþróun, hlýtur ráðuneytið sjálft að beita sér fyrir framgangi iðnþróunarmálefna innan stjórnkerfisins.

Mikilvægt er að starf að iðnþróunarmálefnum verði sem samfelldast og unnt sé að halda því áfram með eðlilegum hætti, þótt breytingar verði á forystu í landsmálum og á einstökum áherslum og stefnumiðum.

IÐNAÐARSTEFNA

Álit Samstarfsnefndar um iðnþróun

FORMÁLI

Samstarfsnefnd um iðnþróun var stofnuð með bréfi iðnaðarráðherra, dags. 21. september 1978. Í nefndinni eiga sæti:

Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, formaður nefndarinnar;

Bjarni Einarsson, framkvæmdastjóri Byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins;

Bragi Hannesson, stjórnarformaður Iðntæknistofnunar Íslands;

Davíð Scheving Thorsteinsson, formaður Félags íslenskra iðnrekenda;

Guðmundur Þ. Jónsson, formaður Landssambands iðnverkafólks;

Hjörtur Eiríksson, framkvæmdastjóri Iðnaðardeildar SÍS;

Pétur Sæmundsen, stjórnarformaður Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins;

Sigurður Magnússon, stjórnarformaður Framleiðslusamvinnufélags iðnaðarmanna;

Þórleifur Jónsson, framkvæmdastjóri Landssambands iðnaðarmanna;

Ritari nefndarinnar er Jafet S. Ólafsson, fulltrúi í iðnaðarráðuneytinu.

Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi:

1. Að vera iðnaðarráðherra til ráðgjafar um mótun heildarstefnu í iðnaðarmálum og leggja fyrir tillögur um það efni.

2. Að efla samstarf hinna ýmsu aðila iðnaðarins um að framkvæma þær aðgerðir, sem samstaða næst um innan nefndarinnar og á vettvangi ríkisstjórnar og Alþingis.

3. Að gera tillögur til iðnaðarráðherra um ráðstöfun jöfnunargjalds af iðnaðarvörum, samkvæmt lögum nr. 83, 1978 vegna ársins 1979, og svo sem síðar kann að verða ákveðið, í þágu iðnþróunaraðgerðar í samræmi við mótaða stefnu.

Í skýrslu þessari setur nefndin fram tillögur sínar um stefnumótun í iðnaðarmálum og aðgerðir til stuðnings við þróun iðnaðar á næstu árum.

Í tillögum þessum er stuðst við fjölda skýrslna og álitsgerða um iðnaðarmál, sem fram hafa komið á síðustu árum, en auk þess er byggt á einstökum athugunum sem nefndin hefur látið gera. Ekki er farið út í ítarlega lýsingu á hag iðnaðar við núverandi aðstæður né sögulega þróun hans og vísast þar til skýrslna Þjóðhagsstofnunar, en í viðauka er dregið saman ítarlegt talnaefni um þróun iðnaðar eftir 1963 og þó sérstaklega eftir inngöngu í EFTA árið 1970.

Nefndin hefur annars vegar lagt megináherslu á að greina þær forsendur, sem iðnþróun ætti að byggjast á og skýra þau viðhorf sem nefndin telur að eigi að móta stefnu og aðgerðir í iðnaðarmálum. Hins vegar hefur nefndin gert tillögur um einstakar aðgerðir á þeim sviðum, sem brýnast er, bæði að því er varðar almennan aðbúnað til rekstrar og hins vegar vegna umbóta í fyrirtækjunum sjálfum.

Samstarfsnefndin telur mjög mikilvægt að skilningur stjórnvalda og samtaka iðnaðarins sjálfs (launþega og atvinnurekenda) fáist á nauðsyn samhæfðra aðgerða til að auka framleiðni og arðsemi iðnrekstrar og gera honum kleift að skapa þann grundvöll vaxtar í efnahags- og atvinnulífi sem nú vantar, samkvæmt horfum í mannafla-þróun og aðstæður í öðrum megingreinum atvinnulífsins. Telur nefndin að leggja þurfi mikla áherslu á uppbyggingu

arðvænlegs iðnaðar á þeim sviðum sem Íslendingar eru líklegastir til að hafa varanlega samkeppnisyfirburði í ljósi alþjóðlegra samkeppnisaðstæðna.

Iðnaðinum þarf að skapa hagstæð vaxtarskilyrði með því að afnema það misvægi í rekstraraðstæðum, sem hann býr við gagnvart öðrum undirstöðuatvinnuvegum. Jafnframt þarf virkan stuðning við nýsköpun og umbætur í iðnaði af hálfu þjónustustofnana iðnaðarins svo og aðstoð annarra opinberra stofnana með því að þær greiði götu iðnþróunar í landinu með jákvæðri afstöðu og skilningi á nauðsyn málsins.

Samstarfsnefnd um iðnþróun leggur mikla áherslu á nauðsyn þess að ríkisstjórn og Alþingi kveðji alla aðila málsins til samstöðu, með því að álykta ótvírætt um grundvallaratriði stefnumótunarinnar þar sem ekki er líklegt að árangur náist án samstillts átaks.

Reykjavík, 3. maí, 1979

SAMSTARFSNEFND UM IÐNÞRÓUN

Bragi Hannesson

Bjarni Einarsson

Guðmundur P. Jónsson

Davíð Scheving Thorsteinsson

Pétur Sæmundsen

Hjörtur Eiríksson

Þorleifur Jónsson

Sigurður Magnússon

Vilhjálmur Lúðvíksson
formaður

0. MEGINATRIÐI IÐNAÐARSTEFNU

FORSENDUR IÐNÞRÓUNAR

0.1 Tilgangur stefnumótunar

Með tillögum þeim, sem settar eru fram í skýrslu þessari, er stefnt að því að skapa íslenskum iðnaði hagstæð vaxtarskilyrði með samræmdum aðgerðum af hálfu ríkis, sveitarfélaga, opinberra stofnana, samtaka atvinnulífsins og fyrirtækja í iðnaði. Reynt að samræma þau öfl, sem mest áhrif hafa á mótun iðnaðar í þá átt að hagnýta hérlendar aðstæður til aukinnar arðbærrar framleiðslu fyrir heimamarkað og útflutning, svo og auka framleiðni iðnaðarins og efla hann til að mæta vaxandi erlendri samkeppni og hagnýta þau tækifæri, sem greiðari alþjóðaverslun býður upp á.

0.2 Innlend starfsskilyrði

Það er skoðun Samstarfsnefndar um iðnþróun, að aðlögunartími iðnaðarins að EFTA-aðild og samningum við Efnahagsbandalag Evrópu hafi nýst illa vegna þess misvægis, sem ríkt hefur milli starfsaðstöðu iðnaðar og annarra höfuðatvinnuvega. Iðnaðurinn hefur þannig á margan hátt búið við lakari kjör að því er varðar lánsfjármagn, opinberar álögur, opinbera þjónustu og aðstoð við málefni hans. Ennfremur hafa árferðissveiflur í sjávarútvegi og ör verðbólga komið illa niður á iðnaðinum og dregið úr möguleikum hans til að hasla sér völl í útflutningi, sérstaklega þar sem ákvörðun um gengi íslensku krónunnar hefur í megindráttum miðast við afkomu sjávarútvegs. Telur Samstarfsnefndin það grundvallar-

atriði iðnþróunar, að komið verði á jafnræði með þessum atvinnuvegum til að skapa vaxtarforsendur fyrir iðnað.

0.3 **Framleiðni**

Á undanförnum árum hefur iðnaðurinn tekið góða vaxtarspretti í framleiðslu og framleiðni, sérstaklega á tímabilinu 1969-'73, en frá þeim tíma hefur orðið stöðnun þrátt fyrir áframhaldandi fjárfestingu. Bendir margt til, að nú sé hægt að auka framleiðslu iðnaðarins með því að skapa honum hagstæð starfsskilyrði (gengisskráning, aðgangur að rekstrarfé) svo og viðhafa öflugar aðgerðir til að bæta skipulag og stjórnun rekstrar, þannig að fjárfestingin nýtist.

0.4 **Alþjóðlegar samkeppnishorfur**

Á undanförnum árum hafa breytingar orðið á alþjóðlegum samkeppnisaðstæðum og viðskiptahorfum, sem má rekja til breytinga á grunngerð alþjóðlegrar framleiðslustarfsemi. Flest iðnvædd lönd gera nú markvissar tilraunir til að aðlagast þessum nýju viðhorfum og umbreyta framleiðslukerfum sínum í samræmi við þau. Megininntak þeirrar stefnumótunar er samhæfð viðleitni til að efla nýsköpun í atvinnulífi með auknu starfi að rannsóknum og tækniþróun og greiðari upplýsingum og miðlun þekkingar í atvinnulífi. Þessi viðleitni er svo studd með beinum opinberum fjárframlögum til nýsköpunar í þeim tilgangi að vega á móti vaxandi hættu og óvissu um arðsemi af nýsköpun, sérstaklega hjá smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Mikil áhersla er nú lögð á það að veðja fyrst og fremst á þær greinar, sem hafa góðar samkeppnisforsendur og

vaxtarmöguleika, en gera þeim greinum, sem halloka fara, kleift að draga saman eða umbreytast í átt til arðbærari framleiðslu, ef unnt er. Varnaraðgerðir til að halda uppi veikum greinum með fjárstuðningi hafa yfirleitt magnað vandann og dregið úr endurnýjunarmætti.

0.5 **Horfur um mannafla**

Samstarfsnefnd um iðnþróun er þeirrar skoðunar, að mun alvarlegri atvinnuhorfur séu nú framundan en áður hefur verið talið. Vaxandi þátttaka kvenna í atvinnulífinu, fækkun fólks við landbúnaðarstörf, hlutfallslega minnkandi þáttur byggingariðnaðar í mannaflanum, svo og vaxandi brottflutningur fólks frá landinu á allra síðustu árum, benda til þess að gera þurfi róttækar ráðstafanir til að treysta grundvöll efnahags- og atvinnulífs og forða því, að lífskjör á Íslandi dragist aftur úr því sem gerist í nágrannalöndunum. Samstarfsnefndin telur, að ekki verði unnt að leysa þennan aðsteðjandi vanda á heilbrigðan hátt nema með mikilli áherslu á eflingu og uppbyggingu arðvænlegs iðnaðar með góða möguleika á vaxandi framleiðni á allra næstu árum. Iðnaðurinn mun væntanlega þurfa að taka við a.m.k. 300 nýliðum í arðbær störf fram til ársins 1982 og 1600 til viðbótar fram til ársins 1987 (alls 4600), miðað við hlutfallslega óbreytta þátttöku kvenna frá árinu 1977. Haldi hlutur kvenna áfram að vaxa svo sem verið hefur, verða þessar tölur um 3900 árið 1982 og tæplega 2400 til viðbótar fram til 1987 (alls 6300). Ef veruleg aukning verður á framleiðni í iðnaði án þess að nýjir markaðir opnist verður þessi þörf enn meiri.

0.6 **Umbreytingar í iðnaði 1970—1976**

Á árabilinu 1970-1976 varð heildarvöxtur mannaflans í iðnaði 1306 ársverk. Hafði þá í vissum greinum fækkað um 504 ársverk alls, en í öðrum vaxandi greinum hafði mannafli aukist um 1810 ársverk. Aðalaukningin hafði orðið í álvinnslu, slátrun og kjötiðnaði, húsgagna- og innréttingasmíði og bóka- og blaðaútgáfu. Af öðrum greinum sem hafa aukið mannaflanotkun má nefna sútun, framleiðslu á fullunnum vefnaðarvörum öðrum en fatnaði, plastvöruiðnað, prjónavörufranleiðslu, steinsteypu og steinefnagerð, öl- og gosdrykkjagerð, kemiskan undirstöðuiðnað, veiðarfæraiðnað og prentun. Í viðgerðargreinum iðnaðar hafði á sama tímabili orðið aukning um 816 ársverk, aðallega í málmsmíði, raftækjagerð, gúmmívöru- og hjólbarðaviðgerðum.

0.7 **Aðlögun að fríverslun**

Á tímabili EFTA-aðlögunar frá 1970 hefur lítið borið á samdrætti eða hruni einstakra greina, sem rekja mætti beint til samkeppniserfiðleika. Eru áhrif til samdráttar í ýmsum greinum minni en margir bjuggust við, þegar gengið var í EFTA. Á hinn bóginn er ljóst, að samningar við markaðsbandalögin (EFTA og EBE) hafa ekki leitt til þeirrar aukningar í framleiðslu til útflutnings til þessara markaðssvæða sem vænst var. Þrátt fyrir þetta hníga mörg rök að því, að samkeppnin hafi orðið iðnaðinum holl og leitt til verulegra umbóta og framleiðniaukningar, sem fyrst og fremst hefur hjálpað til að fyrirtækin héldu velli á heimamarkaði.

MARKMIÐ IÐNÞRÓUNAR

0.8 Almenn markmið

Samstarfsnefnd um iðnþróun telur, að á næstu árum eigi helstu markmið iðnþróunar að vera:

1. Að auka arðbæra framleiðslu á iðnaðarvörum til innanlandsnota og útflutnings á samkeppnisfæru verði og gæðum og jafnframt að sjá þjóðinni fyrir nauðsynlegum viðgerðum og endurnýjun á mannvirkjum á hagkvæman hátt.

2. Að auka framleiðni og verðmætasköpun í iðnaði og aðhæfa framleiðslu til að mæta ört harðnandi samkeppni og til að auka rauntekjur starfsfólks í iðnaði.

3. Að skapa fjölþætta atvinnumöguleika fyrir ört vaxandi fjölda ungs fólks, sem leitar sér staðgóðrar menntunar og þjálfunar á fjölmörgum sviðum.

4. Að nýta í vaxandi mæli innlendar hráefnis- og orkulindir svo og aðrar aðstæður, þar sem innlendir samkeppnisyfirburðir geta nýst til arðbærrar framleiðslu á vörum til innanlandsnota og útflutnings.

5. Að stuðla að bættum starfsskilyrðum á vinnustöðum og koma í veg fyrir skaðleg áhrif aukinnar iðnvæðingar á náttúru landsins og umhverfi.

6. Að stuðla að samfélagslega æskilegri byggðaþróun í samræmi við ofangreind markmið.

0.9 **Áhersla á samkeppnisyfirburði**

Samstarfsnefnd um iðnþróun er þeirrar skoðunar, að þrátt fyrir alvarlegar horfur í mannaflamálum á næstunni eigi fyrst og fremst að byggja upp iðnað með mikla framleiðni sem nýtur innlendra aðstæðna, er geta gefið varanlega samkeppnisyfirburði á grundvelli auðlinda eða eðlislægra kosta, sem búa með þjóðinni og í atvinnulífi hennar. Telur nefndin, að með því að byggja þannig upp iðnað, sem hefur mikla framleiðni og getur greitt há laun, skapist enn aukin margfeldisáhrif í gegnum aukna eftirspurn, sem leggi grundvöll að fjölþættri þjónustu, sem aftur leysi mannaflavandamálið til lengri tíma litið.

0.10 **Stóriðja**

Samstarfsnefnd um iðnþróun telur, að gera þurfi á raunsæjan hátt ráð fyrir hlut orkufreks iðnaðar í uppbyggingu atvinnulífs í landinu. Hvetur nefndin til þess, að leitað verði leiða til að nýta auðlindir landsins með þeim kostum, sem stórrekstri fylgja og eins og samrýmst getur þjóðfélagslegum markmiðum að öðru leyti og víðtæk samstaða getur tekist um.

TILLÖGUR UM AÐGERÐIR

Samstarfsnefndin leggur til, að á næstu árum verði gert sérstakt átak til að efla iðnað með samvinnu hins opinbera og samtaka iðnaðarins og þeirra stofnana, sem honum þjóna, undir forystu iðnaðarráðuneytisins. Aðgerðirnar nái í megindráttum til eftirfarandi:

A. BÆTTUR AÐBÚNAÐUR

0.11 Markvissa jöfnun á starfsskilyrðum iðnaðar og annarra höfuðatvinnuvega m.a. í skattamálum, lánamálum, opinberri fyrirgreiðslu og framlögum til málefna iðnaðarins. Misvægið verði afnumið fyrir árslok 1980.

0.12 Tímabundna hækkun á jöfnunargjaldi úr 3% í 6% eða jafngildi þeirrar gjaldtöku á innfluttar iðnaðarvörur í samkeppni við innlenda framleiðslu. Gjaldtaka þessi gildi þar til misvægið hefur verið afnumið.

0.13 Gengisskráning verði miðuð við samkeppnisstöðu iðnaðarins á innlendum og erlendum markaði.

0.14 Afnumið verði óhagræði íslensks iðnaðar af völdum aðflutningsgjalda á aðföng iðnaðarins.

0.15 Stuðlað verði að eiginfjármyndun til fjárfestingar og nýsköpunarviðleitni í iðnaði með jákvæðum ráðstöfunum í skattamálum.

0.16 Framkvæmd verðlagseftirlits verði þannig, að iðnaður á heimamarkaði fái notið hliðstæðrar verðlagningar og innfluttar samkeppnisvörur og sköpuð eðlileg samkeppnisskilyrði í þjónustugreinum.

0.17 Fjármagn til fjárfestinga í iðnaði verði tvöfaldað á næstunni með auknum framlögum til sjóða iðnaðarins og auknu lánsfé til endurlána í gegnum Iðnlánasjóð. Lánshlutfall til fjárfestinga í iðnaði verði hækkað verulega.

0.18 Útlánastefna bankakerfisins gagnvart iðnaði verði endurmetin og honum tryggt rekstrarfé til að fjárfesting nýtist og geti skilað arði.

0.19 Aukin verði aðstoð lánasjóða við iðnþróunarverkefni í fyrirtækjum m.a. með styrkjum og áhættulánum á sérstökum kjörum.

0.20 Samræmdar verði umbætur á menntakerfinu við aðstæður og þróunarhorfur í atvinnulífinu.

0.21 Þjónustustofnanir iðnaðarins, þ.e. Iðntæknistofnun Íslands, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins verði efldar til að sinna verkefnum sínum og aðstoða fyrirtæki í umbótaviðleitni.

0.22 Fjárveitingar til iðnaðarmála verði stórauknar og nái ca 2.5% af vinnsluvirði í iðnaði á næstu fjórum árum. Er þetta rúmlega þreföldun frá því sem nú er.

0.23 Opinberum innkaupum verði beitt til eflingar iðnaði og iðnþróun.

0.24 Uppbygging í orkumálum og verðlagning orku verði m.a. við það miðuð að skapa í iðnaði sem best samkeppnisskilyrði.

0.25 Sveitarstjórnir taki virkan þátt í stefnumótun um uppbyggingu iðnaðar með skipulagsaðgerðum og frumkvæði um stuðning við einstök iðnaðarverkefni.

0.26 Samgöngur innanlands og við útlönd verði skipulagðar með það fyrir augum að auka hagkvæmni og draga úr flutningskostnaði.

0.27 Verðlagning allra innlendra hráefna til iðnaðar verði í samræmi við heimsmarkaðsverð. Niðurgreiðslur til lækkunar verðlags á landbúnaðarafurðum komi til bænda að hluta í gegnum ullarverð, þannig að samræmi haldist milli verðs á kjöti og ull og þannig sé hvatt til góðrar hirðu og ræktunar á ull.

B. UMBÆTUR INNAN FYRIRTÆKJA

0.28 Átak verði gert til að auka framleiðni íslenskra iðnfyrirtækja með sameiginlegu átaki aðila iðnaðarins.

0.29 Aukin verði áhersla á vöruþróun hjá fyrirtækjum í iðnaði með fjárhagslegum stuðningi lánasjóða og aðstoð þjónustustofnana iðnaðarins.

0.30 Áhersla verði lögð á að efla markaðsviðleitni hjá íslenskum fyrirtækjum og þá sérstaklega í útflutningsiðnaði.

0.31 Stutt verði við stofnun iðngarða með því að heimila Iðnlánasjóði að lána til slíkra framkvæmda á vegum sveitarfélaga eða samtaka og sett verði lög um starfsemi iðngarða, er stuðli að jákvæðum umbótum í iðnaði.

0.32 Samtök iðnaðarins taki upp viðræður um aðild starfsmanna að rekstrarábyrgð og hlutdeild í afkomu fyrirtækja til að bæta árangur við framleiðslu og efla efnahagslegt lýðræði í atvinnurekstri.

0.33 Stutt verði við aukna samvinnu íslenskra fyrirtækja með það fyrir augum, að þau njóti gagnkvæms stuðnings og þeirrar hagkvæmni, sem af stærri rekstrareiningum getur hlotist.

0.34 Átak verði gert til að efla góða iðnhönnun hérlendis og stutt við fræðslu í greinum lista og handmennta ekki síst með hliðsjón af notagildi í iðnaði.

NÝSKÖPUN Í IÐNAÐI

0.35 Þörfin fyrir nýiðnað

Með hliðsjón af horfum á komandi árum og þörfinni á því, að iðnaðurinn auki hlutdeild sína í þeim mannafla, sem sífellt bætist við, telur Samstarfsnefnd um iðnþróun nauðsynlegt, að mikil áhersla verði lögð á eflingu starfandi fyrirtækja, sem hafa góða möguleika til arðsemi og vaxtar. Jafnframt er nauðsynlegt að stofna arðbær nýiðnaðarfyrirtæki á grundvelli þeirra innlendu aðstæðna, sem geta gefið varanlega samkeppnisyfirburði. Nefndin telur, að helstu kosta á sviði nýiðnaðar megi leita í tengslum við hagnýtingu innlendra hráefna og/eða orku, framleiðslu í tengslum við sjávarútveg og landbúnað, svo og framleiðslu, sem bundin er sérkennum íslensks náttúrufars vegna sérhönnunar og sérframleiðslu fyrir íslenskt umhverfi. Ennfremur má benda á ýmiss konar framleiðslu, sem byggð er á nýsköpun, sem komin er til í krafti hugvits og hönnunar.

0.36 **Stuðningur við afmarkaðar greinar**

Hugsanlegt er, að ná megi skjótustum árangri í fjölgun starfa með því að efla þær greinar iðnaðar, sem eru vinnuaflsfrekar, en geta þó jafnframt skilað viðunandi framleiðni og staðist samkeppni í framtíðinni. Í þessar greinar ætti að setja fjármagn til uppbyggingar og endurbóta þar sem nauðsyn er og fjarlægja hindranir, sem kunna að standa í vegi fyrir vexti.

0.37 **Rannsóknir og þróunarstarfsemi**

Til þessa hefur ekki verið unnið skipulega að rannsóknum á sviði íslensks iðnaðar. Talið er, að tæplega 0.2% af vinnsluvirði iðnaðar sé varið í þessu skyni. Það er skoðun Samstarfsnefndar um iðnþróun, að nauðsynlegt sé að efla verulega þennan þátt í nýsköpunarviðleitninni og virkja til þess krafta á hinum ýmsu rannsóknastofnunum atvinnuveganna og í háskólunum. Jafnframt ber að leita leiða til að láta iðnfyrirtækin sjálf taka þátt í og kosta rannsókna- og þróunarstarfsemi í mun ríkari mæli en verið hefur, t.d. með mótframlögum úr sjóðum og skattaafslætti í hlutfalli við kostnað við rannsókna- og þróunarstarfsemi.

0.38 **Undirbúningur stærri iðnaðartækifæra**

Samstarfsnefnd um iðnþróun telur að koma þurfi betra skipulagi á undirbúning meiri háttar iðnaðarframkvæmda. Annars vegar þarf að ljúka rannsóknum á þeim iðnaðarmöguleikum, sem hafa verið í deiglunni og koma sérstaklega til álita á næstunni. Hins vegar þarf að hefja skipulegan undirbúning að öðrum við-

fangsefnum, ekki síst á sviði orkutengds iðnaðar. Viðhafa þarf jafnvönduð vinnubrögð og ætla jafnlangan tíma eins og við undirbúning orkuveranna sjálfra. Er nauðsynlegt, að almenningur og sveitarfélög hafi greiðan aðgang að upplýsingum um hina ýmsu þætti þeirra mála, þannig að þessir aðilar geti tekið þátt í umræðu og ákvarðanatöku um það hvert skuli stefnt.

0.39 **Stofnun nýiðnaðarfyrirtækja**

Mörg nýiðnaðartækifæri sem hagnýta þarf á næstu árum munu óhjákvæmilega verða hlutfallslega dýr í stofnkostnaði og veruleg áhætta fylgja því að hefja rekstur, sérstaklega á þeim sviðum sem lítil reynsla er fyrir hér og byrjunarerfiðleikar geta komið í ljós. Telur nefndin nauðsynlegt að tekið verði á þessu vandamáli.
Lögð er áhersla á nauðsyn þess að greiðari aðgangur að lánsfé og hærra hlutfall verði lánað en hingað til, og þannig unnt að virkja frumkvæði einkaaðila og fyrirtækja til fjárfestinga í stærri nýiðnaðarfyrirtækjum. Verði iðnaði sköpuð hliðstæð aðstaða og sjávarútvegi að þessu leyti.
Í öðru lagi telur nefndin að í mörgum tilfellum verði óhjákvæmilegt að ríkið eigi hlutdeild í stofnun margra stærri nýiðnaðarfyrirtækja eitt sér eða í félagi við sveitarfélög, fyrirtæki eða einkaaðila. Telur nefndin að þetta hlutverk þurfi ríkið að rækja með samræmdum hætti með arðsemissjónarmið að leiðarljósi. Sem einn möguleika telur nefndin koma til greina, að ríkið taki upp frumkvæði um stofnun nýiðnaðarfyrirtækja í samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Verði þannig að þessu staðið, að sett verði sérstök lög um ríkishlutafélög

og hlutafjáreign ríkisins og stofnað sérstakt eignarhaldsfyrirtæki á vegum ríkisins er taki til allra iðnfyrirtækja á vegum þess. Hlutverk eignarhaldsfyrirtækisins verði að sjá til þess, að þau séu rekin í samræmi við eðlilegar arðsemiskröfur og fái það fullt umboð til að taka ákvarðanir í sambandi við rekstur fyrirtækjanna. Verði eignarhaldsfyrirtæki nú gert fjárhagslega kleift að stofna ný fyrirtæki, sem metin eru arðvænleg og geti látið fara fram rannsóknir og þróunarstarfsemi til að undirbúa lokaákvörðun. Verði fyrirtækið fjárhagslega sjálfstætt þannig, að arður af fyrirtækjum í ríkiseign falli til þess, svo og hugsanlegt andvirði seldra hlutabréfa í fyrirtækjum. Lögð er áhersla á, að slíku fyrirtæki verði stjórnað með arðsemissjónarmið í fyrirrúmi, en þó með skýra vitund um hlutverk þess í töku áhættu og í óhjákvæmilegu brautryðjendastarfi, er skapað geti byrjunarerfiðleika. Fyrirtækinu yrði ætlað að ráða yfir hæfum starfskrafti á sviði stjórnunar, fjármála, markaðsmála og rekstrartækni og sjá til þess, að reynsla af stofnun og rekstri nýrra fyrirtækja safnist saman og komi að notum við nýjar framkvæmdir og ný verkefni.

FRAMKVÆMD IÐNÞRÓUNARÁFORMA

Það er mat nefndarinnar, að markmiðum þessarar stefnutillögu verði ekki náð nema með sérstöku átaki og samhæfðri vinnu margra aðila. Þarf að koma til samstarf stofnana og lánasjóða iðnaðarins og samtaka hans undir forystu iðnaðarráðuneytisins. Mikilvægt er einnig samstarf við önnur ráðuneyti og stofnanir. Hér er um verulegt skipulagslegt atriði að ræða og þarf að taka til athugunar flesta

þætti iðnaðarmálanna og hafa áhrif á meðferð iðnaðarmálefna á ýmsum stöðum í hinu opinbera stjórnsýslukerfi. Reynir þar á samstarfsvilja og skilning margra aðila, sem lítið hafa hugleitt vandamál iðnaðarins hingað til.
Samstarfsnefnd um iðnþróun telur rétt að leggja áherslu á, að tillögur um stuðning við iðnað, sem hér hafa verið lagðar fram, munu án efa ekki verða til mikils gagns, nema þær fái virkan stuðning Alþingis og ríkisstjórnar, og jafnframt að aðilar iðnaðarins, launþegar og atvinnurekendur, verði í megindráttum sammála um nauðsyn þeirrar stefnumörkunar, sem hér er lýst og veiti henni fulltingi.
Eru tillögurnar settar fram í þeirri von, að þær geti orðið grundvöllur að samstöðu um málið. Að fenginni slíkri samstöðu telur nefndin ástæðu til að hrinda af stað sérstöku átaki í iðnþróun til að ná settum markmiðum.

1. FORSENDUR IÐNÞRÓUNAR

1.1 Samhæfð iðnaðarstefna — Viðhorf til iðnþróunar

Með tillögum þeim sem hér fara á eftir er stefnt að því að skapa íslenskum iðnaði hagstæð vaxtarskilyrði með samræmdum aðgerðum af hálfu ríkis, sveitarfélaga, opinberra stofnana, samtaka atvinnulífsins og fyrirtækja í iðnaði.

Með tillögunum er reynt að samræma þau öfl, sem mest áhrif hafa á mótun iðnaðar í þá átt að hagnýta innlendar aðstæður til aukinnar arðbærrar framleiðslu fyrir innlendan markað og til útflutnings, og auka framleiðni iðnaðarins og efla hann til að mæta vaxandi erlendri samkeppni á heimamarkaði og hagnýta þau tækifæri, sem greiðari alþjóðaverslun býður upp á.

Ein meginástæðan fyrir því, að mörgum hefur þótt aðlögunartíminn að EFTA aðild og EBE samningi nýtast illa, hefur án efa verið skortur á samræmdri stefnu í iðnaðarmálum. Stjórnvöld hafa ekki hingað til sett fram mótaða stefnu um aðgerðir í iðnaðarmálum, þótt fjöldi álitsgerða og tillagna um flest atriði slíkrar stefnu hafi verið lagðar fram. Flestar ákvarðanir um málefni, sem varða iðnaðinn, hafa verið teknar fremur af undanlátsemi við þrýsting frá samtökum iðnaðarins, en markvissri viðleitni til að efla þetta atvinnusvið, og þá oft vegna þess, að sérstakar aðstæður knúðu til aðgerða.

Önnur ástæðan fyrir hægum framförum hefur verið seinlæti hjá stjórnendum margra íslenskra iðnfyrirtækja og greina iðnaðarins að tileinka sér þau stjórnunarviðhorf, sem eru undirstaða markvissrar framfaraviðleitni.

Afleiðingin er sú, að einstakar aðgerðir hafa einatt verið tilviljanakenndar og ekki náð fullum tilgangi sínum. Þannig hefur ekki náðst sú samverkan í ákvörðunum og aðgerðum

opinberra aðila og viðbrögðum iðnaðarins,sem vænleg er til árangurs. Í stuttu máli hafa þessir aðilar í reynd ekki komið sér saman um,hvernig eigi að efla iðnað.

Það sem öðru fremur hefur gert málið erfitt viðfangs er það jafnvægisleysi, sem ríkt hefur í efnahagsmálum hérlendis undanfarinn áratug og leitt hefur til síendurtekinna neyðarráðstafana í efnahagsmálum, þar sem oft hefur ekki verið tekið tillit til þarfa og vandamála iðnaðarins. Jafnframt hefur hin öra verðbólga leitt til langvarandi fjármagnsskorts, sem sérstaklega hefur komið niður á öllum iðnrekstri, þrengt möguleikana til skynsamlegrar hagræðingar og stækkunar á rekstrareiningum, en m.a. leitt til óeðlilegrar áherslu á fjárfestingu í fasteignum.

Gerð íslensks efnahags- og atvinnulífs hefur einnig ráðið miklu um þróunina. Hinir miklu efnahagslegu og félagslegu hagsmunir, sem tengdir eru sjávarútvegi og landbúnaði, eru án efa mun sterkari og skýrari í hugum flestra landsmanna og þar með stjórnmálamanna, heldur en hinar margvíslegu og oft óljósu aðstæður,sem ráða starfsskilyrðum hinna sundurleitu greina iðnaðarins. Málefni sjávarútvegs og landbúnaðar eru oftast afgreidd með aðgerðum,sem hafa sæmilega skýrt samhengi við aðstæður og vandamál innan viðkomandi atvinnuvegar í heild, og sem móta atvinnulíf og efnahagsástand í landinu á tiltölulega áþreifanlegan hátt fyrir marga landsmenn samtímis. Málefni hinna fjölbreytilegu iðngreina eru hins vegar flestum ókunn í smáatriðum og afkoma þeirra getur verið mjög mismunandi og mótast af ólíkum skilyrðum. Erfiðleikar í einni grein eða fáum réttlæta sjaldnast almennar efnahagsráðstafanir og brenna lítið á stjórnmálamönnum. Þannig er staða iðnaðarins jafnan veik,þegar teknar eru meginákvarðanir í efnahagsmálum. Hefur reynst erfitt að fá tekið nægilegt tillit til sjónarmiða og hagsmuna hans við slíkar aðstæður.

Því má velta fyrir sér,hvort hægt væri að komast fram hjá þeim erfiðleikum,sem leiða af gerð efnahagslífsins með því að byggja iðnþróun alfarið á orkufrekri stóriðju á grundvelli sérstakra samninga við erlenda fjármagnseigendur. Þannig mætti búa um hnútana,að rekstraraðstaða slíkra fyrirtækja væri í rauninni lítt háð innlendum efnahagsaðstæðum og almennum aðbúnaði iðnaðar,svo sem gert var í samningum við Svissneska álfélagið. Ljóst er þó,að slík stóriðjustefna getur ekki skapað þann fjölda nýrra starfa, sem nauðsynleg verða á næstunni,og að mjög takmörkuðu leyti leyst aðlögunarvandamál íslensks efnahagslífs,sem skapast af áherslubreytingum í landbúnaði, fiskveiðum, byggingariðnaði og nauðsynlegri framleiðniaukningu í almennum iðnaði.

Í eftirfarandi köflum gerir Samstarfsnefnd um iðnþróun grein fyrir tillögum sínum um aðgerðir til eflingar iðnaði. Grundvallast þær á því meginviðhorfi,að iðnþróun á Íslandi, og þar með umsköpun íslensks efnahagslífs,verði að byggja á fjölbreytni í framleiðslu þannig,að hugkvæmni og framtak margra aðila, einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga sé virkjað og fái notið sín. Leitað verði víða fanga til að skapa innlendum iðnaði samkeppnisyfirburði og sköpuð hagstæð skilyrði til þess,að iðnfyrirtæki geti vaxið og dafnað.

Þetta er þó mun vandasamara viðfangsefni en einhliða stóriðjustefna og verður iðnþróun með slíkum hætti ekki síður háð breytingum á viðhorfum almennings og stjórnvalda til iðnreksturs, en breytingum á framleiðslu- og rekstrartæknilegum aðferðum eða markaðsviðhorfum innan hverrar greinar. Mikil nauðsyn verður á markvissri og staðfastri vinnu í sókn að settum markmiðum. Þarf að virkja marga aðila í þessu sambandi og aðhæfa ýmis lög og reglur og starfshætti opinberra aðila þannig,að hið opinbera stjórnkerfi sé virkur þátttakandi í eðlilegri þróun iðnaðarins.

Þrátt fyrir þetta telur samstarfsnefndin,að orkufrekur iðnaður eigi að vera einn þáttur í alhliða þróun iðnaðar hér á landi. Möguleika hans og þjóðhagslega arðsemi þarf að skoða vandlega og leita leiða til að samræma hann þjóðfélagslegum markmiðum í víðtækum skilningi. En hann má ekki

skyggja á nauðsyn samhæfðra aðgerða til eflingar á breiðum grundvelli.

Það er megininntak þeirra tillagna, sem hér eru fram settar, að ná fram slíkum samhæfðum aðgerðum. Er árangur í viðleitni til iðnþróunar að miklu leyti háður því að slík samhæfing fái þær undirtektir hjá stjórnmálamönnum, að unnt verði að fylgja meginstefnunni til lengri tíma.

1.2 Megineinkenni íslensks efnahagslífs

Í efnahagslífi þjóðar eru hinar ýmsu greinar atvinnulífs tengdar margs konar böndum, sem byggjast bæði á gagnkvæmum hagsmunum og samkeppni. Alkunn er skipting framleiðslunnar í þrjú stig, þ.e. frumvinnslu, sem sækir afurðir sínar beint í skaut auðlindanna, úrvinnsluna, sem fær aðföng sín frá frumvinnslunni, eða unnin í meira eða minna mæli, og þjónustu,[1] sem nær yfir alla starfsemi, sem ekki felur í sér beina framleiðslu á áþreifanlegum vörum. Gjarnan er litið svo á, að uppspretta efnahagsstarfseminnar sé í vöruframleiðslunni, t.d. í frumvinnslugreinunum og valdi síðan margháttaðri starfsemi í úrvinnslu og þó sérstaklega þjónustu. Þannig getur framleiðsluverðmætið í vöruframleiðslunni og þá starfskrafturinn, sem að henni vinnur, valdið margföldum umsvifum á síðari stigum efnahagsstarfseminnar.


Þessi tegund tengsla er mjög auðsæ í íslensku þjóðfélagi og segir fljótt til sín, ef breytingar verða á undirstöðunni t.d. í framleiðslu sjávarafurða.

Ekki eru síður mikilvæg þau tengsl, að atvinnuvegir miðla hver öðrum af tækniþróun og þekkingu, en jafnframt á sér stað samkeppni, sem leiðir til efnahagsvaxtar, þar sem sá verður að öðru jöfnu hlutskarpastur, er hæsta hefur framleiðni vinnuafls og fjármagns og þar með framlag til þjóðarframleiðslu.

1) Samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofunnar eru viðgerðargreinar iðnaðar, t.d. viðgerð bifreiða og raftækja, flokkaðar undir iðnað.

MYND 1.1.

SAMHENGI ATVINNUVEGANNA



ÞJÓÐFÉLAGSLEG MARKMIÐ						
Full atvinna	Arðsemi fjármagns Hagvöxtur	Fjárhagsl. sjálfstæði Gjaldeyris-staða	Byggða-þróun	Um-hverfis-gæði	Heilbrigði	Menntun Menning

Á mynd 1.1 er reynt að sýna þessi tengsl atvinnulífsins innbyrðis og við auðlindirnar, en ekki er þó unnt að sýna önnur mikilvæg tengsl, svo sem markaðinn og utanríkistengsl. Hér er verndun sýnd sem ein leið til að "ráðstafa" auðlind eins og hver önnur frumvinnsla. Orkuvinnsla er hér sýnd sem frumvinnslugrein.

Þegar rætt er um atvinnumálaþróun, er gjarnan lögð megináhersla á vöruframleiðsluna og þá stundum gert lítið úr þætti þjónustunnar. Í öllum þróuðum þjóðfélögum er þó skýrt samband milli vaxandi þjóðarframleiðslu á mann (framleiðni) og aukinnar hlutdeildar þjónustunnar í heildarmannafla. Sú aukna hlutdeild stafar annars vegar af aukinni verkaskiptingu á öllum sviðum þjóðlífs og samsvarandi auknum kröfum um persónulega þjónustu. Þegar gerðar eru áætlanir um atvinnumálaþróun, verður að hafa í huga, að þótt vöruframleiðslan í frumvinnslu- og úrvinnslugreinum sé undirstaða aukinnar efnahagsstarfsemi, þá geta tækifærin til aukinnar atvinnu vaxið mest og orðið fjölbreytilegust í þjónustustarfseminni. Þetta er ekki hvað síst mikilvægt í þjóðfélagi, sem veitir stórum og vaxandi hluta ungs fólks æðri menntun, þar sem mörg svið sérhæfingar, sem byggist á menntun, fellur undir skilgreiningu á þjónustu.

Í athugun Rannsóknaráðs ríkisins á þróunarhorfum atvinnuveganna koma fram spár um breytingar, sem líklegar eru í undirstöðuatvinnuvegunum á næstu árum. Í grófum dráttum benda þær til þess, að ekki sé að vænta umtalsverðrar aukningar í framleiðslu á grunni hinna hefðbundnu frumframleiðslugreina, fiskveiða og landbúnaðar. Þeirri aukningu afla, sem þó getur orðið með skynsamlegri nýtingu fiskstofna ásamt betri nýtni á honum, verði mætt með betri nýtingu framleiðslutækja og vinnuafls, en varla með verulega auknu vinnuafli. Bendir allt til þess að auka verði fjölbreytni í undirstöðugreinum og hækka vinnslustig

afurða[1)], og leggja meiri áherslu á fjölbreytta úrvinnslu á afurðum frumvinnslugreinanna, en jafnframt að laga sig að nýjum markaðsforsendum og harðnandi samkeppni á alþjóðlegum vettvangi.

Flest teikn benda til þess, að iðnaður verði í vaxandi mæli að taka á sig það hlutverk, sem fiskveiðar áður höfðu og verða vaxtarstofn atvinnu- og efnahagslífs. Nýjustu athuganir á ástandi fiskstofna, svo og viðleitni til að draga úr landbúnaðarframleiðslu, sýna glögglega fram á nauðsyn þess að leita nýrra leiða til eflingar framleiðslu.

Rétt er hér að minnast nánar á þann sérstaka vanda fyrir íslenskan iðnað, sem leiðir af sambýlinu við sjávarútveginn. Vegna mikilvægis síns sem aðal-útflutningsatvinnuvegur landsmanna og burðaráss efnahagsvaxtar fram á síðustu ár, hafa ákvarðanir um meginatriði í efnahagsmálum einatt ráðist af hagsmunum sjávarútvegs. Þannig ræðst gengi íslensku krónunnar og þar með afurðaverð útflutningsiðnaðar og samkeppnisverð á innfluttum iðnaðarvörum fyrst og fremst af afkomu og viðskiptakjörum sjávarútvegs. Eftir afnám verndartolla og innflutningshafta skiptir þetta atriði sköpum fyrir iðnað og reynist sambýlið æði erfitt einkum af eftirfarandi ástæðum:


1. Miklar sveiflur verða á framleiðslumagni og tekjum í sjávarútvegi, sem hafa annars vegar áhrif á gengisskráningu, en hins vegar rauntekjur almennings og innlenda eftirspurn. Þessar sveiflur valda verulegum sveiflum á viðskiptakjörum iðnaðar óháð öðrum samkeppnisaðstæðum.

---

1) Hér er þetta talið almennt gilda, þótt í mikilvægum flokkum sjávarfangs kunni að vera hagkvæmast að selja aflann ferskan (ísaðan) og óunninn beint til neytenda. Þessu er þó ekki nema að hluta hægt að koma við.


MYND 1.2.

MAGNVÍSITÖLUR IÐNAÐARFRAMLEIÐSLU 1964 - 1976.



MYND 1.3.

FRAMLEIÐSLUMAGN Í IÐNAÐI
VÍSITÖLUR 1972 = 100.



2. Framleiðni sjávarútvegs hefur löngum verið mun meiri en flestra greina iðnaðar. Afleiðingin er þá hlutfallslega hærri framleiðslukostnaður miðað við samkeppni erlendis frá, þar sem höft og verndartollar veittu mótvægi áður, en gengisskráning, sem enn er miðuð við afkomu sjávarútvegs, vegur hins vegar ekki upp þennan mismun.

3. Í ýmsum efnum hefur sjávarútvegur og þá sérstaklega fiskveiðarnar notið betri rekstrarkjara en iðnaður. Þannig eru fiskveiðar undanþegnar launaskatti, greiða 1/3 af aðstöðugjaldi á við iðnað, sjómenn njóta sérstakra skattfríðinda, fjárfestingavörur og rekstrarvörur eru undanþegnar aðflutningsgjöldum og olía í skipum er undanþegin söluskatti. Þessi mismunur á stöðu eykur enn á óhagræði iðnaðar sem borgar þessi gjöld og veldur því, að rekstrarkostnaður hans er hlutfallslega hærri. Gengisskráning miðuð við sjávarútveg færir svo þessa mismunun inn í samkeppnisstöðuna gagnvart erlendum samkeppnisiðnaði.

Þessi sambýlisvandamál iðnaðar og sjávarútvegs hafa sennilega haft meiri áhrif á þróunarmöguleika iðnaðar en margir gera sér grein fyrir og hafa raunar orðið afdrifaríkari en breytingar af völdum erlendrar samkeppni. Telur samstarfsnefndin það grundvallaratriði iðnþróunar, að komið verði á jafnræði með þessum atvinnuvegum til að skapa vaxtarforsendur fyrir iðnað.

1.3 Framleiðsla og framleiðni í iðnaði

1.3.1 Þróun framleiðslumagns

Mjög miklar sveiflur hafa orðið á framleiðslumagni innlends iðnaðar á undanförnum áratugum eins og sýnt er á myndum 1.2 og 1.3. Hann hefur tekið mjög góða vaxtaspretti

eins og á tímabilinu 1968-1973, en á öðrum tímum hefur vöxtur orðið mun hægari og jafnvel orðið samdráttur. Svo virðist sem framfarir í iðnaðarframleiðslu fari öfugt við afkomuna í sjávarútvegi. Þannig ríkti stöðnunarástand í iðnaði á tímabilinu 1963-1967 á uppgangstímanum í sjávarútvegi, en eftir hrun síldveiðanna og verðfallið á þorskblokkinni í Bandaríkjunum 1967-1968 hófst mikið vaxtartímabil í iðnaði, sem stóð til 1973. Var vöxturinn þetta tímabil að meðaltali nærri 10% á ári án áls, en 13.6% að áli meðtöldu. Á sama tímabili hófst útflutningur iðnaðarvara, aðallega ullar- og skinnaafurða, og óx hann með svipuðum hraða eða 14% á ári til jafnaðar.

Þegar viðskiptakjör sjávarútvegs tóku að batna og veiðar á loðnu tóku að hafa áhrif á afkomu veiðanna og fiskimjölsverksmiðjanna, dró aftur úr vexti iðnaðarframleiðslunnar og hefur hún hin síðari ár verið svipuð og meðalaukning þjóðarframleiðslu. Líklegt er, að erlendra samkeppnisáhrifa við afnám tolla og innflutningstakmarkana gæti einnig verulega á tímabilinu frá 1973 og þrengi vaxtarmöguleika heimamarkaðsiðnaðar. Athyglisvert er, að vöxtur útflutningsiðnaðarins (án áls) hefur haldið áfram með svipuðum hraða og áður, þótt einstöku skammvinn erfiðleikatímabil hafi komið þar, aðallega vegna misvægis milli gengisskráninga og innlendrar verðþróunar. Meðalvöxtur 1968 til 1977 er um 12% á ári að magni til.

Á tímabilinu frá 1968 hefur verið nokkuð stöðug og vaxandi fjárfesting í iðnaði (án áls). Svo virðist sem sú fjárfesting hafi ekki nýst til aukinnar framleiðslu hin síðari ár eða frá 1973.

Fjármunamyndun í iðnaði án stóriðju 1967 - 1977

Milljónir króna - Verðlag ársins 1969

	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978
Fjármuna-myndun	853	571	548	627	950	1107	900	1080	1040	1050	1230	1260

Þar sem mannafli, framleiðsla og framleiðni hafa aukist hægt á þessum árum, bendir margt til, að nú sé vannýtt framleiðslugeta í iðnaði og þurfi bætt starfsskilyrði til að hagnýta hana. Veldur þar sennilega mestu til skamms tíma óhagstæð skráning gengis og aðgangur að rekstrarfé, sem dregist hefur hlutfallslega mjög ört saman í iðnaði að undanförnu. Einnig þarf að koma til aukin hagræðing í iðnaðinum sjálfum.

1.3.2 Þróun framleiðni

Framleiðni í skilningi framleiðslumagns á vinnueingingu (mannár) hefur breyst nokkuð svipað og framleiðslumagnið, þannig að örust varð þróun framleiðni í iðnaði á tímabilinu 1968 til 1973 að meðaltali 7.7% á ári. Á öllu tímabilinu 1963 til 1976 hefur meðalaukningin verið um 3% á ári og hefur engin aukning orðið frá árinu 1974 til 1976 og er spáð, að hún hafi orðið lítil frá 1976 til 1978 samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum.

Gerður hefur verið samanburður á þróun framleiðni í iðnaði á Íslandi og öðrum löndum innan OECD, sem sýndur er í töflu 1.1.

Tafla 1.1 Árleg meðalaukning framleiðni í ýmsum löndum

Land:	1963-1976 %	Röð landanna	1970-1976 %	Röð landanna
Ísland	3.5	14	4.0	9
Noregur	4.5	9	3.6	12
Danmörk	6.6	3	5.3	3
Finnland	5.4	7	4.9	8
Sviþjóð	5.0	8	2.6	14
Belgía	6.7	2	6.4	2
Frakkland	6.0	4	5.2	4
Ítalía	4.3	10	5.1	6
Holland	5.5	5	5.0	7
Bretland	3.7	12	3.7	10
V-Þýskaland ...	5.5	6	5.2	5
Kanada	3.9	11	3.7	11
Japan	9.8	1	7.0	1
Bandaríkin	3.1	13	3.0	13


(Heimild: Ingjaldur Hannibalsson og Þórður Friðjónsson Mbl. 30.03 1979).

Erfitt er að gera einhlítan samanburð á framleiðni milli landa, vegna þess að gengisskráning getur verið mjög óraunhæfur mælir á hlutfall verðlags milli landa. Ef gengið er út frá tölum OECD um þjóðarframleiðslu á mann árið 1963,og þær tölur notaðar sem vísbending um hlutfallslega framleiðni á þeim tíma, má fá vísbendingu um hlutfallslegar breytingar á tímabilinu 1963 til 1976 með því að nota tölur um hlutfallslega framleiðniþróun í einstökum löndum milli ára á þessu tímabili eins og sýnt er í mynd 1.5.

Sést þá,að Ísland hefur aukið iðnaðarframleiðni sína mun hægar en Danmörk, Frakkland og Vestur-Þýskaland. Japan hefur aukið framleiðni sína örast,en í Bandaríkjunum og Sviþjóð hefur heldur dregið úr framleiðni hin síðari ár. Í Bretlandi og Noregi hefur þróunin verið nokkuð svipuð og hérlendis.

MYND 1.4.


FRAMLEIÐNIÞRÓUN



MYND 1.5.

FRAMLEIÐNI Á ÍSLANDI Í SAMANBURÐI VIÐ NOKKUR LÖND.

Heimild: Ingjaldur Hannibalsson, Þórður Friðjónsson; Mbl. 30.3. '79.



Þess ber að gæta,að framleiðni iðnaðar á Íslandi árið 1963 mun hafa verið mun lægri en meðaltekjur á mann sýna það ár og er líklegt,að mynd 1.5 sýni stöðu hans betri gagnvart samkeppnislöndunum en hún í rauninni er.

1.3.3 Alþjóðlegar samkeppnishorfur

Á tímabilinu frá 1973 hefur orðið gagnger breyting á þróunarferli flestra iðnvæddra ríkja. Hinu mikla uppgangsskeiði fimmta og sjötta áratugsins lauk með olíukreppunni haustið og veturinn 1973-1974, en við hefur tekið tímabil mikilla sveiflna í efnahagsmálum með hægari efnahagsvexti og jafnvel stöðnun og samdrætti hjá einstöku þjóðum, en svæðis- og greinabundnum erfiðleikum hjá öðrum. Á heildina litið einkennist þetta tímabil af verðbólgu og ört hækkandi framleiðslukostnaði,en minnkandi arðsemi og auknu atvinnuleysi.

Orsakir þessara breytinga eru aðrar og mun djúpstæðari en venjulegar viðskiptasveiflur, og eiga rætur sínar að rekja til breytinga á grunngerð alþjóðlegrar framleiðslustarfsemi, sem stafa m.a. af:

1. Hraðfara iðnvæðingu þjóða,sem áður voru í hópi vanþróaðra og þar með aukinni samkeppni í hefðbundnum undirstöðugreinum.

2. Stórfelldri röskun á kostnaðarhlutföllum framleiðslu vegna hækkaðs verðs á hráefnum og orku og misvægi í launakostnaði milli nýrri og eldri iðnaðarlanda.

3. Auknum kröfum til atvinnufyrirtækja í velferðarríkjum Vesturlanda um verndun umhverfis, bætt vinnuskilyrði og meiri lífsfyllingu í starfi og jafnframt verndun á rétti neytenda.

4. Tæknibreytingar, sem gert hafa mögulega stórfelldar breytingar á framleiðsluháttum.

Ekki er hér alfarið um neikvæða þróun að ræða, heldur ber hún í sér ný tækifæri til nýrra viðfangsefna og endurbóta í framleiðslufyrirkomulagi landanna. Er nú víða verið að kanna með hvaða hætti eigi að taka á vandamálinu og stuðla að heilbrigðum breytingum á grunngerð atvinnulífsins til að mæta þessum nýju viðhorfum. Helstu einkenni þeirrar stefnumótunar, sem nú er að skapast eru eftirfarandi:

1. Forsenda þess að lönd standist þá umrótatíma, sem nú ríkja án stóráfalla fyrir lífskjör, er að þeim takist að ummóta og aðhæfa framleiðslukerfi sín í samræmi við breytingar á starfsskilyrðum.

2. Stuðla þarf að jákvæðu hugarfari almennings og stjórnvalda og fyrirtækja gagnvart breytingum.

3. Stuðla þarf að aukinni hæfni til nýsköpunar í atvinnulífi meðal annars með auknu starfi að rannsóknum- og tækniþróun, bættri menntun greiðari miðlun upplýsinga og þekkingar innanlands og milli landa.

4. Nauðsynlegt er að samhæfa stefnumótun á sviði vísinda og tækniframfara við stefnu í efnahags- og félagsmálum. Þess þarf jafnframt að gæta að stefnumótun og að aðgerðir rekist ekki á eða hafi ófyrirsjáanlegar og skaðlegar afleiðingar fyrir umhverfi og mannlíf. Áherslu ber að leggja á samráð við atvinnurekendur og launafólk.

5. Viðhalda þarf og styrkja markaðsöflin, þar sem unnt er, til að tengja sem best framleiðslu og eftirspurn og til að halda vakandi hugarfari er beinist að hagkvæmni og endurbótum.

6. Bæta verður upp takmarkanir markaðsaflanna á þeim sviðum, sem þau ekki virka eða leiða til óheppilegrar þróunar, t.d. í nýtingu framleiðsluþátta, (orku, hráefnis) og áhrifum á umhverfi eða búsetu eftir landshlutum.

7. Styðja þarf með fjárframlögum og skipulögðu starfi nýsköpun í iðnaði til að vega á móti mikilli áhættu og óvissu um arðsemi af nýsköpun, sérstaklega hjá smáum og meðalstórum fyrirtækjum.

8. Veðja ber á þær greinar, sem hafa góða samkeppnisforsendur og vaxtarmöguleika, en gera öðrum greinum, sem halloka fara, kleift að draga saman eða umbreytast í átt til arðbærari framleiðslu, ef hægt er.

Við gerð tillagna um stefnu í iðnaðarmálum er sjálfsagt að taka tillit til þeirrar reynslu, sem nágrannalönd okkar telja sig hafa fengið. Forðast ber þau mistök, sem þar hafa átt sér stað, m.a. í því formi að halda hrörnandi greinum gangandi á opinberum styrkjum og öðrum varnaraðgerðum. Í stað þess ætti að sækja fram til sveigjanlegra og öflugra framleiðslukerfis í krafti samkeppnisyfirburða, sem byggjast á nýsköpun og hugviti eða eru fólgnir í hvers konar öðrum yfirburðum sem gera kleift að stunda hagkvæma framleiðslu.

1.4 Mannaflamál

1.4.1 Atvinnuhorfur og iðnþróun

Samstarfsnefnd um iðnþróun er þeirrar skoðunar, að mun alvarlegar horfi í atvinnumálum landsmanna en áður hefur verið talið, m.a. í skýrslu Iðnþróunarnefndar "Efling iðnaðar 1975-1985". Ástæður eru eftirfarandi:

1. Líklegt er, að fleira fólk komi á vinnumarkaðinn en áður hefur verið talið, m.a. með aukinni almennri þátttöku kvenna í atvinnulífinu.

2. Fækkun fólks við landbúnaðarstörf heldur áfram örar en gert var ráð fyrir í "Efling iðnaðar".

3. Mun hægari nýmyndun atvinnutækifæra hefur orðið í iðnaði en gert var ráð fyrir og hlutur hans dregist saman í heildarmannaflanum í stað þess að aukast.

4. Byggingariðnaður bætti óvænt mun meira vinnuafli við sig frá árinu 1973 en búist hafði verið við, en líklegt er, að hlutfallslegur þáttur hans dragist saman á næstunni, meðal annars vegna minnkandi íbúðabygginga og aukinnar framleiðni, þótt hann í heildina kunni enn um sinn að bæta við sig einhverju vinnuafli, m.a. vegna stórframkvæmda í virkjunum, vegagerða og byggingu iðnaðarhúsnæðis. Á næstu árum þarf því hlutfallslega örari fjölgun atvinnutækifæra á öðrum sviðum.

5. Brottflutningur fólks frá landinu hefur aukist verulega og var um 3500 manns á ári bæði árin 1976 og 1977, en það er 1000 fleiri en fluttust til landsins hvort ár. Árið 1978 voru þetta 700 manns umfram aðflutta. Líklegt er, að erfitt atvinnuástand eða versnandi lífskjör komi aðallega fram í auknum brottflutningi fólks frá landinu.

Ekki verður séð, að hægt verði að leysa þennan aðsteðjandi vanda á heilbrigðan hátt nema með mikilli áherslu á eflingu og uppbyggingu arðvænlegs iðnaðar með mikla framleiðni á allra næstu árum.

1.4.2 Mannaflaþróun

Þótt fyrir liggi allnákvæmar upplýsingar um þann mannfjölda, sem verður á venjulegum starfsaldri á næsta áratug og þar með, hve margt nýtt fólk gæti komið inn á vinnumarkaðinn, er langt því frá einfalt að spá um, hvernig skipting vinnuafls muni breytast. Helstu óvissuþættir eru:

a. Atvinnuþátttaka kvenna
b. Atvinnuþátttaka eldra fólks
c. Brottflutningur fólks frá landinu miðað við þá sem flytjast að
d. Áhrifaþættir, sem ráða þróun á einstökum sviðum atvinnulífsins, t.d. í þjónustu, byggingariðnaði, landbúnaði.

Hægt er annars vegar að gera spá, sem miðast við framreikning á þróun síðustu árin og hins vegar spá, sem miðast við æskileg þjóðfélagsmarkmið, og þá í tengslum við ráðstafanir til að ná þeim markmiðum. Hér er farin sú millileið að framreikna þróun undanfarinna ára að verulegu leyti, en reynt að meta þær breytingar á áhrifaþáttum, sem sýnast líklegar innan skamms tíma og afleiðingar af sennilegum ákvörðunum í atvinnumálum á næstunni.

Í Viðauka I er ítarlegt yfirlit um þróun vinnuafls á undanförnum árum og forsendur varðandi atvinnuþátttöku svo og breytingar á skipun vinnuafls í atvinnuvegunum eftir greinum og landshlutum. Ennfremur er þar dregin fram sú þróun, sem hefur orðið í einstökum greinum iðnaðar.

Meginatriði þeirrar athugunar eru eftirfarandi:

1.4.3 Mannfjöldi og mannafli

Tafla 1.2 Mannfjöldi og atvinnuþátttaka

Ár	Mannfjöldi	Atvinnuþátttaka			
		Dæmi I		Dæmi II	
		Fjöldi	Þátt.kvenna	Fjöldi	Þátt.kvenna
1977	222.006	99.284	52%	-	
1982	231.733	105.900	52%	109.300	55.0%
1987	242.482	112.600	52%	117.200	57.5%

Samkvæmt þessu þarf að skapa störf fyrir 13 til 18 þúsund nýliða frá 1977 til 1987.
Miklu skiptir, hvernig atvinnuþátttaka kvenna verður í reynd og getur munað allt að 4.600 atvinnutækifærum í heildina, ef þróunin verður sú sama í aukinni þátttöku kvenna og var á árunum 1972-1976 (og hliðstæð því sem enn gerist á Norðurlöndunum). Dæmi I sýnir, að hún staðni við þau 52%, sem hún var 1977, en í dæmi II er sýnt, hvernig málið lítur út miðað við framhald á þróun undanfarinna ára.

Í mannaflaþróuninni er gert ráð fyrir, að áframhald verði á brottflutningi fólks frá Íslandi til annarra landa, og er hér reiknað með sem nemur að meðaltali 300 á ári umfram flutning til landsins. Það er sá nettó brottflutningur, sem verið hefur til lengri tíma og er ekki gert ráð fyrir, að því verði breytt. Ekki er heldur gert ráð fyrir, að til landsins flytjist þeir sem þegar eru farnir, umfram það sem verið hefur að undanförnu. Þess ber þó að gæta að árin 1976 og 1977 fluttu rúmlega 1000 manns frá landinu umfram aðflutta hvort ár, og árið 1978 nær 700 manns. Þessar forsendur eru að sjálfsögðu mjög umdeilanlegar og þá sérstaklega, hvort ekki eigi að forða því að fólk flytjist utan. Reynslan sýnir, að versnandi atvinnuástand eða lakari lífskjör koma fyrst og fremst fram í brottflutningi fólks frá landinu.

1.4.4 Skipting eftir landssvæðum

Skipting mannaflaaukningarinnar eftir landshlutum miðað við óbreytta atvinnuþátttöku kvenna og sama mynstur búferlaflutninga, sem verið hefur, er sýnt á töflu 1.2. Ekki er þar með sagt, að þetta sé hið æskilega mynstur, og kann að þykja ástæða til að hafa áhrif á það. Á þessu stigi tekur samstarfsnefndin ekki afstöðu til þess, en telur rétt að láta þessar upplýsingar koma fram, enda geti viðkomandi landshlutasamtök eða sveitarfélög þá betur áttað sig á þróuninni.

Tafla 1.3 Hugsanleg mannaflabreyting eftir landshlutum

	Vöxtur frá 1977 - 1982		Vöxtur frá 1983 - 1987	
Dæmi I	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Höfuðborgarsvæði	3.095	5.7	2.062	3.6
Suðurnes	924	16.2	754	11.3
Vesturland	260	4.3	155	2.4
Vestfirðir	118	2.6	91	2.0
Norðurland vestra	291	6.5	209	4.4
Norðurland eystra	1.339	12.5	1.139	9.5
Austurland	762	13.9	667	10.7
Suðurland	786	9.4	661	7.2
Allt landið	7.575	7.6	5.738	5.4
Dæmi II	11.968	20.5	5.975	5.4

1.4.5 Skipting eftir greinum

Í töflu 1.4 er sýnd skipting vinnuafls eftir megingreinum atvinnulífsins árið 1976, og spá um skiptinguna 1982 og 1987 miðað við breytilegar forsendur um atvinnuþátttöku kvenna.

Tafla 1.4 Mannaflaspár 1976 - 1987

	1976	1982		1987	
		Dæmi I	Dæmi II	Dæmi I	Dæmi II
Landbúnaður	8.660	7.900	7.900	7.400	7.400
Fiskveiðar	5.258	5.300	5.300	5.300	5.300
Fiskiðnaður	8.080	8.600	8.600	9.100	9.100
Annar iðnaður	16.339	19.351	20.216	20.903	22.560
Byggingarstarfsemi	11.978	12.500	12.500	13.000	13.000
Þjónusta alls:	47.318	53.249	54.784	56.897	59.840
- Rafmagns- og vatnsveitur 599					
- Verslun og viðskipti 13259					
- Samgöngur 7850					
- Bankar oþh. 4980					
- Opinber þjónusta 20630					
Samtals:	97.633	106.900	109.300	112.600	117.200

Meginatriði spánna eru eftirfarandi:

- Í landbúnaði mun fækka um 760 frá 1976-1982 og alls um 1260 fram til 1987. Hugsanlegt er, að þessi fækkun verði meiri, ef hægt er að finna viðunandi störf í öðrum greinum án þess að skapa félagsleg vandamál í byggðum landsins.
- Vinnuafl í fiskveiðum mun að mestu standa í stað.
- Fiskiðnaður mun auka nokkuð við sig miðað við að afli aukist verulega frá því, sem nú er í kjölfar skynsamlegrar fiskveiðistefnu.
- Byggingarstarfsemi mun auka við sig lítillega, en mun hægar en áður, í heildina um 100 manns á ári fram til 1987. Þetta er mjög háð fjárfestingarstefnu og framleiðniþróun.
- Þjónustugreinar munu halda áfram að taka til sín um 64% af nýjum starfskröftum[1]. Hugsanlegt er að þessi hlutdeild verði hærri, þegar dregur úr árlegri viðbót mannafla og ef eftirspurn eftir þjónustu heldur áfram að vaxa svo sem verið hefur. Hér hefur almennur hagvöxtur mikil áhrif.
- Iðnaður mun væntanlega þurfa að taka við a.m.k. 3000 nýliðum í arðbær störf fram til ársins 1982 og um 1600 til viðbótar fram til ársins 1987 (alls 4600), miðað við óbreytta þátttöku kvenna frá árinu 1977. Haldi hlutur kvenna áfram að vaxa, verða þessar tölur um 3900 árið 1982 og tæplega 2400 til viðbótar fram til 1987 (alls 6300). Hugsanlega gæti þessi þörf orðið mun meiri, ef veruleg aukning yrði á framleiðni í iðnaði og fækkun í einstökum greinum hans.

1) Hér eru ekki taldar með viðgerðaagreinar iðnaðar.

1.4.6 Breytingar á vinnuafli í iðnaði

Á árabilinu 1970 til 1976 varð heildarviðbót vinnuafls í iðnaði 1306 ársverk. Nánar verður gerð grein fyrir breytingu á vinnuafli í einstökum iðngreinum í Viðauka I. Samandregið eru meginbreytingarnar eftirfarandi:

Fækkun í greinum með minnkandi mannafla	- 504	ársverk
Fjölgun í hægum vaxtargreinum	94	"
Fjölgun í örari vaxtargreinum	1.716	"
Samtals viðbót í vinnuafli	1.306	ársverk

Alls nam heildaraukningin í vaxtargreinu, 1810 ársverkum og skiptist hún í grófum dráttum þannig:

álvinnslu	311	ársverk	17.2%
slátrun og kjötiðnaði	285	"	15.7%
húsgagna- og innréttingasmíði	273	"	15.1%
bóka- og blaðaútgáfu	110	"	6.1%
öllum öðrum greinum	831	"	45.9%
Alls	1.810	ársverk	100.0%

Af þessu sést að rúmur helmingur af nýjum störfum í framleiðsluiðnaði varð í fjórum greinunum. Þess ber að gæta, að aukningin í húsgagna- og innréttingasmíði er sennilega ofmetin vegna skekkju í flokkun, þar sem hluti þessa vinnuafls starfar í rauninni í byggingariðnaði.

Af öðrum vaxtargreinum má nefna nokkrar, sem ekki er ólíklegt, að gætu haft nokkra frekari vaxtarmöguleika.

Tafla 1.5 Nokkrar vaxtargreinar í framleiðsluiðnaði

Breytingar 1970 - 1976

	Hlutfallsleg breyting 1970-1976 - %	Breyting ársverk
Sútun	50,9	59
Framleiðsla á fullunnum vefnaðarvörum öðrum en fatnaði	50,0	12
Plastvöruiðnaður	45,3	87
Prjónavörufframleiðsla	34,3	94
Steinsteypa og steinefnagerð	25,6	77
Öl- og gosdrykkjagerð	24,1	52
Kemískur undirstöðuiðnaður	22,5	52
Veiðarfæraiðnaður	17,1	50
Prentun	15,3	98
Alls		581

Um viðgerðargreinar iðnaðar er það að segja, að heildaraukning varð úr 4.037 árið 1970 upp í 4.895 árið 1976, þ.e. alls 868 starfstækifæri eða 22% aukning á tímabilinu. Þetta svarar til rúmlega 3% á ári til jafnaðar, sem er svipaður vöxtur og í þjóðarframleiðslu á mann. Aðalvöxturinn varð í eftirfarandi greinum:

	Hlutfallslegur vöxtur 1970 - 1976 - %	Breyting ársverk
Málmsmíði, vélaviðgerð	21,8	421
Raftækjagerð, raftækjaviðgerð	47,6	172
Bílaviðgerðir	11,7	170
Gúmmívöru- og hjólbarðaviðg.	58,2	53
Alls		816

Hin öra aukning í raftækjagerð og gúmmívörugerð gæti bent til þess, að þar ykist framleiðslustarfsemi meira en þáttur þjónustu einnar.

Á heildina litið hefur lítið borið á samdrætti eða hruni einstakra greina á tímabili EFTA-aðlögunar frá 1970. Aukinn innflutningur hefur fyrst og fremst orðið til að stækka markað og mæta aukinni neyslu án samdráttar fyrir innlenda framleiðslu. Þau töpuðu störf, sem aðallega mætti rekja beint til samkeppniserfiðleika, koma fram í skógerð (fækkun 40) og teppaframleiðslu, sem er hluti fækkunar, sem kemur fram í ullarþvotti, spuna og vefnaði (fækkun 167). Í nokkrum greinum hefur þó orðið stöðnun og liggur við samdrætti. Annar samdráttur vinnuafls í einstökum greinum á sér skýringar í framleiðniaukningu eða breyttum markaðsaðstæðum sem eiga sér aðrar orsakir en aðild að EFTA og samning við EBE. Þessi áhrif til samdráttar í ýmsum greinum eru minni en margir bjuggust við, þegar gengið var í EFTA.

Á hinn bóginn er jafnljóst, að samningarnir við markaðsbandalögin hafa ekki leitt til eins mikillar aukningar í framleiðslu til útflutnings til þessara markaðssvæða og vænst var. Undantekningar frá þessu eru í álframleiðslu og ullariðnaði. Á hinn bóginn hníga mörg rök að því, að samkeppnin hafi orðið iðnaðinum holl og leitt til verulegra umbóta og framleiðniaukningar, sem fyrst og fremst hafa hjálpað til að fyrirtæki héldu velli á heimamarkaði.

1.4.7 Atvinnuhorfur

Eins og áður segir (sjá einnig Viðauka I) má búast við því, að iðnaður þurfi á árunum 1977-1982 að taka við 3000-3900 nýjum starfsmönnum miðað við gefnar forsendur. Á næstu fimm árum þar á eftir, til 1987, má búast við, að hann þurfi að taka við um 1600-2400 manns.

Iðnaður hefur tekið við um 330 manns á ári að meðaltali á tímabilinu 1963-1976 og hefur sú tala farið lækkandi á síðari árum og varð raunar engin fjölgun árið 1977. Er því ljóst að á allra næstu árum þarf að finna ný arðvænleg störf fyrir a.m.k. 600-800 manns á ári, umfram þau nýju atvinnutækifæri, sem reynslan sýnir, að iðnaðurinn býður upp á við núverandi aðbúnað og hraða iðnþróunar.

Reyndar er ástandið enn alvarlegra, því árleg nýmyndun starfstækifæra er nú mun minni en meðaltalið 1963-1976

Þar sem margar stærri vaxtargreinar starfandi iðnaðar geta ekki bætt við sig vinnuafls miðað við núverandi rekstrarforsendur og horfur um framleiðniþróun. Árið 1977 varð t.d. engin aukning vinnuafls í iðnaði frá 1976.

Allt þetta bendir til þess að leggja þurfi mjög aukna áherslu á eflingu og uppbyggingu iðnaðar bæði á grundvelli starfandi iðnaðar og þó ekki síður með nýjum fyrirtækjum og nýjum greinum.

2. MARKMIÐ

2.1 Þjóðfélagsleg markmið

Í langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna er ítarlega rætt um þjóðfélagsleg markmið svo og sérstök markmið iðnaðar. Sömuleiðis eru markmið iðnþróunar rædd í skýrslu Iðnþróunarnefndar "Efling iðnaðar 1975-1985".

Í langtímaáætlun Rannsóknaráðs voru sett fram 5 meginmarkmið íslensks þjóðfélags og eru þau tilfærð hér, án þess að tekin sé sérstaklega afstaða til þeirra af hálfu Samstarfsnefndar um iðnþróun. Markmið þessi eru:

1. Efling efnahagslífsins

2. Jafnvægi í þróun byggðar og búsetu í landinu

3. Bætt sambúð lands og þjóðar

4. Efling félagslegrar samhjálpar

5. Auðgun og efling menningarlífs

Hvert þessara meginmarkmiða hefur svo undirmarkmið eða afleidd markmið. Þróun iðnaðar þjónar fyrst og fremst hinum tveim fyrstu þjóðfélagslegu markmiðum, þótt að sjálfsögðu hafi hún gagnger áhrif á möguleika til aukinnar félagslegrar samhjálpar og auðugra menningarlífs. Til viðbótar þessum markmiðum vill samstarfsnefndin bæta því við að auka beri efnahagslegt lýðræði í landinu með aukinni hlutdeild launþega í ábyrgð á og afrakstri af framleiðslunni. Þannig geti farið saman bættur rekstrarárangur og bætt lífskjör.

Við mótun tillagna um iðnþróun er brýnt að hafa sýn til þeirra fjölþættu markmiða, sem hún þjónar og gæta jafnvægis í mati á gagnsemi hinna ýmsu tækifæra til iðnþróunar, sem við blasa. Kemur þar til mjög fjölþætt gildismat.

2.2 Markmið iðnþróunar

Í skýrslu Rannsóknaráðs eru einnig skilgreind starfsmarkmið fyrir iðnaðinn, sérstaklega með hliðsjón af hinum almennu þjóðfélagsmarkmiðum og þeim sérstöku viðhorfum,sem blasa við íslenskum iðnaði.
Samkvæmt því eru markmiðin eftirfarandi:

1. að framleiða vörur til innanlandsnota og útflutnings, samkeppnisfærar að verði og gæðum, og jafnframt að sjá þjóðinni fyrir nauðsynlegum viðgerðum og endurnýjun á tækjum og mannvirkjum á hagkvæman hátt

2. að efla með þjóðinni tækniþekkingu og verkkunnáttu

3. að auka framleiðni og verðmætasköpun og aðhæfa framleiðslu til að mæta ört harðnandi samkeppni, og auka rauntekjur starfsfólks í iðnaði

4. að iðnaður taki í vaxandi mæli, og eftir því sem frekast er unnt, á sig það hlutverk að verða vaxtarstofn atvinnu- og efnahagslífs í framtíðinni

5. að skapa fjölþætta atvinnumöguleika fyrir ört vaxandi fjölda ungs fólks, sem leitar sér menntunar og þjálfunar á fjölmörgum sviðum

6. að nýta í vaxandi mæli innlendar hráefnis- og orkulindir til að framleiða vörur til innanlandsnota og útflutnings

7. að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á umhverfi og bæta starfsskilyrði á vinnustöðum.

Iðnrekendur og iðnverkafólk hafa skilgreint markmið íslensks iðnaðar,þannig að hann verði sú undirstaða bættra lífskjara, sem hann hefur möguleika til og stuðli að atvinnuöryggi þeirra,er við hann starfa með því að skapa ný atvinnutækifæri, spara erlendan gjaldeyri og afla hans og greiða sambærileg laun fyrir sama vinnuframlag og greidd eru í samkeppnislöndum okkar.

Markmiðin má vissulega skilgreina með ýmsum hætti og er sennilega lítill ágreiningur um þau, fyrr en kemur að forgangsröðun og áherslum, svo og mati á því,hvort rétt stefni með einstökum aðgerðum. Áherslur eru eðlilega breytingum háðar. Krafan um atvinnuöryggi verður hæst,þegar samdráttar gætir á vinnumarkaði, en krafan um hagvöxt verður ríkjandi,þegar "full" atvinna ríkir. Jafnframt koma í vaxandi mæli inn byggðasjónarmið og umhverfissjónarmið.

Hér er gert ráð fyrir,að megináherslan verði lögð á hin efnahagslegu markmið, þ.e. aukin atvinnutækifæri og bætt lífskjör, en hins vegar verði þess jafnframt gætt að varðveita heilbrigt umhverfi fyrir mannfólkið og vernda náttúruna fyrir spjöllum,sem af fyrirhyggjulausum mannlegum umsvifum geta leitt.

2.3 Valkostir í iðnþróun

2.3.1 Almennt

Þótt markmið iðnaðar og iðnþróunar hafi verið skilgreind með þeim hætti,sem á undan greinir, er enn

mikill vandi á höndum um að velja þær leiðir, sem fara skuli að þeim markmiðum og hvers konar iðnað beri að efla.

Full ástæða er til, að ítarleg og málefnaleg umræða fari fram um valkosti í iðnþróun, og er ekki unnt að setja fram tillögur nema að takmörkuðu leyti á þessu stigi, en reynt að vekja máls á öðrum sjónarmiðum, sem ræða þyrfti nánar.

2.3.2 Skipting iðnaðar - helstu áherslur

Í umræðum um iðnað er gjarnan gerður munur á eðli iðnrekstrar eftir því hvaða markaði hann sinnir og eftir eðli framleiðslunnar í markaðslegum skilningi. Er í opinberum skýrslum gerður munur á þjónustuiðnaði, sem að mestu snýst um að sinna viðgerðum og persónubundnum þörfum viðskiptavina, heimamarkaðsiðnaði, sem framleiðir vörur til sölu á innlendum markaði, og útflutningsiðnaði, sem framleiðir fyrir erlendan markað. Tveir síðari flokkarnir eru framleiðslugreinar iðnaðar. Hugtakið samkeppnisiðnaður hefur af opinberum aðilum verið notað um iðnað, sem verður fyrir breytingum á samkeppnisstöðu við aðild að EFTA og samningi við EBE og er hann látinn sæta sérstakri meðferð eða fyrirgreiðslu vegna þeirra aðstæðna. Hins vegar eru margar greinar iðnaðar, sem eiga í fullri samkeppni við innflutning, án þess að staða þeirra breyttist við EFTA aðild og samning við EBE. Má þar m.a. nefna skipasmíðar og fóðurblöndun. Byggingariðnaður er oftast greindur sérstaklega sem hvers kyns mannvirkjagerð, smíði íbúðarhúsa, atvinnuhúsnæðis, opinberra bygginga, virkjana, vega og brúa o.s.frv.

Ofangreind skipting fer ekki nema að hluta eftir iðngreinum, því fyrirtæki innan sömu greinar og jafnvel sömu fyrirtækin geta verið bæði framleiðslu- og þjónustufyrirtæki. Jafnframt eru þess mörg dæmi, að fyrirtæki hafi þróað þjónustustarfsemi sína yfir í framleiðslu.

Oft er litið á útflutningsiðnað sem forgangsiðnað, þann iðnað, sem hefur mest þjóðhagslegt gildi og margföldunaráhrif, og sem hefur sannað samkeppnishæfni sína, en þar á eftir komi annar vöruframleiðsluiðnaður (gjaldeyrissparandi), sem oft getur reyndar orðið útflutningsiðnaður: Minnst áhersla er lögð á þýðingu þjónustuiðnaðar í iðnþróun, væntanlega vegna þess að hann beinist að síðasta stigi efnahagslegra viðskipta. Sú afstaða er þó umdeilanleg, ekki síst í þeim tilvikum þar sem þekking og framleiðslugeta í þjónustuiðnaði getur orðið aflvakinn að nýrri vöruframleiðslu.

Í grófum dráttum er þó almennt viðurkennt, að með því að styðja við vaxtarbrodda í vöruframleiðslugreinum og þá sérstaklega þær greinar, sem mesta hafa framleiðni, verði iðnaðurinn í heild, þ.á.m. þjónustuiðnaður, fyrir jákvæðum áhrifum er auki framleiðni og skapi nýja möguleika.

2.3.3 Hálaunaiðnaður - láglaunaiðnaður

Á miklu veltur, hvort lögð er meiri áhersla á að halda fullri atvinnu eða stefna að hagvexti til lengri tíma. Á því byggist svarið við því, hvers konar iðnaður er byggður upp og studdur til vaxtar.

Til lengri tíma horft eru allar líkur á því,að fiskiðnaður og fiskveiðar verði mjög arðbærir atvinnuvegir og muni greiða starfsfólki góð laun. Í sambýli við sjávarútveg er ekki líklegt,að þær atvinnugreinar geti þrifist,sem ekki geta greitt sambærileg laun. Augljóst er því að ekki þýðir að stofna til eða vernda iðnað,sem byggir á varanlega umtalsvert lægri launum en greidd eru í sjávarútvegi.

Raunar er hluti af tilgangi iðnþróunar sá að stuðla að umbótum í iðnaði,sem auka framleiðni, sem kemur fram í hærri launum, lægra vöruverði eða hvoru tveggja, en það jafngildir bættum lífskjörum í landinu. Þessi viðleitni hefur í för með sér óhjákvæmilegar skipulagsbreytingar, þ.á.m. aukna vélvæðingu og verkskipta framleiðslu í æ fleiri greinum. Markviss iðnþróun hlýtur að byggja á virkri og stöðugri viðleitni til að hagnýta þau tækifæri,sem bjóðast og mæta vandamálum breyttra samkeppnisaðstæðna á grundvelli þess styrks, sem hagkvæmni rekstrar, tæknilegir yfirburðir og mannleg atorka og hugkvæmni leyfa. Aðeins með þeim hætti verður haldið áfram á braut til bættra lífskjara og til þeirra félagslegu umbóta og lífsgildis,sem getur fallið í skaut þjóðfélags, sem ræður yfir vel reknu og öflugu framleiðslukerfi.

Þrátt fyrir það sem áður er sagt um mannaflaspá og atvinnuhorfur á næstu árum, ber að líta svo á,að vinnuafl fámennrar þjóðar sé mjög takmarkaður og dýrmætur framleiðsluþáttur og því brýnt,að það sé nýtt af ráðdeild og þannig,að það færi samfélaginu sem mestan arð og landsmönnum sem mesta lífsfyllingu. Raunar er margt,sem bendir til þess,að besta ráðið gegn atvinnuleysi sé að efla til vaxtar greinar,sem hafa háa framleiðni,þótt störfin séu fá. Slíkar greinar

geta greitt hæst laun og sú eftirspurn, sem af því skapast leggur grundvöll að fjölþættri þjónustu, sem leysir svo aftur atvinnuvandamálið. Þetta þýðir, að áherslu ber að leggja á framleiðslu gæðavöru, sem ekki er í samkeppni við stórframleiðslu á algengum vörum eða á fjármagnsfrekan iðnað. Leita ber leiða til að notfæra sér þá sérstöðu, sem auðlindir og náttúrufar landsins bjóða upp á, svo og þá menningu og eðlislæga kosti, sem búa með þjóðinni. Eins er mikilvægt að virkja áhuga og dugnað hvers og eins við framleiðslustörfin til skapandi þátttöku og ábyrgðar við mótun og uppbyggingu iðnaðarins. Þannig er stefnt að hálaunaiðnaði.

2.3.4 Félagslegar hliðar iðnþróunar

Ekki verður komist fram hjá ýmsum mótsögnum, þegar stefnt er annars vegar að aukinni framleiðni og verkskiptri framleiðslu og hins vegar að aukinni lífsfyllingu fyrir þá, sem störfin stunda. Einhæfni starfa og tengslaleysi við tilgang vinnunnar geta hér orðið óþægilegir fylgifiskar. Í frumvinnslugreinum er þetta sjaldnast áberandi, en í úrvinnslugreinunum getur þetta orðið vandamál, sérstaklega þar sem um rekstur er að ræða, þar sem hver einstaklingur endurtekur sífellt lítinn hluta verksins. Markviss tæknivæðing getur þó miðað að fækkun starfa af þessu tagi. Einnig má skipuleggja vinnustaði, þannig að dragi úr áhrifum þessa ókosts.

Mikilvægur þáttur nútímaþróunar í iðnaði varðar aðbúnað starfsliðs og vinnuskilyrði. Í fyrsta lagi er hér um almenn heilbrigðis- og hollustuatriði að ræða, vinnuálag og vinnutíma, en í vaxandi mæli koma einnig til álita samskipti starfsliðs og stjórnenda fyrirtækja og aðild starfsfólks að ráðum um rekstur fyrirtækis og hlutdeild í afkomu þess.

Í fyrra tilfellinu eru kröfurnar á hendur fyrirtækjunum að verða ljósar og hafa mótast í höndum heilbrigðisyfirvalda, svo og í samningum aðila vinnumarkaðarins.

Umbætur á þessu sviði eru óaðskiljanlegur þáttur iðnþróunar.

Í því síðara eru ólík sjónarmið uppi, sem nefndin mun ekki fullyrða neitt um, en hljóta að mótast af aðstæðum hverju sinni. Ljóst er þó, að lýðræðislegt vinnuform, sem byggir á virkri þátttöku, áhuga og ákvörðunarrétti þeirra, sem störfin stunda, er æskilegt, enda leiði það til bætts árangurs í framleiðslu og meiri samkeppnishæfni fyrirtækja. Það er jafnframt staðreynd, að aðstæður á vinnustað ákveða meiri hluta af lífsskilyrðum mannsins, jafnt í efnahagslegu tilliti, sem og varðandi heilbrigði, persónuþroska, áhrif á samfélagsaðstæður o.fl.

Ljóst er, að ekki er afdráttarlaust hægt að gera ráð fyrir tilteknum breytingum á skipulagi fyrirtækja eða stjórnunarformi, er sjálfkrafa leiði til þeirra umbóta sem hér sýnast æskilegar í því augnamiði að efla lýðréttindi og bæta árangur við framleiðslu. Hugmyndir manna um aðgerðir þurfa að mótast og aðstæður að breytast m.a. með breytingum á persónuviðhorfum þeirra, sem málið varðar. Samstarfsnefndin hvetur til þess, að samtök iðnaðarins (atvinnurekendur, launafólk) vekji umræðu um málið og móti leiðir, sem stefni að æskilegum breytingum á þessu sviði.

2.3.5 Valið um stóriðju

Í umræðum og tillögum um iðnþróun á undanförnum árum hefur mikið verið fjallað um þátt stóriðju, ekki síst orkufreks stóriðnaðar. Um skeið var stefnt að meiri háttar uppbyggingu á þessu sviði í samvinnu við erlent

fjármagn. Í skýrslu Iðnþróunarnefndar frá 1975 voru dregnir upp möguleikar á hagnýtingu hluta mannaflans og takmarkaðs hluta orkulinda landsins til stóriðnaðar. Þar var gert ráð fyrir,að 5,5 Twst af 28 Twst 1) hagkvæms vatnsafls yrði ráðstafað til slíks iðnaðar fram til 1990. Með samsvarandi framkvæmdum í virkjunarmálum hefði slík uppbygging vart getað orðið,nema erlent fjármagn hefði a.m.k. að verulegum hluta staðið undir stofnkostnaði iðjuveranna. Á síðari árum hefur mótast hér veruleg andstaða gegn slíkum áformum og samkvæmt samstarfsyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar ".... hefur ríkisstjórnin engin áform um að heimila innstreymi erlends áhættufjármagns í stóriðjufyrirtæki". Hins vegar hefur því engan veginn verið hafnað,að landsmenn sjálfir gætu komið á fót slíkum fyrirtækjum til að hagnýta auðlindir landsins. Vegna þess fjármagns,sem slík fyrirtæki krefjast,hlytu þau tilfelli þó að verða fá og áhrif þeirra á iðnþróun í landinu þá væntanlega óveruleg á næstu árum.

Helstu rök,sem færð hafa verið <u>með stóriðju</u>,eru eftirfarandi:

- Uppbygging stóriðju gæti verið auðveld leið til að skjóta fleiri stoðum undir efnahagslífið og þannig orðið um skeið einn aðalstofn efnahagsvaxtar.

- Stóriðja geti stuðlað að hraðfara aukningu útflutningsframleiðslu og bætt greiðslujöfnuð.

- Stóriðja reist á orkunýtingu skili verulegum auðlindaarði,sem kemur m.a. fram í því að framleiðni á mannár sé mjög há í stóriðnaði og þar

1) Tala þessi getur lækkað vegna takmarkana af völdum náttúruverndarsjónarmiða.

með framlag til þjóðartekna. Þannig geti tiltölulega fá störf í stóriðju skapað mikla eftirspurn og þar með hlutfallslega mörg störf í þjónustu og öðrum greinum, sem dragi aftur úr atvinnuvandamálum.

- Stóriðja opni nýja tegund starfstækifæra fyrir viðskiptalega og tæknilega sérmenntað fólk.

- Stóriðja geti stuðlað að innflutningi á nýrri tækniþekkingu og viðskiptareynslu og opnað ný tækifæri í atvinnulífinu.

- Efnahagsleg og atvinnuleg margfeldisáhrif séu veruleg með hækkun tekjustigs og aukinni eftirspurn eftir vöru og þjónustu.

- Með stóriðju sé unnt að virkja orkulindir landsins örar og hagkvæmar en ella og koma megi upp öflugra raforkuneti á skemmri tíma en með öðrum hætti.

- Unnt sé að staðsetja stóriðju með byggðasjónarmið fyrir augum.

Á <u>móti stóriðju</u> hafa m.a. verið færð eftirfarandi rök:

- Arður þjóðarinnar af stóriðju sé takmarkaður nema landsmenn sjálfir eigi það fjármagn, sem í hana er lagt.

- Áhættan af stofnsetningu og rekstri slíkra fyrirtækja sé of mikil til að leggja stóran hluta af fjármunum þjóðarinnar í þau.

- Stóriðjurekstur í eigu eða undir forræði útlendinga leggi mikið efnahagslegt vald í hendur erlendra aðila. Sameiginlegt efnahagslegt vald og félagsleg áhrif nokkurra slíkra fyrirtækja í landinu yrðu mjög mikil. Hætt sé

við,að því yrði beitt til áhrifa gegn innlendum hagsmunum m.a. við viðkvæmar pólitískar aðstæður.

- Stórrekstur muni kollvarpa rótgrónum samfélagsmynstrum og menningarverðmætum og geti valdið samfélagslegri upplausn.

- Stóriðja falli illa að byggðastefnu og auki á samsöfnun fólks á fáum stöðum á landinu.

- Stóriðju geti fylgt stórfelld mengun og önnur umhverfisröskun,sem íslensk náttúra þolir illa.

- Stóriðja valdi innlendum rekstri óheppilegri samkeppni um vinnuafl með launayfirboðum, sem komið gætu illa við annan rekstur.

- Í framtíðinni verði full þörf fyrir allar okkar auðlindir til annarra nota og beri ekki að auka nýtingu þeirra fram yfir það sem verður smám saman með þeim hætti.

- Stóriðja,sem byggist á innfluttum hráefnum,standi á pólitískt og efnahagslega veikum grunni, m.a. vegna stjórnmálalegra aðstæðna í hráefnisframleiðslulöndunum og vegna yfirráða erlendra auðhringa.

Hér verður aðeins fjallað í örstuttu máli um einstök rök,sem færð eru fram með og móti stóriðju. Ljóst er, að fyrir fámenna þjóð með takmarkað fjármagn eru margir annmarkar á að hagnýta sér þá kosti til atvinnuuppbyggingar, sem að öðru jöfnu eru fólgnir í ríkulegum orkulindum, vatnsafli og jarðvarma. Varfærni í skiptum við útlendinga er eðlileg í þessu sambandi í ljósi sögu okkar og langvinnra átaka um yfirráð yfir fiskimiðunum síðustu áratugi. Takmörkuð hefð og þekking á sviði iðnaðar til þessa veldur einnig óvissu og tortryggni,

er stóriðjuver eiga í hlut. Í reynd er þó ýmis orkufrekur iðnaður tiltölulega einfaldur í sniðum hvað framleiðsluaðferðir og tækni snertir, og mikillar arðsemi getur verið að vænta, ef vel tekst til.

Þar eð ekki verður séð að orkulindir landsins verði nýttar sérstaklega til verðmætasköpunar í þeim mæli, sem stærð þeirra gefur tilefni til, nema til komi orkufrekur iðnaður í einhverri mynd, er eðlilegt, að leitað sé leiða í því efni, sem í senn fullnægi kröfum landsmanna um aðgát á þessu sviði og tryggi varanlegt sjálfstæði þjóðarinnar efnahagslega og atvinnulega.

Rétt er við athugun þessara mála að greina sérstaklega á milli þeirra kosta, sem líkur eru á, að landsmenn hafi fjárhagslega bolmagn til að koma upp og hinna, sem vart koma til álita nema með verulegri aðild erlends áhættufjármagns. Nauðsynlegt er einnig að hafa í huga markaðsaðstöðu og fá úr því skorið, hvort eða að hve miklu leyti nauðsyn er talin á samvinnu eða tengslum við erlenda aðila vegna markaðssjónarmiða og sölu afurða.

Almennt virðist nú viðurkennt, að ríkulegt tillit beri að taka til umhverfissjónarmiða ekki síst er orkufrekur iðnaður á í hlut, en auk þess er áætða til að hafa vel í huga félagsleg áhrif á byggð og þá atvinnuvegi, sem fyrir eru, þegar athugaðir eru einstakir stóriðjukostir.

Auk þess sem varðar hagnýtingu sjálfra orkulindanna, virðist skynsamlegt að horfa sérstaklega til þeirra nýiðnaðarkosta, sem byggja að öðru leyti á innlendum aðföngum og má í því sambandi minna á sjóefna- og steinefnavinnslu, vinnslu fóðurefna og áburðar og hugsanlega eldsneytisframleiðslu, er smám saman gæti leyst innflutt eldsneyti af hólmi.

Nauðsynlegt er einnig, að hugmyndir um orkuver og orkufrekan iðnað í tengslum við þau verði felldar að langtímaáætlunum og þjóðhagsáætlunum á hverjum tíma. Mikil þörf er á samstillingu í áætlunum fram í tímann, þar eð aðdragandi slíkra stórframkvæmda tekur vart minna en áratug og taka þarf tillit til fjölmargra þátta.

Samstarfsnefnd um iðnþróun er þeirrar skoðunar, að gera eigi á raunsæjan hátt ráð fyrir þætti stóriðju í uppbyggingu atvinnulífs í landinu. Hvetur nefndin til þess, að leitað verði leiða til að nýta auðlindir landsins með þeim kostum, sem stórrekstri fylgja og eins og samrýmst getur þjóðfélagslegum markmiðum og víðtæk samstaða getur tekist um. Að svo stöddu gerir nefndin þó ekki ákveðnar tillögur í því efni.

3. AÐBÚNAÐUR — STARFSSKILYRÐI IÐNAÐAR

3.1 Framkvæmd samninga við EFTA og EBE

Ályktun:

Samstarfsnefnd um iðnþróun bendir á nauðsyn þess, að tekið verði af alvöru á þeim vandamálum, sem steðja að íslenskum iðnaði á síðasta þrepi tollalækkunar árið 1979. Með þessu er átt við, að aðlögunarvandamál iðnaðarins fái forgang í efnahags- og atvinnumálum landsmanna á næstunni til þess að gera honum kleift að bregðast við auknum samkeppnisvanda og jafnframt að hagnýta sér þá kosti, sem aðildin að markaðsbandalögunum býður upp á.

Greinargerð:

Það mun flestum hafa verið ljóst, þegar fyrir inngönguna í EFTA, að gjörbreyta þyrfti aðstöðu til iðnreksturs hér á landi og aðhæfa bæði iðnaðinn sjálfan, en þó ekki síður stjórnkerfi og starfshætti þjóðfélagsins þeim nýju viðhorfum, sem sköpuðust við EFTA-aðildina. Í þingræðu kunns stjórnmálamanns á þeim tíma var komist þannig að orði, að inngangan krefðist "gjörbreytts búskaparlags hér á landi". Fleiri stjórnmálamenn létu orð falla á sama veg og töldu margir, að undirbúa þyrfti inngönguna vandlega og búa iðnaðinn í stakk til að mæta aukinni samkeppni með sérstökum ráðstöfunum og löngum aðlögunartíma. Þessi viðhorf réðu því verulega um það, hvernig gengið var til samninga um málið.

Við inngönguna í EFTA var gert samkomulag milli Félags íslenskra iðnrekenda og ríkisstjórnar Íslands um þau

skilyrði, sem íslenskur iðnaður yrði að fá uppfyllt áður en hann samþykkti, að gengið yrði í fríverslunarsamtökin. Mikið hefur verið rætt um það, hvernig staðið hafi verið við þau loforð, og verður það ekki tíundað hér í einstökum atriðum. Samstarfsnefndinni sýnist þó ljóst, að í mörgum efnum hefur ekki farið svo sem ætlast var til og iðnaðurinn ekki fengið þann stuðning til aðlögunar og vaxtar, sem vænst hafði verið. Erfiðlega hefur gengið að fá nauðsynlegar breytingar á starfsháttum hins opinbera og lögum og reglum, sem varða aðbúnað iðnaðarins og hann hefur fram til þessa fengið sífellt minnkandi hlut í því fjármagni, sem varið er til atvinnumála af almannafé. Ennfremur hefur hlutur hans í heildarútlánum íslenska bankakerfisins dregist saman hlutfallslega um rúmlega þriðjung á árunum 1970-1978.

Fyrir þessu kunna að vera margar ástæður miðað við þær aðstæður í efnahagsmálum, sem ríkt hafa á þessum áratug, svo og miðað við þann algjöra forgang, sem uppbygging frumvinnslugreina hefur í reyndinni hlotið. Þessi forgangur hefur ekki hvað síst verið á sviði sjávarútvegs, m.a. í tengslum við útfærslu fiskveiðilandhelginnar og kaup á stórvirkum fiskiskipum til flestra byggðarlaga á landinu.

Þá kann það einnig að ráða nokkru, að mönnum hefur ekki verið ljóst sem skyldi, hvaða atriði ráða úrslitum um möguleika iðnaðar til framfara. Hefur þannig í rauninni ekki verið til að dreifa skilningi á þeim tiltölulega fjölþættu aðstæðum, sem ráða afkomu í iðnaði samanborið við þá þætti, sem ráða afkomu frumvinnslugreinanna, sem flestir ráðamenn þekkja og skilja vel.

Á síðustu stigum tollalækkana kemur það æ betur í ljós, hvaða þættir það eru, sem áhrif hafa á samkeppnishæfni

innlends iðnaðar miðað við erlenda iðnaðarframleiðslu. Eftir að tollar á samkeppnisvörum hafa lækkað úr tugum prósenta niður í fáein prósent og verða að lokum afnumdir, hljóta ýmis aðstöðumál að skipta meira og meira máli, þótt þau hyrfu í skuggann af verndartollum og innflutningsbönnum áður fyrr. Meðal þessara þátta eru hinir mismunandi skattar og álögur, sem lagðar eru á iðnrekstur hér miðað við iðnað í samkeppnislöndunum og ekki hafa verið leiðréttar gagnvart iðnaði með viðeigandi skráningu gengis, þar sem viðmiðun á gengi er afkoma sjávarútvegsgreinanna.

Endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts af útflutningsvörum iðnaðar og álagning jöfnunargjalds á innfluttar iðnaðarvörur til að rétta stöðu innlends samkeppnisiðnaðar á heimamarkaði var fyrsta stigið í leiðréttingu á þessu misvægi.

Á síðustu 5 árum hefur mjög farið í vöxt í samkeppnislöndum okkar innan markaðsbandalaganna, að ríki veittu fyrirtækjum beinan og óbeinan stuðning. Hafa hvers kyns niðurgreiðslur á rekstrarkostnaði, fjárfestingarkostnaði auk annarra sérstakra stuðningsaðgerða, m.a. við nýsköpun, stórlega aukist. Þetta hefur óhjákvæmilega áhrif á samkeppnisstöðu okkar iðnaðar og brýtur raunar í bága við anda þeirra samninga um frjálsa verslunarhætti, sem Íslendingar telja sig hafa gert. Ekki verður í fljótu bragði séð hvernig hægt verður að bregðast við þessum vanda af hálfu Íslands og ekki fýsilegt að fara inn á hliðstæðar brautir. Þetta gefur þó til kynna, að Íslendingar þurfi að leita allra leiða í samningum við fríverslunarsamtökin til að tryggja hagsmuni sína.

Þegar líða tók á aðlögunartímann og tregða gegn breytingum á aðbúnaði fór að segja til sín, hófu Félag íslenskra iðnrekenda og önnur samtök í iðnaði baráttu

fyrir því, að reynt yrði að fá framlengingu á aðlögunartímanum að EFTA-aðildinni. Var beinlínis um það samið við myndun núverandi ríkisstjórnar, að leitað skyldi eftir framlengingu. Að könnunarviðræðum við EFTA loknum var fallið frá þeim áformum, en iðnaðinum þess í stað heitið jafngildum aðgerðum á móti.

Ekki verður séð, hvaða ein aðgerð getur komið að notum til að ráða við ofangreind vandamál, til þess er umþóttunartíminn orðinn of stuttur. Þó mætti leiðrétta það misvægi, sem skapast af álagningu ýmissa opinberra gjalda (aðstöðugjalds og launaskatts) á rekstrarkostnaðarliði iðnfyrirtækja, Með því að hækka núverandi jöfnunargjald um 3% eða leggja á sérstakt aðlögunargjald sem jafngildi því. Hefur ríkisstjórnin samþykkt að leita eftir samkomulagi við EFTA og EBE um þessa aðgerð og er verið að vinna að ljúka því máli, þegar þessi skýrsla er rituð. Mikilvægur þáttur jöfnunargjaldsins er ráðstöfun tekna af því til endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts og ofangreinds óhagræðis til útflutningsgreina og þeirra greina, sem framleiða vörur, sem jöfnunargjald leggst ekki á.

Ekki er þó síður mikilvægt að hagnýta vel þær tekjur sem skapast af jöfnunargjaldi og aðlögunargjaldi til stuðnings við almenna iðnþróun í landinu en ekki sem tekjustofn fyrir ríkissjóð.

Með núgildandi lögum um jöfnunargjaldið er ætlunin, að jöfnunargjaldið falli niður við árslok 1980, og verði þá ekki orðnar breytingar á þeirri skattheimtu, sem því er ætlað að vega á móti, mun íslenskur iðnaður búa við neikvæða vernd að þessu marki (6%). Sýnist því nauðsynlegt að stefna að breytingum á fyrirkomulagi tekjuöflunar þeirrar, sem fram kemur m.a. í aðstöðugjaldi á iðnrekstri og launaskatti í iðnaði, áður en gildistími laganna rennur út, enda ekki víst að EFTA og EBE sætti sig við framlengingu á ráðstöfun, sem skýrt er tekið fram, að sé tímabundin. Jafnframt yrði

þá að gera aðrar ráðstafanir til að tryggja viðbótarfjármagn til iðnþróunaraðgerða.

Þrátt fyrir þá erfiðleika, sem uppi eru á síðasta stigi aðlögunar og þrátt fyrir það, að á aðlögunartímanum voru ekki skapaðar hagstæðar forsendur fyrir iðnþróun hér á landi, er enginn vafi á því, að eftir inngönguna í EFTA og síðar samning við EBE hefur iðnaðurinn sýnt meiri getu til að aðlagast nýjum aðstæðum en margir spáðu í upphafi. Í ýmsum greinum og fyrirtækjum hefur orðið endurskipulagning á starfsemi og árangursrík viðleitni til að auka framleiðni og vörugæði og búa sig þannig undir vaxandi samkeppni. Í sumum greinum, sem verst var spáð fyrir, hefur framþróun einstakra fyrirtækja orðið hvað mest, þótt önnur fyrirtæki hafi dregist töluvert saman. Ljóst er þó, að samkeppniserfiðleikarnir verða mestir á síðustu stigum aðlögunar, og spurningin er þá, hvernig iðnaðinum reiði af á næstu árum og hvort honum takist að ráða við samkeppnisvandann og hagnýta sér þá kosti, sem bjóðast við aðgang að stærri mörkuðum. Er þetta sérstaklega erfitt mál fyrir íslenskan iðnað nú vegna erfiðra samkeppnisaðstæðna í heimsviðskiptum. Iðnaður annarra landa fór í gegnum hægfara aðlögun á uppgangstímum í heimsviðskiptum og lenti þó víða samt í erfiðleikum (Danmörk, Bretland).

Aðlögunarskref íslensk iðnaðar voru mun stærri vegna hinnar miklu tollverndar sem hann naut fyrir inngönguna í EFTA.

Það er skoðun Samstarfsnefndar um iðnþróun, að það sé nú brýnna en nokkru sinni fyrr að taka einarðlega á þeim margvíslegu tillögum, sem fram hafa komið um almennt bætta aðbúð fyrir iðnaðinn og aðgerðir honum til eflingar, sem fram koma í þessari skýrslu. Þetta er undirstöðuatriði og án þess er ekki að vænta verulegs árangurs. Til þess að svo geti orðið, þarf pólitískan

vilja og forystu í því að breyta þeim starfsháttum og viðhorfum, sem standa í vegi fyrir raunhæfum aðgerðum.

3.2 Gengisskráning

Ályktun:

Samstarfsnefnd um iðnþróun telur það eina af meginforsendum heilbrigðrar iðnþróunar, að gengi íslensku krónunnar verði ákveðið með hliðsjón af rekstrarhorfum iðnaðar og jafnframt verði misvægið milli rekstraraðbúnaðar iðnaðar og sjávarútvegs afnumið Nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar samtímis til að hafa stjórn á auknum umsvifum í sjávarútvegi, sem af slíku fyrirkomulagi gæti leitt.

Greinargerð:

Gengi er verðmætishlutfall gjaldmiðla, þ.e. það segir til um, hvernig einum gjaldmiðli er skipt fyrir annan. Gengið er þannig tengiliður milli innlends og erlends verðlags og kostnaðar. Af þessum sökum er eitt meginhlutverk gengisins að sjá til þess, að viðunandi rekstrargrundvöllur sé fyrir útflutningsatvinnuvegina jafnt sem þær atvinnugreinar, sem eru í samkeppni við innflutning.

Hér á landi hefur notkun gengisskráningar sem hagstjórnartækis á síðari árum í reynd einkum beinst að því að stjórna raunverulegum innlendum kostnaði sjávarútvegs miðað við mögulegar tekjur hans á erlendum markaði. Fyrir þessu eru einkum tvær ástæður. Í fyrsta lagi er útflutningur sjávarafurða langstærsti hluti útflutnings

landsmanna. Í öðru lagi hafa há aðflutningsgjöld og innflutningshöft löngum verndað aðrar atvinnugreinar.

Á þessum áratug hafa orðið grundvallarbreytingar á íslenska hagkerfinu. Íslendingar hafa gerst virkir þátttakendur í fríverslunarsamtökum og af þeim sökum eru tollvernd og höft í utanríkisviðskiptum með iðnaðarvörum nú að hverfa. Ennfremur hefur hlutdeild sjávarútvegs í útflutningsframleiðslunni minnkað um leið og hlutdeild iðnaðar hefur vaxið.

Afleiðing þessara breytinga er sú, að nú hefur þýðing gengisskráningarinnar fyrir iðnaðinn gjörbreyst. Gengið er orðið jafn-mikilvægt fyrir rekstrarafkomu samkeppnisgreina iðnaðar á heimamarkaði og útflutningsiðnaðar og það er fyrir sjávarútveginn. Af þessum sökum er augljóst, að nauðsynlegt er, að gengisákvarðanir og aðgerðir, sem hafa áhrif á gengisskráninguna, séu byggðar á því, að hagsmunir atvinnuvega, jafnt í samkeppni við innflutning sem í útflutningi, séu í heiðri hafðir. Þetta er undirstöðuatriði iðnþróunar við núverandi efnahags- og markaðsaðstæður.

Lítum nú nánar á áhrif gengisstefnunnar á iðnaðinn eins og hún hefur verið að undanförnu. Afkomusveiflur í sjávarútvegi, sem eru miklar, hafa nær alfarið endurspeglast í gengisskráningunni, þar sem jöfnunarsjóðir sjávarútvegs hafa ekki gegnt upphaflegu hlutverki sínu. Áhrifin á gengisskráninguna hafa því lýst sér þannig, að á uppgangstímum í sjávarútvegi hefur verið mögulegt að viðhalda tiltölulega háu gengi, sem leiðir til lægri tekna en ella hjá útflytjendum iðnaðarvara og þeim iðnrekstri, sem selur í samkeppni við innflutning. Aftur

á móti verða aðstæður útflutnings og heimaiðnaðar í samkeppni við innflutning tiltölulega hagstæðar, þegar illa gengur í sjávarútvegi. Þessar sveiflur gera það að verkum, að samkeppnisiðnaður nær aldrei nægjanlegri fótfestu til þess að geta þróast eðlilega og útflutningur iðnaðarvara á mjög erfitt uppdráttar og er óeðlilega áhættusamur vegna tíðra breytinga á hlutfalli framleiðslukostnaðar og söluverðs í íslenskum krónum.

Annar vandi, sem ekki síður kallar á úrlausn, er sá, að hér á landi hefur gætt ríkrar tilhneigingar til að fresta nauðsynlegum gengisleiðréttingum með sérstökum aðgerðum til að hafa áhrif til lækkunar á tilkostnaði sjávarútvegs. Slíkar ráðstafanir bitna mjög illa á útflutningsiðnaði og iðnaði, sem er í samkeppni við innflutning, þar sem ekki er dregið úr tilkostnaði þessara greina til samræmis við sjávarútveg, þó að gengið sé ráðandi um tekjur í báðum tilvikum. Hér er einkum átt við mismunandi skattaákvæði (aðstöðugjald, launaskattur, skattfríðindi sjómanna) og ólíkum aðgangi að lánsfjármagni (afurðalánakerfið). Afleiðingin er mismunandi rekstrargrundvöllur atvinnugreinanna, sem gengisskráning krónunnar tekur ekki mið af. Iðnaðurinn hefur á þennan hátt stöðugt búið við skertan starfsgrundvöll. Þennan mismun telur samstarfsnefndin nauðsynlegt að afnema eða gera ráð fyrir honum á skilgreindan hátt í gengisviðmiðun, þannig að staða iðnaðarins sé tryggð.

3.3 Tollamál

Ályktun:

Samstarfsnefnd um iðnþróun leggur til að lögum um tollskrá nr. 120/1976 verði breytt og 12. tl. 3. gr.

flytjist í 2. grein, sem ber yfirskriftina "Tollfrjáls innflutningur".

13. töluliður 2. greinar hljóði svo:

Aðföng (hráefni, hjálparefni, rekstrarvörur, umbúðir, vélar, tæki, þ.m.t. flutningstæki til flutninga innan verksmiðjulóða, hlutar til véla og tækja, áhöld hvers konar og varahlutir) þeirra iðnfyrirtækja, sem stunda framleiðslu til útflutnings eða eiga í beinni samkeppni við vörur og þjónustu (viðgerðir og verktöku á sviði iðnaðar), sem heimilt er að flytja til landsins, eða óbeinni samkeppni, þegar heimill er innflutningur, sem komið getur í stað innlendrar vöru eða þjónustu. Samkvæmt skilningi þessa töluliðar merkir orðið gjöld í tollskrá toll, söluskatt, vörugjald og jöfnunargjald, eftir því sem við á.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa töluliðar að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið og samtök iðnaðarins.

Greinargerð:

Sá þáttur aðbúnaðarmálanna, sem verið hefur hvað umdeildastur, er álagning aðflutningsgjalda af fjárfestingarvörum og rekstrarvörum iðnaðar í samkeppni við tollfrjálsan innflutning. Afnám aðflutningsgjalda af samkeppnisiðnaði hefur þótt sjálfsagt réttlætismál, en gætt hefur vaxandi íhaldssemi hjá fjármálaráðuneyti og tollayfirvöldum í túlkun þeirra laga og reglna, sem þar um ræðir. Veldur framkvæmd tollalaga í þessu tilfelli stöðugum erfiðleikum og verða iðnfyrirtæki enn að greiða allháar upphæðir til hins opinbera fyrir

vörur, sem ættu að vera undanþegnar slíkum gjöldum.

Á aðlögunartíma EFTA-samningsins hafa aðflutningsgjöld af aðföngum samkeppnisiðnaðar smám saman verið felld niður að mestu. Var þetta í fyrsta lagi gert með beinni niðurfellingu aðflutningsgjalda í tollskrá af þeim tollskrárnúmerum, sem aðföng iðnaðar féllu undir, og í öðru lagi með heimildarákvæðum í tollskrá og fjárlögum.

Enn eru þó of mörg dæmi um, að fyrirtækjum í útflutningssamkeppnisiðnaði er gert að greiða aðflutningsgjöld af aðföngum sínum, og veldur þar eftirfarandi mestu:

1. Aðföngin falla í svokölluð blönduð tollskrárnúmer, þ.e. aðföng iðnaðar falla í tollskrárnúmer, sem að verulegu leyti innifela vörur til annarra notenda en iðnfyrirtækja. Hefur því ekki verið talið fært að fella niður toll í viðkomandi tollskrárnúmerum vegna tekjusjónarmiða ríkissjóðs.
2. Túlkun 3. greinar 12. tl. bæði hvað snertir gildissvið aðfanga og skilgreiningu samkeppnisiðnaðar, er of þröng til að töluliðurinn nái því að heimila niðurfellingu allra aðflutningsgjalda til samkeppnisiðnaðar.
3. Fjármálaráðuneytið hefur nýverið farið að túlka heimildarákvæðin þannig, að einungis sé heimilt að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af aðföngum, sem beri jafnhá gjöld eða hærri en samkeppnisvaran.

Með fyrrgreindri tillögu næðist það endanlega markmið, sem að hefur verið stefnt, að fella niður að fullu aðflutningsgjöld af aðföngum þeirra iðnfyrirtækja, sem eiga í samkeppni við innflutning eða selja vörur á erlendan markað.

3.4 **Skattamál**

Ályktun:

Samstarfsnefnd um iðnþróun leggur til, að skattalögum verði breytt í þá átt að gera fjárfestingu í iðnrekstri að minnsta kosti jafn arðvænlegan kost að teknu tilliti til áhættu sem fjárfestingu á öðrum sviðum, s.s. fasteignum og ríkistryggðum skuldabréfum. Verði þannig hvatt til þess, að vaxandi hlutur fjármagns þjóðarinnar fari til fjárfestingar í atvinnurekstri, sérstaklega iðnaði, sem brýn nauðsyn er að efla. Verði skattalögum jafnframt beitt sérstaklega til að hvetja til nýsköpunar og vöruþróunar í iðnaði og sérstaklega til útflutnings á iðnaðarvörum.

Þá er vakin athygli á að ýmis opinber gjöld, sem lögð eru á með sérlögum (lög um tekjustofna sveitarfélaga o.fl.), hafa vegna mismunar milli iðnaðar og sjávarútvegs afgerandi neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja gagnvart innflutningi og í útflutningi og er nauðsynlegt að afnema þetta misvægi eigi síðar en **við árslok 1980 þegar jöfnunargjald og aðlögunargjald fellur niður.** Ennfremur minnir nefndin á nauðsyn þess að taka upp virðisaukaskattkerfi um leið og lög um jöfnunargjald á iðnaðarvörum falla úr gildi við árslok 1980.

Lögð er áhersla á fjögur atriði í skattalögum, sem taka ætti til athugunar.

1. Skattareglur séu þannig úr garði gerðar, að þær hvetji almenning til að leggja fé í atvinnurekstur og að reynt verði að tryggja, að fjárfesting í atvinnurekstri verði aldrei, af skattaástæðum,

lakari en aðrir kostir, sem almennt bjóðast til sparnaðar. Bent skal á, að til að vernda höfuðstól sinn hefur almenningur fyrst og fremst haft möguleika á að leggja fé sitt í húsbyggingar og í verðtryggð skuldabréf ríkissjóðs.

Stuðla ber að því, að fjárfesting í atvinnurekstri, m.a. félagslegum rekstri, verði raunhæf sparnaðarleið. Þannig má auka þátttöku almennings og áhuga á atvinnulífinu, stuðla að aukinni arðsemi fjárfestingar og gera fyrirtækin fjárhagslega minna háð lánsfé við uppbyggingu sína.

2. Skattareglur hvetji til eigin fjármyndunar og tækniváðingar í fyrirtækjum, svo og eðlilegra möguleika til eignaskipta, samruna og slita félaga. Til að þessum markmiðum verði náð, er grundvallarnauðsyn, að hlutafé njóti ekki lakari skattmeðferðar en sparifé. Þess verður ennfremur að gæta, að afskriftareglur og mat á birgðum tryggi, að einungis raunverulegur hagnaður fyrirtækja sé skattlagður. Þetta er nauðsynleg forsenda þess, að eðlileg endurnýjun fjármuna geti átt sér stað og þar með, að fyrirtæki hafi möguleika til endurbóta og vaxtar af eigin rammleik. Þurfa skattalögin að endurspegla þann raunverulega mun á því, hvort tekjum er haldið eftir til uppbyggingar fyrirtækis eða eru teknar úr atvinnurekstrinum.

3. Lög og reglur um álagningu skatta og annarra gjalda á iðnrekstur verði ávallt miðaðar við þau séreinkenni íslenska efnahagskerfisins, sem eiga rætur sínar að rekja til sérstöðu sjávarútvegs hér á landi. Á þann hátt verði fyrirbyggt, að skattkerfið skekki gengið gagnvart iðnaði. Ennfremur verði tryggt, að

skattaálögur á iðnfyrirtæki miðist við,að um samkeppnisatvinnuveg er að ræða og þær því aldrei meiri en erlendir keppinautar búa við.

4. Skattaákvæðum verði markvisst beitt til eflingar útflutningsiðnaði, markaðsstarfsemi, rannsóknum og vöruþróun. Í þessu skyni leggur nefndin til að útflutningsfyrirtækjum verði heimilað að leggja hluta af söluverðmæti útflutnings í sérstakan útflutningsvarasjóð og jafnframt verði iðnfyrirtækjum veittur sérstakur skattafsláttur vegna kostnaðar við rannsóknir, vöruþróun og markaðsstarfsemi.

Auk ofangreindra tillagna í skattamálum leggur nefndin áherslu á,að þær bráðabirgðaaðgerðir í skattamálum sem gerðar voru á sl. hausti sem liður í efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar verði afnumdar sem fyrst að því er iðnað varðar,vegna þeirra neikvæðu áhrifa,sem þær hafa á framkvæmdahug og afkomu í iðnaði.

Greinargerð:

Raunhæfasta ráðið til þess að auka tekjur opinberra aðila er aukin framleiðni þjóðfélagsins, hagvöxtur.

Til þess að það megi takast, þarf öflugt og virkt atvinnulíf með dugmiklum fyrirtækjum, sem sífellt stefna í átt til frekari umbóta og betri árangurs. Ýmsar leiðir má fara til þess að ná því markmiði, en ein hin áhrifaríkasta er að gera skattreglur þannig úr garði, að þær verki hvetjandi að þessu leyti.

Auk hlutfalls skatta af hreinum tekjum eru hin almennu áhrif skattalaga á rekstraraðstöðu atvinnurekstrar

einkum tvenns konar. Annars vegar hafa þau áhrif á framlög einkafjármagns til fyrirtækjanna með skattlagningu þess svo og arðgreiðslna af því. Hins vegar hafa svo afskriftir og varasjóðsreglur áhrif á uppbyggingu eigin fjármagns í fyrirtækjum svo og möguleika til sameiningar félaga og þar með stækkunar rekstrareininga.

Einstaklingur, sem velur milli þess að kaupa fasteign eða verðtryggð ríkisskuldabréf eða leggja fé í atvinnurekstur, hlýtur að bera saman arðsemismöguleika og áhættu þeirra kosta, sem fyrir liggja. Að vísu þarf að taka tillit til þeirrar verðtryggingar, sem felst í fasteignum fyrirtækja, en í fyrirtækjum, þar sem lausafjármunir og vélakostur er stór hluti heildarfjármunanna, hefur verðtryggingin takmarkað gildi. Hér á landi hafa fáar hagrænar ástæður verið til að leggja fé í atvinnurekstur, nema þá til að skapa persónulega aðstöðu til atvinnutekna og ýmissa fríðinda. Slík viðhorf til atvinnurekstrar hafa ekki holl áhrif á stjórnun og hagkvæmni í rekstri.

Hin öra verðbólga, sem hér hefur viðgengist um langt árabil, hefur valdið því, að afskriftir, sem miðast við upphaflegt stofnkostnaðarverð véla og tækja, hafa ekki undan að viðhalda eigin fé fyrirtækja og hafa fyrirtækin því ekki getað endurnýjað búnað sinn með eðlilegum hætti. Þetta er sérstaklega bagalegt í ljósi örrar tækniþróunar í iðnaði, sem krefst þess, að vélakostur og búnaður fyrirtækja sé endurnýjaður ört til að viðhalda samkeppnisaðstöðu og auka framleiðni.

Hér á landi hafa mörg fyrirtæki horfið að því ráði, að verðbólgutryggja fjármuni sína í fasteignum á kostnað

vélafjárfestingar og tækniþróunar, og kann það að hafa hamlað framförum í iðnaði meira en menn almennt gera sér grein fyrir.

Við inngönguna í EFTA var iðnaðinum lofað að skattaálögur á iðnfyrirtæki yrðu ekki meiri en hjá samkeppnisaðilunum. Ef eingöngu er horft til laga um tekju- og eignarskatta má e.t.v. segja,að þetta hafi nokkurn veginn staðist. Þess ber þó að geta, að þáttur verðbólgu í myndun skattskylds hagnaðar er ókannaður. Jafnframt er álagning skatta á tekjur fyrirtækja á árinu 1978 meiri en verið hefur. Þessu til viðbótar ber að nefna, að ýmis lagaákvæði önnur en í lögunum um tekju- og eignarskatt hafa einnig áhrif á skattaálögur á atvinnurekstur. Nægir í því sambandi að nefna lög um launaskatt og tekjustofna sveitarfélaga (útsvar, aðstöðugjald, fasteignagjald, o.fl.). Auk þess sem þetta hefur bein áhrif á samkeppnisstöðuna gagnvart útlöndum,leggjast þessi gjöld misjafnlega á atvinnuvegina og valda þar með skekkju í gengisskráningunni eins og nánar er rætt um í kaflanum um gengismál (sjá kafla 3.2).

Samstarfsnefnd vekur athygli á þeim möguleikum,sem skattaákvæði býður upp á til að hvetja til nýsköpunar og framfara. Leggur nefndin til að tekin verði upp í skattalögunum heimild til að draga frá brúttó hagnaði fyrir skatta allt að 10% af andvirði útfluttrar iðnaðarvöru og leggja í sérstakan útflutningsvarasjóð. Þennan varasjóð má svo hagnýta til að dreifa áhættu og skapa fjárhagslegt svigrúm til uppbyggingar. Ennfremur leggur nefndin til,að settar verði reglur um skattafslátt vegna rannsókna, vöruþróunar og markaðsöflunar í iðnaði, þannig

að til viðbótar kostnaði af slíkum verkefnum, sem unnin yrðu í samvinnu við viðurkennda aðila, yrði hluti útgjalda af þeim frádráttarbær frá tekjuskatti.

Auk þessara atriða varðandi almenn skattalög og tekjustofna sveitarfélaga, vill samstarfsnefndin minna á nauðsyn þess að taka upp virðisaukaskatt í stað söluskattskerfis eigi síðar en,þegar lögin um jöfnunargjald af iðnaðarvörum falla úr gildi við lok ársins 1980.

Misvægið vegna uppsöfnunaráhrifa af völdum söluskatts í framleiðslukostnaði innlends iðnaðar er nú leiðrétt að meðaltali með því að leggja gjald á innfluttar samkeppnisvörur til að vega á móti því. Hér er um tímabundna ráðstöfun að ræða skv. lögum þar til virðisaukaskattskerfið verður upp tekið.

Loks vill samstarfsnefndin benda á,að þær skattaráðstafanir (þ.e. álagning nýbyggingagjalds og afnám verðstuðulsfyrningar og flýtifyrningar, hækkun skattahlutfalls, og fyrningarskatta), sem gerðar voru árið 1978 í tengslum við efnahagsráðstafanir, ganga beint gegn þeim sjónarmiðum,sem fram koma að ofan um myndun eigin fjár og hvatningu til endurnýjunar og nýsköpunar. Telur nefndin nauðsynlegt að nema slíkar ráðstafanir úr gildi, enda ganga þær gegn þeim öðrum tillögum, sem hér eru gerðar um stuðning við iðnþróun.

3.5 Verðlagsmál

Ályktun:

Samstarfsnefnd um iðnþróun bendir á það, að sú framkvæmd verðlagseftirlits, sem hér hefur löngum viðgengist, hefur

án efa verkað neikvætt á ýmsar greinar iðnaðar. Þannig hefur í mörgum tilfellum ekki skapast eðlilegt samkeppnisumhverfi og fyrirtækin ekki haft eðlilega hvatningu af beinum samanburði við erlenda keppinauta fyrst og fremst, heldur orðið að reka eins konar kostnaðarpólitík til að fá hlut sinn viðurkenndan. Þá er fyrirtækjum, sem hafa tekjur sínar af útseldri vinnu í mörgum tilfellum skömmtuð svo kröpp álagning, að það hindrar nauðsynlega uppbyggingu og tækniþróun þessara fyrirtækja. Nefndin leggur til, að verðlagseftirlit verði alfarið lagt niður á þeim innlendum iðnaðarafurðum, sem eiga í fullri samkeppni á innlendum eða erlendum markaði, enda verði samhliða gerðar ráðstafanir, sem banni, að einstök samtök framleiðenda eða fyrirtækja komi sér saman um verð á framleiðslu sinni.

Greinargerð:

Á Íslandi hafa um langt skeið verið í gildi lög um verðlagseftirlit. Tilgangur þeirra var upphaflega að tryggja láglaunahópum afkomu á tímum takmarkaðs framboðs á nauðsynjum, en hefur síðan orðið tæki til að hafa gát á hagnaði, tryggja kaupmátt launa og jafna tekjuskiptingu í þjóðfélaginu, svo og hafa tök á verðlagi, þegar gerðar eru sérstakar efnahagsráðstafanir.

Í umræðum um verðlagsmál blandast því margs konar efnahagsleg og hagsmunaleg sjónarmið.

Meðferð verðlagsákvæða og framkvæmd verðlagseftirlits skiptir ákaflega miklu máli fyrir allan iðnað, framleiðslu, þjónustu og byggingariðnað. Áhrif þess koma skýrast fram, þegar verðlagseftirliti er beitt í þágu

verðstöðvunar í sambandi við sérstakar efnahagsráðstafanir. Þannig hefur verðstöðvun verið beitt svo til samfellt frá árinu 1970 og hafa áhrifin oft orðið neikvæð á stöðu einstakra fyrirtækja og greina.

Í meginatriðum koma áhrifin á iðnað fram á eftirfarandi hátt:

1. Innflutnings- og verslunarfyrirtæki fá sjálfkrafa afgreiðslu verðhækkana á grundvelli framlagðra reikninga um vöruverð og kostnað. Innlendir framleiðendur hafa hins vegar þurft að sækja um verðhækkanir sérstaklega og styðja þær ítarlegum gögnum um áhrif innlendra og erlendra verðhækkana á framleiðslukostnað. Hafa slík gögn iðulega verið gagnrýnd og beiðnir skornar niður á grundvelli deilna um einstaka kostnaðarliði, s.s. vexti og afskriftir, og ágreinings um eðlilegan hagnað og hefur ágreiningur hagsmunasamtaka vinnumarkaðarins innan verðlagsnefndar haft sín áhrif. Auk þess hefur þetta leitt til mikils dráttar á afgreiðslum einstakra beiðna og vegna örrar verðbólguþróunar hafa fyrirtækin verið rekin með halla um lengri tíma, áður en leiðrétting hefur fengist, og þá oft komið að nýrri ósk um leiðréttingar vegna verðhækkana, sem orðið hafa í millitíðinni. Þar sem verðstöðvunarlögin hafa gilt um allt verðlag á vörum og þjónustu, en verið framkvæmd á þennan hátt einungis gagnvart innlendum iðnfyrirtækjum, hafa innlendir framleiðendur oft verið neyddir til að selja vörur sínar á lægra verði en innfluttar vörur og því alls ekki notið samkeppnisstöðunnar við innflutning um verð. Þess skal hér getið, að regla sú, sem tekin var upp á miðju ári 1974 um sérstaka meðferð þeirra hækkunarbeiðna iðn-

fyrirtækja, sem orsakast af hækkunum efnisvöru, og veldur hækkunarþörf innan markanna 5-15%, hefur verið til mikilla bóta.

2. Verðlagsúrskurðir á grundvelli fastrar álagsprósentu geta leitt til þeirrar villu, að fyrirtæki reki eins konar "kostnaðarpólitík" til að ná hagnaði, sem reiknast í hlutfalli við sýndan og viðurkenndan kostnað. Á tímum örra verðbreytinga og sljóvgaðs verðskyns neytenda, er lítil ástæða fyrir kaupmenn og framleiðendur að ná hagnaði með lækkuðum framleiðslukostnaði, hagkvæmari innkaupum eða endurbótum í rekstri, ef afrakstur slíkrar viðleitni er ekki viðurkenndur af verðlagseftirliti og kemur því ekki til framleiðandans, og fækkar raunar þeim krónum, sem í hlut hans koma. Þær aðstæður orka einkum tvímælis, þegar verð innlendrar vöru er ákveðið lægra en verð innfluttrar vöru af sömu tegund, ekki síst þegar álagning í verslun er naumt skömmtuð. Hefur þetta orðið til þess, að kaupmenn leita fremur eftir dýrari erlendri vöru en innlendri til að fá hærri álagningu í krónutölu og er vitað, að iðnfyrirtæki hafa lent í miklum erfiðleikum með sölu af þessum ástæðum.

3. Á hinn bóginn er reyndin sú, að þegar álagning er föst krónutala eða álagningarprósenta er bundin einstökum liðum (t.d. launalið) þá gætir mikillar tilhneigingar til þess að vanmeta fastan kostnað, sem fylgir sérstaklega stærri og tæknivæddari fyrirtækjum. Á þetta einkum við í greinum, sem búa við stranga skömmtun í álagningu á útselda vinnu. Mikill fjöldi smáfyrirtækja og lítt tæknivæddra, t.d. í

málmiðnaði og byggingariðnaði, sýnir þetta ljóslega. Sýna athuganir,að a.m.k. í sumum greinum er afkoma stærri fyrirtækja snöggtum verri en hinna smærri.

4. Þess eru nokkur dæmi, að verðlagseftirlitið hefur beinlínis dregið úr öflugri samkeppni í einstökum greinum með beinum ákvörðunum um verð og með því að þröngva vörum með mjög mismunandi gæðum og kostnaðarsamsetningu undir sama flokk. Slíkar aðgerðir hafa að sjálfsögðu mjög óhagstæð áhrif fyrir þróunarviðleitni og geta beinlínis leitt til samtaka framleiðenda og/eða seljenda um verðmyndun. Er hagsmunum neytenda varla þjónað með slíku.

5. Þá er og ljóst, að veruleg hætta er á, að innflutningur véla, hráefna og aðfanga til iðnaðar, sem er í höndum heildverslunar, verði óhagkvæmur, þegar hagnaður þessara milliliða miðast við sýndan kostnað.

Enginn vafi leikur á því, að verðlagseftirlitið hefur haft mjög neikvæð áhrif á stöðu ýmissa innlendra iðngreina. Hefur samkeppnisaðstaða þeirra gagnvart innflutningi veikst og munu þau áhrif sérstaklega koma fram við afnám tollverndar og óhefta erlenda samkeppni. Í flestum greinum er um meiri eða minni sveiflur árferðis og verðlags að ræða. Ljóst er, að framleiðslan þarf að njóta nokkurs hagnaðar á tímum verðhækkana og vaxandi eftirspurnar til að geta mætt harðari samkeppni, þegar verr árar. Stöðug skömmtun verðlags, sem miðast við naumt reiknað kostnaðarverð, eða er jafnvel undir kostnaðarverði, þegar verðhækkanir eru örar og afgreiðslur verðlagseftirlits eru hægar,verkar þannig sem lamandi fjötur á viðgang og samkeppnishæfni iðnaðar, sem á í óheftri samkeppni við innflutning.

3.6 **Lánamál**

3.6.1 **Fjárfestingarmál**

Ályktun:

Samstarfsnefnd telur að nauðsynlegt sé að tvöfalda árlega fjármunamyndun í iðnaði á næstu 4-5 árum til að skapa þau nýju atvinnutækifæri, sem stuðlað geti að bættum lífskjörum þjóðarinnar og mætt þeirri atvinnuþörf, sem mannaflahorfur benda til. Leggur nefndin til, að ráðstöfunarfé Iðnlánasjóðs verði stórlega hækkað á þessum tíma með auknum framlögum og aukinni hlutdeild í lánsfé til fjárfestingarsjóða. Jafnframt verði Byggðasjóði og Framkvæmdasjóði ætluð meiri hlutdeild í fjármögnun iðnaðartækifæra.

Samstarfsnefndin telur nauðsynlegt, að reglur Iðnlánasjóðs um lánshlutfall verði endurskoðaðar til hækkunar og mótaðar leiðir til að gera fært að stofna til stærri fjárfestinga í iðnfyrirtækjum en hingað til. Jafnframt er líklegt að taka þurfi aukna áhættu í fjárfestingarlánum miðað við það sem verið hefur. Sýnist þetta forsenda fyrir umtalsverðri þróun í átt til stærri og öflugri iðnfyrirtækja og jafnframt forsenda fyrir því, að mörg nýiðnaðartækifæri verði að raunveruleika.

Þá telur samstarfsnefndin nauðsynlegt, að Iðnlánasjóði og öðrum lánasjóðum iðnaðarins verði gert skylt að tryggja sem best, að fjármagn sjóðanna, sem fer til útlána, einkum varðandi fasteignir og vélakaup, nýtist iðnaðinum til fulls til notkunar samkvæmt upphaflegum lánsbeiðnum.

Greinargerð:

Sú aukna fjárfesting í iðnaði, sem nauðsynleg verður til að skapa um 3000-4000 ný atvinnutækifæri auk reglubundinnar endurnýjunar í iðnaði á næstu 4-5 árum, krefst verulega aukins fjármagns til iðnaðarfjárfestinga frá því sem verið hefur. Láta mun nærri, að á undanförnum árum hafi kostað nálægt 15-20 milljónir á verðlagi 1979 að endurnýja og stofna til nýs starfstækifæris í iðnaði. Í lánsfjáráætlun er spáð að fjármunamyndun í iðnaði verði um 13,4 milljarðir árið 1979. Miðað við 2% árlega endurnýjun eða 360 starfstækifæri og aukningu um 200-300 vinnustaði er þetta nálægt lagi. En til að skapa til viðbótar 6-800 ný starfstækifæri á ári, fram yfir það sem verið hefur, hlýtur heildarfjármagnsþörf til fjárfestinga í iðnaði að verða a.m.k. helmingi meiri en nú er gert ráð fyrir. Er þá ekki talin með hugsanleg bygging stóriðjufyrirtækja, sem á þessum tíma koma reyndar varla til, greina, vegna þess að enginn undirbúningur er í gangi.

Einn mælikvarði á fjármagnsstreymi til atvinnuveganna eru heildarútlán bankakerfisins samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands. Tafla 3.1 sýnir samanburð á hlutdeild iðnaðarins í heildarútlánum bankakerfisins árið 1970, þegar Ísland gekk í EFTA og aðlögun hófst við útlánshlutfallið á síðasta ári, sem er næstsíðasta ár aðlögunarinnar.

Tafla 3.1 Hlutur atvinnuveganna í heildarútlánum bankakerfisins 1970 og 1978

	1970 %	1978 %
Iðnaður	13,0	9,0
Sjávarútvegur	15,8	27,4
Landbúnaður	7,9	8,5
Verslun	20,4	12,7

Hlutur iðnaðar hefur þannig dregist saman um 1/3 hlutfallslega, en hlutur sjávarútvegs aukist stórlega og landbúnaðar nokkuð. Hlutur verslunar hefur einnig mikið dregist saman. Miðað við tölur áranna á undan 1978 er áframhald á sömu þróun og hér er sýnd. Hér verður að koma grundvallarbreyting á stefnu.

Samkvæmt ársskýrslum Framkvæmdastofnunar 1977 og 1978 var fjármunamyndun og lánsfjármagn í atvinnuvegunum eins og sýnt er á töflu 3.2.

Sýnir taflan,að hlutfall lánsfjár í fjárfestingu sjávarútvegs (fiskveiða og fiskvinnslu) hefur hækkað úr tæplega 50% upp í yfir 62% af heildarfjárfestingunni.

Iðnaðurinn hefur hins vegar lækkað sitt hlutfall úr tæplega 39% í tæplega 33%. Árið 1979 er samkvæmt lánsfjáráætlun reiknað með,að fjármunamyndun í iðnaði verði 13.400 m.kr., en af því láni sjóðir iðnaðarins 3.872 auk lána úr Byggðasjóði,sem gætu numið um 450 m.kr. Þannig er lánsfjárhlutfallið um 33%. Þess ber að gæta, að hluti lána úr Iðnlánasjóði er til byggingariðnaðar, sem ekki er talinn með í fjármunamyndun í iðnaði. Er hlutfall lánsfjár í iðnaði því enn lægra en hér er sýnt.

Hið lága lánsfjárhlutfall iðnaðar er án efa mikilvæg hindrun í iðnaðaruppbyggingu. Ætti að vera unnt að hvetja verulega til fjárfestingar og skapa ný atvinnutækifæri með því að veita auknu fjármagni til iðnaðar og gera sjóðum hans kleift að lána hærra hlutfall í fjárfestingunni.

Tafla 3.2 Hlutfall lánsfjár og styrkja í fjármunamyndun atvinnuveganna 1977 og 1978

		1977			1978		
Atvinnuvegur	Sjóður	Lánsfé	Fjármunam.	Hlutfall	Lánsfé	Fjármunam.	Hlutfall
		m.kr.	m.kr.	%	m.kr.	m.kr.	%
Sjávarútvegur			14.565			17.900	
	Byggðasjóður	1.258			1.818		
	Framkv.sj. bein lán	100					
	Fiskveiðasj.	5.801			9.344		
	Alls	7.159	14.565	49,15	11.162	17.900	62,36
Landbúnaður			6.350			9.000	
	Styrkir úr ríkissj.[1]	870			1.043		
	Byggðasjóður	246			124		
	Framleiðnisj.landbún.	47			19		
	Stofnlánasj. landbún.	2.241			2.514		
	Veðdeild Búnaðarb. Ísl.	175			1		
	Alls	3.579	6.350	56,36	3.701	9.000	41,12
Iðnaður			6.330			9.800	
	Byggðasjóður	249			249		
	Framkvæmdasj.	22			59		
	Iðnlánasjóður	1.325			1.840		
	Iðnþróunarsjóður	668			930		
	Iðnrekstrarsjóður	121			84		
	Veðdeild Iðnaðarbankans	82			136		
	Alls	2.467	6.330	38,97	3.298	9.800	33,65

[1] Jarðræktarframlög og framlög til framræslu

Hlutur lánasjóða iðnaðarins

Fyrir 1970 var hlutur lánasjóða iðnaðarins ekki nema rúm 5% af heildarútlánum fjárfestingalánasjóða.

1970 eykst hlutur lánasjóða iðnaðarins í 10,6% og hlutdeildin nær hæst 1971 12,3%, skýring þess er tilkoma Iðnþróunarsjóðs. Árið 1978 var hlutdeild lánasjóða iðnaðarins í heildarútlánum fjárfestingalánasjóða 9,5%, en er áætluð um 9,9% árið 1979.

Tafla 3.3 Hlutur lánasjóða iðnaðar í heildarútlánum fjárfestingalánasjóða 1971 - 1974 - 1978

	1971	1974	1978	1979*
	%	%	%	%
Iðnlánasjóður	4,4	4,2	5,6	6,7
Iðnþróunarsjóður	7,7	5,5	3,1	2,5
Veðdeild Iðnaðarbanka	0,2	0,3	0,5	0,4
Iðnrekstrarsjóður	-	0,5	0,3	0,3
Samtals	12,3	10,5	9,5	9,9

* Lánsfjáráætlun 1979

Athyglisvert er að skoða þróun eigin fjármögnunar og útlána þriggja helstu stofnfjársjóða atvinnuveganna seinustu tvö ár og áætlun 1979.

	Eigin fjármögnun			Útlán		
	1977	1978	1979	1977	1978	1979
Stofnlánadeild landbúnaðarins	453	÷967	÷1579	2191	2325	2050
Fiskveiðasjóður	1120	1009	÷1319	5807	9329	9780
Iðnlánasjóður	355	471	853	1226	1852	2613

Iðnlánasjóður er sá eini þessara sjóða, sem getur lagt fram eigið fé árið 1979. Stofnlánadeild landbúnaðarins og Fiskveiðasjóður ganga á eigið fé sitt, með öðrum orðum þessir sjóðir endurlána fé sitt á betrí kjörum en þeir þurfa sjálfir að greiða eða lána meira en þeir ráða yfir. Bendir þetta annars vegar til lakari lánskjara sem iðnaðurinn býr við eða betri arðsemi að fjárfestingu í iðnaði en öðrum greinum og betri skil á veittum lánum. Hinsvegar sýnir þetta að lánasjóðir sjávarútvegs og landbúnaðar fái greiðari aðgang að utanaðkomandi fjármagni til endurlána en Iðnlánasjóður.

Iðnlánasjóður hefur á síðustu árum getað sinnt um 26-29% af þeirri eftirspurn eftir lánsfjármagni, sem honum hefur borist, en á árinu 1978 var þetta um 41% af lánshæfri eftirspurn. Iðnþróunarsjóður hefur fram til þessa getað lánað í allar lánshæfar umsóknir, en vegna hlutfallslega minnkandi ráðstöfunarfjár sjóðsins og vaxandi eftirspurnar eftir lánum hans er hætt við að sjóðurinn geti ekki framvegis sinnt öllum lánshæfum umsóknum, nema gerðar verði ráðstafanir til aukningar á lánagetu sjóðsins.

Fjöldi umsókna úr Iðnlánasjóði fækkaði úr 570 árið 1977 í 457 árið 1978, en afgreiddum lánum fjölgaði lítils háttar, eða úr 422 árið 1977 í 443 árið 1978. Meðalupphæð láns úr Iðnlánasjóði árið 1978 var 4.2 m.kr., en um 25 m.kr. úr Iðnþróunarsjóði.

Miðað við það hlutfall lánsfjár, sem hérlendis tíðkast og kröfur um eigið fé, svo og stærð þeirra lána, sem sjóðirnir geta ráðið við, er vandséð, hvernig ráðist verður í byggingu stærri iðnaðarfyrirtækja. Sýnist bæði nauðsyn á að auka lánsfjárhlutdeild verulega, en ekki er síður þörf á að finna leiðir til að draga saman eigið fé í stærri fyrirtæki. Koma þar ýmsar leiðir til greina.

1. Hvatar með skattaákvæðum til að einstaklingar og fyrirtæki leggi fjármagn í stofnun nýrra og stærri fyrirtækja.
2. Samvinna ríkissjóðs og sveitarfélaga um stofnun og rekstur fyrirtækja, þar sem einkarekstur hefur ekki það bolmagn, sem þarf.
3. Sérstakt frumkvæði ríkisins um að koma á fót stærri fyrirtækjum, t.d. vegna nýtingar auðlinda landsins.

Sjálfsagt er að beita öllum þessum ráðum eftir því sem við á.

Miðað við það, að fjármagnsþörf iðnaðar tvöfaldist og að hlutfall lánsfjár í fjárfestingu fari að meðaltali upp í 50%, lætur nærri, að lánsfjármagn í iðnaði þurfi að þrefaldast frá því sem nú er og verða um 13.000 m.kr.

Til að tryggja nýtingu þess fjármagns þarf þó að sjálfsögðu að gera aðrar þær ráðstafanir, sem ræddar eru í þessari skýrslu, og ekki síst að tryggja iðnaði nægilegt rekstrarfjármagn.

3.6.2 Rekstrarlán

Ályktun:

Samstarfsnefndin telur nauðsynlegt, að endurmat fari fram á útlánastefnu bankakerfisins gagnvart iðnaðinum með það fyrir augum að tryggja honum rekstrarfé í samræmi við aukna áherslu á hlutverk hans í atvinnulífinu. Nefndin bendir á, að líklega sé framleiðslugeta iðnaðarins nú vannýtt og aukið rekstrarfé ásamt öðrum ráðstöfunum geti komið af stað vaxtarkipp til aukinnar framleiðslu og atvinnu í iðnaði.

Greinargerð:

Margt bendir til, að langvarandi og raunar vaxandi rekstrarfjárskortur hafi dregið úr framleiðsluaukningu iðnaðar undanfarin ár. Líklegt er, að framleiðslugeta sem byggð hefur verið upp síðan 1974, sé ekki nema að hluta nýtt enn sem komið er. Fjármunamyndun á föstu verðlagi hefur verið nokkuð stöðug frá 1971 (sjá kafla 1.3.1), en nýjum atvinnutækifærum hefur fækkað og dregið úr aukningu framleiðslunnar eftir 1974. Líklegt er, að auðveldari aðgangur að rekstrarfjármagni ásamt hagstæðri gengisskráningu fyrir iðnað gæti verulega aukið framleiðslu og vinnu í starfandi fyrirtækjum á tiltölulega skömmum tíma.

Rekstrarlán til iðnaðar mótast annars vegar af útlánagetu viðskiptabankanna og hins vegar hinum sérstöku fyrirgreiðslum, sem Seðlabanki Íslands veitir um endurkaup á afurða- og rekstrarlánum til atvinnuveganna, sem að verulegu leyti eru fjármögnuð með bindiskyldu á 27% innistæðufjár viðskiptabankanna í Seðlabanka.

Iðnaðurinn hefur átt mjög erfitt með að fá aðgang að þessum endurkaupalánum vegna strangra skilyrða sem beinast sérstaklega að honum og sem krefjast meira eða minna huglægs mats á lánshæfni hverju sinni. Dæmi um þetta er krafa um "samkynja" og "auðseljanlegar" vörur að mati lánveitanda. Fjölbreytileiki iðnaðarvara leyfir naumast, að slíkt mat sé framkvæmt á skrifborði fulltrúa í Seðlabanka hverju sinni. Hins vegar hafa bæði skreið og smjör verið taldin fullnægja þessum kröfum, þótt varla væri unnt að kalla þetta auðseljanlegar vörur á stundum.

Á töflu 3.5 sést hlutur atvinnuveganna í endurkaupalánum Seðlabankans m.v. áramótin 1977 og 1978. Sést að hlutur iðnaðar er þar fjórðungur af því sem landbúnaður og sjávarútvegur fá hvor um sig og að landbúnaðurinn hefur aukið hlut sinn verulega.

Tafla 3.5 Endurkaup Seðlabankans í árslok 1978

Staða	31.12.77 (m.kr.)	31.12.78 (m.kr.)	Aukning (m.kr.)	Aukning (%)	Hlutfallsl. skipting aukningar (%)
Landbúnaður	9.818	15.966	6.149	62,6	46,5
Sjávarútvegur	13.856	18.428	4.571	33,0	34,5
Iðnaður	2.566	4.092	1.526	59,5	11,5
Annað	260	1.252	992	381,5	7,5
	26.499	39.738	13.238	50,0	100,0

Hlutfallsskipting	31.12.77 (%)	31.12.78 (%)
Landbúnaður	37,1	40,2
Sjávarútvegur	52,3	46,4
Iðnaður	9,7	10,3
Annað	0,9	3,1
	100,0	100,0

Heildarniðurstaðan er sú, að bindiskyldan og endurkaupafyrirkomulagið hefur þrengt aðgang iðnaðarins að rekstrarlánum hlutfallslega, þannig að iðnaðurinn fékk 11,2% af útlánum innlánsstofnana í árslok 1978, en hafði 12,6% í árslok 1971. Þessi 1,4% munur jafngildir rýrnun á rekstrarlánum til iðnaðar, sem nemur tæplega

2.000 m.kr. miðað við heildarútlánastöðu viðskiptabankanna (innlánsstofnananna), sem var 141 milljarðar króna í árslok 1978. Yfirlit um þessa þróun sést á töflu 3.6. Enda þótt vinnsluvirði í iðnaði sé nú svipað og í sjávarútvegi og nálægt þreföldu vinnsluvirði landbúnaðar, fær hann nú aðeins 2/3 af því rekstrarfé, sem landbúnaður fær.

Rétt er hér að minna á hlutverk Útflutningslánasjóðs er veitir lán sem framleiðendur fjárfestingarvöru og véla geta látið fylgja við sölu, bæði við útflutning og við sölu innanlands í samkeppni við lánskjör sem fást með samskonar vöru innfluttri. Útflutningslánasjóður hefur komið að góðu gagni og er sjálfsagt að nota hann til að greiða fyrir sölu á fjárfestingarvörum sem framleiddar eru innanlands.

Tafla 3.6 Hlutdeild landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar í heildarútlánum innlánsstofnana

	Útlán innlánsstofnana		
Í árslok	Landbúnaður	Sjávarútvegur	Iðnaður
	%	%	%
1971	9,9	14,5	12,6
1972	10,0	15,4	13,1
1973	10,7	16,2	13,5
1974	9,6	22,1	13,1
1975	12,7	21,6	12,9
1976	13,1	22,0	11,7
1977	15,2	26,2	11,3
1978	16,9	23,5	11,2

3.6.3 Áhættulán og styrkveitingar til iðnþróunarverkefna

Ályktun:

Samstarfsnefndin leggur til,að aukinn verði sá þáttur í fjárstuðningi opinberra sjóða,er miðar að því að styðja hvers konar iðnþróunaraðgerðir og nýsköpunarviðleitni í iðnaði með því að veita fyrirtækjum og stofnunum áhættulán og styrki til vel skilgreindra þróunarverkefna.

Greinargerð:

Með vaxandi samkeppni og sífellt örari breytingum á tækni og kröfum markaðar samfara minnkandi arðsemi fyrirtækja, hefur áhættan við þróun nýrra afurða og aðferða og stofnsetning fyrirtækja aukist verulega. Hafa flestar þróaðar þjóðir gripið til þess ráðs að styðja verulega við nýsköpunarviðleitni með því að veita hagstæð áhættulán og styrki í þeim tilgangi að treysta grundvöll efnahagslífsins. Stuðningur við nýsköpun og jákvæða aðlögun hefur reynst mun árangursríkari aðferð en að styrkja með rekstrar- og fjárfestingarframlögum fyrirtæki í hrörnandi greinum eða fyrirtæki,sem eru í vonlítilli varnaraðstöðu í harðnandi samkeppni.

Hér geta sjóðir, sem starfa í þágu iðnaðarins haft mikilvægu hlutverki að gegna. Hið héðbundna verkefni sjóða iðnaðarins hefur verið að veita lán til fjárfestingarframkvæmda gegn tryggum veðum og föstum skilmálum um endurgreiðslur. Með tilkomu Iðnþróunarsjóðs á árinu 1970 og Iðnrekstrarsjóðs árið 1973 má segja, að nokkur þáttaskil hafi átt sér stað í þessum efnum.

Hafa sjóðir þessir veitt marghättaðan stuðning í formi styrkja og lána m.a. til markaðsstarfsemi erlendis, hagræðingaraðgerða, vöruþróunar, endurbóta á framleiðsluaðferðum og athugana á nýjum iðnaðartækifærum. Auk þessara sjóða geta Byggðasjóður og Framkvæmdasjóður veitt stuðning til iðnþróunarverkefna af þessari tegund.

Aðallega er um tvenns konar stuðning að ræða. Í fyrsta lagi skilorðsbundin lán, þar sem sjóðirnir taka á sig áhættu með lántakanda með þeim hætti, að ef verkefni leiðir til arðbærs árangurs, endurgreiðist það, en breytist að öðrum kosti í óafturkræft framlag. Í öðru lagi styrkveitingar til vel skilgreindra verkefna. Sjálfsagt er að binda skilorðsbundin lán til þróunarverkefna því skilyrði, að ef ekki komi til hagnýtingar hjá lánþega, þá geti viðkomandi sjóður ráðstafað niðurstöðunni með öðrum hætti, þannig að notum komi, ef tækifæri gefst.

Ráðstöfunarfé Iðnrekstrarsjóðs á árinu 1979 verður um 110 m.kr. og Iðnþróunarsjóður átti við síðastliðin áramót óráðstafað um US$ 487 þús. eða nál. 155 m.kr. af upphaflegu stofnfé til slíkra viðfangsefna. Árleg ráðstöfun hin síðustu ár hefur verið um 30 m.kr. Ekki mun Framkvæmdasjóður eða Byggðasjóður hafa styrkt iðnaðarverkefni af þessari tegund árið 1977, en árið 1978 var veittur styrkur til þróunar á rafeindabúnaði fyrir fiskvinnslustöðvar.

Í kafla um fjárveitingar til iðnaðarmála (3.9) er rætt nokkuð um það fjármagn, sem sýnist nauðsynlegt í þessu sambandi. Samkvæmt því sýnist ekki fjarri lagi að fjórfalda þyrfti núverandi upphæð þessara sjóða og hafa um 600 m.kr./ári í þessu skyni. Með fjármagni þessu mætti

hvetja til framlaga frá fyrirtækjunum sjálfum og mótframlögum frá opinberum stofnunum til að vinna áhugaverð verkefni.

3.7 Menntun og þjálfun

Ályktun:

Samstarfsnefndin telur brýnt að tengja mun betur en nú er gert skipulag og framkvæmd framhaldsmenntunar og háskólamenntunar í landinu við þróunarhorfur í atvinnulífinu og óskir landsmanna um aukin tækifæri til menntunar á flestum sviðum þjóðlífsins. Leggur nefndin til, að menntamálaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið (og fleiri fagráðuneyti eftir atvikum) geri sameiginlega tilraun til að móta stefnu í menntamálum, sem sé tengd stefnu í atvinnumálum, að svo miklu leyti sem við á. Verði námsbrautir og námsefni smám saman endurskipulagt með þessi tengsl í huga og síðan með virkari námsleiðbeiningu reynt að hafa áhrif á námsval fólks, ef til meiri háttar misvægis horfir.

Samstarfsnefndin leggur til, að Iðntæknistofnun Íslands verði ætlað það sérstaka hlutverk innan verkmenntakerfisins að mæta þörf fyrirtækja fyrir sérþjálfun iðnaðarfólks, en í samvinnu við iðnskóla og fjölbrautarskóla með því að nýta starfskrafta og aðstöðu, sem þar er.

Samstarfsnefndin telur að námskeið á vegum samtaka launafólks og atvinnurekenda þjóni einnig mikilvægu hlutverki í endurmenntun starfskrafta í stjórnun og framleiðslu og þar með aðlögun að breyttum aðstöðum í atvinnulífinu.

Loks telur nefndin mikilvægt að efla þátt menntunar á sviði stjórnunar, bæði í framhaldsskólum, Tækniskóla Íslands og á vegum Stjórnunarfélags Íslands.

Greinargerð:

Á undanförnum áratug hefur staðið yfir mjög víðtæk endurskoðun á menntakerfi landsins. Sá þáttur, sem einna erfiðast hefur gengið að endurskipuleggja og mjög skiptar skoðanir hafa verið um, er verkmenntun. Er enn margt ómótað í þeim efnum og verður hér ekki gerð tilraun til að koma með ákveðnar tillögur um lausnir að öðru leyti en því að gera þurfi tilraun til að samhæfa betur stefnumótun um verklegt framhaldsnám og stefnumótun í atvinnumálum. Sýnist þar þurfa að koma til samvinnu menntamálaráðuneytis og fagráðuneyta atvinnuveganna svo og samtaka atvinnulífsins.

Tilfinnanlegust er þörfin fyrir samhæfingu á sviði iðnaðar, vegna hinna fjölbreytilegu þarfa og hagsmuna, sem þar hafa áhrif.

Samstarfsnefndin telur, að með frumvarpi til laga um framhaldsskóla (151. mál, 100. löggjafarþ.) megi bæta úr mörgu af því sem úrskeiðis hefur farið, ef vel tekst til um framkvæmd og samráð menntamálaráðuneytis við fulltrúa atvinnugreinanna.

Samstarfsnefndin telur, að við mótun hins nýja samræmda framhaldsskólakerfis beri að gæta eftirtalinna atriða:

1. Verkleg menntun verði gerð jafngild bóklegri menntun og lögð jafnmikil áhersla á að byggja upp þróttmikla og undirstöðugóða menntun á því sviði sem í bóklegum fræðigreinum. Á næstunni sýnist raunar þörf á forgangi verkmenntunar.
2. Almenn verkleg framhaldsmenntun miðist við að gefa nemendum sem mesta möguleika til persónuþroska og

starfsvals í lífinu sem mögulegt er, og reynt að forðast blindgötur á námsbrautum, sem útiloka frekari skólagöngu. Notað verði kerfi námseininga og áfanga, sem tryggi þetta samhengi námsbrauta.

3. Reynt sé að tengja námsviðurkenningu og réttindi við námsstig, en ekki binda hana þröngt skilgreindum stéttahagsmunum og löghelguðum réttindum.

4. Almenn undirstöðukennsla í handverki verði tekin upp í skólunum, en jafnframt sé gert ráð fyrir raunverulegri starfsreynslu undir handleiðslu hæfra manna í atvinnulífinu í tengslum við ákveðin námsstig undir eftirliti skóla.

5. Gert verði ráð fyrir vaxandi þætti símenntunar eða endurmenntunar, þannig að einstaklingar geti leitað nýrrar þekkingar og þjálfunar, þegar nauðsyn krefur.

6. Margs konar sérþarfir fyrirtækja eða einstaklinga fyrir ákveðna tegund verkhæfni verða aðeins leyst með námskeiðahaldi á vegum framhaldsskóla, samtaka atvinnulífs og starfsgreina þess, einstakra fyrirtækja, svo og á vegum Iðntæknistofnunar Íslands. Leggur nefndin áherslu á, að starfsemi Iðntæknistofnunar á þessu sviði verði efld sem fyrst, enda getur hún leyst úr knýjandi þörf.

7. Nauðsynlegt er að skapa sem best tengsl milli stjórnunar og vals á námsefni í verknámsskólunum og breytinga, sem verða á tækni og starfsháttum í atvinnulífinu. Annars vegar má tryggja þetta með ráðgjöf í gegnum námsbrautanefndir, sem fulltrúar atvinnulífsins skipa, en ekki síður með tengslum við og hliðsjón af endurmenntunar- og sérþjálfunarnámskeiðum, sem haldin eru í samvinnu við fyrirtæki og starfsgreinar.

Hvernig svo sem skipulag verkmenntunar ræðst endanlega, er ljóst að horfast verður í augu við verulegan kostnað við verkmenntun, hlutfallslega mun hærri en af bóklegri menntun.

Því er í framkvæmdinni allt undir því komið, að nauðsynlegt fjármagn fáist til að framkvæma lagaákvæði um verkmenntun, svo að gagni komi fyrir þjóðfélag, sem horfir fram á vaxandi alþjóðlega samkeppni og verður að byggja samkeppnishæfni sína að verulegu leyti á góðri verk- og tækniþekkingu.

Sá þáttur atvinnurekstrar, sem hefur verið hvað skemmst þróaður hérlendis, er stjórnun. Hafa flestar aðgerðir til eflingar iðnaði á undanförnum árum beinst að þessum þætti. Varðar þetta bæði stjórnun framleiðsluferilsins á verksmiðjugólfinu, svo og rekstrarlega og fjármálalega handleiðslu fyrirtækisins.

Stjórnunarfélag Íslands, Iðnþróunarstofnun Íslands svo og samtök iðnaðarins og Vinnuveitendasamband Íslands hafa gengist fyrir námskeiðum og veitt ráðgjöf og komið á framfæri upplýsingum um stjórnunarmál. Enn vantar þó mikið á, að þessi þáttur sé kominn nægilega inn í hið almenna menntakerfi á framhalds- og tækniskólastigi. Sérstaklega er nauðsyn á að efla þjálfun í rekstrartækni við Tækniskóla Íslands og verkskipulagningu og vinnutilhögun í hinni almennu verkmenntun á framhaldsskólastigi.

Námskeiðahald á vegum Stjórnunarfélags Íslands um hin margvíslegustu stjórnunarmálefni hefur án efa orðið mikil stoð til bættra stjórnunarhátta í fyrirtækjum og ber tvímælalaust að efla það merka endurmenntunarstarf svo sem kostur er og láta það ná til sem flestra þátta rekstrar.

3.8.1 Iðntæknistofnun Íslands

Ályktun:

Samstarfsnefnd um iðnþróun leggur áherslu á, að Iðntæknistofnun Íslands verði sköpuð skilyrði til að geta leyst á viðunandi hátt þau verkefni, sem henni eru falin í lögum. Starfsemi stofnunarinnar hefur mikla þýðingu í sambandi við átak til iðnþróunar, ekki síst vegna þess hve smá og vanmáttug flest íslensk iðnfyrirtæki eru og ráða fæst við þá rannsóknastarfsemi, vöruþróun, starfsþjálfun og rekstrartæknilegu umbætur, sem þau þurfa á að halda. Einnig ber að leggja vaxandi áherslu á skipulega leit að nýjum iðnframleiðslumöguleikum hjá stofnuninni. Lagt er til, að stjórn Iðntæknistofnunarinnar geri, í samráði við samtök iðnaðarins og iðnaðarráðuneytið, langtímaáætlun um þróun stofnunarinnar. Verði henni **og síðan sköpuð skilyrði til að fylgja** starfseminni eftir á þeim grundvelli, sem þannig er lagður.

Greinargerð:

Lög um Iðntæknistofnun Íslands tóku gildi 18. maí 1978. Hin nýja stofnun varð til við samruna Iðnþróunarstofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar iðnaðarins. Meginmarkmið þessarar lagasetningar er, að hér verði komið á fót tæknistofnun á borð við svokölluð "teknologisk institut" hjá frændþjóðunum. Þessar stofnanir eru sumar hverjar áratuga gamlar og veita iðnfyrirtækjum og starfsfólki í iðnaði sérhæfða eftirmenntun og þjálfun, leiðbeiningaþjónustu varðandi framleiðslu, framleiðslutækni og rekstur, prófanir hvers konar og tilraunir.

Iðntæknistofnun Íslands er ætlað að stefna að sömu markmiðum og hér hefur verið lýst í stuttu máli, en auk þess verður að sinna öðrum verkefnum, sem falla utan hins hefðbundna ramma tæknistofnana. Er þar um að ræða starfsemi, sem hjá stærri þjóðum fer fram í sérhæfðum stofnunum, svo sem stöðlun, sjálfstæðar rannsóknir og þróunarstarfsemi, auk reksturs tæknibóka- og kvikmyndasafns.

Við gerð fyrstu starfs- og fjárhagsáætlunar hinnar nýju stofnunar var tekið fyrsta skrefið í átt til endurskipulagningar á starfseminni. Meðal annars var ákveðið, að stofnunin starfaði fyrst um sinn í fjórum aðaldeildum. Ljóst er, að í byrjun verður í meginatriðum að byggja á þeim grunni, sem fyrir var varðandi verkefnaval, mannafla, húsakost og annað. Til þess að markmiðum lagasetningarinnar um ITSÍ verði náð, er hins vegar ljóst, að byggja verður stofnunina upp eftir markvissri áætlun, þar sem markaðir verði skilgreindir áfangar og valin forgangsröð í samráði við samtök iðnaðarins.

Nú þegar er stefnt að breyttum áherslum í verkefnavali á þann veg að auka til muna fræðslu- og ráðgjafastarfsemi frá því sem verið hefur. Í því sambandi er nauðsynlegt að auka til muna virk tengsl við iðnaðinn í landinu.

Stefnt er að því, að faglegar sérdeildir komist á fót til þjónustu við stærstu greinar iðnaðarins. Slíkar sérdeildir eru þegar fyrir hendi í málm- og ullariðnaði. Nærtækt viðfangsefni er að koma á slíkri deild fyrir trjávöruiðnað.

Í öðrum tilvikum er stefnt að því að notfæra þjónustu danskra og norskra tæknistofnana og hefur grundvöllur þegar verið lagður að slíku samstarfi.

Sá mannafli, húsa-, véla- og tækjakostur, sem stofnunin hefur yfir að ráða nú, samsvarar að mjög takmörkuðu leyti þeim framtíðarverkefnum, sem stofnunin á að inna af hendi. Því ber nauðsyn til að skilgreina vel áform og áfanga næstu ára í starfseminni.

Samstarfsnefnd um iðnþróun telur ákaflega brýnt, að efla samvinnu milli tæknideilda Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna um að hagnýta þá aðstöðu og þjónustu, sem stofnunin getur boðið upp á og að koma á samstarfsverkefnum milli fyrirtækja og stofnunarinnar til framfara fyrir iðnaðinn.

3.8.2 Útflutningsmiðstöð iðnaðarins

Ályktun:

Samstarfsnefnd um iðnþróun leggur til, að Útflutningsmiðstöð iðnaðarins verði efld í samræmi við það hlutverk, sem henni er ætlað að sinna og að rekstrarkostnaður hennar verði greiddur af fjárlögum. Ennfremur leggur nefndin til, að hlutverk stofnunarinnar verði víkkað og henni heimilað að veita eftir föngum aðstoð við innlenda markaðsstarfsemi iðnfyrirtækja og iðngreina, sem hafa möguleika til útflutnings, þannig að byrjað sé með aðgerðum á heimamarkaði.

Greinargerð:

Í þessu sambandi skal alveg sérstaklega bent á, hve nágrannaþjóðirnir hafa að undanförnu lagt gífurlega

aukna áherslu á markaðsstarfið og uppbyggingu markaðsstofnana sinna og þá fyrst og fremst á síðustu 5 árum, eftir að breytinga á samkeppnisaðstöðunni fór að gæta fyrir alvöru í kjölfar olíukreppunnar. Á sama tíma og efling markaðsviðleitni fyrir iðnaðinn á erlendum mörkuðum hafa tæplega verið til umræðu hér á landi, og fjárveitingar til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins hafa staðið svo til í stað í krónutölu þrátt fyrir óðaverðbólgu og rekstur einkennst af sífelldum fjárskorti, hafa framlög til sambærilegrar starfsemi t.d. á Norðurlöndum margfaldast, auk margvíslegrar annarrar fyrirgreiðslu við útflutning.

Útflutningsmiðstöð iðnaðarins var stofnuð með lögum 1971. Lögin voru sett til að koma til móts við iðnaðinn vegna inngöngunnar í EFTA, þ.e.a.s. að hér væri vísir að sams konar útflutningsþjónustu og þeirri, sem lengi hefur verið við lýði í samkeppnislöndum okkar. Á hinn bóginn hefur Útflutningsmiðstöðin aldrei náð því þjónustustigi, sem stefnt var að í upphafi. Hefur fjárveitingavaldið stöðugt hafnað því að fjármagna stofnunina samkvæmt lögum eins og stofnanir á vegum ríkisins, en haldið fjárveitingum lítt breyttum um árabil. Þannig hefur fjárveiting til hennar hækkað úr 12,5 m.kr. 1975 í 20 m.kr. 1979, á meðan verðlag hefur a.m.k. 5-faldast.

Samstarfsnefndin leggur áherslu á, að rekstrargrundvöllur Útflutningsmiðstöðvarinnar verði varanlega tryggður við afgreiðslu næstu fjárlaga.

Útflutningsmiðstöðin er þjónustustofnun fyrir markaðsstarfsemi iðnaðarfyrirtækja, bæði þeirra sem flytja út og þeirra sem hyggja á útflutning. Þá hefur Útflutnings-

miðstöðin getað veitt nokkra þjónustu í sambandi við markaðsathuganir vegna nýiðnaðarfyrirtækja.

Með inngöngunni í EFTA og samningum við Efnahagsbandalagið hafa skapast auknir markaðir fyrir iðnað, sjávarútveg og landbúnað. Iðnaðurinn gekkst þá inn á það, að markaðir iðnaðarins hér á landi væru opnaðir fyrir erlendum aðilum með niðurfellingu tolla á aðlögunartímabili, sem nú er senn á enda. Markaðsmál Íslendinga hafa verið sérstaklega einhæf, og þessi einhæfing skapar hættu. Við útflutning á fullunnum iðnaðarvörum hefur ekki verið unnt að styðjast við reynslu í útflutningi sjávarafurða eða landbúnaðarafurða. Bæði er að framleiðsluvörur þessara atvinnuvega eru fluttar út sem hráefni, eða "massavara", fyrst og fremst og varla eru þess nokkur dæmi, að útflytjendur sjávarafurða eða landbúnaðarafurða hafi snúið sér að útflutningi iðnaðarvara.

Iðnaðurinn hefur því á eigin spýtur og eigin áhættu orðið að afla sér þeirrar reynslu, sem fyrir hendi er í dag, með aðstoð Útflutningsmiðstöðvarinnar og sjóða iðnaðarins, sem hafa veitt lán og styrki til þessarar starfsemi.

Því fer fjarri, að tekist hafi að afla nægilegrar reynslu í útflutningi iðnaðarvara. Þvert á móti verður að stórauka aðgerðir til þess að fyrirbyggja, að útlendingar hrifsi í sínar hendur það sem áunnist hefur og vinna markvisst að öflun markaða fyrir nýjar vörutegundir.

Alhliða markaðsstofnun. Með tilliti til þess að efla þarf markaðsviðleitni í íslenskum iðnfyrirtækjum bæði vegna aukinnar samkeppni og þarfar fyrir útflutning, er lagt til, að Útflutningsmiðstöðin veiti aðstoð við

markaðsstarfsemi iðnfyrirtækja og iðngreina, sem hyggja á útflutning á breiðari grundvelli en áður. Er með þessu gert ráð fyrir, að útflutningsviðleitni gæti þurft í sumum tilfellum að byrja með aðgerðum á heimamarkaði, svo sem sérhæfingu, vöruþróun, framleiðniaukningu, endurbótum á stjórnun og skipulagi o.s.frv. Mikilvægir liðir í því starfi geta verið þjálfun sölumanna, könnun markaða, gerð markaðsáætlana, kynningarstarfsemi o.fl., og væri Útflutningsmiðstöðin eðlilegur aðili til að aðstoða fyrirtækin í þessum efnum, með ráðgjöf, námskeiðahaldi og upplýsingaþjónustu.

Viðfangsefni og starfsaðferðir. Helstu verkefni Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins ættu að vera:

1.	Markaðsrannsóknir	- utanlands og innan, upplýsingaöflun fyrir vöruþróun og markaðsáætlanir
2.	Markaðsáætlanir	- aðstoð við fyrirtækin um gerð sölu- og markaðsáætlana.
3.	Viðskiptaupplýsingar	- þjónusta við fyrirtæki um útvegun eða birtingu gagnlegra viðskiptaupplýsinga um erlenda markaði.
4.	Kynningarstarfsemi	- útgáfa kynningarrita, skipulag á þátttöku í sýningum og kaupstefnum erlendis. Skipulag söluherferða. Fyrirgreiðsla við erlendar fyrirspurnir og kaupaleiðangra, sambönd við fjölmiðla.
5.	Þjálfun	- námskeiðahald í markaðsstarfsemi, þjálfun sölufólks, fyrirlestrar um markaðsmál.
6.	Söluþjónusta	- bein aðstoð við gerð útflutningsskjala, samvinna við gjaldeyrisbanka, aðstoð í flutningsmálum, telexþjónusta, o.s.frv.

Með beinni aðstoð við söluviðleitni (6) er farið inn á braut, sem rétt er að gera sérstaklega grein fyrir. Vegna smæðar hinna íslensku fyrirtækja og reynsluleysis þeirra í markaðsmálum er nauðsynlegt, að starfslið Útflutningsmiðstöðvarinnar sé tilbúið að taka beinan þátt í markaðsviðleitni einstakra fyrirtækja með virkri aðild að sölustarfinu, allt þar til kemur að undirritun viðskiptalegra samninga og töku endanlegra ákvarðana um sölu. Starf stofnunarinnar á þannig ekki að vera bundið við almennt kynningarstarf, heldur miðast við að bæta að hluta þann stjórnunarlega þátt, sem víða vantar í íslensk fyrirtæki, þ.e. markaðsþáttinn, þangað til fyrirtækin hafa sjálf öðlast getu til að sinna þeim þætti. Markaðsþátturinn í starfsemi íslenskra fyrirtækja er ekki síður mikilvægur iðnþróun en hagræðing og endurskipulagning framleiðslustjórnunar til aukinnar framleiðni. Milli þessara tveggja mikilvægu þátta þarf að koma á jafnvægi. Er því nauðsynlegt að samræma aðgerðir Útflutningsmiðstöðvarinnar annars vegar og t.d. Iðntæknistofnunar hins vegar og stefna að því með þeirri samvinnu, að aðgerðir beggja stofnananna nýtist fyrirtækjunum sem best.

Ekki er minna mikilvægt að tryggja með einhverjum hætti samverkandi áhrif af aðgerðum þeirra sjóða iðnaðarins, sem hafa það hlutverk að styrkja útflutning á iðnaðarvörum og þá tegund hönnunar og vöruþróunar, er beint tengist markaðsmálum.

Skipulag. Til að annast ofangreind verkefni er nauðsyn á að skipuleggja starfsemi Útflutningsmiðstöðvarinnar, þannig að hin einstöku verkefni fái skýra og ákveðna meðferð innan hennar, jafnframt því sem starfslið stofnunarinnar verði aukið og verkaskipting gerð ljósari.

Gert er ráð fyrir að starfsemi stofnunarinnar verði skipt í deildir sem í séu tilteknar útflutningsgreinar. Útflutningstækifærin í iðnaði hafa fallið flest á nokkur afmörkuð svið iðnaðarframleiðslu, enn sem komið er. Hefur því verið eðlilegt að skipuleggja starf stofnunarinnar að verulegu leyti í kringum þessi afmörkuðu svið. Á hinn bóginn þarf að fjölga útflutningsiðnaðartækifærum verulega á næstunni eigi iðnaður að geta gegnt hlutverki sínu hér á landi.

Eitt af hlutverkum Útflutningsmiðstöðvarinnar er að stuðla að myndun útflutningshópa og sérstök þjónusta við þá. Slíkir útflutningshópar geta væntanlega aukið átaksgetu í markaðsviðleitninni og komið af stað sérstökum söluherferðum og öðrum sameiginlegum aðgerðum til eflingar viðkomandi fyrirtækjum. Opnar það og möguleika til fjármögnunar slíkra sérátaka, með sameiginlegum framlögum fyrirtækja og sjóða eða öðrum opinberum stuðningi.

3.8.3 Rannsóknir og tækniþjónusta í þágu byggingariðnaðarins

Ályktun:

Samstarfsnefnd um iðnþróun leggur til, að jafnframt því sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins verði gert kleift að auka rannsóknir sínar í þágu byggingariðnaðar og mannvirkjagerðar, verði tækniþjónustuhlutverk stofnunarinnar við starfandi fyrirtæki í byggingariðnaði eflt verulega. Lögð verði áhersla á að leita leiða til markvissra endurbóta á byggingaraðferðum með framleiðniaukningu og lækkun byggingarkostnaðar að

leiðarljósi. Meðal annars verði athugað, hvort æskilegt sé að efla framleiðsluiðnað, sem tengdur er mannvirkjagerð, og kannaðir verði frekari möguleikar til tæknivæddrar verksmiðjuframleiðslu á byggingarhlutum og byggingareiningum, sem henti séríslenskum aðstæðum. Tekin verði upp virk samvinna milli Iðntæknistofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, Húsnæðismálastofnunar ríkisins, fyrirtækja og samtaka í byggingariðnaði og byggingarefnaiðnaði um vöruþróun og tækniaðstoð við fyrirtæki á þessu sviði. Sérstaklega verði athugað, hvernig styðjast megi við opinbera innkaupastefnu í þessu sambandi. Ennfremur er lagt til, að fundnar verði leiðir til þess að jafna starfsaðstöðu allra byggingaraðferða, hvort sem um er að ræða framleiðslu á byggingarstað eða í verksmiðju. Þannig verði söluskattur felldur niður af vinnuþætti í hvers kyns tilbúnum húsum eða byggingarhlutum, sem nú er unnt að framleiða á byggingarstað án söluskattsskyldu á vinnu.

Greinargerð:

Láta mun nærri, að á síðastliðnum áratug hafi sextíu til áttatíu prósent af árlegri fjármunamyndun þjóðarinnar farið í gerð húsa og annarra varanlegra mannvirkja, sem byggingariðnaðurinn og verktakar á vegum opinberra aðila framleiða. Á árinu 1977 voru 35% af fjármunamynduninni íbúðarhús og atvinnuhúsnæði, byggingar og mannvirki hins opinbera voru um 30%, samtals að verðmæti um 75 milljarðir á verðlagi ársins 1977. Verðmætistölur skiptast þannig, að íbúðarhúsnæði var um 22 milljarðir, atvinnuhúsnæði 15,3 mill. og opinberar byggingar og önnur mannvirki um 37 mill. (þar af byggingar hins opinbera 7 og önnur mannvirki 30 milljarðar). Hér er því um mjög stóran og áhugaverðan markað að ræða, sem nýta þarf sem best í þágu innlends iðnaðar.

Íslendingar verja nú 12,3% mannaflans til byggingarstarfsemi samkvæmt opinberum skýrslum, og er það hlutfallslega verulega meira en aðrar þjóðir gera. Slíkur samanburður er þó varhugaverður, þar sem ýmis atriði geta haft áhrif á hann. Hlutfall íbúðabygginga og atvinnuhúsnæðis af þjóðarframleiðslu hefur verið nokkuð stöðugt á undanförnum árum. Hins vegar hafa magnsveiflur orðið nokkrar sem afleiðing af hagsveiflum, en aukning og samdráttur í byggingarstarfseminni koma venjulega fram 1 til 2 árum á eftir sveiflum í efnahagslífinu. Á hinn bóginn hafa byggingarstarfsemi og framkvæmdir á vegum opinberra aðila verið allsveiflukenndar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu og hefur því tilhneigingu til að magna hagsveiflur. Hin mikla vinnuaflsnotkun ásamt sveiflukenndu álagi í byggingariðnaði vegna árstíða og vegna örra hagsveiflna valda miklum óróa á vinnumarkaðnum. Þegar af þeirri ástæðu er æskilegt að leita leiða til að draga úr notkun vinnuafls og auka þátt þeirra framleiðsluaðferða, sem gætu orðið til þess að minnka sveiflurnar.

Verðmætasköpun á hvern starfsmann í byggingariðnaði er nokkru meiri en sem nemur meðaltali annarra greina atvinnulífsins. Á árinu 1969 og 1976 var verðmætasköpun á hvern starfsmann í byggingariðnaði um 8% yfir meðaltali allra atvinnugreina. Kemur þessi niðurstaða talsvert á óvart, þegar haft er í huga hversu lítið vélvæddan iðnað er hér um að ræða. Fjárfesting á mann í byggingariðnaði er mun minni en í öðrum atvinnugreinum. Það er því ekki ólíklegt, að hægt væri með aukinni tækni og breyttum framleiðsluaðferðum að auka framleiðni byggingariðnaðarins talsvert og þar með lækka byggingarkostnað. Ef það tækist, væri um að ræða mikla kjarabót fyrir almenning í landinu.

Íslenskt náttúrufar, þ.e. veðurfar, eiginleikar innlendra byggingarefna og hætta af náttúruhamförum, gera sérstakar kröfur til íslenskrar mannvirkjagerðar. Úttektir Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins á nokkrum helstu þáttum bygginga hafa nýlega sýnt fram á að vanda þarf mun betur til hönnunar, efnisvals og verkaðferða í byggingariðnaði en tíðkast hefur á síðustu áratugum. Hér er annars vegar um vandamál að ræða, sem skiptir tugmilljörðum í verðmætum vegna aukins viðhalds og skemmri endingar. Hins vegar er um tækifæri að ræða fyrir tæknivæddan iðnað, sem getur markvisst hagnýtt sér rannsóknarniðurstöður og þróað afurðir og tækni (þar á meðal samsetningu á byggingarstað), sem mæta þeim kröfum, sem gerðar eru vegna íslenskra aðstæðna og um leið aukið framleiðni og dregið úr vinnuaflsþörf svo og sveifluáhrifum innan þessa atvinnusviðs.

Hér er um dæmigert samstarfsverkefni að ræða fyrir stofnanir, samtök og iðnfyrirtæki og er sjálfsagt að beita opinberri innkaupastefnu til að styðja þessa þróun eftir föngum. Viðleitni Húsnæðismálastofnunar til að hafa áhrif á tækniþróun í byggingu íbúðarhúsnæðis er upphafið að starfi í þessa átt og þarf að eflast.

Ein hindrun í vegi eðlilegrar þróunar til verksmiðjuframleiðslu húsa og húshluta er álagning söluskatts á vinnuþátt verksmiðjuframleiðslu, sem ekki er söluskattskyld, ef hún er framleidd á byggingarstað. Þessa mismunun þarf að afnema. Í frumvarpi, sem nú er fyrir Alþingi (mál 217, 100. löggjafarþing), er gert ráð fyrir afnámi söluskatts af vinnuþætti í verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum. Þetta þyrfti að ná til annarra tegunda mannvirkja,

t.d. verksmiðjuhúsnæðis, sem unnt er að framleiða í stöðluðu formi innanlands. Þá þyrfti einnig að skoða þetta mál í víðara samhengi. Þannig eru í gildi ýmiss konar ákvæði og starfsreglur, sem mismuna milli ólíkra byggingaraðferða. Þessi atriði þarf að taka til gagngerrar athugunar í heild.

Fyrir utan þær sérstöku tillögur, sem fram koma í ofangreindri ályktun, er skoðun samstarfsnefndarinnar að efla þurfi almennar rannsóknir í þágu mannvirkjagerðar á Íslandi með hliðsjón af þeim þjóðfélagslegu og náttúrufarslegu aðstæðum, sem hér ríkja. Tekur nefndin undir þær áherslur, sem fram koma í langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um þróun Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

3.9 **Fjárveitingar til iðnaðarmála**

Ályktun:

Samstarfsnefnd um iðnþróun telur það augljóst undirstöðuatriði fyrir allar aðgerðir til stuðnings iðnaði, að tryggt verði fjármagn til málefna hans og að hann a.m.k. njóti jafnræðis við aðra undirstöðuatvinnuvegi að þessu leyti. Leggur nefndin til, að árið 1980 verði honum tryggðar fjárveitingar í samræmi við það aukna undirstöðuhlutverk, sem honum er ætlað í stefnutillögum þessum og stefnt að því, að heildarfjármagn til nýsköpunarviðleitni (að undanskilinni fjárfestingu og verkmenntun) verði a.m.k. 2,5% af vinnsluvirði iðnaðar á ári. Verði þessu marki náð á næstu 4 árum.

Greinargerð:

Á töflum 3.7 og 3.8 er sýnd þróun fjármagns til hinna ýmsu málefna atvinnuveganna á fjárlögum áranna 1974-1979. Á myndum 3.1 og 3.2 eru svo sýndar niðurstöðutölur fjárveitinga ríkisins til stofnana og sérstakra viðfangsefna atvinnuveganna annars vegar og lánasjóða atvinnuveganna hins vegar. Þá eru þessi framlög sýnd sem hlutfall af fjárlögum á mynd 3.3 og í formi vísitölu frá 1973 miðað við vísitöluna 100 það ár fyrir hverja grein sérstaklega.

Af öllu þessu sést berlega, að talsvert vantar á, að iðnaðurinn standi jafnfætis öðrum atvinnuvegum um fjárframlög. Vekur það ekki síst athygli, að framlög til iðnaðar sem hlutfall af fjárlögum fara verulega lækkandi á þessum tíma, eða úr 0,8% 1973 í 0,46% 1979. Þegar taldar eru allar fjárveitingar til stofnana og málefna, sem varða þróun atvinnuveganna (lánasjóðir, skólar, rekstrarstyrkir, niðurgreiðslur, en framlög til fyrirtækja undanskilin), þá hafa framlögin 10,5 faldast frá 1973 til 1979 hjá sjávarútvegi, 8,5 faldast hjá landbúnaði, en ekki nema 6 faldast í iðnaði, þrátt fyrir tilkomu jöfnunargjaldsins árið 1979.

Ennþá óhagstæðari mynd gefur samanburður á framlögum til lánasjóða atvinnuveganna. Þar hafa framlög til lánasjóða sjávarútvegs tuttugu og fjórfaldast, tífaldast til landbúnaðar, en aðeins fjórfaldast til lánasjóða iðnaðarins. Framlögin til þessara sjóða voru svipuð hjá öllum þessum atvinnuvegum árið 1973.

Tafla 3.7 Framlög til landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar á fjárlögum 1974-1979. Þús. kr.

A. LANDBÚNAÐUR Málefni:	1974	1975	1976	1977	1978	1979
Búnaðarfélag Íslands	48.821	75.474	92.626	131.694	181.511	293.410
Veiðistjóri	7.328	7.815	14.049	17.813	26.748	38.068
Rannsóknastofn. landbún.	56.124	117.313	154.993	224.230	324.518	476.966
Landgræðsla	40.764	194.643	284.050	381.803	488.134	715.223
Landnám ríkisins	48.645	73.649	77.990	92.782	100.600	86.782
Mat á landb.afurðum	1.276	1.776	2.162	5.869	10.904	17.112
Sauðfjárveikivarnir	17.911	24.230	28.476	43.026	58.527	88.871
Verðl.nefnd landb.afurða	1.674	2.185	2.620	3.877	6.913	11.190
Veiðimálaskrifstofan	18.386	25.927	28.085	36.401	72.913	102.122
Land., framl. (án framl. til sjóða og útfl.bóta)	298.045	382.900	537.248	1.000.025	1.240.880	1.634.756
Ýmis starfs. á sviði landbúnaðarmála	11.187	37.562	39.528	105.031	76.749	51.189
Alls	550.161	943.474	1.261.827	2.042.551	2.588.397	3.515.689
Hækkun f.f. ári	(33.9%)	(71.5%)	(33.7%)	(61.9%)	26.7%)	(35.8%)
Lánasjóðir og aðrir sjóðir						
Landgræðslusjóður	5.133	15.500	15.351	20.378	19.380	19.380
Stofnl.d. landbúnaðar	121.000	202.000	293.550	392.200	490.700	643.500
Framleiðnisj. landb.	30.000	30.000	33.250	34.440	34.440	31.040
Veðdeild Búnaðarb.	7.000	10.000	11.400	11.400	11.400	10.300
Alls	163.133	257.500	353.551	458.418	555.920	704.220
Hækkun f.f. ári	(134.8%)	(51.7%)	(42.8%)	(29.7%)	(21.3%)	(26.7%)
Heildarframlög til landb.	713.294	1.200.974	1.615.378	2.500.969	3.144.317	4.219.909
Lækkun f. f. ári	(48.5%)	(68.4%)	(32.6%)	(54.8%)	(25.7%)	(34.2%)

Hér eru ekki meðtaldir liðir eins og búnaðarskóli, yfirdýralæknir, Skógrækt ríkisins, jarðeignir og Jarðeignasjóður ríkisins, og ekki niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum og útflutningsbætur.

Í þús.kr.	1978	1979
Niðurgreiðslur	6.831.000	18.902.900
Útflutningsuppbætur	2.963.000	5.337.000

Ýmis framlög, sundurliðun:

Fyrirhleðsla og landþurrkun	56.800
Jarðræktar- og húsagerðasamþykktir	13.000
Búfjártryggingar	200
Nautgripasambönd	500
Mjólkurbú	2.000
Einangrunarstöð holdanauta	12.976
Jarðræktarframlög	1.100.979
Framræsla	260.000
Búfjárrækt	188.301
	1.634.756

B. SJÁVARÚTVEGUR	1974	1975	1976	1977	1978	1979
Málefni:						
Fiskifélag Íslands	22.979	36.903	44.395	65.661	95.492	157.164
Hafrannsóknastofnun	188.326	301.288	387.795	619.999	851.219	1.265.524
Rannsóknast. fiskiðnaðar	32.119	46.556	63.497	94.121	148.957	230.096
Fiskmat ríkisins	49.360	67.434	104.016	168.764	246.073	430.415
Síldarmat ríkisins	4.247	5.488				
Verðlagsráð sjávarútv.	4.011	5.355	6.189	9.722	16.288	27.479
Bygg.sj. Hafranns.skips	31.638	33.055	57.767	86.753	74.385	116.433
Bygg. ranns.stofnana sjávarútvegs	5.690	6.458	6.601	11.658	16.530	14.632
Ýmisl. á sviði sjávarútv. (án framl. til sjóða eða greiðslna v. rekstrarhalla togara og verðuppbóta á línufiski)	9.068	11.770	15.781	189.519	349.357	299.118
Alls	347.438	514.307	686.041	1.246.197	1.798.301	2.540.861
Hækkun frá f. ári	(34.6%)	(48.0%)	(33.4%)	(81.7%)	(44.3%)	(41.3%)
Lánasjóðir og aðrir sjóðir						
Aflatryggingasjóður	54.063	102.290	113.691	164.500	274.500	480.300
Fiskveiðasjóður	210.000	312.000	380.000	493.000	803.000	1.275.500
Alls	264.063	414.290	493.691	657.500	1.077.500	1.755.800
Hækkun frá f. ári	(257.5%)	(56.9%)	(19.2%)	(33.2%)	(63.9%)	(63.0%)
Heildarframlög til sjávarútvegs	611.501	928.597	1.179.732	1.903.697	2.875.801	4.296.661
Hækkun frá f. ári	(84.2%)	(51.9%)	(27.0%)	(61.4%)	(51.1%)	(49.4%)

Hér eru ekki meðtaldir liðir eins og Síldarverksmiðjur ríkisins eða Skrifstofa Rannsóknastofnana atvinnuveganna, né heldur uppbætur á línufisk og greiðslur vegna rekstrarhalla togara.

	1978	1979
Verðuppbætur á línufisk (ekki meðtaldar	60.000	40.000

Sundurliðun á ýmis framlög til sjávarútvegs:

Fiskileit og fiskvinnslutilraunir	150.000	150.000
Sjóvinnunámskeið og skólabátar	4.200	7.000
Eftirlit með hvalvinnslu	283	391
Veiðieftirlit	44.174	70.427
Viðgerðarþjónusta á fiskileitartækjum	700	700
Vátryggingarsjóður fiskiskipa (nýtt)	150.000	68.100
Fiskvinnslunámskeið		2.500
	349.357	299.118

C. IÐNAÐUR	1974	1975	1976	1977	1978	1979
Málefni:						
Iðnþróunarstofn. Íslands	13.620	22.457	28.400	83.968	107.396	287.152
Rannsóknast. iðnaðarins	19.402	29.508	35.557	53.047	74.454	
Ranns.stofn. bygg.iðn.	21.954	34.210	45.271	61.820	92.845	161.797
Verkstj.námskeið	2.446	3.372	3.995	5.343	8.034	11.837
Stjórnunarnámskeið	1.777	2.307	3.146	4.800	6.692	10.882
Námsk. í stj. vinnuvéla	2.032	2.481	3.194	4.093	5.784	9.671
Útfl.miðst. iðnaðarins	6.000	12.000	13.500	15.000	17.400	20.000
Sölustofn. lagmetis	25.000	25.000	23.750	25.000	-	-
Til þjálfunar og eftirmennt. í iðju og iðnaði	-	-	3.450	7.000	12.000	12.000
Iðja og iðn., framlög[1]	28.625	44.675	59.208	38.875	47.875	117.375
Alls	120.856	176.010	219.471	298.946	372.480	630.714
Hækkun frá f. ári	(19.2%)	(45.6%)	(24.7%)	(36.2%)	(24.6%)	(69.3%)
Lánasjóðir						
Iðnlánasjóður	50.000	50.000	50.000	150.000	250.000	270.000
Iðnrekstrarsjóður	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000
Norræni iðnaðarsj.		2.650	3.700	4.200	4.200	-
Alls	100.000	102.650	103.700	204.200	304.200	320.000
Hækkun frá f. ári	(31.6%)	(2.7%)	(1.0%)	(96.9%)	(49.0%)	(5.2%)
Heildarframlög til iðnaðarmála	220.856	278.660	323.171	503.146	676.680	950.714
Hækkun frá f. ári	(24.5%)	(26.2%)	(16.0%)	(55.7%)	(34.5%)	(40.5%)

Hér eru ekki meðtaldir liðir eins og framlög til iðn- eða tækniskóla né til Gutenberg, Síldarsíldar, Þörungaverksmiðju og Járnblendiverksmiðju.

[1] Sundurliðun: Iðja og iðnaður, framlög:


	1978	1979
Iðnráð	1.250	1.250
Heimilisiðnaðarfél.	125	125
Til eflingar iðnþr. og tækninýjunga	22.000	22.000
Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað	10.000	10.000
Iðnkynning	6.500	
Ullar- og skinnaverkefni	8.000	8.000
Til iðnþróunar		76.000
	47.875	117.375

Tafla 3.8 Samanburður á framlögum til atvinnuveganna sem hlutfall af fjárlögum

	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
Fjárlagaupphæð (m.kr.)	21.970	29.402	47.226	58.857	89.957	139.496	208.951
Vísitala frá 1973	100	134	215	268	409	635	951
Hækkun milli ára		33.8%	60.6%	24.6%	52.8%	55.1%	49.8%
Landbúnaður							
Framlög á fjárlögum (m.kr.)	480	713	1.201	1.615	2.501	3.144	4.220
Hlutfall af fjárl. %	2.18	2.43	2.54	2.74	2.78	2.25	2.02
Vísitala frá 1973	100	149	250	336	521	655	879
Hækkun milli ára		48.5%	68.4%	32.6%	54.8%	25.7%	34.2%
Sjávarútvegur							
Framlög á fjárlögum (m.kr.)	332	611	929	1.180	1.904	2.876	4.297
Hlutfall af fjárlögum %	1.51	2.08	1.97	2.00	2.12	2.06	2.06
Vísitala frá 1973	100	184	280	355	573	866	1294
Hækkun milli ára		84.2%	51.9%	27.0%	61.4%	51.1%	49.4%
Iðnaður							
Framlög á fjárlögum (m.kr.)	177	221	279	323	503	677	951
Hlutfall af fjárlögum %	0.81	0.75	0.59	0.55	0.56	0.49	0.46
Vísitala frá 1973	100	125	157	182	284	381	536
Hækkun milli ára		24.5%	26.2%	16.0%	55.7%	34.5%	40.5%


MYND 1.

FRAMLÖG Á FJÁRLÖGUM TIL STOFNANA OG MÁLEFNA ATVINNUVEGANNA.




MYND 2.

VÍSITALA RÍKISFRAMLAGA TIL STOFNANA OG MÁLEFNA ATVINNUVEGANNA. 1973 = 100.




RÍKISFRAMLÖG SEM HLUTFALL AF FJÁRLÖGUM.



MYND 3.

FRAMLÖG Á FJÁRLÖGUM TIL LÁNASJÓÐA ATVINNUVEGANNA.



Tafla 3.9 Breyting á framlögum ríkisins til lánasjóða atvinnuveganna

	1973 þús.kr.	1974 þús.kr.	Hlutfall 1979/1973
Lánasjóðir sjávarútvegs	73.875	1.155.800	23,76
Lánasjóðir landbúnaðar	69.481	704.220	10,13
Lánasjóðir iðnaðar	76.000	320.000	4,2

Ekki verður séð, hvernig þessi þróun getur með nokkru móti samrýmst því umtali, sem hér á landi hefur orðið um áhuga á iðnþróun og nauðsyn þess að hlúa að iðnaðinum á aðlögunar- og umbrotaskeiði. Í þessum tölum hlýtur í reynd að koma fram, hvaða áherslu stjórnvöld leggja á iðnþróun, hvaða fyrirheit annars kunna að vera gefin. Breytt stefna í þessum efnum hlýtur því að teljast undirstöðuatriði sé alvarlega hugsað um að móta virka iðnþróunarstefnu.

Með tilvísun til erlendrar reynslu má reikna með, að fjármagn til nýsköpunarviðleitni í atvinnuvegi, þ.e. án fjárfestinga og án kostnaðar af menntakerfi, þurfi að vera um 3% af virðisaukningu í greininni. Þar sem framlag ríkisins er langstærsti hlutinn af slíku fjármagni hérlendis, er við hæfi, að sá þáttur miðist við hlutfallið 2,5% af virðisaukningu. Á töflu 3.10 er sýnt framlag á fjárlögum til almennra iðnaðarmála og til Iðnrekstrarsjóðs, en ef framlagi til Iðnlánasjóðs er sleppt sést, að hlutfall þetta hefur verið á bilinu 1,08% niður í 0,65% af vinnsluvirði í iðnaði. Er þá framlag til byggingarannsókna tekið með, en vinnslu-

virði byggingariðnaðar á hinn bóginn ekki. Samkvæmt þessu ber að stefna að því, að framlög til þessara þátta rúmlega þrefaldist frá því sem nú er. Leggur samstarfsnefndin til, að þessu marki verði náð í áföngum á næstu 4 árum.

Tafla 3.10 Samanburður á vinnsluvirði iðnaðar og fjárveitingum til nýsköpunar í iðnaði (án fjárfestinga)

	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
Til iðnaðarmála almennt	101,4	120,8	176,0	219,5	298,9	372,5	630,7
Iðnrekstrarsjóður	50	50	50	50,0	50	50,0	50
Alls	151,4	170,8	236,0	269,5	348,9	422,5	680,7
Vinnsluvirði iðnaðar	13.976	20.959	25.048	35.110	46.000*	65.000*	90.000*
	1,08	0,81	0,94	0,66	0,76	0,65	0,75

* Áætlaðar tölur

3.10 Opinber innkaup

Ályktun:

Samstarfsnefnd um iðnþróun leggur til, að tekin verði nú þegar upp sú stefna af hálfu hins opinbera að beina markvisst opinberum innkaupum til innlendra framleiðslu- og þjónustufyrirtækja innan ramma raunhæfs samanburðar á verði og gæðum. Opinber innkaup verði skipulögð, þannig að þau geti stuðlað að vöruþróun, nýsköpun og vexti í innlendum iðnaði.

Greinargerð:

Það er löngu viðurkennt erlendis að það er þjóðhagslega hagkvæmt, að hið opinbera kaupi þær vörur og þjónustu, sem það þarf frá fyrirtækjum síns heimalands. Hér er um mikilvægan efnahagslegan hvata í form sérstakrar eftirspurnar að ræða, sem valdið getur miklu um vöxt og afkomu einstakra fyrirtækja og um efnahagsleg margfeldisáhrif, sem af starfsemi þeirra leiðir. Þá hefur verið sýnt fram á, að vegna skatttekna og efnahagslegra hliðaráhrifa geti verið hagstætt fyrir ríkið að kaupa af innlendum fyrirtækjum, jafnvel þótt verðið frá þeim sé allt að 20-30% hærra en verð erlendra samkeppnisvara.

Að vísu er gert ráð fyrir því í EFTA og EBE samningum að almennt sé ekki beinlínis mismunað milli innlendra og erlendra fyrirtækja, en bæði eru margar mikilvægar undanþágur frá þeirri reglu og jafnframt eru innkaupareglur, svo og margs konar ívilnanir, víða með þeim hætti að í reynd er um verulega mismunun að ræða. Í Bandaríkjunum er þó gengið hvað lengst og er mjög erfitt fyrir erlend fyrirtæki að selja opinberum aðilum í Bandaríkjunum vörur eða þjónustu.

Nýlega hefur nefnd, sem skipuð var af iðnaðarráðherra árið 1977, skilað áliti um stefnumótun varðandi opinber innkaup. Er hér stuðst við álit hennar.

Lagt er til, að tekin verði upp virk opinber innkaupastefna, sem styðji við iðnþróun. Sú stefna getur falist í mjög margvíslegum aðgerðum og er hér drepið á nokkrar hinar helstu.

1. Ráðinn verði sérstakur starfskraftur til Innkaupastofnunar ríkisins, sem starfi samkvæmt sérstöku umboði og starfsreglum, sem miði að því að koma á virku upplýsingastreymi milli stofnana og fyrirtækja ríkisins og innlendra framleiðslufyrirtækja um ríkiskaupin. Ennfremur fái hann það hlutverk að hafa áhrif á hönnun og útboðsgerð, þannig að hún verði við hæfi íslenskrar iðnaðarframleiðslu, að því er varðar stærð, greiningu verkþátta, tryggingarskilmála og skilafresti. Hefði hann t.d. forgöngu um fundi með innlendum fyrirtækjum og skýrði fyrir þeim væntanlegar framkvæmdir og innkaup og gæfi aðrar almennar upplýsingar um opinber innkaup.

2. Á móti þessu þarf að koma virkt upplýsingastreymi af hálfu samtaka iðnaðarins til opinberra aðila um getu og möguleika íslensks iðnaðar. Bent er á útgáfu lausblaðabókar um fyrirtæki og vöruúrval þeirra. Jafnframt verði mikil áhersla á það lögð við íslensk fyrirtæki, að kröfum um gæði og afhendingartíma sé fullnægt.

3. Tekin verði upp sérstök skráning á öllum innkaupum ríkisins á vörum, þjónustu og verklegum framkvæmdum, þannig að fyrir liggi, hver stærð og samsetning ríkismarkaðarins er. Skráning verði í því formi, sem hentað geti, sem leiðbeining fyrir vöruþróun og nýframleiðslu. Reynist þetta of viðamikið, mætti hafa forgangsáherslu á þeim vörutegundum, sem hægt væri að framleiða hér og þegar eru framleiddar.

4. Settar verði fastari reglur um innkaup á vegum ríkisstofnana, m.a. með **því að samræma þau og nota meira en hingað til lokuð útboð til innlendra aðila, svo og með því að sameina mörg smærri** samkynja innkaup

í stærri og færri innkaup. Mótuð verði stefna um vissan forgang innlendra fyrirtækja á grundvelli þjóðfélagslegrar arðsemi auk beins samanburðar á útboðsupphæð.

5. Reynt verði að staðla innkaup og þarfir hins opinbera (vöru- og þjónustukaupastaðall), þannig að hægt sé að bjóða út mörg smærri innkaup í einu og að með þessu verði stuðlað að vöruþróun, sem komið geti að notum víðar en hjá því opinbera og þannig skapað stærri markað.

6. Lögð verði áhersla á það af hálfu ríkisins að styðja við nýframleiðslu með því að kaupa hana og prófa í notkun eiginleika og notagildi slíkrar framleiðslu framleiðendum að kostnaðarlausu. Í sama skyni verði tekinn upp sá háttur að fela einstökum fyrirtækjum eða fyrirtækjahópum í samvinnu við rannsókna- og þróunarstofnanir að hanna nýjar vörur eða reyna nýjar aðferðir við framleiðslu og framkvæmdir. Í tengslum við þetta starf væri gagnlegt að setja niður sérstakar tækniþróunarnefndir í þeim tilgangi að skilgreina raunhæf og æskileg tækniþróunarmarkmið á breiðum grundvelli, sem síðan yrði unnið að á rannsókna- og tæknistofnunum og ríkisinnkaupum beint að því að styðja það starf síðan.

3.11 Skipulagsmál með tilliti til þarfa iðnaðarins

Ályktun:

Samstarfsnefnd um iðnþróun leggur til, að sveitarstjórnir og samtök sveitarfélaga taki virkan þátt í stefnumótun um uppbyggingu iðnaðar og aðstoði við framkvæmdir á sviði iðnaðar, svo sem við á í hverju tilfelli. Bendir nefndin á eftirfarandi svið, sem sveitarfélög eða landshlutasamtök þeirra þyrftu að gefa gaum að.

1. Skipulag og lóðamál í þágu iðnaðar
2. Skattlagning og gjaldtaka, þ.á.m. gatnagerðargjöld
3. Samgöngumál
4. Stuðningur við nýsköpun í iðnaði
   - stofna til iðnþróunarfélaga
   - veita ábyrgðir
   - styðja við undirbúningsvinnu vegna nýiðnaðar, frumkvæði, fjármagn
   - fjármagna fyrirtæki - þátttaka, fjárhagsstuðningur
   - byggja iðngarða
   - samhæfa þátttöku í framkvæmdum
   - samstarf við opinbera aðila - stofnanir, ráðuneyti.

Greinargerð:

Sveitarstjórnir geta með aðgerðum sínum eða aðgerðarleysi haft margs konar áhrif á þróun iðnaðar og ráða miklu um það starfsumhverfi, sem iðnaðinum er búið, svo sem með starfrækslu margs konar þjónustufyrirtækja, s.s. vatnsveitu, hitaveitu og rafmagnsveitu. Þessu máli tengjast einnig góðar samgöngur, s.s. vegir, hafnir og flugvellir.

Í skipulagi eru ákveðnir ýmsir þættir, er miklu ráða um vöxt og viðgang atvinnulífsins og þarf að taka tillit til þarfa iðnaðarins og þeirra sem við hann starfa.

Helstu atriði, sem huga þarf að í þessum efnum, eru eftirfarandi:

1. Jafnan þurfa að vera fyrir hendi byggingarhæfar lóðir fyrir iðnaðarhúsnæði. Við skipulagningu iðnaðarsvæða verði höfð í huga nauðsynleg tengsl við hafnir, flugvelli og vegakerfi. Einnig verði

skipulagðar lóðir fyrir léttan iðnað inni í íbúðahverfum eða sem næst þeim, þannig að auka megi eðlileg tengsl íbúanna við atvinnulífið og stytta vegalengdir starfsfólks til og frá vinnu.

2. Iðnfyrirtæki þurfa að eiga þess kost að greiða gatnagerðargjöld eftir því sem þau hefja nýja byggingaáfanga.

3. Iðnfyrirtæki eigi kost á nægilega stórum lóðum svo þau geti víkkað út starfsemi sína, án þess að til flutnings þurfi að koma.

Þróun iðnaðar utan stærstu þéttbýlissvæðanna er oft erfiðleikum háð, vegna þess að oft vantar nauðsynlegar aðstæður, til þess að rekstur geti hafist. Þeir einstaklingar, sem hafa hæfileika til forgöngu um slík mál, finna oft ekki raunhæfan grundvöll til að stofna fyrirtæki, vegna þess að ennþá hafa ekki mótast ákveðnir farvegir til að hefja iðnrekstur á sama hátt og gerist í fiskveiðum og fiskvinnslu. Verða málin því oft einstaklingum ofviða áður en til framkvæmda kemur. Hér er því nauðsyn á samfélagslegu átaki til að ryðja brautina og samhæfa þau öfl á hverju svæði, sem geta stuðlað að framkvæmdum með árangri.

Margar leiðir eru til að styðja við framtak um uppbyggingu iðnaðar og fer eftir aðstæðum hvað við á. Til almenns stuðnings við iðnþróun sýnist vænlegt, að sveitarstjórnir hafi forgöngu um að sameina krafta til að gera skipulagsleg átök og hrinda í framkvæmd aðgerðum, sem krefjast samstarfs margra aðila. Gagnlegt gæti verið að hafa forgöngu um að stofna félög um iðnþróun til að draga saman nauðsynlegt fjármagn til undirbúnings-

rannsókna, byggingar iðngarða, fjárfestingar í einstökum fyrirtækjum eða annars forms á fjárhagslegum stuðningi.

Í mörgum tilfellum verður nauðsynlegt að leita umtalsverðs stuðnings frá þjónustustofnunum iðnaðarins, svo og lánasjóðum, sem styðja iðnþróun og getur þá skipt miklu að hafa stuðning sveitarfélaga og forgöngu um samvinnu heima fyrir, þannig að slík aðstoð komi að notum og fari í heilbrigða farvegi.

Í tengslum við gerð iðnþróunaráætlunar fyrir Norðurland hefur mótast allnáið samband milli Fjórðungssambands Norðlendinga annars vegar og Iðntæknistofnunar og Byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins hins vegar með tengslum við Samstarfsnefnd um iðnþróun. Ætti að verða unnt að styðjast við þá reynslu, sem fást mun af því verki varðandi málsmeðferð á öðrum stöðum.

3.12 Orkumál og iðnaður

Ályktun:

Samstarfsnefndin bendir á nauðsyn þess að tengja betur saman en gert er stefnumótun í orkumálum við stefnumótun í málefnum atvinnuveganna. Meginatriði þeirrar stefnumótunar þurfa að varða eftirfarandi atriði:

1. Beislun orkulindanna í nánu samhengi við þróun markaðar og sérstaklega með hliðsjón af möguleikum til nýtingar í atvinnuvegunum.
2. Sérstök könnun á því, hvernig hagkvæmast verði að nýta orkulindirnar, þannig að þær gefi samkeppnisyfirburði fyrir íslenska framleiðslu á innlendum og erlendum markaði.

3. Verðlagningu orku í þeim tilgangi að stuðla að iðnþróun og hagkvæmri nýtingu orkulindanna og orkukerfisins (m.a. til að jafna sveiflur í dægurálagi, árstíðasveiflur og hagnýta afgangsorku í meðalvatnsári, svo og ónotað og ómiðlað vatnsmagn að sumri).
4. Hagnýtingu orku í orkutengdum iðnaði (raforka, jarðvarmi).

Greinargerð:

Íslendingar búa við þær þversagnakenndu aðstæður, að framleiðslukostnaður raforku í stærri orkuverum hér á landi er lágur miðað við framleiðslukostnað á raforku í öðrum löndum og heildsöluverð raforku er a.m.k. sambærilegt við það sem gerist á Norðurlöndum. Hins vegar er fullyrt, að íslenskir raforkunotendur búi við eitt hæsta smásöluverð raforku sem þekkist. Er ljóst, að hinar ríkulegu orkuauðlindir landsins hafa ekki orðið til þess að gefa almennum innlendum iðnaði samkeppnisyfirburði yfir hliðstæðan iðnað erlendis.

Skýringa á þessari þversögn er m.a. að leita í óhagkvæmu og dýru dreifikerfi rafmagns, sem til er komið vegna dreifðrar búsetu og erfiðra náttúruaðstæðna. Einnig kemur til slæm nýting raforkumannvirkja. Þetta á sérstaklega við um vinnslu- og dreifikerfi RARIK, sem valdið hefur erfiðri fjárhagsstöðu fyrirtækisins og leitt til þess, að allar nýframkvæmdir og meiri háttar viðhald er fjármagnað með óhagstæðum lánum. Hefur reynst nauðsynlegt að leggja sérstakt verðjöfnunargjald á selda raforku í landinu til að standa undir þeim kostnaði, sem af þessu hefur leitt. Leiða má sterkar

líkur að því,að um of hafi verið einblínt á byggingu orkumannvirkja út af fyrir sig, en ekki gefinn nægur gaumur að hagkvæmri hagnýtingu orkunnar og með hvaða hætti hún yrði lyftistöng fyrir atvinnulíf í iðnaðinum.

Með hliðsjón af horfum um verðlagningu á orku í heiminum á komandi árum, sem afleiðing af takmörkunum á olíuframleiðslu og samsvarandi verðhækkunum á olíu, svo og horfum um nýtingu kjarnorkunnar, má örugglega gera ráð fyrir því,að þýðing innlendra orkulinda sem samkeppnisgrundvöllur fyrir iðnþróun hérlendis fari vaxandi og fyllsta ástæða til að kanna markvisst með hvaða hætti þetta verði hagnýtt.

Samkvæmt áætlunum Orkustofnunar er tæknilega nýtanlegt vatnsafl um 35-40 TWH* og er áætlað, að hagkvæmt sé að nýta um 20-30 TWH af vatnsafli, allt eftir því hversu afgerandi verði tekið tillit til náttúruverndarsjónarmiða, en jarðvarmi geti jafngilt allt að 80 TWH af raforku. Aðeins lítill hluti þessarar orku hefur enn verið nýttur, eða um 6-8% af tæknilega nýtanlegu vatnsafli og enn minna af tæknilega nýtanlegum jarðvarma.

Miðað við allt það umtal,sem fram fer hér á landi um gildi orkulindanna,og þær rannsóknir,sem nú eru stundaðar á orkunýtingarmöguleikum, virðist alltof lítill gaumur gefinn að nýtingarhliðinni og engar markvissar undirbúningsrannsóknir fara fram á því,hvaða kosti við höfum til að nota hana okkur til gagns. Í kafla 5 um nýsköpun í iðnaði er rætt nokkuð um orkutengdan iðnað og gerðar tillögur um undirbúningsrannsóknir á því sviði.

---

* 1 TWH = terawattstund = 10^9 KWH

Frumathuganir sýna, að innlenda orkugjafa má nota í mun meiri mæli en nú er gert í ýmsum framleiðsluferlum, t.d. eftirfarandi:

Landbúnaður: Jarðvarmi og afgangsorka í heyverkun, grasmjöls- og grasköggla framleiðslu, jarðvarmi og raforka í ylrækt, jarðvarmi í fiskirækt. Sérstök ástæða er til að kanna sumarnýtingu raforku til landbúnaðarnota.

Fiskveiðar: Kanna þarf möguleika á hagnýtingu eldsneytis, sem framleitt er með aðstoð raforku til notkunar á aflvélar fiskiskipa.

Fiskvinnsla: Hægt er að samræma notkun raforku og olíu til að kynda fjarhitunarkerfi í byggðalögum, sem ekki hafa jarðvarma, svo og gufukatla fiskmjölsverksmiðja við svipaðar aðstæður.

Þurrkun skreiðar, smáfisks og saltfisks með jarðvarma er án efa mjög hagstæð leið til nýtingar á jarðvarma og hentaði vel á vissum stöðum á landinu, t.d. Suður- og Suðvesturlandi. Einnig má nota jarðgufu til að knýja "absorptions"-frystikerfi til hraðfrystingar og ísframleiðslu í fiskiðnaði.

Iðnaður: Helstu atriði, sem til athugunar koma varðandi orkunýtingu í iðnaði, eru:

- rafmagn í rafgreiningu (ál, magnesíum, títaníum, vetni, o.fl.)
- rafmagn í rafbræðslur (málmar, basalt, steinull, mullit, korundum, járnsteypur)
- rafbræðsla á hráefni til sementsgerðar
- blönduð kerfi rafmagns og olíu til gufuframleiðslu
- jarðvarmi í sjóefnavinnslu (salt, magnesíumklóríð, o.fl.)

- jarðvarmi til hitunar, þurrkunar og frystingar í ýmsum framleiðsluferlum
- jarðvarmi og raforka til þungavatnsvinnslu

- notkun raforku í úrvinnslu á áli eða magnesíum, málmsteypur, o.fl.
- notkun raforku í smáiðnaði, t.d. bakstur, leirbrennsla, plasthersla, o.fl.

Samgöngur: Möguleikar á nýjum fljótandi eða loftkenndum orkugjöfum, svo sem metanól, vetni eða ammoníaki til notkunar í brennsluhreyflum eða eldsneytisrafhlöðum. Rafmagnsbifreiðar til aksturs á styttri vegalengdum gætu haft þýðingu hérlendis, þ.á.m. rafknúnir strætisvagnar.

Híbýlahitun og umhverfisprýði: Jarðvarmi verður varla nýttur á hagstæðari hátt en til híbýlahitunar, þar sem varminn er notaður við lágt hitastig með tiltölulega litlum flutningstöpum. Líklegt er, að jarðvarmi verði nýttur í æ ríkari mæli til ýmiss konar umhverfisprýði, upphitunar á yfirbyggðum almenningssvæðum og götum, gangstéttum, glerskálum og gróðurhúsum við heimahús, o.s.frv.

Samstarfsnefndin leggur áherslu á, að hagkvæm nýting orkulindanna mun ekki takast, nema markvisst sé unnið að því og stundaðar séu þær undirbúningsrannsóknir, sem nauðsynlegar eru til að leiða arðbærustu nýtingarmöguleikana í ljós.

3.13 Samgöngumál

Ályktun:

Samstarfsnefndin bendir á, að með góðri skipulagningu, hnitmiðaðri fjárfestingu og hagnýtingu nútímatækni má auka hagkvæmni samgöngukerfisins verulega og draga úr flutningskostnaði. Þetta getur haft úrslitaáhrif á

þróun iðnaðar víða á landsbyggðinni. Telur nefndin, að nú þegar ætti að endurskoða stefnu í uppbyggingu og skipulagi samgöngukerfisins með þetta í huga og leggja áherslu á að flýta þeim aðgerðum, sem hafa skjót áhrif til úrbóta.

Greinargerð:

Ljóst er, að í strjálbýlu og torfæru landi skiptir hagkvæmni samgöngukerfisins miklu máli, ekki síst fyrir aðflutninga og dreifingu framleiðsluvöru iðnaðar. Flutningakerfið skiptist í þrjá höfuðþætti, flutninga á landi, á sjó og í lofti. Hver þessara greina hefur ákveðna yfirburði við sín hagstæðustu skilyrði. Hér á landi er flutningakerfið enn mjög ófullkomið og endurbætur á því eru mjög dýrar. Tvisvar hefur verið gerð heildarúttekt á samgöngukerfinu, í bæði skiptin af erlendum sérfræðingum í samráði við innlenda aðila. Í báðum tilfellum var lögð áhersla á, að við uppbyggingu kerfisins yrði að taka mið af bestu eiginleikum samgönguþáttanna og miða framkvæmdir við, að þeir nýttust. Slík samræming í framkvæmdum hefur ekki enn farið fram, þótt stjórnvöld hafi haft mannafla til að gera slíkar samræmdar áætlanir.

Árið 1973 var skipuð nefnd til að athuga og gera tillögur um verðjöfnun vöruflutninga innanlands. Nefndin skilaði áliti í október 1976, þar sem hún lagði til að fallið yrði frá hugmyndum um verðjöfnun en í þess stað stuðlað að aukinni hagkvæmni samgöngukerfisins og þannig m.a. dregið úr flutningskostnaði.

Í nóvember 1977 lagði Skipaútgerð ríkisins fram áætlun um breytingar á rekstri fyrirtækisins og endurnýjum á skipaflota þess. Var þar lagt til, að tekin yrði upp

ný tækni í þessum flutningum, svonefnd "roll-on-roll-off" tækni, sem styttir afgreiðslutíma skipanna mjög og eykur þar með nýtingu þeirra til muna. Er nú verið að hanna skip eftir þessum hugmyndum.

Hjá Framkvæmdastofnun ríkisins hefur og verið fjallað um möguleika á að stórauka nýtingu bifreiða í fólks- og vöruflutningum með því að koma upp kerfi fólks- og vöruflutningamiðstöðva í landinu, m.a. í tengslum við skipulagsbreytingar á sjóflutningum.

Að undanförnu hefur verið reynt að auka flugþjónustu með því að kaupa til landsins smærri flugvélar en Fokker F-27, en sem eru tiltölulega mjög hagkvæmar í rekstri og afkastamiklar og sem hafa mjög litla brautarþörf í flugtaki sem lendingu og geta,m.a. vegna afls og lágs aðflugshraða, flogið við mjög erfið skilyrði. Eiga þessar vélar að geta á hagkvæman hátt þjónað smærri stöðum í tengslum við flug á aðalflugleiðum. Hins vegar hefur uppbygging flugvalla og flugöryggiskerfis ekki verið í takt við þessa uppbyggingu flugflotans.

Í stuttu máli má segja að tækninýjungar, sem nú standa til boða,og skynsamleg heildarskipulagning samgöngukerfisins gætu að öllum líkindum aukið verulega hagkvæmni þess og lækkað flutningskostnað verulega í hlutfalli við annan kostnað. Þetta hefur þegar gerst í öðrum löndum og á heimsmarkaði í verulegum mæli svo þarna er að hluta um þekktar stærðir að ræða.

3.14 Verðlagning innlendra hráefna

Ályktun:

Samstarfsnefndin áréttar nauðsyn þess að íslenskur iðnaður fái innlend hráefni keypt á sama verði og hliðstæð fyrirtæki erlendis, þannig að miðað sé við

heimsmarkaðsverð. Á hinn bóginn leggur nefndin áherslu á, að verðlagning ullar og skinna miðist einnig við gæði, enda sé þá miðað við verð„sem unnt væri að ná við útflutning á sömu vöru.

Greinargerð:

Mikilvæg iðnaðarhráefni koma frá landbúnaði, m.a. ull, skinn, þurrmjólk. Er ákvörðun um verð á þeim formlega í höndum verðlagsráðs landbúnaðarins og engar fastar reglur um það hvernig verð á þessum afurðum skuli ákveðið. Við inngöngu Íslands í EFTA var Félagi íslenskra iðnrekenda lofað af íslensku ríkisstjórninni,að framleiðendur fengju innlend hráefni "á eigi hærra verði en ríkjandi er á heimsmarkaði". Á því hefur þó orðið verulegur misbrestur, m.a. vegna misjafnra upplýsinga eða túlkunar á því,hvernig heimsmarkaðsverð skuli ákveðið og vegna mismunandi skilnings á tilgangi niðurgreiðslna á ull.

Þannig sýndi könnun, sem Útflutningsmiðstöð iðnaðarins lét gera í janúar 1978, að íslenskar ullarverksmiðjur greiddu 15,9% hærra verð fyrir ullina en verksmiðjur í Noregi, en sú ull„sem þar var miðað við,er talin sambærileg.

Þurrmjólkurduft hefur einnig verið verðlagt miðað við innlendar aðstæður og án tengsla við heimsmarkaðsverð. Sælgætisframleiðendur hafa þó fengið endurgreiðslu á mismuninum eftir á. Kexgerð hefur hins vegar ekki notið niðurgreiðslna.

Þörf er á því,að settar séu fastar reglur um það,hvernig heimsmarkaðsverð á þessum vörum sé fundið, og að fyrirtækjum sé tryggður beinn aðgangur að þessum hráefnum á því verði og án þeirrar fjárbindingar„sem endurgreiðsluforminu fylgir.

Árið 1975 var að tillögu Iðnþróunarnefndar, Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins og Félags íslenskra iðnrekenda ákveðið að færa hluta af kjötniðurgreiðslum þannig til innan verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða (sauðfjárafurðir), að bændur fengju stærri hluta af tekjum sínum af ullinni, en heldur minni af kjötframleiðslunni, en fengju þó sömu reiknuðu heildartekjur eftir verðlagsgrundvelli. Þannig var með lítils háttar lækkun á kjötverði til bænda hægt að fá hærra reiknað verð á ull til bænda og hvetja þannig til betri ullarhirðu. Þetta hefur gefist mjög vel og ullarhirða og árleg skil batnað ár frá ári.

Verðið til bænda er þó í engum beinum tengslum við heimsmarkaðsverð (þ.e. verð til iðnaðarins). Nýlega hefur sá hrapallegi misskilningur komið upp, að verð á ull sé greitt niður til iðnaðar og er nú farið að takast á um, hversu mikið eigi að greiða ullina niður, eins og verðið til bænda væri hin ákvarðandi stærð. Hér er um svo alvarlegan misskilning að ræða, að hann verður að leiðréttast og má það gerast á eftirfarandi hátt:

1. Heimsmarkaðsverð á að vera ákvarðandi verð til iðnaðar. Jafnframt þarf sú tala að vera lögð til grundvallar í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða.
2. Heildarupphæð niðurgreiðslna vegna verðlags og vísitölustefnu er hins vegar pólitísk ákvörðun, sem stjórnvöld ákveða sérstaklega. Hún hefur að sjálfsögðu ekki áhrif á afurðaverð til bænda.
3. Verð á kjöti til bænda í sauðfjárhluta verðlagsgrundvallar ákveðst af sexmannanefnd m.v. tekjutryggingu bænda. Ullarverð á þá að miðast við heimsmarkaðsverð.

4. Eftir að ákvörðun ríkisstjórnar um niðurgreiðslur á kjöti liggur fyrir, getur sexmannanefndin ákveðið að færa hluta niðurgreiðslna á kjöti yfir á ullina, þannig að verð hennar til bænda hækki og betra samræmi náist í verði á ull og kjöti (t.d. svipað kílóverð samkvæmt gamalli reynslu). Verðið á kjöti til bænda þarf þá að lækka lítillega samsvarandi, til að heildarupphæð niðurgreiðslna raskist ekki og leiði þannig til óþarfa tekjuöflunarvandamála hjá ríkissjóði. Þannig hækka tekjur af ull reikningslega í heild jafnmikið og þær lækka af kjöti.

Lögð er áhersla á, að þessi tilfærsla er algjörlega tilbúin vegna eðlis verðlagsgrundvallar og á ekkert skylt við verðlagninguna til iðnaðar. Hún á heldur engin áhrif að hafa á:

- verð til neytenda á kjöti
- heildarupphæð niðurgreiðslna úr ríkissjóði
- heildartekjur bænda samkvæmt verðlagsgrundvelli

Mikilvægt er, að aðilar málsins skilji eðli þess. Dæmi um það, hvernig verðlagsgrundvöllur landbúnaðar (sauðfjárafurðir) lítur út fyrir og eftir slíka tilfærslu á niðurgreiðslum frá kjöti yfir á ull sést á töflu 3.11. Dæmið er tekið úr verðlagsgrundvellinum frá 1. júní 1975.

Enda þótt hér sé lögð áhersla á heimsmarkaðsverð á ull og skinnum, er þó ekki átt við, að ekki skuli tekið tillit til gæða og sérkenna þessara íslensku afurða í þeim mæli, sem þau koma til góða í framleiðslunni og unnt væri að fá metið í alþjóðlegum viðskiptum. Jafnframt er nauðsynlegt, að fyrirkomulag millifærslu á niðurgreiðslum viðhaldi eðlilegum verðmun milli gæðaflokka og hvetji til bættrar hirðu og ræktunar.

Tafla 3.11 Sauðfjárafurðir: Verðlagsgrundvöllur 1. júní, 1975
(180 fjár)

	Verðlagsgrund-völlur skv. ákv. verðlagsráðs	Breyttur grundvöllur
(1) Kjöt, alls í kr.	913.746	857.966
Hlutur kjöts í afurðaverði %	82,4	77,4
Kjötverðmæti á hvert ærgildi í kr.	5.076	4.766
Meðalverð kr/kg til bænda	311	292
Meðalniðurgreiðslur kr/kg	181	162
1. verðflokkur kr/kg til bænda	349	328
1. verðflokkur, niðurgreiðsla kr/kg	198	177
1. verðflokkur, heildsöluverð kr/kg	226	226
(2) Ull, alls í kr.	39.120	94.900
Hlutur ullar í afurðaverði %	3,5	8,5
Ullarverðmæti á hvert ærgildi í kr.	217	527
Meðalverð kr/kg til bænda	120	292
Meðalniðurgreiðslur kr/kg		172
(3) Gærur alls í kr.	93.151	93.151
Hlutur gæru í afurðaverði %	8,4	8,4
Gæruverðmæti á hvert ærgildi í kr.	518	518
Verð kr/kg	158	158
(4) Slátur alls í kr.	63.043	63.043
Hlutur sláturs í afurðaverði %	5,7	5,7
Sláturverðmæti á hvert ærgildi	350	350
Sauðfjárafurðir, alls í kr.	1.109.060	1.109.060
Sauðfjárafurðir á hvert ærgildi í kr.	6.161	6.161

Heildarupphæð niðurgreiðslna úr ríkissjóði til verðlagsgrund-vallarbús vegna sauðfjárafurða		
Fyrir kjöt 2.942 kg í kr.	532.502	476.604
Fyrir ull 325 kg í kr.		55.900
	532.502	532.504

4. AÐGERÐIR INNAN FYRIRTÆKJA

4.0 Almennt

Það er skoðun Samstarfsnefndar um iðnþróun að markvisst þurfi að efla innviði fyrirtækjanna sjálfra með fjölþættum aðgerðum og hefja þau upp á hærra þróunarstig, bæði að því er varðar rekstrarhætti og framleiðni, svo og aðbúnað hið ytra sem innra.

Í eftirfarandi verður gerð grein fyrir nokkrum helstu þáttum þess máls og settar fram tillögur í þeim efnum.

4.1 Framleiðniaukning

Ályktun:

Samstarfsnefnd um iðnþróun leggur til, að gert verði átak til að auka framleiðni íslenskra iðnfyrirtækja með samræmdri aðstoð opinberra sjóða, þjónustustofnana iðnaðarins og samtaka iðnaðarins, svo og aðgerðum af hálfu hins opinbera til að bæta aðbúnað iðnaðarins samkvæmt tillögum í kafla 3.

Greinargerð:

Eins og fram kemur í kafla 1, er eitt af vandamálum íslensks iðnaðar í vaxandi alþjóðlegri samkeppni mun lægri framleiðni, þ.e. virðisauki á hvern starfsmann og jafnframt hægari framleiðniaukning en víðast gerist erlendis. Hluti þessa mismunar skýrist hugsanlega með því, að hérlendis er þáttur fjármagns í vinnsluvirðinu hlutfallslega lágur, því yfirgnæfandi meiri hluti vinnuaflsins starfar í fyrirtækjum með litla fjárfestingu að baki. Á hinn bóginn eru fyrirtækin einnig fæst búin að ná því stigi rekstrar- og framleiðsluhagræðingar, sem erlendis gerist í hliðstæðum fyrirtækjum. Enginn vafi er á því að unnt er að ná verulegum árangri með

markvissu átaki í þessum efnum, sem felur í sér skipulegar aðgerðir í hinum ýmsu greinum iðnaðarins. Aukin framleiðni er raunar ein af forsendum þess að innlendur iðnaður fái staðist samkeppni við innflutning og nái fótfestu á mörkuðum erlendis.

Stjórnun sem virkur þáttur í starfsemi fyrirtækja hefur löngum verið vanræktur og hafa Íslendingar orðið seinni til en nágrannaþjóðirnar að tileinka sér undirstöðuatriði stjórnunartækni í fyrirtækjarekstri. Þó hefur breyting orðið á þessu á undanförnum árum, m.a. fyrir tilstilli fræðslustarfs á vegum Stjórnunarfélags Íslands og með vaxandi starfi rekstrarráðgjafa. Sérstaklega hefur gefist vel tækniaðstoð við einstakar greinar iðnaðar á vegum þjónustustofnana iðnaðarins, Iðnþróunarnefndar 1973-1975, Iðnþróunarsjóðs og á vegum samtaka iðnaðarins. Þá hefur straumur viðskiptafræðinga með góða undirstöðumenntun í stjórnunarfræðum frá Háskóla Íslands farið að hafa áhrif í þessum efnum. Í iðnaði gætir þessa þó ekki verulega enn.

Leggja þarf áherslu á menntun á sviði stjórntækni í framhaldsskólum, Tækniskólanum og Háskólanum til að þjálfa stjórnendur framtíðarinnar, en jafnframt gefa núverandi stjórnendum tækifæri á endurmenntun og þjálfun við hæfi.

Starfsþjálfun vinnuafls í iðnaði er sennilega einn mikilvægasti liðurinn í iðnaðarframförum víða um lönd á síðari árum. Varðar þetta raunar endurmenntun og símenntun starfsliðs á öllum stigum rekstrar, þ.e. framleiðslu og stjórnunar. Er þetta bæði hluti af viðleitni til að auka framleiðni, en jafnframt til að gefa starfsfólki meiri lífsfyllingu, sem fylgir meiri innsýn í starfið og betri tök á þeim verkum, sem það þarf að skila.

Vegna sundurleitra þarfa hinna margbreytilegu íslensku fyrirtækja verður ekki tekið á þessu með öðrum hætti, en að Iðntæknistofnun skipuleggi víðtækt námskeiðahald og fræðslustarf sem verði í ríkum mæli sérhæft þörfum hverrar greinar iðnaðar og einstakra fyrirtækja. Líklegt er að leita þurfi erlendis eftir aðstoð í ýmsum tilfellum, en þó má nýta dreifða innlenda krafta til að sinna mörgum sérþörfum. Iðntæknistofnun ber að leggja mikla áherslu á þennan þátt í starfi sínu.

Rekstrarhagræðing varðar fyrst og fremst ýmsar skipulagslegar og stjórnunarlegar aðgerðir, sem miða að hagkvæmri framleiðslu, m.a. með virku eftirliti með kostnaði og afköstum. Framleiðsluhagræðing lýtur meira að framleiðslunni sjálfri, svo sem vinnutilhögun og vélakosti. Hér á landi er nú starfandi nokkur hópur manna, sem kann vel til verka í hagræðingu rekstrar og framleiðslu og væri unnt að setja af stað takmarkaðar aðgerðir til aðstoðar iðnaði með því að virkja þessa krafta, ef fjármagn fengist og ákveðið yrði að ganga til verks. Líklegt er þó, að fljótlega yrði skortur á hæfum rekstrartæknimönnum og ástæða til að hvetja til þjálfunar á fleiri slíkum, m.a. í því skyni, að þeir tækju upp störf í fyrirtækjum smám saman.

Hvetjandi launakerfi er undirstöðuþáttur í bættum rekstrarárangri í flestum greinum. Sérstaklega eru hvetjandi launakerfi mikilvæg á því tímabili, sem breytingar á framleiðsluskipulagi og verkháttum standa yfir, þótt síðar geti dregið úr gildi þeirra. Sýnir reynslan, að með því að innleiða heppileg launakerfi, sem henta einstökum greinum, má við réttar aðstæður á skömmum tíma ná næsta ótrúlegum árangri í auknum afköstum og auknum tekjum starfsfólks.

Í sumum greinum hefur reynst erfitt að koma á slíku fyrirkomulagi, t.d. í málmiðnaði. Hefur jafnframt gengið treglega að ná upp framleiðni í þeim greinum og virðist vanta nauðsynlega hvata til umbóta í framleiðsluháttum og rekstri. Sýnist brýn nauðsyn á að móta heppileg launagreiðsluform í þessum greinum, bæði þegar um er að ræða nýsmíði og þjónustu. Verður að telja þetta m.a. vera veigamikið atriði fyrir þróun málmiðnaðar.

Aðbúnaður á vinnustað. Í ýmsum greinum iðnaðar er aðbúnaður á vinnustað og skipulag vinnustaða með þeim hætti, að verulega hamlar framleiðni. Með bættu umhverfi starfsfólks og auknu öryggi á vinnustað er án efa unnt að stuðla að aukinni starfsgleði, sem samkvæmt reynslu flestra þjóða hefur jákvæð áhrif á framleiðni. Er rétt að benda á mikilvægi fjárfestinga í bættri aðbúð í þessu sambandi.

Bættur vélakostur. Þrátt fyrir allstöðuga og raunar vaxandi fjárfestingu í iðnaði á síðustu árum hefur mjög dregið úr framleiðsluaukningu og framleiðniaukningu frá árinu 1973. Bendir þetta til þess, að vannýtt framleiðslugeta sé nú veruleg og er líklegt, að tæknibúnaður fyrirtækjanna a.m.k. í sumum greinum sé ekki takmarkandi fyrir framleiðni heldur aðrir rekstrarþættir. Til dæmis er líklegt, að rekstrarfjárskortur hái orðið verulega og eins markaðsaðstæður, sem m.a. ráðast af gengisskráningu.

4.2 Vöruþróun

Ályktun:

Samstarfsnefndin leggur til að aukin verði veiting styrkja og hagkvæmra lána til vöruþróunar með því að sjóðum iðnaðarins verði árlega lögð til sérstök framlög úr ríkissjóði í þessu skyni. Jafnframt verði þjónustustofnunum iðnaðarins falið sérstaklega að auka

aðstoð sína við fyrirtækin í þessum efnum.

Greinargerð:

Með vöruþróun er átt við starfsemi, sem miðar að þróun efna, afurða og aðferða, er stuðla að verulegum framförum í framleiðslu og bættri markaðsstöðu afurðanna.

Það er mjög misjafnt, hversu mikill kostnaður og áhætta fylgir slíkri þróunarstarfsemi. Ekki er að efa að sú áhætta, sem vöruþróun fylgir, ekki síst þegar um er að ræða þróun flókins véla- og tækjabúnaðar, sé hemill á viðleitni íslenskra iðnfyrirtækja í þessum efnum vegna smæðar þeirra. Einnig hafa hin lítt markaðslægu viðhorf stjórnenda í flestum íslenskum iðnfyrirtækjum leitt til þess, að vöruþróun hefur lítið verið sinnt af alvöru til þessa sem sérstökum þætti í rekstri fyrirtækisins.

Í öllum iðnaðarlöndum styður hið opinbera fyrirtæki, bæði stór og smá, til vöruþróunar, enda verða fyrirtæki, sem halda vilja velli í alþjóðlegri samkeppni, stöðugt að huga að nýjungum og endurbótum í framleiðslu. Stuðningur hins opinbera felst m.a. í því að leggja sérstökum þróunarsjóðum til óafturkræft fjármagn. Sjóðir þessir veita áhættulán og/eða styrki til fjármögnunar á kostnaði við vöruþróun, þegar óvissuþættir eru verulegir og áhætta mikil. Lánsupphæð nemur að jafnaði 50-60% af kostnaði þróunarverkefnis. Endurgreiðsla hefst, þegar verkefni er lokið og arðbær framleiðsla er hafin.

Leiði verkefni hins vegar ekki til árangurs, getur sjóðurinn afskrifað lánið og tekið þannig þátt í áhættu á móti þeim, er í verkefnið hefur lagt. Slík skipting áhættu á milli fyrirtækja og sjóða hlýtur að vera hvetjandi, til þess að fyrirtæki auki þennan mikilvæga þátt í starfsemi sinni.

Alkunnugt er,að "líftími" framleiðsluvöru, einkum þeirrar, sem mest byggir á þróaðri tækniþekkingu, hefur stöðugt styst á undanförnum árum. Þetta krefst þess m.a. að fyrirtæki, sem halda vilja velli og fylgja framþróun, þurfa stöðugt að huga að nýjungum og endurbótum framleiðslu sinnar. Í fararbroddi tæknilegrar þróunar hafa að sjálfsögðu verið hinar stærri iðnaðarþjóðir, en hinar minni hafa vissulega fylgt á eftir.

Hér á landi hefur fremur lítið verið gert í þessum efnum. Þó hafa t.d. Iðnþróunarsjóður og Iðnrekstrarsjóður sýnt nokkra viðleitni í því að styðja fjárhagslega vöruþróun íslenskra fyrirtækja og stofnana. Iðnrekstrarsjóður hefur m.a. samið sérstakar reglur um stuðning við vöruþróun. Hafa þær reglur verið kynntar iðnfyrirtækjum af samtökum iðnaðarins, en afar lítið hefur verið um það, að starfandi fyrirtæki hafi gert sér far um að nýta sér þessa möguleika.

Mjög athugandi er,hvort ekki sé tímabært,að sjóðirnir, Iðntæknistofnun og Útflutningsmiðstöð iðnaðarins taki höndum saman um að örva áhuga fyrirtækja fyrir því að nýta meir en hingað til möguleika á stuðningi við vöruþróun í formi styrkja og/eða áhættulána.

Lagt er til að teknar verði upp viðræður um þetta mál og eftirfarandi tekið til athugunar:

1. Skilgreining á vöruþróun, er stuðnings ætti að njóta.

2. Iðntæknistofnun og Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og sjóðirnir efni til almennra námskeiða um vöruþróun, þar sem þátttakendum yrði boðið frá fyrirtækjum. Varðandi efni slíkra námskeiða er vitnað til hliðstæðra námskeiða, sem haldin eru meðal annars hjá Teknologisk Institut í Kaupmannahöfn og Jydsk Teknologisk Institut. Athugandi er, að

leita eftir aðstoð þessara stofnana við slíkt námskeiðahald. Kynning færi einnig fram á þeirri aðstoð, sem stofnanirnar gætu látið iðnfyrirtækjum í té varðandi vöruþróun, og hvaða stuðningur væri hugsanlegur frá sjóðunum.

3. Hlutverk Iðntæknistofnunar og Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins og aðstoð þeirra við sjóðina við að fylgja eftir verkefnum, sem fjármögnuð yrðu.

Lögð er áhersla á samhengi nota- og gæðahönnunar annars vegar og form- og útlitshönnunar svo og samspil við markaðsviðhorf hins vegar.

4.3 **Markaðsstarfsemi — útflutningsviðleitni**

Ályktun:

Samstarfsnefndin leggur til, að lögð verði áhersla á að styrkja markaðsviðleitni íslenskra iðnfyrirtækja með kennslu í undirstöðuatriðum markaðsfærslu og þjálfun sölufólks og með því að veita beina aðstoð við fyrirtæki í sambandi við markaðsathuganir, lausn ýmissa sérverkefna á sviði markaðsmála og skipulag markaðsátaka á heimamarkaði eða í útflutningi. Sérstaklega er lagt til, að tekin verði upp virk stuðningsstefna við útflutningsiðnað, sem feli í sér:

- verulega eflingu Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins
- skattaívilnanir til að hvetja iðnfyrirtæki til útflutnings
- stóraukinn stuðning við vöruþróun, hönnun, framleiðniaukningu og skipulagt samstarf fyrirtækja, sem vilja fara út í útflutning
- endurskoðun á fyrirkomulagi útflutningsskjala og útflutningsleyfa, sem miði að því að einfalda skjalagerð og gera þjónustu gjaldeyrisbanka sam-

bærilega við það, sem er í nágrannalöndunum.

Greinargerð:

Þær breytingar, sem hafa verið að gerast á markaðsskilyrðum íslensks iðnaðar fyrst með afnámi innflutningshafta og síðan vegna tengsla við markaðsbandalögin, hafa í för með sér miklar breytingar á viðhorfum í rekstri iðnfyrirtækja. Í grófum dráttum er breytingin í því fólgin, að vaxandi samkeppni leiðir til þess, að viðhorf neytendanna fara að ráða markaðsaðstæðum (kaupendamarkaður) fremur en viðhorf framleiðenda (seljendamarkaður).

Af hinum þrem meginviðfangsefnum stjórnunar

- framleiðslustjórn
- fjármálastjórn
- markaðsstarfsemi

hefur hinn síðastnefndi orðið æ þýðingarmeiri og ræður nú víða afkomumöguleikum fyrirtækjanna. Með markaðsviðleitni er hér átt við alla þætti þess að þróa vöru með hliðsjón af þörf neytenda og koma henni á markað. Nær hún því yfir hönnun, vöruþróun, gerð umbúða, verðlagningu, dreifingu og sölu- og kynningarstarfsemi. Verður enginn af þessum þáttum unninn nema í nánum tengslum við þarfir og aðstæður markaðarins.

Þessi viðhorf hafa öðlast vaxandi þýðingu við tengslin að markaðsbandalögunum og mega teljast nýlunda fyrir Íslendinga almennt. Innlendi markaðurinn var lengi seljendamarkaður og tiltölulega auðvelt að gera vöruna þannig úr garði, að sala væri tryggð. Vandinn að hefja útflutning er tvöfaldur; sá, að tileinka sér til fulls nútíma markaðsviðhorf og að hasla sér völl á erlendum mörkuðum með þeim sérstöku vandamálum, sem því fylgja.

Flest íslensk fyrirtæki eru smá og fæst hafa þau möguleika á að gera markaðsviðleitnina að sérstökum stjórnunarþætti innan fyrirtækisins. Úr þessu má bæta með skipulögðu, sameiginlegu átaki iðnaðarins studdu af hinu opinbera á markvissan hátt.

Sérstaklega skal í þessu sambandi bent á nauðsyn þess, að saman fari tæknilegar og skipulagslegar framfarir í fyrirtækjunum, jafnframt því sem almenn markaðsviðleitni og síðan útflutningsviðleitni er efld eftir því sem tækifæri gefast. Allt fram á síðustu ár hefur verið tilhneiging til að líta á hinn tæknilega þátt og hinn markaðslega sem aðskilda þætti og hafa þau viðhorf verið staðfest með því að setja á laggirnar sérstakar og aðskildar stofnanir til að sinna þessum þáttum. Hafa allt fram á síðustu ár litlar sem engar tilraunir verið gerðar til samhæfðs átaks á þessum sviðum innan sömu greina iðnaðarins og hafa annmarkar slíkra starfsaðferða aftur og aftur komið í ljós og sannað að fara verður saman:

1. Aukin áhersla á markaðsfærslu.
2. Aukin framleiðni og bætt framleiðslugæði.

Samstarfsnefnd um iðnþróun leggur áherslu á, að við aðgerðir til stuðnings einstökum greinum iðnaðar, svo sem tæknilega aðstoð við hagræðingu og endurskipulagningu í fyrirtækjunum, þurfi samtímis að efla markaðsþáttinn, þar sem það á við. Gildir þetta sérstaklega á þeim sviðum, þar sem framleitt er á lager eða fjöldi stykkja er mikill, svo sem í húsgagnaiðnaði og fatagerð, ullar- og skinnaiðnaði, en síður í skipasmíði, þar sem framleitt er á grundvelli samninga um einstök stærri verk.

Af aðferðum til að efla þátt markaðsstarfsemi innan fyrirtækja mætti nefna eftirfarandi:

a) Námskeiðahald og starfsþjálfun. Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og Stjórnunarfélag Íslands hafa staðið fyrir námskeiðum um markaðsmál almennt og eins sérnámskeiðum um gerð útflutningsskjala, umbúðir og pökkun, o.fl., auk þess sem veitt hefur verið bein þjónusta á þessu sviði. Þessa starfsemi verður að auka.

b) Fjármagnsfyrirgreiðsla til markaðsmála. Iðnþróunarsjóður og Iðnrekstrarsjóður hafa veitt lán og styrki vegna markaðsmála, sem unnið er að innan fyrirtækja, og aðrir sjóðir í minna mæli. Hér þyrfti að rýmka ýmsar heimildir sjóðanna, t.d. hefur verið erfitt að fá lán eða styrki til starfsþjálfunar og menntunar starfsmanna erlendis, hvort sem um er að ræða til lengri eða skemmri tíma.

c) Ráðgjöf innan fyrirtækja. Auk sjálfstæðra aðila á þessu sviði, t.d. auglýsingastofa og hönnuða, þyrfti sú hugmynd, að Útflutningsmiðstöð iðnaðarins hafi ráðgjafa á sínum snærum, sem lána megi til fyrirtækja til að leysa sérverkefni og skipuleggja útflutningsstarfsemi, að komast til framkvæmda. Þessi hugmynd hefur verið framkvæmd m.a. í Svíþjóð og Noregi, en er vafalaust sérstaklega þörf við þær aðstæður, sem hérlendis eru, að fyrirtæki eru smá og útflutningur iðnaðarvöru enn skammt á veg kominn.

Mörg af vandamálum íslensks iðnaðar stafa af þeim takmörkunum, sem innlendur markaður setur framleiðslunni. Í mörgum tilfellum verður aukinni samkeppni af völdum innflutnings aðeins mætt með útflutningi, ef ekki á að verða verulegur samdráttur.

Útflutningsviðleitnin hefur þó reynst mörgum greinum erfið, meðal annars vegna hinnar öru verðbólgu innanlands og misvægi milli framleiðslukostnaðar og gengisskráningar, sem ræður tekjum af sölu erlendis. Til mót-

vægis þessu og til að styðja hvers kyns útflutnings-
viðleitni í iðnaði er lagt til, að iðnfyrirtækjum verði
heimilað að mynda útflutningsvarasjóð með þeim hætti að
draga frá hagnaði fyrir skatta allt að 10% af andvirði
útfluttra iðnaðarvara á árinu. Yrði þessi heimild til
viðbótar venjulegri varasjóðsheimild. Með aðgerð þessari
yrði sett fram skýr viljayfirlýsing stjórnvalda um
áherslu á útflutningsiðnað, og dregið lítils háttar úr
þeirri áhættu, sem útflutningstarfsemi fylgir og fyrir-
tækjum gert kleift að byggja starfsemi sína upp að hluta
á eigin fjármagni.

Samstarfsnefndin vill minna á tillögur UNCTAD sérfræðinga,
sem skiluðu skýrslum til íslenskra stjórnvalda árin 1973
og 1975. Þær eru margar enn í fullu gildi, þótt lítið
hafi verið farið eftir þeim svo sem hinn daufi stuðningur
við útflutningsmiðstöð iðnaðarins hingað til ber vott um.

Samstarfsnefndin leggur til, að útflutningsleyfi verði
gerð að tæki til þess að létta störf gjaldeyriseftirlits
og viðskiptaráðuneytis. Útfylling útflutningsleyfis
færi fram eða verði skilað í viðkomandi gjaldeyris-
banka, sem sjái um að senda það aftur til viðskipta-
ráðuneytis og Seðlabanka (þetta er fyrirkomulagið á
Norðurlöndum). Breytingin, sem hér er kveðið á um,
er sú, að eftirlit viðskiptaráðuneytis, um leið og leyfis-
veiting fer fram, fellur niður. Eftir sem áður getur
viðskiptaráðuneytið, hvenær sem er, gripið inn í gang mála,
enda fengi það leyfin send útfyllt úr bönkunum á þeim
fresti, sem óskað yrði.

Þjónusta gjaldeyrisbanka við útflytjendur iðnaðarvara
er og mál, sem taka þarf til endurskoðunar.

Gjaldeyrisbankar taka þóknun af öllum erlendum innheimtum,
þrátt fyrir að í raun sé ekki um neina innheimtuviðleitni
að ræða frá bankans hálfu. Ekki er við núverandi ástand
ástæða til að eingöngu 2 bankar hafi gjaldeyrisleyfi,

þar sem þetta þýðir aukna vinnu fyrir fyrirtæki, sem hafa viðskipti sín í öðrum bönkum. Hér er um að ræða aðbúnaðarþætti iðnaðar, sem t.d. Útflutningsmiðstöðin ætti að fjalla um.

Nauðsynlegt er, að upplýsingastreymi til fyrirtækja sé gott og þau geti á hverjum tíma vitað,hvaða þjónustu megi vænta vegna markaðsmála, t.d. frá Útflutningsmiðstöð, viðskiptaráðuneyti, Iðnrekstrarsjóði og öðrum opinberum aðilum eða stofnunum, en oft virðist mega kynna þessa starfsemi betur en gert er.

4.4 **Samræmd aðstoð við greinar iðnaðar**

Ályktun:

Samstarfsnefnd um iðnþróun leggur til,að áhersla verði lögð á skipulagðan stuðning við einstakar greinar iðnaðar eða hópa fyrirtækja með samræmdum aðgerðum, sem miða að því að bæta stöðu þeirra með aukinni framleiðni, bættri framleiðslu og öflugri markaðssetningu afurðanna. Hagkvæmast er að skipuleggja slíka aðstoð í vel skilgreind verkefni með skýrum áföngum, sem sérstakur verkefnisstjóri sjái um að fylgja eftir. Ráðstafanir í lánsfjármálum og önnur fyrirgreiðsla taki mið af og styðji slíka umbótaviðleitni.

Greinargerð:

Reynsla undanfarandi ára sýnir ljóslega,að einhliða áhersla á takmarkaða þætti framleiðsluferilsins bera oft ekki þann árangur sem vænst er og nauðsynlegt er að taka á mörgum þáttum rekstrarins samhliða. Samstarf Iðntæknistofnunar Íslands, Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins og samtaka iðnaðarins eða einstakra greina hans er án efa forsenda þess, að samræmd aðstoð takist og að hinir takmörkuðu kraftar nýtist sem best. Jafn-

framt er unnt að nýta þjónustu erlendra og innlendra ráðgjafa eftir því sem hagkvæmt þykir hverju sinni.

Í tengslum við samræmd átök í málefnum heilla greina eða fyrirtækjahópa er oft hægt að taka á ýmsum samstarfs- og hagsmunamálum þeirra sem haft geta veruleg áhrif á rekstraraðstöðu viðkomandi fyrirtækja. Samtök um aðfangakaup, sölu og útflutning, verkaskipting í framleiðslu eða samvinna um dýrar framkvæmdir eða rannsóknir og vöruþróun til samnota geta sprottið upp úr slíku starfi og valdið miklu um samkeppnisstöðu. Fjármagn til fjárfestingar og umbóta í rekstri nýtist mun betur og skipulegar með því, að málefni heilla greina séu þannig til meðferðar. Nauðsynlegt er að könnuð verði starfsskilyrði hverrar greinar og veitt fyrirgreiðsla eða haft frumkvæði um aðgerðir, sem leitt geti til endurbóta fyrir greinina í heild.

4.5 Samvinnumál iðnaðarins

Ályktun:

Samstarfsnefnd um iðnþróun telur æskilegt að leita leiða til að auka samvinnu fyrirtækja í milli um ýmsa þætti rekstrarins, þannig að íslensk fyrirtæki geti í vaxandi mæli notið kosta stærri rekstrar þrátt fyrir smæð sína. Gera þarf markvissa leit að samstarfsverkefnum og samstarfsformum, sem geta hentað í þessu sambandi og láta slíka samvinnu fyrirtækja njóta öflugs stuðnings þjónustustofnana iðnaðarins og lánastofnana.

Greinargerð:

Ein afleiðing tækniþróunar og vaxandi alþjóðlegrar samkeppni á stærri markaðssvæðum er þróun til fækkunar og stækkunar fyrirtækja og meiri sérhæfingar í framleiðslu. Sú þróun er rökrétt afleiðing aukinnar hagkvæmni og lægra einingarverðs, sem næst með nýrri og

afkastameiri tækni, aukinni sjálfvirkni, hagkvæmari nýtingu allra framleiðslukrafta og síðast en ekki síst hagkvæmari verkaskiptingu og árangursríkara stjórnskipulagi innan fyrirtækja.

Hér á landi hefur slík þróun ekki orðið í sama mæli. Hinn litli heimamarkaður og fremur andsnúið ytra umhverfi iðnaðarins hafa ekki verkað hvetjandi til slíkra skipulagsbreytinga í iðnaði. Þá hefur hin ríka einstaklingshyggja löngum einkennt viðhorf manna til atvinnurekstrar hérlendis og eru mörg dæmi um sundrun fyrirtækja vegna persónulegra ástæðna og hafa samstarf og sameining gengið erfiðlega af sömu ástæðum.

Stærð fyrirtækis er að sjálfsögðu ekki einhlítur mælikvarði á samkeppnishæfni þess eða hagkvæmni. Sá lífskraftur, sem þarf til að fyrirtæki gangi vel við tilteknar tæknilegar og viðskiptalegar aðstæður, er að verulegu leyti háður hæfileikum og áhuga stjórnenda. Miðað við núverandi reynslu hérlendis, t.d. í iðnaði og útgerð, virðist oft best ganga, meðan fyrirtækið er af þeirri stærð, að einn maður sjái yfir starfsemi þess. Þetta þýðir vitaskuld, að núverandi stjórnþekking og tækni er takmörkuð hérlendis og verður því þjálfun stjórnenda að fara samhliða skipulagsbreytingum í atvinnulífinu. Hagkvæmasta stærð fyrirtækis er því að líkindum töluvert minni hérlendis en annars staðar, a.m.k. á núverandi stigi þróunarinnar.

Hagræði stórrekstrar má oft ná með samstarfi fyrirtækja um ýmsa rekstrarþætti, án þess að um samruna sé að ræða. Nærtæk dæmi um slíkt samstarf má finna í sölusamtökum ýmissa fiskvinnslufyrirtækja, innkaupasamtökum, svo og samstarfi fyrirtækja innan Sambands íslenskra samvinnufélaga. Svipuðu máli gegnir um samstarf allmargra innflutningsfyrirtækja í Sundaborg.

Á síðari árum hefur athygli erlendis beinst í vaxandi mæli að vandamálum og möguleikum lítilla og meðalstórra fyrirtækja með það fyrir augum að kanna leiðir til að styrkja samkeppnisstöðu þeirra. Hefur athygli þar einmitt beinst að möguleikum samstarfs bæði á sviði framleiðslu og á sviði sameiginlegrar þjónustu. Víða erlendis hafa iðngreinasamtök beitt sér að samstarfsmálum sinna greina og komið upp sameiginlegri þjónustu á sviðum, sem ekki varða samkeppni milli fyrirtækja.

Samstarf iðnfyrirtækja var nokkuð rætt í skýrslu Iðnþróunarnefndar og er látið nægja að minna á helstu samstarfsmöguleikana hér:

1. Skipti á reynslu.
2. Skipulegur fyrirtækjasamanburður
3. Sameiginlegar gæðamerkingar.
4. Sameiginlegar söluörvandi ráðstafanir.
5. Sameiginleg sala.
6. Framleiðsluleyfi (licence).
7. Sameiginleg innkaup.
8. Samstarf um framleiðslu - skipti á framleiðslu - undirverktakafyrirkomulag.
9. Samstarf um vöruþróun.
10. Iðngarðar.
11. Sameiginleg tækniþjónusta.

Að sjálfsögðu er mun auðveldara að telja upp hugsanleg samstarfsform og verkefni heldur en að koma á slíku samstarfi. Ýmsir gætu átt þar hlut að máli:

1. Fyrirtækin sjálf. Þetta er tvímælalaust æskilegasta leiðin, en reynslan sýnir, að hún er jafnframt oft tímafrek, og að skemmra er gengið í samstarfinu en hagkvæmt gæti reynst. Ýmis hagsmunamál geta orðið alvarleg hindrunarefni, ef ekki kemur utanaðkomandi aðstoð við lausn þeirra.

2. Samtök iðnaðarins gætu gegnt hér mikilvægu hlutverki. Af kynnum sínum við einstök fyrirtæki koma þau iðulega auga á hagkvæma möguleika samstarfs. Jafnframt geta þau kynnt þessa möguleika á hlutlausan hátt viðkomandi fyrirtækjum og kannað áhuga þeirra á aðstoð við lausn vandamála, er upp koma. Þetta fyrsta stig er mjög viðkvæmt og því vart á færi annarra aðila en þeirra, sem njóta trausts allra viðkomandi fyrirtækja.

3. Lánastofnanir gætu haft veruleg áhrif með því að greiða götu samruna og samstarfs, ekki síst þegar lánað er til afkastamikilla tækja og aðstöðu, sem aðrir gætu nýtt.

4. Tæknistofnanir. Tækniþjónustuverkefni þau, sem studd hafa verið af iðnaðarráðuneyti og Iðnþróunarsjóði, hafa leitt til aukinna samskipta fyrirtækja innan tiltekinna greina og er líklegt, að slík starfsemi almennt opni ýmsa möguleika til samstarfs fyrirtækja. Gætu þjónustustofnanir iðnaðarins gegnt lykilhlutverki í því að undirbúa jarðveginn fyrir aukið samstarf og veitt samtökum iðnaðarins aðstoð við tilraunir til að koma því á.

Eðlilegt er, að allir þessir aðilar stuðli að aukinni samvinnu, t.d. í tengslum við aðgerðir í þágu heilla greina eða fyrirtækja, sbr. kafla 4.4.

4.6 **Iðngarðar**

Ályktun:

Samstarfsnefnd um iðnþróun leggur til, að gert verði átak til að koma á fót iðngörðum. Leggur nefndin til, að lögum Iðnlánasjóðs verði breytt þannig, að hann geti lánað til iðngarða í eigu opinberra aðila og/eða annarra áhugaaðila, og jafnframt fái sjóðurinn aukið fjármagn, er geri honum kleift að lána til slíkra framkvæmda, m.a. í samvinnu við Byggðasjóð. Leggur nefndin til, að sett verði sérstök lög um iðngarða er skýri tilgang þeirra og tryggi, að starfsemi iðngarða, leiði til jákvæðra umbóta í iðnaði.

Greinargerð:

Á síðari árum hafa þróast hugmyndir um iðngarða, sem reistir væru af opinberum aðilum, einkum sveitarfélögum og/eða öðrum áhugaaðilum. Iðngarðar stæðu til boða framleiðslufyrirtækjum í nýjum greinum framleiðsluiðnaðar, sem verði til viðbótar við þá starfsemi, sem fyrir er í landinu, en jafnframt geta önnur fyrirtæki í framleiðsluiðnaði átt kost á húsnæði í iðngörðum, ef tryggt er, að starfsemi þeirra skapar ekki neikvæða samkeppni við sams konar fyrirtæki annars staðar á landinu og að viðkomandi fyrirtæki hafi ótvíræða þýðingu fyrir atvinnulíf í viðkomandi sveitarfélagi.

Þá kemur til greina að veita iðnfyrirtækjum, til húsa í iðngörðum, sérstök leiguhlunnindi um tiltekinn tíma, ef um er að ræða áhættusama framleiðslu. Einnig verða iðnfyrirtæki til húsa í iðngörðum að geta átt kost á ábyrgðarþjónustu eigenda iðngarðanna, þannig að þau geti sett veð fyrir lánum, eins og yfirleitt er krafist í peningastofnunum. Eðlilegt er að gera ráð fyrir möguleikum á leigukaupum eða beinum kaupum iðnfyrirtækjanna á því húsnæði, sem þau nota til starfsemi sinnar.

Iðngarðar bjóða upp á margvíslega möguleika til samstarfs meðal þeirra fyrirtækja, sem þar fengju inni Einnig hefur sveitarfélagið möguleika til að gera húsnæði þessara aðila betur úr garði en almennt gerist, þannig að unnt sé að tala um fullbúið iðnaðarhúsnæði, en ekki hálfkarað.

Hagræði iðnfyrirtækja í iðngörðum getur m.a. komið fram í eftirfarandi formum:

1. Minnkaðri fjárfestingarbyrði og fjármagnsþörf. Fyrirtæki geta einbeitt fjármunum að framleiðslubúnaði og tækjum. Þetta er ekki síst mikilvægt fyrir ný fyrirtæki.

2. Sú atorka, sem fer í húsbyggingar hjá nýstofnuðum fyrirtækjum sparast, og jafnframt getur fyrirtækið strax notið hagræðis af heppilegu húsnæði.

3. Lægri rekstrarkostnaður, sem leiðir af hagkvæmum byggingum og lægri húsnæðiskostnaði.

4. Möguleikum á samstarfi um ýmsa rekstrarþætti:
   - hráefniskaup - útvegun og aðflutninga efnis
   - framleiðslustarf
   - sölusamstarf - afgreiðslur afurðaflutninga
   - bókhalds- og skrifstofuþjónustu og erindrekstur (bankamál, tollamál)
   - matar- og kaffiaðstöðu og annan aðbúnað starfsliðs
   - bætt umhverfi innanhúss og utan
   - viðhaldsþjónusta
   - rekstrarráðgjöf

5. Hægt er að koma við skipulögðum aðgerðum til að efla reksturinn með fræðslu og námskeiðahaldi fyrir

stjórnendur og starfslið og bæta félagslega aðstöðu þeirra sem starfa á slíkum stöðum.

Gildi iðngarða er ekki hvað síst fyrir hinar dreifðari byggðir landsins, þar sem erfiðast er að fá þá samverkan í framleiðslu og þjónustu, sem auðveldlega kemst á í þéttbýlinu. Er því ljóst, að hér getur verið um mikilvægt byggðastefnumál að ræða.

Í framhaldi af umræðum á þingi Sambands íslenskra sveitarfélaga haustið 1977 um viðfangsefnið "Sveitarstjórnir og iðnþróun" hafa ýmsir aðilar sýnt málinu verulegan áhuga. Meðal annars hefur Byggðadeild Framkvæmdastofnunar tekið málið upp í tillögum sínum um iðnþróun í Rangárvallasýslu og ýmsar sveitarstjórnir hafa leitað eftir stuðningi hins opinbera í málinu.

Á ráðstefnu sveitarfélaganna var upplýst, að Iðnlánasjóður hefði í reynd enga möguleika á að lána sveitarfélögum til slíkra bygginga, þar sem sjóðurinn veitir samkvæmt lögum forgang þeim fyrirtækjum, sem greiða eða koma til með að greiða iðnlánasjóðsgjald. Í hinum stöðuga lánsfjárskorti útilokar þetta lán til sveitarfélaga.

Ljóst er, að víða um land þarf félagslegt átak, e.t.v. með frumkvæði sveitarfélags til að koma á fót iðnaði, sem vænlegur þykir. Sýnist því rétt að opna fyrir stuðning aðalfjárfestingasjóðs iðnaðarins við iðnþróun á þessum grundvelli, en þó með því fororði, að þar sé ekki stuðlað að neikvæðri samkeppni eða óraunhæfri iðnaðaruppbyggingu, t.d. með mismunun gagnvart fyrirtækjum sem eiga í samkeppni eða með því að fjölga fyrirtækjum á þröngum markaði, eða skotið sé skjólshúsi yfir starfsemi, sem ekki hefur gildi fyrir þróun iðnaðar. Hefur samstarfsnefndin að beiðni iðnaðarráðuneytisins þegar gert drög að frumvarpi um breytingu á lögunum um Iðnlánasjóð og í ráði er að semja frumvarp um iðngarða.

4.7 Innheimtuþjónusta — kröfukaup

Ályktun:

Samstarfsnefndin leggur til, að bætt verði innheimtuþjónusta bankakerfisins, sérstaklega að því er varðar erlendar innheimtur. Annars vegar verði bætt þjónusta við gerð útflutningsskjala, sbr. kafla 4.3, en hins vegar komið á sterkara innheimtueftirliti en nú er og innheimtur tengdar rekstrarfjármögnun fyrirtækjanna. Í þessu samhengi verði yfirvegað annað hvort að koma á almennri kröfukaupaþjónustu, fjölga gjaldeyrisbönkum eða koma á fastmótaðra samstarfi en nú er milli gjaldeyrisbanka og viðskiptabanka um meðferð og innheimtu útflutningsreikninga og tengja hana rekstrafjárfyrirgreiðslu af hálfu viðskiptabanka til útflytjenda.

Greinargerð:

Innheimtuþjónustu gjaldeyrisbanka við útflytjendur iðnaðarvara þarf að bæta verulega. Svo virðist sem innheimtudeildunum sé ekki gefið nægilegt svigrúm til starfa eða gjaldeyrisbankarnir líti á útflutning iðnaðarvara sem fyrirhafnarmikla viðbót við tiltölulega þægileg innheimtustörf fyrir sjávarútveg. Í útflutningi sjávarfangs er byggt á gömlum hefðum, sem skapast hafa við viðskipti með hráefni í heiminum. Svo er ekki farið með iðnaðarvöruna. Hér kemur líka í dæmið án efa, að gjaldeyrisbankarnir eru einungis tveir, þannig að ekki verður vart við neina samkeppni af þeirra hálfu hvað þjónustu snertir. Öðruvísi verður ekki skilið, að það getur tekið óralangan tíma að koma peningum til Íslands, eftir að þeir hafa verið greiddir erlendis. Til að spara fyrirhöfn útflytjanda væri eðlilegra, að sérhver banki gæti stundað þessi viðskipti. Sömu tregðu verður vart í bankakerfinu, þegar til umræðu eru kröfukaup.

Miklar athuganir voru gerðar á kröfukaupum á árunum 1972-1974. Viðskiptabankarnir höfðu forgöngu um þá athugun, en Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og fleiri aðilar sýndu málinu einnig mikinn áhuga. Ekkert varð hins vegar úr framkvæmdum. Var borið við ýmsum tæknilegum atriðum. Kröfukaup við útflutning og innflutning þóttu erfiðari úrlausnar en í fyrstu var ætlað. Fjármagn þótti ekki liggja á lausu. Áætlað var, að tiltölulega fá fyrirtæki gætu notfært sér þessa þjónustu á hagkvæman hátt. Þrátt fyrir neikvæðar skoðanir íslenskra viðskiptabankamanna hefur kröfukaupum vaxið mjög fiskur um hrygg erlendis og eru nú umtalsverður liður í alþjóðaviðskiptum. Þá er og talið,að þau geti stutt við útflutningsviðleitni.

Sé ekki talið hagkvæmt að koma á kröfukaupaþjónustu með venjulegum hætti, mætti þó nálgast kosti hennar með því að tengja erlendar innheimtur og afurðalán til útflutningsfyrirtækja með því að banki annaðist gerð útflutningsgagna og sæi um eftirlit með innheimtu fyrir viðskiptaaðilann, þótt ekki væri gefin trygging fyrir innheimtu. Sú innheimtuþóknun, sem gjaldeyrisbankar taka, sýnist réttlæta meiri þjónustu en nú er innt af hendi, þar sem einungis er um sendingu útflutningsskjala og móttöku greiðslna að ræða.

4.8 Þátttaka starfsfólks í rekstrarábyrgð og stjórnun

Ályktun:

Samstarfsnefnd um iðnþróun hvetur til þess,að samtök iðnaðarins (atvinnurekendur og launafólks) taki upp umræðu um aðild starfsmanna að rekstrarábyrgð og hlutdeild í afkomu fyrirtækja í þeim tilgangi að efla efnahagslegt lýðræði í atvinnurekstri og bæta árangur við framleiðslu.

Greinargerð:

Á undanförnum árum hefur í flestum löndum hafist umræða um aðild starfsliðs að ráðum um stefnumótun og rekstrarskipulag í fyrirtækjum. Annars vegar á þetta rætur sínar að rekja til hefðbundinnar launabaráttu og viðleitni til að ná stærri hlutdeild af afrakstri framleiðslunnar til starfsliðs, en einnig til þeirrar viðleitni að hafa áhrif á það,hvernig framleiðslan fer fram, í þeim tilgangi að hún skili meiri afrakstri og bættum félagslegum og menningarlegum skilyrðum. Hin síðari áhersla stendur í nánum tengslum við vaxandi meðvitund fólks um,að aðbúnaður og aðstæður á vinnustað ákveða einn stærsta hlutann af lífsskilyrðum mannsins, ekki aðeins í efnalegu tilliti heldur ekki síður varðandi heilbrigði, persónuþroska og möguleika til persónutjáningar, félagslífs og áhrifa á samfélagsaðstæður. Í þessum síðari skilningi er vissulega um jákvætt viðhorf að ræða á þann hátt,að leitað er sterkari tengsla starfsliðs við vinnustað,sem gæti bæði leitt til bætts rekstrar og betri lífsskilyrða þeirra sem þar starfa.

Í nágrannalöndum okkar hafa þessar kröfur um undirstöðuatriði efnahagslífsins verið mikið til umræðu og víða verið gerðar tilraunir með margvísleg aukin áhrif verkafólks innan fyrirtækja, m.a. hafa verið sett lög um þetta í ýmsum Evrópulöndum, svo sem í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, en í þessum löndum gætir áhrifa verkalýðshreyfingar mikið. Nokkur munur er á löggjöf og hugmyndum manna um þetta efni milli hinna einstöku landa. Sums staðar eru lög um,að starfsmenn fyrirtækja með tiltekinn starfsmannafjölda (oft 50-100 manns) eigi hlutdeild í stjórn fyrirtækja. Einnig eru uppi hugmyndir um að atvinnurekendur greiði árlega hluta af hagnaði eða aðra viðmiðunarupphæð í svonefnda launþegasjóði til kaupa á hlutafé í hinum einstöku fyrirtækjum. Ólíkar hugmyndir eru um,hverjir skuli fara með vald launþegasjóðanna, starfsmenn á hverjum vinnustað eða

sérkjörnir fulltrúar verkalýðssambandanna. Sameiginlegt megininntak þessara laga og kröfugerðar verkalýðsfélaganna um lýðræðislega stjórn framleiðslunnar er,þó að vinnan sé viðurkennd jafngildi fjármagnsins. Á Íslandi eru hugmyndir manna um efnahagslegt lýðræði ómótaðri en í nágrannalöndunum. Þó hefur umræða um þetta efni farið vaxandi innan verkalýðshreyfingarinnar og samvinnuhreyfingarinnar hin síðari ár. Þannig hefur Alþýðusamband Íslands sett fram kröfur um atvinnulýðræði í stefnuskrá sinni, en þar segir m.a.: "Einstaklingseignarrétturinn má aldrei verða hindrun fyrir þróun þeirra lýðræðislegu markmiða, sem verkalýðshreyfingin berst fyrir né heldur má hann hindra skipulega og þjóðfélagslega hagkvæma nýtingu náttúruauðlinda eða réttláta skiptingu þess auðs,sem myndast í þjóðfélaginu". Félag íslenskra iðnrekenda hefur í stefnuskrá sinni hvatt til þess,að þróað verði samráð og samstarf milli starfsliðs og stjórnenda í fyrirtækjum til að bæta rekstrarárangur.

Meðal samvinnumanna og í samvinnufélögunum hefur farið fram mikil umræða um aukna hlutdeild starfsmanna í stjórnun félaganna. Þessi umræða hefur m.a. leitt til breytinga á samþykktum ýmissa kaupfélaga, og breytinga á lögum nr. 46/1937 um samvinnufélög þess efnis,að starfsmenn samvinnufélaga séu kjörgengir í stjórnir félaganna.

Ný tegund samvinnufélaga hefur einnig risið upp, svonefnd framleiðslusamvinnufélög, en í þeim binst verkafólk samtökum um vinnu sína til framleiðslu og þjónustu. Félög þessi sameina fjármagn og vinnuafl og standa því nær því en nokkur önnur félög innan samvinnuhreyfingarinnar að geta framkvæmt atvinnulýðræði. Eftir að lögunum um samvinnufélög var breytt 1977 og felld inn í þau sérstök ákvæði um framleiðslusamvinnufélög, þar sem heimilað er að stofna þau innan afmarkaðra starfsgreina, hefur skapast lagagrundvöllur fyrir þetta

rekstrarform í hvers kyns iðnaði og framleiðslu.

Aðilar vinnumarkaðarins á Íslandi hafa enn ekki samið um fyrirkomulag atvinnulýðræðis og löggjafinn ekki ákvarðað réttindi starfsfólks fyrirtækja eða verkalýðsfélaga í þessu efni. Því verða hér ekki settar fram ákveðnar skoðanir um slíkt í iðnaði.

Samstarfsnefndin telur, að hér sé hreyft mikilvægu en viðkvæmu máli, sem nokkurn tíma taki að móta og hljóti reyndar að mótast mjög af þeim mannlegu aðstæðum, sem ríkjandi eru á hverjum tíma og í hverju tilfelli. Hins vegar er líklegt, að með breytingum á viðhorfum bæði hjá launþegum, stjórnendum og eigendum fyrirtækja geti þróast lausnir, sem stefni að þeim umbótum, sem æskilegar þykja. Hvetur Samstarfsnefndin til þess, að umræða um þessi mál verði tekin upp af gagnkvæmum skilningi.

4.9 Gagnavinnsla, tölvutækni og upplýsingamiðlun

Ályktun:

Samstarfsnefndin hvetur til þess, að ötullega verði unnið að því að hagnýta þá tækni, sem nú er að ryðja sér til rúms á sviði tölvuvæddrar gagnavinnslu og upplýsingamiðlunar. Verði íslenskum fyrirtækjum kynntir þeir möguleikar, sem fram koma á þessu sviði og þau aðstoðuð við að tileinka sér hana, þar sem hún á við og hún aðlöguð þeim aðstæðum, sem hérlendis ríkja.

Greinargerð:

Samstarfsnefnd um iðnþróun bendir á þær öru breytingar, sem eru að verða á hagnýtingu og meðferð hvers kyns upplýsinga og gagna og á stýringu fyrirtækja og framleiðsluferla með aðstoð smátölvu eða örtölvu og búnaðar, sem þeim tengist. Líklegt er, að hafið sé nýtt skeið

hagræðingar, sem byggist á þessari tækni, þar sem stöðugt er aflað upplýsinga úr framleiðslu og rekstri, unnið úr þeim og stilling véla og tækja eða samsetning framleiðsluþátta ákveðin með hliðsjón af raunverulegum upplýsingum úr rekstrinum á hverjum tíma. Með þessari aðferð er líklegt að bæta megi verulega nýtingu framleiðsluþátta og auka hagkvæmni rekstrar, jafnvel í smærri fyrirtækjum.

Á Norðurlöndum og víðar er verið að þróa upplýsinga- og stýrikerfi fyrir smáfyrirtæki og er full ástæða til að fylgjast vel með þeirri viðleitni. Undirstaða rekstrarhagræðingar í öllum fyrirtækjum er gagnasöfnun og úrvinnsla þeirra, en sá tími,sem fer í söfnun og úrvinnslu í litlu fyrirtæki,reynist oft erfiður þröskuldur í hagræðingu og getur þessi nýja tækni breytt því verulega og auðveldað hana.

Í almennari skilningi er svo þróun upplýsingatækni mikilvægt svið,sem miklu skiptir,að Íslendingar fylgist vel með, því einangrun okkar og skortur á upplýsingum um markaði, tækni, verð og kostnað á hverjum tíma er einn af þeim þáttum, sem draga úr möguleikum okkar til að bregðast við hraðfara breytingum á viðskiptalegum og tæknilegum aðstæðum.

Starfsemi upplýsingadeildar Rannsóknaráðs ríkisins er tilraun til að rjúfa þessa einangrun og færa niðurstöður erlendra rannsókna og tækniþróunar skipulega til landsins. Í undirbúningi er að koma á beinum samböndum við upplýsingamiðstöðvar erlendis með það fyrir augum,að Íslendingar komist í betra samband við tækniþróun í umheiminum og geti sparað sér að framkvæma rannsóknir,sem annars staðar hafa verið gerðar og auðvelda íslenskum rannsóknastofnunum og atvinnuvegum aðgang að erlendum upplýsingum.

4.10 **Iðnhönnun**

Ályktun:

Samstarfsnefnd um iðnþróun leggur til, að sérstakt átak verði gert til að efla viðleitni til góðrar iðnhönnunar hérlendis. Verði þetta gert með því, að starfshópur í tengslum við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins fái það hlutverk að skipuleggja sýningar og kynningu á verkum íslenskra iðnhönnuða hérlendis og erlendis og fái verk erlendra iðnhönnuða til sýninga hérlendis. Í tengslum við slíka kynningarstarfsemi verði veittur stuðningur til að koma á nánu samstarfi iðnhönnuða við innlenda framleiðendur í þeim greinum, sem eru tilbúnir að hefja eða auka útflutning.

Greinargerð:

Margsinnis hefur verið bent á, að einn meginveikleiki íslensks iðnaðar í harðnandi samkeppni á innlendum markaði, og þó enn frekar í útflutningi, væri skortur á vandaðri form- og útlitshönnun, sem aðhæfð væri raunhæfum framleiðsluaðferðum og kröfum markaðarins. Þetta hafa m.a. húsgagnaframleiðendur rekið sig á í útflutningsviðleitni sinni og þetta stóð ullariðnaði lengi vel fyrir þrifum, þótt þar hafi orðið mikil breyting á hin síðari ár.

Þáttur iðnhönnunar í vöruþróun og nýsköpun í iðnaði hefur verið vanmetinn og framleiðendur ekki haft raunverulega trú á því, að innlendir hönnuðir hefðu nokkuð arðbært fram að leggja í þessu sambandi. Þetta ástand ríkir enn, þrátt fyrir að framlag auglýsingateiknara sé nú löngu viðurkennt og störf auglýsingastofa standi með töluverðum blóma og eigi sinn þátt í betri markaðsfærslu íslenskra afurða hérlendis og erlendis.

Það sem helst virðist hindra æskilega framvindu á þessu sviði er skortur á tiltrú framleiðenda í gagnsemi faglegrar iðnhönnunar og e.t.v. lítt mótaðar starfsvenjur í samskiptum hönnuða og fyrirtækja. Líklegt er,að ekki sé til staðar gagnkvæmur skilningur á eðli starfsins, svo sem nauðsyn þess að hönnunin sé mjög nátengd framleiðslugetu fyrirtækisins og jafnframt algerlega sniðin fyrir þann sérstaka markað (land, svæði, kaupendahóp),sem selja skal á.

Tilgangur ofangreindrar tillögu er annars vegar að kynna almennt fyrir mönnum gildi góðrar hönnunar og jafnframt þróa samstarfsform milli hönnuða og framleiðenda í völdum tilfellum,þar sem árangurs er að vænta og líklegt að brjóta megi ísinn.

Lagt er til, að kynningarátakið verði samvinnuverkefni undir stjórn Samstarfsnefndar um iðnþróun, Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, Iðntæknistofnunar Íslands, samtaka iðnaðarins og félagsins Listiðn, og fjármagnað með fjárveitingu af iðnþróunarfé.

4.11 Heimilisiðnaður — list- og handmennt

Ályktun:

Samstarfsnefndin leggur til,að aukinn verði opinber stuðningur við fræðslu í greinum lista og handmennta í landinu, ekki síst með hliðsjón af notagildi í iðnaði. Auk eflingar kennslunnar í skólakerfi landsins bendir nefndin á Heimilisiðnaðarfélag Íslands, sem staðið hefur fyrir allvíðtækri almenningsfræðslu á þessu sviði og gengið á undan með kynningu á vandaðri og vel hannaðri vöru. Fræðslustarfsemin hefur ekki notið umtalsverðrar aðstoðar hingað til og hefur verið unnin í hjáverkum og með sjálfboðastarfi að hluta.

Greinargerð:

Öllum mun ljóst sem þekkja til norræns iðnvarnings, að hann sker sig venjulega úr á alþjóðamarkaði fyrir vöruvöndun og smekklega hönnun. Sölugildi hans og samkeppnishæfni á rætur sínar að verulegu leyti að rekja til útlits og formhönnunar. Þetta hafa Norðmenn, Svíar, Danir og Finnar skilið og gert margt til að styðja við og efla iðnhönnun og ýta undir skynbragð almennings á gæði og form.

Listfengi og smekkvísi verður að sjálfsögðu ekki keypt eftir þörfum, þegar á þarf að halda. Ef það á að setja mark sitt á framleiðslu heillar þjóðar verður að rækta hana með fólkinu frá grunni í mörgu mismunandi samhengi, auk þess sem hvatt er til góðrar hönnunar á einstökum iðnaðarafurðum eða vörutegundum.

Starfsemi félagsskapar eins og Heimilisiðnaðarfélags Íslands, félagsins Listiðn, o.fl., gegnir þannig mikilvægu hlutverki í mótun undirstöðuþekkingar og atgervis með þjóðinni, sem í vaxandi mæli mun geta mótað þær afurðir, sem hún framleiðir og býður í alþjóðlegri samkeppni. Sú mótun getur oft riðið baggamuninn í samkeppnishæfni.

5. NÝSKÖPUN Í IÐNAÐI

5.0 Almenn ályktun

Þegar skoðaðar eru upplýsingar um þróun iðnaðar á síðustu árum, sbr. kafla 1.4, er ljóst, að erfitt verður að halda fullri atvinnu í landinu á næstu árum og stöðva brottflutning, nema sérstakt átak komi til. Með hliðsjón af reynslu í nágrannalöndunum leggur Samstarfsnefndin mikla áherslu á, að stutt verði við nýsköpun í iðnaði á þeim sviðum, þar sem hægt er að styðjast við ýmsa landlæga kosti og njóta sérstöðu í samkeppnismöguleikum með einhverjum hætti. Þetta þýðir að atvinnuþróun næsta áratugs verður að byggjast að verulegu leyti á nýjum fyrirtækjum og með eflingu í starfandi greinum, sem hafa góða vaxtarmöguleika.
Leggur nefndin til, að annars vegar verði tekin upp stefna um öflugan stuðning við undirbúning nýiðnaðar í landinu og jafnframt verði stofnað sérstakt eignarhalds fyrirtæki á vegum ríkisins, sem fari með hlutverk eigandans fyrir hönd ríkissjóðs í öllum iðnfyrirtækjum, sem ríkið á aðild að og fái heimild og bolmagn til að stofnsetja eitt sér eða með öðrum, (sveitarfélögum, fyrirtækjum eða einstaklingum) fyrirtæki til að hrinda nýiðnaðarverkefnum í framkvæmd.

5.1 Um nýiðnað

Með nýiðnaði er hér átt við hvers kyns nýja framleiðslu í stórum eða smáum stíl, hvort sem hún byggist á innlendum þörfum (markaði), þekkingu og hugviti, innlendum náttúruauðlindum eða annarri sérstöðu Íslands.

Á undanförnum árum hefur verið bent á fjölmörg tækifæri til að koma upp nýrri framleiðslu í smáum og stórum fyrirtækjum. Framan af var mikil áhersla á nýtingu sérstæðra auðlinda til nýiðnaðar (kísilgúr-

vinnsla, sjóefnavinnsla, þörungavinnsla, ylrækt, perlusteinsvinnsla og basaltbræðsla) og orkufreks iðnaðar (álframleiðslu, járnblendiframleiðslu, magnesiumframleiðslu, þungt vatn o.fl.). Á síðari árum hefur athyglin svo beinst að greinum, sem byggðar eru á öðrum undirstöðuþáttum, s.s. innlendri sérþekkingu og hugviti, sérstökum innlendum markaðsmöguleikum, endurvinnslu úrgangsefna o.fl. Hefur Iðntæknistofnun Íslands tekið saman yfirlit um marga þá kosti, sem nefndir hafa verið.

Hér verður ekki gerð tilraun til ítarlegrar umfjöllunar um nýiðnaðartækifæri, en vísað til fyrirliggjandi skýrslna um þau. Verður látið nægja að minnast á helstu flokka nýiðnaðarmöguleika, en síðan rætt nokkuð um skipulega meðferð nýiðnaðarverkefna, þannig að góðar hugmyndir fái alvarlega athugun og þann stuðning, er leitt geti til framkvæmda á sem skemmstum tíma.

5.2 Forsendur nýiðnaðar

Þær aðstæður, sem skipta mestu máli um möguleika nýiðnaðar, voru ræddar í "Efling iðnaðar á Íslandi" (bls. 124-126). Má þar nefna þætti eins og:

- Ódýra orku - varmaorku, raforku
- Innlend hráefni
- Innlenda markaðsmöguleika
- Erlenda markaðsmöguleika - afstaða til markaða, viðskiptasamninga, lega lands
- Innlenda tækniþekkingu
- Þjálfunarhæfan starfskraft - vinnuafl til ráðstöfunar
- Tengsl við annan iðnað og aðra atvinnuvegi
- Aðstaða - hafnaraðstaða, landrými, vatn, orka, samgöngur, þjónusta

- Opinberan stuðning og aðbúnað - Tollar, skattar, reglur um iðnað og kröfur til hans, fjármagn, tækniaðstoð, markaðsaðstoð, aðstoð við undirbúning nýrra verkefna.

Margir samverkandi þættir ráða því,hvort nýiðnaðargrein reynist hagkvæm. Sérstaklega gildir þetta um útflutningsiðnað. Oft eru tímabundnar aðstæður ráðandi um það,hvort af nýiðnaðarmöguleika getur orðið, ekki síst sérstakar markaðsaðstæður, s.s. tímabundið misvægi framboðs og eftirspurnar, stefnubreytingar hjá erlendum fyrirtækjum, tæknibreytingar o.s.frv. Er þá mikilvægt,að sem flestir aðrir undirstöðuþættir liggi ljósir fyrir, svo unnt sé að taka ákvarðanir með skömmum fyrirvara. Þetta er sérstaklega mikilvægt, þegar um hagnýtingu auðlinda er að ræða. Í slíkum tilfellum er í rauninni sjaldnast um það að ræða að meta nýiðnaðarverkefni í eitt skipti fyrir öll með hagkvæmniathugun og markaðsrannsókn, heldur er oftast um það að ræða að þróa rétta tækni til hagkvæmrar vinnslu og leita síðan að réttta tímanum til að komast inn á markaðinn.

Með hliðsjón af þessu, þyrfti að vinna ötullega að því að hafa vænleg nýiðnaðarmál tilbúin tæknilega, jafnvel þótt óljóst sé um markaðsmöguleika á því stigi. Á þetta er lögð áhersla,vegna þess að markaðshorfur geta breyst mjög skyndilega og er því nauðsynlegt að hafa tæknilega þætti vel skilgreinda. Þetta er þeim mun mikilvægara sem flest nýiðnaðarmál eiga sér langan aðdraganda, áður en menn fá trú á þeim og hægt er að taka afstöðu til þeirra.

Í eftirfarandi verður rætt um nokkra helstu kostina á sviði nýiðnaðar.

5.3 **Vinnsla úr innlendum hráefnum og/eða orku**

Í þennan flokk nýiðnaðartækifæra falla mörg þau viðfangsefni,sem mest hafa verið rædd á undanförnum árum, svo sem:

Orkufrekur iðnaður	Ál, járnblendi, áburður, vetni, köfnunarefni, þungt vatn, metanol.
Sjóefnavinnsla	Salt-kalí, bróm og kalsíum-klóríð, magnesíum, klór og sódi, natríum-klórat.
Þörungavinnsla	Þaramjöl, þangmjöl, menneldis-þörungar, þörungaseyði, alginatvinnsla.
Jarðefnaiðnaður	Létt gosefni til útflutnings. Byggingareiningar og byggingar-efni úr léttum gosefnum. Einangrun, steinull, perlu-steinn, basaltvinnsla, steyptar flísar o.fl.
Sykurhreinsun	Sykurvinnsla úr aðfluttum melassa með aðstoð jarðhita.
Brotajárnbræðsla	Bræðsla brotajárns með raforku til framleiðslu á steypustyrktar-járni.
Lindavatn	Ferskt vatn og ölkelduvatn til útflutnings.

Undir þennan flokk mætti einnig setja starfsemi,sem talin er á mörkum iðnaðar og fiskiðnaðar, svo sem vinnsla efna úr fiskúrgangi og þurrkun smáfisks með jarðhita, eða á mörkum landbúnaðar og iðnaðar, svo sem

ylrækt við gervilýsingu og jarðhita og efnavinnslu úr sláturúrgangi og úr blóði sláturdýra og lífdýra.

Um þennan flokk nýiðnaðartækifæra gildir það almennt, að undirbúningstími er langur, sérstaklega þar sem um nýtingu innlendra hráefna er að ræða. Kanna þarf magn og gæði hráefnis og finna hagkvæmustu leiðirnar til vinnslu þeirra, leysa flutningsvandamál og oft undirbúa dýra séraðstöðu, vegi, hafnir, raflínur, o.s.frv. til að gera vinnsluna mögulega. Mikil nauðsyn er á að halda uppi staðfastri vinnu að nýiðnaðarverkefnum, er geti leitt þau til lykta. Ennfremur þarf að móta hugmyndir um það,hvernig standa beri að stofnun fyrirtækja um verkefni af þeirri stærð,sem falla undir þennan flokk nýiðnaðarverkefna.

Á þessu sviði nýiðnaðarverkefna eru væntanlega margir þeir kostir,sem líklegir eru til að veita hvað besta samkeppnisstöðu til frambúðar, ekki síst í þeim tilfellum þar sem orka (varmaorka, raforka) er mikilvægur framleiðsluþáttur. Verð á orku í heiminum fer nú hraðhækkandi og allar líkur á því,að það haldi áfram enn um langt skeið. Svipuðu máli gegnir um ýmis hráefni. Virðast samkeppnishorfur á þessu sviði því halda áfram að styrkjast. Rétt er að leggja áherslu á þessa tegund nýiðnaðar.

5.4 Framleiðsla tengd sérkennum íslensks atvinnulífs/umhverfis

Íslenskt atvinnulíf og þjóðlíf einkennist mjög af þeim auðlindum og náttúrufari, sem þjóðin býr við.

Tengsl við sjávarútveg. Hinn ríki þáttur sjávarútvegs og fiskvinnslu opnar stóran, sérstæðan markað fyrir fjárfestingar- og rekstrarvörur, sem að sjálfsögðu ætti að hagnýta til að efla innlenda framleiðslu. Og að auki eigum við greiðan aðgang að þeirri reynslu,sem fæst á

tækjum og búnaði í þessum greinum, sem getur orðið markaðsvara á erlendum vettvangi,ef rétt er á haldið. Sýnist rétt að móta þá stefnu að byggja upp iðngreinar, sem standa í tengslum við þetta svið íslensks athafnalífs. Með markvissri tækniþróun, vöruþróun og markaðsviðleitni samfara stjórn á fjárfestingarhraða og endurnýjun í sjávarútvegi ætti að takast að ná varanlega aukinni framleiðslu t.d. á eftirfarandi búnaði:

- Sérhæfðum fiskiskipum.
- Veiðarfærum og hlutum til veiðarfæra.
- Fiskvinnsluvélum.
- Sjóbúnaði og skjólfötum.
- Stjórnbúnaði og tækniþekkingu í rekstri frystihúsa.
- Búnaði til meðferðar á fiski um borð í skipum og á vinnslustöðum.
- Umbúðum í tengslum við vöruþróun og aðra nýsköpun í sjávarútvegi.

Það á almennt við um þessa tegund iðnaðarmöguleika,að samkeppni á alþjóðamarkaði er mjög hörð og framleiðsla í nágrannalöndum á jafnvel í erfiðleikum (skipasmíðar, fatnaður). Er því nauðsynlegt að gera sér vel grein fyrir samkeppnisforsendum innlends skipasmíðaiðnaðar. Skiptir miklu að byggja á sérhæfingu og gæðum og reynslu svo og því trausti,sem hægt er að skapa á þeim grunni.

Tengsl við landbúnað. Ýmsar afurðir landbúnaðar og gömul hefð og þekking á hagnýtingu þeirra hafa að undanförnu reynst drjúgur grundvöllur iðnþróunar. Ullariðnaðurinn hefur vaxið hröðum skrefum og orðið undirstaða að þekkingaröflun og framförum í framleiðslutækni, rekstrartækni, hönnun og vöruþróun og markaðsöflun í fullri samkeppni á erlendum markaði. Þess er

að vænta,að sú reynsla komi að góðum notum á öðrum sviðum iðnaðar.

Skinnaiðnaðurinn er enn á byrjunarstigi hérlendis og mun án efa geta orðið grundvöllur svipaðrar þróunar og ullariðnaðurinn. Þetta svið er þó vandasamara og tekur nokkurn tíma að byggja upp kunnáttu í feldskurði og saumi úr skinnum, en kröfur til starfsfólks eru mjög miklar,vegna þess hve hráefnið er viðkvæmt og dýrt. Ef loðdýrarækt yrði mjög stór búgrein hérlendis, gæti orðið grundvöllur fyrir sútun og vinnslu slíkra skinna hérlendis, en á þessu stigi virðist það nokkuð fjarlægt.

Áður er minnst á hagnýtingu sláturúrgangs og blóðs,bæði úr sláturdýrum og lífdýrum. Framleiðsla á sérhæfðum blóðefnum (bóluefni, mótefni, næringarefni fyrir örveiruræktun o.s.frv.) sýnist áhugavert svið.

Verði breytingar í landbúnaði með meiri áherslu á ræktun loðdýra og fiskrækt svo og innlenda kjarnfóðurframleiðslu er líklegt,að fóðuriðnaður geti eflst að mun frá því sem nú er.

Hlunnindaafurðir (selskinn, dúnn) úr landbúnaði hafa lengi verið eftirsóttar á erlendum markaði og oft fengist hátt verð fyrir. Hugsanlega væri unnt að framleiða verðmætari vöru úr þessum hráefnum t.d. í tengslum við vandaða skjólfatagerð úr ull og skinnum og öðrum efnum, innlendum eða erlendum.

Tengsl við sérkenni íslensks náttúrufars. Margir þættir íslensks náttúrufars, ekki síst veðurfars, eru þess eðlis að þeir gefa tilefni til sérhönnunar og sérframleiðslu fyrir íslenskt umhverfi. Innflutt vara og tækni hefur oft reynst óhæf til að standast álag og kröfur íslensks umhverfis. Þetta kemur fram í mannvirkjagerð, samgöngutækjum (langferðabifreiðar,fjallabifreiðar) svo og alls kyns búnaði til notkunar á sjó og landi.

Dæmi úr byggingariðnaði sýna nauðsyn þess,að mun meira verði gert til að rannsaka eðli og áhrif íslensks veðurfars og umhverfis með það fyrir augum að skilgreina kröfurnar og þær hönnunarforsendur,sem byggja mætti á. Þannig væri hægt að þróa innlendar afurðir eða tækni, sem hentaði íslenskum aðstæðum á fjölmörgum sviðum og skapa innlendum iðnaði samkeppnisaðstöðu á grundvelli gæða.

Hinn mikli innflutningur iðnaðarhráefna, t.d. trjávöru, pappírs og stáls, gefur tilefni til þess að leita leiða til að hagnýta innlend efni í staðinn fyrir innflutt, eða endurnýta það sem til fellur, s.s. pappír, við, brotamálm, gler og plast.

Sem dæmi er vitað,að vikur og perlustein má með heppilegustu bindiefnum nota í stað viðartegunda í margs konar byggingarefni til nota innanhúss. Kemur sterklega til álita að setja sér þau tæknilegu markmið að minnka verulega innflutning á erlendum spónaplötum svo og efnum,sem unnt er að nota létt gosefni í.

Nýsköpun á grundvelli hugvits og hönnunar. Enda þótt hugvit, hönnun og tækniþekking séu nauðsynlegir þættir í allri nýsköpun í iðnaði, byggja þó sumar greinar eða vörutegundir starfrækslu og samkeppnisstöðu sína fyrst og fremst á þeim mannlega þekkingar- og hæfileikaþætti,sem er undirstaða að tilurð vörunnar. Rafeindabúnaður og stjórnbúnaður,sem byggist á rafeindatækni er af þessum toga spunninn. Sama máli gegnir um margs konar neytendavöru,sem selst vegna útlits og notagildis. Hér má nefna margs konar húsbúnað, byggingarhluta, útilífsbúnað (skjólfata-og viðlegubúnað), bifreiðavarahluti, umbúðir o.s.frv.

5.5 Efld viðleitni til nýsköpunar

Sú tegund nýsköpunar í framleiðsluiðnaði, sem hér hefur verið rædd, hefur ekki verið áhrifamikill þáttur í iðnþróun á síðustu árum miðað við fjölda starfandi fólks í iðnaði og þann fjölda starfstækifæra, sem skapa þarf í iðnaði á næstu árum. Sýnist nauðsynlegt að finna leiðir til að hvetja til að ný atvinnutækifæri verði sköpuð eftir öllum þeim leiðum, sem leitt gætu til varanlegrar, samkeppnishæfrar og arðbærrar iðnaðarframleiðslu. Í aðalatriðum er um fimm meginleiðir að ræða og er líklegt að fara þurfi allar þeirra í einhverjum mæli.

5.5.1 Efling almenns iðnaðar

Fyrst og fremst er nauðsynlegt að skapa almennar forsendur, sem gera iðnaðarstarfsemi arðbæra og veita hvatningu til nýsköpunar í iðnaði. Ennfremur er líklegt, að með verulega aukinni aðstoð við rekstrarráðgjöf og endurskipulagningu í rekstri, starfsþjálfun svo og aðstoð við hönnun, vöruþróun og markaðsstarfsemi megi ná töluvert auknum umsvifum í mörgum fyrirtækjum og mörgum greinum iðnaðar. Nefndin er þeirrar skoðunar, að bestum árangri verði náð með því að veðja á þau fyrirtæki eða greinar, sem eru í vexti og þar sem stjórnendur og starfslið er móttækilegt fyrir framförum.

Um einstakar aðgerðir í þessu sambandi gildir flest það sem áður hefur verið rætt um aðgerðir í þágu iðnaðar og verður ekki frekar fjallað um það hér. Rétt er þó að leggja áherslu á, að mikilvægt væri að beita opinberum innkaupum til að ná árangri á þessu sviði. Ennfremur gæti athugun eða úttekt á kaupum Íslendinga á innfluttum varningi og markviss leit að möguleikum til að koma á innlendri framleiðsu í stað innflutnings orðið gagnleg til að stuðla að framleiðsluaukningu.

5.5.2 Stuðningur við afmarkaðar og mikilvægar greinar

Hugsanlegt er, að skjótustum árangri í sköpun nýrra atvinnutækifæra megi ná með því að efla iðngreinar, sem hafa getu til að taka við miklu vinnuafli, en geta þó jafnframt staðið undir viðunandi framleiðni og staðist samkeppni í framtíðinni. Í þessar völdu greinar ætti að setja verulegt fjármagn til uppbyggingar og endurbóta, þar sem nauðsyn er og fjarlægja hindranir, sem kunna að standa í vegi fyrir vexti. Þær greinar, sem sérstaklega er bent á í þessu sambandi eru:

Skipasmíðar - skipaviðgerðir. Setja ætti það markmið, að íslensk útgerð þurfi ekki að sækja viðgerðir og endurnýjun skipastóls til annarra landa, nema í þeim tilfellum, að innlendir aðilar geti ekki annað verkefnum. Þetta er lykilgrein og getur orðið vaxtarbroddur í öllum okkar málmiðnaði, en nauðsynlegt er að gera sér glögga grein fyrir samkeppnismöguleikum þessarar greinar í ljósi mjög harðrar alþjóðlegrar samkeppni í skipasmíðum. Þarf að tengja hann markvissri stjórn á fjárfestingu og endurnýjun í sjávarútvegi.

Aðgerðir:

1. Tryggja innlendum fyrirtækjum jafnréttismöguleika að því er fjármögnun, lán og greiðsluábyrgðir varðar til viðgerða og nýsmíði á íslenskum skipastól (fiskiskip, strandferðaskip). Gera langtímaáætlun um smíðar og viðgerðir.

2. Framkvæma endurskipulagningu og uppbyggingu á skipasmíða- og viðgerðastöðvum eftir raunhæfri áætlun. Skapa forsendur fyrir afkastamiklum vinnubrögðum við skipasmíðar og viðgerðir.

3. Auka þátt tilboða í skipasmíði og málmsmíði.

Draga úr þætti tímavinnu.

4. Taka upp leit að nýjungum og endurbótum í fiskiskipum, miðað við innlendar aðstæður til að auka samkeppnishæfni íslenskra skipasmíðastöðva.

Málmiðnaður. Í málmiðnaði hefur ekki orðið sú þróun til aukinnar framleiðslu né framleiðni, sem æskileg hefði verið, og greinin er of einkennd af þjónustuverkefnum og viðgerðum. Auka þyrfti leit að hugsanlegum innlendum verkefnum fyrir málmiðnað, t.d. í sjávarútvegi, fiskvinnslu, mannvirkjagerð (markaðskannanir, framtíðarspár) o.fl. og aðstoða fyrirtæki við vöruþróun og við að koma í gang framleiðslu á vænlegum sviðum. Rétt er að minnast þess, að áður fyrr var búnaður frystihúsa og fiskimjölsverksmiðja smíðaður hérlendis að mestu, en úr því hefur mjög dregið á síðari árum.

Í þessari grein er án efa þörf á stóraukinni rekstrartæknilegri ráðgjöf og annarri viðleitni til umbóta í fyrirtækjunum, en ekki er síður mikilvægt að reyna að stuðla að breytingum á grunngerð þessarar greinar, með stækkun fyrirtækja, verkaskiptingu, hvetjandi kaupgreiðslufyrirkomulagi, tilboðsgerð, breytingum á verðlagseftirliti og söluskatts- og tollamálum o.fl.

Ullariðnaður. Enn getur orðið veruleg aukning úrvinnslu í ullariðnaði til að fullvinna það band og þá ull, sem hér er framleidd. Halda ber áfram á þeirri braut, sem verið hefur í stuðningi við þessa grein, með vaxandi áherslu á þjálfun starfsfólks, og hönnun og hagnýtingu sérkenna og gæða íslenskrar ullar til að styrkja stöðuna á erlendum markaði.

Skinnaiðnaður er á byrjunarstigi og getur orðið undirstaða svipaðrar þróunar og ullariðnaður. Áherslu þarf að leggja á menntun og þjálfun, svo og hönnun og

markaðsstarfsemi. Þessi grein getur tekið við töluverðum mannafla,ef vel tekst til. Leggja þarf áherslu á að tengja saman vöruþróun í iðnaði og ræktun eftirsóknarverðra gæða í ull og skinnum. Verðlagning þarf að taka mið af gæðum.

5.5.3 Stuðningur við þróun nýrra greina

Leggja ætti megináherslu á að komast að niðurstöðu um hagkvæmni og taka ákvörðun um þau nýgreinaverkefni, sem unnið er að eða koma til álita á næstunni:

Saltverksmiðja	- tilraunaverksmiðja
Þörungavinnsla	- algínatvinnsla
Vikur-gjall Perlusteinn	- opnun á námum, flutningar, markaðssamband, vöruþróun
Steinull	- tilraunavinnsla - markaðsmál
Sykurhreinsun	- hagkvæmnikönnun í gangi
Lindavatn	- hagkvæmnikönnun nauðsynleg
Stálbræðsla	- hráefni og markaður

Fleiri tegundir tækifæra mætti fella undir þennan flokk, svo sem álsteypu, fiskkassaframleiðslu o.fl.

5.5.4 Raforkufrekur iðnaður

Ef nýta á þá stórvirkjanamöguleika, sem verið er að rannsaka og undirbúa víða um land, hljóta menn að horfast í augu við það, að orku frá þessum orkuverum beri að nota í einhverjum mæli til orkufreks iðnaðar. Spurningin er þá, hversu hratt, í hvers konar framleiðslu, með hvaða skilyrðum um eignarform og hugsanlega þátttöku erlendra aðila t.d. varðandi samninga um aðföng og sölu afurða. Jafnframt þarf að kanna hvaða kröfur eigi að gera um umhverfisvernd og staðsetningu slíkra fyrirtækja með hliðsjón af atvinnulegum og félagslegum áhrifum í

hverju tilfelli.

Þar sem hér er um svið að ræða, sem ætti öðrum fremur að hafa sterka alþjóðlega samkeppnisstöðu hérlendis telur Samstarfsnefndin nauðsynlegt, að gengið sé að könnun þessa máls með fullri einurð og bendir á eftirfarandi atriði:

- Gerðar verði tillögur um það, í hvaða mæli eigi að reikna með raforkunotkun til framleiðslu á eldsneyti (methanol), og gera spá um líklega tímasetningu í því efni.
- Gerð verði áætlun um það, hve miklum hluta vatnsafls kæmi til álita að verja í orkufrekan iðnað.
- Kannað verði, hvort eldsneytisframleiðsla geti fallið að möguleikum á öðrum orkufrekum iðnaði, t.d. járnblendiframleiðslu vegna þess kolsýrlings (kolmonoxið), sem þar myndast og mætti nýta til methanolvinnslu.
- Kannað verði, hvort hagkvæmt og vænlegt sé, að Íslendingar komi sjálfstætt á fót raforkufrekri iðnaðarframleiðslu; ál, járnblendi, magnesíum, natríumklórat o.fl.
- Kannaðir verði fjölþættir möguleikar á raforkufrekum iðnaði og hagnýting rafbræðsluofna eða kolbogatækni í framleiðsluferlum, sem annars nýta olíu.

Dæmi: Sementsframleiðsla, steinullarframleiðsla, basaltbræðsla, korundum, mullit, gufuframleiðsla, heyþurrkun, steypujárn.

- Kannaðir verði þeir staðir, þar sem helst kæmi til álita að reisa orkufrekan iðnað með hliðsjón af þeim tegundum iðnaðar, sem helst kæmu til álita þegar niðurstöður af stefnumótandi umfjöllun lægi fyrir.

Samstarfsnefnd um iðnþróun leggur meginácherslu á,að við undirbúning orkufreks iðnaðar þarf að viðhafa jafnvönduð vinnubrögð og ætla jafnlangan tíma eins og við undirbúning orkuveranna sjálfra. Er nauðsynlegt, að almenningur og sveitarfélög hafi greiðan aðgang að upplýsingum um hina ýmsu þætti málsins og geti áttað sig á því,hvert sé stefnt í uppbyggingu á þessu sviði.

5.5.5 Rannsóknir og þróunarstarfsemi

Til þessa hefur ekki verið unnið skipulega að rannsóknum á sviði íslensks iðnaðar. Talið er,að tæplega 0.2% af vinnsluvirði iðnaðar sé varið í þessu skyni. Það er skoðun Samstarfsnefndar um iðnþróun,að nauðsynlegt sé að efla verulega þennan þátt í nýsköpunarviðleitninni og virkja til þess krafta á hinum ýmsu rannsóknastofnunum atvinnuveganna og í Háskólanum,en jafnframt ber að leita leiða til að láta iðnfyrirtækin sjálf taka þátt í og kosta rannsókna- og þróunarstarfsemi í mun stærri mæli en verið hefur, t.d. með mótframlögum úr sjóðum og skattaafslætti í hlutfalli við kostnað við rannsókna- og þróunarstarfsemi.

5.6 **Stofnun nýiðnaðarfyrirtækja**

Hér hafa verið gerðar tillögur um víðtæka eflingu nýiðnaðarstarfsemi, að hluta á grunni starfandi iðnaðar, en þó ekki síður með stofnun nýrra fyrirtækja vegna nýrra og áður óreyndra framleiðslumöguleika. Mörg hinna síðarnefndu verða hlutfallslega dýr í stofnkostnaði og veruleg áhætta fylgir því að hefja rekstur, sérstaklega á þeim sviðum,sem lítil reynsla er fyrir hendi hérlendis,en hagnýttar eru innlendar aðstæður. Má búast við því,að byrjunarerfiðleikar verði fremur reglan en undantekningin,ef marka má reynsluna hingað til.

Miðað við stærð fjárfestinga,sem hér hafa tíðkast í

iðnaði sýnist vafasamt, að einstaklingar eða einkafyrirtæki geti fjármagnað stærri framkvæmdir en 500-600 m.kr. að óbreyttu. Hér er greinilega mismunur á aðstöðu iðnaðar og sjávarútvegs, þar sem fjárfesting í skipum, sem kosta 1-2 milljarða, er algeng. Lán til skipakaupa nema þó oftast 85-90% og getur það sem á vantar fjármagnast af sölu eldri skipa og lausu eigin fé.

Samstarfsnefndin leggur áherslu á nauðsyn þess, að greiðari aðgangur fáist að lánsfé til fjárfestinga í iðnaði, og hærra hlutfall verði lánað en verið hefur, enda réttlæti arðsemi fjárfestingarinnar lánið. Verði þannig unnt að virkja frumkvæði einkaaðila og fyrirtækja til fjárfestinga í myndarlegum nýiðnaðartækifærum.

Það er skoðun Samstarfsnefndarinnar að frumkvæði eða a.m.k. hlutdeild ríkisins verði óhjákvæmileg í stofnun margra stærri nýiðnaðarfyrirtækja. Sýnist nefndinni nauðsynlegt, að tekið sé gagngert á því máli með einhverjum hætti. Til álita gæti komið að setja allan iðnrekstur á vegum ríkisins undir eitt eignarhaldsfyrirtæki (holding company), sem m.a. hafi það markmið að fara með hlutverk hins raunverulega eiganda gagnvart fyrirtækjum, sem ríkið á aðild að. Þannig fáist eðlilegt eftirlit með rekstrinum og þess gætt að hann sé í samræmi við eðlilegar arðsemiskröfur og að ákvarðanir eigandans séu teknar með skjótum hætti og verði ekki pólitískt bitbein milli ráðuneyta. Pólitískar ákvarðanir, sem hafa í för með sér skuldbindingar sem draga úr arðsemi eða auka stofnkostnað, séu aðskildar frá arðsemissjónarmiðum og þá reiknaðar sérstaklega til kostnaðar, sem Alþingi eða ríkisstjórn taki síðan ákvörðun um. Eignarhaldsfyrirtækið þyrfti að hafa fjárhagslegt bolmagn og sjálfstæði til að stofna ný fyrirtæki, sem metin eru arðvænleg og geti látið fara fram rannsóknir og þróunarstarfsemi til undirbúnings lokaákvörðun. Gæti það þannig tekið á móti hugmyndum ýmist frá opinberum stofnunum (Iðntæknistofnun Íslands o.fl), sem vinna að þróunarmálum, eða sveitarfélögum, fyrirtækjum eða einka-

aðilum og tekið þátt í stofnun fyrirtækis með þeim hætti, sem hentar hverju tilfelli.
Arður af fyrirtækjum og hlutabréfum í ríkiseign rynni til eignarhaldsfyrirtækisins svo og hugsanlegt andvirði seldra bréfa eða eignir uppleystra hlutafélaga. Væri stjórninni heimilt að ráðstafa slíkum tekjum í nýjan rekstur eða fyrirtæki, sem æskilegt og arðvænlegt sýndist að byggja upp.

Lögð áhersla á nauðsyn þess, að slíku fyrirtæki yrði stjórnað með arðsemissjónarmið í fyrirrúmi, en þó með það skýrt í huga að því er ætlað að taka áhættu og vinna brautryðjendastarf, þar sem byrjunarerfiðleikar geta komið upp. Fyrirtækið yrði að ráða yfir mjög hæfu starfsliði á sviði stjórnunar, fjármála, markaðsmála og rekstrartækni og sjá til þess, að reynsla af stofnun og rekstri nýrra fyrirtækja safnist saman og komi að gagni við nýjar framkvæmdir og ný verkefni, og bolmagn fáist til að leysa vandamál, sem upp koma.

Í starfsemi sinni bæri eignarhaldsfyrirtækinu að taka upp samvinnu við sveitarfélög, einstaklinga og fyrirtæki um stofnun til nýs rekstrar, þannig að virkjað sé sem víðast fjármagn, áhugi og frumkvæði, en jafnframt skapaðar forsendur fyrir skammtíma inngrip ríkisins og möguleikar á að selja hlut þess til að leggja í ný fyrirtæki, þegar hagkvæmt sýnist.

Með tillögu þessari er ekki verið að leggja áherslu á aukinn ríkisrekstur, heldur viðurkenna þá staðreynd, að annarsvegar er ríkið nú þegar eigandi eða aðili að nokkrum stærstu iðnfyrirtækjum landsins, og hins vegar að ríkið mun að líkindum verða aðili að flestum stærri nýiðnaðarfyrirtækjum í framtíðinni. Ennfremur hefur öðru hvoru reynst nauðsynlegt að ríkið hlypi undir bagga til aðstoðar fyrirtækjum í erfiðleikum. Þessari starfsemi á vegum ríkisins mætti koma í betra form en nú er og jafnframt ætti að gera til hennar hliðstæðar

arðsemiskröfur og til annars iðnrekstrar í landinu
án forréttinda í skattalegu eða fjármálalegu tilliti
öðru en því sem af hinum sterka bakhjarli leiðir.
Þá er einnig lögð áhersla á, að með þessum hætti mætti
skapa fjármagnslegt afl, sem gæti stutt við framtak
sveitarfélaga, fyrirtækja eða einstaklinga.

6. FRAMKVÆMD IÐNÞRÓUNARÁFORMA

Í undanfarandi köflum hafa tillögur Samstarfsnefndar um iðnþróun varðandi stefnumótun í iðnaðarmálum verið skýrðar. Þessar tillögur eru að sjálfsögðu byggðar á umfangsmiklu safni skýrslna, tillagna og upplýsinga um málefni iðnaðar, sem áður eru komnar fram, en nefndin hefur svo kannað sérstaklega. Nefndin hefur svo lagt mat sitt á það, hvar skórinn kreppir að nú, og hvaða aðgerðir og aðferðir eru vænlegastar til að koma af stað umbótum í iðnaði.

Meginatriði þess máls, sem hér hefur verið sett fram, er að mun verri atvinnuhorfur séu hérlendis nú en árið 1975, þegar skýrsla Iðnþróunarnefndar "Efling iðnaðar 1975-1985" var gerð, m.a. vegna þess að ekki var hrundið af stað þeim aðgerðum á sviði iðnaðar, sem þar var lagt til og vöxtur iðnaðar hefur að verulegu leyti staðnað. Kemur þetta m.a. fram í verulegum brottflutningi fólks frá landinu undanfarin þrjú ár, umfram aðflutning. Jafnframt eru fyrirsjáanlegar breytingar á atvinnuþátttöku og atvinnuskipan í landinu, sem gera nauðsynlegt að grípa til sérstakra ráðstafana til að tryggja áframhaldandi efnahagsvöxt og atvinnu og bætt lífskjör. Telur nefndin, að helst sé að leita að nýjum tækifærum til efnahagsvaxtar í iðnaði og þá sérstaklega á þeim sviðum, sem ýmsar staðbundnar séraðstæður gætu veitt samkeppnisyfirburði með einhverjum hætti.

Tillögur nefndarinnar um aðgerðir varða eftirfarandi meginatriði:

1. Jöfnun á starfsskilyrðum iðnaðar í samræmi við aðbúnað annarra undirstöðugreina atvinnulífsins með það fyrir augum að stuðla að örari þróun iðnaðar.

2. Stuðning við umbætur í starfandi iðnfyrirtækjum í samráði við samtök iðnaðarins, með samhæfðu starfi þjónustustofnana iðnaðarins og auknum stuðningi frá sjóðum iðnaðarins.

3. Áherslu á markaðs- og útflutningseflandi aðgerðir í því skyni að auka samkeppnishæfni iðnaðar og opna nýja markaði fyrir íslenskar iðnaðarvörur.

4. Aðgerðir til að stuðla að nýsköpun í iðnaði á þeim sviðum, þar sem innlendar aðstæður eru líklegar til að geta tryggt arðbæra og samkeppnishæfa framleiðslu.

Það er mat nefndarinnar, að markmiðum þessarar tillögu um stefnumörkun verði ekki náð nema með sérstöku átaki og samhæfðri vinnu margra aðila. Þarf að koma til samstarf stofnana og lánasjóða iðnaðarins og samtaka hans undir forystu iðnaðarráðuneytisins. Mikilvægt er einnig samstarf við önnur ráðuneyti og stofnanir. Hér er um þýðingarmikið skipulagsatriði að ræða og þarf að taka til athugunar flesta þætti iðnaðarmálanna og hafa áhrif á meðferð iðnaðarmálefna á ýmsum stöðum í hinu opinbera stjórnsýslukerfi. Reynir þar á samstarfsvilja og skilning margra aðila, sem e.t.v. hafa gefið vandamálum iðnaðarins lítinn gaum hingað til.

Verulegt fjármagn þarf vegna almennra og sérstakra aðgerða til eflingar iðnaði. Má reikna með, að fjárþörfin geti orðið 1200-1500 m.kr. á ári af opinberri hálfu að meðtöldum framlögum til stofnana iðnaðarins, en án framlaga til fjárfestingarlánasjóða. Fjármagn til árlegrar fjárfestingar í iðnaði þarf í heildina að tvöfaldast á næstu árum frá því sem nú er. Rekstrarfjármagn þarf að aukast verulega og ætti sú fyrirgreiðsla að fá

forgang þar sem núverandi framleiðslugeta iðnaðar er að líkindum vannýtt vegna rekstrafjárskorts. Lagt er til, að kannað verði sérstaklega, hver þörfin er í þeim efnum og hvernig megi mæta henni.

Samstarfsnefnd um iðnþróun telur rétt að leggja áherslu á, að tillögur þær um stuðning við iðnað, sem hér hafa verið lagðar fram, munu án efa ekki verða til mikils gagns, frekar en fyrri tillögur um sama efni, nema þær fái virkan stuðning Alþingis og ríkisstjórnar, og jafnframt að aðilar iðnaðarins, launafólk og atvinnurekendur, verði í megindráttum sammála um nauðsyn þeirrar stefnumörkunar, sem hér er lýst og veiti henni fulltingi. Eru tillögurnar settar fram í þeirri von, að þær geti orðið grundvöllur að samstöðu um málið og á þeim grundvelli verði síðan unnt að hrinda af stað sérstöku átaki til eflingar iðnaði á Íslandi.

7. SKRÁ UM HELZTU HEIMILDIR

Efling iðnaðar á Íslandi 1975-1978, Iðnþróunarnefnd, 1975.

Efling ullar og skinnaiðnaðar, Iðnþróunarnefnd, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, Félag ísl. iðnrekenda, 1975.

Ráðstefna um lífskjör á Íslandi. Bandalag háskólamanna, 1978.

Iðnaður 1976, Atvinnuvegaskýrslur nr. 16, Þjóðhagsstofnun, 1978.

Hagur iðnaðar, Þjóðhagsstofnun, 1977.

Framkvæmdastofnun ríkisins: Ársskýrsla 1977, 1978.

Framkvæmdastofnun ríkisins: Ársskýrsla 1978, 1979.

Skýrsla ríkisstjórnarinnar, um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, 1979.

Þróun atvinnulífsins I, Hagvöxtur og fjárfesting í atvinnulífinu, Framkvæmdastofnun ríkisins, áætlanadeild, 1978.

Þróun atvinnulífsins I, viðbótarskýrsla, vinnsluvirði atvinnugreinanna, Framkvæmdastofnun ríkisins 1978.

Rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna, langtímaáætlun, Rannsóknaráð ríkisins, 1978.

Frumvarp til laga um framhaldsskóla, Menntamálaráðuneytið, 1978.

Dr. Ingjaldur Hannibalsson og Þórður Friðjónsson: Framleiðni í íslenzkum iðnaði, samantekt fyrir samstarfsnefnd um iðnþróun, Morgunblaðið, 30. marz 1979.

Dr. Vilhjálmur Lúðvíksson: Nýsköpun efnahagsþróunar og viðhorf til tækniþróunar í löndum innan OECD, Morgunblaðið, 7. apríl 1979.

Stefnuskrá 1978, Félag ísl. iðnrekenda, 1978.

Ályktanir og samþykktir 37 Iðnþings Íslendinga, Landssamband iðnaðarmanna, 1977.

Nefndarálit iðnaðaraðstöðunefndar - drög, Iðnaðarráðuneytið, 1978.

Ályktun um iðnaðarmál, 3. þing Landssambands iðnverkafólks, Landssamband iðnverkafólks, 1978.

Ályktun um atvinnumál, 33. þing ASÍ, ASÍ, 1976.

Samstarfsyfirlýsing Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks um stjórnarmyndun, Forsætisráðuneytið, 1978.

Nefndarálit um ríkiskaup og eflingu íslenzks iðnaðar, Iðnaðarráðuneytið, 1979.

Viðauki I.

MANNAFLAÞRÓUN OG ÁÆTLUÐ ATVINNUÞÁTTTAKA

I.01 MANNAFLAÞRÓUN OG ÁÆTLUÐ ATVINNUÞÁTTTAKA

Frá því farið var að nota slysatryggðar vinnuvikur sem mælikvarða á vinnumagn á Íslandi hefur ársverkum fjölgað úr 67.500 árið 1963 í 97.600 árið 1976. Fyrstu tvö árin voru þó tæpast marktæk vegna þess að ekki var þá enn komið fast form á upplýsingaöflun. Þá tók við samdráttarskeið, en frá 1976 hefur ársverkum fjölgað á hverju ári, þótt með nokkrum sveiflum hafi verið. Frá 1970 til 1976 fjölgaði ársverkum um 16.500.

Tafla I.1 sýnir heildarfjölda ársverka, sem unnin hafa verið á Íslandi frá 1963-1976. Mynd 1 sýnir að fjölgun ársverka hefur verið frá 1,6%-5,0% á ári, að meðaltali 3,1%. Mynd 2 sýnir hversu hátt hlutfall heildarfjöldi ársverka er af heildarfjölda landsmanna á starfsaldri (15-74 ára). Almenn atvinnuþátttaka hefur vaxið úr tæplega 60% í um 66% 1976.


Sé gengið út frá því að atvinnuþátttaka karla hafi verið stöðug allt þetta tímabil, þ.e. 80% af körlum á aldrinum 15-74 ára, hefur atvinnuþátttaka kvenna verið eins og sýnt er í aftasta dálki í töflu I.1 og á mynd 3. Miðað við þessa forsendu hefur atvinnuþátttaka kvenna vaxið töluvert undanfarin ár, en er þó ennþá lægri en á hinum Norðurlöndunum. Tölur þar um eru sýndar í töflu I.2.

I.02 Þróun atvinnugreina

Þau rúmlega þrjátíu þúsund atvinnutækifæri, sem orðið hafa til á Íslandi á tímabilinu 1963-1976 hafa skipzt mjög misjafnt á atvinnugreinar og landsvæði. Í töflu I.3 er sýnt hvaða breytingar hafa átt sér stað á hverju ári frá 1963 í hinum þremur megingreinum at-


MYND 1.

HEILDARFJÖLDI ÁRSVERKA 1963-1976.




MYND 2.

UNNIN ÁRSVERK 1963 - 1976 SEM HLUTFALL AF FJÖLDA LANDSMANNA Á STARFSALDRI.



MYND 3.

REIKNUÐ ATVINNUÞÁTTTAKA KVENNA 1963 - 1976. HLUTFALLSTÖLUR.



vinnulífsins. Sé litið á tímabilið í heild hefur fjölgað í öllum greinum, en þó var fjölgunin sáralítil í frumvinnslugeiranum.

Sé tafla I.3 skoðuð nánar kemur í ljós að nokkur vöxtur varð í frumvinnslu fram til 1970 en síðan hefur orðið veruleg fækkun, eða um rúmlega 1.000 ársverk fram til 1976. Úrvinnsla hefur vaxið hlutfallslega meira á tímabilinu frá 1970 en fyrir þann tíma.

Í töflum I.4, I.5, I.6 og I.7 er sýnt hvernig breytingar áttu sér stað milli ára í einstökum greinum geiranna.

Eins og áður sagði fjölgaði störfum í frumvinnslu um 200 milli 1963 og 1976, þrátt fyrir að störfum í landbúnaði fækkaði um tæplega átta hundruð.

Sé litið á seinni hluta tímabilsins fækkaði störfum í frumvinnslu um rúmlega eitt þúsund. Í töflu I.4 má sjá að fækkunin varð öll í landbúnaði. Í fiskveiðum stóð mannafli því sem næst í stað. Miklar sveiflur hafa verið í báðum þessum greinum ár frá ári.

Í þjónustugreinum (tafla I.6) fjölgaði störfum um rúmlega 19.000 frá 1963-1976. Sjöunda hvert nýtt starf eða rúmlega 4.000 störf urðu til í verzlun og viðskiptum. Tíunda hvert nýtt starf eða 3.100 ný störf í þjónustu urðu til hjá bönkum, sparisjóðum, tryggingarfélögum o.þ.h. Um 4,6% nýrra starfa urðu til við samgöngur, tæplega 1.400 ný störf alls. Rúmlega þriðja hvert starf eða 10.577 urðu til í opinberri þjónustu og einkaþjónustu ýmiss konar.

Um 10.800 ný störf mynduðust í úrvinnslu á ofangreindu 13 ára tímabili. Þar af mynduðust rúmlega 7.000 störf frá 1970 til 1976. Sé litið á allt tímabilið mynduðust 4.800 störf í byggingarstarfsemi, eða 16% allra nýrra starfa. Um 1.400 störf mynduðust í fiskiðnaði, eða 4,6% af nýjum störfum. Tæplega 300 ný störf mynduðust við rafmagnsveitur, vatns- og hitaveitur o.þ.h.

Um 4.300 ný störf mynduðust í iðnaði, öðrum en fiskiðnaði, allt tímabilið frá 1963-1976. Voru þau 14,3% af öllum nýjum störfum. Hlutur nýrra starfa í fiskiðnaði var mun meiri seinni hluta tímabilsins en yfir tímabilið í heild. Um 9% nýrra starfa urðu til í fiskiðnaði 1970-1976. Það tímabil fjölgaði fiskvinnslustörfum meira en yfir allt tímabilið frá 1963-1976. Munar þar 85 ársverkum.

I.03 Vinnuaflsnotkun í iðnaði 1970-1976*)

Yfirlit um þróun vinnuafls í iðnaði frá 1970 er sýnt í töflu I.8 og nánar í töflu I.9 frá 1968. Iðnaði (fyrir utan fiskiðnað) er skipt upp í viðgerðargreinar og framleiðslugreinar. Aftasti dálkur töflunnar sýnir bráðabirgðatölur fyrir árið 1977. Þróun vinnuaflsnotkunar þessarra tveggja flokka hefur verið með nokkuð ólíkum hætti.

Mannaflanotkun í framleiðslugreinum iðnaðar hefur aukizt um tæplega 1.400 manns frá 1970 til 1977. Þetta er 13% aukning eins og neðri hluti töflunnar sýnir, um 200 ný störf á ári.

---

*) Hér að framan hefur verið fylgt venjulegum skilgreiningum um skiptingu einstakra atvinnugreina í flokka. Í þeirri umfjöllun sem nú tekur við eru þær breytingar að niðursuðuiðnaður telst með iðnaði, en hann telst venjulegast með fiskiðnaði. Skógviðgerðir töldust til þjónustugreina en teljast hér eftir með iðnaði.

Í viðgerðargreinum hefur vinnuaflsnotkun aukizt hlutfallsleg nokkuð meira þrátt fyrir að bráðabirgðatölur sýni verulegan samdrátt 1977 frá 1976. Vinnuaflsnotkunin hefur vaxið um tæplega 640 manns frá 1970 eða um 15,8%.

Í töflum I.10, I.11 og I.12 eru sýndar breytingar á mannaflanotkun einstakra framleiðslugreina frá 1970 til 1976. Tafla I.10 sýnir greinar þar sem mannaflanotkun hefur minnkað. Mannaflanotkun minnkaði hlutfallslega mest í trétunnu-, trékassa- og körfugerð. Í beinum tölum fækkaði mest í bókbandi og niðursuðuiðnaði, um 61 ársverk í hverri grein.

Í töflu I.11 eru sýndar atvinnugreinar með vaxandi mannaflanotkun, sem þó er minni en meðalvöxtur allra framleiðslugreina.

Í töflu I.12 eru sýndar vaxtargreinar iðnaðar hvað mannaflanotkun varðar. Hæstu tvær greinarnar eru tæplega marktækar þar sem þær eru n.k. „ruslakistuflokkar" þ.e. greinar, sem ekki er auðvelt að flokka annars staðar. Þar fyrir utan var vöxtur hlutfallslega mestur í leirsmíði, rúmlega tvöfaldur á sex árum.

Yfirlit yfir þær breytingar, sem urðu á mannaflanotkun í framleiðsluiðnaði frá 1970 til 1976 má setja þannig fram:

Fækkun í „hnignandi" greinum	-504	ársverk
Fjölgun í hægum vaxtargreinum	94	"
Fjölgun í örum vaxtargreinum	1.716	"
Samtals aukin mannaflanotkun	1.306	ársverk

flutningar verði með líku sniði og þeir voru frá 1973-1977 en á því tímabili voru verulegar sveiflur í að- og brottflutningi, en yfir tímabilið sem heild var nokkur nettóbrottflutningur. Telst varla hægt að reikna með því að hann haldi ekki áfram.

Í þessari spá er reiknað með því að frjósemi verði sú sama næstu tíu ár og hún er nú, þrátt fyrir að frjósemi hafi farið lækkandi á undanförnum árum. Lækkun frjósemi hefur ekki bein áhrif á mannafla fyrr en eftir 15-20 ár. Hins vegar hefur hún óbein áhrif, þar sem minni barnafjöldi auðveldar konum að starfa utan heimilis.

Samkvæmt ofangreindum forsendum þarf að skapa störf fyrir 12 til 16 þúsund nýliða á vinnumarkaðinum frá og með árinu 1979 til ársins 1987.

Þar fyrir utan þurfa að skapast störf fyrir tilfærslur í atvinnustarfsemi sem leiða af sér fækkun í einhverjum greinum.

Eins og fram kom hér að framan hefur orðið töluverð fækkun á störfum í landbúnaði undanfarin ár. Samkvæmt tölum um vinnumagn í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða þarf um 6.300 ársmenn til að standa undir þeirri framleiðslu á sauðfjár- og nautgripaafurðum sem stunduð er í landinu. Hins vegar eru 8.500 ársverk talin unnin samkvæmt skýrslum um slysatryggðar vinnuvikur, þótt leiðrétt sé oftalning vegna heimilisstarfa. Að hluta til er hér um fólk að ræða sem þegar vinnur einhver störf utan búanna (vegavinna, slátrun, fiskvinnsla, byggingarstarfsemi, viðgerðir o.fl.) en að töluverðu leyti er hér um dulið atvinnuleysi að ræða. Nauðsyn ber til að finna þessum starfskröftum arðbær störf, hvort sem þau verða í iðnaði eða nýjum búgreinum.

Auk þessa verður að reikna með áframhaldandi framleiðniaukningu í landbúnaði. Mjög má deila um það hver sé æskileg eða nauðsynleg eða óhjákvæmileg þróun í vinnuaflsnotkun landbúnaðarins á næstu árum. Hér verður reiknað með því að samtals losni um 1.260 störf í landbúnaði á tímabilinu frá 1976 til 1987.


Ef framleiðniaukningin í iðnaði verður meiri en framleiðsluaukning falla burt störf sem nemur mismuninum. Mynd I.4 sýnir framleiðniþróun í íslenzkum iðnaði undanfarin ár. Tafla I.18 sýnir framleiðnina árið 1976 í einstökum greinum vörufframleiðslu. Framleiðniþróun í iðnaði hefur ekki verið eins ör og framleiðsluþróunin, enda hefur iðnaðurinn flest árin bætt við sig vinnuafli.

Byggingarstarfsemin hefur bætt verulega við sig vinnuafli undanfarin ár. Nú þykjast menn hins vegar sjá samdráttarteikn á lofti, sem stafa af því að ekki þarf að byggja eins mikið af íbúðum á næstu árum og undanfarin ár. Einnig er byggingarstarfsemi víðast að fara í gegnum verulega framleiðniaukningu. Opinberar framkvæmdir hafa mikil áhrif á eftirspurn eftir vinnuafli í byggingarstarfsemi, en erfitt er að spá um þróun þeirra.

Það verður að teljast mjög ólíklegt að þessi þróun haldi áfram, en hversu mikið framtíðin víkur frá fortíðinni er erfitt að segja til um. Hér verður reiknað með því að mannvirkjagerð á vegum hins opinbera vaxi um 2,5% á ári að meðaltali. Hins vegar er reiknað með því að ekki fjölgi mannafla svo neinu nemi í húsagerð. Hugsanlegt er að íbúðabyggingum fækki, en bygging atvinnuhúsnæðis aukist eitthvað á móti. Vera má að hér sé gert ráð fyrir að þróun snúist við með full skjótum hætti en þá reynist þessi spá í lágkanti.

MYND 4.

FRAMLEIÐNIÞRÓUN



Segja má að stærstu óvissuatriðin í áætlun þessari séu þrjú, og þau eru hvort öðru nátengd. Hið fyrsta er þróun þjónustustarfsemi, annað er atvinnuþátttaka (giftra) kvenna og hið þriðja er brottflutningur fólks frá landinu.

Hlutdeild þjónustugreina í heildarmannafla er ennþá lægri á Íslandi en víða annars staðar. Kröfur um aukna þjónustu eru sífellt að aukast en fjölgun starfsmanna hins opinbera er þó yfirleitt ekki talin æskileg. Hlutur þjónustugreina í auknum mannafla getur væntanlega orðið þeim mun meiri sem framleiðniþróun annarra atvinnugreina verður örari og þar með lífskjör betri. Ör þróun þjónustugreina mun geta spornað nokkuð gegn því að jafnmikill fjöldi fólks flytjist af landi brott og undanfarin ár.

Aukin atvinnuþátttaka kvenna í framtíðinni getur stafað af auknum vilja þeirra og áhuga á að taka þátt í atvinnulífinu. Aukin menntun kvenna hefur væntanlega áhrif á þennan áhuga. Hins vegar geta konur orðið að vinna utan heimilis, enda þótt þeim sé það óhægt og ef til vill þvert um gerð. Bætt lífskjör gætu orðið til þess að færri konur neyddust til að vinna utan heimilis. Fækkun barneigna gerir fleiri konum kleyft að stunda fulla atvinnu utan heimilis alla starfsævi sína. Reynsla undanfarinna ára er sú að rúmlega 64% nýrra starfa hafa myndast í þjónustugreinum (þ.m.t. rafveitur, vatnsveitur o.þ.h.). Þetta hlutfall hefur verið stöðugt.

Sé reiknað með því að þjónustugreinar haldi áfram að taka til sín sama hlutfall af nýjum störfum og þær hafa verið að gera munu ársverk í þjónustugreinum verða sem hér segir (ef atvinnuþátttaka kvenna eykst ekki frá því sem nú er):

1982 53.250 ársverk 49,8% alls mannafla

1987 56.900 " 50,5% " "

Ef reikna á með því að þjónustugreinar taki til sín enn hærra hlutfall nýrra starfa en verið hefur, verður það ekki gert öðru vísi en með því að framleiðniþróun atvinnuveganna í heild og þar með hagnaður gefi tilefni til. Sé t.d. gert ráð fyrir að þjónustugreinar taki til sín 70% allra nýrra starfa verður fjöldi ársverka í þjónustugreinum sem hér segir að óbreyttri atvinnuþátttöku:

1982 53.800 ársverk 50,3% alls mannafla

1987 57.800 " 51,3% " "

Séu þær forsendur sem hér hafa verið raktar dregnar saman verður niðurstaðan það sem sýnt er í töflu I.19 (töflur fyrir markárin 1982 og 1987 hafa verið jafnaðar).

Þessi mismunur, sem sýndur er í töflu I.19, er sá fjöldi sem skapa þarf vinnu í iðnaði á næstu árum, ef þær forsendur standast sem raktar hafa verið.

Ef þróun vinnuafls í iðnaði verður með líkum hætti og verið hefur, má með töluverðri bjartsýni reikna með því að iðnaðurinn geti bætt við sig um 3.000 ársverkum til 1987, eða um tveimur þriðju hlutum af því sem nauðsynlegt virðist vera hið minnsta.

Til þess að svo megi verða þarf öflugt átak í iðnþróun með áherzlu á framleiðniaukningu í starfandi iðngreinum. Mynda þarf nýiðnaðartækifæri fyrir það vinnuafl sem losnar við framleiðniaukninguna. Augljóst má telja að margar iðngreinar, þar á meðal allar viðgerðargreinar iðnaðarins og margar greinar

heimaiðnaðar geta ekki aukið framleiðslu sína til að vega upp á móti framleiðniaukningunni. Ef 1% nettóframleiðniaukning yrði á ári (þ.e. framleiðniaukning umfram framleiðsluaukningu) í iðnaði, fiskiðnaði og byggingarstarfsemi verður fækkun sem nemur um 1.800 starfstækifærum í þessum greinum á hverjum 5 árum.

Að síðustu er rétt að geta þess að ein orsök þess að í þessum reikningum vex mannafli minna en hann hefur gert undanfarin ár, er sú að reiknað er með áframhaldandi brottflutningi fólks af landinu umfram aðflutning. Hreinn brottflutningur úr landi hlýtur að teljast óæskilegur og hlýtur það að teljast eðlilegt markmið að berjast gegn slíkri þróun. Í slíkri baráttu þarf efalítið að grípa til margs konar aðgerða. Veigamikill þáttur þeirra hlýtur að vera að skapa aukin atvinnutækifæri. Helzt þyrfti að snúa vörn í sókn, en til að halda í horfinu þarf að fjölga atvinnutækifærum um 300 á ári umfram það sem hér hefur verið reiknað með. Töflur I.20 og I.21 sýna til skýringar annars vegar búferlaflutninga milli landa frá 1968-1978 og hins vegar flutninga milli sveitarfélaga og gagnvart útlöndum eftir landshlutum.

Tafla I.1.

Mannafli og áætluð atvinnuþátttaka 1963-1978
ásamt spám til ársins 1987.

Ár	(Fólk á starfsaldri (15-74 ára) Karlar	Konur	Alls	Unnin ársverk	Atvinnu-þátttaka %	Reiknuð atvinnu-þátttaka kvenna %
1963	58.911	57.897	116.808	67.517	57,8	35,2
1964	60.117	58.981	119.098	72.496	60,9	41,4
1965	61.409	60.142	121.551	75.697	62,3	44,2
1966	62.515	61.280	123.795	77.339	62,5	44,6
1967	63.850	62.316	126.166	77.305	61,3	42,1
1968	64.971	63.426	128.397	77.642	60,5	40,4
1969	65.833	64.257	130.090	78.296	60,2	39,9
1970	66.616	64.998	131.614	81.102	61,6	42,8
1971	67.835	66.274	134.109	85.154	63,5	46,6
1972	69.500	67.762	137.262	87.519	63,7	47,1
1973	70.762	69.036	139.798	89.779	64,2	48,0
1974	72.452	70.491	142.943	92.843	65,0	49,5
1975	73.922	71.917	145.839	94.300	64,7	48,9
1976	74.934	72.959	147.893	97.633	66,0	51,7
				Reiknaður mannafli		
1977	76.247	74.296	150.543	99.632		52,0
1978	77.206	75.237	152.443	100.888		52,0
1982	81.654	79.877	161.531	106.859	Dæmi I	52,0
1982				109.255	Dæmi II	55,0
1987	86.023	84.188	170.211	112.596	Dæmi I	52,0
1987				117.226	Dæmi II	57,5

Tafla I.2.

Atvinnuþátttaka á Norðurlöndum.*)

Ár	Danmörk			Finnland			Noregur			Svíþjóð		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
1970	66,9	82,9	51,2	64,7	75,2	55,1	...	...	...	66,7	80,6	52,8
1971	67,1	82,2	52,2	64,4	74,2	55,4	...	...	...	67,2	80,3	54,0
1972	67,1	80,8	53,5	63,7	72,7	55,5	61,4	78,2	44,8	67,2	79,7	54,7
1973	67,3	80,5	54,2	64,3	72,5	56,7	61,1	77,4	44,9	67,3	79,5	55,2
1974	67,7	80,5	55,2	65,1	72,7	58,1	60,8	77,4	44,4	68,4	79,7	57,1
1975	67,8	80,3	55,4	64,6	71,7	58,1	62,2	77,5	46,9	69,6	80,0	59,2
1976	68,7	80,9	56,7	63,5	70,8	56,8	64,5	78,5	50,4	69,8	79,5	60,0
1977	69,7	81,0	58,5	63,1	69,8	56,8	65,1	78,7	51,4	69,9	78,6	61,1

---

*) Hlutfall íbúa á starfsaldri í mannafla. Í mannafla eru þeir sem hafa vinnu eða eru að leita eftir vinnu. Í Danmörku og Finnlandi er starfsaldur frá 15-74 ára. Í Noregi og Svíþjóð frá 16-74 ára. Tölur fyrir neðan strikin eru ekki fyllilega sambærilegar við tölur fyrir ofan.

Heimild: Yearbook of Nordic Statistics 1978, tafla 40.

Tafla I.3.

Mannaflanotkun 1963-1976 eftir greinum.

a) Fjöldi unnina ársverka.

	Samtals	Frumvinnsla	Úrvinnsla	Þjónusta
1963	67.517	13.718	26.189	27.610
1970	81.102	14.971	29.963	36.168
1976	97.653	13.918	36.996	46.719

B) Breytingar frá fyrra ári.

	Samtals	Frumvinnsla	Úrvinnsla	Þjónusta
1964	4.979	359	2.706	1.914
1965	3.201	107	593	2.501
1966	1.642	193	- 21	1.470
1967	34	86	- 265	145
1968	337	136	- 376	577
1969	654	170	84	400
1970	2.806	202	1.053	1.551
1971	4.052	- 384	2.269	2.167
1972	2.365	- 276	515	2.126
1973	2.260	- 208	1.111	1.357
1974	3.064	423	554	2.087
1975	1.457	- 614	1.180	891
1976	3.333	6	1.404	1.923
Samtals	30.116	200	10.807	19.109
Þar af 1970-1976	16.531	- 1.053	7.033	10.551

Tafla I.4.

Breytingar á mannaflanotkun 1963-1976.

Frumvinnslugreinar.

a) Fjöldi ársverka.

Ár	Frumvinnslu-greinar	Landbúnaður	Fiskveiðar
1963	13.718	9.254	4.464
1970	14.971	9.773	5.198
1976	13.918	8.660	5.258

b) Aukning frá fyrra ári.

1964	359	0	359
1965	107	325	-218
1966	193	277	- 84
1967	86	- 5	91
1968	136	262	-126
1969	170	- 55	225
1970	202	-285	487
1971	-384	-373	- 11
1972	-276	- 95	-181
1973	-208	-104	-104
1974	423	141	282
1975	-614	-567	- 47
1976	6	-115	121
Samtals 1963-1976	200	-594	794
Samtals 1970-1976	-1.053	-1.113	60

Tafla I.5.

Breytingar á mannaflanotkun 1963-1976.

Úrvinnslugreinar.

a) fjöldi ársverka.

Ár	Úrvinnslu-greinar	Fisk-iðnaður	Annar iðnaður	Rafmagns- og vatnsv.	Byggingar-starfsemi
1963	26.189	6.679	12.040	303	7.167
1970	29.963	6.594	14.114	546	8.709
1976	36.996	8.080	16.339	599	11.978

b) Fjölgun ársverka í hverjum geinarflokki frá fyrra ári.

1964	2.706	407	750	87	1.462
1965	593	90	114	18	371
1966	- 21	-688	318	- 27	376
1967	-265	-852	-449	16	1.020
1968	-376	- 76	-526	18	208
1969	84	835	719	157	-1.627
1970	1.053	199	1.148	- 26	-268
1971	2.269	312	974	59	924
1972	515	-127	617	- 80	105
1973	1.111	- 85	216	- 86	1.066
1974	554	302	- 58	39	271
1975	1.180	725	19	10	426
1976	1.404	359	457	111	477
Samtals 1963-'76	10.807	1.401	4.299	296	4.811
Samtals 1970-'76	7.033	1.486	2.225	53	3.269

Tafla I.6.

Breyting á mannafla 1963-1976.

Þjónustugreinar.

a) Fjöldi ársverka.

Ár	Þjónustu-greinar	Viðskipti	Samgöngur	Bankar o.þ.h.	Þjónusta
1963	27.610	9.218	6.459	1.880	10.053
1970	36.168	11.019	6.892	3.436	14.821
1976	46.719	13.259	7.850	4.980	20.630

b) Aukning ársverka frá fyrra ári.

1964	1.914	424	316	291	883
1965	2.501	1.124	392	251	734
1966	1.470	502	165	298	505
1967	145	- 76	- 86	153	154
1968	577	-299	-225	120	981
1969	400	-286	-148	127	707
1970	1.551	412	19	316	804
1971	2.167	736	380	279	772
1972	2.126	466	437	253	970
1973	1.357	383	10	175	789
1974	2.087	488	4	413	1.182
1975	891	31	- 28	153	734
1976	1.923	136	155	271	1.362
Samtals 1963-'76	19.109	4.041	1.391	3.100	10.577
Samtals 1970-'76	10.551	2.240	958	1.544	5.809

Tafla I.7.

Yfirlit yfir breytingar á mannaflanotkun 1963-1976.

Geinar	Unnin ársverk			Breytingar á mannaflanotkun á tímabilinu	
	1963	1970	1976	1963-1976	1970-1976
Landbúnaður	9.254	9.773	8.660	- 594	-1.113
Fiskveiðar	4.464	5.198	5.258	794	60
Fiskiðnaður	6.679	6.594	8.080	1.401	1.486
Annar iðnaður	12.040	14.114	16.339	4.299	2.225
Rafmagnsv. + vatnsv.	303	546	599	296	53
Byggingarstarfsemi	7.167	8.709	11.978	4.811	3.269
Verzlun og viðskipti	9.218	11.019	13.259	4.041	2.240
Samgöngur	6.459	6.892	7.850	1.391	958
Bankar o.þ.h.	1.880	3.436	4.980	3.100	1.544
Þjónusta	10.053	14.821	20.630	10.577	5.809
Samtals	67.517	81.102	97.633	30.116	16.531

Tafla I.8.

Þróun vinnuafls í iðnaði.
Yfirlit.

	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977*)
Framleiðslugreinar	10.360	11.048	11.406	11.701	11.459	11.439	11.666	11.737
Viðgerðargreinar	4.037	4.385	4.581	4.514	4.662	4.671	4.895	4.673
Iðnaður, alls	14.397	15.433	15.987	16.215	16.121	16.110	16.561	16.410

Vísitölur	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977
Framleiðslugreinar	100,0	106,6	110,0	112,9	110,6	110,4	112,6	113,3
Viðgerðargreinar	100,0	108,6	113,5	111,8	115,5	115,7	122,2	115,8
Iðnaður, alls	100,0	107,2	111,0	112,6	112,0	111,9	115,0	114,0

---

*) Bráðabirgðatölur.

Tafla I.9.

Vinnuafl í iðnaði[1] 1968-1976.

Ársverk.

Nr.		1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977
201	Slátrun og kjötiðnaður	778	744	752	736	779	882	944	1.001	1.037	982
202	Mjólkuriðnaður	370	349	343	345	346	369	379	369	375	457
205	Niðursuðuiðnaður	218	240	242	302	239	261	224	186	181	230
206	Brauð- og kökugerð	440	428	457	430	438	408	444	434	469	455
207	Kexgerð	68	71	79	81	74	72	83	64	43	48
208	Sælgætisgerð	267	252	272	283	286	309	285	270	271	277
209	Matvælaiðnaður ót.a.	161	183	210	176	232	207	210	216	225	194
211	Áfengisiðnaður	3	4	4	4	4	4	4	5	6	6
213	Öl- og gosdrykkjagerð	219	210	216	223	254	266	272	260	268	271
220	Tóbaksiðnaður	11	6	6	7	5	6	7	5	4	4
231	Ullarþvottur, spuni, vefnaður	397	447	490	435	429	520	418	331	323	424
232	Prjónavöruframleiðsla	177	191	239	290	312	318	294	300	333	285
233	Veiðarfæraiðnaður	228	248	293	327	338	341	376	353	343	400
241	Skógerð, önnur en gúmskógerð	61	45	85	84	69	73	69	46	45	41
242	Skóviðgerð	47	43	41	42	43	36	31	40	41	41
243	Fatagerð	636	736	858	946	957	1.013	924	861	857	979
244	Framl. á öðrum fullunnum vefnaðarv.	37	30	24	27	31	33	37	33	36	33
252	Trétunnu-, trékassa- og körfugerð	36	30	34	22	15	4	8	7	7	8
259	Annar trjávöruiðnaður	65	22	18	25	22	32	33	41	50	34
261-262	Húsgagnagerð, innréttingasmíði	1.270	1.283	1.446	1.525	1.587	1.632	1.634	1.741	1.719	1.682
272	Pappa- og pappírsvörugerð	145	166	191	189	197	182	173	165	157	180
281	Prentun	684	642	642	619	795	812	746	787	740	667
282	Prentmyndagerð	40	32	32	42	39	42	42	45	38	35
3. Samgöngumannvirki	11 080	15 500	20 512	-2,0	-3,7	-1,2
4. Byggingar hins opinbera	7 100	9 500	11 786	0	-7,7	-7,4

Aths.: Magnbreytingar 1977 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1969, 1978 við verðlag ársins 1977 og 1979 við áætlað verðlag ársins 1978. Tölur um skipainnflutning á árinu 1978 þarf að skoða með nokkrum fyrirvara þar sem líkur benda til að þessi innflutningur hafi verið nokkru minni en hér er gert ráð fyrir. Þótt þessar áætlanir fyrir árið 1978 kunni að reynast of háar, og sama gildir raunar einnig um fjárfestingu í landbúnaði, er að svo stöddu ekki ástæða til þess að leiðrétta þessar tölur sérstaklega þar sem endurskoðun á öðrum liðum leiðir sennilega einnig til breytinga, bæði til hækkunar og lækkunar, og því óvíst hvort heildarniðurstöður fjárfestingaráætlunarinnar breytist að marki við endurskoðun á næstu mánuðum.

Heimild: Lánsfjáráætlun 1979.

Viðauki VII.

FJÁRMÖGNUN IÐNAÐAR

Tafla VII.1.

Útlánaflokkun fjárfestingarlánasjóða 1973-1978.
Árleg ný útlán.

Í milljónum króna	1973	1974	1975	1976	1977	1978
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	35	80	365	222	100	625
Bæjar- og sveitarfélög	218	247	489	944	1.081	1.328
Bankar og sparisjóðir	12	42	56	71	10	-
Fyrirtæki	4.082	4.494	8.137	9.105	13.936	19.361
Landbúnaður	537	978	1.401	1.595	2.281	2.382
Sjávarútvegur	2.706	2.373	4.712	4.951	6.965	11.452
Verzlun	67	96	106	244	.524	1.075
Iðnaður	576	911	1.214	1.620	2.721	3.127
Byggingarverkt. íbúðarhúsn.	139	23	548	489	1.110	800
Aðrir verktakar	13	14	37	52	20	35
Samgöngur	1	7	26	14	45	84
Raforkumál	-	21	2	-	55	35
Þjónustustarfsemi	36	38	64	125	175	370
Annað, ósundurliðað	7	33	27	15	32	1
Íbúðalán til einstaklinga	1.502	2.462	3.283	4.578	5.897	9.319
Útlán, alls	5.849	7.325	12.330	14.920	21.024	30.633
Hlutfallsleg skipting						
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	0,6	1,1	3,0	1,5	0,5	2,0
Bæjar- og sveitarfélög	3,7	3,4	4,0	6,3	5,1	4,4
Bankar og sparisjóðir	0,2	0,6	0,5	0,5	-	-
Fyrirtæki	69,8	61,3	65,9	61,0	66,3	63,2
Landbúnaður	9,2	13,3	11,4	10,7	10,9	7,8
Sjávarútvegur	46,3	32,4	38,2	33,2	33,1	37,4
Verzlun	1,1	1,3	0,9	1,6	2,5	3,5
Iðnaður	9,8	12,4	9,8	10,9	12,9	10,2
Byggingarverkt. íbúðarhúsn.	2,4	0,3	4,4	3,3	5,3	2,6
Aðrir verktakar	0,2	0,2	0,3	0,3	0,1	0,1
Samgöngur	-	0,1	0,2	0,1	0,2	0,3
Raforkumál	-	0,3	-	-	0,3	0,1
Þjónustustarfsemi	0,6	0,5	0,5	0,8	0,8	1,2
Annað, ósundurliðað	0,1	0,5	0,2	0,1	0,2	-
Íbúðalán til einstaklinga	25,7	33,6	26,6	30,7	28,1	30,4
Útlán, alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla VII.2.

Útlán fjárfestingarlánasjóða í hlutfalli við fjármunamyndun.
Verðlag hvers árs

Í milljónum króna	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	Áætlun 1976
Iðnaður án áls										
Fjármunamyndun	535	444	548	690	1.140	1.540	1.565	2.600	4.300	4.880
Útlán fjárfestingarlánasjóða	153	124	243	248	405	532	642	1.153	1.468	1.931
Hlutur útlána í fjármunamyndun, %	28,6	27,9	44,3	35,9	35,5	34,6	41,0	44,4	34,1	39,6
Sjávarútvegur										
Fjármunamyndun	818	327	270	787	1.320	2.680	5.905	7.830	7.520	7.620
Útlán fjárfestingarlánasjóða	263	384	483	485	988	1.487	2.424	2.373	4.512	5.033
Hlutur útlána í fjármunamyndun, %	32,2	117,4	178,9	61,6	74,9	55,5	41,1	30,3	60,0	66,1
Landbúnaður										
Fjármunamyndun	605	654	530	728	960	1.300	1.860	2.920	3.850	4.570
Útlán fjárfestingarlánasjóða	105	98	133	196	205	321	471	736	1.147	1.324
Hlutur útlána í fjármunamyndun, %	17,4	15,0	25,1	26,9	21,4	24,7	25,3	25,2	29,8	29,0
Heildarútlán										
Heildarfjármunamyndun	7.984	8.725	8.600	10.511	16.050	19.100	28.610	45.150	63.560	75.300
Heildarútlán	1.209	1.306	1.992	2.070	2.873	4.042	5.579	7.325	12.130	14.966
Hlutur útlána í heildarfjármunamyndun, %	15,1	15,0	23,2	19,7	17,9	21,2	19,5	16,2	19,1	19,9

Heimild: Hagur iðnaðar.

Tafla VII.3.

Heildarútlán viðskiptabankanna 1971-1976.
Meðalstöðutölur ársins

Í milljónum króna	1971	1972	1973	1974	1975	1976
1. Atvinnuvegir:	11.041	13.485	18.205	26.194	35.425	44.302
Iðnaður	2.355	2.686	3.646	4.890	6.434	7.955
Byggingariðnaður	225	384	493	798	1.017	1.208
Raforkumál	27	55	99	118	59	64
Sjávarútvegur	2.767	3.216	4.484	8.430	12.584	15.407
Landbúnaður	1.518	1.791	2.439	3.074	4.316	6.701
Verzlun	3.326	4.038	5.000	6.495	8.259	9.938
Annað	823	1.315	2.044	2.389	2.756	3.029
2. Bankastofnanir	15	18	25	59	59	69
3. Ríki og sveitarfélög	887	786	936	1.705	2.286	2.850
4. Einstaklingar	2.251	2.760	3.886	4.528	5.386	7.380
5. Fjárfestingarlánasjóðir	1.100	1.223	1.583	1.856	2.473	3.212
Heildarútlán	15.294	18.272	24.635	34.342	45.629	57.813

Hlutfallsleg skipting

1. Atvinnuvegir:	72,2	73,8	73,9	76,2	77,6	76,6
Iðnaður	15,4	14,7	14,8	14,2	14,1	13,8
Byggingariðnaður	1,5	2,1	2,0	2,3	2,2	2,1
Raforkumál	0,2	0,3	0,4	0,3	0,1	0,1
Sjávarútvegur	18,1	17,6	18,2	24,5	27,6	26,6
Landbúnaður	9,9	9,8	9,9	9,0	9,5	11,6
Verzlun	21,7	22,1	20,3	18,9	18,1	17,2
Annað	5,4	7,2	8,3	7,0	6,0	5,2
2. Bankastofnanir	0,1	0,1	0,1	0,2	0,1	0,1
3. Ríki og sveitarfélög	5,8	4,3	3,8	5,0	5,0	4,9
4. Einstaklingar	14,7	15,1	15,8	13,2	11,9	12,8
5. Fjárfestingarlánasjóðir	7,2	6,7	6,4	5,4	5,4	5,6
Heildarútlán	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Heimild: Hagur iðnaðar,
Seðlabanki.

Tafla VII.4.

Útlánaflokkun bankakerfisins 1970-1976.
Meðaltal stöðutalna.[1)]

Í milljónum króna	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976
1. Atvinnuvegir:	10.418	12.769	15.383	20.145	30.669	44.893	57.424
Iðnaður	2.155	2.494	2.852	3.725	5.184	6.904	8.547
Byggingariðnaður	102	285	478	642	963	1.232	1.475
Raforkumál	23	50	67	109	192	227	731
Sjávarútvegur	2.607	2.860	3.837	5.533	10.324	17.384	21.984
Landbúnaður	1.314	1.638	1.840	2.354	3.289	4.671	6.864
Verzlun	3.396	4.142	4.721	5.780	7.787	10.477	13.366
Annað	821	1.300	1.588	2.002	2.930	3.998	4.457
2. Ríki og sveitarfélög	2.061	2.106	2.527	2.696	5.250	10.979	15.926
3. Einstaklingar	2.855	3.626	4.225	5.348	6.993	8.448	11.217
4. Fjárfestingarlánasjóðir	1.285	1.892	2.530	3.014	3.605	5.205	6.592
Heildarútlán	16.619	20.393	24.665	31.203	46.517	69.525	91.159

Hlutfallsleg skipting

1. Atvinnuvegir:	62,7	62,6	62,3	64,6	65,9	64,6	63,0
Iðnaður	13,0	12,2	11,6	11,9	11,1	9,9	9,4
Byggingariðnaður	0,6	1,4	1,9	2,1	2,1	1,8	1,6
Raforkumál	0,1	0,2	0,3	0,4	0,4	0,3	0,8
Sjávarútvegur	15,8	14,0	15,6	17,7	22,2	25,0	24,1
Landbúnaður	7,9	8,1	7,4	7,5	7,1	6,7	7,5
Verzlun	20,4	20,3	19,1	18,6	16,7	15,1	14,7
Annað	4,9	6,4	6,4	6,4	6,3	5,8	4,9
2. Ríki og sveitarfélög	12,4	10,3	10,2	8,6	11,3	15,8	17,5
3. Einstaklingar	17,2	17,8	17,1	17,1	15,0	12,1	12,3
4. Fjárfestingarlánasjóðir	7,7	9,3	10,4	9,7	7,8	7,5	7,2
Heildarútlán	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

1) Hér eru talin heildarútlán bankakerfisins, þ.e. innlánsstofnana og Seðlabanka, til hinna ýmsu lánþega á árunum 1970-1976. Tafla þessi er reist á upplýsingum Seðlabanka um stöðu lánþega í lok hvers mánaðar. Til þess að nálgast meðalstöðu hvers árs er tekið tólf mánaða meðaltal frá miðjum desembermánuði fyrra árs til jafnlengdar næsta árs.

Heimild: Hagur iðnaðar.

Tafla VII.5.

Yfirlit yfir vaxtabyrði atvinnuveganna samkvæmt rekstraráætlunum Þjóðhagsstofnunar við haustskilyrði 1976.[1]

	(1) Vergar tekjur tekjuvirði	(2) Laun og launatengd gjöld	(3) Vaxtagjöld	(4) Vaxtatekjur	Vaxtabyrðin (3-4)/1	Vaxtabyrðin (3-4)/2
	M.kr.	M.kr.	M.kr.	M.kr.	%	%
1. Iðnaður[2]	87.050	24.960	5.195	1.110	4,7	16,4
Heimamarkaðsgreinar	60.850	14.775	3.880	775	5,1	21,0
Útflutningsgreinar	6.450	1.620	615	90	8,1	32,4
Viðgerðargreinar	19.750	8.565	700	245	2,3	5,3
2. Sjávarútvegur	92.810	24.915	4.990	260	5,1	19,0
Veiðar[4]	34.060	13.580	2.425		7,1	17,8
Vinnsla	58.750	11.325	2.565	260	3,9	20,4
3. Landbúnaður	47.340	11.550	1.825	525	2,7	11,3
Búrekstur	23.280	9.450	1.085	300	3,4	8,3
Vinnslustöðvar[3]	24.060	2.100	740	225	2,1	24,5
4. Verzlun	152.420	13.765	4.025	1.825	1,4	16,0
5. Aðrar atvinnugreinar	177.400	62.400	5.040	...	2,8	5,1
6. Allar atvinnugreinar	557.020	137.590	21.075	3.720	3,1	12,5

1) Vaxtatekjur og vaxtagjöld atvinnuveganna eru hér áætluð eftir rekstraraætlunum greinanna og eru vextir af viðskiptum innan greinanna því meðtaldir.
2) Álframleiðsla undanskilin.
3) Mjólkuriðnaður og slátur- og kjötiðnaður.
4) Vaxtagjöld veiða eru aðeins tiltæk nettó, þ.e. að frádregnum vaxtatekjum; þess ber þó að gæta, að vaxtatekjur [illegible] eru taldar hverfandi.

Heimild: Hagur iðnaðar.

Tafla VII.6.

Lánveitingar fjárfestingarlánasjóða 1974–1978 (í millj.króna):

	1974	*1975*	*1976*	*1977*	*1978*
Framkvæmdasjóður Íslands:					
Bein útlán	123	372	526	644	2.505
Lán til annarra sjóða	(2.040)	(4.035)	(4.559)	(5.703)	(5.150)
Byggðasjóður:					
Almenn lán	710	1.286	1.569	2.166	2.735
Skuldbreytingalán	-	294	6	-	-
Fiskveiðasjóður:					
Almenn lán	1.994	3.979	3.924	5.801	8.452
Skuldbreytingalán	-	2.349	74	-	-
Hagræðingarlán	-	-	-	-	892
Stofnlánadeild landbúnaðarins	1.054	1.385	1.538	2.241	2.514
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	44	49	86	175	1
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	44	43	26	47	19
Iðnlánasjóður	318	531	741	1.325	1.840
Iðnþróunarsjóður:					
Bein útlán	409	650	575	668	930
Iðnrekstrarsjóður	53	62	85	121	84
Veðdeild Iðnaðarbanka Íslands hf.	20	72	43	82	136
Lánasjóður sveitarfélaga	190	301	713	798	1.019
Ferðamálasjóður	24	23	10	87	252
Stofnlánadeild samvinnufélaga	19	36	65	267	539
Verzlunarlánasjóður	77	70	167	234	466
Veðdeild L.Í. og Byggingarsj. ríkisins	2.003	3.264	4.399	6.223	9.104
Byggingarsjóður verkamanna	342	332	439	334	640
Samtals	7.424	15.098	14.986	21.213	32.128

Heimild: Framkvæmdastofnun ríkisins, Ársskýrsla 1978.

Tafla VII.8. **Lánakjör helztu fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna við árslok 1978.**

	Ársvextir %	*Lántökugjald %*	*Tryggingar ákvæði*	*Lánstími*	*Hámarkslánshlutfall af framkvæmd*
1. Framkvæmdasjóður Íslands:					
Innlent fé, óverðtryggt	25,0 breytil.	2,0	-	10-15 ár	-
Innlent fé, verðtryggt	5,0	2,0	100% verðtr.	15 ár	-
Erlent fé	1,0 ummfram erl. lánið	2,0	100% gengistr.	10 ár	-
2. Byggðasjóður:					
Innlent fé	14,0	-	-	4-12 ár	-
Erlent fé	9,0	-	100% gengistr.	10 ár	-
3. Fiskveiðasjóður Íslands:					
Skipalán:					
Ný innl. stál- og	5,5 verðtr.	1,5	27% verðtr.	18 ár	75% af mats- eða
eikarskip	11,0 gengistr.		73% gengistr.		kostn. verði
Nýir innl. furubátar 11 rúml. eða minni	"	"	"	8 ár	70% af sama
Nýir innl. botnvörpungar ...	"	"	"	18 ár	75% "
Innflutt skip ný eða notuð ..	"	"	"	18 ár	67% "
Vélar í skip undir 75 rúml. .	"	"	"	7 ára	80% "
Tæki í skip undir 75 rúml. ..	"	"	"	5 ár	50% "
Endurbætur skipa	"	"	"	5-7 ár	50% "
Meiriháttar endurbætur	"	"	"	7-10 ár	66,7-75% af sama
Nýir innl. opnir bátar				5 ár	50% "
Vélar, tæki og endurb. opinna báta	"	"	"	3-5 ár	50% "
Fasteignalán:					
Nýbyggingar	5,5 verðtr. 15,5 gengistr.	1,5	66% verðtr. 34% gengistr.	10-15 ár	60% af mats- eða kostn. verði
Vélar, tæki og viðgerðir	"	"	"	5 ár	60% af sama
4. Stofnlánadeild landbúnaðarins:					
Ræktunarframkv. og gaddav.-girðingar	13,0	1,5-2,0	33% verðtr.	10 ár	12-15 þús. pr. ha. 40 kr.pr.lengd.m.
Útihús	"	"	"	20 ár	10-60% af matsv.
Mjaltakerfi	"	"	"	6 ár	50% af sama
Dráttarvélar	11,5	"	50% verðtr.	6 ár	40% "
Vinnuvélar	5,5	"	100% verðtr.	6 ár	30% "
Lax- og silungseldi	"	"	"	15 ár	50% "
Vinnslustöðvar	"	"	"	20 ár	50% "
Grænf. verksm. og fóðurbl.-stöðvar	"	"	"	15 ár	50% "
Verkstæði	11,5	"	50% verðtr.	15 ár	50% "
Fjárréttir	"	"	60% verðtr.	15 ár	50% "
Hita- og vatnsveitur	13,0	"	33% verðtr.	15 ár	60% "
Gróðurhús	"	"	"	15 ár	50% "
Minkabú, byggingar	5,5	"	100% verðtr.	15 ár	50% "
Minkabú, búr og girðingar .	"	"	"	6 ár	50% "
Bústofnslán	13,0	"	25% verðtr.	6 ár	50% "
Nýbygg. íbúðarhús. (steinst.)	9,75	"	60% verðtr.	27 ár	Hámark 3.600 þús.
5. Veðdeild Búnaðarbanka Íslands:					
Jarðakaup III fl.	21,0	1,5	-	20 ár	60% af kostnv.
6. Framleiðnisjóður landbúnaðarins:	20,0	1,0	-	5 ár	33% af kostnv.

Heimild: Framkvæmdastofnun ríkisins, Ársskýrsla 1978.

	Ársvextir %	*Lántöku gjald* %	*Tryggingar ákvæði*	*Lánstími*	*Hámarks-lánshlutfall af framkvæmd*
7. *Iðnlánasjóður:*					
Byggingalán	13,0	2,0	60% verðtr.	12 ár	50–60% af kostnv.
Vélalán	18,0	1,0	25% verðtr.	5 ár	50–60% af kostnv.
8. *Iðnþróunarsjóður:*	9,0	1,0	100% gengistr.	5–12 ár	60–70% af kostnv.
9. *Iðnrekstrarsjóður:*	18,0	1,0	–	1–5 ár	70% af kostnv.
10. *Veðd. Iðnaðarbanka Íslands hf.:*	23,5	1,0	–	3–5 ár	50% af kostnv.
11. *Lánasjóður sveitarfélaga:*					
Verðtr. 6/10 hlutar	5,5	2,0	100% verðtr.	15 ár	75% af kostnv.
Óverðtr. 4/10 hlutar	26,0	2,0	–	10 ár	75% af kostnv.
12. *Ferðamálasjóður:*	5,5 verðtr. 26,0 óverðtr.	1,5–2,0	55% verðtr. 45% óverðtr.	6–15 ár	67% af kostnv.
13. *Stofnlánadeild samvinnufélaga:*	"	2,0+2,0	94% verðtr. 6% óverðtr.	12 ár	50% af kostnv.
14. *Verzlunarlánasjóður:*					
Byggingar	2/10 5,5 8/10 3,0	1,5+1,5	100% verðtr.	12 ár	50% af kostnv.
Tæki og búnaður	"	"	"	5 ár	50% af kostnv.
15. *Byggingarsjóður ríkisins:*					
Nýbyggingar	9,75	1,0	60% verðtr.	25 ár	75% af kostnv.
Eldri íbúðir	"	"	"	15 ár	75% af kostnv.
Leiguíbúðir sveitarfél.	"	"	"	33 ár	75% af kostnv.
16. *Byggingarsjóður verkamanna:*					
Nýbyggingar	2,0+1/8% þóknun	–	–	42 ár	80% af kostnv. að frádregnum lánum úr Byggsj. ríkisins
Byggingarlán (Framkvæmdalán)	7,0	–	–	Meðan framkv. standa	– –

Tafla VII.7.

Heildarútlán fjárfestingarlánasjóða í árslok 1974-1978 (í millj.króna):

	1974	*1975*	*1976*	*1977*	*1978*
Framkvæmdasjóður:					
Lán til fjárfestingarlánasjóða	(6.983)	(12.842)	(18.882)	(28.115)	(44.968)
Bein útlán	1.902	2.604	2.836	3.161	7.900
Byggðasjóður	2.321	3.969	5.582	7.706	11.945
Fiskveiðasjóður	9.988	18.596	24.000	31.345	55.683
Stofnlánadeild landbúnaðarins	2.995	4.265	5.611	7.586	9.996
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	466	507	580	739	718
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	44	22	25	40	56
Iðnlánasjóður	1.009	1.403	1.947	3.020	4.468
Iðnþróunarsjóður:					
Lán til fjárfestingarlánasjóða	(182)	(207)	(178)	(146)	(172)
Bein útlán	1.100	2.136	2.658	3.312	5.362
Iðnrekstrarsjóður	42	88	113	146	200
Veðdeild Iðnaðarbanka Íslands, hf.	32	86	108	156	240
Lánasjóður sveitarfélaga	625	934	1.600	2.405	3.746
Ferðamálasjóður	119	158	156	227	527
Stofnlánadeild samvinnufélaga	40	73	132	387	893
Verzlunarlánasjóður	231	276	409	597	987
Veðdeild L.Í. og Byggingarsj. ríkisins	8.001	10.542	14.215	19.101	27.248
Byggingarsjóður verkamanna	816	1.139	1.419	1.903	2.364
Samtals	29.731	46.798	61.391	81.831	132.333

Heimild: Framkvæmdastofnun ríkisins, Ársskýrsla 1978.

Viðauki VIII.

LÖG UM IÐNAÐ

VIII. SKRÁ UM LÖG VARÐANDI IÐNAÐ.

VIII.1. Almennt.

Iðnaðarlög:

Nr. 42/1978.
Iðnfræðsla heyrir undir menntamálaráðherra.

Lög um iðjuþjálfun:

Nr. 75/1977.
Heyra undir heilbrigðisráðherra.

Byggingalög:

Nr. 54/1978.
Heyra undir félagsmálaráðherra.

Lög um eignaréttindi á sviði iðnaðar:

Nr. 102/1061. Auglýsing C 5/1962.
Gildistaka 5. maí 1962.
Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir hönd Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

Námulög:

Nr. 24/1973

Lög um iðnaðarmálagjald:

Nr. 48/1975.

Lög um verkstjórnanámskeið:

Nr. 49/1961.

VIII.2. Stofnanir tengdar iðnaði.

Lög um Iðntæknistofnun Íslands.

Nr. 41/1978.

Breyting: Nr. 118/1978 30/12 1978
(ákv. til bráðab. í stað „1978"
kemur „1979") iðnaðargjald.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins:

Lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.
Nr. 64/1965 VII. kafli.

Lög um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins:

Nr. 14/1971 Stofnskrá: 186/1971.

Rannsóknaráð ríkisins:

Lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.
Nr. 64/1965 I. kafli.
Heyrir undir menntamálaráðherra.

Lög um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins:

Nr. 48/1972.

Breytingar: Nr. 69/1974, 25/1978.

Reglugerð: (Nr. 128/1973) nr. 364/1976, 221/1976
um framl., eftirlit og útflutn. á lagmeti.

VIII.3. Lánasjóðir.

Lög um Iðnaðarbanka Íslands h.f.:

Nr. 113/1951.

Breytingar: Nr. 31/1963 (felld í aðallög í lagasafni).

Samþ. 186/1962, sbr. 159/1963, rgl. 185/1962
sbr. 158/1963, sbr. 73/1970.

Lög um Iðnlánasjóð:

Nr. 68/1967.

Breytingar: Nr. 50/1973, 8/1972, 19/1968,
42/1971, 50/1973 (felldar inn
í aðallög í lagasafni) 44/1977.

Reglugerð: Nr. 160/1966, 106/1967.

Lög um iðnrekstrarsjóð:

Nr. 61/1973.

Lög um Iðnþróunarsjóð:

Nr. 9/1970. Auglýsing C 8/1970.

Lög um norrænan tækni- og iðnþróunarsjóð.

Nr. 54/1973.

Iðnrekstrarlán - veðtrygging:

Lög um veðtryggingu iðnrekstrarlána.
Nr. 47/1972.

Iðnþróunarsjóður fyrir Portúgal:

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til aðildar að Iðnþróunarsjóði fyrir Portúgal.
Nr. 61/1976.

Lausaskuldir iðnaðarins:

Lög um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.
Nr. 36/1964.

Breyting: Nr. 87/1968.

Reglugerð: Nr. 102/1965, sbr. Nr. 51/1969.

VIII.4. Fyrirtæki.

Lög um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Nr. 80/1966.

Viðauki við lögin: Nr. 48/1969 (heimild fyrir ríkisstjórnina til viðbótar hlutafjárframlaga).

Lög um Sementsverksmiðjuna:

Nr. 35/1948.

Breytingar: Nr. 57/1950, 7/1961, 39/1962 felldar inn í aðallögin.

Lög um Landssmiðjuna:

Nr. 102/1936.

Breytingar: Nr. 21/1945, 29/1962 felldar inn í aðallögin.

Lög um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði, (Siglósíld):

Nr. 46/1972.

Lög um þörungavinnslu við Breiðafjörð:

Nr. 107/1973.

Lög um Áburðaverksmiðju ríkisins:

Nr. 43/1971.
Heyra undir landbúnaðarráðherra.

Lög um Járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði:

Nr. 10/1975.

Álverið:

Lög um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Nr. 76/1970.

Viðaukasamningar: Nr. 19/1970, 42/1976.

Ákvæði um skiptingu framleiðslugjalds af áli er í lögum nr. 92/1971 um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Sbr. 28. gr. Tekjur Byggðasjóðs eru m.a.:

„3tl. Skattgjald af álbræðslu í Straumsvík að frádregnum 25%, er renna til Hafnarfjarðarkaupstaðar og 4,1% er rennur til Iðnlánasjóðs. Frá

og með októbermánuði 1978 lækkar hlutdeild Hafnarfjarðarkaupstaðar í 20% en hlutur Byggðasjóðs eykst að sama skapi."

Hinn 10. júní 1976 setur fjármálaráðherra reglur til bráðabirgða um ráðstöfun tekna af framleiðslugjaldi álbræðslu í Straumsvík.

Saltverksmiðja:

Lög um undirbúningsfélag Saltverksmiðju á Reykjanesi.

Nr. 47/1976.

Fiskkassar:

Lög um undirbúningsfélag fiskkassaverksmiðju.

Nr. 46/1974.

Olíuhreinsun:

Lög um olíuhreinsunarstöð á Íslandi.

Nr. 21/1971.

Ed. 701. Frumvarp til laga [304. mál]

um breyting á lögum nr. 83 18. maí 1978, um jöfnunargjald.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Jón Helgason, Bragi Níelsson, Ólafur Ragnar Grímsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða vörur skulu gjaldskyldar skv. 1. gr. Sé vara undanþegin gjaldskyldu skv. 1. gr. skal endurgreiða söluskatt, sem innheimtur hefur verið af aðföngum til framleiðslu sömu vöru innanlands. Ráðherra ákveður með reglugerð um framkvæmd laga þessara að öðru leyti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi voru samþykkt lög um jöfnunargjald. Þar er svo kveðið á, að við innflutning vöru, sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af og tollfrjálsar verða 1. janúar 1980 samkvæmt ákvæðum samnings um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu (EBE), skuli greiða 3% jöfnunargjald.

Lög þessi voru sett til að jafna samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar gagnvart iðnaði landa EFTA og EBE vegna ólíkra söluskattkerfa. Vegna þeirra uppsöfnunaráhrifa, sem það söluskattkerfi, sem í gildi er hér á landi hefur í för með sér, er í verði vöru, sem flutt er út frá Íslandi, innifalinn ákveðinn söluskattur, en aftur á móti ekki í vöru sem flutt er frá landi þar sem virðisaukaskattkerfið gildir. Samkeppnisaðstaða framleiðenda, er búa við svo ólík söluskattkerfi, er því að þessu leyti ójöfn. Ef jafna á stöðu íslenska framleiðandans verður því að endurgreiða honum þann söluskatt sem innifalinn er í útflutningsverði, eins og nú er gert með tilkomu tekna af jöfnunargjaldi.

Við skattkerfi eins og það, sem við búum við, uppsafnast söluskattur einnig á margvíslega framleiðslustarfsemi og þjónustu fyrir innlendan markað. Þegar hliðstæð vara er flutt inn frá landi, þar sem virðisaukaskattkerfi gildir, þá flyst hún inn í landið án uppsöfnunaráhrifa söluskatts og er að því leyti betur samkeppnisfær í verði en innlenda varan, þar sem í verði hennar gætir uppsöfnunaráhrifa söluskatts vegna þess skattkerfis sem við búum við. Ef jafna ætti samkeppnisaðstöðu vara þessara hér á innlendum markaði hvað söluskattsáhrif á verð snertir, verður að leggja gjald á innfluttu vöruna er svarar til þess uppsafnaða söluskatts, sem falinn er í verði innfluttu vörunnar.

Þyki hins vegar ástæða til að undanþiggja innfluttar vörur, sem íslenskur iðnaður á í samkeppni við, frá jöfnunargjaldi, eins og nú á sér stað t. d. að því er varðar veiðarfæri og fiskumbúðir, verður samkeppnisaðstaða þeirrar framleiðslu ójöfn samkeppnisaðstöðu annarrar iðnaðarframleiðslu sem keppir við innflutning. Er því eðlilegt að ná hliðstæðum jöfnuði með því að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt á framleiðslu þessara vara séu þær framleiddar innanlands, svo sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Nd. 702. Nefndarálit [293. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með áorðnum breytingum samkv. V. kafla laga nr. 94/1975, um breytingar á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp um framhaldsskóla til þess að bæta sveitarfélögum þann kostnaðarauka, sem þau verða fyrir vegna þess frumvarps, ef að lögum verður.

Skipting kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga skv. framhaldsskólafrumvarpinu gengur þvert á óskir sveitarfélaganna og raunar þvert á stefnu stjórnmálaflokkanna, en allir þessir aðilar hafa talað um hrein skipti og dreifingu valds, aukin verkefni til sveitarfélaga og fjármálalega ábyrgð í samræmi við það.

Með frumvarpi þessu telja stjórnarflokkarnir að stungið sé upp í sveitarfélögin með því að létta af þeim hluta kostnaðar við viðhald húsa, tækja og búnaðar við grunnskólann.

Með þessari breytingu er einnig gengið þvert á stefnu sveitarfélaganna að því er varðar samskiptin við ríkissjóð. Í greinargerð frumvarpsins er sagt, að ákvæði grunnskólalaganna, eins og þau hafi verið frá 1975, hafi ekki reynst vel. Þetta er rangt. Breytingin 1975 var til einföldunar í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Nú á að flækja málið að nýju og nokkrir menn fá vinnu í ráðuneytinu við að reyna að greiða úr þeim flækjum, sem með þessu myndast.

Verði það ofan á, að aukinn kostnaður verði lagður á sveitarfélögin með samþykkt framhaldsskólafrumvarpsins, ber að bæta sveitarfélögunum það upp, annaðhvort með því að gefa þeim eftir tekjustofn frá ríkinu eða létta af þeim tilsvarandi útgjöldum. Hér er hins vegar valin versta leiðin: þ. e. að skipta kostnaði við tilteknar framkvæmdir milli þessara aðila.

Með vísun til framanritaðs leggur undirritaður til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 14. maí 1979.

Ólafur G. Einarsson.

Ed. 703. Frumvarp til laga [305. mál]

um breyting á lögum nr. 55 15. apríl 1971 um fiskvinnsluskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

3. mgr. orðist svo:

Skólinn skal halda námskeið fyrir starfsfólk í hinum ýmsu greinum fiskiðnaðarins, sem miði að því að veita þeim starfsmönnum fiskiðnaðar, er vinna við móttöku og verkun sjávarafla, hagnýta fræðslu um meðferð og vinnslu aflans. Námskeið þessi skulu haldin í verstöðvum landsins eftir því sem við verður komið. Skólinn skal einnig, þegar þörf krefur, halda námskeið til endurmenntunar matsmanna verkaðs sjávarafla, svo og til þjálfunar og menntunar nýrra matsmanna.

Fela skal skólanum að hafa námskeið í meðferð sjávarafla fyrir nemendur sjómannaskóla.

Skólinn skal leita samvinnu við Framleiðslueftirlit sjávarafurða við námskeiðahald fyrir matsmenn samkvæmt þessari gr.

2. gr.

3. mgr. 10. gr. orðist svo:

Til þess að öðlast starfsréttindi sem fiskiðnaðarmaður skal nemandi hafa staðist próf upp úr fiskiðndeild og auk þess lokið 11 mánaða skipulagðri starfsþjálfun, sem lýkur með prófi eða sérstöku verkefni. Varðandi saltfisk, skreið og saltsíld skal fara fram sérstakt verklegt próf, sem geti sýnt alhliða þekkingu á meðferð og mati afurðanna í samræmi við þarfir markaðslandanna sbr. 11. gr. Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um efni og framkvæmd þessara verklegu prófa.

3. gr.

2. tl. 1. mgr. 7. gr. hljóði svo:

Annar nefndarmaður skal vera fulltrúi fiskiðnaðarins og tilnefndur af Fiskiðn, fagfélagi fiskiðnaðarins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Jafnframt frumvarpi þessu um breyting á lögum nr. 55/1971 um Fiskvinnsluskólann er flutt frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 108/1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Meginmarkmiðið með flutningi frumvarpa þessara, ef að lögum verða, er að taka af tvímæli um réttarstöðu fiskiðnaðarmanna, er þeir hafa lokið prófi frá Fiskvinnsluskólanum og setja skýrari ákvæði um lokapróf, verklegt próf, svo og starfsþjálfun að prófum loknum. Jafnframt er stefnt að því að afmarka betur en nú er gert námskeiðahald fyrir matsmenn, svo og endurmenntun þeirra.

Ef þingvilji er fyrir því að frumvarp þetta verði að lögum, er æskilegt að það nái fram að ganga það tímanlega, að hægt verði að halda hin verklegu próf, sem um er fjallað í 2. gr., í lok yfirstandandi skólaárs, enda nái frumvarpið um breyting á lögum nr. 108/1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða jafnframt fram að ganga, en málefni þau, sem frumvörpin fjalla um, eru nátengd.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í gildandi lögum eru í 3. gr. ákvæði um skyldur Fiskvinnsluskólans til að halda námskeið fyrir starfsfólk í hinum ýmsu greinum fiskiðnaðarins. Samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 71/1973 um mat á saltfiski til útflutnings segir, að Fiskmat ríkisins, sem Framleiðslueftirlit sjávarafurða leysti af hólmi, skuli halda námskeið fyrir fiskmatsmenn, en lögunum um framleiðslueftirlitið er ekkert beint ákvæði um að það skuli standa fyrir slíku námskeiðahaldi. Í 3. mgr. 3. gr. laganna segir að Framleiðslueftirlitið skuli veita leiðbeiningar um fiskverkun og meðferð sjávarafurða. Á grundvelli þessa ákvæðis og fyrrgreinds reglugerðarákvæðis hefir Framleiðslueftirlitið síðan haldið allmörg námskeið fyrir menn til að öðlast þekkingu til að starfa að fiskmati. Ekki virðist vera ástæða til að þessar stofnanir báðar séu að sinna þessu verkefni og ekki orkar tvímælis um skyldu Fiskvinnsluskólans til að sinna þessu verkefni og virðist það vel komið í hans höndum. Hins vegar virðist eðlilegt að skólinn leiti samvinnu við Framleiðslueftirlitið við þetta námskeiðahald og er það helsta nýmæli þessarar gr. Er þá jafnframt gengið út frá, að Framleiðslueftirlitið hætti námskeiðahaldi og spari þar með fé og fyrirhöfn.

Um 2. gr.

Með þessari gr. er ákveðið, að lokaprófi fiskiðnaðarmanna skuli ljúka með verklegu prófi. Sett verði með reglugerð ákvæði um efni prófsins og framkvæmd. Það

hefir verið kannað, að hægt er að koma saman efni í slíkt próf, en ekki virðist vera ástæða til að setja í lög ákvæði um efni og framkvæmd prófa þessara, en eðlilegt að þau séu sett með reglugerð, sem kunnáttumenn semji. Markmið með ákvæðum þessara ákvæða er að búa svo um hnútana, að hægt sé að tryggja rétt fiskiðnaðarmanna til að öðlast matsréttindi innan tiltekins tíma, en á því hefir verið misbrestur fram að þessu, einkum varðandi saltfisk, skreið og saltsíld. Slík óvissa er óviðunandi fyrir fiskiðnaðarmenn og mun vera óþekkt um menn, sem lokið hafa prófum frá sérskóla.

Um 3. gr.

7. gr. gildandi laga fjallar um skólanefnd og skipan hennar. Skólanefndarmenn eru þrír og á Fiskimálaráð að tilnefna einn þeirra. Með lögum nr. 11 3. maí 1978 var Fiskimálaráð lagt niður. Hér er lagt til að Fiskiðn, fagfélag fiskiðnaðarins tilnefni mann í skólanefnd í stað Fiskimálaráðs.

Nd. 704. Frumvarp til laga [306. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi hluta jarðarinnar Deildartungu í Reykholtsdalshreppi ásamt jarðhitaréttindum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi:

Landsspildu úr landi Deildartungu, ásamt jarðhitaréttindum, þinglesna eign Sigurbjargar Björnsdóttur (Deildartunguhver).

Lega lands þess, sem taka skal eignarnámi svo og mörk þess, eru sýnd á uppdrætti, sem fylgir lögum þessum og er hluti þeirra.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins og ákvörðun bóta skal farið eftir ákvæðum laga um framkvæmd eignarnáms.

Verði reist jarðhitastöð á hinu eignarnumda landi skuldbindur eignarnemi sig til að láta eignarnámsþola í té við stöðvarvegg samtals 10 l/sek. af vatni úr hvernum án endurgjalds.

3. gr.

Þegar eignarnemi hefur tekið við hinu eignarnumda er honum heimilt að afhenda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hin eignarnumdu verðmæti, enda endurgreiði hún ríkissjóði eignarnámsbætur og allan kostnað hans af aðgerðum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Í nokkur ár hafa verið uppi um það ráðagerðir að koma á stofn hitaveitu fyrir Akranes, Borgarnes og Hvanneyri. Hitakostir eru víða í Borgarfirði og höfðu farið fram ýmsar frumathuganir.

Hinn 27. október 1976 fól dr. Gunnar Thoroddsen, þáverandi iðnaðarráðherra, Edgari Guðmundssyni, verkfræðingi, að kanna nánar þá kosti sem til greina koma við gerð hitaveitu fyrir Akranes, Borgarnes og Hvanneyri og ræða við rannsóknaaðila og framkvæmdaaðila.

Í september 1977 kom út áætlun um Hitaveitu Borgarfjarðar, gerð af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., Fjarhitun hf. og Verkfræði- og reiknistofunni sf.

Sett var á fót samstarfsnefnd fyrir Akranes og Hitaveitu Borgarfjarðar.

Hinn 30. mars 1978 ritaði samstarfsnefndin dr. Gunnari Thoroddsen.

Í því bréfi telur samstarfsnefndin, að samningaviðræður við fulltrúa eiganda Deildartunguhvers, sem eru taldar hafa byrjað seint á árinu 1976 hafi ekki borið árangur. Fleira er tiltekið í nefndu bréfi og talið fullreynt, að samkomulag varðandi hverinn og vatn úr honum, takist ekki. Taldi samstarfsnefndin því óhjákvæmilegt að fara fram á eignarnám á hvernum og jarðhitaréttindum honum tilheyrandi, ásamt nauðsynlegu landi vegna virkjunarframkvæmda. Eftir að fyrrgreind eignarnámsbeiðni barst, lét iðnaðarráðuneytið gera ýmsar athuganir m. a. var aflað upplýsinga frá Orkustofnun og kannað, hvaða leiðir væru færar, ef til eignarnáms kynni að koma. Gerðar voru lögfræðilegar athuganir og m. a. rætt við lögmann samstarfsnefndarinnar. Þá var hinn 2. júlí 1978 farin vettvangsferð að Deildartunguhver. Í þeirri ferð voru fulltrúar frá iðnaðarráðuneytinu, fulltrúi eiganda Deildartunguhvers, fulltrúi samstarfsnefndarinnar og starfsmenn frá Orkustofnun.

Hinn 22. júní 1978 var umboðsmanni eiganda Deildartunguhvers, Birni Fr. Björnssyni, formlega send eignarnámsbeiðnin til umsagnar, en hinn 12. maí hafði honum verið afhent beiðnin til kynningar. Í bréfi ráðuneytisins 22. júní 1978 var þess farið á leit að umsögn yrði látin í té fyrir 1. ágúst 1978. Umsögn umboðsmanna eiganda Deildartunguhvers er dags. 21. júlí 1978 og barst iðnaðarráðuneytinu 27. júlí s. á. Henni fylgdi ýtarleg greinargerð „um framvindu hitaveitumálsins varðandi Deildartunguhver". Í umsögninni kemur m. a. fram, að rökstuðning vanti fyrir eignarnámsbeiðninni. Þá kemur þar og fram, að sú staðhæfing samstarfsnefndarinnar, að fullreynt sé að samkomulag takist ekki, sé rakalaus fullyrðing og það sé álit umboðsmannanna, að reynt verði að stefna til samkomulags.

Hinn 1. september 1978 tók Hjörleifur Guttormsson við embætti iðnaðarráðherra. Þegar á fyrstu dögum mánaðarins var ráðherra gerð grein fyrir málinu. Fól ráðherra ráðuneytinu að gera yfirlit yfir málið. Jafnframt lét ráðherra taka málið til meðferðar að nýju og afla þeirra gagna sem nauðsynleg gætu talist til frekari upplýsinga í málinu.

Hinn 20. september 1978 fór ráðuneytið þess á leit við Árna Jónsson, landnámsstjóra að hann aðstoðaði það við gagnaöflun varðandi nokkrar jarðir í Reykholtsdalshreppi, þ. á m. innsetningu landmerkja fyrir Deildartungu og Kleppjárnsreyki.

Hinn 5. október 1978 var farin vettvangsferð með þátttöku fulltrúa frá iðnaðarráðuneytinu, Landnámi ríkisins og Orkustofnun. Umboðsmanni eiganda Deildatunguhvers var boðin þátttaka, en hann taldi ekki þörf að fara með.

Í þessari ferð var haft samband við flestalla ábúendur og umráðamenn landsréttinda á Deildartungubýlinu, Kleppjárnsreykjum og nærliggjandi jörðum. Áður en vettvangsganga fór fram var búið að afla ýmissa gagna um jarðir á þessu svæði í Reykholtsdal, þar á meðal nýrra loftljósmynda, landamerkjabréfa og ýmissa annarra upplýsinga varðandi lönd og ábúendur eða eigendur.

Í ferðinni voru landamerki færð inn á loftmyndir í samræmi við lýsingu landamerkja í landabréfum. Ennfremur voru bréfin kynnt umráðamönnum jarða svo og merkjapunktar, sem voru færðir á loftmyndina. Leiðsögumaður vettvangsgöngumanna var Sturla Jóhannesson, hreppstjóri, Sturlureykjum.

Þegar eftir ferð þessa fól Hjörleifur Guttormsson, iðnaðarráðherra, Páli Flygenring, ráðuneytisstj. að mynda starfshóp varðandi málið og láta ráðherra í té álitsgerð, en hinn 25. sept. var Edgari Guðmundssyni, verkfræðingi tilkynnt af iðnaðarráðuneytinu, að störfum þeim sem honum voru falin hinn 27. október 1976 og sem greint hefur verið frá hér að framan, væri lokið og honum jafnframt þökkuð störfin.

Í starfshópinn voru valdir, Gísli Einarsson, deildarstjóri í ráðuneytinu, Kristján Sæmundsson, jarðfræðingur hjá Orkustofnun og Pétur Stefánsson, verkfræðingur.

Kristján Sæmundsson var erlendis um þessar mundir og kom til landsins 20. október. Þegar Kristján var kominn hófst starf starfshópsins.

Í upphafi skipulagði hópurinn starfið. Var talið nauðsynlegt til þess að árangur yrði af starfinu að kynna sér allt málið frá grunni. Var ráðherra gerð grein fyrir þessu.

Hinn 1. nóvember var enn farin vettvangsferð. Auk starfshópsins var með í ferðinni Árni Jónsson, landnámsstjóri. Í þessari ferð voru einkum skoðuð sjálf hverasvæðin. Þá voru og lögð drög að öflun frekari gagna og lagt fyrir að gera uppdrátt með landamerkjum af Deildartungu, Kleppjárnsreykjum og nærliggjandi býlum. Starfshópurinn hefur í starfi sínu haft mikil samskipti við Edgar Guðmundsson ráðgjafa samstarfsnefndarinnar svo og aðra ráðgjafa og hönnuði. Hafa gögn þau, sem fyrir lágu verið könnuð ítarlega og margra frekari gagna verið aflað.

Starfshópurinn skilaði álitsgerð til ráðherra 27. mars 1979.

II.

Samkvæmt veðmálabókum er Sigurbjörg Björnsdóttir (fædd 18. nóvember 1886) eigandi Deildartunguhvers ásamt landi umhverfis hann frá 23. október 1953. Þessa er jafnframt getið í landsskiptagjörð frá 22. febrúar 1973.

Í skiptum á dánarbúi Jóns Hannessonar segir í skiptagerð erfingjanna frá 23. október 1953, m. a. „....Deildartunguhver ásamt nokkru landssvæði umhverfis fellur í hlut Sigurbjargar Björnsdóttur, en þó fylgja jörðinni ókeypis hitaréttindi til venjulegra heimilisnota.

Erfingjar skulu strax ákveða stærð landssvæðisins og afmarka greinilega....".

III.

Markaðssvæði fyrirhugaðrar hitaveitu nær til Akraness (4751 íbúi, 1. des. 1978), Borgarness (1517 íbúar), Hvanneyrar (98 íbúar), svo og 20 býla í Reykholtsdalshr. og Andakílshr., húsa við Andakílsárvirkjun og 10 býla í Melasveit, Leirársveit og Skilmannahreppi. Samtals lætur nærri að markaðssvæðið nái til 6500 notenda, þannig að hitaveitan fullbúin yrði sú 4. stærsta á landinu. Í áætlun um hitaveituna er ekki gert ráð fyrir neinni meiri háttar notkun heits vatns til ylræktar eða iðnaðar ef frá er talin grasкögglaverksmiðja. Sýnt þykir, að hitaveitan yrði aflögufær með vatn til verksmiðjunnar að sumri til, án þess að sérstök viðbótarvatnsöflun þurfi að koma til.

Vatnsþörf hitaveitunnar fyrir þennan markað hefur verið áætluð 169 l/s á árinu 1979, og er þá miðað við aðveituæðar úr asbesti í jarðvegsgarði.

Oliunotkun til húshitunar á væntanlegu markaðssvæði hitaveitunnar nam sem næst 700 millj. kr. á ársgrundvelli miðað við s. l. áramót.

IV.

Hverasvæðin, sem ætlunin er að nýta fyrir Hitaveitu Borgarfjarðar, eru hluti af hinu víðáttumikla jarðhitasvæði í Borgarfirði, sem nær yfir Reykholtsdal, Stafholtstungur, Hvítársíðu og Bæjarsveit. Hér er um að ræða suðvestasta hluta jarðhitasvæðisins með þremur aðalhverasvæðum 1) kringum Bæ í Bæjarsveit, 2) milli Kletts og Runna í Reykholtsdal og 3) milli Deildartungu og Kleppjárnsreykja í Reykholtsdal. Innan hverasvæðanna stjórna NA-SV gangar og/eða misgengi aðrennsli og uppstreymi heita vatnsins, en þaðan leitar vatnið út eftir yngri brotlínum, sem liggja þvert á fyrrnefndu stefnuna (þ. e. NNV-SSA). Þannig koma fram hveralínurnar, sem eru áberandi einkenni hverasvæðanna. Stærstu hveraþyrpingarnar eru þar sem ungu brotalínurnar skera NA-SV gangana og/eða misgengin. Vænlegustu vinnslusvæði jarðhita eru við NA-SV-gangana og/eða misgengin þar sem þeir eru skornir af ungu brotlínunum. Þannig koma fram 1 eða fleiri vænleg vinnslusvæði jarðhita á hverju hverasvæði.

1) Hverasvæðið í Bæjarsveit er vestast. Þar eru hverirnir dreifðir eftir 2 km langri línu, sem liggur frá NNV til SSA. Heildarrennsli fyrir boranir var um 8 l/s, mest 86°C. Tvö vinnslusvæði hafa fundist, annað við Bæ á miðri hveralínunni hitt við Laugarholt nyrst á henni. Úr tveimur borholum má nú fá um 60 l/s af 93°C heitu vatni með djúpdælingu miðað við hálfs árs hámarksdælingu yfir veturinn, en um það bil helmingi meira ef fleiri holur yrðu boraðar í sömu vatnsleiðara.

2) Um það bil 4 km austan við Bæ er hverasvæði, sem kennt er við Klett og Runna. Þar er jarðhitinn einnig dreifður yfir 2 km langt bil, sem liggur NNV-SSA, en dreifist á 2—3 samsíða línur. Engar boranir hafa verið gerðar á þessu svæði, en heildarrennsli úr hverum er svipað og í Bæjarsveit eða um 8 l/s. Hæstur hiti, sem þar hefur mælst er 92°C. Til þessa hefur einungis tekist að finna 1 vænlegt vinnslusvæði innan þess hverasvæðis, þ. e. við Runna.

3) Um það bil 4 km austan við Klett og Runna er þriðja og langöflugasta hverasvæðið, sem kennt er við Deildartungu og Kleppjárnsreyki. Þar dreifast hverirnir yfir 1400 m langt bil með meginstefnu NNV-SSA. Deildartunguhver er á norðurenda línunnar, en Kleppjárnsreykir á suðurendanum. Heildarrennsli hvera er um 253 l/s, 100°C, þar af gefur Deildartunguhver 180 l/s, en Kleppjárnsreykjahver 70 l/s. Einungis 3 l/s falla á hverapyttina þar á milli. Á hverasvæðinu eru tvö vinnslusvæði, þ. e. Deildartunguhver og Kleppjárnsreykjahver. Jarðfræðilega eru uppstreymisskilyrðin við Kleppjárnsreykjahver verr þekkt en uppstreymisskilyrðin við Deildartunguhver.

Heildarvatnsmagn sem tiltækt er í ofangreindum þremur hverasvæðum er sem hér segir:

Bæjarsveit (ársmeðaldæling)	50 l/s, 93°C
Deildartunguhver	180 l/s, 100°C
Kleppjárnsreykjahver	70 l/s, 100°C
Alls	300 l/s

Til frádráttar kemur það vatnsmagn, sem eigendur jarðhitans halda eftir til eigin ráðstöfunar.

Þess skal getið í sambandi við vatnsmagn í Bæjarsveit, að með frekari borunum og dælingu er áætlað út frá rennslismælingum, að fá megi til viðbótar 50 l/s.

Um hugsanleg áhrif vinnslusvæðanna hvers á annað við vinnslu heits vatns, er lítið vitað enn sem komið er. Þó virðist ljóst, að greitt samband er á milli tveggja vinnslusvæða innan sama hverasvæðis (sbr. Bæjarsveit), þannig að dæling á einu vinnslusvæði fellir þrýsting eftir endilangri hveralínunni og minnkar þar með rennsli til yfirborðs, á hverasvæðinu öllu. Hliðstæð áhrif milli hverasvæðanna gætu komið fram við langtímavinnslu heits vatns á einhverju einu þeirra, ef sú hugmynd er rétt, sem menn gera sér nú af rennsliskerfi jarðhitasvæðisins, þ. e. að heitavatnsstraumurinn liggi frá NA til SV. Aðeins reynslan fær úr því skorið, hvort slík áhrif koma fram og hversu mikil þau kunna að verða.

Hverasvæðið í Bæjarsveit stendur eitt undir hitaveitu til Borgarness og Hvanneyrar, en eigi Akranes að fylgja með verður að sækja meginhluta vatnsins til hvera svæðanna austar, og yrði Deildartunguhver þá eðlilega meginstofn hitaveitunnar.

Engir hverir eru á landi Deildartungu (2) og á landi Deildartungu (1) eru tveir volgir blettir, en ekkert vatn.

Not vatns úr Deildartunguhver yrðu af sjálfrennandi vatni, og hefði það ekki áhrif á hveri á Kleppjárnsreykjum. Ef um eignarnám yrði að ræða yrði það síðan framkvæmt á eign Sigurbjargar Björnsdóttur.

Heildarvatnsþörf Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar — HAB — (stofnuð formlega 23. mars 1979.)

Ár	Akranes l/sek.	Borgarnes l/sek.	Hvanneyri l/sek.	Sveitabæir l/sek.	Heildarvatns-þörf l/sek.	Heildar-aflþörf (hjá not.) MW
1979	120	43	4	2	169	28.1
1984	142	58	5	2	207	35.0
1989	168	67	7	2	244	42.2
1994	200	78	8	2	288	50.3
1999	236	91	10	2	339	60.4

Þegar þessi niðurstaða er skoðuð, er rétt að hafa í huga, að hún byggir á eftirfarandi meginforsendum.

a) Rannsókn á aflþörf húsa í Reykjavík sem orðin er nokkurra ára gömul.
b) Spá um þróun byggðanna.
c) Aðveituæð í jarðvegsgarði, en óeinangruð að öðru leyti (afltap ca. 12.5 MW við mesta álag í upphafi).

Þótt ofangreind vatnsþörf sé miðuð við köldustu daga ársins, er rétt að minna á að vatnsþörfin þess á milli minnkar framan af ekki í hlutfalli við minnkandi þörf húsanna, vegna þess lágmarksrennslis sem nauðsynlegt er til að halda viðunandi innrennslishita á Akranesi.

Aðveituæð frá Deildartungu til Akraness yrði um 63 km að lengd eða nær þrefalt lengri en nokkur aðveituæð hitaveitu hér á landi. Arðsemi veitunnar ræðst því mjög af stofnkostnaði aðveitunnar. Áætlun HAB gerir ráð fyrir því að aðveituæðin verði að megni til óeinangruð asbestpípa sem lögð er á jafnað yfirborð landsins og hulin jarðvegsgarði. Nokkur reynsla er af slíkum frágangi aðveituæða hér á landi, m. a. hefur 19 km asbestæð í jarðvegsgarði verið í notkun á Húsavík frá árinu 1970.

Í brú yfir Borgarfjörð er fyrirhuguð einangruð stálpípa í plastkápu, og er sá hluti að sjálfsögðu háður smíði brúarinnar.

Kaflinn yfir Leirárvog (ca 1.1 km) hefur verulega sérstöðu að því er varðar gerð og öryggi aðalæðarinnar. Þar hafa verið kannaðar 4 leiðir, þar á meðal yfir ósinn milli Súlueyrar og Hvítaness. Allmikið starf mun enn óunnið við forhönnun þess kafla.

V.

Að beiðni starfshópsins hafa ráðgjafar HAB endurskoðað áætlun um stofnkostnað miðað við verðlag 1. janúar 1979 (byggingarvísitala 258 stig) sem hér segir:

Virkjun hvera	29	millj. kr.
Aðveita	2 837	— —
Dælustöðvar, vatnsmiðlun	275	— —
Dreifikerfi	1 277	— —
	4 418	millj. kr.
Ófyrirséð 15%	663	— —
	5 081	millj. kr.
Hönnun, umsjón 8%	409	— —
Heildarkostnaður	5 490	millj. kr.

Innifalin eru aðflutningsgjöld og söluskattur af innfluttu efni í aðveitu og dælustöðvar samtals kr. 890 millj. en áætlað er að af þeirri upphæð verði 210 millj. kr. lánað en 680 millj. kr. gefið eftir að fullu (Sbr. bréf Fjármálaráðuneytisins 24. febr. 1978).

Ráðgjafar telja þannig stofnkostnað hæfilega áætlaðan 5 490÷680=4 810 millj. kr. á verðlagi 1. jan. 1979.

Áætlun þessi tekur ekki til áfallins rannsóknakostnaðar, kaupa á löndum eða vaxta á byggingatíma.

Ef með er talinn áfallinn rannsóknar- og borkostnaður, bætur fyrir landspjöll lántökugjöld og vextir á byggingatíma, er talið sennilegt að heildarkostnaður verði á bilinu 5.4—6.0 milljarðar eftir því hvernig fjármögnun og framkvæmdum verður háttað.

VI.

Á grundvelli fyrirliggjandi áætlana hefur starfshópurinn leitast við að rannsaka rekstrargrundvöll og meta hagkvæmni veitunnar, bæði frá sjónarmiði væntanlegra notenda og þjóðarheildarinnar.

Meginniðurstöður má draga saman í eftirfarandi yfirlit:

(Allar fjárhæðir eru í millj. kr. og verðlag miðað við 1. janúar 1979).

	1982	1984	1989	1994	1999
1. Rekstrargjöld	120	145	199	243	283
2. Fjármagnskostn.	654	702	759	800	857
3. Vinnslukostn. (1+2)	774	847	958	1 043	1 140
4. Orkuvinnsla Gwh	96	104	128	155	186
5. Orkuverð (framl.kostn.) ..... kr./kwh (3:4)	8.08	8.12	7.50	6.74	6.14

Nú var kyndingarkostnaður með olíu talinn 9.06 kr./kwh um síðast liðin áramót. Þannig fæst

	1982	1984	1989	1994	1999
Orkuverð % af olíu	89	90	83	74	68
Orkuvirði millj. kr. (þ. e. ríkjandi markaðsverð)	868	945	1 157	1 403	1 682
Sparnaður millj. kr. (Orkuvirði ÷ vinnslukostn.)	94	98	199	360	542

Meginniðurstaðan er sú að kostnaðarverð orkunnar kominnar til neytenda breytist úr 89% af olíu árið 1982 (hæst 91% árið 1983) niður í 66% árið 2000. Jafnframt eykst árlegur ávinningur (hagnaður + sparnaður notenda) úr 94 millj. króna árið 1982 í 589 millj. króna árið 2000, allt á verðlagi 1. janúar 1979.

Reikna má þennan ávinning til núvirðis með mismunandi afvöxtun, en það hefur einkum tilgang ef um það væri að ræða að greiða einhvern hluta hans út í formi kaupa á vatnsréttindum.

Stofnfé er talið að muni endurheimtast með 14% vöxtum miðað við ofangreindar forsendur.

Ávöxtun stofnfjár virðist samkvæmt ofansögðu vera mun hærri en nemur almennum vaxtakröfum fjárfestingarlána á alþjóðlegum peningamarkaði (nú gjarnan 7—11%). Hér virðist því um arðbært fyrirtæki að ræða miðað við þau ytri skilyrði er ríktu um s.l. áramót, en þá var olíuverð á föstu verðlagi reiknað mjög nálægt meðaltali undangenginna þriggja ára.

Um síðustu atburði í olíuheiminum þarf ekki að fjölyrða. Engum getum skal að því leitt, hvort áhrifa þeirra gætir lengur eða skemur. Til hins hníga gild rök, að langtímaþróun í olíumálum verði þessu fyrirtæki til styrktar.

Kannaðir hafa verið aðrir möguleikar til orkuöflunar til hitaveitu fyrir þessi byggðarlög, svo sem afgangsvarma frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga og fjarvarmaveitu með svartolíu og afgangs raforku.

Niðurstaða þessara kannana er sú, að sameiginleg hitaveita frá framangreindum jarðhitasvæðum í Borgarfirði sé vænlegasti kosturinn í hitaveitumálum Akraness og Borgarness.

VII.

Svo sem fram hefur komið hér að framan, í I, skilaði starfshópurinn álitsgerðinni til ráðherra hinn 27. mars 1979.

Fulltrúar eigenda Deildartunguhvers höfðu mælst til þess við iðnaðarráðuneytið, að ef til samningaumleitana kæmi milli þeirra og fulltrúa samtaka um hitaveitu fyrir Akranes og Borgarnes þá hefði starfshópurinn milligöngu um sáttatilraunir. Fulltrúar hitaveitunnar (nú Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar) tóku undir þessi tilmæli fulltrúa eigenda.

Hinn 3. apríl fól iðnaðarráðherra starfshópnum að koma af stað sáttaumleitunum. Sáttafundir hafa stöðugt verið haldnir og voru þeir samtals 19, auk fjölda upplýsingafunda. Starfshópurinn hafði þann hátt á sáttaumleitunum, að rætt var við fulltrúa aðila sitt í hvoru lagi og aðilum síðan kynnt mál hvors annars. Fulltrúar beggja aðila voru sammála um að sameiginlegir fundir væru tilgangslausir og var svo allt til loka sáttatilrauna. Lokasamningafundir voru haldnir miðvikudaginn 9. maí 1979 og lauk þeim laust fyrir miðnætti þann dag og voru sáttatilraunir árangurslausar.

Fyrstu verðhugmyndir komu fram frá fulltrúum eigenda Deildartunguhvers hinn 25. apríl 1979, kr. 48 millj. fast árgjald fyrir 150 l/s og ekki lægra en 30% af heildarábata væntanlegrar hitaveitu. Töldu fulltrúar eigenda þetta vera svipaðar verðhugmyndir og þeir höfðu, þegar upp úr slitnaði viðræðum á árinu 1978.

Fyrsta tilboð frá fulltrúum HAB kom fram 4. maí 1979 og var það í tvennu lagi, þannig:

„Tilboð nr. 1.

1. Deildartunguhver verði leigður gegn ársgreiðslu sem nemi kr. 18 milljónum fyrir ótakmörkuð afnot á 180 l/sek sjálfrennsli. Verði um leigu á minna magni að ræða allt að 150 l/sek, lækki leigan tilsvarandi. Leigutími hefst þegar veitan tekur til starfa og miðast við það vatnsmagn sem tekið er.
2. Samið verði til 10 ára og verði aðilar sammála um að áframhaldandi leigukjör verði háð úrskurði gerðardóms, ef ekki næst samningar um áframhaldandi leigu. Gert er ráð fyrir að á leigutímanum verði Alþingi Íslendinga búið að fjalla um eða setja lög er varða eignarrétt á lághitasvæðum og taki gerðardómurinn fullt tillit til þeirrar löggjafar eða þeirrar umræðu og vinnu sem liggur að baki væntanlegrar löggjafar.

3. Verðtrygging á leigusamningi verði mynduð úr 4 viðmiðunum sem vegi jafnt í grundvelli
   3.1 Vísitala vöru og þjónustu
   3.2 Vísitala byggingarkostnaðar
   3.3 Vísitala framfærslu
   3.4 Útsöluverð á vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur.
4. Samningurinn verði gerður með fyrirvara um samþykki:
   4.1 Stjórnar H.A.B.
   4.2 Iðnaðarráðuneytisins
   4.3 Hreppsnefndar Reykholtshrepps.
5. Verðlag miðast við 1. janúar 1979.“

„Tilboð nr. 2.

1. Deildartunguhver verði leigður til 30 ára gegn ársgreiðslu sem nemur kr. 14 milljónum á ári miðað við 180 l/sek rennsli eða tilsvarandi fyrir minna vatnsmagn, allt að 150 l/sek og verðlag 1. janúar 1979.

Það er mat okkar að tilboðið nemi um 8% af heildarhagnaði veitunnar sbr. lið 9, töflu 4 í skýrslu starfshóps iðnaðarráðuneytisins að því er hlutdeild Deildartunguhvers varðar í heildarvatnsöflun veitunnar.

Samningurinn framlengist sjálfkrafa um 10 ár í senn verði honum ekki sagt upp með a. m. k. þriggja ára fyrirvara.“

Sömu ákvæði og í tilboði 1 um verðtryggingu, verðlag og fyrirvara.

Starfshópurinn skýrði aðilum frá því að ráðuneytið myndi ekki vilja stuðla að samningi til 10 ára með þeim fyrirvörum, sem þar koma fram og var tilboð þetta eigi frekar til umræðu.

Fyrsta formlega tilboð fulltrúa eiganda Deildartunguhvers kom fram 5. maí 1979, þannig:

„... upplýsti að fulltrúar eiganda hefðu orðið sammála um að bjóða fram til samkomulags 35 millj. króna árgjald er miðaðist við 150 l/sek og verðlag 1. janúar 1979 (byggingarvísitala 258 stig). Árgjald breytist með vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er á hverjum tíma.

Þetta verð er hugsað sem hlutfall af ábata eins og áður hefur komið fram í viðræðum, en það er til frekari umræðu, þó ekki til lækkunar á árgjaldi.

Fulltrúar eiganda tóku fram að þeir væru reiðubúnir til að líta sérstaklega á fyrstu rekstrarár veitunnar, að því er % af ábata varðar, meðan hún er að komast yfir hugsanlega byrjunarörðugleika.

Tilboð eiganda á 150 l/sek miðast við gildistíma 25 ár og 3ja ára uppsagnarfrest. Umframvatn verði samið um árlega til 1 árs í senn.“

Á fundi 7. maí 1979 kom fram tilboð frá fulltrúum eiganda Deildartunguhvers þannig:

„Árgjald verði kr. 22 milljónir miðað við 150 l/sek frá 1982 að telja. Árgreiðsla fylgi byggingarvísitölu frá 1. jan. 1979 að telja. Eftir árið 1985 fylgi árgjald 20% af heildarábata veitunnar, eins og hann er á hverjum tíma (hvor talan sem er hærri).

Samningar verði til 20 ára. Sami uppsagnarfrestur og áður.

HAB greiði hugsanlega aukaskatta er á kynnu að verða lagðir vegna notkunar heita vatnsins utan sveitar, þ. e. Reykholtsdalshrepps (sbr. t. d. reglugerð um fasteignaskatt nr. 320 19. des. 1972).

Umframvatn verði selt hlutfallslega á sama verði.

Að við undirskrift samnings verði innt af hendi 10 millj. króna fyrirframgreiðsla er komi til lækkunar á fyrstu ársgreiðslum.“

Hinn 8. maí 1979 kom fram tilboð frá fulltrúum HAB, svohljóðandi:

„Vatn úr Deildartunguhver verði keypt gegn ársgreiðslu er nemi kr. 15 milljónum á ári miðað við 180 l/sek, eða hlutfallslega fyrir minna vatnsmagn allt að 150 l/sek, og verðlag 1. janúar 1979. Tilboð þetta samsvarar 12.5 milljónum króna fyrir 150 l/sek.

Tilboð þetta miðast við 30 ára samningstíma.

Verðtrygging miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, vöru- og þjónustu, svo og framfærsluvísitölu.“

Sama dag kom fram tilboð frá fulltrúum eiganda Deildartunguhvers, þannig:

„Árgreiðsla verði 20 millj. á ári miðað við 150 l/sek og verðlag 1. janúar 1979. Önnur ákvæði sbr. tilboð í fundargerð mánudaginn 7. maí 1979 standi óbreytt.“

Á fundi 8. maí 1979 létu fulltrúar HAB bóka svohljóðandi:

„að með tilboði sínu fyrr í dag hafi þeir, miðað við framkomin gögn og upplýsingar, meðal annars um arðsemi veitunnar, gengið eins langt og þeir geti réttlætt gagnvart stjórn HAB og væntanlegum neytendum á sveitusvæði HAB. Benda þeir á, að það sem á milli beri síðustu tilboða séu ekki einungis mismunur 20 millj. króna árgreiðslu annars vegar og 12.5 millj. króna árgreiðslu hins vegar, þar eð tilboð fulltrúa eiganda Deildartunguhvers miðist við að eftir 1985 fylgi árgjald 20% af heildarábata veitunnar eins og hann er á hverjum tíma. Miðað við þær forsendur sem gengið var út frá í upphafi þessara viðræðna, þ. e. skýrslu starfshóps iðnaðarráðuneytisins, verða árgreiðslur ekki þannig 20 milljónir eftir árið 1985, heldur 72 milljónir árið 1994, svo dæmi sé tekið og kr. 108.4 milljónir árið 1999.

Yfir 20 ára tímabil verða heildargreiðslur HAB samkvæmt síðasta tilboði hennar kr. 250 milljónir en heildargreiðslur samkvæmt síðasta tilboði fulltrúa eiganda Deildartunguhvers um 1200 milljónir króna.

Þótt þessi dæmi séu nefnd um háar árgreiðslur vilja fulltrúar HAB taka fram, að þeir telja ekki grundvöll til samninga sem miðist við að árgreiðslur verði hlutfall af ábata veitunnar, eins og hann verður á hverjum tíma. Telja þeir eðlilegt að um árgreiðslu verði samið,, sem haldi síðan raunvirði með viðmiðun við vísitölur.

Fulltrúar HAB harma að illa horfir um samkomulag. Þeir hafa lagt mikla áherslu á að samkomulag mætti takast. Vilja þeir því sem úrslitatilraun óska eftir því við starfshóp iðnaðarráðuneytisins, að hann leggi fram sáttatillögu ef hann telur grundvöll fyrir því. Fulltrúar HAB munu taka slíka sáttatillögu til vinsamlegrar athugunar.“

Á fundi 9. maí lögðu fulltrúar eiganda Deildartunguhvers fram

„gögn um skiptingu arðs skv. síðasta tilboði fulltrúa eiganda (8.5.1979). Þar kemur fram að arðskipting umreiknuð til jafnrar árgreiðslu með 6% vaxtakröfu nemur 197.7 millj. kr. á ári til HAB en 49.9 m.kr. á ári í hlut eiganda Deildartungu. Þess ber að geta að hlutur HAB er skattfrjáls en eigandi Deildartunguhvers þarf að greiða fulla skatta.“

Deildartunga 20%, HAB 80%.

Ár		Arður	Til D	Til HAB	6% Afvöxtun	Núvirði D 1982	Núvirði HAB 1982	
1982	.....	93.8	20.0	73.8	0.943	18.9	69.6	
1983	.....	83.5	20.0	63.5	0.890	17.8	56.5	
1984	.....	97.6	20.0	77.6	0.840	16.8	65.2	
1985	.....	118.8	23.8	95.0	0.792	18.9	75.2	
1986	.....	129.6	25.9	103.7	0.747	19.4	77.5	
1987	.....	135.3	27.1	108.2	0.705	19.1	76.3	
1988	.....	168.3	33.7	134.6	0.665	22.4	89.5	
1989	.....	199.4	39.9	159.5	0.627	25.0	100.0	
1990	.....	233.4	46.7	186.7	0.592	27.7	110.5	
1991	.....	264.0	52.8	211.2	0.558	29.5	117.9	
1992	.....	292.2	58.4	233.7	0.527	30.1	123.2	
1993	.....	326.1	65.2	260.9	0.497	32.4	129.7	
1994	.....	359.5	71.9	287.6	0.469	33.7	134.9	
1995	.....	393.6	78.7	314.9	0.442	34.8	139.2	
1996	.....	430.0	86.0	344.0	0.417	35.9	143.5	
1997	.....	472.1	94.4	377.7	0.394	37.2	148.8	
1998	.....	498.5	99.7	398.8	0.371	37.0	148.0	
1999	.....	541.9	108.4	433.5	0.350	37.9	151.1	
2000	.....	589.3	117.9	471.4	0.331	39.0	156.0	
2001	.....	620.0	124.0	496.0	0.312	38.7	154.8	
		6046.9	1214.5	4832.3		572.2	2268.0	$\Sigma = 2840.2$
						x0.08718	x0.08718	
						=49.9 p.a. @6%	=197.7 p.a. @6%	

Í framhaldi af þessu lækkuðu umboðsmenn eiganda Deildartunguhvers kröfuna um 20% af ábata veitunnar í 15% af heildarábata, eins og hann er á hverjum tíma. Fulltrúar HAB áréttuðu tilboð sitt frá 8. maí og kváðu það vera lokaboð.

Hinn 9. maí kom fram lokaboð frá fulltrúum eiganda Deildartunguhvers:

„Árgjald nemi kr. 18 milljónum miðað við 150 l/sek en frá og með árinu 1991 fylgi árgjald 15% af heildarábata veitunnar eins og hann er á hverjum tíma, hvor talan sem er hærri. Að öðru leyti er fyrra tilboð óbreytt. Fulltrúar eiganda taka fram að boð þetta gefi ekki vísbendingu um, hvað þeir telji verðmæti hversins, heldur er boð þetta eingöngu lagt fram sem tilraun til samkomulags. Verði tilboði þessu hafnað er það úr gildi fallið."

Lokaboð fulltrúa eiganda Deildartunguhvers var borið undir fulltrúa HAB sama dag, og svöruðu þeir því þannig:

„Fulltrúar HAB hafa fjallað um lokatilboð fulltrúa eiganda Deildartunguhvers. Við athugun á tilboði þessu kemur fram að miðað við 20 ára sölusamning nema greiðslur til eiganda Deildartunguhvers kr. 875 milljónum. Bil milli tilboða fulltrúa eiganda og fultrúa HAB nemur því 625 miljónum á ofangreindu tímabili.

Í ljósi þessara staðreynda sjá fulltrúar HAB ekki tilefni til endurskoðunar á fyrra tilboði, sbr. bókanir frá í dag og í gær."

Sama dag var fulltrúum eiganda Deildartunguhvers kynnt framangreind afstaða HAB og var á þeim fundi bókað:

„Fulltrúar eiganda Deildartunguhvers vísuðu til fyrri afstöðu, og kváðu að ekki væri um neina breytingu að ræða."

VIII.

Lokatilboð aðila gera ráð fyrir eftirfarandi árgreiðslum miðað við kaup á 150 lítrum á sekúndu og verðlag 1. janúar 1979.

Ár	Lokatilboð HAB (30 ára samningur) millj. kr.	Lokatilboð fulltrúa eiganda Deildartunguhvers (20 ára samningur) millj. kr.
1982	12.5	18
1983	12.5	18
1984	12.5	18
1985	12.5	18
1986	12.5	18
1987	12.5	18
1988	12.5	18
1989	12.5	18
1990	12.5	18
1991	12.5	39.6
1992	12.5	43.8
1993	12.5	48.9
1994	12.5	53.9
1995	12.5	59.0
1996	12.5	64.5
1997	12.5	70.8
1998	12.5	74.8
1999	12.5	81.3
2000	12.5	88.4
2001	12.5	88.4
	250	875
	o. s. frv. til ársins 2011.	

Lokaboð HAB kr. 12.5 millj. á ári miðað við 150 l/sek svarar til afgjalds kr. 83 333 pr. sekúndulítra á ári.

Lokaboð fulltrúa eiganda Deildartunguhvers gerir ráð fyrir 18 millj. kr. árgjaldi eða 120 000 kr. afgjaldi pr. sekúndulítra á ári fyrstu 9 árin en stighækkandi úr því upp í 84.4 millj. kr. árgjald árið 2000 eða 589 333 kr. pr. sekúndulítra á ári.

Sé stighækkandi árgjaldi í lokaboði fulltrúa eiganda Deildartunguhvers breytt í jafngilda annuitetsröð með t. d. 6% vaxtakröfu svarar það til 35.8 millj. króna jafnrar árgreiðslu eða rúmlega 238 000 krónum pr. sekúndulítra á ári.

Það er skoðun starfshópsins að með lokatilboði sínu sé HAB komið það nærri þeim mörkum sem starfshópurinn að breyttu breytanda telur eðlilegt með tilliti til þeirra fordæma í samningum, matsgjörðum og dómum, sem honum eru kunn, að tilgangslaust sé, í ljósi hins djúpstæða ágreinings í millum aðila, að leggja fram sáttatillögu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessari grein hafa verið gerð ítarleg skil í athugasemdum hér að framan og vísast til þeirra.

Um 2. gr.

Framkvæmd eignarnámsins og ákvörðun bóta skal fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms nr. 11 6. apríl 1973.

Vatnsmagn það úr hvernum sem eignarnema er skylt að láta eignarþola í té við stöðvarvegg er 10 sekúndulítrar.

Til skýringa má geta þess, að vatnsmagn þetta myndi nægja til þess að hita upp hús í 500—800 manna byggðarlagi, eða 5—7 meðal stórar gróðrarstöðvar.

Um 3. gr.

Vísast til athugasemda við lagafrumvarp þetta.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Skrá yfir fylgiskjöl:


Fskj. 1. Uppdráttur af landi því sem taka skal eignarnámi, sbr. 2. gr.

Fskj. 2. Uppdráttur af hverasvæði Deildartungu og Kleppjárnsreykja, með landamerkjum.

Fskj. 3. Yfirlitsmynd af fyrirhugaðri hitaveitu.

Fskj. 4. Uppdráttur af mögulegum vinnslusvæðum jarðhita í upphveitum Borgarfjarðar.

Fylgiskjal.



SKÝRINGAR

- LANDSVÆÐI, SEM TAKA SKAL EIGNARNÁMI
- MIÐLÍNA FYRIRHUGAÐRAR AÐKOMU
- LANDAMERKI
- YFIRBORÐSJARÐHITI
- MÆLDUR PUNKTUR
- AFBRÆÐSLUSVÆÐI
- FLÁI
- BORHOLA
- FRAMRÆSLUSKURÐUR
- VEGSLÓÐI
- HITAVEITUPÍPA
- TALSÍMI
- HÁSPENNULÍNA STAUR OG STAG
- GIRÐING
- STEINHÚS
- TIMBURHÚS
- GRÓÐURHÚS

HNITASKRÁ

REIKNAÐ Í HNITAKERFI ÍSLANDS FRÁ 1974

EIGNARNÁMSSVÆÐI

231	62789.000	66997.000
232	62789.000	66805.000
233	62907.000	66805.000
234	62907.000	66955.000
235	62889.000	66955.000
236	62889.000	66997.000

MIÐLÍNA AÐKOMU


191	62551.902	67365.191
146	62703.797	67077.116
147	62721.653	66987.159
185	62742.839	66925.028
187	62818.218	66902.224

LANDAMERKI


141	62733.120	67117.729
143	62734.806	67094.427
184	62645.938	66806.472
203	62863.688	67029.410
204	62926.647	67015.288
205	62968.444	66929.163
228	62792.775	67028.098
237	63042.607	67123.124
238	62901.047	67074.847
239	62888.749	67075.322
240	62900.946	67133.776

ÝMSAR GIRÐINGAR


9	62731.467	66985.84
12	62828.662	66904.98
13	62838.353	66935.89
16	62838.254	66942.60
69	62503.325	66880.64
104	62595.936	67353.81
211	62927.326	66884.82
213	62904.238	66934.92
214	62885.100	66928.31
215	62895.174	66956.13
224	62886.927	66878.10
225	62899.102	66866.56
226	62910.680	66856.87


REYKJADALSÁ
DEILDARTUNGA I
VIÐIGERÐI
VIÐIGERÐI
DEILDARTUNGA II
LANDSVÆÐI, SEM TAKA SKAL EIGNARNÁMI
DÆLUHÚS
VIÐIGERÐI
DEILDARTUNGA II
HNIT H.F.
VERKFRÆÐISTOFA
SÍÐUMÚLA 34
DEILDARTUNGUHVER
MÆLT. BC J./J.RÉ./JH.
DAGS. MAÍ 1979
RITAÐ. BC J.
TEIKN. A.B./BC. J.
T.NR. 15-47
M - 1


Fskj. nr. 2.


Land Deildartungu I
Viðigerði
Land
Deildartungu II
Deildartunguhver
Land
Sigurbjargar
Land
Kleppjárnsreykja
Skóli
Kleppjárnsreykjahver

Fskj. nr. 3.


Deildartunga
Bær
Borgarnes
Akranes
Varmalækjarmúli
Skorradalshálsi
Dragafell
Hálsi
Glíma
Reynivellir
MIÐSANDUR

Fskj. nr. 4.


Aðstreymi heits vatns
Sturlureykir
Kleppjárnsreykir
Deildartunga
Ásgarður
REYKJADALSÁ
KROPPSMÚLI
SKÝRINGAR
ungar brotlínur (einfaldaðar)
gangar eða misgengi
aðfærsluæðar heits vatns
vinnslusvæði jarðhita
hver eða laug
Vegur
Runnar
Klettur
GEIRSÁ
FLÓKÁ
HVÍTÁ
Laugarholt
Bær
Hellur
N
0
1
2
3km

Ed. 705. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [277. mál]

í málinu: Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og Eyjólfi K. Jónssyni.

Með því að
a) vandi þjóðarinnar í áfengismálum er fólginn í mikilli neyslu áfengra drykkja,
b) úrbætur í áfengismálum leiða til minnkandi tekna ríkissjóðs af áfengissölu,
c) æskileg þróun er, að ríkissjóður byggi sem minnst á tekjum af áfengissölu, en
d) frumvarp þetta stefnir í öfuga átt með þeim tilgangi sínum að auka tekjur ríkissjóðs af áfengissölu

samþykkir deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá í trausti þess, að ríkisstjórnin láti endurskoða áfengislöggjöfina í þeim tilgangi að draga úr áfengisneyslu þjóðarinnar, stuðla að hófsemi í meðferð áfengra drykkja, efla bindindi í landinu og auka aðstoð við drykkjusjúklinga, enda verði málið lagt fyrir Alþingi í byrjun næsta þings.

Nd. 706. Nefndarálit [249. mál]

um frv. til laga um afborgunarkaup.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og nefndarmenn orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum. — Vilmundur Gylfason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. maí 1979.

Lúðvík Jósepsson, form.	Halldór E. Sigurðsson, fundaskr.	Kjartan Ólafsson, frsm.
Matthías Á. Mathiesen.	Ólafur G. Einarsson.	Finnur Torfi Stefánsson.

Nd. 707. Nefndarálit [265. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. lög nr. 2 11. febr. 1970, lög nr. 66 30. apríl 1973 og lög nr. 71 31. maí 1976, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur kynnt sér frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. maí 1979.

Lúðvík Jósepsson, form.	Halldór E. Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Kjartan Ólafsson,
Matthías Á. Mathiesen.	Ólafur G. Einarsson.	Finnur Torfi Stefánsson.
	Vilmundur Gylfason.	

Nd. 708. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, sem hlotið hefur afgreiðslu í efri deild, og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 14. maí 1979.

Vilmundur Gylfason, form. Einar Ágústsson, fundaskr. Friðrik Sophusson. frsm.
Árni Gunnarsson. Svava Jakobsdóttir.
Matthías Á. Mathiesen. Gils Guðmundsson.

Sþ. 709. Þingsályktun [12. mál]

um eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum.

(Afgreidd frá Sþ. 14. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir sérstökum stuðningi opinberra aðila við stofnun þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum.

Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins skal falið að rannsaka möguleika smáiðnaðar í sveitahreppum, safna hugmyndum um hugsanlegar framleiðslugreinar, kanna viðhorf og áhuga heimamanna víðs vegar um land og gera áætlun um framkvæmdir. Við undirbúning þessa máls ber einnig að taka mið af þeirri allsherjarathugun og tillögugerð varðandi atvinnumöguleika aldraðra, sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Jafnframt skal lánadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins falið að veita heimaaðilum aðstoð við stofnun fyrirtækja, sem komið er á fót samkvæmt þessari áætlun, og skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda. Sérstaklega ber að kanna möguleika á stofnun og stuðningi við framleiðslusamvinnufélög í sveitum. Stuðla ber að því, að veitt verði óafturkræf framlög úr Byggðasjóði eða ríkissjóði til stuðnings smáiðnaði í sveitum, allt að 15% stofnkostnaðar.

Þegar ár er liðið frá samþykkt þessarar tillögu skal ríkisstjórnin gefa Alþingi skýrslu um framkvæmd hennar.

Ed. 710. Nefndarálit [128. mál]

um frv til laga um landmælingar.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum. Leitað var umsagna hjá Búnaðarfélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, Fasteignamati ríkisins, Orkustofnun, Rannsóknaráði ríkisins, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Verkfræðingafélagi Íslands, RARIK, Hafnamálastofnun ríkisins, Pósti og síma, Náttúruverndarráði, Skipulagsstjóra ríkisins og Flugmálastjórn. Umsagnir bárust frá Vegagerð ríkisins, Flugmála-

stjórn, Orkustofnun, Búnaðarfélagi Íslands, Náttúruverndarráði, borgarstjóranum í Reykjavík og Sjómælingum Íslands.

Þá kallaði nefndin fyrir sig þá Braga Guðmundsson forstjóra Landmælinga Íslands og Jónas Jónsson ritstjóra, er var formaður þeirrar nefndar er samdi frumvarpið.

Í ljós kom að aðilar, sem nefndin taldi hafa þekkingu á málinu, voru mjög ósammála um frumvarpið. Því gerir nefndin tillögu um að **vísa málinu til ríkisstjórnarinnar** til nánari athugunar.

Alþingi, 14. maí 1979.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm. Jón Helgason. Jón G. Sólnes.
Soffía Guðmundsdóttir. Guðmundur Karlsson.
Bragi Níelsson. Helgi Seljan.

Ed. 711. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á landskiptalögum, nr. 46/1941.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum. Leitað var umsagna hjá Búnaðarfélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, Fasteignamati ríkisins, Orkustofnun, Rannsóknaráði ríkisins, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Verkfræðingafélagi Íslands, RARIK, Hafnamálastofnun ríkisins, Pósti og síma, Náttúruverndarráði, Skipulagsstjóra ríkisins, Flugmálastjórn. Umsagnir bárust frá Vegagerð ríkisins, Flugmálastjórn, Orkustofnun og borgarstjóranum í Reykjavík.

Þá kallaði nefndin fyrir sig þá Braga Guðmundsson forstjóra Landmælinga Íslands og Jónas Jónsson ritstjóra, er var formaður þeirrar nefndar er samdi frumvarpið.

Í ljós kom að aðilar, sem nefndin taldi hafa þekkingu á málinu, voru mjög ósammála um frumvarpið. Því gerir nefndin tillögu um að **vísa málinu til ríkisstjórnarinnar** til nánari athugunar.

Alþingi, 14. maí 1979.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm. Jón Helgason. Jón G. Sólnes.
Soffía Guðmundsdóttir. Guðmundur Karlsson.
Bragi Níelsson. Helgi Seljan.

Ed. 712. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til laga um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmum kaupstaða og á skipulögðum svæðum utan kaupstaða.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum. Leitað var umsagna hjá Búnaðarfélagi Íslands, Dómarafélagi Íslands, Fasteignamati ríkisins, Orkustofnun, Rannsóknaráði ríkisins, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Verkfræðingafélagi Íslands,

RARIK, Hafnamálastofnun ríkisins, Pósti og síma, Náttúruverndarráði, Skipulagsstjóra ríkisins, Flugmálastjórn. Umsagnir bárust frá Vegagerð ríkisins, Flugmálastjórn, Orkustofnun og borgarstjóranum í Reykjavík.

Þá kallaði nefndin fyrir sig þá Braga Guðmundsson forstjóra Landmælinga Íslands og Jónas Jónsson ritstjóra, er var formaður nefndar er samdi frumvarpið.

Í ljós kom að aðilar, sem nefndin taldi hafa þekkingu á málinu, voru mjög ósammála um frumvarpið. Því gerir nefndin tillögu um að **vísa málinu til ríkisstjórnarinnar** til nánari athugunar.

Alþingi, 14. maí 1979.

Karl Steinar Guðnason, form., frsm. Jón Helgason. Jón G. Sólnes.
Soffía Guðmundsdóttir. Guðmundur Karlsson.
Bragi Nielsson. Helgi Seljan.

Nd. 713. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 107 28. okt. 1970, um félagsheimili.

Frá menntamálanefnd.

Frv. þetta er komið frá Ed. Hlaut frv. þá gerð, sem það nú hefur, í meðförum menntamálanefndar þeirrar deildar. Fyrir Ed. lágu tvö frv. um breyt. á félagsheimilalögum, annað frá Vilhjálmi Hjálmarssyni (24. mál), hitt frá Helga F. Seljan o. fl. (48. mál). Menntamálanefndin steypti þessum frv. saman og gerði að einu. Þess verður og að geta, að þriðja frv. (49. mál) liggur fyrir Alþingi í vetur (endurflutt frá fyrra þingi) um breyt. á l. um félagsheimili. Er það flutt í Nd. af Þórarni Sigurjónssyni o. fl. Fjallar það að mikilvægum hluta um sömu atriði og það frv. sem hér er til umræðu.

Nefndin telur að með frv. sé stefnt að gagnlegum endurbótum á félagsheimilalögum. Nokkur umræða varð í nefndinni um skipan menningarsjóðsnefndar, þ. e. hvaða aðilar skyldu tilnefna fulltrúa í þá nefnd. Að athuguðu máli þótti nefndinni þó rétt að halda ákvæðinu um skipan menningarsjóðsnefndar óbreyttu eins og Ed. ákvað það.

Þetta frv. felur í sér ýmis nýmæli, svo sem að sjómannastofur skuli setja á bekk með félagsheimilum. Það nýmæli er og að finna í frv. varðandi styrkveitingar úr menningarsjóði félagsheimila, að heimilt yrði að veita styrki til menningarstarfsemi, þótt hún færi fram **utan** félagsheimila, ef sérstaklega stæði á. T. a. m. væri hægt samkvæmt þessu að veita styrk til tónlistarflutnings í **kirkjum**, sem oft hentar betur en að flytja tónlist í félagsheimilum. Fleiri slík dæmi mætti nefna.

Nefndin leggur einróma til að frv. verði samþ. óbreytt.

Ellert B. Schram var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 1979.

Svava Jakobsdóttir, form. Ingvar Gíslason, fundaskr., frsm. Sighvatur Björgvinsson.
Eiður Guðnason. Ólafur G. Einarsson. Bjarnfríður Leósdóttir.

Nd. 714. Frumvarp til laga [37. mál]

um breyting á lögum nr. 74 1974, um meðferð opinberra mála.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. maí.)

1. gr.

Við 61. gr. laga nr. 74 1974 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Handtekinn maður á rétt á skipuðum réttargæslumanni þegar eftir handtöku og ber þeim, er handtöku framkvæmir, að skýra honum frá þessum rétti. Réttargæslumaður ber skyldur og réttindi sem verjandi eftir 86. gr. Handteknum manni er heimilt eftir handtöku að hafa samband við ættingja eða aðra vandamenn, nema sérstök ástæða sé til að ætla að það muni torvelda rannsókn málsins.

2. gr.

3. málsliður 1. málsgr. 86. gr. laga nr. 74 1974 orðist svo:

Verjanda er heimilt að tala við sökunaut einslega, þegar hann er í gæslu, nema dómari hafi sérstakt tilefni til að telja hættu á, að rannsókn torveldist fyrir það.

Í 4. málslið sömu málsgreinar falli niður orðin: „enda þyki dómara það hættulaust vegna rannsóknar málsins."

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Nd. 715. Frumvarp til laga [151. mál]

um framhaldsskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. maí.)

I. GILDISSVIÐ.

1. gr.

Lög þessi taka til náms á framhaldsskólastigi er tekur við af skyldunámsstigi, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi.

2. gr.

Nám á framhaldsskólastigi, sem kostað er af almannafé, lýtur samræmdu skipulagi samkvæmt lögum þessum. Skólar, sem undir lögin falla, nefnast framhaldsskólar.

II. MARKMIÐ.

3. gr.

Hlutverk framhaldsskóla er að veita menntun, er sé á hverjum tíma markviss undirbúningur starfs eða frekara náms og stuðli jafnframt að alhliða þroska nemandans sem einstaklings og þátttakanda í lýðræðissamfélagi.

III. INNGÖNGUSKILYRÐI

4. gr.

Allir, sem lokið hafa námi í grunnskóla eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun, eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla.

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um lágmarkskröfur í einstökum greinum til inngöngu í tiltekna námsáfanga. Öll slík skilyrði skulu reist á raunhæfu mati á kröfum viðkomandi greinar.

Á því ári sem nemandi verður 19 ára getur hann hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja inntökuskilyrðum skv. þessari grein nema að því er varðar starfsþjálfun, þar sem hennar er krafist.

IV. NÁMSSKIPAN

5. gr.

Nám í framhaldsskóla skal fara fram á námsbrautum sem skilgreindar eru eftir markmiðum námsins að því er varðar undirbúning til starfa eða áframhaldandi náms. Námsbraut skal eftir föngum skipulögð þannig að unnt sé að ljúka þar mislöngu námi. Í reglugerð skal kveða á um, hvar á námsbraut slík námslok geti verið, og um markmið námsins á hverju stigi.

6. gr.

Í samræmi við hlutverk framhaldsskóla skal á öllum námsbrautum fara saman nám, sem lýtur að almennri menntun, og sérhæft nám með hliðsjón af markmiðum brautarinnar. Lögð skal áhersla á tengsl verklegra og bóklegra þátta námsins. Auk skyldunámsefnis skal á hverri námsbraut gefa kost á frjálsum valgreinum.

7. gr.

Af öllum námsbrautum skulu vera leiðir til framhaldsnáms, annaðhvort beinar eða með skilgreindri viðbót námsáfanga. Með sama hætti skulu og markaðar sem greiðastar leiðir milli námsbrauta.

8. gr.

Námsefni framhaldsskóla skal skipað í skilgreinda námsáfanga sem skulu metnir til eininga eftir umfangi námsefnisins. Leitast skal við að skipuleggja innihald og kennslu hvers áfanga þannig að hann nýtist sem hluti af námi á sem flestum námsbrautum. Þó skal þess gætt að taka tillit til innra samhengis viðkomandi námsgreinar og mismunandi áherslu á ólíkum námsbrautum. Námsbrautir myndast með skipulögðu samvali námsáfanga, sbr. einnig 5. gr.

Námsbrautum er skipað á námssvið með hliðsjón af skyldleika sérnáms sem stuðlar að sameiginlegu grunnnámi fyrir allar brautir sviðsins. Námssviðin eru tengd með sameiginlegum kjarna undirstöðugreina. Um námssvið og námsbrautir skal mælt í reglugerð.

9. gr.

Um námsáfanga, markmið þeirra, megininntak, umfang og skipan á námsbrautir skal ákveðið í námsskrá, sem menntamálaráðuneytið setur í samráði við samtök kennara og nemenda á framhaldsskólastigi. Námsáfangar í sama eða sambærilegu námsefni skulu jafngildir á öllum brautum þar sem þeir eru hluti af náminu. Sé verkþjálfun liður í námsáfanga skal hún metin til eininga svo sem aðrir námsþættir.

10. gr.

Um námsmat, þ. á m. próf og vitnisburði, skal mælt í reglugerð, svo og um almenn skilyrði sem fullnægja þarf til að flytjast milli námsáfanga.

11. gr.

Nemendur, sem vegna fötlunar eða frávika frá eðilegum þroskaferli fá ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eiga rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Kennsla þessi getur farið fram við framhaldsskóla, bréfaskóla eða í sérstofnunum.

Nánar skal kveðið á um kennslu þessa í reglugerð.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur forgöngu um gerð áætlana um umbætur í starfi skóla, rannsókna- og tilraunastarf í skólum, námsskrárgerð, samningu námsefnis eftir því sem þörf krefur og gerð leiðbeininga um námsmat. Ennfremur skal komið á kennslufræðilegu leiðbeiningastarfi. Árleg framkvæmdaáætlun skal fylgja tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

13. gr.

Árlegur starfstími framhaldsskóla skal að jafnaði vera 9 almanaksmánuðir. Setja skal í reglugerð ákvæði um skiptingu starfstímans í annir, virkar kennsluvikur og próftíma svo og um fjölda og lengd kennslustunda.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið skal sjá um, að jafnan séu fyrir hendi glöggar upplýsingar um nám á framhaldsskólastigi, svo sem um námsbrautir og námsstaði.

Hverjum framhaldsskóla ber eftir föngum að kynna starfsemi skólans foreldrum og öðrum á skólasvæðinu, svo sem með dreifibréfum, kynningarfundum og skipulögðum skólaheimsóknum, og stuðla þannig að því að almenningur láti skólastarfið til sín taka.

V. FULLORÐINSFRÆÐSLA

15. gr.

Stefnt skal að því, að framhaldsskólum verði gert kleift að sinna menntun fullorðinna á þeim námsbrautum sem reglulegt starf skólanna tekur til. Í þessu skyni má heimila skóla að

a) veita þeim, sem orðnir eru 19 ára, aðgang að einstökum námsáföngum ásamt reglulegum nemendum skólans, sbr. lokamálsgrein 4. gr., og
b) stofna til sérstakra námskeiða, þ. á m. kvöldskóla, til að fullnægja óskum og þörfum þeirra sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um nám þetta, þ. á m. lágmarksfjölda þátttakenda í námshópum og um námstíma er geti verið lengri eða skemmri en í reglulegu námi.

16. gr.

Stefnt skal að því að kennsluaðstaða framhaldsskóla nýtist einnig fyrir almenna fræðslustarfsemi, aðra en þá sem um getur í 15. gr., þ. á m. endurmenntun í ýmsum starfsgreinum. Getur ráðuneytið í samráði við skólanefnd heimilað framhaldsskóla að eiga hlut að skipulagningu og framkvæmd slíkrar starfsemi, sem kynni að verða óskað eftir.

VI. SKÓLASKIPAN

17. gr.

Skipan námsbrauta á skólastofnanir skal haga með tilliti til aðstæðna, og koma eftirtaldir kostir til greina: Mismunandi brautir innan sömu stofnunar, skipulagslega tengdar brautir í aðskildum stofnunum eða stakar brautir í sérgreindum stofnunum. Þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði leyfa, skal leitast við að sameina mismunandi námsbrautir í einni skólastofnun.

Í hverjum landshluta skal vera eins fjölbreytt val námsbrauta og við verður komið.

18. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður hvar starfrækja skuli framhaldsskóla og til hvaða námsbrauta hver skólastofnun taki, hvort tveggja í samráði við hlutaðeigandi fræðsluráð sem skulu leita álits skólanefnda og sveitarstjórna eftir því sem við á, sbr. 19. gr.

19. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur gera áætlun til 5 ára um skipan námsbrauta á framhaldsskólastigi og framkvæmdir til að koma þeirri skipan á. Skal áður afla tillagna fræðsluráða fyrir hvert fræðsluumdæmi. Áætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti til næstu fimm ára. Árleg framkvæmdaáætlun skal fylgja tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

20. gr.

Heimilt er að gera samning við stofnun eða fyrirtæki um að annast tiltekna þætti verklegrar menntunar í samstarfi við framhaldsskóla. Annars vegar getur verið um að ræða samning skóla við fyrirtæki eða stofnun sem samþykktur skal af rekstraraðilum skólans og hins vegar samning milli nemanda og meistara eða fyrirtækis sem staðfestur skal af menntamálaráðuneytinu eða aðila í umboði þess.

Nám, sem fer fram utan skóla samkvæmt þessari grein, skal ætíð háð eftirliti, skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

VII. STJÓRN

21. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna er lög þessi taka til nema öðruvísi sé ákveðið í lögum um einstakar námsstofnanir.

Ráðuneytinu til aðstoðar við mótun og samræmingu meginstefnu í málefnum framhaldsskóla og áætlanagerð skv. 12. og 19. gr. er framhaldsskólaráð, skipað formönnum námssviðsnefnda, sbr. 3. mgr. þessarar greinar, einum fulltrúa fyrir grunnskóla og öðrum fyrir háskóla, tveimur fulltrúum tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, tveimur tilnefndum af Vinnuveitendasambandi Íslands, einum tilnefndum af Stéttarsambandi bænda, einum tilnefndum af Kvenfélagasambandi Íslands, tveimur tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum tilnefndum af Sambandi íslenskra samvinnufélaga, átta tilnefndum af nemendum við framhaldsskóla, tveimur tilnefndum af samtökum kennara á framhaldsskólastigi, einum tilnefndum af samtökum skólastjóra við framhaldsskóla, einum tilnefndum af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einum tilnefndum af Bandalagi háskólamanna svo og fulltrúa menntamálaráðuneytisins og er hann formaður ráðsins. Menntamálaráðherra skipar framhaldsskólaráð til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Fyrir hvert námssvið skal skipa ráðgefandi nefnd, námssviðsnefnd. Menntamálaráðuneytið skipar formann og ritara, sem jafnframt er varaformaður, til fjögurra ára í senn, en jafnframt tilnefnir hver námsbrautarnefnd, sbr. 4. mgr. þessarar greinar, á viðkomandi námssviði tvo fulltrúa til setu í nefndinni. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn. Námssviðsnefndir samræma störf námsbrautarnefnda og eru ráðgjafar- og tillöguaðilar um inntak og tilhögun náms, hver á sínu námssviði.

Fyrir hverja námsbraut, eða samstæðu skyldra námsbrauta, skal skipuð allt að 5 manna ráðgefandi nefnd, námsbrautarnefnd. Starfi aðeins ein námsbrautarnefnd á tilteknu námssviði fer hún einnig með verkefni námsviðsnefndar. Menntamálaráðuneytið skipar námsbrautarnefndir til fjögurra ára í senn. Ráðuneytið skipar einnig formann og ritara, en hver nefnd kýs varaformann. Sé um að ræða starfsnámsbrautir skulu fulltrúar í nefndina valdir með hliðsjón af sérþekkingu á viðkomandi sviði að fenginni tilnefningu samtaka kennara og samtaka í starfsgreinum og atvinnugreinum eftir því sem við á hverju sinni. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn. Námsbrautarnefndir eru ráðgjafaraðilar um inntak og tilhögun náms á viðkomandi námsbraut(-um). Nefndirnar skulu kappkosta náið samstarf við aðila atvinnulífs á þeim starfssviðum sem námið varðar.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um framhaldsskólaráð, námssviðsnefndir, námsbrautarnefndir og störf þeirra.

22. gr.

Fræðsluráð þau, sem kjörin eru samkvæmt 11. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, skulu fjalla um málefni framhaldsskóla, hvert í sínu fræðsluumdæmi, með hliðstæðum hætti og að því er tekur til grunnskóla, eftir því sem við getur átt. Heimilt er og að fela fræðslustjóra og fræðsluskrifstofu, sbr. grunnskólalög, verkefni við stjórnun framhaldsskólamálefna í umdæminu.

Í reglugerð skal setja ákvæði um verkefni fræðsluráða skv. þessum lögum, svo og verksvið fræðslustjóra og fræðsluskrifstofa.

Í þeim tilvikum, er eitt eða fleiri sveitarfélög innan fræðsluumdæmis standa að skólahaldi á framhaldsskólastigi með sveitarfélögum í öðru fræðsluumdæmi, skal um stjórnunaraðild fara eftir reglum sem menntamálaráðuneytið setur í samráði við sveitarstjórnir og fræðsluráð er í hlut eiga.

23. gr.

Fræðsluráð og skólastjórn, sbr. 24. gr., kjósa skólanefnd fyrir hvern einstakan framhaldsskóla sem fræðsluumdæmið í heild stendur að ásamt ríkinu. Skólanefndin starfar í umboði fræðsluráðs og er m. a. ráðgefandi aðili um inntak og tilhögun náms í hlutaðeigandi skóla.

Ef einstök sveitarfélög innan fræðsluumdæmis standa sameignlega að framhaldsskóla, skal við skólann starfa skólanefnd skipuð fulltrúum viðkomandi sveitarfélaga og skólastjórnar.

Standi einstakt sveitarfélag innan fræðsluumdæmis eitt sér ásamt ríkinu að framhaldsskóla, gegnir skólanefnd skólahverfisins, sbr. grunnskólalög, því hlutverki fræðsluráðs sem um ræðir í 1. mgr.

Kveða skal nánar á um skipan, valdsvið og störf skólanefnda framhaldsskóla í reglugerð.

24. gr.

Skólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi framhaldsskóla og gætir þess, að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma.

Skólastjóri er oddviti skólastjórnar sem auk hans skal skipuð fulltrúum kennara og nemenda svo og aðstoðarskólastjóra, ef hann starfar við skólann. Um skipan skólastjórnar, verksvið hennar, starfstíma og starfshætti skal nánar kveðið á í reglugerð.

Ráðuneytið getur ákveðið, að stuttir áfangar náms á framhaldsskólastigi tengist grunnskóla, og jafnframt, að um stjórn skólastofnunarinnar í heild fari eftir ákvæðum laga um grunnskóla.

25. gr.

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð, er sé fulltrúi nemenda gagnvart skólastjórn. Nemendaráð hefur tillögu- og umsagnarrétt um markmið námsins, námsefni, námstilhögun og námsmat. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

26. gr.

Um almenna kennarafundi og verksvið þeirra skal kveðið á í reglugerð.

VIII. STARFSLIÐ

27. gr.

Störf við framhaldsskóla skiptast í eftirtalda meginþætti:

1. Stjórnun,
   a) yfirstjórn, rekstur
   b) námsstjórn, þ. á m. í einstökum greinum og greinasamstæðum, svo og skipulagning kennslu og eftirlit með verklegri þjálfun.
2. Kennsla.
3. Starfræksla skólasafns.
4. Ráðgjöf,
   a) náms- og starfsráðgjöf,
   b) félagsleg ráðgjöf og sálfræðiþjónusta.
5. Þjónustustarfsemi,
   a) mötuneyti og heimavistir,
   b) heilsugæsla,
   c) húsvarsla, ræsting.

Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð skóla og verksviði samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar skólastjóra framhaldsskóla að fengnum tillögum og umsögnum skólanefndar og fastra kennara við skólann sé ekki um nýjan skóla að ræða. Ráðuneytið setur eða skipar fasta kennara að fengnum tillögum og umsögnum skólanefndar og skólastjóra viðkomandi skóla. Skólastjóri ræður stundakennara og ráðstafar störfum til námsstjórnar. Fólk til starfa, sem greidd eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, ræður skólanefnd að fengnum tillögum skólastjóra í samræmi við samþykktar fjárhagsáætlanir.

Fela má ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fræðsluumdæma, sbr. IX. kafla laga nr. 63/1974 um grunnskóla, að annast hliðstæða starfsemi fyrir nemendur framhaldsskóla.

28. gr.

Um skilyrði til að verða settur eða skipaður skólastjóri eða kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum laga um embættisgengi kennara og skólastjóra. Setja má í reglugerð ákvæði um menntun annarra starfsmanna.

Setja skal í reglugerð ákvæði um orlof og endurmenntun starfsmanna framhaldsskóla. Við setningu þeirra skal þess gætt, að réttindi kennara í þessum efnum verði eigi minni en þau eru skv. núgildandi lögum og reglugerðum.

IX. FJÁRMÁL

29. gr.

Skólahald skv. lögum þessum skal kostað af ríki og sveitarfélögum með þeim hætti að kostnaður af tveimur fyrstu skólaárum framhaldsskólans skiptist milli þeirra aðila eftir sömu meginreglum og kostnaður við grunnskóla skv. lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, með áorðnum breytingum og lögum nr. 69/1967, um skólakostnað, sbr. ákvæði 30. gr. hér á eftir. Kostnaður af námi umfram tvö fyrstu árin greiðist úr ríkissjóði.

30. gr.

Vegna þess skólahalds, sem kostað er sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, greiðir ríkissjóður eða endurgreiðir sveitarfélögum þann kostnað er hér greinir:

a) Launakostnað vegna skólastjórnar og kennslu og laun stjórnskipaðra prófdómara, er greiðist að fullu úr ríkissjóði, miðað við að skipulag kennslu hafi verið samþykkt og að uppfylltar séu lágmarkskröfur um fjölda nemenda í kennsluhópum.
b) Framlag vegna starfa við ráðgjöf, skólasöfn og félagsstörf.

c) Viðhald húsa, endurnýjun búnaðar og húsaleigu, er greiðist í sama hlutfalli og stofnkostnaðar, sbr. e-lið.
d) Kostnað við heilbrigðisþjónustu að hálfu.
e) Stofnkostnaðarframlag er miðist við ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað, og skal hluti ríkissjóðs vera 50% af áætluðum stofnkostnaði kennsluhúsnæðis og húsnæðis fyrir almenna þjónustu en 85% í heimavistarhúsnæði nemenda. Heimilt er að ákveða, að framlag ríkissjóðs verði allt að 75% í byggingarkostnaði og meiri háttar búnaði sérbyggðrar verknámsaðstöðu (skólaverkstæða) sem ætluð er fyrir heil fræðsluumdæmi, eða hluta þeirra ef nemendafjöldi krefst þess, og stuðlar þannig að eðlilegri og hagkvæmri skólaskipan að mati menntamálaráðuneytisins.

Annar kostnaður vegna þessa skólahalds greiðist af sveitarfélögum. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um framlög ríkissjóðs skv. framangreindum stafliðum. Skal þar kveðið á um þann stundafjölda, er ríkissjóður greiðir vegna tilgreindra starfa, og skilyrði varðandi nemendafjölda o. fl. Ákvæði þessi skulu og að því leyti sem við getur átt einnig taka til þess skólahalds sem ríkissjóður greiðir að fullu, sbr. 29. gr.

31. gr.

Rekstraraðilar að framhaldsskólum í hverju fræðsluumdæmi eru ásamt ríkinu sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, sbr. 32. gr.

Skal að því stefnt að samvinna takist um skólahaldið milli þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga.

Þeim kostnaði, er kemur í hlut sveitarfélaga skv. 29. og 30. gr., skipta þau með sér eftir samkomulagi, með hliðsjón af reglum sem menntamálaráðuneytið setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Í reglum þessum skal m. a. tekið tillit til íbúafjölda, nemendafjölda, fjarlægðar sveitarfélags frá skólastað og séraðstöðu þess sveitarfélags þar sem skólinn er.

Um rekstur skóla, sem auk tveggja fyrstu skólaáranna tekur einnig til náms sem ríkissjóður kostar að fullu skv. 29. gr., skal gera samning milli þeirra sveitarfélaga, sem aðild eiga að skólanum, og menntamálaráðuneytisins. Skal þar m. a. kveðið á um skiptingu kostnaðar milli ríkissjóðs og sveitarfélaganna með tilliti til fjölda nemenda og skólaára, sbr. 29. og 30. gr.

Heimilt skal sveitarfélagi með samþykki menntamálaráðuneytisins að semja um aðild að framhaldsskóla utan síns fræðsluumdæmis ef það stuðlar að eðlilegu skipulagi skólasóknar.

32. gr.

Skólar fyrir mjög sérhæft nám, sem ekki er unnt eða hagkvæmt að starfrækja innan þeirra skóla sem reknir eru af sveitarfélögum, sbr. 31. gr., skulu reknir af ríkinu. Sama máli gegnir um skóla sem nú eru reknir af ríkinu einu ef ekki næst samkomulag við sveitarfélögin um rekstraraðild samkv. 31. gr., sbr. og 36. gr., enda sé um sérhæft nám að ræða.

33. gr.

Setja skal í reglugerð, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, ákvæði um námsvistargjald sem lögheimilissveitarfélag greiði vegna þeirra nemenda, er tvö fyrstu skólaárin sækja skóla sem reknir eru af öðrum sveitarfélögum eða ríkinu.

Námsvistargjaldið skal miðað við hlutdeild sveitarfélaga í meðalrekstrarkostnaði á nemanda í viðkomandi eða hliðstæðu námi og hæfilega hlutdeild í stofnkostnaði.

Námsvistargjöld skulu greidd úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga af framlagi sjóðsins til viðkomandi sveitarfélags. Skal menntamálaráðuneytið afla og leggja fram þau gögn sem nauðsynleg eru í því skyni.

Í skólum, sem reknir eru af sveitarfélögum ásamt ríkinu, renna námsvistargjöldin til þeirra sveitarfélaga sem að rekstri skólans standa.

34. gr.

Kostnaður vegna sérstakra námskeiða, sem stofnað er til skv. 15. gr., greiðist sem hér segir: Rekstrarkostnaður húsnæðis, svo sem ljós, hiti, ræsting og viðhald, greiðist eftir þeim reglum sem gilda um sömu kostnaðarliði í reglulegu starfi skólans. Annar kostnaður við námskeiðin skal að þriðjungi greiddur úr ríkissjóði, að þriðjungi af sveitarfélögum og að þriðjungi innheimtur með námskeiðsgjöldum af nemendum, sem þó skulu aldrei á einstökum námskeiðum fara yfir hámark sem ákveðið skal í reglugerð. Slík reglugerðarákvæði skulu miða að því að ekki verði óeðlilegt misræmi í námskeiðsgjöldum.

35. gr.

Föst laun skólastjóra, kennara og annarra starfsmanna, sem menntamálaráðuneytið setur eða skipar, greiðist beint úr ríkissjóði. Hluti ríkissjóðs í öðrum kostnaði skóla, sem reknir eru af sveitarfélögum, skal greiddur mánaðarlega samkvæmt áætlun sem menntamálaráðuneytið samþykkir. Uppgjör skal fara fram árlega þegar endurskoðaðir reikningar liggja fyrir.

36. gr.

Kostnaðarákvæði laga þessara skulu koma til framkvæmda svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 1. janúar 1982. Skal rekstraraðild að einstökum skólastofnunum breytt fyrir þann tíma til samræmis við ákvæði 31. gr. með samkomulagi milli viðkomandi aðila. Heimilt skal í því sambandi að leggja niður stofnanir eða sameina tvær eða fleiri stofnanir í því skyni að tryggja hagkvæmt skipulag og eðlilega rekstraraðild.

Við breytingar á rekstraraðild skólastofnana á þessum tíma skulu fasteignir þær, sem reistar hafa verið og notaðar til skólahalds, ásamt búnaði og tilheyrandi lóðum vera áfram til afnota fyrir skólastarf án endurgjalds. Verði sú skólastarfsemi, sem þannig er stofnað til, lögð niður innan fjögurra ára frá breytingunni skal eignunum ráðstafað sameiginlega af þeim aðilum, sem áttu þær fyrir, og skipt milli þeirra í samræmi við fyrri eignaraðild.

X. REGLUGERÐIR, GILDISTAKA LAGANNA OG UNDIRBÚNINGUR AÐ FRAMKVÆMD ÞEIRRA

37. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laganna. Reglugerð getur tekið til framhaldsskólastigsins í heild eða einstaks námssviðs, námsbrautar, skólagerðar eða skólastofnunar. Auk þeirra atriða, sem vísað er til reglugerðar í einstökum greinum laganna, skal í reglugerð m. a. kveða á um undirbúning og forræði byggingarframkvæmda fyrir framhaldsskóla, svo og um skólareglur.

Við samningu reglugerða skal m. a. kveðja til fulltrúa frá framhaldsskólum, atvinnulífi og samtökum sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytinu til aðstoðar við samræmingu reglugerðanna skal vera starfshópur er í eigi sæti, auk fulltrúa ráðuneytisins, einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna aðila: Samtökum kennara á framhaldsskólastigi, samtökum nemenda á framhaldsskólastigi, Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Að jafnaði skal leita álits framhaldsskólaráðs áður en reglugerðir eru gefnar út.

38. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins fljótt og við verður komið að dómi menntamálaráðuneytisins og eigi síðar en að liðnum 5 árum frá gildistöku, sbr. og 36. gr. Jafnframt falla úr gildi lagaákvæði er fara í bága við lög þessi. Eftirtalin lög um skóla á framhaldsskólastigi skulu gilda til bráðabirgða þar til settar hafa verið reglugerðir um tilsvarandi námsbrautir, skólagerðir eða skólastofnanir með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 37. gr., enda hafi Alþingi áður gefist kostur á að marka stefnuna með samþykkt þingsályktunar um meginefni viðkomandi reglugerða, sbr. lokamálsgrein þessarar greinar:

Lög nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla,
— — 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla,
— — 10/1973, um Fósturskóla Íslands,
— — 35/1962, um Hjúkrunarskóla Íslands,
— — 81/1972, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að stofna og reka hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík,
— — 6/1971, sbr. lög nr. 109/1974, um Hótel- og veitingaskóla Íslands,
— — 49/1946, sbr. lög nr. 89/1952, um húsmæðrafræðslu,
— — 53/1975, um hússtjórnarskóla,
— — 68/1966, sbr. lög nr. 18/1971 og lög nr. 68/1972, um iðnfræðslu. Ákvæði laganna um löggildingu iðngreina, löggildingu iðnmeistara, réttindi og skyldur iðnnema og meistara, námssamninga og meðferð mála, er þá varða, skulu þó halda gildi sínu þar til sett hefur verið ný löggjöf sem tekur til þessara atriða,
— — 37/1975, um Leiklistarskóla Íslands,
— — 35/1964, um Ljósmæðraskóla Íslands,
— — 12/1970, um menntaskóla,
— — 38/1965, um Myndlista- og handíðaskóla Íslands,
— — 33/1975, um Sjóvinnuskóla Íslands,
— — 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík,
— — 1/1973, um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum,
— — 67/1966, sbr. lög nr. 21/1973 og lög nr. 56/1974, um vélstjóranám,
— — 51/1976, um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi; þó skulu áfram halda gildi sínu ákvæði 9. gr. þeirra laga um Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands.

Menntamálaráðuneytið skal þegar hefja undirbúning að framkvæmdum laganna, m. a. með samningu námsskrár og öðrum ráðstöfunum er miða að samhæfingu náms á framhaldsskólastigi. Getur ráðuneytið í því skyni hlutast til um eða heimilað, að einstakir skólar víki frá tilteknum ákvæðum gildandi laga, enda sé um að ræða tilhögun sem samrýmist meginstefnu þessara laga.

Á þeim undirbúningstíma, sem um ræðir í þessari grein, skal menntamálaráðherra flytja Alþingi ár hvert skýrslu um undirbúningsstarfið og kynna þinginu drög að reglugerðum sem á döfinni eru hverju sinni samkvæmt 37. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

39. gr.

Í fyrstu 5 ára áætlun menntamálaráðuneytisins um skipan námsbrauta á framhaldsskólastigi og framkvæmdir til að koma þeirri skipan á, sbr. 12. og 19. gr. laganna, skal lögð sérstök áhersla á uppbyggingu og eflingu verknámsbrauta. Skal miðað við að þær framkvæmdir verði sem lengst komnar þegar lögin í heild koma til framkvæmda, sbr. 38. gr.

Nd. 716. Lög [217. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 429.

Ed. 717. Frumvarp til laga [271. mál]

um breyting á lögum nr. 57 1978, um heilbrigðisþjónustu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. maí.)

1. gr.

1. mgr. 13. gr. hljóði svo:

Heilsugæslustöðvar geta verið með þrennu móti: Heilsugæslustöð 2 (H 2), þar sem starfa 2 læknar hið minnsta ásamt öðru starfsliði skv. reglugerð. Heilsugæslustöð 1 (H 1), þar sem starfar einn læknir ásamt öðru starfsliði samkvæmt reglugerð. Þar er þó einnig heimilt að ráða aðstoðarlækni hluta úr ári.

2. gr.

14. gr. 3. tölul. 4 orðist svo:

4. Stykkishólmsumdæmi.

1) Stykkishólmur H 2, starfssvæði Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur, Miklaholtshreppur.
2) Grundarfjörður H 1, starfssvæði Grundarfjörður, Eyrarsveit.
3) Búðardalur H 2, starfssvæði Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur.

3. gr.

14. gr. 6. tl. 3 orðist svo:

3. Húsavíkurumdæmi.

1) Húsavík H 2, starfssvæði Aðaldælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Flateyjarhreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykjahreppur, Reykdælahreppur og Skútustaðahreppur.
2) Laugar H.
3) Reykjahlíð H.
4) Stórutjarnir H.
5) Kópasker H 1, starfssvæði Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur, og Presthólahreppur.

4. gr.

14. gr. 7. tl. 1 og 2 orðist svo:

1. Egilsstaðaumdæmi.

1) Egilsstaðir H 2, starfssvæði Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðarhreppur.
2) Borgarfjörður eystri H.
3) Seyðisfjörður H 1, starfssvæði Seyðisfjarðarkaupstaður, Seyðisfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur.
4) Vopnafjörður H 1, starfssvæði Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur.
5) Bakkafjörður H.

2. Norðfjarðarumdæmi.

1) Neskaupstaður H 2, starfssvæði Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur.
2) Eskifjörður H 2, starfssvæði Eskifjarðarkaupstaður, Helgustaðahreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar.
3) Reyðarfjörður H.
4) Fáskrúðsfjörður H 1, starfssvæði Fáskrúðsfjarðarhreppur að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, Búðahreppur og Stöðvarhreppur.
5) Stöðvarfjörður H.

5. gr.

14 gr. 9. tl. 1 og 2 orðist svo:

1. Keflavíkurumdæmi.

1) Keflavík H 2, starfssvæði Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.
2) Sandgerði H.
3) Gerðar H.
4) Grindavíkurkaupstaður H 1.

2. Hafnarfjarðarumdæmi.

1) Hafnarfjörður H 2, starfssvæði Hafnarfjarðarkaupstaður.
2) Garðabær H 2, starfssvæði Garðakaupstaður og Bessastaðahreppur.

6. gr.

14 gr. 10. tl. orðist svo:

14.10. Þrátt fyrir framangreinda skiptingu og þar til öðruvísi verður ákveðið skal heilsugæslustöðin í Stykkishólmi þjóna Flateyjarhreppi, heilsugæslustöðin á Hvammstanga þjóna Bæjarhreppi og heilsugæslustöð í Búðardal sjá um læknismóttöku á Reykhólum. Sveitarfélög skulu greiða sína hlutdeild í kostnaði við byggingu, búnað og rekstur heilsugæslustöðva á þeim stað, sem þau sækja þjónustu til. Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveðið breytingar á framkvæmd einstakra málsliða samkv. 2.—9. mgr. þessarar greinar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 718. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Eins og fram kom við afgreiðslu þessa máls í Ed. hefur Sjálfstæðisflokkurinn með tillöguflutningi á Alþingi lýst sig fylgjandi því, að athugun fari fram á því, hvort ekki væri æskilegt að auka verðgildi krónunnar. Hefur verið lögð á það rík áhersla, að árangur næðist af slíkri verðgildisbreytingu gjaldmiðilsins. Til þess að svo megi verða verður að vera fyrir hendi stöðugleiki í efnahagsmálum eða samtímis gerðar ráðstafanir, sem tryggi árangur af fyrirhuguðum gjaldmiðilsbreytingum.

Ljóst er, að mikil óvissa og óstöðugleiki ríkir nú í efnahagsmálum þjóðarinnar, jafnvel svo að slíkt hefur ekki þekkst áður, ekki einu sinni í tíð fyrri vinstri stjórna. Því teljum við mjög hæpið að ákvörðun nú um jafnþýðingarmikið málefni og breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils sé tímabær og munum því ekki mæla með samþykkt frv.

Alþingi, 14. maí 1979.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. Ólafur G. Einarsson.

Nd. 719. Nefndarálit [238. mál]

um frv til laga um námsgagnastofnun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft þetta frv. til meðferðar og **mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.** Frv. er komið frá Ed. og gekk þar fram óbreytt eins og það var lagt fyrir deildina.

Þess ber að geta að frv. um þetta efni hefur verið lagt fyrir Alþingi fimm sinnum, en ekki náð fram að ganga. Gerð frumvarpsins hefur breyst frá því sem í upphafi var. Telur nefndin frv. í núverandi mynd aðgengilegra en áður, m. a. hvað varðar upplýsingar um kostnaðarauka af samþykkt þess og hugmyndir um vöxt og þróun stofnunarinnar. Fyrir nefndinni lá **bréf fjárlaga- og hagsýslustofnunar fjármálaráðuneytisins** þar sem bent er á, að „aukning á umsvifum stofnunarinnar frá núverandi fyrirkomulagi sé háð ákvörðun Alþingis við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og verði því ekki séð að samþykkt frumvarpsins ein út af fyrir sig valdi ríkissjóði auknum útgjöldum. Þetta merkir að frumvarpið á ekki að leiða til sjálfkrafa fjárútláta, heldur muni Alþingi fjalla um fjárveitingar til stofnunarinnar á hverju ári. Hins vegar verður að hafa í huga að frumvarpið nær því aðeins tilgangi sínum að auknu fjármagni verði varið til námsgagnagerðar í víðri merkingu þess orðs, en með því orði er átt við margs konar hjálpartæki við nám og kennslu: bækur, myndefni hvers konar, kort og líkön, hljóðritanir o. s. frv. Þótt bókin sé enn meginnámsgagnið, þá er hún ekki ein um að miðla þekkingu eða auka skilning á námsefni. Nauðsyn annarra námsgagna er augljós.

Óþarfi er að láta það fráfæla sig að verið sé að setja á stofn nýtt ríkisfyrirtæki með samþvkkt þessa frv. Hið rétta er að verið er að **sameina** ríkisfyrirtæki, **fækka** ríkisstofnunum og minnka yfirstjórn í ríkiskerfinu. Fyrirtækin Ríkisútgáfa náms-

bóka og Fræðslumyndasafn ríkisins eru í raun lögð niður og starfsemi þeirra sameinuð. Forstjórum er fækkað og fækkað í stjórnarnefndum ríkisstofnana.

Sögu námsgagnagerðar hér á landi og dreifingar þeirra á kostnað hins opinbera má fyrst og fremst rekja til stofnunar Ríkisútgáfu námsbóka árið 1936. Þróun námsgagnagerðar hefur að mestu verið reist á þeim grunni sem þá var lagður. Hafa margir lagt þeirri þróun lið í aldarþriðjung og ríkisstjórnir af ýmissi gerð átt þar hlut að máli. Ekki fer milli mála, að skólamenn, ekki síst kennarar á grunnskólastigi, telja notkun námsgagna í víðustu merkingu hið brýnasta mál í skólastarfi. Um það ber vitni m. a. ályktun 7 skólastjóra í Húnavatnssýslu frá 8. febr. s. l., sem birt er sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Að öllu athuguðu, og sem fyrr segir, þykir nefndinni rétt að mæla með því að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Ed. Ólafur G. Einarsson og Ellert B. Schram voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 1979.

Svava Jakobsdóttir, form. Ingvar Gíslason, fundaskr., frsm. Sighvatur Björgvinsson.

Eiður Guðnason. Bjarnfríður Leósdóttir.

Fylgiskjal I.

Menntamálaráðherra,
Ragnar Arnalds,
Reykjavík.

Skólastjórar í Húnavatnssýslum, staddir á fundi á Laugarbakka 8/2 1979, gerðu eftirfarandi ályktun:

Við undirritaðir skólastjórar teljum að frumvarp það, sem lagt hefur verið fram um námsgagnastofnun ríkisins, sé með því merkara, sem er að gerast í kennslumálum, og lýsum yfir eindregnum stuðningi okkar við það. Viljum við þó taka fram eftirfarandi:

1) Varast verður að hafa stjórnun stofnunarinnar klofna þannig að sjálfræði einstakra deilda verði of mikið. Þá er hætt við að skapist heimaríki í völdum og ákvarðanatöku. Stjórnir hinna einstöku deilda verði einungis framkvæmdaaðilar, en ekki ákvörðunaraðilar. Annars getur skapast svipað ástand og ríkir núna í dag í sambandi við uppbyggingu á nýju námsefni í ýmsum greinum í grunnskólanum. Útgáfuáætlun námsefnis verður að standast, því allir sjá hvað gerist ef óbrúað bil myndast í námsefni.
2) Mjög mikilvægt er að kynningarþáttur stofnunarinnar verði gagnvirkur. Væri þess vegna full ástæða til að setja inn í frumvarpið eða reglugerð ákvæði um kynningarfulltrúa sem hefði það hlutverk að ferðast á milli skóla, kynna nýjungar af hálfu stofnunarinnar og ekki síður að kynna sér hvað er að gerast í einstökum skólum. Kynningarfulltrúi gæti einnig leiðbeint við tækjakaup, gert

yfirlit um tækjaþörf skólanna og leitað tilboða og tollalækkana. Þar að auki gætu farandsýningar á kennararáðstefnur skilað góðu hlutverki.

Alla vega verður að koma á heppilegu dreifi- og kynningarkerfi þannig að landsbyggðin hafi möguleika á að njóta góðs af stofnuninni.

3) Athuga þarf möguleika á nokkurs konar útibúum frá stofnuninni við fræðsluskrifstofurnar, a. m. k. einhverjum tækjakosti sem skólar fræðsluumdæmisins geta notfært sér.

4) Í tengslum við 7. grein verður að tryggja að litlar skólaeiningar fái lágmarkskvóta vegna nýrra námsgagna annarra en bóka.

Virðingarfyllst,

Benedikt Axelsson, Vesturhópsskóla.
Björn Sigurbjörnsson, Blönduósi.
Eggert J. Levý, Húnavöllum.
Guðmundur Þór, Laugarbakkaskóla.
Jón Sv. Pálmason, Skagaströnd.
Kristinn Jónsson, Staðarhrepp.
Sigurður H. Þorsteinsson, Hvammstanga.

Fylgiskjal II.

Menntamálanefnd efri deildar Alþingis
c/o hr. Vilhjálmur Hjálmarsson,
Alþingi.

Fjármálaráðuneytið
Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Dags., 23. apríl 1979.

Vísað er til bréfs nefndarinnar, dags. 5. apríl s. l., um kostnaðaráætlun vegna frumvarps til laga um námsgagnastofnun ef að lögum verður.

Samkvæmt athugasemdum við frumvarpið virðast eftirfarandi ákvæði frumvarpsins geta valdið kostnaðaraukningu miðað við núverandi fyrirkomulag:

1. Framleiðsla ýmissa náms- og kennslugagna annarra en prentaðs máls.
2. Aukin útgáfa handbóka og kennsluleiðbeininga handa kennurum o. fl.
3. Ákvæði um að stuðla að varðveislu skólaminja.

Hins vegar er eigi unnt á þessu stigi að meta um hve mikla kostnaðaraukningu gæti orðið að ræða, enda ekkert um það í athugasemdunum.

Í 8. gr. frumvarpsins er ákvæði um að kostnaður við starfsemi námsgagnastofnunar greiðist úr ríkissjóði og af eigin tekjum stofnunarinnar. Þetta þýðir að aukning á umsvifum stofnunarinnar frá núverandi fyrirkomulagi er háð ákvörðun Alþingis við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni og verður því ekki séð að samþykkt frumvarpsins ein út af fyrir sig valdi ríkissjóði auknum útgjöldum.

F. h. r.
Brynjólfur Sigurðsson.

Einar Sverrisson.

Nd. **720. Frumvarp til laga** [307. mál]

um breyting á lögum nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Matthías Á. Mathiesen, Friðrik Sophusson.

1. gr.

Í stað 13. gr. laganna komi ný grein sem orðist svo:

Seðlabankinn ákveður vexti af útlánum sínum og innlánum svo og önnur kjör. Seðlabankinn ákveður einnig hæstu leyfilegu dráttarvexti af vanskilaskuldum og setur leiðbeinandi reglur um framkvæmd verðtryggingar, svo sem tengingu við skráð gengi erlends gjaldmiðils eða viðurkennda vísitölu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1979.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 58 1960, með síðari breytingum, og lög nr. 71 1966, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Seðlabankinn tilkynnir hverjir séu vextir af fjárskuldbindingum þar sem fyrir gildistöku laganna eru ákvæði um breytilega vexti, t. d. hæstu lögleyfðu fasteignalánavexti.

Greinargerð.

Fulltrúar sjálfstæðismanna í fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar fluttu í des. s. l. breytingartillögu við frv. til laga um breyting á lögum nr. 10 20. mars 1961, um Seðlabanka Íslands. Frv. þetta er efnislega samhljóða breytingartillögunni, sbr. þingskjal 177. Henni fylgdi nefndarálit á þingskjali 176. Í því segir í nær óbreyttri mynd eftirfarandi:

„Lagt er til að Seðlabankinn ákveði einungis vexti af útlánum sínum og innlánum svo og önnur kjör þeirra, auk hæstu leyfilegu dráttarvaxta af vanskilaskuldum. Með því að jafnframt eru felld úr gildi lög um (bann við) verðtryggingu fjárskuldbindinga frá 1966 og okurlögin frá 1960, verður bönkum og sparisjóðum frjálst að ákveða kjör innlána sinna og útlána. Enn fremur geta einstaklingar samið um verðtryggingu fjárskuldbindinga án afskipta Seðlabankans. Eðlilegt er að Seðlabankinn miði dráttarvexti við þau kjör sem innlánsstofnanir ákveða.

Með þessu móti er stórlega dregið úr opinberum afskiptum af verðmyndun á peningamarkaði og frjáls sparifjármyndun mun aukast.

Eðli málsins samkvæmt hlýtur sú gagngera breyting, sem hér er lögð til, að krefjast margvíslegra umbóta á öðrum sviðum, einkum að því er varðar verðlagsmál, gjaldeyris- og skattamál.

Frjáls verðmyndun og virk samkeppni á peningamarkaði þurfa að fylgjast að. Gjaldeyrisviðskipti ættu einnig að verða greiðari og allir bankar og sparisjóðir að geta fengið leyfi til að versla með erlenda mynt. Gengisuppfærsla birgða ætti að vega á móti gengistryggingu afurðalána.

Þótt hér sé lagt til að fella niður lög nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., er æskilegt, að hluti laganna, a. m. k. 7. gr., haldist áfram í lögum. Æskilegt er, að framkvæmd þeirrar nýskipunar, sem hér um ræðir, gerist í nokkrum áföngum. Um þetta hafa ekki verið sett ákvæði í frv., enda eðlilegt, að viðskiptabankar, sparisjóðir og Seðlabanki hafi samráð um, hvernig þessu skuli háttað.

Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um, að Seðlabankinn tilkynni hverjir séu vextir af fjárskuldbindingum, þar sem fyrir gildistöku laganna eru ákvæði um hreyfanlega vexti, svo sem hæstu lögleyfðu fasteignalánavexti.

Verðbólga hefur verið mun meiri hér á landi en í nálægum löndum undanfarna áratugi. Á allra síðustu árum hefur verðbólgan verið hér fimmföld á við það sem gerist í helstu viðskiptalöndum okkar. Rætur verðbólgunnar eru margslungnar, en ekki fer á milli mála, að snar þáttur verðhækkana, beint og óbeint, er misvægi á peningamarkaði. Vextir eða igildi þeirra eru eins og hvert annað vöruverð. Því betri sem ávöxtunarkjör eru, þeim mun meiri er frjáls sparifjármyndun. Því ódýrara sem lánsfé er í raunverulegum verðmætum, þeim mun meiri ásókn er í lán. Við bætist í óðaverðbólgu spákaupmennska og enn meiri ásókn í lánsfé en ella og flótti sparifjár yfir í eignir, sem síður rýrna að verðgildi í verðbólgunni.

Við þessar aðstæður verða vextir afstætt hugtak og orð eins og okurvextir missa merkingu sína. Bann við verðtryggingu höfuðstóls eða tengsl hans við skráð gengi jafngildir eignaskerðingu hjá lánveitanda og samsvarandi eignaauka hjá lántaka. Handahófskenndar og óréttlátar tilfærslur verða milli manna. Margir halda að þeir séu að græða, þegar þeir eru í reynd að tapa, og þjóðin sem heild getur ekki hagnast á slíkum eignabreytingum.

Afleiðingar þess kerfis, sem við búum við í peningamálum, lýsa sér skýrt og með afdrifaríkum hætti.

Frjáls sparifjármyndun hefur á fáum árum dregist saman um meira en þriðjung miðað við þjóðarframleiðslu, þótt hægt hafi á hruninu við upptöku vaxtaaukareikninga. Er talið að sparifjármyndun í bönkum og sparisjóðum væri 70 milljörðum króna hærri nú, ef allt væri með felldu. Sala spariskírteina vegur þar nokkuð á móti.

Frjáls verðmyndun á peningamarkaði tryggir hagkvæmasta ráðstöfun fjár. Þótt fjárfesting hafi aukist verulega á síðustu tveimur áratugum, er hagvöxtur hægari en áður. Verðbólgan hefur þannig læðst inn um bakdyrnar og ýtt undir óhagkvæma fjárfestingu og valdið lakari lífskjörum en ella.

Eigið fé fjárfestingarlánasjóða hefur rýrnað þrátt fyrir 13—15 milljarða króna bein framlög á fáum árum. Afurðalán eru komin 9—10 milljarða króna fram úr bundnu fé í Seðlabankanum, og er þá hætt að tala um þann tilgang bindiskyldunnar að standa að baki gjaldeyrisvarasjóði.

Erlend lán hafa verið tekin í stórum stíl, þar sem fjárfesting hefur verið meiri en innlendur sparnaður. Peningastofnanir eru skömmtunarskrifstofur og hafa ekki tækifæri til að keppa á jafnréttisgrundvelli. Reynslan bæði hér og annars staðar sýnir, að lánastofnunum fjölgar við þessar aðstæður, þar sem ýmsir hagsmunaaðilar reyna að tryggja sér ákveðinn hluta fjármagnsins. Ríkissjóður hefur skapað sér forgang á markaðnum með útgáfu verðtryggðra spariskírteina, sem innlánsstofnanir hafa ekki fengið að keppa við. Einnig hefur þvingaður sparnaður gegnum skattakerfið aukist. Séu þær aðstæður, sem ríkt hafa hér á landi á sviði peningamála, bornar saman við skipan mála í öðrum ríkjum Norðurlanda og víðar, kemur í ljós, að innlánsstofnanir njóta hér, andstætt því sem þar gerist, einskis frelsis í ákvörðun lánskjara, en Seðlabankinn ákveður alla vexti lögum samkvæmt. Yfirleitt ákveður seðlabanki viðkomandi lands einungis sína eigin vexti, svo sem forvexti og vexti á yfirdrætti, og hefur áhrif á vexti að öðru leyti með kaupum og sölu skuldabréfa o. fl. Í sjálfu sér hefur Seðlabanki Íslands heimildir í lögum til að beina peningamarkaði hérlendis í þennan farveg. Hefur komið fram í ársskýrslu hans, að hann telur það beinlínis æskilegt.

Sú lýsing, sem gefin hefur verið af íslenska peningamarkaðnum, sýnir, að í óefni er komið og finna verður leiðir til að rata út úr ógöngunum.

Þegar bann við verðtryggingu fjárskuldbindinga eða viðmiðun þeirra við skráð gengi erlends gjaldmiðils er fellt úr gildi, hljóta verðtryggðar fjárskuldbindingar að ryðja sér til rúms. Innlánsstofnanir laga sig að breyttum aðstæðum, t. d. að því

er varðar verðtryggingu eða gengisbindingu lána til ákveðins tíma og vexti af skammtímalánum. Sparisjóðir geta sérhæft sig í innlánum og útlánum til langs tíma. Sú innlánsstofnun, sem best er rekin, getur boðið best innlánskjör.

Rétt er að taka fram, að frv. tekur ekki til innlána og útlána fjárfestingarlánasjóða, sem um gilda sérstök lög. Þegar fram í sækir hlýtur þó að verða samræmi á hinum ýmsu sviðum fjármagns- og peningamarkaðarins, nema þar sem um beina félagslega þjónustu er að ræða. Í reynd er tenging við verðvísitölu eða gengi komin til framkvæmda í mörgum fjárfestingarlánasjóðum.

Með nýbreytni þessari getur lánstími lengst og árleg greiðslubyrði orðið minni í upphafi og jafnari en nú er, en lánsfjárskorturinn hefur einmitt lýst sér í stuttum lánstíma og þungum afborgunum í upphafi. Þetta gildir einnig um vaxtaaukalán, eins og framkvæmd er nú háttað. Telja má víst, að fasteignir lækki í verði, þar sem verðtryggð skuldbinding er meira virði í verðbólgunni en krafa með föstu nafnverði. Hyrfi þar með úr sögunni hin fráleita regla sem bannar að semja um kjör fjárskuldbindinga, er miðist við verðbólgustig á hverjum tíma, en síðan má kaupa og selja kröfurnar með afföllum, jafngildum vöxtum, sem óheimilir eru samkvæmt okurlögum.

Lán til íbúðabygginga hækka með meira framboði lánsfjár. Eðlilegt er að veita sérstök lánakjör þeim, sem eru að eignast húsnæði í fyrsta sinn.

Atvinnuvegirnir fá aðgang að meira lánsfé en áður og greiðslubyrði verður léttari í upphafi og jafnari.

Eðlilegt er, að afurðalán útflutningsatvinnuvega miðist við gengisskráningu á hverjum tíma, en fyrirtækin haldi jafnframt gengisuppfærslu birgða. Með þeirri eflingu frjáls sparnaðar, sem verður, er unnt að veita afurðalán og önnur birgðalán af innlendu sparifé, sem væri gengistryggt, í stað þess að taka erlend lán í því skyni.

Með tímanum yrði hægt að tengja gengistryggða reikninga að hluta eða öllu leyti innlausn í gjaldeyri og skipan gjaldeyrismála kæmist þannig í eðlilegt horf.

Þessi grundvallarbreyting á skipan peningamála er forsenda þess, að takast megi að vinna bug á verðbólgu, örva atvinnulíf, auka arðsemi og bæta þar með þjóðarhag. Þetta er leiðin til að treysta gjaldmiðilinn og nauðsynlegur undanfari myntbreytingar."

Nokkrar breytingar hafa orðið á vaxtamálum á undanförnum mánuðum, eða frá því í desember s. l., þegar nefndarálit það var samið, sem hér hefur verið vitnað til.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum hefur verið heimilað að taka á móti sparifé inn á vaxtaaukareikninga til þriggja mánaða. Þá hafa afurðalán í sjávarútvegi verið gengistryggð. Hvort tveggja nýmælið er í samræmi við tilgang þessa frv., en betur má ef duga skal.

Einnig hafa nýlega verið samþykktar með lögum nr. 13 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., ýmsar breytingar á lögum um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Er þar sumt til bóta, en annað varhugavert. Flutningsmenn þessa frv. telja, að með því sé gert ráð fyrir mun sveigjanlegra og haldbetra kerfi í vaxtamálum og verðtryggingarmálum en skv. hinum nýju lögum.

Samhliða frv. þessu eru flutt frumvörp um lagabreytingar sem því tengjast. Er þar um að ræða frv. til laga um flýtingu á gildistöku ákvæða nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, og frv. til laga þess efnis að 7. gr. laga nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., sem falla niður skv. frv. þessu, komi aftast í lög nr. 7 1. febr. 1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Sþ. 721. Tillaga til þingsályktunar [308. mál]

um hafnaáætlun fyrir árin 1979—1982.

(Lögð fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

Alþingi ályktar samkv. 10. gr. hafnalaga nr. 45 24. apríl 1973, að árin 1979—82 skuli framkvæmdum í hafnamálum hagað samkvæmt eftirfarandi hafnaáætlun:

Yfirlit yfir framkvæmdir í höfnum og áætlaður kostnaður við þær 1979—1982.

(Verðlag í árslok 1978).

FRAMKVÆMDIR	1979 Millj. kr.	1980 Millj. kr.	1981—'82 Millj. kr.
1. AKRANES:			
Grjótgarður	120		
Grjótvörn, dýpkun		80	
Endurnýjun og breikkun sementsbryggju (f. hl.)			200
Smábátahöfn			50
Samtals	120	80	250
2. BORGARNES:			
Frágangur vigtar	14		
Hafnarkantur			100
Samtals	14		100
3. ARNARSTAPI:			
Hafnarkrani			15
Samtals			15
4. HELLNAR:			
Endurbætur aðstöðu			10
Samtals			10
5. ÓLAFSVÍK:			
Grjótgarður	130		
Endurbygging timburbryggju		50	
Dýpkun			80
Stálþil			80
Samtals	130	50	160

FRAMKVÆMDIR	1979 Millj. kr.	1980 Millj. kr.	1981—'82 Millj. kr.
6. GRUNDARFJÖRÐUR:			
Dýpkun	17		
Frágangur stálþils		30	
Viðlegubryggja			50
Dýpkun			50
Samtals	17	30	100
7. STYKKISHÓLMUR:			
Stálþil í Skipavík		90	40
Viðlegubryggja			50
Samtals		90	90
8. KARLSEY:			
Frágangur stálþils	25	25	
Samtals	25		25
9. ÖRLYGSHÖFN:			
Grjótvörn o. fl.			30
Samtals			30
10. PATREKSFJÖRÐUR:			
Styrking odda, frágangur	40		
Hafnarvog	20	15	
Smábátahöfn			50
Samtals	60	15	50
11. TÁLKNAFJÖRÐUR:			
Lenging hafnargarðs		100	20
Samtals		100	20
12. BÍLDUDALUR:			
Frágangur stálþils		20	
Dýpkun			30
Samtals		20	30
13. ÞINGEYRI:			
Frágangur stálþils		30	
Samtals		30	
14. FLATEYRI:			
Endurbygging kants	10		80
Viðlegukantur			30
Dýpkun			20
Samtals	10		130
15. SÚGANDAFJÖRÐUR:			
Löndunarkantur togara		90	30
Samtals		90	30

FRAMKVÆMDIR	1979 Millj. kr.	1980 Millj. kr.	1981—'82 Millj. kr.
16. BOLUNGARVÍK:			
Loðnulöndunar- og togarakantur	65	40	
Viðlegukantur báta			50
Dýpkun			30
Samtals	65	40	80
17. ÍSAFJÖRÐUR:			
Frágangur stálþils o. fl.	30		
Viðlegukantur		70	
Viðlegukantur			100
Vörukantur			100
Samtals	30	70	200
18. SÚÐAVÍK:			
Lok grjótgarðs. Viðlega báta	75		
Samtals	75		
19. ÁRNESHREPPUR:			
Hafnarkrani		10	
Endurbætur bryggju			30
Samtals		10	30
20. DRANGSNES:			
Endurbætur bryggju			20
Samtals			20
21. HÓLMAVÍK:			
Stálþil			40
Hafnarvog			30
Samtals			70
22. HVAMMSTANGI:			
Dýpkun	20	30	
Endurbygging hafnargarðs			100
Samtals	20	30	100
23. BLÖNDUÓS:			
Grjótvörn, grjótgarður	31	50	50
Lenging hafnargarðs			100
Samtals	31	50	150
24. SKAGASTRÖND:			
Frágangur stálþils	23	30	
Grjótgarður (f. hl.)			75
Samtals	23	30	75
25. SAUÐÁRKRÓKUR:			
Endurnýjun þils	70	30	
Dýpkun		40	
Viðlegubryggja báta		60	
Sandfangari			25
Samtals	70	130	25

FRAMKVÆMDIR	1979 Millj. kr.	1980 Millj. kr.	1981—'82 Millj. kr.
26. HOFSÓS:			
Dýpkun		40	
Styrking hafnargarðs		50	50
Samtals		90	50
27. SIGLUFJÖRÐUR:			
Frágangur togarabryggju	61		
Dýpkun		50	
Uppbygging „Brjóts"		40	150
Smábátahöfn			50
Samtals	61	90	200
28. ÓLAFSFJÖRÐUR:			
Frágangur stálþils	25		
Þekjur		30	
Grjótvörn			40
Hafnarvog			30
Varnir gegn sandburði, dýpkun			40
Samtals	25	30	110
29. DALVÍK:			
Smábátaaðstaða	30	40	
Stálþil			100
Dýpkun			60
Samtals	30	40	160
30. ÁRSKÓGSSANDUR:			
Frágangur stálþils	17		
Dýpkun m/spreng			20
Samtals	17		20
31. HAUGANES:			
Lenging hafnargarðs	70		
Samtals	70		
32. HRÍSEY:			
Uppbygging grjótgarðs			30
Samtals			30
33. HJALTEYRI:			
Frágangur grjótkistu		15	
Samtals		15	
34. AKUREYRI:			
Frágangur stálþils	26	35	
Löndunarkantur togara		100	45
2. áfangi vöruhafnar			120
Hafnarvog			30
Samtals	26	135	195

FRAMKVÆMDIR	1979 Millj. kr.	1980 Millj. kr.	1981—'82 Millj. kr.
35. SVALBARÐSEYRI:			
Endurbygging			20
Samtals			20
36. GRENIVÍK:			
Grjótvörn og grjótgarður	41		
Stálþil		120	30
Samtals	41	120	30
37. GRÍMSEY:			
Dýpkun			40
Samtals			40
38. HÚSAVÍK:			
Frágangur smábátahafnar	40		
Dýpkun		60	
Vörukantur			150
Samtals	40	60	150
39. HALLBJARNARSTAÐAKRÓKUR:			
Dýpkun		10	
Samtals		10	
40. KÓPASKER:			
Dýpkun		50	
Grjótgarður			60
Samtals		50	60
41. RAUFARHÖFN:			
Viðlegubil	30		
Dýpkun, frágangur þils		40	
Löndunarkantur við frystihús			100
Samtals	?0	40	100
42. ÞÓRSHÖFN:			
Dýpkun			50
Samtals			50
43. BAKKAFJÖRÐUR:			
Hafnarkrani		20	
Samtals		20	
44. VOPNAFJÖRÐUR:			
Frágangur stálþils	35	25	
Viðlegubryggja			20
Samtals	35	25	20

FRAMKVÆMDIR	1979 Millj. kr.	1980 Millj. kr.	1981—'82 Millj. kr.
45. BORGARFJÖRÐUR EYSTRI:			
Dýpkun			20
Samtals			20
46. SEYÐISFJÖRÐUR:			
Löndunarkantur við frystihús	40	80	
Smábátaaðstaða			30
Samtals	40	80	30
47. NESKAUPSTAÐUR:			
Þekjur og frágangur þils		60	20
Dýpkun			55
Hafnarvog			30
Samtals		60	105
48. ESKIFJÖRÐUR:			
Löndunarbakki v/frystihús	34	80	20
Samtals	34	80	20
49. REYÐARFJÖRÐUR:			
Frágangur		15	
Samtals		15	
50. FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR:			
Frágangur vörukants	17	15	
Löndunarkantur			100
Samtals	17	15	100
51. STÖÐVARFJÖRÐUR:			
Lenging og breikkun hafnargarðs			200
Samtals			200
52. BREIÐDALSVÍK:			
Stálþil og dýpkun			100
Samtals			100
53. DJÚPIVOGUR:			
Löndunarkantur	38	60	40
Samtals	38	60	40
54. HORNAFJÖRÐUR:			
Stálþilsbakki	50	40	
Dýpkun	34	60	
Viðlegubryggja			100
Samta s	84	100	100
55. DYRHÓLAEY:			
Lendingarbætur	21		
Samtals	21		

FRAMKVÆMDIR	1979 Millj. kr.	1980 Millj. kr.	1981—'82 Millj. kr.
56. VESTMANNAEYJAR:			
Vöruhöfn	90	100	
Nótastöðvarkantur			50
Dýpkanir			100
Samtals	90	100	150
57. STOKKSEYRI:			
Frágangur	10		
Dýpkun innsiglingar			50
Samtals	10		50
58. EYRARBAKKI:			
Dýpkun	30		
Frágangur o. fl.			30
Samtals	30		30
59. GRINDAVÍK:			
Dýpkun rennu o. fl.	53		50
Endurbygging þverbryggju			30
Samtals	53		80
60. HAFNIR:			
Grjótvörn, dýpkun			50
Samtals			50
61. SANDGERÐI:			
Löndunarbryggja	80	65	
Dýpkun		30	160
Samtals	80	95	160
62. GARÐUR:			
Hafnarkrani		20	
Samtals		20	
63. VOGAR:			
Legufæri	5		
Grjótgarður		50	60
Samtals	5	50	60
64. HAFNARFJÖRÐUR:			
Stálþil	93	30	
Grjótvörn á norðurgarð		150	
Dýpkun			80
Stálþil			100
Samtals	93	180	180

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Þingsályktunartillaga þessi er lögð fyrir Alþingi í samræmi við hafnalög nr. 45/1973, en í III. kafla laganna segir svo m. a. í 10. gr., er fjallar um framkvæmdaáætlanir, að gerð skuli hafnargerðaáætlun á tveggja ára fresti til fjögurra ára í senn og lögð fyrir sameinað Alþingi sem þingsályktunartillaga og öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

Þrátt fyrir þessi ákvæði laganna hefur hafnargerðaáætlun ekki til þessa verið afgreidd formlega af Alþingi og liggja til þess ýmsar orsakir.

Rétt er að vekja athygli á, að áætlunargerðin nær aðeins til svokallaðra opinberra framkvæmda, þ. e. a. s. hafna, sem njóta ákveðins ríkisstyrks, en hvorki til landshafna og ferjuhafna, sem fjármagnaðar eru að öllu leyti af ríkissjóði, né Reykjavíkurhafnar, sem ekki nýtur neins ríkisstyrks.

Heildarniðurstaða áætlunarinnar er, að á þessu ári nemi framkvæmdir í almennum höfnum 1 660 millj. kr., á árinu 1980 2 445 millj. kr., og á árunum 1981—82 5 000 millj. kr. Framlag ríkissjóðs til þessara framkvæmda á fjárlögum myndi í allflestum tilvikum og við dýrustu framkvæmdirnar nema 75% kostnaðar, en í nokkrum tilvikum 40%.

Á þessu fjögurra ára tímabili er þannig gerð tillaga um framkvæmdir fyrir alls 9 105 millj. kr., sem skiptast á 64 staði, auk þess sem 500 millj. kr. er óráðstafað síðari hluta áætlunartímabilsins. Á flestum staðanna eru framkvæmdir undir 100 millj. kr. eða á 28 stöðum og þar af undir 50 millj. kr. á 21 stað. Á 23 stöðum eru framkvæmdir á bilinu 100—200 millj. kr., á 6 stöðum 200—300 millj. kr., á 5 stöðum 300—400 millj. kr. og loks tvær framkvæmdir á 450 og 453 millj. kr. á Akranesi og í Hafnarfirði.

Ekki er ástæða til að fara hér nánar út í einstakar framkvæmdir, en um frekari upplýsingar vísast til skýrslu, sem Hafnamálastofnun ríkisins hefur gefið út um fjögurra ára áætlun fyrir árin 1979—1982 og dreift verður á Alþingi.

Sþ. 722. Skýrsla

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1978.

INNGANGUR.

Á fjárlögum ársins 1978 voru veittar 1 170 millj. kr. til framkvæmda á almennum höfnum, auk 325.0 millj. kr. til Grundartangahafnar, sem heyrir undir almennu hafnalögin, en er nokkuð sérstaks eðlis. Til landshafna var veitt 175.0 millj. kr. og til ferjuhafna 28.0 millj. kr. Fjárveitingar úr ríkissjóði til hafnargerða voru þannig alls 1 698.0 millj. kr. Þar til viðbótar var fjárveiting til hafnarrannsókna, 17 millj. kr. og til Hafnabótasjóðs 140.4 millj. kr., en Hafnabótasjóður veitir lán og styrki vegna hluta hafnarsjóða í framkvæmdum.

Framkvæmdir á árinu urðu:

Í almennum höfnum í eigu sveitarfélaga	1 714.8	millj. kr.
Í Grundartanga	445.7	— —
Í landshöfnum	213.4	— —
Í ferjuhöfnum	38.9	— —
Heildarframkvæmdir í hafnargerðum urðu því	2 412.8	millj. kr.
Í Reykjavík, sem heyrir undir hafnalögin, en nýtur ekki fjárveitinga úr ríkissjóði voru framkvæmdir	339.2	millj. kr.
Heildarframkvæmdir í hafnargerðum urðu því	2 752.0	millj. kr.

Árið 1977 voru heildarframkvæmdir kr. 2 178.1 millj. kr .

Aðrar framkvæmdir voru við sjóvarnargarða, sem unnið var við fyrir alls 75.2 millj. kr. Fjárveiting til sjóvarnargarða var 36.3 millj. kr. og að auki var tekið lán hjá Viðlagatryggingu Íslands að fjárhæð 30 millj. kr.

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, svo og sérstakir kaflar um áætlanagerð, rannsóknir og dýpkunartæki.

Í fylgiskjali eru töflur um fjárveitingar og framkvæmdakostnað á hverjum stað. ríkishluta framkvæmda, stöðu ríkissjóðs gagnvart einstökum hafnarsjóðum, fjárveitingar til sjóvarnargarða og gengisbætur ríkissjóðs á hafnalán, og skrá yfir lánveitingar og styrki frá Hafnabótasjóði 1978.

FRAMKVÆMDIR 1978 Í ALMENNUM HÖFNUM.

Akranes.

Haldið var áfram við byggingu grjótvarnar og lengingu aðalhafnargarðsins. Þegar verkinu var hætt, náði nýi grjótgarðurinn um 50 metra fram fyrir enda gamla kerjagarðsins. Lengd og stefna grjótgarðsins var ákveðin með líkantilraunum, og lauk þeim í febrúar 1978.

Vinna við grjótnám og keyrslu hófst í lok apríl 1978 og lauk um miðjan september. Unnir voru og keyrðir út um 44 500 m³ grjóts. Lenging garðs varð um 60 metrar og meðalverð á m³ varð 2 189 kr., sem er mjög hagstætt.

Í ársbyrjun 1978 voru reist tvö ljósamastursbús. Á þau voru reist um haustið tvö ljósamöstur með tilheyrandi ljósabúnaði og lögð að þeim raflögn.

Gengið var frá vatnslögn út aðalhafnargarðinn. Endurnýjaður var 65 metra kantur og hluti þekju meðfram honum.

Framkvæmdakostnaður: 125.1 millj. kr.

Borgarnes.

Gerðar voru botnrannsóknir vegna væntanlegs hafnarbakka. Keypt var hafnarvog, sem væntanlega verður sett upp á árinu 1979.

Framkvæmdakostnaður: 7.2 millj. kr.

Arnarstapi.

Athuganir.

Framkvæmdakostnaður: 0.06 millj. kr.

Hellnar.

Athuganir.

Framkvæmdakostnaður: 0.08 millj. kr.

Ólafsvík.

Gert var líkan af Ólafsvíkurhöfn vorið 1978 og varð niðurstaða tilrauna sú, að hagstæðast væri að byggja grjótvarnargarð 70 metra norðan Norðurgarðs. Þessi nýi grjótgarður næði 100 metra út fyrir enda Norðurgarðs, og yrði miðlína grjótgarðsins 70 metra frá innri hlið Norðurgarðs og samsíða honum.

Byrjað var á undirbúningi verksins í miðjum júní. Fyrsta verkið var veglagning að grjótnámu, sem fundin hafði verið í 6 km fjarlægð frá garðstæðinu. Þarna var um þykkt blágrýtislag að ræða, sem reyndist mjög hagstætt í vinnslu, þó að grjótstærð hefði mátt vera meiri.

Byrjað var að aka grjóti úr námunni 10. júlí og því haldið áfram til 5. október. Grjótmagnið varð rúmir 40 000 m³ og meðalverð um 2 250 kr/m³, sem er sérstaklega hagstætt, þar sem í þessu er kostnaður við opnun námu.

Þegar verkinu lauk var endi grjótgarðsins kominn nokkuð út fyrir enda Norðurgarðs.

Verkinu verður haldið áfram á árinu 1979.

Framkvæmdakostnaður: 108.2 millj. kr.

Grundarfjörður.

Verklok.

Framkvæmdakostnaður: 0.7 millj. kr.

Stykkishólmur.

Sett var upp bílavog, sem keypt hafði verið árið áður. Byggt var hús við bílavogina, sem einnig verður fyrir hafnarvörð.

Haldið var áfram við þær endurbætur í dráttarbraut, sem hófust á árinu 1977. Er hér um að ræða brú og útbúnað, sem auðvelda á að setja báta í vagn dráttarbrautarinnar.

Framkvæmdakostnaður: 26.0 millj. kr.

Patreksfjörður.

Unnið var við dýpkun og breikkun rennunnar inn í Patreksfjarðarhöfn. Dýpkunin var unnin af Manitovock krana Hafnamálastofnunar með dragskóflu. Jafnhliða þessu var oddinn lagaður með jarðýtu og fjöruborðið hafnarmegin varið með skriðugrjóti.

Verkið hófst haustið 1978. Ráðgert er að grafa alls tæpa 25 000 m³. Verkinu var ólokið, þegar vinnu var hætt fyrir jól, og verður því haldið áfram á árinu 1979. Unnið var við endurbyggingu kants á stálþili sumarið 1978. Endurbyggður var 90 metra langur kantur. Kantur þessi hafði upphaflega ekki verið steyptur, eins og nú tíðkast.

Framkvæmdakostnaður: 45.9 millj. kr.

Bíldudalur.

Unnið var við frágang á stálþili því, er rekið var niður árið 1977. Steyptur var á það kantur um 60 metra langur og lagðar lagnir. Sett var upp eitt ljósamastur. Eftir er að steypa þekju. Dýpkað var upp með þilinu með krana. Unnið var við þetta verk fyrri hluta ársins 1978.

Framkvæmdakostnaður: 20.0 millj. kr.

Þingeyri.

Dælupramminn Hákur kom til Þingeyrar í miðjum febrúar og var þar til fyrstu viku í apríl.

Dýpkaði Hákur upp við nýja stálþilið og dældi alls upp um 17 000 m³ af möl og móhellu. Verkið gekk erfiðlega. Dælt var upp í nýja uppfyllingu innan við höfnina. Hefur þar myndast hið ákjósanlegasta athafnasvæði.

Unnið var smávegis við frágang stálþilsins og fríholt og lagnir. Eftir er að steypa þekju.

Framkvæmdakostnaður: 28.0 millj. kr.

Flateyri.

Verklok.
Framkvæmdakostnaður: 0.5 millj. kr.

Suðureyri.

Settur var upp löndunarkrani.
Framkvæmdakostnaður: 3.8 millj. kr.

Bolungarvík.

Unnið var að undirbúningi og framkvæmd væntanlegs loðnulöndunar- og togarakants í innri hluta hafnarinnar.

Dælupramminn Hákur kom til Bolungarvíkur frá Þingeyri 6. apríl 1978 og var þar til 19. maí. Dældi Hákur upp tæpum 16 000 m³ af sandi og möl úr innri hluta hafnarinnar. Gekk það verk sæmilega.

Þessari dýpkun var svo haldið áfram með gröfuprammanum Gretti. Hann kom til Bolungarvíkur 2. ágúst og var þar til 12. október.

Grettir gróf upp rúma 24 000 m³ af efni, sem Hákur hafði ekki getað dælt.

Grettir gróf einnig skurð fyrir væntanlegt stálþil. Verkið tafðist nokkuð vegna bilana Grettis eða um mánuð.

Keypt var efni í stálþilið, það er stálþil, festingar og timbur.
Framkvæmdakostnaður: 110.4 millj. kr.

Ísafjörður.

Unnið var við að steypa kant á nýja stálþilið, leggja lagnir og setja upp lýsingu. Lengd nýja kantsins var um 60 metrar og sett var upp eitt ljósamastur. Verkið hófst um miðjan maí 1978 og lauk í seinni hluta september.
Framkvæmdakostnaður: 36.5 millj. kr.

Súðavík.

Verklok.
Framkvæmdakostnaður: 0.6 millj. kr.

Árneshreppur.

Rannsóknir og athuganir.
Framkvæmdakostnaður: 1.7 millj. kr.

Drangsnes.

Unnið var að mælingum.
Framkvæmdakostnaður: 0.5 millj. kr.

Hólmavík.

Dælupramminn Hákur kom til Hólmavíkur 19. september 1978 og var þar til 3. október. Hákur dældi upp tæpum 6 000 m³ fyrir innan hafnargarðinn af allföstum sandi og möl. Þessu efni var dælt upp í uppfyllingu meðfram landi.

Unnið var að könnun hafnarstæðisins á árinu, og var borað þar með borróbor. Í ljós kom, að þarna eru góðir möguleikar til hafnargerðar.
Framkvæmdakostnaður: 21.7 millj. kr.

Hvammstangi.

Verklok.
Framkvæmdakostnaður: 0.8 millj. kr.

Blönduós.

Unnið að könnun hafnarstæðis.
Framkvæmdakostnaður: 1.1 millj. kr.

Skagaströnd.

Um áramót 1977—'78 var gröfupramminn Grettir við dýpkun í Skagastrandarhöfn. Hafði Grettir komið þangað í fyrstu viku nóvember 1977 og um áramót hafði hann grafið um 14 000 m³ af seigum leir úr botni hafnarinnar.

Vegna fyrirhugaðrar byggingar loðnubræðslu var ákveðið að auka við áður áætlaða dýpkun og auka dýpið við fyrirhugað stálþil í innri höfninni. Grettir var fram í miðjan júní og gróf upp til viðbótar 66 000 m³ af leir frá áramótum. Alls gróf Grettir upp 80 000 m³ á Skagaströnd. Einnig gróf Grettir skurð fyrir stálþilið, en ekki er hægt að reka stálþil í leirinn vegna þess hversu seigur hann er.

Hinn 26. júní 1978 hófst vinna við stálþilið framan við loðnubræðsluna. Fyrst var ekið út fyllingu og þilið síðan rekið niður meðfram henni. Ekki var hægt að reka nema um 0.5 m niður í leirinn, svo að án skurðarins, sem Grettir gróf, hefði ekki verið mögulegt að reka þarna niður stálþil. Notuð voru stög, sem höfðu legið á Skagaströnd síðan á síldarárunum eða í rúm 30 ár. Eftir að þilið hafði verið rekið niður, var gengið frá bráðabirgðapollum, lýsingu, vatnslögn og fleiru. Eftir er að steypa kant og þekju o. fl. Þilið, sem rekið var niður, var alls um 108 metrar. Ekið var 12 000 m³ af fyllingu.

Verkinu lauk síðast í október.
Framkvæmdakostnaður: 140.0 millj. kr.

Sauðárkrókur.

Unnið var við viðgerð á skemmdum á þekju, sem orsökuðust af því, að gamalt timburþil gaf sig og fyllingin rann út í höfnina.

Keypt var ný hafnarvog, en ekki sett upp á árinu.
Framkvæmdakostnaður: 6.5 millj. kr.

Hofsós.

Athuganir.
Framkvæmdakostnaður: 0.1 millj. kr.

Siglufjörður.

Haldið var áfram byggingu stálþilsgarðs fyrir togara. Um veturinn hafði verið keyrð út malarfylling í garðstæðið, og lauk því verki í janúar. Í júní byrjun var tekið til við að undirbúa þilreksturinn, og hófst hann í miðjum júlí. Nokkuð tafsamt reyndist að reka þilið vegna stórra steina, sem slæðst höfðu með í fyllinguna. Um miðjan september var byrjað að aka fyllingu í þilið. Síðan var gengið frá því með bráðabirgðapollum. Rekið var niður 145 metra langt þil.

Verkinu lauk í lok september.
Eftir er að steypa kant og þekju, leggja lagnir og setja upp lýsingu.
Framkvæmdakostnaður: 86.4 millj. kr.

Ólafsfjörður.

Gröfupramminn Grettir kom til Ólafsfjarðar 10. júlí 1978 og var þar til mánaðamóta.

Grettir gróf upp innri hluta gömlu hafnarinnar fyrir framan hraðfrystihúsið. Gekk það verk mjög vel. Einnig gróf Grettir upp sand sem safnast hafði í innsiglinguna. Alls gróf Grettir upp rúma 17 000 m^3 af möl og sandi.

Hinn 11. september hófst svo þarna vinna við stálþil eða löndunarkant togara meðfram gömlu bryggjunni framan við frystihúsið. Var það nokkuð tafsamt verk, þar sem grjót vildi hrynja undan bryggjunni í þilstæðið. Þegar lokið var við að reka járnið, alls 82 metra, var gamlan bryggjan rifin, gengið frá stögum og fyllt í þilið með möl. Gengið var frá þilinu með bráðabirgðapollum, en ófrágengið er kantur, lagnir, lýsing og þekja.

Verkinu lauk um mánaðamót nóvember—desember.

Framkvæmdakostnaður: 94.9 millj. kr.

Dalvík.

Unnið var að öldumælingum og öðrum mælingum.

Haustið 1978 var byggt líkan af höfninni í straumfræðistöð Hafnamálastofnunar í Ártúnshöfða í Reyjavík. Þær tilraunir og athuganir stóðu enn um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 11.9 millj. kr.

Hrísey.

Í janúar 1978 var unnið við að ljúka við viðlegubryggja þá, sem byggð hafði verið áður.

Verkinu lauk 27. janúar 1978.

Framkvæmdakostnaður: 0.5 millj. kr.

Árskógssandur.

Unnið var við lengingu bryggjunnar á Árskógssandi. Lenging bryggjunnar er einkum gerð vegna nýrrar Hríseyjarferju. Verkið hófst í ágústbyrjun 1978 með því að ekið var út malargarði, sem stálþil var síðan rekið utan um.

Verkið varð dýrara en til stóð, vegna þess að afhending stálþils dróst frá framleiðanda og varð að ná saman efni annars staðar frá.

Gengið var frá stálþilinu með bráðabirgðapollum, en kantur, lagnir, lýsing og þekja eru eftir. Bryggjan var lengd um 20 metra.

Verkinu lauk 25. október 1978.

Framkvæmdakostnaður: 50.7 millj. kr.

Hjalteyri.

Verklok.

Framkvæmdakostnaður: 0.3 millj. kr.

Akureyri.

Unnið var við steypu kants á stálþil við Slippstöðina. Steyptur var um 80 metra kafli af kanti.

Unnið var að lokafrágangi í vöruhöfn og við lokafrágang lengingar dráttarbrautar.

Framkvæmdakostnaður: 22.7 millj. kr .

Grenivík.

Rannsóknir.

Framkvæmdakostnaður: 0.3 millj. kr.

Grímsey.

Unnið var að ýmsum endurbótum í höfninni í Grímsey.

Verkið hófst 10. júlí og stóð til 9. nóvember .

Steypt var þekja á hafnarsvæðinu alls um 1 400 m². Steyptur var á kafla brimvarnarveggur, sem vantaði. Dýpkað var upp með aðalhafnargarðinum með Bröyt gröfu samtals um 900 m³. Í gamla grjótnáminu voru sprengdir tæpir 1 000 m³ af grjóti, sem var ekið utan á aðalhafnargarðinn ásamt því grjóti sem upp úr höfninni kom. Gengið var frá ýmsu svo sem stigum á hafnarkantinn, fríholtum og fleira.

Ætlunin hafði verið að gera timburbryggjukant innan á hafnarkantinn, en hætt var við það, þegar í ljós kom, að hægt var að dýpka upp með honum.

Töluverð leit var gerð að nothæfu grjóti í brimvarnargarð með aðstoð jarðfræðings og tilraunasprengingum, en sú leit bar ekki árangur.

Framkvæmdakostnaður: 44.5 millj. kr.

Húsavík.

Haldið var áfram framkvæmdum við smábátahöfnina á Húsavík.

Hinn 19. júní 1978 kom gröfupramminn Grettir til Húsavíkur og var þar til 9. júlí. Grettir dýpkaði upp með þverstálþilsgarðinum, svo að skuttogarinn ætti greiðari leið inn fyrir hann. Grettir gróf skurð fyrir stálþil niður í móhelluna í smábátahöfninni. Einnig gróf Grettir rannsóknaholur í vöruhöfninni, sem sýndu að þar er mögulegt að dýpka. Alls gróf Grettir um 7 500 m³ af erfiðri móhellu.

Afgreiðsla stálþilsins frá framleiðanda seinkaði, og kom það ekki fyrr en 8. ágúst til Húsavíkur. Hófst þá undirbúningur rekstrar og var lokið mánuði síðar.

Vinnu við hafnargerðina lauk í nóvember. Reknir voru niður 90 metrar af stálþili í smábátahöfninni. Til að byrja með verður miðað við takmarkað dýpi og er þilið þess vegna óstagað. Eftir er að ganga frá kanti, lögnum og þekju sem verður ódýrara og veigaminna en almennt gerist.

Framkvæmdakostnaður: 80.5 millj. kr.

Kópasker.

Dælupramminn Hákur kom til Kópaskers 29. ágúst og var til 12. september. Dældi hann upp með hafnargarðinum, alls 5 650 m³ af tiltölulega föstum sandi og leir. Efninu var dælt í uppfyllinguna fyrir botni hafnarinnar, en fyrirstöðugarður hafði verið byggður hálfum mánuði á undan komu Háks. Í það verk fóru um 1 700 m³ af grjóti.

Framkvæmdakostnaður: 21.2 millj. kr.

Raufarhöfn.

Verklok.

Framkvæmdakostnaður: 0.9 millj. kr.

Þórshöfn.

Haldið var áfram byggingu brimvarnargarðs úr grjóti.

Verkið hófst 19. ágúst 1978 og lauk 13. október. Alls voru keyrðir út 17 000 m³ af grjóti og kjarna. Lengdist garðurinn við þetta um 60 metra og er nú kominn út í stefnu ytra kants aðalbryggjunnar.

Skjól hefur aukist mjög í norðlægum áttum.

Grjótið var tekið úr sömu námu og áður.

Keyptur var löndunarkrani.

Framkvæmdakostnaður: 47.1 millj. kr.

Bakkafjörður.

Unnið var að mælingum og athugunum á Bakkafirði. Virðist sem fundist hafi mögulegur staður fyrir viðleguhöfn rúmum kílómetra fyrir innan þorpið.

Framkvæmdakostnaður: 0.250 millj. kr.

Vopnafjörður.

Haldið var áfram byggingu nýja stálþilsgarðsins á Vopnafirði eftir áramótin 1977—'78.

Lokið var við að ganga frá stögum og ankerum. Fyllt var í þilið. Settir voru upp bráðabirgðapollar og lýsing. Gengið var frá fríholtum. Hluti timburs úr vinnupöllum stálþilsins var notaður í litla viðlegubryggju smábáta fyrir innan stálþilið. Eftir er að steypa kant, leggja lagnir og steypa þekju.

Um haustið 1978 var lögð vatnslögn út garðinn að stálþilinu ásamt rafmagnskapli. Einnig var gengið frá grjótvörn við enda stálþilsins að utanverðu.

Framkvæmdakostnaður: 22.1 millj. kr.

Borgarfjörður eystri.

Byrjað var á framkvæmdum á Borgarfirði eystra 29. maí 1978 og lauk þeim 28. júlí.

Unnið var við endurbyggingu grjótvarnargarðs við nýju höfnina við Hafnarhólma, en hann skemmdist töluvert í óveðri haustið 1977. Nokkuð grjót þurfti að hreinsa upp úr höfninni og því til viðbótar voru sprengdir og keyrðir í garðana um 11 000 m^3 af grjóti. Haldið var áfram við byggingu bryggjunnar við Hafnarhólma og henni lokið. Fyllt var í harðviðarkistuna með grjóti, alls um 300 m^3. Síðan var steypt á hana þekja, 200 m^2, sett upp kanttré, 5 stigar o. fl.

Settur var upp löndunarkrani á gamla hafnargarðinn inn í fjarðarbotni.

Framkvæmdakostnaður: 44.5 millj. kr.

Seyðisfjörður.

Undirbúningur að löndunarkanti við frystihús var reyndur haustið 1978 með útkeyrslu fyllingar.

Hugmyndin var að fyllingin myndi þjappa undirstöðuna, svo að þarna yrði ári síðar mögulegt að reka stálþil. Þetta tókst ekki, því undirstaðan lét undan og fyllingin hvarf í sjó fram.

Nánari rannsóknir og boranir sýndu svo að frystihúsið hvílir á sama veika jarðlagi og mjög varlega verður að fara í allar framkvæmdir þarna.

Það, sem gerir lausn löndunarkants erfiða, er, hversu nærri frystihúsið er fjörukambinum. Ekki er því rúm fyrir stög stálþils. Einnig er mjög djúpt á fasta undirstöðu eða 20—30 metrar.

Unnið var að öðrum lausnum þessa vandamáls.

Sett voru upp innsiglingarmerki.

Framkvæmdakostnaður: 12.0 millj. kr.

Neskaupstaður.

Steypt var þekja við efri hluta eldra stálþilsins við fiskimjölsverksmiðjuna. Unnið var við lagnir.

Greiddar voru afborganir og vextir vegna bráðabirgðalánsins frá 1975.

Framkvæmdakostnaður: 14.0 millj. kr. + gengistap 58.5 millj. kr. Alls. 72.5 millj. kr.

Eskifjörður.

Unnið var að stækkun löndunarbryggju við loðnubræðslu.

Verkið hófst 22. maí 1978 og lauk 12. ágúst.

Bryggjan var lengd um 5 metra og breikkuð um 5 metra. Alls er það um 200 m^2 stækkun. Dælupramminn Hákur kom til Eskifjarðar 31. maí og var þar til 28. júní. Dýpkaði Hákur upp með og fyrir framan bryggjuna, alls um10 000 m^3. Verkið gekk vel, þar sem um sand var að ræða.

Framkvæmdakostnaður: 39.5 millj. kr.

Reyðarfjörður.

Verklok.

Framkvæmdakostnaður: 0.5 millj. kr.

Fáskrúðsfjörður.

Dælupramminn Hákur kom til Fáskrúðsfjarðar 10. júlí 1978 og var þar til 20. júlí. Dýpkaði Hákur fyrir framan nýja stálþilið, alls rúma 5 000 m^3. Dýpkunin gekk vel og var dælt upp sandi og leir í uppistöðu milli stálþilsins og lands. Haldið var áfram frágangi á stálþili því, er rekið var niður árið 1977.

Steypt var ljósamastursh*ús og sett upp ljósamastur. Byrjað var að undirbúa steypu kants.

Unnið var við þetta á tímabilinu 12. október til 22. nóvember 1978.

Framkvæmdakostnaður: 21.5 millj. kr.

Stöðvarfjörður.

Athuganir.

Framkvæmdakostnaður: 0.1 millj. kr.

Breiðdalsvík.

Athuganir.

Framkvæmdakostnaður: 0.2 millj. kr.

Djúpivogur

Mælingar, könnun hafnarstæðis o. fl.

Framkvæmdakostnaður: 2.5 millj. kr.

Hornafjörður.

Unnið var við könnun hafnarstæðis með borunum og að mælingum í höfninni og ósnum. Keypt var hafnarvog, en eftir er að setja hana upp.

Breytingar voru gerðar á löndunarbryggju fiskimjölsverksmiðjunnar vegna uppsetningar löndunarvogar.

Framkvæmdakostnaður: 28.0 millj. kr.

Dyrhólaey.

Athuganir.

Framkvæmdakostnaður: 0.4 millj. kr.

Vestmannaeyjar.

Unnið var við byrjunarframkvæmdir í vöruhöfn. Byrjað var á að draga upp 55 metra af stálþili við innsiglinguna í Friðarhöfn, en þar rann út kafli af stálþilinu fyrir nokkrum árum. Þessar stálþilsplötur voru svo reknar niður aftur.

Keypt var stálþilsefni í nýja vörukantinn, en eftir er að reka það niður.

Unnið var við lagnir á Básaskersbryggju.

Verkið hófst 28. febrúar og lauk 9. júní.

Framkvæmdakostnaður: 88.0 millj. kr.

Stokkseyri.

Verklok.

Framkvæmdakostnaður: 0.3 millj. kr.

Eyrarbakki.

Ákveðið var að opna aftur opið í gegnum brimvarnargarðinn austan hafnarinnar. Það hafði komið í ljós, að þegar því var lokað, tók að safnast sandur í höfnina. Við opnunina eykst aftur ókyrrð í höfninni, sem hafði minnkað, þegar opinu var lokað.

Byggður var 75 metra langur grjótgarður vestan hafnarinnar í vestur og grjótgarður upp með bryggjunni að vestan. Í þetta fóru um 4 500 m^3 af grjóti.

Smíðaðar voru þybbur úr timbri framan á bryggju þá, sem steypt var á árinu 1977. Unnið var að öðrum frágangi.

Verkið hófst í lok janúar og lauk um miðjan apríl.

Framkvæmdakostnaður: 24.4 millj. kr.

Grindavík.

Athuganir.

Framkvæmdakostnaður: 0.4 millj. kr.

Hafnir.

Verklok.

Framkvæmdakostnaður: 0.4 millj. kr.

Sandgerði.

Hafnar voru undirbúningsframkvæmdir við stálþilsgarð, sem verður aðallöndunarkantur hafnarinnar. Í aprílbyrjun var byrjað að bora og sprengja skurð í botn hafnarinnar fyrir stálþilið.

Hinn 27. október kom gröfupramminn Grettir til Sandgerðis og var þar til 4. desember. Grettir gróf upp úr skurðinum, sem sprengdur hafði verið, og út frá væntanlegum stálþilsgarði, alls 12 600 rúmmetra.

Í lok nóvember var byrjað að keyra út væntanlegan garð og höfðu um áramót verið keyrðir út um 6 000 m^3 fyllingarefnis.

Á árinu 1979 verður þessu verki haldið áfram og stálþilið rekið niður, en á árinu 1978 var keypt allt efni til verksins.

Framkvæmdakostnaður: 132.4 millj. kr.

Garður.

Athuganir.

Framkvæmdakostnaður: 0.02 millj. kr.

Vogar.

Athuganir.
Framkvæmdakostnaður: 0.08 millj. kr.

Hafnarfjörður.

Unnið var að rannsóknum á undirstöðu Norðurgarðs vegna væntanlegrar endurbyggingar og styrkingar hans. Einnig var í þessu sambandi byrjað á athugunum á ölduálagi.

Í mars 1978 var tekin í notkun ferjubryggja fyrir bílainnflutning eða hina nýju „roll-on, roll-off" tækni. Undirbúningur að því verki hafði hafist árið 1977 með frágangi fyllingar og smíði bryggjunnar inni á verkstæði. Hún var síðan sett upp á fyrstu mánuðum ársins 1978, utan á Óseyrarbryggju við land.

Í nóvember 1978 var hafin undirbúningur að endurbyggingu loðnulöndunarbryggjunnar. Keypt hafði verið efni til verksins. Þá var sú ákvörðun tekin, að þar sem þessi framkvæmd væri óhagkvæm yrði einungis gert við þessa bryggju til bráðabirgða.

Framkvæmdakostnaður: 78.3 millj. kr.

Grundartangi.

Haldið var áfram vinnu við stálþil.

Verkið hófst í september 1977 og lauk í maí 1978. Þá hófst vinna við undirstöður brautar löndunarkrana járnblendiverksmiðjunnar. Þurfti að reka niður stálstaura undir brautina, og lauk því verki 30. nóvember 1978. Á meðan var unnið við steypu kanta og lauk því 10. nóvember.

Allan júlímánuð var unnið að borun og sprengingum efst við stálþilið. Það verk var unnið með borfleka Hafnamálastofnunarinnar með aðstoð kafara.

Hinn 11. desember kom gröfupramminn Grettir og gróf upp þetta sprengda grjót. Lauk Grettir því verki 15. desember og hafði grafið upp 1 500 m³ af grjóti.

Framkvæmdakostnaður: 445.7 millj. kr.

LANDSHAFNIR.

Landshöfnin Rifi.

Unnið var að ýmsum frágangi, svo sem fríholtum á nýju smábátabryggjunni, lögnum, innsiglingarmerkjum o. fl.

Framkvæmdakostnaður: 5.2 millj. kr.

Landshöfnin Þorlákshöfn.

Athuganir o. fl.
Framkvæmdakostnaður: 0.9 millj. kr.

Landshöfnin Keflavík-Njarðvík.

Haldið var áfram við byggingu brimvarnargarðs úr grjóti við Njarðvíkurhöfn. Framkvæmdir hófust 16. janúar 1978 og lauk 1. september.

Sprengdir voru og keyrðir í garðinn 55 500 m³ af grjóti og kjarna. Meðalverð á rúmmetra varð 2 971 kr. Lengdist garðurinn við þetta um 160 metra, en dýpi við hann er 8 metrar að meðaltali.

Haldið var áfram endurbyggingu olíubryggjunnar í Keflavík, en það verk hófst í desember 1977. Þessu verki lauk einnig 1. september 1978. Olíubryggjan var að

miklu leyti endurbyggð, settir í hana 24 nýir staurar, tengur og bryggjudekk endurnýjað að hluta. Einnig voru sett á hana ný fríholt. Gert var við þekju á aðalhafnargarðinum í Keflavík.

Framkvæmdakostnaður: 207.3 millj. kr.

FERJUBRYGGUR.

Byggð var ferjubryggja við Gemlufall við Dýrafjörð. Keyrður var út 80 m langur ,4 000 m³ grjótgarður og byggð 6 x 7 metra staurabryggja með steyptum landvegg á enda hans. Verkið hófst 24. maí 1978 og lauk 29. júlí.

Framkvæmdakostnaður: 23.1 millj. kr.

Æðey.

Steyptur var veggur landstöpulbryggjunnar í Æðey.

Framkvæmdakostnaður: 0.9 millj. kr.

Árskógssandur.

Hluti framkvæmdar við lengingu bryggjunnar var talinn vera ferjubryggja.

Framkvæmdakostnaður: 5.0 millj. kr.

REYKJAVÍKURHÖFN.

Framkvæmdir Reykjavíkurhafnar á árinu 1978 námu samtals 339.2 millj. kr. Í Vesturhöfn var lokið við rafdreifikerfi til landtengingar skipa o. fl., en samtals var varið til þeirra framkvæmda 35.4 millj. kr. Í Sundahöfn var haldið áfram framkvæmdum í Vatnagörðum og Kleppsvík.

Í Vatnagörðum lauk lengingu tveggja viðlega og varð kostnaður á árinu 92.5 millj. kr. Þá hófst undirbúningur nýrrar viðlegu við Kleppsskapt og til hennar varið 15.7 millj. kr.

Í Kleppsvík var unnið að dýpkun og landauka fyrir 153.7 millj. kr.

Aðrar framkvæmdir og tækjakaup voru 41.9 millj. kr., þar af rannsóknir 9.9 millj. kr.

Auk þess var varið 55.0 millj. kr. til endurbyggingar á eldri mannvirkjum.

SJÓVARNARGARÐAR.

Stokkseyri.

Eftir flóðið 14. des. 1977 var unnið að sjóvarnargörðum á Stokkseyri og í nágrenni. Undirbúningur verksins byrjaði strax eftir flóðið og var byrjað að vinna 28. des. 1977. Akstur grjóts hófst strax eftir áramótin. Keyrðir voru um 15 000 m³ af grjóti í sjóvarnargarða á þessu svæði. Um helmingur þessa grjóts var sprengdur upp úr höfninni sjálfri. Hinn hlutinn var tekinn úr klöppum við sjóinn.

Framkvæmdakostnaður: 32.0 millj. kr.

Eyrarbakki.

Eftir flóðið 14. des. 1977 var unnið við endurbyggingu sjóvarnargarða á Eyrarbakka og umhverfis. Verkið hófst 2. janúar 1978. Alls voru sprengdir um 14 000 m³ og keyrðir í sjóvarnargarða. Sprengt var upp grjót inn af bátakvínni í höfninni og hún þannig stækkuð.

Framkvæmdakostnaður: 23.6 millj. kr.

Selvogur.

Keyrt var grjóti í sjóvarnargarð og hreinsað grjót, sem borist hafði inn á tún í flóðinu 14. des. 1977.

Unnið var við þetta frá 26. apríl til 26. maí 1978.

Framkvæmdakostnaður: 3.0 millj. kr.

Vatnsleysuströnd.

Keyrt var grjóti á ströndina við Brúnastaði og Skjaldarkot, en þar höfðu orðið skaðar á landi í flóðinu 14. des. 1977. Alls voru keyrðir út 1 500 m^3 af grjóti þarna.

Framkvæmdakostnaður: 5.3 millj. kr.

ÁÆTLANAGERÐ OG RANNSÓKNIR.

Á árinu 1978 var haldið áfram rannsóknum á hafnarstæðum. Boranir og jarðvegskannanir voru gerðar á eftirtöldum stöðum:

Akranes: Kannaðir dýpkunarmöguleikar í Lambhúsasundi.
Borgarnes: Kannaður botn undir mögulegri framlengingu hafnarkants.
Bolungarvík: Kannað þilstæði væntanlegs loðnu- og togarakants.
Ísafjörður: Könnun botns kringum skipasmíðastöð Marselíusar Bernharðssonar hf.
Norðurfjörður: Könnun botns kringum væntanlegan hafnargarð.
Gjögur: Könnun á mögulegu hafnarstæði.
Hólmavík: Könnun hafnarstæðis.
Blönduós: Könnun hafnarstæðis.
Seyðisfjörður: Könnun á undirstöðu framan við og við frystihús.
Hornafjörður: Könnun hafnarstæðis.
Hafnarfjörður: Könnun undirstöðu Norðurgarðs.
Garðabær: Könnun dýpkunarmöguleika við Stálvík.

Mælingar á höfnum og umhverfi voru gerðar á eftirtöldum stöðum: Rifi, Karlsey, Svefneyjum, Skáleyjum, Patreksfirði, Þingeyri, Flateyri, Súðavík, Bíldudal, Bolungarvík Drangsnesi (Skipavík), Hólmavík, Skagaströnd, Sauðárkróki, Siglufirði, Ólafsfirði, Kópaskeri, Bakkafirði, Borgarfirði eystra, Seyðisfirði, Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Hornafirði, Eyrarbakka, Keflavík, Njarðvík. Unnið var að skýrslu um hafnir við Dyrhólaey og Þykkvabæ á vegum Suðurlandshafnarnefndar.

Gerðar voru úthafsöldumælingar út af mynni Eyjafjarðar og út af Hornafjarðarósi. Gerðar voru öldumælingar með ölduduflum út af eftirtöldum höfnum: Ólafsvík, Dalvík og Hafnarfirði.

Í lok ársins hófust mælingar á Viðeyjarsundi fyrir Reykjavíkurhöfn. Mælingar með þrýstimælum inni í höfnum voru gerðar í þessum höfnum: Akranesi, Ólafsvík, Dalvík og Hornafirði.

Inn af höfninni í Bakkafirði hófust mælingar með þrýstiskynjara.

Í straumfræðistöð Hafnamálastofnunar að Funahöfða 13 í Reykjavík var lokið við líkantilraunir með Akraneshöfn.

Í apríl 1978 hófust líkantilraunir með Ólafsvíkurhöfn, og lauk þeim í lok júlí. Könnuð var lengd og lega nýs brimvarnargarðs norðan aðalhafnargarðsins og nokkrar lausnir mannvirkja og kanta innan hafnar.

Frá því í nóvember 1978 var unnið að líkantilraunum með Dalvíkurhöfn, og var þeim ólokið um áramót.

Sjávarfallamælingar voru gerðar í eftirtöldum höfnum: Hólmavík, Hvammstangi, Seyðisfjörður, Eskifjörður, Vestmannaeyjar. Tilgangurinn með þessum mælingum er að ákvarða hæðarkerfi og sjávarföll. Með langtíma sjávarfallamælingum er fylgst með breytingum á meðalsjávarhæð í eftirtöldum höfnum: Siglufjörður, Hornafjörður og Reykjavík.

DÝPKUNARTÆKI HAFNAMÁLASTOFNUNAR.

Verkefni Grettis voru við hafnargerðir á eftirtöldum stöðum, en frekari upplýsingar um framkvæmdir og framkvæmdatíma á hverjum stað er að finna hér að framan.

	Gröftur í m³
Skagaströnd	66 000
Húsavík	7 500
Ólafsfjörður	17 000
Bolungarvík	24 000
Sandgerði	12 500
Grundartangi	1 500
	128 500 m³

Á flestum þessara staða vann Grettir að dýpkunum, sem ekki hefði verið unnt að framkvæma án hans, og útilokað eða of dýrt hefði verið að vinna með „gamla" Gretti. Má þar nefna seiga leirinn í botni Skagastrandarhafnar og skurði fyrir stálþil á Skagaströnd, Húsavík, Bolungarvík og Sandgerði. Bilanir í gröfunni töfðu Gretti um samanlagt 3 mánuði á árinu 1978, en samt lauk hann þeim verkefnum, sem fyrir lágu. Hefur Grettir hvað getu og afköst snertir farið fram úr þeim vonum, sem við hann voru bundnar.

Dæluprammin Hákur er sanddæla, byggð árið 1967. Vél dælunnar er 747 hestöfl. Þrýstileiðslan er 14 tommur í þvermál, en sogrörið 16 tommur. Grafdýpið getur orðið allt að 19 metrum og hámarkslengd röra um 1 000 metrar. Áhöfnin er 3 menn á vakt.

Hákur var á árinu við dælingu á eftirtöldum stöðum:

	Dælt magn í m³
Þingeyri	17 000
Bolungarvík	16 000
Eskifjörður	10 000
Fáskrúðsfjörður	5 700
Kópasker	5 650
Hólmavík	5 400
Alls	59 750 m³

Frá Hólmavík var Hákur dreginn til Fossvogsstöðvar Hafnamálastofnunar. Á leiðinni varð það óhapp að Háki hvolfdi 8 mílur suður af Þormóðsskeri, laugardaginn 7. október.

Skemmdir urðu töluverðar á Háki, meðal annars fór af honum stjórnhúsið með þeim tækjum, sem þar voru. Viðgerð verður allkostnaðarsöm.

Þótt verkefni fyrir Hák verði minni á næstu árum en verið hafa til þessa, verður ekki hjá því komist að hafa hann fyrir viss verkefni, þar sem hvorki gröfuflekinn Grettir hentar né þau dæluskip, sem til eru hér á landi í einkaeign.

Fylgiskjal.

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1978
(Fjárhæðir í þús.kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostn.		Ríkishluti
I. Almennar hafnir:					
Akranes	Grjótgarður, þekja, kantur o. fl.	75%		125 050	93 785
Borgarnes	Keypt bílavog og tilh.	40%	6 000		
	Mælingar	75%	1 200		
				7 200	3 300
Arnarstapi	Verklok	75%		60	45
Hellnar	Verklok	75%		80	60
Ólafsvík	Grjótgarður	75%	101 100		
	Modeltilraun og tilh.	75%	16 000		
	— Selt stálþil	75%	— 8 900		
				108 200	81 150
Grundarfjörður	Verklok og tæknikostnaður	75%		700	525
Stykkishólmur	Hafnarvog	40%	14 600		
	Dráttarbraut	40%	12 500		
	Mælingar, tæknikostn. (leiðr.)	75%	— 1 100		
				26 000	10 015
Patreksfjörður	Gröbbun, kantur o. fl.	75%		45 900	34 425
Bíldudalur	Frágangur stálþils	75%		20 000	15 000
Þingeyri	Dýpkun Háks	75%	27 000		
	Frágangur kants	75%	1 000		
				28 000	21 000
Flateyri	Tæknikostnaður	75%		520	390
Suðureyri	Löndunarkrani	40%	3 000		
	Hafnarvog	40%	750		
				3 750	1 500
Bolungarvík	Dýpkun Háks (14090m³)	75%	20 000		
	Dýpkun Grettis (24 275 m³)	75%	60 400		
	Stálþil	75%	28 200		
	Mælingar	75%	1 800		
				110 400	82 800
Ísafjörður	Kantur á þil	75%	25 000		
	Mælingar og skipulag	75%	7 000		
	Dýpkun Björgunar	75%	2 000		
	Löndunarkrani	40%	2 500		
				36 500	26 500
Súðavík	Tæknikostnaður	75%		600	450
Norðurfjörður	Mælingar	75%		850	640
Gjögur	Mælingar	75%		800	600
Drangsnes	Mælingar, verklok	75%		460	340
Hólmavík	Dýpkun Háks (4 350 m³)	75%	18 700		
	Mælingar o. fl.	75%	3 000		
				21 700	16 275
Hvammstangi	Tæknikostnaður	75%		800	600
Blönduós	Mælingar o. fl.	75%		1 100	825
Skagaströnd	Dýpkun Grettis (66 000 m³)	75%	100 000		
	Stálþilsbakki o. fl.	75%	40 000		
				140 000	105 000
Sauðárkrókur	Hafnarvog	40%		6 590	2 635
Hofsós	Tæknikostnaður	75%		65	50
Siglufjörður	Fylling, verklok	75%	5 000		
	Stálþilsbakki	75%	81 350		
				86 350	64 760
Ólafsfjörður	Dýpkun Grettis (11 370 m³)	75%	30 400		
	Stálþilsbakki o. fl.	75%	62 500		
	Löndunarkrani	40%	2 000		
				94 900	70 475

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1978
(Fjárhæðir í þús.kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostnaður		Ríkishluti
Dalvík	Modeltilraun o. fl.	75%	12 200		
	Löndunarkrani	40%	800		
	Hafnarvog, leiðrétt	40%	— 500		
	Stálþil, leiðrétt	75%	— 600		
				11 900	8 820
Hrísey	Verklok o. fl.	75%		500	375
Árskógssandur	Stálþil (— ferjuaðst. 5,0)	75%		50 700	38 025
Hauganes	Tæknikostnaður	75%		20	15
Hjalteyri	Verklok, selt efni	75%		— 315	— 235
Akureyri	Viðlegukantur	75%	19 500		
	Vöruhöfn	75%	2 200		
	Dráttarbraut	40%	1 000		
				22 700	16 675
Grenivík	Tæknikostnaður	75%		300	225
Grímsey	Þekja, dýpkun o. fl.	75%		44 500	33 375
Húsavík	Dýpkun Grettis (7 515 m³)	75%	27 000		
	Stálþilsbryggja	75%	53 500		
				80 500	60 375
Kópasker	Dýpkun Háks (6 102 m³)	75%	14 200		
	Fyrirstöðugarður	75%	6 200		
	Ýmislegt v/undirbúnings frá '77	75%	800		
				21 200	15 900
Raufarhöfn	Verklok og tæknikostnaður	75%		900	675
Þórshöfn	Grjótgarður o. fl.	75%	44 830		
	Löndunarkrani	40%	2 300		
				47 130	34 540
Bakkafjörður	Tæknikostnaður	75%		250	185
Vopnafjörður	Frágangur stálþils	75%		22 130	16 600
Borgarfjörður eystri	Frágangur trébryggju	75%	10 000		
	Grjótgarður	75%	29 000		
	Löndunarkrani	40%	2 500		
	Mælingar	75%	3 020		
				44 520	32 515
Seyðisfjörður	Fylling fyrir þil	75%	4 500		
	Innsiglingarmerki	75%	1 500		
	Mælingar	75%	6 030		
				12 030	9 025
Neskaupstaður	Steypt þekja	75%	14 000		
	Kostnaður vegna lána	75%	58 500		
				72 500	54 380
Eskifjörður	Dýpkun Háks (9 986 m³)	75%	17 500		
	Trébryggja	75%	22 000		
				39 500	29 625
Reyðarfjörður	Tæknikostnaður	75%		470	350
Búðir, Fáskrúðsfirði	Dýpkun Háks (5 200 m³)	75%	11 500		
	Masturshús o. fl.	75%	4 300		
	Dráttarbraut	40%	5 700		
				21 500	14 130
Stöðvarfjörður	Tæknikostnaður	75%		50	40
Breiðdalsvík	Tæknikostnaður	75%		200	150
Djúpivogur	Löndunarkrani	40%	2 000		
	Mælingar	75%	500		
				2 500	1 175
Höfn í Hornafirði	Löndunarbryggja, Óslandi	75%	5 000		
	Hafnarvog	40%	6 000		
	Mælingar og rannsóknir	75%	17 000		
				28 000	18 900
Dyrhólaey	Tæknikostnaður			370	280

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1978
(Fjárhæðir í þús.kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostnaður		Ríkishluti
Vestmannaeyjar	Stálþil o. fl.	75%	64 900		
	Skipalyfta (leiðr. 11 000)	40%	12 700		
	Leiðrétt f. f. árum	75%	10 400		
				88 000	61 555
Stokkseyri	Verklok og tæknikostnaður	75%		270	200
Eyrarbakki	Grjótgarður o. fl.	75%		24 400	18 300
Grindavík	Tæknikostnaður	75%		360	270
Hafnir	Verklok	75%		380	285
Sandgerði	Sprengdur skurður	75%	22 000		
	Dýpkun Grettis	75%	36 800		
	Stálþilsbryggja	75%	70 550		
	Löndunarkrani	40%	3 000		
				132 350	98 210
Gerðar	Tæknikostnaður	75%		20	15
Vogar	Tæknikostnaður	75%		80	60
Hafnarfjörður	Bílaferjulægi	75%	38 700		
	Trébryggja, efni o. fl.	75%	21 300		
	Grjótgarður	75%	4 000		
	Hallandi smábátabryggja	75%	5 000		
	Óseyrarbryggja o. fl.	75%	1 000		
	Mælingar	75%	8 300		
				78 300	58 725
		Samtals		1 714 800	1 256 885
		75%		1 631 360	1 223 515
		40%		83 440	33 370
				1 714 800	1 256 885

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1978
(Fjárhæðir í þús.kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostnaður		Ríkishlutir
II. Sérstakar framkvæmdir:					
Grundartangi	Bygging hafnarbakka	75%		445 730	334 296
III. Landshafnir:					
Keflavík–Njarðvík	Grjótgarður		167 000		
	Olíubryggja (— tjónab. 13 100)		38 000		
	Mælingar o. fl.		2 260		
				207 260	
Rif	Verklok, tæknikostnaður			5 205	
Þorlákshöfn	Tæknikostnaður o. fl.			935	
			Samtals	213 400	
IV. Ferjuhafnir:					
Gemlufall	Grjótgarður og bryggja			23 050	
Æðey	Lagfærður landgangur			890	
Árskógssandur	Hluti kostnaðar við bryggju			5 000	
			Samtals	28 940	
V. Reykjavíkurhöfn:					
	Bækistöð og tæki			21 915	
	Vesturhöfn			35 454	
	Sundahöfn, Vatnagörðum			108 158	
	Sundahöfn, Kleppsvík			153 660	
	Rannsóknir			9 920	
	Ýmsar framkvæmdir			10 119	
			Samtals	339 226	
	Framkvæmdir alls 1978			**2 742 096**	

Framkvæmdir við sjóvarnargarða.

		Þús. kr.
Eyrarbakki	Grjótvörn	23 610
Flateyri	Grjótvörn	4 900
Patreksfjörður	Grjótvörn	4 850
Selvogur	Grjótvörn	2 970
Stokkseyri	Grjótvörn	32 010
Vestmannaeyjar	Grjótvörn	1 560
Vogar	Grjótvörn	5 300
		75 200

Tafla 2. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum í árslok 1978.
(Fjárhæðir í þús.kr.)

Hafnir	Staða við ríkissjóð í árslok 1977		Ríkishluti framkv. 1978	Fjárveiting 1978	Staða við ríkissjóð í árslok 1978	
	Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)			Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)
1. Akranes	17 315		93 785	100 000	11 100	
2. Borgarnes	1 300		3 300	11 900		7 300
3. Arnarstapi	1 800		45	1 800	45	
4. Hellnar	1 080		60	1 100	40	
5. Ólafsvík		360	81 150	72 400	8 390	
6. Grundarfjörður	325		525	700	150	
7. Stykkishólmur		1 760	10 015	9 000		745
8. Patreksfjörður	1 600		34 425	31 600	4 425	
9. Tálknafjörður	1 000		0	700	300	
10. Bíldudalur		2 740	15 000	9 000	3 260	
11. Þingeyri		4 800	21 000	16 800		600
12. Flateyri	3 700		390	1 000	3 090	
13. Suðureyri	1 200		1 500	5 200		2 500
14. Bolungarvík	2 800		82 800	77 000	8 600	
15. Ísafjörður	4 050		26 500	19 100	11 450	
16. Súðavík	8 970		450	6 500	2 920	
17. Norðurfjörður			640	0	640	
18. Gjögur			600	0	600	
19. Drangsnes	1 960		340	1 500	800	
20. Hólmavík		375	16 275	7 200	8 700	
21. Hvammstangi	1 090		600	0	1 690	
22. Blönduós		280	825	15 000		14 455
23. Skagaströnd		14 600	105 000	40 500	49 900	
24. Sauðárkrókur	365		2 635	8 000		5 000
25. Hofsós		850	50			800
26. Siglufjörður		6 160	64 760	63 600		5 000
27. Ólafsfjörður	3 125		70 475	52 500	21 100	
28. Dalvík	6 450		8 820	5 700	9 570	
29. Hrísey		1 680	375	0		1 305
30. Árskógssandur	175		38 025	12 200	26 000	
31. Hauganes	125		15	7 700		7 560
32. Hjalteyri	21 135		— 235	11 300		400
33. Akureyri	71 480		16 675	46 500	41 655	
34. Grenivík	225		225	0	450	
35. Grímsey		8 315	33 375	17 600	7 460	
36. Húsavík	3 420		60 375	40 900	22 895	
37. Kópasker			15 900	15 000	900	
38. Raufarhöfn	4 085		675	4 500	260	
39. Þórshöfn	2 000		34 540	31 100	5 440	
40. Bakkafjörður	515		185	6 200		5 500
41. Vopnafjörður	57 400		16 600	65 000	9 000	
42. Borgarfjörður eystri	20 985		32 515	41 800	11 700	
43. Seyðisfjörður	1 275		9 025	1 100	9 200	
44. Neskaupstaður	6 220		54 380	46 600	14 000	
45. Eskifjörður	10 000		29 625	23 900	15 725	
46. Reyðarfjörður	1 550		350	0	1 900	
47. Fáskrúðsfjörður	1 835		14 130	22 600		6 635
48. Stöðvarfjörður		40	40	0		
49. Breiðdalsvík	5 660		150	5 000	810	
50. Djúpivogur	2 070		1 175	2 000	1 245	
51. Höfn í Hornafirði	3 365		18 900	10 000	12 265	
52. Dyrhólaey			280	8 800		8 520
53. Vestmannaeyjar		7 600	61 555	37 600	16 355	

Tafla 2. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum í árslok 1978.
(Fjárhæðir í þús.kr.)

Hafnir	Staða við ríkissjóð í árslok 1977		Ríkishluti framkv. 1978	Fjárveiting 1978	Staða við ríkissjóð í árslok 1978	
	Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)			Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)
54. Stokkseyri		1 300	200	0		1 100
55. Eyrarbakki		5 300	18 300	7 500	5 500	
56. Grindavík		700	270	0		430
57. Hafnir		1 555	285	0		1 270
58. Sandgerði		11 270	98 210	83 800	3 140	
59. Gerðar		100	15			85
60. Vogar	900		60	900	60	
61. Hafnarfjörður	11 080		58 725	52 600	17 205	
Samtals	283 630	69 785	1 256 885	1 170 000	369 935	69 205

Tafla 3. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 1978

		Þús. kr.
Almennar hafnir samkv. töflu 2		1 170 000
Landshafnir:		
Keflavík – Njarðvík	120 000	
Rif	30 000	
Þorlákshöfn	25 000	
		175 000
Ferjuhafnir:		
Árskógssandur	5 000	
Flatey á Breiðafirði	1 500	
Reykjanes	1 000	
Æðey	6 000	
Gemlufall	7 000	
Brjánslækur	2 000	
Svefneyjar	2 000	
Skáleyjar	1 000	
Hvítanes	1 000	
Hvítaald	1 500	
		28 000
Sérstakar hafnir:		
Grundartangi		325 000
	Samtals	1 698 000

Tafla 4. Fjárveitingar til sjóvarnargarða 1978

	Þús. kr.	
Akranes	1 000	
Álftanes	2 000	
Eyrarbakki, Stokkseyri	15 000	
Gerðar	1 000	
Grótta	1 000	
Húsavík	3 000	
Miðneshreppur	2 000	
Patreksfjörður	3 300	
Selvogur	4 000	
Vogar	4 000	
Samtals		36 300

Tafla 5. Gengisbætur ríkissjóðs á hafnalán árið 1978
(Fjárhæðir í þús.kr.)

Akureyri	220	Neskaupstaður	550
Árskógssandur	100	Ólafsfjörður	200
Bíldudalur	610	Ólafsvík	100
Bolungarvík	1 020	Patreksfjörður	750
Borgarfjörður eystri	110	Reyðarfjörður	150
Búðardalur	120	Sandgerði	250
Dalvík	120	Sauðárkrókur	160
Eskifjörður	210	Seyðisfjörður	600
Eyrarbakki	500	Skagaströnd	50
Flatey á Skjálfanda	666	Stykkishólmur	110
Flateyri	670	Súðavík	110
Grenivík	50	Suðureyri	600
Grindavík	470	Tálknafjörður	145
Grundarfjörður	70	Vestmannaeyjar	300
Hafnarfjörður	550	Vopnafjörður	330
Hrísey	100	Þingeyri	550
Húsavík	460	Þórshöfn	350
Ísafjörður	40		
		Samtals	11 391

Sþ. 723. Nefndarálit [237. mál]

um till. til þál. um notkun farstöðva.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og leggur til að það verði samþykkt.
Fjarverandi afgreiðslu málsins var Ólafur Ragnar Grímsson.

Alþingi, 14. maí 1979.

Páll Pétursson, form.	Vilmundur Gylfason, fundaskr.	Gunnlaugur Stefánsson, frsm.
Ellert B. Schram.	Lárus Jónsson.	Bjarnfríður Leósdóttir.

Nd. 724. Frumvarp til laga [226. mál]

um breytingu á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd., 14. maí.)

1. gr.

Aftan við G 1. í 3. gr. laganna komi nýr liður:

G 2. A. Á tímabilinu frá 1. sept. til 30. nóv. er skipum, sem eru 20 m að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu utan línu sem dregin er 4 mílur utan við viðmiðunarlínu á eftirgreindu svæði:

Á svæði, sem afmarkast af línum réttvísandi 315° frá 66°23′6 N — 23°24′5 V og réttvísandi 0° (360°) frá 66°31′7—23°01′0 V.

B. Á tímabilinu frá 1. okt. til 30. nóvember er skipum, sem eru 20 m að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu utan línu sem dregin er 4 mílur utan við viðmiðunarlínu á eftirgreindu svæði:

Á svæði, sem afmarkast af línu réttvísandi 300° frá punkti 65°51′5 N — 24°13′0 V og 66°04′8 N og 23°57′0 V.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 725. Tillaga til þingsályktunar [309. mál]

um húsnæði menningarstofnana ríkis og sveitarfélaga o. fl.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Alexander Stefánsson, Jón Helgason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga:

1. Yfirlit um húsnæðisþörf safna og annarra opinberra menntastofnana utan skólakerfisins.
2. Drög að áætlun um röð framkvæmda.
3. Drög að kostnaðaráætlun og áætlun um fjármögnun.
4. Yfirlit um fjárhagslegan stuðning hins opinbera við listir og önnur menningarmál.

Stefnt skal að því að niðurstöður liggi fyrir svo fljótt sem tök eru á og að unnt verði að kynna þær á næsta reglulegu Alþingi.

Greinargerð.

Íslendingum er ærinn vandi á höndum að byggja yfir menningarstofnanir sínar. Ber einkum tvennt til. Þjóðin er fámenn og sameiginleg þjónusta því hlutfallslega dýr. Og þessum þætti uppbyggingar hafa ekki verið gerð mikil skil á síðustu áratugum með þeim afleiðingum, að óleyst verkefni hafa hlaðist upp.

Alþýða manna kappkostar að byggja yfir sig. Einstaklingarnir leggja hart að sér með þeim árangri, að óvíða á stærri hluti þegnanna eigið húsnæði en einmitt hér á landi.

Öðru máli gegnir um ríkið sjálft. Alþingi, stjórnarráðið og ýmsar ríkisstofnanir búa við óhagræði vegna þrengsla eða óheppilegra leigukjara. Þar á meðal eru ýmsar þýðingarmiklar menningarstofnanir. Má sem dæmi nefna helstu bókasöfn, svo sem Landsbókasafn og Háskólabókasafn og svo Þjóðskjalasafnið, einnig Listasafn Íslands, Ásgrímssafnið, Listasafn Einars Jónssonar o. s. frv. Þá má nefna stofnanir eins og Náttúrugripasafn, Sjóminjasafn, sem oft hefur verið rætt um að stofna, og Þjóðminjasafnið, sem að vísu fær úrlausn sinna mála þegar Listasafn Íslands kemst í eigið húsnæði. Enn má minna á, að við eigum ekki hentugt húsnæði fyrir hljómleika og að útvarpið hefur verið á hrakhólum í hálfa öld.

Hér verður ekki allt gert í einu fremur en annars staðar í þjóðfélaginu. Í nokkrum þeim tilvikum, sem nefnd voru hér að framan, er verk hafið, en þá yfirleitt á byrjunarstigi.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að hér sé svo margt framundan, og sumt næsta aðkallandi, að skynsamlegt sé að setjast niður að skipuleggja framhaldið: raða verkefnum og gera sér grein fyrir möguleikum til að fjármagna þau.

Þá er og lagt til að gerð verði úttekt á fjárhagslegum stuðningi hins opinbera við einstakar listgreinar og aðra þætti menningarmála, eftir því sem aðstæður leyfa og ástæða þætti til.

Nd. 726. Breytingartillaga [147. mál]

við frv. til l. um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils.

Frá Ólafi G. Einarssyni, Sighvati Björgvinssyni, Finni Torfa Stefánssyni, og Matthíasi Á. Mathiesen.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:
Heiti gjaldmiðilsins skal vera mörk og eyrir.

Nd. 727. Breytingartillaga [151. mál]

við frv. til laga um framhaldsskóla.

Frá Vilmundi Gylfasyni og Einari Ágústssyni.

Við 17. gr. frv. bætist eftirfarandi:

Í þéttbýli skulu starfa sérstakir menntaskólar með hefðbundnu sniði, er miði að undirbúningi undir háskólanám. A. m. k. einn slíkur (Menntaskólinn í Reykjavík) skal starfa í Reykjavík, og annar á Akureyri sé þess óskað. Menntaskólum skal sett sérstök reglugerð. Innganga í menntaskóla skal heimil öllum þeim nemendum, er rétt hafa til náms í framhaldsskólum, hvar sem þeir eru búsettir í landinu. Menntaskólar séu fjögurra ára **ríkisskólar**, og nemendur, sem í þeim stunda nám, en eiga lögheimili utan viðkomandi þéttbýlis, skulu eiga rétt á styrk (dreifbýlisstyrk).

Nd. 728. Breytingartillögur [151. mál]

við frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá Sighvati Björgvinssyni og Eiði Guðnasyni.

1. 21. gr. frv. orðist svo:

   Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna, er lög þessi taka til, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum um einstakar námsstofnanir.

   Ráðuneytið skal leita samráðs við samtök aðila vinnumarkaðarins, Samband íslenskra sveitarfélaga, samtök kennara og skólastjóra á framhaldsskólastigi, samtök nemenda í framhaldsskólum svo og við aðra til þess bæra aðila um mótun og samræmingu meginstefnu í málefnum framhaldsskóla.

   Setja má í reglugerð nánari fyrirmæli um ráðgjöf um inntak og tilhögun náms í framhaldsskólum, enda sérstaklega séð fyrir útgjöldum því samfara í fjárlögum.
2. Við 38. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

   Lög þessi öðlast þegar gildi. Þau koma til framkvæmda eins fljótt og við verður komið að dómi menntamálaráðuneytisins, og skal að því stefnt, að það geti orðið eigi síðar en að liðnum 5 árum frá gildistöku, sbr. og 36. gr.
3. Við 39. gr. Ákvæði til bráðabirgða. Við ákvæðið bætist ný málsgrein sem hljóðar svo:

   Að liðnum 5 árum frá gildistöku laga þessara skal menntamálaráðherra gefa Alþingi skýrslu um framkvæmd laganna, sem þá skulu tekin til endurskoðunar, þannig að Alþingi gefist á ný tækifæri til þess að álykta um stefnu þeirra.

Nd. 729. Lög [15. mál]

um breyting á lögum nr. 36 frá 23. maí 1975, um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 476.

Nd. 730. Lög [198. mál]

um breytingu á lögum nr. 88 24. des. 1971, um 40 stunda vinnuviku.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 383.

Nd. 731. Lög [189. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 655.

Ed. **732. Frumvarp til laga** [310. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

1. gr.

2. mgr. 15. gr. orðist svo:
Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni	kr. 200 000.00
Með tveim börnum	— 500 000.00
Með þrem börnum eða fleiri	— 800 000.00

2. gr.

16. gr. orðist svo:
Greiða skal einstæðri móður óskerta dagpeninga samkvæmt 33. gr. (er verður 34. gr.) í 90 daga eftir barnsburð, enda njóti hún ekki orlofsfjár vegna barnsfæðingar.

3. gr.

Við 1. mgr. 17. gr. bætist:
Sömu bætur skal greiða einstæðri móður eftir barnsfæðingu.

4. gr.

Við 2. mgr. 17. gr. bætist:
Sömu bætur skal greiða einstæðri móður eftir barnsburð, ef hún hefur á framfæri sínu annað barn undir 17 ára aldri.

5. gr.

Ný grein komi, er verði 18. gr., og orðist svo:
Þegar niður falla bætur samkvæmt 17. gr., er tryggingaráði heimilt að greiða einstæðri móður allt að fullum lífeyri einstaklings samkvæmt 11. gr. ásamt tekjutryggingu samkvæmt 19. gr. (er verður 20. gr.).

Tryggingaráð getur ákveðið, að kona í hjúskap eða í sambúð geti fengið sömu greiðslur og einstæð móðir samkvæmt 15. gr., 16. gr., 17. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, ef tekjur hjónanna eða sambúðarfólksins fari ekki fram úr ákveðnu marki og að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafi konan alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnsburði.
2. Eigi konan við að búa bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.
3. Vegna annarra ástæðna, sem eru sambærilegar við ofangreindar ástæður.

6. gr.

Í stað „ekkjubætur“ í stafliðum a, b og c í 2. mgr. 51. gr. (er verður 52. gr.) komi: bætur.

7. gr.

Niður falli orðin „fjárhag og“ í 1. mgr. 73. gr. (er verður 74. gr.).

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér félagslegar ráðstafanir, sem er ætlað að bæta úr þeim félagslegu ástæðum, sem nú geta samkvæmt lögum heimilað fóstureyðingu. Lagt er til, að þetta sé gert með breytingum á lögum um almannatryggingar. Hér er um að ræða verulega aukna aðstoð við einstæðar mæður og heimildarákvæði um slíkt hið sama til hjálpar konum í hjúskap eða í sambúð, sem eru hjálparþurfi.

Frumvarpið hefur í för með sér eftirfarandi meginbreytingar á lögum um almannatryggingar:

1. Mæðralaun eru hækkuð mikið frá því sem nú er. Sú hækkun er mun meiri með einu barni og tveim börnum en með þrem börnum eða fleiri.
2. Einstæðum mæðrum eru tryggðar barnsburðarbætur. Skulu þær fá dagpeninga jafnháa slysadagpeningum almannatrygginga í 90 daga eftir barnsburð, enda njóti þær ekki með öðrum hætti orlofsfjár vegna barnsburðar.
3. Tekin er upp ný bótagreiðsla til einstæðra mæðra vegna þeirrar röskunar á stöðu og högum, sem barnsburður veldur þeim. Bætur þessar skulu vera jafnar að upphæð og ekkjulífeyrir almannatrygginga. Réttur til þessara bóta er í sex mánuði eftir barnsfæðingu. Hafi hin einstæða móðir annað barn á framfæri sínu undir 17 ára aldri, á hún rétt á þessum bótum í 12 mánuði til viðbótar.
4. Þegar bætur skv. 3. tl. falla niður, er tryggingaráði veitt heimild til að greiða einstæðri móður lífeyri, er nemi að upphæð sem svarar til allt að fullum ellilífeyri einstaklings samkvæmt 11. gr. ásamt tekjutryggingu samkvæmt 19. gr. (er verður 20. gr.).
5. Heimild er veitt tryggingaráði til að geta ákveðið, að aðstoð, sem einstæðum mæðrum er veitt samkvæmt framansögðu, geti verið látin í té konum í hjúskap eða í sambúð, ef um er að ræða fjárhagserfiðleika og aðrar bágar félagslegar ástæður, sem samkvæmt núgildandi lögum geta heimilað fóstureyðingu.

Frumvarp þetta er flutt á þeirri forsendu, að fóstureyðing leysi ekki félagslegan vanda, heldur þverrt á móti. Þjóðfélag, sem leyfi fóstureyðingu af félagslegum ástæðum, líti fram hjá hinum raunverulega vanda, sætti sig við óleyst vandamál. Félagslegur vandi verði ekki leystur nema með félagslegum ráðstöfunum. Frumvarp þetta miðar að því að svo verði gert.

Nd. 733. Nefndarálit [243. mál]

um frv. til l. um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 79/1972.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir meiri hlutinn með samþykkt þess eins og það kom frá efri deild.

Finnur Torfi Stefánsson skrifar undir með fyrirvara.

Minni hlutinn mun skila séráliti.

Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. maí 1979.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Finnur Torfi Stefánsson, fundaskr., með fyrirvara.	Lúðvík Jósepsson.
	Þórarinn Sigurjónsson.	

Ed. 734. Nefndarálit [296. mál]

um frv. til l. um Fjárfestingarfélag Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og orðið sammála um að mæla með samþykkt frv.

Alþingi, 15. maí 1979.

Jón Helgason, form.	Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr.	Jón G. Sólnes, frsm.
Ey. Kon. Jónsson.	Ágúst Einarsson.	Geir Gunnarsson.
	Karl Steinar Guðnason.	

Ed. 735. Breytingartillögur [190. mál]

við frv. til l. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Ný grein komi eftir 4. gr., er verði 5. gr. og orðist svo:
   Heimild er til lántöku vegna jarðhitaleitar samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 100 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Við 5. gr. (er verði 6. gr.). Í stað „alls 1 345 millj. kr.“ í 2. tl. komi: alls 2 015 millj. kr.
3. Ný grein komi eftir 5. gr. (er verði 6. gr.) er verði 7. gr. og orðist svo:
   Heimild er til lántöku vegna rafvæðingar sem hér segir:
   1. Lán til sveitarafvæðingar samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 300 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
   2. Lán til styrkingar rafdreifikerfi í sveitum samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 780 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
   3. Lán til lagningar aðalháspennulína rafmagns samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 1 000 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Nd. 736. Frumvarp til laga [311. mál]

um sérstakt tímabundið aðlögunargjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Við innflutning vöru, sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamnings Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu (EBE), skal ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að innheimta skuli 3% aðlögunargjald í ríkissjóð. Sama skal gilda um innflutning vara frá öðrum löndum sem flokkast undir sömu tollskrárnúmer samkvæmt lögum nr. 120/1976 um tollskrá o.fl., með áorðnum breytingum.

2. gr.

Aðlögunargjald skv. 1. gr. skal greiða af tollverði innfluttrar vöru og skal innheimt á sama hátt og aðflutningsgjöld og njóta sömu lögverndar og þau gjöld. Að þessu og öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, með áorðnum breytingum, eftir því sem við á.

3. gr.

Hafi innflytjandi afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað áður en gjaldtaka skv. 1. gr. er ákveðin skal varan tollafgreidd án greiðslu aðlögunargjalds, en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið innan tíu daga frá gildistöku gjaldsins.

Aðlögunargjald skal einnig greiða af vörum sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir gildistökudag gjaldsins gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá því að gjaldtaka skv. 1. gr. er ákveðin.

4. gr.

Óheimilt er að hækka vegna álagningar aðlögunargjalds verð á birgðum vöru sem aðlögunargjaldið hefur ekki verið greitt af.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál eða laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, eftir því sem við á.

5. gr.

Af vörum, sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr. tollskrárlaga eða undanþegnar hafa verið tolli að öllu leyti samkvæmt ákvæðum 3. gr. tollskrárlaga, og án tillits til uppruna, eða samkvæmt öðrum lögum, skal ekki innheimta aðlögunargjald.

6. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða vörur skulu gjaldskyldar skv. 1. gr. og önnur atriði varðandi innheimtu gjaldsins. Á sama hátt má ákveða í reglugerð að leggja megi á og innheimta í einu lagi aðlögunargjald samkvæmt lögum þessum og jöfnunargjald samkvæmt lögum nr. 83/1978 svo og að setja megi í eina reglugerð ákvæði um framkvæmd þessara laga. Ráðherra skal heimilt að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu skv. 1. gr. ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

7. gr.

Tekjum af aðlögunargjaldi á árinu 1979 skal varið til sérstakra iðnþróunaraðgerða samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnar, að fengnum tillögum iðnaðarráðherra.

Á sama hátt skal tekjum af gjaldinu á árinu 1980 varið til eflingar iðnþróun samkvæmt ákvæðum fjárlaga.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1979 og gilda til 31. desember 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samstarfsyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar segir: „að samkeppnisstaða iðnaðarins verði tekin til endurskoðunar og spornað verði með opinberum aðgerðum gegn óeðlilegri samkeppni erlends iðnaðar, meðal annars með frestun tollalækkana".

Markmið þessa frumvarps er í samræmi við fyrrgreinda stefnu, fyrst og fremst það að veita íslenskum iðnaði aukinn tíma til aðlögunar að fríverslun og að skapa

fjárhagslegt svigrúm til nauðsynlegra iðnþróunaraðgerða. Telja verður að með lögfestingu sérstaks tímabundins aðlögunargjalds og ráðstöfun tekna af gjaldinu til sérstakra iðnþróunaraðgerða felist ígildi frestunar tollalækkana, eins og ríkisstjórnin hafði heitið í samstarfsyfirlýsingu sinni.

Þessi stefnumörkun á rætur sínar að rekja til þess, að eftir því sem lengra hefur liðið á aðlögunartíma íslensks iðnaðar að fríverslun hefur komið greinilegar í ljós að staða hans á heimamarkaði er í mörgum greinum veikari en æskilegt væri. Enn fremur hefur þróun útflutningsiðnaðar hér á landi orðið mun takmarkaðri en ráð hafi verið fyrir gert, miðað við þann tollfrjálsa markað sem hann fékk aðgang að með aðildinni að EFTA og gerð viðskiptasamnings Íslands við EBE. Þessi staða iðnaðarins á sér margar ástæður sem hér verður lauslega drepið á.

Þótt samið hafi verið um 10 ára aðlögunartíma tollalækkana gagnvart bandalögunum má benda á, að hvert skref tollalækkananna var mun stærra en iðnaður annarra þjóða Vestur Evrópu þurfti að taka á sig í aðlögun sinni að fríverslun, þar sem algengt var að íslenskir verndartollar væru allt að 100% í upphafi aðlögunartímans á móti 10—30% verndartollum í upphafi fríverslunar í Evrópu.

Á þeim tíma sem íslenskur iðnaður hefur þurft að aðlagast fríverslun hefur hagvöxtur verið mun hægari í Vestur Evrópu en á sjöunda áratugnum, þegar önnur lönd álfunnar gengu til fríverslunarsamstarfs, en þetta var tímabil óvenjumikils hagvaxtar. Þessi almennu skilyrði, samhliða því að samkeppnisþjóðir okkar hafa sumar hverjar gripið til víðtækra og vaxandi stuðningsaðgerða við sinn iðnað, hafa ugglaust hamlað þróun íslensks iðnaðar á þessu tímabili.

Á áttunda áratugnum fer fyrst að gæta í ríkum mæli vaxandi samkeppni á mörkuðum Vestur Evrópu frá láglaunalöndum Suð-austur Asíu. Þessar þjóðir hafa á síðustu árum rutt sér mjög til rúms á mörkuðm hinna þróðuðu þjóða og þá helst í vinnuaflsfrekum greinum sem krafist hafa lítillar tækniþekkingar. Má raunar segja, að margar hefðbundnar iðngreinar Vestur Evrópu eigi í mjög miklum erfiðleikum vegna þessarar þróunar og vafasamt að þær nái nokkru sinni fyrri styrk. Mikilvægt er að Íslendingar dragi réttar ályktanir af þessari þróun við uppbyggingu iðnaðar hér á landi.

Sambýli íslensks iðnaðar við öflugan sjávarútveg hefur að margra dómi verið verulegur þröskuldur á þróunarbraut hans á síðustu árum, þegar verndartollar vega ekki lengur upp það misræmi sem verður til innbyrðis milli sjávarútvegs og iðnaðar, með margháttaðri sérstöðu sjávarútvegsins. Má þar nefna hærri framleiðni, betri fjármagnsfyrirgreiðslu, aðstöðumun í sköttum og að því ógleymdu að á undanförnum árum hefur útvegurinn notið hagstæðra ytri skilyrða. Gengisskráning sú, sem af þessari hagstæðu þróun hefur leitt, hefur verið iðnaðinum ófullnægjandi eins og mörg dæmi undanfarin ár sýna, bæði hvað varðar samkeppnisstöðu á heimamarkaði og við útflutning.

Þá má nefna sem veigamikla skýringu á þróun iðnaðarins á þessum áratug, að af hálfu stjórnvalda hefur hingað til ekki verið mótuð samræmd stefna um iðnþróun með þeirri nauðsynlegu samstillingu margvíslegra aðgerða sem slík stefna óhjákvæmilega gerir kröfu til. Skortur á slíkri stefnu hefur valdið því að iðnaðurinn býr að mörgu leyti við ófullnægjandi samkeppnisaðstæður sem brýna nauðsyn ber til að bætt verði úr.

Margt bendir nú til þess, að til þurfi að koma stóraukin áhersla á eflingu innlends iðnaðar, bæði þess sem fyrir er og vaxtarmöguleika hefur, og á þróun nýiðnaðar, ef takast á að bæta þau lífskjör sem þjóðin hefur áunnið sér. Má í því sambandi vitna í skýrslu OECD sem birt var hinn 8 maí s. l. en þar segir í lauslegri þýðingu:

„Lögð er áhersla á þörf fyrir aukna fjölbreytni í íslensku atvinnulífi vegna takmarkaðs svigrúms í aukningu fiskafla, þegar til nokkurs tíma er litið, vegna ríkjandi ástands þýðingarmikilla fiskstofna, bæði þorsks og loðnu, á íslenskum fiskimiðum og vegna nauðsynjar á verndaraðgerðum. Án mjög verulegs bata í viðskiptakjörum

á næstu árum verður vöxtur rauntekna því að miklu leyti að byggjast á nýjum iðnaði sem komi í staðinn fyrir innflutning eða til aukningar á útflutningi."

Þær almennu skýringar sem hér hafa verið gefnar á vandamálum innlends iðnaðar bera með sér að vandamál hans eru í stórum dráttum almenns eðlis en takmarkast ekki við sérstök vandamál í einstökum greinum. Vegna mikillar verðbólgu og lítillar aukningar framleiðni og framleiðslu á undanförnum árum hefur iðnaðurinn orðið að þola mjög minnkaða arðsemi. Á árunum 1970 til ársloka 1977 var hrein aukning starfa í iðnaði 1 300 ársmenn. Þessi aukning samanstendur af 1 800 ársmanna aukningu í þeim greinum iðnaðar, þar sem vöxtur átti sér stað á tímabilinu, en aftur á móti fækkun um 500 ársmenn í öðrum greinum. Þessa hreinu aukningu starfa í iðnaði á milli áranna 1970 og 1977 má bera saman við nýjustu spá um þörf á nýjum störfum í iðnaði en hún nemur um 3 000 ársmönnum fram til 1982 og 6 300 fram til 1987. Sýna þessar tölur glöggt þá sérstöku áherslu sem leggja verður á iðnþróun á komandi árum.

Á tímabilinu 1968 til 1973 tvöfaldaðist iðnaðarframleiðsla á Íslandi en frá árinu 1973 hefur framleiðslan aukist mun hægar. Framleiðni íslensks iðnaðar hefur þróast á svipaðan hátt, með um það bil 7% aukningu milli áranna 1968 og 1973, en síðan hefur verulega dregið úr vexti hennar. Samanburður milli framleiðni vinnuafls í iðnaði á Íslandi annars vegar og í öðrum löndum hins vegar sýnir að Ísland hefur um það bil 20—40% lægri framleiðni í iðnaði en flestar þjóðir Vestur Evrópu og jafnframt að núverandi stig framleiðniaukningar liggur töluvert að baki aukningunni í flestum samkeppnislöndum.

Athyglisvert er í sambandi við þróun íslensks iðnaðar á tímabili fríverslunar hve útflutningur iðnaðarvara hefur verið takmarkaður. Að frádregnum útflutningi á áli nam útflutningur iðnaðarvara á árinu 1978 aðeins 6,3% af heildarútflutningi og að frátöldum útflutningi á kísilgúr, lagmeti og ullar- og skinnavörum nam útflutningurinn aðeins 0,74% af heildarútflutningi. Engin teikn eru enn á lofti um að hlutfall þetta fari hækkandi hvað varðar almennar iðnaðarvörur.

Þrátt fyrir það sem fyrr er rakið, verður því ekki á móti mælt að fríverslun hefur styrkt margar íslenskar iðngreinar verulega, sem meðal annars kom fram í verulega aukinni framleiðni fyrstu árin, jafnframt því sem gæði innlendrar iðnaðarvöruframleiðslu hafa stóraukist. Hins vegar hafa þessar framfarir ekki megnað að lyfta því Grettistaki til útflutnings sem að var stefnt, enda þótt umtalsverður árangur hafi náðst í nokkrum greinum.

Eins og fyrr segir á mál það, sem hér um ræðir, rætur í málefnayfirlýsingu núverandi stjórnarflokka við myndun ríkisstjórnarinnar í september 1978. Það þykir því nauðsynlegt við framlagningu þessa frumvarps að rekja til nokkurrar hlítar hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að framkvæmd þessa stefnuatriðis stjórnarsáttmálans.

Þegar áform ríkisstjórnarinnar um frestun tollalækkana urðu kunn hjá EFTA og Efnahagsbandalaginu kom í ljós að viðsemjendur okkar innan þessara bandalaga voru mótfallnir slíkum aðgerðum af hálfu Íslands og lögðu eindregið til að slíkt væri ekki gert. Fastafulltrúar Íslands hjá þessum samtökum hvöttu til mikillar varfærni í málinu. Vegna þessara viðbragða var málið skoðað mjög vandlega og niðurstaða þeirrar athugunar varð eftirfarandi:

1. Einhliða frestun tollalækkana án samráðs við EFTA og EBE virðist ekki samrýmast skuldbindingum Íslands samkvæmt EFTA samningnum og samningi okkar við Efnahagsbandalagið.
2. Ef Ísland færi fram á það við hin aðildarríkin, að þau samþykktu frestun tollalækkana, þyrfti að leggja málið fyrir þjóðþing allra viðkomandi landa til samþykktar sem breyting á EFTA sáttmálanum. Viðbúið væri að það tæki lengri tíma en eftir er af aðlögunartíma Íslands.

Að þessari athugun lokinni ákvað ríkisstjórnin að falla frá frestun tollalækkana og fara heldur ekki fram á að aðildarríkin samþykktu breytingu á EFTA samn-

ingnum í þá veru. Í þess stað skyldi gripið til annarra aðgerða sem kæmu að sömu notum til stuðnings íslenskum iðnaði.

Á ráðherrafundi EFTA í nóvember 1978 lýsti viðskiptaráðherra því yfir í yfirlýsingu sinni að íslenska ríkisstjórnin hefði fallið frá hugmyndum sínum um frestun tollalækkana en hefði í huga aðrar aðferðir til að bæta samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar og þær yrðu kynntar fyrir EFTA ríkjunum síðar. Í samræmi við framanritað gaf ríkisstjórnin út fréttatilkynningu í upphafi árs 1979 um opinberar stuðningsaðgerðir við íslenskan iðnað og hafa sumar þessara aðgerða þegar komið til framkvæmda en aðrar eru á undirbúningsstigi.

Hinn 2. jan. 1979 samþykkti ríkisstjórnin ennfremur að láta fara fram athugun á forsendum fyrir hækkun jöfnunargjalds (sbr. lög nr. 83/1978) með það að markmiði að hækka jöfnunargjaldið að höfðu samráði við EFTA og EBE. Á þessum fundi sínum samþykkti ríkisstjórnin jafnframt að verja tekjum af gjaldinu til iðnþróunaraðgerða ef það yrði hækkað. Í framhaldi af þessari ákvörðun var settur á fót starfshópur með fulltrúum fjármálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, viðskiptaráðuneytis og Þjóðhagsstofnunar til athugunar á forsendum fyrir hækkun jöfnunargjalds. Í þessum starfshóp voru þeir Þorsteinn Ólafsson, Jón Skaftason, Pétur Sæmundsen, Ólafur Davíðsson og Þorsteinn Geirsson. Skilaði starfshópurinn skýrslu um málið til ríkisstjórnarinnar 26. jan. 1979.

Í niðurstöðu starfshópsins komu fram skiptar skoðanir um gildi raka fyrir hækkun jöfnunargjaldsins en þó taldi hópurinn rétt að á málið yrði látið reyna í viðræðum við EFTA og EBE. Starfshópurinn kannaði einkum eftirfarandi rök fyrir hækkun jöfnunargjaldsins:

1. Til jöfnunar vegna álagningar aðstöðugjalds og launaskatts hér á landi, sem almennt væru ekki lagðir á erlendis.
2. Til jöfnunar vegna ríkisstuðnings við einstakar iðngreinar erlendis, sem íslenskur iðnaður ætti í samkeppni við.
3. Hækkun jöfnunargjalds vegna mismununar í aðstöðu einstakra innlendra atvinnugreina innbyrðis.

Komst starfshópurinn að þeirri niðurstöðu að rétt væri að láta reyna á röksemdina um jöfnun vegna álagningar aðstöðugjalds og launaskatts gagnvart EFTA og EBE en önnur rök taldi starfshópurinn ekki haldbær í þessu sambandi.

Að fengnu þessu áliti starfshópsins og að tillögu iðnaðarráðherra samþykkti ríkisstjórnin á fundi sínum 6. febrúar 1979 eftirfarandi:

„Að tillögu iðnaðarráðherra var samþykkt að stjórnin lýsti þeirri stefnu, að jöfnunargjald á iðnaðarvörur yrði hækkað úr 3% í 6%, en áður en endanleg ákvörðun yrði tekin skyldi sendinefnd send til EFTA og EBE til að kynna viðhorf Íslands og kanna undirtektir".

Kynningarnefnd var þá þegar skipuð að tilhlutan tveggja ráðuneyta, viðskiptaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins. Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn: Ingi R. Helgason (formaður), Vilhjálmur Lúðvíksson, Þorsteinn Ólafsson og Jón Skaftason.

Kynningarnefnd þessi fór um miðjan febrúar til aðalstöðva EFTA í Genf og til aðalstöðva Efnahagsbandalagsins í Brussel. Á leiðinni kom nefndin við í danska utanríkisráðuneytinu og átti þar tal við ráðuneytismenn sem gáfu nefndinni leiðbeiningar um framlagningu málsins gagnvart Efnahagsbandalaginu. Í Genf hélt nefndin óformlegan viðræðu- og kynningarfund með öllum fastafulltrúum aðildarríkja EFTA og í Brussel hélt nefndin fund með fulltrúa framkvæmdastjórnar Efnahagsbandalagsins ásamt starfsmönnum hennar.

Hinn 27. febrúar 1979 skilaði kynningarnefndin skriflegri skýrslu um ferð sína, viðræður og viðbrögð, og segir þar meðal annars:

„Það er skoðun nefndarinnar, að mikilvægt hafi verið fyrir framgang málsins að viljayfirlýsing ríkisstjórnarinnar um hækkun jöfnunargjaldsins var kynnt ríkisstjórnum EFTA landanna og framkvæmdastjórn Efnahagsbandalagsins með sér-

stökum hætti og það áður en endanleg ákvörðun yrði tekin um lögfestingu hækkunarinnar. Það er álit nefndarinnar að samstarfsaðilar okkar innan EFTA og Efnahagsbandalagsins hafi verið mótfallnir áformum um hækkun jöfnunargjaldsins og ekki tekið rökstuðninginn gildan, en þeir hafi hins vegar eftir kynningu nefndarinnar á samráðsfundum sýnt vanda og sjónarmiðum okkar vaxandi skilning og velvilja og að lokum alveg opnað fyrir frekari sameiginlega athugun málsins með það fyrir augum að kanna staðhæfingar okkar um óhagræði íslensks iðnaðar í samkeppnisaðstöðunni og að finna leiðir til að jafna það óhagræði innan ramma samninganna".

Greinilegt var að aðildarríki EFTA og Efnahagsbandalagsins gátu illa sætt sig við þá röksemd að hækkun jöfnunargjaldsins væri til þess að jafna út skattaóhagræði fyrir íslenskan iðnað sem leiddi af aðstöðugjaldi og launaskatti. Sum gátu fallist á að hér væri um að ræða skattaóhagræði, sem eðlilegt væri að jafna út í sjálfu sér, en gátu ekki samþykkt þessa aðferð þar sem hún gæfi fordæmi fyrir aðra innan samtakanna og þá mundi allt fara úr böndum.

Í ítarlegum umræðum um röksemdafærsluna kom ábending frá Haraldi Kröyer, aðalfulltrúa Íslands hjá EFTA, um breyttan rökstuðning fyrir hækkun jöfnunargjaldsins. Hann minnti á að Gylfi Þ. Gíslason, þáverandi viðskiptaráðherra, hefði á ráðherrafundi EFTA haustið 1970 gert fyrirvara um breytingar sem þá voru gerðar á 20. gr. EFTA samningsins. Haraldur taldi að þessi fyrirvari gæti orðið brúarsporður í röksemdafærslu okkar um hækkun jöfnunargjaldsins, þar sem fyrirvarinn tryggði að aðgerð okkar hefði ekki fordæmisgildi. Gamla 20. gr. EFTA sáttmálans hafði að geyma ákvæði sem heimiluðu einstökum aðildarríkjum að grípa til ráðstafana til bjargar ýmsum iðngreinum sem ættu í vök að verjast vegna tollalækkana sem af EFTA aðildinni leiddu. Þegar Ísland gekk í EFTA 1970 höfðu hinar þjóðirnar allar runnið aðlögunarskeið sitt á enda og höfðu þess vegna engin not fyrir þessi ákvæði 20. gr. Greininni var þess vegna breytt og hún látin taka til annarra vandkvæða en þeirra sem beinlínis leiddu af tollalækkunum. Fyrirvari Íslands var í því fólginn að Ísland áskildi sér sama rétt á aðlögunartímabili sínu og hin EFTA ríkin hefðu notið á aðlögunartíma þeirra. Þessum fyrirvara var ekki mótmælt, heldur var samþykkt á ráðherrafundi EFTA 3. des. 1970 að vandamál Íslands í einstökum iðngreinum, sem á aðlögunartímanum stöfuðu að tollalækkunum, skyldu falla undir hina nýju 20. gr. Fyrirvari Íslands 1970 gagnvart breytingunni á 20. gr. EFTA samningsins hefur þá þýðingu að ráðstafanir Íslands á aðlögunartíma þess geta ekki haft fordæmisgildi fyrir aðrar þjóðir í EFTA sem þegar hafa endað sinn aðlögunartíma.

Þegar hér var komið þótti tímabært að auka á kynningu málsins gagnvart EFTA ríkjunum. Viðskiptaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið settu niður nýja nefnd í því skyni að hafa beint samband við ríkisstjórnir allra EFTA ríkjanna til að koma á framfæri pólitískum rökum og upplýsingum um þær aðstæður á Íslandi sem gerðu það nauðsynlegt að fá jöfnunargjaldið hækkað. Í þessa nefnd voru skipaðir fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna, þeir Ingi R. Helgason, Einar Ágústsson og Eiður Guðnason, og með þeim í nefndinni var Jón Skaftason frá viðskiptaráðuneytinu. Með skipun þessarar nefndar og sendiför hennar vildi ríkisstjórn Íslands leggja sérstaka áherslu á þýðingu og alvöru málsins. Þessi nefnd ræddi við ráðherra úr ríkisstjórnum Noregs, Finnlands, Svíþjóðar, Danmerkur og Sviss og ráðuneytismenn í Austurríki.

Alls staðar kom fram gagnvart nefndinni, að það væri mikils metið, að íslenska ríkisstjórnin kynnti málið með þessum hætti áður en hún tæki endanlega ákvörðun um gjaldtökuna og hvarvetna kom fram góður skilningur á sérstöðu Íslands og þeim vandamálum sem íslenska ríkisstjórnin væri að reyna ráða bót á með þeirri aðgerð sem áformuð væri. Fljótlega varð nefndin þess áskynja í viðræðum sínum við ríkisstjórnir EFTA landanna að réttara væri að breyta um röksemdafærslu. Rétt væri að falla frá þeim hugmyndum að hafa gjaldið til að jafna út launaskatt og aðstöðugjald en taka málið upp í þeim grundvelli að nota fyrirvarann frá 1970

gagnvart 20. greininni og setja á sérstakt aðlögunargjald vegna vandamála íslensks samkeppnisiðnaðar sem augljóslega ættu rætur að rekja til tollalækkana. Vinna ætti að því að efla skilning EFTA ríkjanna á nauðsyn slíkrar ráðstöfunar og fá þau til að samþykkja hana. Á þennan hátt lagði þessi nefnd málið fyrir ríkisstjórnina á fundi með henni 4. maí s. l. og hefur nú ríkisstjórnin í framhaldi af þessari kynningu allri og undirtektum ákveðið að leggja fram það frumvarp sem hér er á ferðinni og heimilar ráðherra að innheimta sérstakt tímabundið 3% aðlögunargjald.

Nefndin mat undirtektir ríkisstjórna EFTA ríkjanna á þann veg að þær mundu samþykkja þessa aðgerð Íslands ef hún yrði gerð á grundvelli fyrirvarans frá 1970, væri tímabundin og í henni væri ekki fólgin mismunun milli einstakra ríkja.

Í þessum búningi er málið hér lagt fyrir og þess er að vænta að EFTA ráðið samþykki aðgerðina innan skamms.

Innan Efnahagsbandalagsins hefur framkvæmdastjórnin sýnt málinu skilning og velvilja og hefur hún lagt það til við aðildarríki Efnahagsbandalagsins að þessi aðgerð Íslands verði „þoluð", enda þótt hafnað sé rökstuðningnum um jöfnun gagnvart aðstöðugjaldi og launaskatti. Efnahagsbandalaginu er kunnugt um í hvaða farvegi málið er innan EFTA og kemur málaleitan Íslands fyrir á fundi sameiginlegu nefndarinnar, Íslands og Efnahagsbandalagsins, í byrjun júní og verður þá tekin til endanlegrar afgreiðslu.

Af því sem hér að framan hefur verið rakið er ljóst að íslenska ríkisstjórnin hefur í meðferð þessa máls í hvívetna gætt ákvæða þeirra samninga sem Ísland er aðili að gagnvart EFTA og Efnahagsbandalaginu.

Íslenska ríkisstjórnin hefur lagt höfuðáherslu á að kynna sérstöðu málsins og fá afstöðu samstarfsaðilanna í málinu áður en endanleg ákvörðun verður tekin um beitingu þess heimildarákvæðis sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að ráðherra skuli heimilt með setningu reglugerðar að ákveða innheimtu sérstaks tímabundins aðlögunargjalds af innfluttum vörum er renni í ríkissjóð. Gert er ráð fyrir að gjaldið verði almennt lagt á svonefndar verndarvörur, þ. e. þær vörur sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu. Til þess að eigi verði um mismunun að ræða gagnvart innflutningi vara frá hinum ýmsu markaðssvæðum er jafnframt gert ráð fyrir að gjaldið verði lagt á vörur upprunnar í löndum sem standa utan nefndra fríverslunarbandalaga, enda flokkist vörur þessar undir sömu tollskrárnúmer og vörur þær sem njóta tollfríðinda á grundvelli nefndra fríverslunarsamninga. Vörur þær sem verða gjaldskyldar samkvæmt ofansögðu verða hinar sömu og gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 83/1978 um jöfnunargjald.

Um 2. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að gjaldstofn aðlögunargjalds verði tollverð innfluttrar vöru eins og það er ákveðið samkvæmt lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og gjaldið verði innheimt og njóti sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta er hliðstætt ákvæðum sem tekin hafa verið upp í lög þegar um álagningu nýrra gjalda á innfluttar vörur hefur verið að ræða. Samkvæmt því geta aðilar, sem afhent hafa fullgild aðflutningsskjöl til tollmeðferðar, sbr. 14. gr. laga nr. 120/1976, eða fengið hafa vöru afhenta gegn tryggingu, tollafgreitt vöru endanlega án greiðslu aðlögunargjalds enda fari fullnaðartollafgreiðsla fram innan tilskilins tíma.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Lagt er til samkvæmt þessari grein að vörur sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr. tollskrárlaga eða undanþegnar hafa verið tolli að öllu leyti skv. 3. gr. sömu laga verði undantekningarlaust undanþegnar aðlögunargjaldi. Meðal vara sem ákvæði þessu er ætlað að taka til eru m. a. tollfrjáls farangur ferðamanna, vörur til sendiráða, endursendar innlendar framleiðsluvörur, efnivörur í innlendar iðnaðarvörur o. fl.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að ráðherra ákveði í reglugerð hvaða vörur falli undir gjaldskyldu skv. 1. gr. frumvarpsins og að í þeim efnum verði tollskrárnúmer samkvæmt tollskrárlögum látin ráða flokkun vara til gjaldskyldu. Þar sem gert er ráð fyrir að sömu vörur verði gjaldskyldar samkvæmt frumvarpi þessu og nú eru gjaldskyldar samkvæmt lögum nr. 83/1978 um jöfnunargjald er lagt til að ráðherra hafi heimild til þess að ákveða í reglugerð að leggja megi á og innheimta þessi gjöld í einu lagi, svo og að hafa ákvæði um framkvæmd laganna í einni reglugerð. Má ljóst vera að skýrslugjöf vegna þessara gjalda verður einfaldari fyrir innflytjendur auk þess sem endurskoðun og eftirlit af hálfu tollyfirvalda verður mun fljótvirkara.

Gert er ráð fyrir, á sama hátt og gilt hefur um innheimtu jöfnunargjalds, að ákveðnir vöruflokkar verði undanþegnir aðlögunargjaldinu, svo sem skip, tilbúin veiðarfæri og hlutar til þeirra og auðkenndar umbúðir utan um útflutningsvörur. Er því tekin upp í greinina heimild til handa ráðherra til að undanþiggja einstaka vörur gjaldskyldu skv. 1. gr., ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Um 7. gr.

Í þessari grein felst eitt höfuðatriði frumvarpsins fyrir íslenskan iðnað, þ. e. tekjuöflun til iðnþróunaraðgerða í samræmi við iðnaðarstefnu núverandi ríkisstjórnar.

Gert er ráð fyrir að á árinu 1979 muni tekjur af aðlögunargjaldinu nema 500—600 millj. kr. og 1000—1200 millj. kr. á árinu 1980 á verðlagi ársins 1979. Með greininni er lagt til að öllum tekjum af gjaldinu skuli varið til eflingar iðnþróunar. Þar sem gjaldtakan 1979 fellur utan fjárlaga er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin taki ákvörðun um ráðstöfun fjárins á því ári að fengnum tillögum iðnaðarráðherra. Á árinu 1980 er gert ráð fyrir að tekjum af gjaldinu verði ráðstafað sérstaklega á fjárlögum á sama hátt.

Af eðli aðlögunargjaldsins leiðir að hér er um tímabundna mjög skýrt afmarkaða iðnþróunaraðgerð að ræða, sem ekki er rétt að blanda saman við almenna skattheimtu ríkisins, enda tók ríkisstjórnin þá ákvörðun á fundi sínum 2. janúar 1979 að yrði gjaldið lagt á skyldu tekjur af því renna til eflingar iðnþróunar. Hér er um mjög þýðingarmikið atriði að ræða, sem jafnframt er ein af forsendum þess að vænta megi árangurs af framkvæmd þeirrar iðnaðarstefnu sem nú er unnið að og kynnt verður Alþingi áður en yfirstandandi þingi lýkur.

Þegar jöfnunargjaldið var lagt á með lögum nr. 83/1978 var gert ráð fyrir því að ríkissjóður héldi hluta af tekjum gjaldsins til að mæta kostnaðarauka ríkissjóðs af gjaldtökunni.

Allar horfur eru nú á að jöfnunargjaldið verði framlengt óbreytt þar sem virðisaukaskattkerfi verði ekki komið á í árslok 1980, en með virðisaukaskatti væru afnumin hin svokölluðu uppsöfnunaráhrif söluskatts á framleiðslukostnað fyrirtækja og því ekki lengur forsendur fyrir álagningu jöfnunargjalds.

Allt öðru máli gegnir um aðlögunargjaldið. Þar er um að ræða aðgerð sem í raun felur í sér igildi lengingar á aðlögunartíma íslensks iðnaðar að fríverslun og verður afnumið í árslok 1980. Af þeim sökum er ekki gert ráð fyrir að ríkis-

sjóður ætli sér hluta af tekjum af gjaldinu heldur verði þeim alfarið varið til brýnna iðnþróunaraðgerða.

Um 8. gr.

Gjaldtaka þessi á að vera tímabundin. Gert er ráð fyrir að hún hefjist 1. júlí 1979 og henni ljúki 31. desember 1980. Gildistími hennar, 18 mánuðir, á rætur að rekja til þess ákvæðis 20. gr. EFTA samningsins að undanþáguaðgerð af þessu tagi skuli ekki standa lengur en í 18 mánuði.

Nd. 737. Nefndarálit [283. mál]

um frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess. Fjarverandi voru Eiður Guðnason, Ellert B. Schram og Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi, 15. maí 1979.

Svava Jakobsdóttir, form., frsm. | Ingvar Gíslason, fundaskr. | Bjarnfríður Leósdóttir.

Ólafur G. Einarsson.

Ed. 738. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til l. um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta og nefndarmenn orðið sammála um að leggja til að það verði samþykkt.

Alþingi, 15. maí 1979.

Karl Steinar Guðnason, varaform., frsm. | Alexander Stefánsson, fundaskr. | Geir Gunnarsson.

Oddur Ólafsson. | Ágúst Einarsson. | Guðmundur Karlsson.

Ed. 739. Nefndarálit [244. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 26 9. maí 1949, um hvalveiðar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta og nefndarmenn orðið sammála um að leggja til að það verði samþykkt.

Alþingi, 15. maí 1979.

Karl Steinar Guðnason, varaform., frsm. | Alexander Stefánsson, fundaskr. | Geir Gunnarsson.

Oddur Ólafsson. | Ágúst Einarsson. | Guðmundur Karlsson.

Nd. 740. Nefndarálit [275. mál]

um frv. til l. um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hl. n., fulltrúar stuðningsflokka ríkisstjórnarinnar, leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni munu skila séráliti.

Í frumvarpinu felast skýrari ákvæði um ýmis atriði en nú eru í lögum og reglugerðum varðandi skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Þá er um að ræða ýmis ákvæði sem styrkja aðstöðu gjaldeyriseftirlitsins til eftirlits með þeim reglum sem í gildi eru um gjaldeyrisnotkun og gjaldeyrisskil.

Á fund nefndarinnar komu þeir aðilar í viðskiptaráðuneyti og gjaldeyriseftirliti, sem haft hafa með samningu frumvarpsins að gera. Þeir lögðu áherslu á að frumvarpið næði fram að ganga.

Alþingi, 15. maí 1979.

Lúðvík Jósepsson, form., frsm. Halldór E. Sigurðsson, fundaskr. Finnur Torfi Stefánsson.

Kjartan Ólafsson. Vilmundur Gylfason.

Nd. 741. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 23. des. 1975 og lög nr. 78 31. des. 1977, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hl. n. vill vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, en við undirritaðir viljum samþ. það með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. bætist:

Ríkissjóður skal bæta Vegasjóði það tekjutap sem hann verður fyrir samkv. ákvæði þessu.

Alþingi, 15. maí 1979.

Lúðvík Jósepsson, form., frsm. Kjartan Ólafsson.

Nd. 742. Nefndarálit [276. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 22 23. apríl 1968, um gjaldmiðil Íslands, sbr. lög nr. 38 8. maí 1974, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins óbreytts. Matthías Á. Mathiesen og Ólafur G Einarsson taka ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. maí 1979.

Lúðvík Jósepsson, form. Halldór E. Sigurðsson, fundaskr. Finnur Torfi Stefánsson. frsm.

Kjartan Ólafsson. Vilmundur Gylfason.

Nd. 743. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 23. des. 1975 og lög nr. 78 31. des. 1977, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndarmenn hafa rætt frv. á nokkrum fundum og ekki orðið á eitt sáttir um afgreiðslu þess.

Við undirritaðir teljum frv. fela í sér ýmis atriði er þurfi góðrar athugunar við, m. a. hverjir njóta ættu, ef frv. yrði að lögum. Við leggjum því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Lúðvík Jósepsson mun skila séráliti. Kjartan Ólafsson var ekki mættur á fundinum.

Alþingi, 15. maí 1979.

Halldór E. Sigurðsson, fundaskr., frsm. Vilmundur Gylfason. Matthías Á. Mathiesen.

Ólafur G. Einarsson. Finnur Torfi Stefánsson.

Sþ. 744. Nefndarálit [253. mál]

um till. til þál. um langtímastefnu í rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur rætt tillöguna og málefni rannsóknastofnana atvinnuveganna á fundum með framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins. Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt hennar.

Alþingi, 17. maí 1979.

Geir Gunnarsson, form. Bragi Sigurjónsson, fundaskr. Þórarinn Sigurjónsson, frsm.

Eiður Guðnason. Helgi Seljan. Lárus Jónsson.

Alexander Stefánsson. Ellert B. Schram. Pálmi Jónsson.

Nd. 745. Nefndarálit [291. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi breytingum. Finnur Torfi Stefánsson og Eðvarð Sigurðsson voru fjarstaddir við afgreiðslu málsins.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Í stað „15. júlí“ komi: 15. júní.
2. Á eftir 4. gr. komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Sexmannanefnd skal án tafar taka til meðferðar þá tekjuskerðingu sem við framleiðendum landbúnaðarafurða blasir vegna söluerfiðleika á þeirri framleiðslu sem er umfram innanlandsþarfir. Skal nefndin fyrir 1. sept. 1979 leggja fyrir ríkisstjórnina tillögur um lausn þess vanda þannig að tekjuskerðing bænda verði sem minnst.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, allt að 3½ milljarði króna, er Framleiðsluráð landbúnaðarins tekur til framkvæmda á tillögum nefndarinnar.

Alþingi, 15. maí 1979.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. Þórarinn Sigurjónsson. Lúðvík Jósepsson.
Pálmi Jónsson, með fyrirvara. Eggert Haukdal, með fyrirvara.

Nd. 746. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem tillaga er gerð um á sérstöku þingskjali.

Minni hluti nefndarinnar, þeir Gunnar Thoroddsen og Jósef H. Þorgeirsson, skilar séráliti.

Alþingi, 15. maí 1979.

Kjartan Ólafsson, form., frsm. Árni Gunnarsson, fundaskr. Ingvar Gíslason.
Eðvarð Sigurðsson. Gunnlaugur Stefánsson.

Nd. 747. Breytingartillögur [251. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 8. gr. laganna komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (9. gr.) Stofna skal í Iðnlánasjóði lánadeild iðngarða, er hafi þann tilgang að lána stofnlán til sveitarfélaga, félagssamtaka og einstaklinga, sem reisa iðnaðarmannvirki í því skyni að efla íslenskan iðnað eða skapa með öðrum hætti starfsaðstöðu til handa iðnfyrirtækjum, sem greiða iðnlánasjóðsgjald skv. 5. gr., enda öðlist þau á fullnægjandi hátt að mati stjórnar Iðnlánasjóðs leigu- og/eða kauprétt að þeirri aðstöðu eða mannvirki, sem lánað er til. Umsækjendur um lán til iðngarða geri stjórn Iðnlánasjóðs fullnægjandi grein fyrir áformum sínum samhliða lánsumsókn.

b. (10. gr.) Tekjur lánadeildar iðngarða eru:
   1. Framlög, er veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt.
   2. Á fyrstu fjórum starfsárum lánadeildarinnar, frá og með árinu 1980 til og með ársins 1983, renni allt að 250 milljónum króna á ári af umráðafé Iðnlánasjóðs til deildarinnar.
   3. Andvirði sérstakra lána, sem stjórn Iðnlánasjóðs, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, aflar til deildarinnar, sbr. 6. grein.
   4. Vextir og vísitöluálag.

c. (11. gr.) Almenn lánakjör Iðnlánasjóðs skulu gilda um lán úr lánadeild iðngarða, en að öðru leyti setur iðnaðarráðherra, í samráði við stjórn Iðnlánasjóðs, með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar. Í reglugerðinni skal þess gætt að með aðstöðu innan iðngarðs sé fyrirtækjum, sem eiga í samkeppni í sömu grein, ekki mismunað eða stuðlað að neikvæðri samkeppni innan byggðarlaga eða á landsvísu.

Nd. 748. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 frá 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Matthías Á. Mathiesen var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. maí 1979.

Lúðvík Jósepsson, form.	Halldór E. Sigurðsson, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson. frsm.
Finnur Torfi Stefánsson.	Kjartan Ólafsson.	Vilmundur Gylfason.

Nd. 749. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og fékk til fundar við sig ráðuneytisstjórann í fjármálaráðuneytinu og veitti hann ýmsar upplýsingar.

Tilgangur frumvarpsins er að fella endanlega niður greiðslu aðflutningsgjalda af aðföngum þeirra iðnfyrirtækja, sem stunda framleiðslu til útflutnings eða eiga í beinni samkeppni við vörur og þjónustu, sem heimilt er að flytja til landsins, eða óbeinni samkeppni, þegar heimill er innflutningur, sem komið getur í stað innlendrar vöru eða þjónustu, eins og segir í greinargerð með frumvarpinu.

Nefndin er sammála um að markmiði þessu þurfi að ná. Efni frumvarpsins er nánast samhljóða niðurstöðu samstarfsnefndar um iðnaðarmál, en sú nefnd hefur starfað á vegum iðnaðarráðuneytis. Flutningsmenn frumvarpsins eru þingmenn úr öllum þingflokkum. Því sýnist víðtæk samstaða vera um efni frumvarpsins.

Þar sem nefndinni er ljóst, að ýmsir framkvæmdaörðugleikar muni verða við framkvæmd slíks ákvæðis í lögum, eins og frumvarpsgreinin er orðuð, leggur nefndin til, að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar,** sem sjái um að frumvarp verði samið um þetta efni og flutt á næsta þingi, þar sem með því verði best tryggð örugg framkvæmd málsins.

Alþingi, 15. maí 1979.

Lúðvík Jósepsson, form.	Halldór E. Sigurðsson, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson. frsm.
Finnur Torfi Stefánsson.	Kjartan Ólafsson.	Vilmundur Gylfason.
	Matthías Á. Mathiesen.	

Sþ. 750. Þingsályktun [31. mál]

um Suðurnesjaáætlun.

(Afgreidd frá Sþ. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 34.

Sþ. 751. Þingsályktun [5. mál]

um iðngarða.

(Afgreidd frá Sþ. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 5.

Sþ. 752. Þingsályktun [72. mál]

um meðferð íslenskrar ullar.

(Afgreidd frá Sþ. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 79.

Sþ. 753. Þingsályktun [172. mál]

um könnun á þætti landbúnaðarframleiðslu í atvinnulífi þjóðarinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 329.

Nd. 754. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til laga um húsaleigusamninga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til meðferðar og mælir með samþykkt þess. — Einstakir nefndarmenn munu þó flytja breytingartillögu við ákvæðið um húsaleigunefndir sem fellt var inn í frv. í meðferð efri deildar.

Alþingi, 15. maí 1979.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm.
Páll Pétursson. fundaskr.
Gunnar Thoroddsen.
Gunnlaugur Stefánsson.
Stefán Valgeirsson.
Eggert Haukdal.
Eðvarð Sigurðsson.

Sþ. 755. Tillaga til þingsályktunar [312. mál]

um endurskoðun áfengislaga.

Flm.. Þorv. Garðar Kristjánsson, Eyjólfur K. Jónsson, Jón Helgason, Ágúst Einarsson, Helgi F. Seljan, Bragi Níelsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Oddur Ólafsson, Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða áfengislöggjöfina í þeim tilgangi að draga úr áfengisneyslu þjóðarinnar, stuðla að hófsemi í meðferð áfengra drykkja, efla bindindi í landinu og auka aðstoð við drykkjusjúklinga.

Skal stefnt að því, að frumvarp að nýjum áfengislögum verði lagt fyrir Alþingi í byrjun næsta þings.

Greinargerð.

Eitt af helstu vandamálum þjóðarinnar í dag er fólgið í mikilli og vaxandi neyslu áfengra drykkja. Til úrbóta í þessum vanda er að draga úr áfengisneyslu, stuðla að hófsemi, efla bindindi og auka aðstoð við þá, sem áfengisneyslan hefur leikið verst. Einskis má láta ófreistað að ráða hér bót á. Þess vegna er mikils um vert, að löggjöfin sé á hverjum tíma sem best úr garði gerð til að þjóna slíkum tilgangi. Af þessum ástæðum er þessi tillaga til þingsályktunar flutt.

Ed. 756. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til laga um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. Á fundi nefndarinnar komu hagsýslustjóri og ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis. Enn fremur fékk nefndin til viðtals orkumálastjóra og rafmagnsveitustjóra ríkisins, þar sem nefndin telur sérstaka þörf á að endurmeta fjárveitingar til orkumála vegna breyttra aðstæðna af völdum hækkandi orkuverðs síðan lánsfjáráætlun var samin, eins og fram hefur komið hjá fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra. Fékk nefndin í hendur álitsgerð iðnaðarráðherra varðandi olíusparandi aðgerðir á árinu 1979, sem er nú til athugunar hjá ríkisstjórninni. Var sérstaklega haft samband um þetta við fjármálaráðherra og kom fram hjá honum, að hann mun gera nánari grein fyrir viðhorfi sínu við 2. umræðu. Nefndin leggur því til að frv. verði samþ. óbreytt, en Eyjólfur K. Jónsson og Jón G. Sólnes skrifa undir með fyrirvara.

Alþingi, 15. maí 1979.

Jón Helgason, form., frsm.
Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr.
Karl Steinar Guðnason.
Ágúst Einarsson.
Geir Gunnarsson.
Jón G. Sólnes, með fyrirvara.
Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.

Ed. 757. Nefndarálit [263. mál]

um frv. til l. um eftirlaun til aldraðra.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til umfjöllunar á fjölmörgum fundum og fengið til fundar við sig fulltrúa flestra þeirra aðila sem málið varðar.

Nefndin leggur einróma til að frumvarpið verði samþykkt. Ragnhildur Helgadóttir var fjarverandi endanlega afgreiðslu málsins. Nefndin flytur eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Í 25. gr. 3. tl. þar sem stendur: „Þeir lífeyrissjóðir, sem eiga aðild að samkomulagi“ komi: Þeir lífeyrissjóðir, sem ekki eiga aðild að samkomulagi.
2. Upphaf 26. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1980.
3. Á eftir 26. gr. kemur svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. janúar 1980 skal ríkisstjórnin leggja fram frumvarp til laga sem létti greiðslubyrðar á Atvinnuleysistryggingasjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða tryggi þeim nýja tekjustofna.

Alþingi, 15. maí 1979.

Bragi Níelsson, form., frsm.
Helgi Seljan, fundaskr.
Bragi Sigurjónsson.
Oddur Ólafsson.
Geir Gunnarsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ed. 758. Lög [195. mál]

um breyting á lögum nr. 43 26. maí 1975, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 662.

Ed. 759. Lög [160. mál]

um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 598.

Ed. 760. Lög [70. mál]

um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 597 (sbr. 76).

Nd. 761. Nefndarálit [275. mál]

um frv. til laga um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hlutinn, fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til að það verði samþykkt, en minni hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, leggur til að það verði fellt.

Umsögn barst frá Verslunarráði Íslands þar sem segir m. a.:

Verslunarráðið telur framkomið frumvarp um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála ekki til bóta frá gildandi lögum og er frumvarpinu andvígt. Hins vegar telur Verslunarráðið, að það væri stórt skref í framfaraátt, ef takast mætti að koma því skipulagi á þessi mál, er síðasta viðskiptaþing lagði til og gerði samþykktir um."

Meðal tillagna, sem samþykktar voru á Viðskiptaþingi, var að gjaldeyrisverslun skyldi vera frjáls, innflutningsfrelsi því aðeins takmarkað, með reglugerð eða sérstökum lögum, ef nauðsyn ber til vegna viðskiptasamninga við aðrar þjóðir, útflutningsleyfa verði aðeins krafist vegna útflutnings sjávarafurða, aðgangur atvinnulífsins að erlendu fjármagni yrði rýmkaður.

Tilgangur breytinga á skipan gjaldeyris- og viðskiptamála í framangreinda átt er: að gera íslenska krónu jafnverðmikla erlendum gjaldeyri, efla innlenda fjármálastjórn með erlendri samkeppni í lánsfjárþjónustu og ávöxtun fjár, gera innflutningsversluninni kleift að bæta lífskjör þjóðarinnar með auknu framboði á ódýrari vörum, leggja grundvöll undir frjáls og sjálfstæð útflutningsfyrirtæki.

Þetta er sú frjálsræðisstefna, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur fylgt og nýlega mótað ljósum orðum í ályktun um efnahagsmál og Landsfundarályktun.

Frumvarp þetta kann að einhverju leyti að stefna í frjálsræðisátt, en í svo veigamiklum atriðum gengur það gegn stefnu Sjálfstæðisflokksins, að hann getur ekki stutt það. Nægir þar að nefna þær heimildir, sem veittar eru gjaldeyriseftirliti „til að kanna reikninga og bókhald, svo og að framkvæma á starfsstað nauðsynlegar athuganir", eins og segir í 6. gr. frv. Með slíku ákvæði er gjaldeyriseftirliti veitt heimild, sem hingað til hefur þurft að fá gegnum dómstóla. Ákvæði sem þetta er hins vegar í fullu samræmi við hugsjónir sumra þingmanna, sem styðja núverandi ríkisstjórn, um lögregluríkið.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, lýsir minni hluti nefndarinnar fullri andstöðu við frumvarpið.

Alþingi, 15. maí 1979.

Ólafur G. Einarsson, frsm. Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 762. Nefndarálit [108. mál]

um till. til þál. um aukin gæði fiskafla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og kynnt sér efni umsagna, sem borist hafa. Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt.

Páll Pétursson boðaði, að hann mundi undirrita nál. með fyrirvara.

Lúðvík Jósepsson og Matthías Bjarnason voru fjarverandi.

Alþingi, 8. maí 1979.

Sighvatur Björgvinsson, form., frsm. Páll Pétursson, fundaskr., með fyrirvara. Sverrir Hermannsson.

Garðar Sigurðsson Eiður Guðnason.

Nd. 763. Nefndarálit [243. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 79/ 1972.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frumvarps. Meiri hlutinn hefur mælt með samþykkt frumvarpsins. Við undirritaðir leggjum til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 15. maí 1979.

Eggert Haukdal, frsm. Pálmi Jónsson.

Ed. 764. Nefndarálit [259. mál]

um frv. til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþ. óbreytt eins og það er komið frá neðri deild.

Alþingi, 16. maí 1979.

Helgi Seljan, form., frsm. — Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. — Bragi Sigurjónsson.
Ey. Kon. Jónsson. — Bragi Níelsson. — Þorv. Garðar Kristjánsson.
Soffía Guðmundsdóttir.

Ed. 765. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 59/1978.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum og mælir með samþykkt þess.

Nefndin telur þó, að í reglugerð, sem tryggingaráð kemur til með að semja, verði um að ræða fastari tengsl við húðsjúkdómadeild Landsspítalans en gert er ráð fyrir í núverandi gerð frumvarpsins.

Ragnhildur Helgadóttir var fjarverandi við endanlega afgreiðslu málsins í nefndinni.

Alþingi, 16. maí 1979.

Bragi Níelsson, form., frsm. — Helgi Seljan, fundaskr. — Oddur Ólafsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson. — Geir Gunnarsson. — Bragi Sigurjónsson.

Nd. 766. Breytingartillaga [177. mál]

við frv. til l. um húsaleigusamninga.

Frá Gunnari Thoroddsen og Eggert Haukdal.

Við 76. gr. Greinin falli burt.

Nd. 767. Breytingartillaga [270. mál]

við frv. til laga um aðstoð við þroskahefta.

Frá Sverri Hermannssyni og Páli Péturssyni.

25. gr., a-liður, orðist svo:
Ríkissjóður skal árlega leggja sjóðnum til allt að 1000 milljónir króna.

Nd. **768. Lög** [65. mál]

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 71.

Nd. **769. Lög** [238. mál]

um námsgagnastofnun.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 481.

Nd. **770. Lög** [147. mál]

um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 644.

Nd. **771. Lög** [265. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. lög nr. 2 11. febr. 1970, lög nr. 66 30. apríl 1973 og lög nr. 71 31. maí 1976 um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 547.

Nd. **772. Lög** [24. mál]

um breyting á lögum nr. 107 28. okt. 1970, um félagsheimili.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 446.

Ed. **773. Frumvarp til laga** [263. mál]

um eftirlaun til aldraðra.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. maí.)

Samhljóða þskj. 541 með þessum breytingum:

25. gr. hljóðar svo:

Kostnaður af greiðslu eftirlauna samkvæmt II. kafla þessara laga, greiðslu uppbótar á þau eftirlaun og greiðslu sérstakrar uppbótar á lífeyri samkvæmt II.

kafla laga um Lífeyrissjóð bænda, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1977, skal skiptast sem hér segir:

1. Allir launaskattsgreiðendur, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi, skulu greiða eftirlaunaiðgjald er nemur 0.5% af launaskattsstofni eigin vinnu, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1965, enda greiði þeir ekki iðgjöld af þeirri vinnu í lífeyrissjóð. Aldrei skal þó greiða eftirlaunaiðgjald af hærri launaskattsstofni en sem á vantar, að greidd séu iðgjöld til lífeyrissjóðs vegna hlutaðeigandi manns af árstekjum miðað við fullt starf og 10% lífeyrissjóðsiðgjald.

   Eftirlaunaiðgjald þetta skal innheimt á sama hátt og launaskattur.
2. Allir lífeyrissjóðir, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, skulu leggja fram 1% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum. Þó skal framlag aldrei reiknast af hærri fjárhæð en sem svarar 10% af iðgjaldsskyldum tekjum hvers sjóðsfélaga samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi sjóðs.
3. Þeir lífeyrissjóðir, sem ekki eiga aðild að samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni lífeyrissjóða frá 22. júní 1977, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1977, skulu auk 1% framlags af iðgjaldatekjum skv. 2. lið þessarar gr. leggja fram 4% af sömu tekjum.
4. Að öðru leyti skulu ríkissjóður, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður standa að jöfnu undir kostnaði af greiðslum samkvæmt þessari málsgrein.

Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla framlag hvers lífeyrissjóðs samkvæmt 2. og 3. lið 1. málsgr. í byrjun hvers árs. Gjalddagi hins áætlaða framlags er 1. apríl, en endanlegt uppgjör skal fara fram fyrir 1. júlí næsta ár á eftir. Ráðherra getur að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna kveðið á um skilgreiningu iðgjalda og sett reglur um, hvernig bókfærslu iðgjalda skuli hagað í þessu sambandi, dráttarvexti af ógreiddum framlögum og nánari framkvæmd ákvæðis þessarar greinar.

Ákvæði þessarar greinar skulu endurskoðuð í árslok 1981, sbr. 21. og 22. gr.

26. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1980. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 63/1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum ásamt lögum nr. 33/1976 og lögum nr. 67/1977 um breytingar á þeim lögum. Ákvæði nefndra laga skulu þó gilda áfram um eftirlaun fyrir greiðslutímabil 1. sept. 1979. Sama gildir um útgjöld til sérstakrar uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1977 um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. janúar 1980 skal ríkisstjórnin leggja fram frumvarp til laga sem létti greiðslubyrðar á Atvinnuleysistryggingasjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða tryggi þeim nýja tekjustofna.

Nd. 774. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, um breyting á þeim lögum.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Alþingi hefur í dag samþykkt svohljóðandi tillögu til þingsályktunar um iðngarða, sem Eggert Haukdal og Guðmundur Karlsson fluttu í upphafi þessa þings:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um byggingu iðnaðaðarhúsnæðis með samstarfi einstaklinga, félagasamtaka og sveitarstjórna og með stuðningi ríkisins. Hafa skal samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð, Byggðasjóð, Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna. Könnun þessari og undirbúningi skal hraðað svo sem unnt er.“

Hugmyndin um iðngarða hefur verið til umræðu nokkur undanfarin ár og var meðal annars rædd víða á iðnkynningarári. Hér er um þjóðþrifamál að ræða, og þarf vel að vanda allan undirbúning, eins og gert er ráð fyrir í þeirri þingsályktun, sem Alþingi hefur nú afgreitt.

Sú tillaga, sem hér liggur fyrir í frv. um að stofna í Iðnlánasjóði sérstaka lánadeild iðngarða, getur vel komið til greina sem einn af mörgum þáttum. En frumvarpið hefur ekki hlotið nauðsynlegan undirbúning, — ekki hefur verið haft það samráð við aðila málsins, sem þurft hefði að vera. Með frumvarpinu er ekki aflað neins nýs fjár í þessu skyni, heldur ákveðið að taka 250 milljónir í 4 ár, alls einn milljarð króna, af almennu ráðstöfunarfé Iðnlánasjóðs og rýra þannig útlánagetu hans.

Við teljum eðlilegt að hafa þann hátt á um undirbúning iðngarða, sem Alþingi hefur þegar samþykkt, og ætti að mega, ef vel er unnið, að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um iðngarða, að loknum vandlegum undirbúningi í samráði við samtök iðnaðarins, Samband íslenskra sveitarfélaga og þær lánastofnanir, sem hlut eiga að máli.

Við leggjum því til, að frumvarpið verði nú afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem Alþingi hefur þegar samþykkt þingsályktun um að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um iðngarða í samráði við ýmsa aðila og í trausti þess, að frumvarp til slíkrar löggjafar verði lagt fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 15. maí 1979.

Gunnar Thoroddsen, frsm. Jósef H. Þorgeirsson.

Ed. 775. Nefndarálit [295. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Háskóla Íslands, nr. 84/1970, sbr. l. nr. 7/1971, 67/1972, 88/1973, 3/1975 og 45/1976.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og kvatt til viðtals rektor og ritara Háskólans. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, Ragnhildur Helgadóttir, var fjarstaddur þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 16. maí 1979.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Bragi Nielsson, fundaskr. Ólafur Ragnar Grímsson.

Alexander Stefánsson. Helgi Seljan.

Nd. 776. Frumvarp til laga [313. mál]

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Eggert Haukdal, Friðjón Þórðarson, Lárus Jónsson, Matthías Bjarnason, Ólafur G. Einarsson, Pálmi Jónsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Á eftir fyrri málslið fyrri mgr. 3. gr. laga nr. 80 frá 1938 komi nýr málsliður:

Skylt er að viðhafa hlutfallskosningu innan stéttarfélaga með 300 félagsmenn eða fleiri til stjórnar og trúnaðarstarfa, við kosningu fulltrúa til landssambandsþinga og þinga heildarsamtaka, ef 1/5 hluti félagsmanna krefst þess. Við kjör stjórna á landssambandsþingum og á þingum heildarsamtaka skal viðhafa hlutfallskosningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú lýðræðiskrafa hefur lengi verið uppi, að hlutfallskosningar verði teknar upp í stéttarfélögum. Hafa frumvörp í þá átt verið borin fram á Alþingi. Nú nýlega hefur þessi krafa verið ítrekuð. Á fundi verkalýðsráðs Sjálfstæðisflokksins, sem haldinn var að Hellu á Rangárvöllum 14. og 15. október 1978, var gerð eftirfarandi samþykkt:

„Ráðstefnan felur stjórn verkalýðsráðs að hefja nú þegar undirbúning að gerð lagafrumvarps um hlutfallskosningar við stjórnar- og fulltrúakjör í launþegasamtökunum. Stóraukið vald samtaka þessara og beiting þess á sviði efnahags- og atvinnumála þjóðarinnar gerir þá kröfu til Alþingis, að það setji slík lög. Slík löggjöf mun draga úr hættu á því, að valdi samtakanna sé misbeitt í pólitískum tilgangi, og tryggja eftirlit og gagnrýni lýðræðislega kjörins minni hluta."

Á fundinum var samþykkt að óska eftir því við þingflokk Sjálfstæðisflokksins að taka mál þetta til flutnings á Alþingi. Nokkru síðar var haldinn sameiginlegur fundur verkalýðsráðs og þingflokks um þetta mál og önnur, sem rædd voru á Hellufundinum.

Í febrúar 1979 sendi þingflokkur og miðstjórn Sjálfstæðisflokksins frá sér ítarlega stefnuyfirlýsingu um efnahagsmál o. fl. og ber hún heitið „Endurreisn í anda frjálshyggju". Í áttunda kafla þessarar stefnuyfirlýsingar er fjallað um kjaramál og skyld atriði. Þar er því lýst yfir, að Sjálfstæðisflokkurinn skuli stuðla að því „að koma á hlutfallskosningum í stéttarfélögum".

Með þessu frv. er lagt til, að innan stéttarfélaga með 300 félagsmenn eða fleiri geti fimmti hluti félagsmanna krafist þess, að hlutfallskosning sé viðhöfð til stjórnar og annarra trúnaðarstarfa og við kosningu fulltrúa til landssambandsþinga og þinga heildarsamtaka. Á þingum slíkra heildarsamtaka skal kjósa stjórnir með hlutfallskosningu.

Hlutfallskosningar er einn þáttur lýðræðis. Þær miða að því að tryggja rétt minni hluta. Hér á landi er hlutfallsfyrirkomulagið viðhaft við kosningar til Alþingis og til sveitarstjórna, en einnig til dæmis við kosningar til Búnaðarþings.

Nd. 777. Nefndarálit [273. mál]

um frv. til l. um heimild til hækkunar framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. maí 1979.

Lúðvík Jósepsson, form., frsm.	Halldór E. Sigurðsson, fundaskr.	Kjartan Ólafsson.
Matthías Á. Mathiesen.	Vilmundur Gylfason.	Finnur Torfi Stefánsson.
	Ólafur G. Einarsson.	

Ed. 778. Nefndarálit [302. mál]

um till. til þál. um leiðréttingu söluskatts af leiksýningum áhugafélaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar og leggur til að lagfæringin nái einnig til leiksýninga annarra áhugafélaga, svo sem ungmennafélaga, íþróttafélaga, kvenfélaga o. fl. slíkra.

Ragnhildur Helgadóttir var fjarverandi afgreiðslu nefndarinnar.

Alþingi, 16. maí 1979.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form.	Bragi Níelsson, fundaskr.	Alexander Stefánsson, frsm.
Helgi Seljan.	Ólafur Ragnar Grímsson.	Oddur Ólafsson.

Ed. 779. Frumvarp til laga [314. mál]

um landflutningasjóð.

Frá samgöngunefnd.

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist landflutningasjóður. Hlutverk sjóðsins er að veita stofnlán til kaupa á vöruflutningabifreiðum, er eiga að annast vöruflutninga á langleiðum og fyrir dreifbýli, og til nauðsynlegra bygginga, sem eru í beinum tengslum við slíka flutningastarfsemi.

2. gr.

Landflutningasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og lýtur yfirstjórn samgönguráðherra. Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Þar af er einn skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt skipaður formaður sjóðsstjórnar.

Tveir stjórnarmenn skulu tilnefndir af eftirtöldum aðilum:

a) Einn fulltrúi tilnefndur af Framkvæmdastofnun ríkisins.
b) Einn fulltrúi tilnefndur af Landvara, landsfélagi vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

3. gr.

Fela skal Framkvæmdastofnun ríkisins að annast vörslu, umsjón og endurskoðun landflutningasjóðs samkvæmt sérstökum samningi þar um.

4. gr.

Tekjur landflutningasjóðs eru þessar:

1. 1% gjald er innheimtist af starfsemi þeirra aðila sem eiga og reka bifreiðar til skipulagsbundinna vöruflutninga um landið, enda séu þeir fullgildir meðlimir í Landvara.

   Gjald þetta skal lagt á af skattstjórum og innheimt af innheimtumönnum ríkisins.

   Gjalddagi skal vera 1. ágúst ár hvert, og má taka gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.
2. Framlög úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
3. Tekjur af starfsemi sjóðsins að frádregnum kostnaði við rekstur hans.

Landflutningasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán til starfsemi sinnar.

5. gr.

Lán úr landflutningasjóði skulu veitt til kaupa á vöruflutningabifreiðum til skipulagsbundinna vöruflutninga á langleiðum, enda sé um nýjar bifreiðar að ræða. Einnig má veita lán úr sjóðnum til nauðsynlegra bygginga, sem beinlínis eru tengdar þessari flutningastarfsemi.

Rétt til lána úr sjóðnum eiga þeir aðilar, sem greiða gjald til sjóðsins skv. 4. gr. 1. tl.

Upphæð lána má nema allt að helmingi kaupverðs bifreiða, og lán til bygginga mega nema allt að einum þriðja hluta af kostnaðarverði eða matsverði, hvort heldur sem lægra er. Lán má veita úr stofnlánasjóðnum gegn öruggu veði í þeim bifreiðum eða byggingum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi fylgifé og réttindum, svo og vátryggingarverði þeirra. Hámarkslánstími skal vera fimm ár til kaupa á bifreiðum og tíu ár til byggingarframkvæmda.

Vextir og verðtrygging eða gengistrygging lána úr landflutningasjóði ákveðast með hliðsjón af kjörum þess fjár, er sjóðurinn hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma. Lánskjör eru háð ákvörðun ríkisstjórnarinnar skv. 11. gr. laga nr. 13/1975.

6. gr.

Verði eigendaskipti að eign, sem veðsett er landflutningasjóði, hvort heldur bifreið eða fasteign, er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðnum eigendaskipti þegar í stað.

7. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni að eignin sé veðsett landflutningasjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

8. gr.

Landflutningasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða annarra stofnana með sama hætti og ríkisbankar.

9. gr.

Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi landflutningasjóðs og framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrr á þessu þingi var lagt fram stjórnarfrumvarp um landflutningasjóð. Frumvarpið var að meginefni byggt á áliti nefndar, er samgönguráðherra skipaði í janúar 1977. Samgöngunefnd fjallaði um frumvarpið á nokkrum fundum, ræddi við hagsmunaaðila og einnig bárust skriflegar umsagnir. Fram kom, að aðeins einn þeirra aðila, er ætlað var að eiga aðild að sjóðnum, var samþykkur því að greiða það 2% gjald er renna átti í sjóðinn. Niðurstaða nefndarinnar varð því sú að flytja þetta frumvarp.

Ed. 780. Breytingartillögur [263. mál]

við frv. til laga um eftirlaun til aldraðra.

Frá Braga Níelssyni.

1. Við 21. gr. Í 1. málsgr., þar sem stendur „skal árin 1979—1981 greidd sérstök uppbót.“ skal standa: skal árin 1980—1981 greidd sérstök uppbót.
2. Við 21. gr. 2. málsgr. hefjist þannig: Lífeyrishækkanir, greiddar árin 1980—1981 af lífeyrissjóðum.
3. Við 22. gr. Þar sem stendur „skal árin 1979—1981 greidd sams konar uppbót“... skal standa: skal árin 1980—1981 greidd sams konar uppbót.
4. Við 24. gr. Þar sem stendur „á árunum 1979—1981“ skal standa: á árunum 1980—1981.
5. Við 26. gr. Þar sem stendur „Ákvæði nefndra laga skulu þó gilda áfram um eftirlaun fyrir greiðslutímabil til 1. sept. 1979“ skal standa: „Ákvæði nefndra laga skulu þó gilda áfram um eftirlaun fyrir greiðslutímabil til 1. jan. 1980.

Nd. 781. Nefndarálit [298. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningum fyrir árið 1977.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. Undirritaður meiri hluti mælir með samþykkt frv. Vilmundur Gylfason skrifar ekki undir nefndarálitið, og mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni.

Alþingi, 16. maí 1979.

Lúðvík Jósepsson, form.	Halldór E. Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Kjartan Ólafsson.
Finnur Torfi Stefánsson.	Matthías Á. Mathiesen.	Ólafur G. Einarsson.

Nd. **782. Frumvarp til laga** [263. mál]

um eftirlaun til aldraðra.

(Eftir 3. umr. í Ed., 16. maí.)

Samhljóða þskj. 541 með þessum breytingum:

21. gr. hljóðar svo:

Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt I. kafla laga þessara og tilheyra lífeyrissjóðum, sem II, kafli samkomulags Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða tekur til, skal árin 1980—1981 greidd sérstök uppbót, þannig að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun samkvæmt 1. málsgr. 6. gr. eins og þau eru samkvæmt kauptaxta 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert, í stað 5 ára meðaltals. Umsjónarnefnd eftirlauna reiknar uppbót þessa.

Lífeyrishækkanir, greiddar árin 1980—1981 af lífeyrissjóðum, er standa utan við samkomulag það, sem nefnt er í 1. málsgr., skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum, enda sé um að ræða hækkanir, sem ekki er skylt að greiða samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi lífeyrissjóðs og eru að dómi umsjónarnefndar eftirlauna hliðstæðar uppbótagreiðslum samkvæmt 1. málsgr. Sama gildir um mismun, er fram kann að koma vegna þess, að reglur lífeyrissjóðs sem aðild á að samkomulaginu, um hliðstæðar uppbætur til lífeyrisþega almennt eru hagstæðari lífeyrisþegum en ákvæði 1. málsgr.

22. gr. hljóðar svo:

Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt II. kafla laga þessara, skal árin 1980—1981 greidd sams konar uppbót og kveðið er á um í 1. mgr. 21. gr. Skulu ákvæði 2. málsgr. 21. gr. um frádrátt vegna uppbótargreiðslna úr lífeyrissjóði gilda eftir því, sem við getur átt.

24. gr. hljóðar svo:

Gjöld til uppbótargreiðslna skv. 1. mgr. 21. gr. skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti, að hver sjóður, sem aðild á að samkomulagi því, sem fram kemur í 21. gr., og undirritar samstarfssamning lífeyrissjóðs þar að lútandi, skal leggja fram 4% af iðgjaldatekjum sínum á árunum 1980—1981. Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla iðgjaldatekjur sjóðanna og ákveða framlög og gjalddaga þeirra. Umsjónarnefndin annast jafnframt skiptingu fjárins milli sjóðanna í hlutfalli við áætlaðar viðbótagreiðslur hvers þeirra vegna greiðslu hinnar sérstöku uppbótar. Það, sem á kann að skorta, að framlög af iðgjaldatekjum hrökkvi til þess að greiða þessa sérstöku uppbót, leggur hver sjóður til vegna sinna félaga, Umsjónarnefnd eftirlauna skal annast uppgjör milli sjóðanna eftir lok hvers árs. Um nánari framkvæmd þessara ákvæða skal fara eftir reglum, sem umsjónarnefnd eftirlauna setur og ráðherra staðfestir.

25. gr. hljóðar svo:

Kostnaður af greiðslu eftirlauna samkvæmt II. kafla þessara laga, greiðslu uppbótar á þau eftirlaun og greiðslu sérstakrar uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1977, skal skiptast sem hér segir:

1. Allir launaskattsgreiðendur, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi, skulu greiða eftirlaunaiðgjald er nemur 0.5% af launaskattsstofni eigin vinnu, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1965, enda greiði þeir ekki iðgjöld af þeirri vinnu í lífeyrissjóð. Aldrei skal þó greiða eftirlaunaiðgjald af hærri launaskattsstofni en sem á vantar, að greidd séu iðgjöld til

lífeyrissjóðs vegna hlutaðeigandi manns af árstekjum miðað við fullt starf og 10% lífeyrissjóðsiðgjald.

Eftirlaunaiðgjald þetta skal innheimt á sama hátt og launaskattur.

2. Allir lífeyrissjóðir, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, skulu leggja fram 1% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum. Þó skal framlag aldrei reiknast af hærri fjárhæð en sem svarar 10% af iðgjaldsskyldum tekjum hvers sjóðsfélaga samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi sjóðs.
3. Þeir lífeyrissjóðir, sem ekki eiga aðild að samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni lífeyrissjóða frá 22. júní 1977, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1977, skulu auk 1% framlags af iðgjaldatekjum skv. 2. lið þessarar gr. leggja fram 4% af sömu tekjum.
4. Að öðru leyti skulu ríkissjóður, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður standa að jöfnu undir kostnaði af greiðslum samkvæmt þessari málsgrein.

Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla framlag hvers lífeyrissjóðs samkvæmt 2. og 3. lið 1. málsgr. í byrjun hvers árs. Gjalddagi hins áætlaða framlags er 1. apríl, en endanlegt uppgjör skal fara fram fyrir 1. júlí næsta ár á eftir. Ráðherra getur að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna kveðið á um skilgreiningu iðgjalda og sett reglur um, hvernig bókfærslu iðgjalda skuli hagað í þessu sambandi, dráttarvexti af ógreiddum framlögum og nánari framkvæmd ákvæðis þessarar greinar.

Ákvæði þessarar greinar skulu endurskoðuð í árslok 1981, sbr. 21. og 22. gr.

26. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1980. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 63/1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum ásamt lögum nr. 33/1976 og lögum nr. 67/1977 um breytingar á þeim lögum. Ákvæði nefndra laga skulu þó gilda áfram um eftirlaun fyrir greiðslutímabil 1. sept. 1979. Sama gildir um útgjöld til sérstakrar uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1977 um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. janúar 1980 skal ríkisstjórnin leggja fram frumvarp til laga sem létti greiðslubyrðar á Atvinnuleysistryggingasjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða tryggi þeim nýja tekjustofna.

Nd. 783. Breytingartillaga [291. mál]

við brtt. á þskj. 745. [Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sala á landbúnaðarvörum o. fl.]

Frá landbúnaðarráðherra.

Við 2. tölulið. Við tillögugreinina bætist: enda náist jafnframt samkomulag um samdrátt í framleiðslu sauðfjár- og nautgripaafurða á næstu árum.

Sþ. 784. Nefndarálit [193. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um almannatryggingar og undirbúning löggjafar um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og telur rétt að **vísa henni til ríkisstjórnarinnar** með jákvæðri umsögn.

Alþingi, 16. maí 1979.

Páll Pétursson, form., frsm. Ellert B. Schram. Vilmundur Gylfason.
Bjarnfríður Leósdóttir. Lárus Jónsson. Gunnlaugur Stefánsson.
Ólafur Ragnar Grímsson.

Sþ. 785. Nefndarálit [105. mál]

um till. til þál. um verksmiðjuframleidd hús.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og aflað umsagna um hana frá Húsnæðismálastofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Nefndin leggur til að till. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara á árunum 1979—80 ýtarlega könnun á hagkvæmni verksmiðjuframleiddra húsa. Verði niðurstöður könnunarinnar jákvæðar verði hafin skipuleg áætlunargerð í þessu efni. Stuðst verði við reynslu annarra þjóða og þá reynslu og þekkingu, sem hér er þegar fengin. Kannað skal sérstaklega hvernig framleiðsla og í hvaða formi hentar best til lækkunar byggingarkostnaðar, svo og skulu landshlutasjónarmið höfð rækilega til hliðsjónar við áætlunargerð og aðgerðir allar.

Alþingi, 15. maí 1979.

Páll Pétursson, form., frsm. Ellert B. Schram. Vilmundur Gylfason.
Bjarnfríður Leósdóttir. Lárus Jónsson. Gunnlaugur Stefánsson.
Ólafur Ragnar Grímsson.

Sþ. 786. Nefndarálit [255. mál]

um till. til þál. um auknar framkvæmdir í uppbyggingu símakerfisins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til að henni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 16. maí 1979.

Páll Pétursson, form., frsm. Ellert B. Schram. Vilmundur Gylfason.
Bjarnfríður Leósdóttir. Lárus Jónsson. Gunnlaugur Stefánsson.
Ólafur Ragnar Grímsson.

Ed. 787. Nefndarálit [295. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Háskóla Íslands, nr. 84/1970, sbr. l. nr. 1971, 67/1972, 88/1973, 3/1975 og 45/1976.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Minni hlutinn getur ekki fallist á að samþykkja frumvarpið óbreytt, þar eð ekki verður séð að þörf sé á því að Háskóli Íslands reki lyfjabúð. Minni hlutinn leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu er hann gerir tillögu um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. maí 1979.

Oddur Ólafsson.

Ed. 788. Breytingartillaga [295. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um Háskóla Íslands, nr. 84/1970, sbr. l. nr. 7/1971, 67/1972, 88/1973, 3/1975 og 45/1976.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

28. gr. falli niður.

Ed. 789. Lög [141. mál]

um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 474 (sbr. 196).

Ed. 790. Lög [190. mál]

um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 686 (sbr. 660).

Ed. 791. Lög [92. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 59/1978

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 643.

Ed. 792. Lög [259. mál]

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 661 (sbr. 531).

Ed. 793. Nefndarálit [226. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta á tveimur fundum og fengið til viðræðu við sig fiskifræðingana Guðna Þorsteinsson og Aðalstein Sigurðsson.

Þá hefur nefndin fengið til skoðunar álitsgerð Hafrannsóknastofnunarinnar um nýtingu skarkolastofnsins. Einnig hefur nefndin kynnt sér andmæli handfæraveiðimanna á Þingeyri og í Súgandafirði við ákvæðum frv.

Að athuguðu máli leggur nefndin til að frv. verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Geir Gunnarsson.

Alþingi, 17. maí 1979.

Karl Steinar Guðnason, varaform., frsm., með fyrirvara.	Alexander Stefánsson, fundaskr., með fyrirvara.	Guðmundur Karlsson.
Soffía Guðmundsdóttir.	Oddur Ólafsson.	Ágúst Einarsson.

Ed. **794. Frumvarp til barnalaga.** [315. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til skilgetinna barna og óskilgetinna, en um kjörbörn eru sérlög. Einstök ákvæði laganna ná einnig til stjúpbarna og fósturbarna samkvæmt því sem í þeim segir.

Réttarstaða barna er í hvívetna hin sama, hvort sem þau eru skilgetin eða óskilgetin, nema lög mæli annan veg.

Í lögum þessum er mælt fyrir um framfærslu barna að einkarétti, en ekki gagnvart hinu opinbera, nema sérstaklega sé getið.

II. KAFLI
Faðerni skilgetins barns.

2. gr.

Það barn er skilgetið, sem alið er í hjúskap móður barnsins eða svo skömmu eftir hjúskaparslit, að það sé hugsanlega getið í hjúskapnum, enda sé ekki vefengt á þann hátt, sem síðar segir, að barn sé skilgetið.

Nú giftast foreldrar óskilgetins barns eftir fæðingu þess, og telst barnið þá skilgetið.

Nú var sambúð foreldra barns óslitin samkvæmt því, sem greinir á þjóðskrá, eða samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum, síðasta árið áður en barn fæddist, og telst það þá skilgetið.

Nú hefur sambúð foreldra barns staðið óslitið, sbr. 3. mgr., í 2 ár eftir fæðingu barns, og telst það þá skilgetið upp frá því.

Eigi raskar það réttarstöðu barns, þótt hjúskapur foreldra þess sæti ógildingu með dómi.

3. gr.

Barn, sem 2. gr. tekur til, telst barn eiginmanns (sambúðarmanns) móður barnsins, uns faðerni er hnekkt samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

4. gr.

Mál til vefengingar á faðerni barns geta höfðað eiginmaður (sambúðarmaður) móður barns, móðir þess, barnið sjálft og lögráðamaður barns, sem sérstaklega er skipaður, ef því er að skipta. Ennfremur að eiginmanni látnum sá erfingi hans, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum.

Eiginmaður (sambúðarmaður) móður barnsins skal höfða mál innan eins árs frá því að hann fékk vitneskju um atvik, sem orðið getur efni til þess að vefengja faðerni barns, og þó eigi síðar en innan fimm ára frá fæðingu barnsins Nú er eiginmaður (sambúðarmaður) látinn, en málshöfðunarfrestur þó ekki liðinn, og getur þá sá er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir hinn látna, höfðað vefengingarmálið innan 6 mánaða frá því, að hann fékk vitneskju um fæðingu barnsins og dauða eiginmannsins.

Dómsmálaráðherra getur heimilað, að mál verði höfðað eftir lok fresta þeirra, sem greinir í 2. málsgr., ef alveg sérstaklega stendur á.

5. gr.

Vefengingarkrafa samkvæmt 4. gr. verður því aðeins tekin til greina, að sannað sé, að móðir barns hafi haft samfarir við annan mann en þann, sem telst faðir barns, samkv. 2. gr. sbr. 3. gr., og telja verði, að barnið sé ávöxtur þeirra samfara eða ef telja verður örugglega vegna erfðaeiginda barns eða af öðrum sérstökum ástæðum, að eiginmaður (sambúðarmaður) móður sé ekki faðir barns.

Nú voru móðir barns og eiginmaður hennar skilin að borði og sæng á getnaðartíma barns eða eiginmaður (sambúðarmaður) og barnsmóðir voru eigi samvistum sakir ósamlyndis á þeim tíma, og á þá 1. málsgr. því aðeins við, að sannað sé, að þau hafi haft samfarir á getnaðartíma barnsins.

Ákvæði 2. málsgr. á einnig við, ef barn er getið, áður en móðir þess giftist manni þeim, sem talinn er faðir barns samkv. 2. málsgr. 2. gr.

6. gr.

Vefengingarmál skulu rekin og dæmd þar á dómþingi, sem segir í 46. gr. Þeir dómarar fjalla um mál, sem dæma almenn einkamál.

Játning aðilja kemur aðeins til greina sem sönnunargagn, og er aðildareiður óheimill.

Nú er eiginmaður (sambúðarmaður) móður barns látinn, áður en mál er höfðað, og má þá beina máli gegn búi hans.

Um meðferð og rekstur mála þessara fer að öðru leyti samkvæmt því sem segir 56. gr.

III. KAFLI

Faðerni óskilgetinna barna.

7. gr.

Það barn er óskilgetið, sem ekki hefir réttarstöðu skilgetins barns samkvæmt 2. gr., svo og barn, sem faðerni þess hefir sætt vefengingu með dómi eftir reglum II. kafla.

8. gr.

Nú gengst karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, við faðerni barns fyrir presti eða valdsmanni eða bréflega og vottfast, og telst hann þá faðir barnsins. Ef barnsfaðir er yngri en 18 ára, þegar yfirlýsing er uppi látin, skal hún styrkt með staðfestingu lögráðamanns.

9. gr.

Nú er lýstur barnsfaðir geðveikur eða sálrænum högum hans er að öðru leyti þannig háttað, að varhugavert er að taka mark á yfirlýsingu hans, og skal dómur þá ganga á mál.

Hið sama er, ef upp kemur, að fleiri menn en hinn lýsti faðir hafa haft samfarir við móður á getnaðartíma barnsins, enda verði eigi talið fyrirfram, að faðerni annarra en þess, er gangast vill við faðerni, sé útilokað.

10. gr.

Nú er faðernisviðurkenning fengin með nauðung, svikum, misneytingu eða hún á rót að rekja til mistaka eða hún er málamyndagerningur, og er þá hægt að krefu þess, sem gengist hefir við barni eða lögráðamanns hans, að dæma hana ógilda. Sama er, ef gögn koma fram, er sýna, að maður þessi geti ekki verið faðir barnsins.

Nú er mál höfðað samkv. 1. málsgr., og á þá 51. gr. við.

11. gr.

Dómsmálaráðherra getur mælt svo fyrir, að faðernisviðurkenning, sem fengin er erlendis, sé jafngild faðernisviðurkenningu, sem fengist hefir hér á landi.

12. gr.

Sá maður telst faðir óskilgetins barns, sem sannað er, að hafi haft samfarir við móður þess á getnaðartíma barns, nema gögnum sé til að dreifa, sem geri það lítt sennilegt, að hann sé faðir barnsins.

Nú sannast að móðir barns hefir haft samfarir við fleiri menn en einn á getnaðartíma barnsins, og verður þá varnaraðili í barnsfaðernismáli því aðeins dæmdur faðir barns, að verulega meiri líkur séu á, að hann sé faðir barnsins en annar eða aðrir, sem til greina hafa komið.

Aðildareiður er óheimill.

Í dómsmáli út af faðerni barns verður varnaraðili ekki dæmdur meðlagsskyldur, nema hann sé dæmdur faðir barns.

Dómsmálaráðherra kveður í reglugerð á um framkvæmd blóðrannsókna og mannerfðafræðilegra rannsókna í barnfaðernismálum, sbr. 51. gr.

13. gr.

Um meðferð og rekstur máls til ákvörðunar á faðerni barna fer að ákvæðum IX. kafla laga þessara.

IV. KAFLI

Framfærsla barna.

14. gr.

Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að framfæra börn sín. Framfærslu barna skal haga með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barna. Ákvæði þetta á einnig við um kjörbörn og kjörforeldra.

Skylt er stjúpforeldri að framfæra stjúpbarn sitt, svo sem eigið barn þess væri. Sama á við um sambúðarforeldri.

Nú er barn í fóstri, sbr. 35. gr. laga nr. 53/1966, án meðlagsgreiðslna, og er þá fósturforeldri skylt að framfæra fósturbarn sitt með sama hætti og væri það eigið barn þess.

15. gr.

Nú fullnægir foreldri ekki framfærsluskyldu sinni gagnvart barni, og getur valdsmaður þá úrskurðað það til greiðslu framfærslueyris með því.

Framfærslueyri skal ákveða með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsaðstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þ. á m. aflahæfi þeirra.

Nú hefir faðir barns sætt dómi fyrir skírlífisbrot gagnvart móður þess, og ætla má, að barn sé getið við slíkt brot og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barns að öllu leyti.

16. gr.

Í meðlagsúrskurði skal auk fulls nafns meðlagsskylds foreldris tilgreina nafnnúmer þess og fæðingarstað, svo og heimilisfang þess, stöðu og atvinnustað á þeim tíma, sem meðlagsúrskurður er gefinn út.

Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri nemur, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma í lögum um almannatryggingar, né heldur takmarka meðlagsskyldu meðlagsskylds foreldris við lægri lágmarksaldur en þann, er greinir í 17. gr. laga þessara. Frá gildistöku laga þessara skal greiða meðlag með barni, skilgetnu og óskilgetnu, þar til það nær framangreindum aldri, þótt annað aldurstakmark hafi verið ákveðið í meðlagsúrskurði.

Aðiljar þeir, er greinir í 23. málsgr., 2. mgr., geta skotið úrskurði valdsmanns um meðlag til dómsmálaráðuneytis innan 3 mánaða frá því, að úrskurður gekk. Úrskurður ráðuneytisins er fullnaðarúrskurður um fjárhæð meðlags.

17. gr.

Framfærsluskyldu lýkur, er barn verður 18 ára. Skyldu til greiðslu meðlags lýkur fyrir þann tíma, ef barn giftist, nema valdsmaður ákveði annað. Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar barns er heimilt að ákveða allt til þess, er barn nær 24 ára aldri.

Ákvæði 20. gr. 1. málsgr. eiga við um ákvarðanir valdsmanns samkv. 1. málsgr.

18. gr.

Meðlag skal greiða mánaðarlega fyrirfram, nema annað sé löglega ákveðið.

Ekki leysir andlát barns eða ættleiðing þess undan skyldu til greiðslu meðlags fram til þess, að andlát eða ættleiðingu bar að höndum.

19. gr.

Heimilt er að úrskurða framfærsluskyldan (meðlagsskyldan) aðilja til að inna af hendi sérstök framlög vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, vegna sjúkdóms eða greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni.

Framlög samkvæmt 1. málsgr. verða því aðeins úrskurðuð, að krafa um það sé uppi höfð við valdsmann innan þriggja mánaða frá því, að svara varð til útgjalda, nema eðlileg ástæða hafi verið til að bíða með slíka kröfu.

20. gr.

Valdsmaður getur breytt meðlagsúrskurði, ef rökstudd beiðni kemur fram um það, enda sé sýnt fram á, að hagir foreldra eða barns hafi breyst, sbr. og 24. gr.

Ákvörðun um framfærslueyri, sem eindagaður er, áður en beiðni er uppi höfð, verður þó ekki breytt, nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess, og almennt ekki lengra aftur í tímann en í eitt ár, frá því að beiðni var sett fram.

21. gr.

Samningar um framfærslueyri með börnum eru því aðeins gildir, að valdsmaður staðfesti þá. Eigi er heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri, eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar, og eigi má takmarka meðlagsgreiðslu við lægri aldur barna en þann, sem greinir í 17. gr.

22. gr.

Staðfestur samningur um framfærslueyri, sbr. 21. gr., er því ekki til fyrirstöðu, að valdsmaður skipi máli annan veg en samningur kveður á um, enda telji hann að aðstæður hafi breyst verulega eða samningur gangi í berhögg við þarfir barns.

23. gr.

Framfærslueyrir samkvæmt ákvæðum þessa kafla tilheyrir barni. Nú er greidd af hendi fúlga til þess að fullnægja framfærsluskyldu, og skal þá varðveita fúlguféð með þeim hætti, sem fyrir er mælt almennt um fé ófjárráða, sbr. 39. gr. laga nr. 95/1947.

Sá, sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns, getur krafist þess, að framfærslueyrir sé ákveðinn og innheimtur, enda hafi viðkomandi forsjá barns eða hafi haft hana, er forsjárskyldu lauk, eða hafi barnið í fóstri samkvæmt lögmætri skipan. Nú hefir verið innt af hendi framfærslufframlag af hendi almannavalds, og hefir þá viðkomandi stjórnvald eða stofnun rétt þann, sem í 1. málslið greinir.

24. gr.

Ákvörðun á framfærslueyri með börnum við skilnað foreldra hlítir ákvæðum þessa kafla eftir því sem við getur átt, þ. á m. um breytingu á ákvörðunum um framfærslueyri.

V. KAFLI

Barnsfararkostnaður o. fl. greiðslur, er standa í tengslum við barnsburð og getnað.

25. gr.

Valdsmaður getur úrskurðað föður barns til að greiða barnsfararkostnað og framfærslueyri með konu samtals í þrjá mánuði fyrir og eftir fæðingu barns.

Nú sýkist kona vegna meðgöngu eða barnsfara, og er valdsmanni þá rétt að úrskurða barnsföður til að greiða henni mánaðarlega styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en 9 mánuði eftir fæðingu.

Skylda má menn til greiðslu framlaga samkvæmt þessari grein, þótt barn fæðist andvana.

26. gr.

Hafi barnsfaðir orðið sannur að slíku tilræði við barnsmóður sem um getur í 3. málsgr. 15. gr., skal valdsmaður úrskurða hann til að greiða allan kostnað, er af meðgöngu og barnsförum stafar.

Valdsmaður getur enn fremur úrskurðað þann, sem valdur er að þunga konu til að greiða útgjöld vegna lögmætrar eyðingar á fóstri hennar.

27. gr.

Framlög þau, sem greind eru í 25. gr. og 26. gr. 1. málsgr., eru gjaldkræf þegar við ákvörðun á þeim, ef barn er þá fætt, og endranær á því tímamarki, er valdsmaður ákveður. Framlög samkv. 26. gr. 2. málsgr. eru gjaldkræf við úrskurðun þeirra.

Framlög samkv. 1. málsgr. verða ekki ákvörðuð lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að beiðni var sett fram, nema alveg sérstakar ástæður leiði til annars.

Framlög samkv. 25. og 26. gr. tilheyra móður barns eða þeirri opinberu stofnun, er staðið hefir straum af útgjöldum þeim, sem hér getur verið um að ræða.

VI. KAFLI

Greiðsla framfærslueyris og innheimtuúrræði.

28. gr.

Framfærslueyrir (meðlag) með börnum, sem valdsmaður hefir úrskurðað, er lögtakskræfur, sbr. 1. og 7. gr. laga nr. 29/1885. Hinu sama gegnir um greiðslur, sem **valdsmaður úrskurðar samkv. 19., 25. og 26. gr., sbr. 27. gr.**

Greiðslur samkv. 1. málsgrein, sem samningur aðilja tekur til, staðfestur af valdsmanni, eru einnig lögtakskræfar.

29. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða foreldri barns, sem á framfærslurétt hér á landi, og öðrum þeim aðiljum, sem greinir í 31. gr., framfærslueyri (meðlag) með barni, skilgetnu eða óskilgetnu, samkvæmt yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns, er greinir í almannatryggingalögum, svo sem þau mæla fyrir um þetta atriði hverju sinni, sbr. 14. og 73. gr. laga nr. 67/1971, 3. gr. laga nr. 96/1971 og 9. gr. laga nr. 62/1974.

Kröfu foreldris til Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja meðlagsúrskurður, löglega birtur. Tryggingaráð getur þó heimilað greiðslu barnalífeyris, eftir að barnsfaðernismál er höfðað, sbr. 45. gr. eða þegar skilríki þykja liggja fyrir um, að barn verði ekki feðrað.

Um kröfu þessa svo og endurgreiðslu vegna hennar gilda að öðru leyti ákvæði 73. gr laga nr 67/1971.

Eigi foreldri, sem skyldað hefir verið til greiðslu framfærslueyris samkv. 1. málsgr., framfærslurétt erlendis, skal ríkissjóður endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins fjárhæðir þær, sem úrskurðaðar eru.

30. gr.

Um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna barnsfararkostnaðar og framfærslueyris, sbr. 25. gr. 1. málsgr., fer svo sem segir í 74. gr. laga nr. 67/1971.

Foreldri á aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um þær greiðslur, sem greinir í 19. gr. og barnsmóðir um greiðslur samkvæmt 25. gr. 2. málsgr. og 26. gr. 1. málsgr. þessara laga, enda fer um endurkröfurétt Tryggingastofnunarinnar eftir því sem mælt er fyrir um í 74. sbr. 73. gr. laga nr. 67/1971.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur, má ákveða hámark þeirra greiðslna, sem Tryggingastofnunin innir af hendi samkv. 1. og 2. málsgr.

31. gr.

Þeir, sem annast framfærslu barns að foreldri látnu eða af öðrum lögmæltum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins, hafi hún greitt fé til framfærslu þess, eiga sama rétt og foreldri samkvæmt 28.—30. gr.

32. gr.

Um framkröfurétt Tryggingastofnunar ríkisins gagnvart Innheimtustofnun sveitarfélaga fer samkvæmt 73. og 74. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Um skyldu foreldris til að greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga meðlög og um innheimtuúrræði þeirrar stofnunar segir í 5., sbr. 3. gr. laga nr. 54/1971.

VII. KAFLI

Lögsaga íslenskra dómstóla um faðerni barna o. fl.

33. gr.

Mál um faðerni barna er heimilt að höfða hér á landi, ef varnaraðili á lögheimili hér á landi eða dvelst hér á landi eða dánarbú hans sætir skiptameðferð hér á landi eða hefir sætt slíkri meðferð hér.

Slík mál má enn fremur höfða hér á landi, ef móðir barns eða barnið á lögheimili hér á landi.

Víkja má frá reglum 1. og 2. málsgr. með samningum við erlent ríki.

Um varnarþing í faðernismálum fer eftir því sem segir í IX. kafla um slík mál.

34. gr.

Nú er barnsfaðernismál höfðað gegn manni, sem staddur er erlendis og tekur eigi til varna í máli, og metur dómari þá eftir að gagna hefir verið aflað með þeim hætti, sem fyrir er mælt um mál þessi, hvort unnt sé að leyfa barnsmóður að styrkja framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Að svo búnu tekur hann mál til efnisúrlausnar. Nú er varnaraðili dæmdur faðir barns, og er þá unnt að kveða upp úrskurð um meðlag og barnsfararkostnað á grundvelli dómsins, en úrskurð skal kveða upp á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins greiðslur þær, er hún innir af hendi samkvæmt þessu. Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir greiðslur þessar hjá föður barns eftir því sem fært reynist.

Nú færir barnsmóðir fullnægjandi sönnur að mati valdsmanns, þar sem hún á lögheimili, á faðerni barns samkv. 2. og 8. gr., sbr. 11. gr., en barnsfaðir er heimilisfastur erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hans og skal þá valdsmaður úrskurða henni meðlag og barnsfararkostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir greiðslur þessar hjá föður barns eftir því sem fært reynist.

Nú hefur faðir barns forsjá þess, en meðlagsúrskurður verður eigi gefin út á hendur barnsmóður af því að hún er heimilisföst erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hennar. Skal valdsmaður þá úrskurða honum meðlag á hendur Tryggingastofnun ríkisins, og fer það að öðru leyti svo sem segir í 2. mgr.

VIII. KAFLI
Foreldraskyldur, forsjá barns og umgengnisréttur.

35. gr.

Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barna og þörfum. Foreldrum ber að afla börnum sínum lögmæltrar fræðslu og ala með þeim iðjusemi og siðgæði.

Barnið á rétt á forsjá foreldra sinna uns það verður sjálfráða, en einstakar forsjárskyldur geta þó haldist lengur, ef þarfir barns krefjast þess. Um framfærsluskyldu segir í 17. gr.

Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir forsjáraðilja til að ráða persónulegum högum barnsins og gegna öðrum foreldraskyldum. Þeir, sem hafa forsjá barns á hendi, hafa rétt og skyldu til að vera fjárráðamenn barnsins, sbr. 24. gr. laga nr. 95/1947.

Foreldrum ber að stuðla eftir mætti að því, að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika þess og áhugamál.

Foreldrum ber að hafa samráð við börn sín, áður en persónulegum málefnum þeirra er ráðið til lykta, eftir því sem gerlegt er, þ. á m. með tilliti til þroska barns.

Ákvæði þessarar greinar eiga við um kynforeldri, kjörforeldri, stjúpforeldri, sambúðarforeldri, sbr. 2. gr. 3. málsgr., og fósturforeldri, sbr. 14. gr. 3. málsgr.

36. gr.

Skilgetið, ósjálfráða barn á rétt á forsjá foreldra, sem búa samvistum, og eru þau forsjárskyld við barnið.

Nú eru foreldrar skilin að borði og sæng eða lögskilin, og fer þá um forsjá barns samkvæmt því, er segir í skilnaðarbréfi eða dómi, sbr. 38. gr.

Nú gengur lögskilið foreldri, sem hefir forsjá barns síns, í hjúskap að nýju, og er forsjá barns þá einnig í höndum stjúpforeldris. Ef lögskilið foreldri stofnar til sambúðar, sbr. 2. gr. 3. málsgr., er forsjá barns einnig hjá sambúðarforeldri. Ákvæði þessarar málsgreinar á einnig við um sambúðarfólk, er slítur samvistir, þar sem öðru foreldri hefir verið fengin forsjá barns.

Nú er annað foreldri látið, og hefir hitt þá forsjá barns og stjúpforeldri að auki, ef foreldri gengur að nýju í hjúskap, og að sínu leyti sambúðarforeldri, ef foreldri hefir stofnað til sambúðar, sbr. 2. gr. 3. málsgr. Nú eru báðir kynforeldrar barns látnir, en stjúpforeldri eða sambúðarforeldri er á lífi, og hefir það þá forsjá barns, nema önnur skipan sé á gerð af hálfu almannavalds.

37. gr.

Ósjálfráða barn ógiftra foreldra, sem saman búa, en er þó eigi skilgetið, sbr. 2. gr., á rétt á forsjá þeirra beggja, og eru þau forsjárskyld við það samkvæmt 35. gr.

Nú búa foreldrar óskilgetins barns eigi saman, sbr. 2. gr. 3. mgr., og á þá barnið rétt á forsjá móður, sem er forsjárskyld við það, samkvæmt 35. gr., eða föður, ef honum hefir verið falin forsjá barnsins. Stjúpforeldri hefir einnig forsjá barns, ef því er að skipta, svo og sambúðarforeldri, sbr. 2. gr. 3. málsgr. Nú andast móðir barns eða faðir, sem falin hefir verið forsjá barnsins, og fer þá stjúpforeldri (sambúðarforeldri) með forsjá barnsins, en ella hitt kynforeldrið, nema almannavald geri aðra skipan á.

Um forsjá barna foreldra, sem búið hafa saman ógift, sbr. 2. gr. 3. málsgr., og slita samvistir fer sem í 38. gr. segir.

Faðir ósjálfráða barns, sem eigi er skilgetið, getur óskað þess, að dómsmálaráðuneytið kveði svo á, að honum sé falin forsjá barns síns, þ. á m. ef móðir barns er ekki hæf til að hafa á hendi forsjá þess, svo og ef móðir barns hefir veitt samþykki sitt til að barn sé ættleitt. Ráðuneytið ræður þessu máli til lykta eftir því, sem best hentar hag barns, og skal þá m. a. tekið tillit til tengsla barns við föður að undanförnu.

38. gr.

Nú slíta foreldrar, sem eru giftir, eða búa saman, sbr. 2. gr. 3. málsgr., samvistir. Ákveða þau þá, hvort þeirra fari með forsjá barns, nema í bága komi við þarfir barnsins. Í síðastgreinda tilvikinu, svo og þegar foreldra skilur á, skal ráða málefni til lykta með úrlausn dómsmálaráðuneytis, að fenginni umsögn barnaverndarnefndar, eftir sanngirni og því, sem best hentar hag og þörfum barns. Forsjá barns skal vera óskipt hjá öðru foreldrinu. Nú er hvorugt foreldra hæft til að fara með forsjá barns, að dómi barnaverndarnefndar (barnaverndarráðs), og skal dómsmálaráðuneytið þá skipa máli eftir því sem best hentar hag og þörfum barnsins.

Forsjármálum skal ávallt skipa, þegar leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng og við úrlausn um lögskilnað. Dómsmálaráðuneyti eða dómstóll geta ákveðið til bráðabirgða, hvernig fara skuli um forsjá barns foreldra, sem krafist hafa skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar. Dómsmálaráðuneytið getur og mælt fyrir um slíka skipan vegna samvistarslita foreldra, sem búið hafa saman ógift, sbr. 2. gr. 3. málsgr. Ákvæði 1. málsgr. eiga hér við að sínu leyti. Breyta má þessum ákvörðunum vegna breyttra aðstæðna. Ákvörðun til bráðabirgða bindur ekki hendur úrskurðarvalds, þegar skipa skal forsjá barns til frambúðar.

Um ákvörðun framfærslueyris með barni vegna samvistarslita foreldra fer samkvæmt ákvæðum IV. kafla, sbr. m. a. 24. gr.

39. gr.

Samningi foreldra um forsjá barns, sbr. 38. gr., má breyta með ákvörðun dómsmálaráðuneytisins, ef aðiljar eru sammála um að ráðuneytið leysi úr málinu, eða með dómi. Breyting skal því aðeins á gerð, að slíkt teljist réttmætt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnsins.

Nú hefir dómsmálaráðuneytið mælt fyrir um, hvernig haga skuli forsjá barns, og getur ráðuneytið þá að ósk annars foreldris breytt ákvörðun sinni í þessu efni, ef breyting þykir réttmæt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barsins. Sama er að sínu leyti um dómstól, sem kveðið hefir á um það, að annað foreldri skuli hafa forsjá barns.

40. gr.

Nú er forsjá barns aðeins í höndum annars foreldris, og á barnið þá rétt á umgengni við hitt foreldra sinna, enda er foreldri skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum, er að því lúta. Ef sérstök atvik valda því að mati dómsmálaráðuneytisins, að umgengni barns við foreldri sé andstæð hag þess og þörfum, getur ráðuneytið kveðið svo á, að umgengnisréttar njóti ekki við.

Ef foreldrar verða sammála um, hvernig skipa skuli umgengnisrétti skal eftir því farið, nema sú skipan komi í bága við hag og þarfir barnsins að mati dómsmálaráðuneytisins. Ef foreldra greinir á um þetta efni, kveður dómsmálaráðuneytið á um inntak þess réttar og hversu honum verði beitt, nema ráðuneytið telji rétt að synja um umgengnisrétt, eins og á stendur, sbr. 1. málsgr. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar, þegar ástæða þykir til þess, svo og liðsinnis hennar eða sérstaklega tilnefnds tilsjónarmanns í sambandi við framkvæmd umgengnisréttarins.

Nú torveldar það foreldri, sem hefir forsjá barns, að hitt fái að umgangast barnið, og getur dómsmálaráðuneytið þá knúið það að viðlögðum allt að 5 000 króna dagsektum, er renni til ríkissjóðs, til að láta af tálmunum. Öðrum lagaúrræðum verður eigi beitt til framdráttar umgengnisrétti.

Nú er annað foreldri barns látið eða bæði, og geta nánir ættingjar látins foreldris þá krafist þess, að dómsmálaráðuneytið mæli fyrir um umgengnisrétt þeirra við barn. Ráðuneytið ræður máli til lykta eftir því sem best hentar hag barnsins.

Ágreiningsefni út af umgengnisrétti lúta ávallt úrlausn dómsmálaráðuneytisins, sem breytt getur ákvörðunum sínum að ósk annars foreldris, ef hagur og þarfir barns gera slíkt réttmætt.

41. gr.

Nú hefir forsjármáli eigi verið ráðið til lykta, og getur dómsmálaráðuneytið þá að ósk annars foreldris lagt svo fyrir, að það foreldra, sem barn hefir hjá sér, megi ekki fara úr landi með barnið.

Nú hefir annað foreldra umgengnisrétt við barn, og má hitt foreldra þá eigi flytjast með barnið úr landi, nema því foreldra, sem umgengnisréttinn á, sé veitt færi á að tjá sig um málið og þ. á. m. bera mál undir dómsmálaráðuneytið.

42. gr.

Foreldrar geta falið öðrum forsjá barna að nokkru leyti eða öllu. Þeir geta þó hvenær sem er tekið í sínar hendur forsjá barnsins, nema almannavald telji barninu hentara, að ráðstöfun haldist, sbr. lög 53/1966, 36. gr. 3. málsgr. Ákvæði þetta á ekki við um ættleiðingu.

Ef sá, sem fer með forsjá barns, misbeitir forráðum sínum eða vanrækir forsjárskyldur, eða hann er hneigður til drykkjuskapar eða annarra lasta eða óhæfur af öðrum ástæðum til forsjár, og getur dómsmálaráðuneytið þá svipt hann forsjá barns og falið öðrum forsjá þess, sbr. og lög 53/1966, m. a. 26. og 36. gr. Nú er annað foreldri slíkum annmarka háð, og má þá fela hinu að fara með forsjá barnsins.

Almannavald getur svipt foreldri, annað eða bæði, forsjá barns eftir því sem lög mæla fyrir um.

IX. KAFLI

Mál til faðernis barna.

a. Faðerni óskilgetinna barna.

43. gr.

Barnsfaðernismál má höfða á heimilisvarnarþingi móður eða föður, sbr. og 3. málsgr.

Nú á móðir ekki varnarþing hér á landi, og skal þá höfða mál á varnarþingi varnaraðilja eða því varnarþingi, sem hann átti síðast hér á landi, ef hann er farinn af landi eða ókunnugt er, hvar hann er niður kominn, eða á varnarþingi, þar sem með bú hans er farið.

Höfða má mál á varnarþingi barns, ef varnarþingi hér á landi samkvæmt 1. og 2. málsgrein er ekki til að dreifa, eða fyrir öðrum dómstóli hér á landi samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.

Nú flyst aðili úr lögsagnarumdæmi, áður en nokkrar aðiljaskýrslur eru teknar í máli, og má þá vísa máli til dómstóls á þeim stað, þar sem varnarþing verður eftir flutning aðilja.

44. gr.

Sóknaraðili barnsfaðernismáls er móðir barns eða barnið sjálft. Nú hefir móðir barns höfðað mál, og sóknaraðili andast, áður en máli er lokið, og getur þá einstaklingur eða það sveitarfélag, sem við framfærslu barns hefir tekið að nokkru eða öllu, haldið áfram málinu.

Varnaraðili máls er sá maður eða þeir menn, sem eru taldir hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns. Nú er varnaraðili látinn, áður en mál er höfðað, og má þá höfða það á hendur búi hans, að tilstefndum skiptaráðanda eða skiptaforstjóra, ef opinber skipti eru á höfð, en ella gegn erfingjum.

Ef víst má þykja eða líklegt, að fleiri hafi haft samfarir við móður á getnaðartíma barns, skal stefna þeim báðum eða öllum.

Nú er málsaðili yngri en 18 ára, og skal lögráðamaður þá koma fram fyrir hönd skjólstæðings síns í málinu. Sama er, ef málsaðili er sviptur lögræði.

45. gr.

Barnfaðernismál er höfðað, þegar dómari hefir veitt viðtöku ósk frá réttum aðilja um, að málið sæti rannsókn og dómsmeðferð.

Meðan á rannsókn og meðferð barnsfaðernismáls stendur, á barnsmóðir krōfu á liðsinni barnaverndarnefndar, eftir því sem dómari telur þörf á. Sama er um barn, ef það er sóknaraðili.

Sóknaraðili barnsfaðernismáls skal hafa gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti.

46. gr.

Barnfaðernismál eru rekin og dæmd á bæjarþingi eða aukadómþingi. Dómendur í málum þessum eru héraðsdómarar utan Reykjavíkur, en yfirsakadómari og sakadómarar í Reykjavík.

Mál þessi sæta almennri meðferð einkamála, nema annan veg sé mælt í lögum.

47. gr.

Dómari semur og gefur út stefnu í málum þessum og sér um birtingu hennar, og gildir það einnig, þegar ákveðið er að draga inn í mál nýja varnaraðilja. Ekki er þörf á stefnu í máli, ef varnaraðili kemur fyrir dóm eftir kvaðningu dómara.

Birta má stefnu í Lögbirtingablaði, ef varnaraðili á hvorki heimili hér á landi né dvelst hér.

Lögreglumenn eru skyldir til að veita dómara lið til að leita uppi lýstan barnsföður og færa hann fyrir dómara til skýrslutöku, svo og að aðstoða við framkvæmd blóðtöku á aðiljum máls, ef því er að skipta, eða við aðra sérfræðilega mannerfðarannsókn.

48. gr.

Læknir eða ljósmóðir, sem tekur við barni, skal þegar skrá skýrslu um öll þau atriði, er af má ráða um þroska barnsins, eftir því sem nánar segir í stjórnvaldsreglum um störf þessi. Spyrja skal móður um faðerni barns og skrá skýrslu hennar um það, og skal sú skýrsla greind í kirkjubók (manntalsbók). Gæta skal þess, að fram komi, ef barn er óskilgetið, að móðir lýsi tiltekinn mann föður barns, en eigi má fortakslaust greina hann föður, nema viðurkenning hans liggi fyrir eða önnur úrlausn um faðerni barns.

49. gr.

Dómari skal af sjálfsdáðum afla allra upplýsinga og gagna til skýringar málinu.

Dómari ákveður, hverjir skulu kvaddir til aðiljayfirheyrslu og hverjir skuli krafðir vættis í málinu, svo og hverra yfirlýsinga og álitsgerða skuli leitað af hendi sérkunnáttumanna og svo annarra sönnunargagna.

Ákvæði laga nr. 85/1936 um útivist málsaðilja eða áhrif þess að hreyfa eigi andmælum við staðhæfingum gilda eigi um mál samkvæmt þessum kafla.

Dómari getur ákveðið að taka skýrslur af vitnum án þess að málsaðiljar séu viðstaddir, en jafnan skal tilkynna málsaðiljum hvenær dómþing fari fram, þar sem vitni komi fyrir dóm.

50. gr.

Nú er maður yfirheyrður sem málsaðili eða vitni í barnsfaðernismáli, og er honum þá skylt að skýra frá því, hvort hann hafi haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns.

Barnsmóður er skylt að skýra frá því í slíku máli, hverjir hafi haft samfarir við hana á getnaðartíma barns.

Dómari getur látið sækja aðilja máls með valdi til að gefa skýrslu fyrir dómi, konuna þó ekki, ef hún er sóknaraðili máls, enda skal vísa máli frá dómi, ef hún neitar að gefa skýrslu, sem henni er unnt að gefa fyrir dómi, eða neitar að leggja sig eða barnið undir blóðrannsókn eða aðra sérfræðilega rannsókn, sem dómari mælir fyrir um.

51. gr.

Dómari getur mælt fyrir um, að blóðrannsókn sé gerð á móður barns og barninu svo og varnaraðiljum, og ennfremur aðrar sérfræðilegar kannanir, þ. á m. mannerfðafræðilegar rannsóknir. Eru viðkomendur skyldir til að hlíta blóðtöku, svo og annarri rannsókn í þágu sérfræðilegra kannana. Dómari getur kveðið svo á, að blóðrannsókn og mannerfðafræðileg rannsókn skuli fram fara á foreldrum og eftir atvikum systkinum barnsmóður og varnaraðilja, svo og á öðrum börnum barnsmóður og öðrum börnum lýsts barnsföður.

52. gr.

Dómari leysir úr sakarefni án tillits til þeirra krafna, sem uppi eru hafðar í málinu.

Um lyktir barnsfaðernismáls og efnislega úrlausn fer svo sem segir í 12. gr.

53. gr.

Dómþing í barnsfaðernismálum skulu háð fyrir luktum dyrum. Fulltrúi barnaverndarnefndar getur sótt dómþing með barnsmóður eða barni.

Nú er dómur í barnsfaðernismáli prentaður eða birtur með öðrum hætti opinberlega, og skal þá gæta leyndar um nöfn þeirra, stöðu og heimili sem greindir eru í dóminum.

54. gr.

Dómari barnsfaðernismáls annast um birtingu dóms.

55. gr.

Nú er óskað endurupptöku á barnsfaðernismáli, sem dæmt hefir verið í héraði, en ekki áfrýjað til Hæstaréttar, og skal þá héraðsdómari, þar sem leyst hefir verið úr máli, meta það, hvort endurupptaka verði leyfð. Ber að beita við það mat meginreglum 59. gr. laga nr. 75/1973. Ákvörðun héraðsdóms sætir kæru, sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Umsókn um endurupptöku skal berast héraðsdómi eigi síðar en einu ári eftir að málsaðili fékk vitneskju um atvik þau, sem umsókn styðst við, og þó eigi síðar en 5 árum frá fæðingu barns. Dómsmálaráðherra getur lengt fresti þessa, ef alveg sérstaklega stendur á.

Nú hefir barnsfaðernismál sætt dómi Hæstaréttar, og ákveður Hæstiréttur þá samkvæmt 59. gr. laga nr. 75/1973, hvort endurupptaka skuli leyfð. Ákvæði 1. málsgr. um fresti til að hafa uppi kröfu, eiga hér einnig við, þó svo, að ráðherra leitar umsagnar Hæstaréttar, áður en afstaða er tekin til lengingar frests. Ef endurupptaka er leyfð getur Hæstiréttur ákveðið, að mál skuli tekið til meðferðar að nýju í héraðsdómi.

Nú er endurupptaka leyfð, og er þá heimilt í nýjum efnisdómi að taka ákvörðun um endurgreiðslu meðlaga og annarra fjárgreiðslna, sem inntar hafa verið af hendi samkv. fyrri dómi.

b. Mál til vefengingar á faðerni skilgetinna barna.

56. gr.

Um aðild máls fer svo sem segir í 4. gr. um málsmeðferð eftir því sem mælt er fyrir um í 6. gr. og um úrslit samkvæmt því sem á er kveðið í 5. gr.

Nú er mál höfðað af eiginmanni (sambúðarmanni), og ber þá að öðru leyti að beita almennum reglum um meðferð einkamála í héraði. Ákvæði 44. gr. 2. og 4. málsgr., 49. gr. 3. málsgr. 52. gr. 1. málsgr., 53. gr. og 54. gr. og 55. gr. eiga þó við um þessi mál. Nú telur dómari, að kröfur eiginmanns séu studdar verulegum rökum, og má þá einnig beita ákvæðum 51. gr. Nú er barn sóknaraðili vefengingarmáls, og á þá 3. málsgr. 45. gr. við um mál.

X. KAFLI
Gildistaka og brottfallin lög.

57. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1980.

Dómsmálaráðherra getur sett fyrirmæli um einstök atriði, er varða framkvæmd laganna. Dómsmálaráðuneytið skal kynna almenningi efni laga þessara, þegar eftir setningu þeirra.

58. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi, sbr. þó 2. málsgr., lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna nr. 57/1921 og lög nr. 91/1971, er breyta þeim lögum, svo og lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna nr. 87/1947 ásamt breytingarlögum nr. 32/1954, 27/1971 og 92/1971, svo og 22. gr. 2.—4. málsgr. og 23. gr. laga um lögræði nr. 95/1947. Þá fellur enn fremur úr gildi XVIII. kafli laga nr. 85/1936, sbr. þó 2. málsgr.

Ákvæði II., III. og IX. kafla laga þessara, að undanskilinni 4. og 54. gr., taka til þeirra barna einna, sem fædd eru eftir gildistöku laganna. Ákvæðum 4. og 54. gr. laganna skal þó einnig beitt varðandi börn sem fædd eru fyrir gildistöku laganna. Hinu sama gegnir um ákvæði IV., V. og VI. kafla, um framfærslueyri og önnur framlög en þó aðeins að því er varðar tímabilið eftir gildistöku laganna, nema annars sé sérstaklega getið. Reglur 16.—23. gr. eiga einnig við, þegar tiltekinn maður eða menn hafa verið dæmdir meðlagsskyldir með barni án þess að skorið hafi verið úr um faðerni samkv. löggjöf, er gilti fyrir gildistöku laganna.

Eiginmaður (sambúðarmaður) móður getur höfðað mál samkv. 4. gr., uns 2 ár eru liðin frá gildistöku laga þessara, þótt meira en 5 ár séu liðin frá fæðingu barns.

Lög þessi raska eigi ákvörðunum á faðerni eða meðlagsskyldu, sem átt hafa sér stað fyrir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til barnalaga var lagt fyrir Alþingi vorið 1976 og síðan haustið 1976 og haustið 1977, en hlaut ekki afgreiðslu. Frv. til ættleiðingarlaga var hins vegar afgreitt vorið 1978, sbr. lög nr. 15/1978. Sifjalaganefnd, sem er fastanefnd um sifjamálefni á vegum dómsmálaráðuneytisins, samdi frv. til barnalaga. Nefndin hefir nú farið að nýju yfir frv. og gert á því nokkrar breytingar. Síðan frv. var upphaflega samið hafa m. a. verið sett ný lagaákvæði um barnsfaðernismál og framfærslueyri með börnum o. fl. í Finnlandi (1975) og ný lagaákvæði um forsjárskyldur foreldra og skipan forsjármála í Svíþjóð (1976) og breyttar reglur um forsjá barna í Danmörku (1978). Í Noregi hefir komið fram allviðamikil álitsgerð nefndar um barnalöggjöfina ásamt tillögum til nýrra laga (1977), en frv. hefir enn eigi verið lagt fyrir Stórþingið. Hefir sifjalaganefnd kynnt sér lög þessi, frumvörp og önnur gögn svo og fylgst að öðru leyti með nýmælum í grannlöndum á síðustu árum. Einstakir nefndarmenn í sifjalaganefnd hafa flutt erindi um fyrra frv. til barnalaga og tekið þátt í umræðum um það. Allsherjarnefnd Neðri deildar bárust umsagnir frá þremur aðiljum um frv. þetta. Hefir nefndin tekið afstöðu til ábendinga, sem fram hafa komið á framangreindum fundum, og svo í umsögnum til allsherjarnefndar.

Barnalög og lög um vernd barna og ungmenna eru um margt af sama bergi brotin að því er varðar félagsleg viðhorf og hugarstefnur. Er mikilvægt að samræma stefnumiðin í þessum lagabálkum. Tekið skal fram, að á Norðurlöndum hefur þó eigi verið farin sú leið að fella þessi tvenn lög í einn og sama lagabálk. Er frv. þetta einnig reist á þeirri lagastefnu.

Hér á eftir fer greinargerð með frv. Jafnframt eru birt í lok hennar nokkrar athuganir og ábendingar um atriði, sem nefndin hefir fjallað um, án þess að slíkt leiddi til breytinga á fyrra frv. Vill sifjalaganefnd vekja sérstaka athygli á þeim.

Greinargerð.

Sifjalaganefnd hefir samið frumvarp þetta. Í nefndinni eiga sæti dr. Ármann Snævarr, hæstaréttardómari, formaður, frú Auður Auðuns, alþingismaður, Baldur Möller, ráðuneytisstjóri og Guðrún Erlendsdóttir, hæstaréttarlögmaður, sem jafnframt hefir verið ritari nefndarinnar. Ýmis atriði frv. hafa verið rædd við embættismenn og aðra sérfróða menn um framkvæmd einstakra þátta þeirra mála, sem frv. tekur til. Við samningu frv. hefir verið höfð mikil hliðsjón af erlendum lögum, einkum norrænu barnalögunum, sem eru tiltölulega ný af nálinni. Þá hefir verið leitast við að kanna framkvæmd barnalaga hér á landi og ganga úr skugga um, hverra úrbóta sé helst þörf. Kostað hefir verið kapps um að endurskoða lög þessi með tilliti til yngri laga, er varða þetta réttarsvið, þ. á m. almannatryggingalaga, framfærslulaga, barnaverndarlaga og hjúskaparlaga. Æskilegt þótti að endurskoða ákvæði réttarfarslaga, er tengjast barnalögum.

Tekið skal fram, að ákvæði frv. þessa ganga miklum mun lengra í að tryggja réttarstöðu óskilgetinna barna en ákvæði Evrópuráðs-sáttmála um það efni frá 15. október 1975 stefna að. Virðist ekkert því til fyrirstöðu að fullgilda þann sáttmála á grundvelli núgildandi laga.

Íslenskt þjóðfélag sker sig að einu leyti úr félagslega í sambandi við börn, þar sem er hinn mikli fjöldi óskilgetinna barna hér á landi, sem til skamms tíma hefir verið miklu hærri en hjá því þjóðfélgi norrænu, sem næst hefir komist, og eru þó hlutfallslega fleiri börn óskilgetin á Grænlandi en hér. Hlýtur þetta atriði að vekja til sérstakrar umhugsunar, þegar frv. til barnalöggjafar er samið. Þess er þó að geta, að á síðustu árum er hundraðstala óskilgetinna barna í Svíþjóð og Danmörku farin að nálgast þessa tölu hér á landi, sbr. III. hér á eftir.

I.

Íslensk löggjöf um börn, stöðu þeirra að lögum og tengsl þeirra við foreldra var í brotum, uns barnalögin frá 1921 voru sett, þ. e. lög nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna og lög nr. 46/1921 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Þau lög voru eftirtekja af norrænni lagasamvinnu, og hafði próf. Lárus H. Bjarnason veg og vanda af samningu frv. til þeirra laga. Þessi lög fjölluðu um stöðu barna að einkarétti, en ekki gagnvart almenningsvaldi. Lögin náðu þó ekki til kjörbarna, og var það ekki fyrr en 1953, að lög voru sett um ættleiðingu (nr. 19/1953). Sérstök lög um fósturbörn hafa ekki verið sett hér þótt einstök ákvæði í lögum varði þau, sbr. t. d. barnaverndarlög nr. 53/1966, 35. og 36. gr.

Að báðum barnalögunum frá 1921 var hin mesta réttarbót. Hvorttveggja var, að þar voru sett ákvæði um ýmis atriði, sem lög skorti um hér á landi, og svo voru lög nr. 46/1921 sérstaklega markverð fyrir þá sök, að þau stórbættu hlut óskilgetinna barna og mæðra þeirra. Var og hinn mesti akkur í því að fá heildarlöggjöf um þessi efni í stað dreifðra ákvæða, sem á stundum var óvíst, hvort væru gildandi lög.

Lög nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna hafa tekið nokkrum stakkaskiptum, einkum að því leyti að einstök ákvæði þeirra hafa verið felld niður og skipað í aðra löggjöf og sætt þá gagngerðri endurskoðun. Á þetta við um ákvæði laganna um foreldravald, 20.—22. gr., sem nú er skipað með 22. og 23. gr. lögræðislaga nr. 95/1947, og erfðaákvæði laga nr. 57/1921, 24. og 25. gr., sem nú er skipað með 50. og 51. gr. erfðalaga nr. 8/1962 (áður með erfðalögum nr. 42/1949 30. gr., sem afnámu þó ákvæðin ekki að formi til). Þá var 16. gr. 2. málsgr. laga nr. 57/1921 niður

felld með lögum nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Með lögum nr. 91/1971 var loks bætt við tveimur greinum, 29. og 30. gr., þar sem óheimilað er að ákveða lægri meðlagsgreiðslu með skilgetnu barni eða takmarka meðlagsgreiðsluna við lægri aldur barna en þegar um er að ræða óskilgetin börn, og tekur það einnig til greiðslna frá 1. janúar 1972, þótt áður hafi verið ákveðið lægra aldurstakmark. Sbr. einnig um þetta efni lög nr. 92/1971, er breyta lögum nr. 87/1947, og getið verður hér á eftir.

Lög nr. 46/1921 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna geymdu m. a. ákvæði um mál til faðernis barna, sbr. 3. og 5.—16. gr. Þessi ákvæði voru tekin til endurskoðunar, er lög um meðferð einkamála í héraði voru samin (nr. 85/1936), og skipað með XVIII. kafla þeirra laga, en 3.—16. gr. laga nr. 46/1921 voru jafnframt numin úr lögum. 4. gr. laga nr. 46/1921 fjallaði um viðurkenningu á faðerni óskilgetinna barna, og mun það ákvæði hafa verið fellt niður af misskilningi, er eml. voru sett, er ekki geymdu ákvæði um þetta efni.

Lögin nr. 46/1921, svo breytt, voru síðan tekin til heildarendurskoðunar árið 1946 og sett þá ný heildarlög nr. 87/1947. Endurskoðunin stefndi fyrst og fremst að því að samræma lögin við almannatryggingalögin frá 1946. Fólu þau í sér mikilvægar réttarbætur til handa móður óskilgetins barns, þar sem henni var m. a. búinn réttur á hendur Tryggingastofnun ríkisins, ef meðlagsúrskurður var kveðinn upp og birtur. Meðlag, er kræft var úr hendi stofnunarinnar, var þó miðað við barnalífeyri, eins og hann var ákveðinn á hverjum tíma. Í lögunum var það nýmæli m. a., að barn hlaut í hvívetna stöðu sem skilgetið barn væri, ef foreldrar þess giftust. Sérstök ákvæði voru og sett um viðurkenningu á faðerni barns. Í lögum nr. 87/1947 var ennfremur lögfest sú regla, að óslitin sambúð foreldra barns frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og allt til 2 ára eftir fæðingu jafngilti faðernisviðurkenningu.

Ákvæðin í IV. kafla laga nr. 46/1921 um foreldravald voru tekin til endurskoðunar og skipað að nýju í lögræðislögum nr. 95/1947, 22. og 23. gr., þar sem eru samfelld ákvæði um foreldravald yfir börnum.

Erfðaákvæði laga nr. 46/1921 voru tekin upp í lög nr. 87/1947. Þeim var breytt efnislega með erfðalögum nr. 42/1949 og að nýju með erfðalögum nr. 8/1962, en hvor lögin um sig rýmkuðu stig af stigi um erfðarétt óskilgetinna barna eftir föður og föðurfrændur. Voru erfðaákvæði laga nr. 87/1947, 17. og 20. gr., numin úr gildi með erfðalögum nr. 8/1962, 62. gr. Nokkur önnur ákvæði laga nr. 46/1921 sættu og breytingum, þótt hér verði eigi rakið.

Með lögum nr. 32/1954, sem lögfestu ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 87/1947, voru sett sérákvæði um börn varnarliðsmanna, og var veitt heimild til að kveða upp meðlagsúrskurð, ef dómari taldi, að undangenginni rannsókn, að gerlegt væri að leyfa barnsmóður að heitfesta skýrslu sína um, að tiltekinn varnarliðsmaður væri faðir barns hennar. Var þar með gengið feti lengra en með almenna ákvæðinu í 12. gr. laga nr. 87/1947.

Ákvæði 19. gr. laga nr. 87/1947, er fór með reglu varðandi það, hvaða lands lögum skyldi beita, er persónustaða barns var ákveðið, var afnumin með lögum nr. 39/1958. Mun sakarefni það, sem dæmt var í Hæstarétti 24. október 1958 (hrd. XXIX, bls. 651) hafa valdið mestu um þá lagabreytingu. Segir svo í dóminum, að ákvæði 19. gr. laga nr. 87/1947 hafi verið „illsamrýmanlegt þeirri gömlu meginreglu íslensks réttar, að persónuleg réttarstaða manna skuli fara að íslenskum lögum, ef hann á heimilisfang á Íslandi, og hefur eigi verið bent á dæmi þess, að téðri 19. gr. hafi verið beitt um forræði yfir börnum".

Á árinu 1971 voru enn gerðar tvennar breytingar á lögum nr. 87/1947 með lögum nr. 27 og 92 frá því ári. Með fyrri lögunum var gerð breyting á 8. gr. laga nr. 87/1947, er mælti m. a. fyrir um þau atriði, sem greina skyldi í meðlagsúrskurði, og vörðuðu persónuauðkenni á meðlagsskyldum aðila (einkum nafnnúmer hans). 11. gr. laga nr. 87/1947 var breytt með lögum nr. 27/1971 einkum að því er varðaði það atriði, að Tryggingastofnun var ekki skylt að greiða meðlag, sem eindagað er meira en 6

mánuðum áður en krafa barnsmóður kom fram, en þetta tímabil var í eldri lögum 12 mánuðir, Tryggingaráð getur þó úrskurðað móður meðlög fyrir allt að 18 mánaða tímabil, áður en krafa þessi var upp höfð samkv. því, er segir í lögum nr. 27/1971. Þá var mælt um endurkröfurétt Tryggingastofnunar ríkisins á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga vegna greiddra barnsmeðlaga, en áður átti Tryggingastofnun aðgangsrétt að framfærslusveit barnsföður (meðlagsskylds). Stafaði sú breyting af tilhögun þeirri um innheimtu barnsmeðlaga, sem á var komið með lögum nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Síðast var lögum nr. 87/1947 breytt með lögum 92/1971, er kveður svo á, að frá 1. janúar 1972 skuli greiða barnsmeðlög, þar til barn nær þeim aldri, er á hverjum tíma gildir um greiðslu barnalífeyris samkvæmt almannatryggingalögum, þótt í meðlagsúrskurði hafi verið ákveðið annað aldursmark. Stóð sú breyting í tengslum við 14. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971, er mælti svo fyrir að barnalífeyrir skyldi greiddur með börnum yngri en 17 ára, og þurfti þá breytingu á lögum nr. 87/1947, svo að unnt væri að endurheimta meðlag, greitt með 16 ára unglingi, hjá barnsföður. Þetta nýja ákvæði var og gert afturvirkt, þ. e. það tók til allra greiðslna frá 1. janúar 1972 og gildir um meðlagsúrskurði, sem gengu fyrir gildistöku laganna.

Sérstök ástæða er til að minna á breytingu, sem gerð var með lögum nr. 96/1971, 3. gr. á 14. gr. laga nr. 67/1971, en samkv. því ákvæði er Tryggingaráði heimilað að greiða barnalífeyri með ófeðruðu barni, ef gögn um faðerni barns þykja fullnægjandi.

II.

Nokkurt samstarf hefir átt sér stað milli Norðurlandaþjóða á síðustu árum til samræmingar á barnalöggjöf, þótt ekki sé það jafnvíðtækt og við mótun hjúskaparlaga. Á sjötta áratugnum störfuðu norrænar samstarfsnefndir að endurskoðun tiltekinna atriða í barnalöggjöfinni, einkum varðandi ákvæði um vefengingu á faðerni skilgetinna barna, um niðurfellingu ættleiðingar, svo og um faðerni barna, sérstaklega með hliðsjón af hinni öru þróun, sem orðið hefir í blóðflokkavísindum og um aðrar mannerfðaeigindir. Hafa ný lagaákvæði verið lögfest um þessi efni, sbr. norsk lög nr. 9 og 10 frá 1956, finnsk lög nr. 409/1957, sbr. lög frá 1975, og dönsku barnalögin nr. 200/1960, og sænsk lög Föräldrabalken frá 1949 ásamt síðari breytingum. Meðal nýmæla í norrænni barnalöggjöf síðustu ár má nefna eftirfarandi atriði, sem engan veginn eru þó tæmandi:

1. Í Danmörku og Svíþjóð hefir verið farin sú leið að fella saman í einn lagabálk lög um skilgetin börn og óskilgetin, sbr. barnalögin frá 1960, og sænska foreldrabálkinn frá 1949. Í Finnlandi og Noregi eru þó sín lög um hvort þessara efna um sig, en finnskt frv. liggur fyrir, sem stefnir í framangreinda átt.
2. Á hinum Norðurlöndunum hafa verið lögfest ákvæði um vefengingu á faðerni skilgetinna barna, sem draga nokkuð úr kröfunum um sönnun fyrir því, að eiginmaður móður geti ekki verið faðir barns, ef faðerni þess er vefengt, einkum þegar sannað þykir, að þriðji maður hafi haft samfarir við móður barns á hugsanlegum getnaðartíma þess.
3. Um óskilgetin börn vekur það einna mesta athygli, að lögfest hafa verið ákvæði, er taka fyrir, að varnaraðili í barnsfaðernismáli út af óskilgetnu barni verði dæmdur meðlagsskyldur með barni og þá einnig að fleiri en einn maður verði dæmdir meðlagsskyldir in solidum. Þá hefir eiði móður eða lýsts barnsföður einnig verið útrýmt að mestu leyti, ýmist með lögum eða lagaframkvæmd.
4. Erfðaréttarstaða óskilgetinna barna hefir tekið stakkaskiptum til hins betra hin síðari ár, og hefir íslenzk löggjöf þar verið í fararbroddi meðal norrænna laga. Lokastigið í þeirri þróun eru sænsk lög frá 1970, en Svíar urðu síðastir Norðurlandaþjóða til að bæta erfðaréttarstöðu óskilgetinna barna.

5. Mönnum hefir á síðustu árum verið mjög hugað um umgengnisréttinn svonefnda, þ. e. rétt þess foreldris, sem ekki hefir foreldraráð, til umgengni og samneytis við barn. Slíkur umgengnisréttur foreldris, sem ekki hefir foreldravald yfir barni vegna skilnaðar, hefir lengi verið viðurkenndur í norrænum rétti, ýmist í settum lögum eða í lagaframkvæmd, þótt ekki hafi verið við sett lög að styðjast, sbr. Noreg og Ísland, en í öllum löndunum hafa nú verið sett lagaákvæði, er að þessu lúta. Umgengnisréttur föður óskilgetins barns við barnið hefir hins vegar átt erfiðara uppdráttar, og árið 1964 dæmdi Hæstiréttur Dana t. d., að slíkum lögvörðum rétti væri ekki til að dreifa. Danir hafa nú lögfest ákvæði um slíkan umgengnisrétt með lögum nr. 257/1969, og hliðstæðum ákvæðum er til að dreifa á hinum Norðurlöndunum. Framkvæmd slíks umgengnisréttar hefir mjög verið til umræðu, m. a. á norrænum lögfræðingaþingum, og er nokkuð mismunandi gripið á því atriði í norrænni löggjöf. Athyglisvert er í þessu sambandi, að menn hafa dregið mjög í vafa, að grundvallarsjónarmiðið eigi hér að vera það, að foreldri eigi rétt á umgengni við barn — hitt sé sanni nær að líta á þessa réttarreglu frá sjónarmiði barns, þ. e. að það séu hagsmunir barnsins, sem hér eigi að ráða, og það sé réttur barnsins til umgengni við foreldri, sem marki hér grundvöll laganna. Eru ákvæðin í norsku lögunum orðuð út frá þessu grunnsjónarmiði.
6. Um ættleiðingarlög vísast til greinargerðar með frv. til ættleiðingarlaga, sbr. nú lög nr. 15/1978.

Utan Norðurlanda hefir orðið ör þróun á allra síðustu árum til úrbóta á réttarstöðu óskilgetinna barna. Má þar m. a. nefna vestur-þýzku lögin um óskilgetin börn frá 19. ágúst 1969, er geyma m. a. miklar umbætur varðandi erfðaréttarstöðu óskilgetins barns, foreldravald móður og framfærslurétt barns. Þá má benda á brezku lögin, sem nefnd eru Family Law Reform frá 1969, þar sem því er m. a. lýst, að óskilgetin börn hafi í hvívetna sömu réttarstöðu sem skilgetin börn. Í Sovét- Rússlandi bætti fjölskyldulöggjöfin frá 1968, sem er alríkislöggjöf, að ýmsu leyti hlut óskilgetinna barna, svo og fjölskyldulöggjöf hinna einstöku lýðvelda, sem komu í kjölfar allsherjarlaganna, m. a. hefir verið dregið mikið úr skorðum þeim, sem voru á höfðun barnfaðernismála samkv. grunnsjónarmiðum þeim í fjölskyldupólitík, sem mörkuð var 1944. Þegar frá eru skildar lagareglur um ákvörðun á faðerni barna, hefir jafnrétti skilgetinna barna og óskilgetinna lengi verið viðurkennt í Sovétríkjunum, og sama gegnir um önnur lönd Austur-Evrópu. Loks má hér nefna markverða hæstaréttardóma í Bandaríkjunum frá 1968, þar sem dæmt er, að lagatakmarkanir, sem gerðu hlut óskilgetinna barna lakari en skilgetinna, fengju ekki staðist vegna jafnréttisákvæða stjórnarskrár („Equal Protection Clause", 14. stjórnarskráraukinn). Á grundvelli þessara dóma hafa verið sett ný ákvæði um óskilgetin börn víða í einstökum ríkjum, er fela í sér verulegar réttarbætur.

III.

Ýmis tölfræðigögn, er varða börn og fjölskyldur.

Hér á eftir fara tölfræðigögn, er varpað geta nokkru ljósi á íslensku fjölskyldugerðina og til samanburðar að nokkru eru teknar hliðstæðar tölur frá hinum Norðurlöndunum. Taka þessi gögn til barnsfæðinga síðustu árin, hlutfalls óskilgetinna barna af heildartölu fæddra barna, fjölda ættleiðinga, og svo fjölda hjónavígslna og fjölda sambúðarfólks, sem skráð er á þjóðskrá o. fl. Sýna þessar tölur m. a., að barnsfæðingum fer talsvert fækkandi og hlutfallstala óskilgetinna barna hækkar, en þó ekki mjög ört. Þá má ráða af tölunum, að óvígð sambúð fer í vöxt, og koma þó ekki öll kurl til grafar með hinum skráðu sambúðartilvikum. Bent skal á, að eigi nýtur við almennrar tölfræðilegrar skýrslugerðar um það, hversu mikill fjöldi óskilgetinna barna elst upp með ógiftum foreldrum, er saman búa, og

eigi heldur hve mikill hluti barna, sem eru óskilgetin við fæðingu, hljóta síðar stöðu skilgetinna barna við það, að foreldrar ganga í hjúskap, sbr. þó f og g hér á eftir. Er ætlandi, að það sé allverulegur hluti barna þessara. Þá eru eigi tiltækar almennar skýrslur um fjölda stjúpbarna og fósturbarna. Um sambúðartilvikin er ástæða til að benda á, að rannsóknir skortir t. d. á því, hve löng sambúðin sé að meðaltali og hversu henni ljúki, þ. á m. með hjúskap, og svo m. a. hver sé ástæðan til þess að allmikill hluti fólks velur þetta sambúðarform og eigi hjúskap. Um könnun á stöðu barna fæddra 1970, og ferli þeirra allt til 1. desember 1975 vísast til Hagtíðinda 1978, aprílheftis, sbr. f og g hér á eftir.

a. Barnafæðingar.

Samkvæmt hagskýrslum hafa barnafæðingar verið svo sem hér segir á síðustu áratugum, miðað við heildartölu landsmanna (í 0/00):

1941—1945	24,7	1970	19,7
1946—1950	27,6	1971	20,7
1951—1955	28,0	1972	22,3
1956—1960	28,2	1973	21,7
1961—1965	25,4	1974	19,9
1966	24,0	1975	20,1
1967	22,2	1976	19,5
1968	21,0	1977	18.0
1969	20,0		

b. Samanburðartölur.

Ef svonefnt brúttófólksfjölgunarhlutfall er lagt til grundvallar, þ. e. meðalfjöldi lifandi fæddra dætra, sem hver kona muni ala á öllum barnafæðingaraldrinum (yfirleitt 15—44 ára), miðað við núgildandi frjósemishlutfall, koma fram eftirfarandi tölur innan Norðurlanda árin 1966, 1972, og 1977:

	1966	1972	1977
Ísland	1.75	1.51	1.14
Danmörk (án Færeyja og Grænlands)	1.27	0.99	0.81
Finnland	1.14	0.71	0.83
Noregur	1.39	1.16	0.85
Svíþjóð	1.15	0.93	0.80
Færeyjar	1.90		1.35
Grænland	3.04		1.13

Hefir Ísland lengi verið meðal þeirra landa í Evrópu, sem hafa hæsta fæðingartölu. Mikil hlutfallsleg fækkun hefur orðið á barnsfæðingum á því stutta tímabili, sem hér er miðað við, og á það við hvarvetna á Norðurlöndum. Raunar gegnir þessu einnig yfirleitt um lönd í Evrópu, þótt samanburðartölur séu eigi settar fram hér til að leiða það í ljós.

c. Hlutfall (hundraðstala) óskilgetinna barna miðað við heildarfjölda barna hér á landi.

1876—1885	20,0	1956—1960	25,3
1886—1895	19,3	1961—1965	25,7
1896—1905	14,8	1966—1970	29,8
1906—1915	13,2	1971	31,1
1916—1920	13,5	1972	32,4
1926—1930	14,5	1973	33,8
1931—1935	18,6	1974	33,7
1936—1940	23,2	1975	33,0
1946—1950	26,2	1976	34,3
1951—1955	26,6	1977	36,0

Skýrslur um þetta efni eru til óslitið frá 1827.

Taflan sýnir, að um aldarskeið hefir tala óskilgetinna barna hér á landi verið há, lægst á árabilinu 1906—1920, en hæst árið 1977.

d. Hlutfall óskilgetinna barna á Íslandi og hinum Norðurlöndunum síðustu ár.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
1971—75 (meðaltal %)	16.8	7.9	32.8	9.0	27.6
1975	21.7	10.1	34.2	10.9	32.4
1976	24.0	10.1	34.2	10.9	33.2
1977	25.9	11.1	36.0	11.6	34.7

Athyglisvert er, hve mikil hlutfallsleg fjölgun hefir orðið á óskilgetnum börnum síðustu árin, einkum í Danmörku og Svíþjóð, og er ekki orðinn neinn grundvallarmunur á þessum tölum hér á landi og í þeim löndum tveimur. Ber það væntanlega m. a. vott um, að sambúð ógiftra foreldra fer í vöxt og giftingartölur hafa lækkað sérstaklega í þeim löndum tveimur.

Í Hollandi, Belgíu, Sviss og Vestur-Þýskalandi er aðeins 2—6% barna óskilgetin, en eilítið hærri í öðrum löndum Austur-Evrópu.

e. Óskilgetin börn og óvígð sambúð foreldra.

Síðan 1961 hefur komið fram í töflum Hagstofunnar, hvernig óskilgetin börn skiptast á mæður í og utan óvígðrar sambúðar, en greinimark í því efni er það, hvort lögheimili foreldra er hið sama, er barn fæðist (börn trúlofaðs fólks, er eigi býr saman, er talið falla utan sambúðar).

Töflurnar eru á þessa lund:

	Lifandi fædd börn alls	Skilgetin börn	Óskilgetin börn í óvígðri sambúð	Óskilgetin börn utan sambúðar	Alls
1961—65	100.0	74.3	13.4	12.3	25.7
1966—70	100.0	70.4	11.5	18.1	29.6
1971—75	100.0	67.2	12.0	20.8	32.8
1976	100.0	65.8	16.3	17.9	34.2

Hér er miðað við aðstæður við fæðingu barns. Sýna töflurnar, að 36,6 til 47,6 óskilgetinna barna, fæddra 1971—1976 eru börn foreldra, er búið hafa saman. Hins vegar er hugtakið óvígð sambúð eigi skýrt hér með sama hætti og t. d. í 2. gr. 3. málsgr. frv.

f. Könnun á stöðu barna, fæddra 1970, við fæðingu og síðan á stöðu þeirra að lögum og fjölskyldustöðu við upphaf hvers aldursárs fram til 1. desember 1975.

Guðni Baldursson, cand oecon hefir samið athyglisverða ritgerð um fjölskyldusögu og lagalega stöðu barna, fæddra hér á landi 1970, fram til 1. desember 1975. Eru nokkrar niðurstöður hennar birtar í Hagtíðindum 1978, apríl-hefti. Er eftirfarandi tafla tekin úr Hagtíðindum, en jafnframt vísað til þeirrar heimildar um ýmis önnur mikilvæg atriði, sem ekki þykir unnt að taka upp hér.

	Við fæðingu	1 árs	2 ára	3 ára	4 ára	5 ára	1. des. 1975
Börn alls	3989	3922	3900	3891	3881	3871	3871
Staða við fæðingu							
Fædd í hjónabandi	2791	2743	2728	2719	2714	2706	2706
Fædd í óvígðri sambúð	413	405	404	404	404	403	403
Fædd utan sambúðar	785	774	768	768	763	762	762
Lagaleg staða							
Skilgetin skv. gildandi lögum	2791	3111	3241	3297	3338	3364	3365
Óskilgetin skv. gildandi lögum	1198	803	647	580	528	487	485
Skilgetin skv. frumvarpi til barnalaga	2839	3143	3271	3338	3405	3437	3448
Óskilgetin skv. frumvarpi til barnalaga	1150	771	617	539	461	414	402
Ættleidd börn		8	12	14	15	20	21
Fjölskyldustaða							
Hjá báðum foreldrum	2889	3265	3324	3308	3287	3237	3215
Hjá móður einni	1099	629	520	457	403	386	375
Hjá móður og öðrum manni en föður	1	13	34	96	149	197	224
Hjá föður einum		1	4	6	11	13	15
Hjá föður og annarri konu en móður					3	5	5
Hjá öðru fólki		14	18	24	28	33	37

Af töflunni má sjá, að rannsóknin náði til 3989 barna, en vegna andláts og brottflutnings lækkar þessi tala í 3871 barn. Er fylgt eftir ferli þeirra í 5 ár eða nánar tilgreint til 1. desember 1975.

Árið 1970 fæddust 70% barna í hjónabandi. Af 30% óskilgetnum börnum fæðast 10% í óvígðri sambúð, en 20% utan sambúðar. Þegar við 1. ár hefir hlutfall skilgetinna barna hækkað í 79% vegna þess að foreldrar hafa gengið í hjúskap, en við 5. ár er þetta hlutfall orðið 87% auk ½% barna, sem ættleidd hafa verið. Ef fylgt er reglum í fyrra frv. til barnalaga, myndu 2% barna til viðbótar teljast skilgetin — og er hér miðað við lokaárið. Athugavert er, að reglur þær, sem lagt er til, að lögfestar verði í frv. þessu um áhrif sambúðar foreldra á skilgerð barna eru nokkru rýmri en í eldra frv.

g. Staða barna við fæðingu og afstaða þeirra til foreldra á fyrstu fimm árunum.

Hér á eftir fer tafla úr Hagtíðindum, 1978, apríl-hefti er að þessu lýtur:

	Börn, % Aldur móður við fæðingu						
	Börn alls	13-19 ára	20-24 ára	25-29 ára	30-34 ára	35-47 ára	Meðalaldur móður, ár
Börn alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	26,0
Staða við fæðingu							
Fædd í hjónabandi	69,9	18,7	69,3	88,9	89,8	89,6	27,6
Fædd í óvígðri sambúð	10,4	21,6	11,2	5,8	5,1	6,0	23,1
Fædd utan sambúðar	19,7	59,7	19,5	5,3	5,1	4,4	21,0
Afstaða til foreldra							
Hjá báðum foreldrum 1. 12. '75	83,0	63,4	82,5	90,9	88,9	92,4	26,6
Af börnum fæddum í hjónabandi	93,1	88,4	91,6	93,8	93,2	96,9	28,0
Af börnum f. í óvígðri sambúð	83,4	79,9	85,8	84,9	92,6	76,9	23,2
Af börnum fæddum utan sambúðar	47,1	49,6	48,3	50,0	11,1	21,1	20,5
Hjá báðum foreldrum um skeið en ekki 1. des. 1975	7,1	8,6	8,1	6,2	6,7	3,7	24,7
Af börnum fæddum í hjónabandi	6,9	11,6	8,4	6,2	6,8	3,1	26,3
Af börnum f. í óvígðri sambúð	11,4	12,7	10,8	9,4	7,4	15,4	22,8
Af börnum f. utan sambúðar	5,4	6,1	5,4	2,1	3,7		19,5
Aldrei hjá báðum foreldrum	9,9	28,0	9,4	2,9	4,4	3,9	21,7
Af börnum f. í óvígðri sambúð	5,2	7,4	3,4	5,7		7,7	22,7
Af börnum f. utan sambúðar	47,5	44,3	46,3	47,9	85,2	78,9	21,6

Taflan sýnir stöðu barnanna við fæðingu og afstöðu til foreldra eftir aldri móður svo og meðalaldur móður. Kemur þar fram, að konur, sem eignast barn í hjónabandi eru til jafnaðar um 7 árum eldri en þær, sem eignast barn utan sambúðar, einnig að börn, sem eru hjá foreldrum báðum, eiga eldri móður en hin. Þetta er þó ekki einhlítt, því að af þeim konum, sem eignuðust barn utan sambúðar, eru þær elstar, sem alltaf eru einar með barnið, en 2½ ári yngri þær, sem búa með föðurnum 1. desember 1975.

Fjölskyldusaga barna er enn fremur breytileg eftir fæðingarröð. Af fyrsta barni móður voru aðeins 71% hjá báðum foreldrum sínum 1. desember 1975. 7% höfðu verið þar áður, en 22% aldrei. Af öðru barni voru 88% hjá báðum foreldrunum, 8% áður, en aðeins 4% aldrei. 92% af börnum aftar í fæðingarröð voru hjá báðum foreldrum, 6% höfðu verið það, en 2% aldrei. 14% barnanna voru ein hjá forráðanda eða forráðendum, en 86% áttu systkin eða uppeldissystkin innan 16 ára aldurs á sama heimili 1. desember 1975.

h. Tíðni ættleiðinga 1961—1977.

1961	90	1970	68
1962	70	1971	72
1963	71	1972	81
1964	69	1973	69
1965	70	1974	77
1966	73	1975	91
1967	53	1976	70
1968	77	1977	70
1969	89		

i. Fjöldi hjónavígslna á Íslandi síðustu árin.

1971	1 590	1975	1 689
1972	1 624	1976	1 645
1973	1 753	1977	1 568
1974	1 891		

Talsverð hlutfallsleg fækkun hefir orðið á hjónavígslum síðustu árin hér á landi, en jafnframt hefir sambúð ógiftra karla og kvenna farið í vöxt.

j. Hundraðstala hjónavígslna á Íslandi og hinum Norðurlöndunum miðað við íbúa í heild.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
1971	6,61	8,22	7,89	7,56	4,93
1976	6,15	7,00	7,47	6,31	4,45

Því má bæta við, að talan var 7.07 hér á landi árið 1977. Skýrslan ber með sér, að veruleg fækkum hefir orðið á hjónavígslum hlutfallslega hvarvetna á Norðurlöndum, sérstaklega í Danmörku og Svíþjóð sbr. þó hækkun síðasta árið í Svíþjóð. Hlutfallslegur fjöldi hjónavígslna er enn hæstur hér á landi, ef Norðurlöndin eru tekin til viðmiðunar.

k. Fjöldi skráðs sambúðarfólks (para) hér á landi síðustu árin.

1975	2 259	1977	2 896
1976	2 520	1978	3 303

Samkvæmt þessum skýrslum hefir fjöldi fólks (para), sem skráð er sambúðarfólk í þjóðskrá, vaxið talsvert mikið síðustu árin, en vafalaust eru skráningartölur ekki tæmandi um sambúðartilvikin. Ótvírætt eru tengsl á milli fækkunar hjónavígslna og þess, að óvígð sambúð fer í vöxt.

IV.

Stefnumið og nýmæli í frv.

Því þjóðfélagslega markmiði að gera hlut óskilgetinna barna jafnan hlut skilgetinna barna á sviði einkaréttar er að verulegu leyti þegar náð hér á landi. Í sumum greinum hafa óskilgetin börn þó aðra réttarstöðu og lakari en skilgetin börn. Frv. þetta er samið út frá því grunnsjónarmiði að gera óskilgetin börn jafn sett skilgetnum börnum að lögum á því sviði, sem frv. tekur yfir.

Semjendur frv. hefðu helzt kosið að afnema með öllu mun á skilgetnum börnum og óskilgetnum að lögum. Slíkt er þó vandkvæðum bundið. Stafar það m. a. af nauðsyninni, sem á því er að koma við reglum um ákvörðun á faðerni þessara tveggja barnahópa. Í því efni gætir mismunandi grundvallarsjónarmiða eðli máls samkvæmt, þar sem viðurhlutalítið er að telja og eðlilegt, að hjúskapur móður barns við tiltekinn mann á þeim tíma, sem barn er getið eða alið, veiti vísbendingu um að hann sé faðir þess, og geti það markað grundvöll að löglíkum um þetta atriði. Slíkri vísbendingu er hins vegar sjaldnast til að dreifa um móður óskilgetins barns, sbr. þó óvígða sambúð hennar við tiltekinn karlmann á getnaðartíma barns og e. t. v. síðar. Hér ber að taka tillit til þess, að hin Norðurlandaríkin gera yfirleitt enn mun á skilgetnum börnum og óskilgetnum í lögum sínum, og lúta norrænir samningar um fjölþjóðleg einkaréttarákvæði að þessum mun. Á hinn bóginn mun það ekki leiða af sér verulegan vanda í norrænu lagasamstarfi á þessu sviði, þótt hugtakið skilgetið barn sé eigi reist hvarvetna á sama greinimarki.

Í frv. er lögð áherzla á það stefnumið, sem greinir að framan, að gera óskilgetin börn jafn sett skilgetnum börnum, og skal það nú reifað.

1. Lagt er til, að frv. þetta taki til lagaákvæða um óskilgetin börn jafnt sem skilgetin, og er þá til þess stofnað, að einn lagabálkur fjalli um þessi efni samfellt, andstætt því, sem nú er, þar sem tveggja stofnlaga nýtur við, svo sem fyrr er greint. Þessi kerfisbreyting er fallin til að árétta lagalega samstöðu þessara tveggja flokka barna, en auk þess styðst hún um margt við hagkvæmnisrök.
2. Í 1. gr. 2. málsgr. frv. er lagt til, að mælt sé berum orðum svo, að réttarstaða óskilgetins barns sé hin sama og skilgetins barns, nema lög mæli annan veg. Er það stefnuyfirlýsing, sem ætlað er einnig að hafa lagagildi, og m. a. gæti hún haft áhrif á lögskýringu í einstökum tilvikum og túlkun löggerninga.
3. Ákvæðin um framfærslueyri og ákvörðun hans eru sett fram samfellt um skilgetin börn og óskilgetin, sbr. einkum 16. gr. frv. Að sínu leyti er hlutur skilgetins barns gerður hinn sami og óskilgetins barns að því er varðar aðgang að Tryggingastofnun ríkisins í því sambandi, er greinir í 29. gr. frv.
4. Í frv. eru ákvæði, sem fela í sér, að forræði óskilgetins barns verður oftar í höndum beggja foreldra en er samkvæmt núgildandi lögum, sbr. 37. gr. frv. eða getur borið undir föður einan, sbr. 37. gr. 4. málsgr., auk þess er lagt til í 40. gr., að lögfestur sé umgengnisréttur föður óskilgetins barns við barnið (og umgengnisréttur móðurinnar, ef því er að skipta). Slík ákvæði eru ekki gildandi í lögum, en í lögum nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar eru hins vegar hliðstæð ákvæði í 47. gr., að því er varðar það foreldri, sem ekki fær forræði barns, er foreldrar skilja. Er umgengnisreglum lýst samfellt í 40. gr. um skilgetin börn og óskilgetin.
5. Hugtakið skilgetið barn er skýrt nokkuð með öðrum og rýmra hætti en er eftir gildandi lögum. Varðar það áhrif óvígðrar sambúðar foreldra á réttarstöðu barns. Í lögum nr. 46/1921, 36. gr. var þegar svofellt ákvæði: „Nú er sambúð karls og konu, sem óvígð eru, óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 3 árum eftir hana og jafngildir hún þá faðernisjátningu, þá er um erfðarétt barns eftir föður og föðurfrændur ræðir eða þeirra eftir það“ Hér er erfðaréttur tengdur við sambúð þessa, en sambúðin er ekki lögð að líku við almenna viðurkenningu faðernis í öðrum réttarsamböndum. Þessu var breytt með lögum nr. 87/1947, 3. gr. 2. málsgr., þar sem svo segir: „Nú er sambúð karls og konu, óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 2 árum eftir hana og jafngildir hún þá faðernisjátningu“. Í þessu ákvæði jafngildir greind sambúð foreldra í hvívetna játningu faðernis af hendi sambúðarmanns móður, þ. e. í öllum réttarsamböndum. Þessu ákvæði var að vísu breytt lítillega að því er erfðarétt varðar með 2. gr. erfðalaga nr. 42/1949, en síðastgreint ákvæði var fellt úr gildi með erfðalögum nr. 8/1962. 62. gr. Semjendur frv. hafa talið rétt að ganga feti lengra en er í lögum nr. 87/1947, 3. gr. Er lagt til í 2. gr. 3. málsgr. frv., að barn verði talið skilgetið þegar við fæðingu, ef foreldrar þess hafa verið í óslitinni, óvígðri sambúð árið næsta fyrir fæðingu barnsins. Þá er lagt til í 4. málsgr. 2. gr., að óskilgetið barn foreldra, sem taka upp sambúð eftir fæðingu þess, teljist skilgetið þegar óslitin sambúð hefir varað 2 ár. Greinimark um það, hvenær sambúð hafi tekist með fólki, verður ávallt vandasamt, en hér er lagt til, að miða verði að höfuðstefnu við það, sem greint er í þessu efni á Þjóðskrá, en ella sé gengið eftir „ótvíræðum gögnum“ um sambúðina.

   Svo sem kunnugt er, leggja ýmis lög að jöfnu hjúskap og óvígða sambúð, sbr. einkum meginregluna í almannatryggingalögum nr. 67/1971, 51. gr. og t. d. lög nr. 101/1970, 11. gr. (lífeyrissjóður bænda), og í lagaframkvæmd hefir sambúðarkonu t. d. verið dæmdar bætur vegna missis fyrirvinnu, sbr. 264. gr. almennra hegningarlaga, og er fyrsti dómur Hæstaréttar í XX. bindi (1949) bls. 214. Ákvæðin í 2. gr. frv. fela í sér framhald á þessari þróun, og eru á því reist,

að þegar óvígð sambúð hefir staðið óslitið svo langan tíma, sem áskilið er í greininni, þá sé eðlilegt að leggja það samband að líku við hjúskap í þessu efni, þ. e. þegar um það ræðir að afla börnum réttarstöðu skilgetinna barna.

6. Sýnilegt er, að meginmunur er á hag óskilgetinna barna eftir því, hvort þau alast upp með foreldrum sínum, er búa saman eða hvort þau alast upp með einstæðu foreldri. Þessa munar gætir nú lítt í lagareglum. Er vafalaust þörf á lagareglum ýmsum um tengsl foreldra, sem búa saman í óvígðri sambúð, og barna þeirra, þ. á m. um forráð barna, svo og skipan forráða, er foreldrar slíta samvistir. Er 37. gr. frv. ætlað að koma nokkuð til móts við þörfina á reglum um forræði barna, er foreldrar búa saman í óvígðri sambúð, en 38. gr. frv. víkur að skipan forræðis yfir börnum, er slíkir foreldrar slíta samvistir. Þar sem 38. gr. fjallar einnig um sambúðarslit hjóna, falla niður efnisreglur 47. gr. laga 60/1972.

Að öðru leyti eru ýmis nýmæli í frv., sem lýst er í greinargerð með einstökum köflum og greinum þess. Geta má t. d. eftirfarandi atriða:

a. Lagt er til, að nýjar reglur verði lögfestar um sönnunarreglu í sambandi við vefengingarmál, sbr. 5. gr.
b. Ými snýmæli eru í IIII. kafla frv. um faðerni óskilgetinna barna, sbr. m. a. afnám eiðs og afnám þess úrræðis, að dómur gangi um meðlagsskyldu eina, þ. á m. að sú skylda sé lögð á fleiri menn en einn, án þess að kveðið verði á um faðernið.
c. Þá eru ýmis nýmæli í IV.—VI. kafla frv. um framfærslu barna, þ. á m. um rýmkun framfærsluskyldu í ýmsum greinum, og vísast til greinargerðar um þá kafla í heild sinni hér á eftir.
d. Nýjar reglur felast í VII. kafla frv., sem m. a. er ætlað að rýmka lögsögu íslenskra dómstóla í faðernismálum.
e. Í VIII. kafla frv. eru veigamikil nýmæli, sem áður greinir að nokkru. Það er m. a. lagt til, að horfið verði frá hugtakinu foreldravald og að heitið forsjá verði tekið upp í staðinn. Einnig er lögð áhersla á, að barnið eigi rétt á forsjá foreldra og umgengni við þau, þ. á m. það foreldri, sem eigi hefir forsjá barnsins, t. d. vegna skilnaðar o. fl. Staða foreldris markast fyrst og fremst af því, að það er forsjárskylt við barnið. Lagt er til í frv., að foreldrar barns, sem búa saman ógift, hafi bæði forsjá barns á hendi, og er það eitt af meginnýmælum frv., en samkv. 2. gr., er áður var bent á, verður slíkt barn raunar oft beinlínis skilgetið. Bent er ennfremur sérstaklega á nýmæli 35. gr. 5. málsgr. og 37. gr. 4. málsgr.
f. Í IX. kafla frv. um barnfaðernismál eru nokkur nýmæli, sem rakin eru í greinargerð um einstök ákvæði í þeim kafla.

V.

Rétt þykir að fara hér nokkrum orðum um þann efnisstakk, sem frv. er skorinn. Til athugunar kom að skipa lagaákvæðum um ættleiðingar sem sérstökum kafla í þessu frv. Eru þess dæmi sumsstaðar í Norðurlandalöggjöf, að svo sé gripið á máli, sbr. einkum sænska foreldrabálkinn, andstætt því sem er um dönsku og norsku barnalögin, þar sem sérstök lög eru um ættleiðingar. Lög um ættleiðingar eru að efni til svo sérstæð, miðuð við lög um aðra flokka barna, að tiltölulega lítið er unnið við að skipa ákvæðum um það atriði í almennum barnalögum sem sérkafla í þeim lögum.

Þá er það ærið álitamál, hvort skipa skuli réttarfarsákvæðum um ákvörðun á faðerni barna (vefengingarmál og mál út af faðerni óskilgetinna barna) í barna-

lögum eða réttarfarslögum. Stefna íslenzkra laga í þessu efni hefir verið nokkuð tvíbent. Barnalögin frá 1921 geymdu réttarfarsákvæði um þessi efni, bæði varðandi skilgetin börn og óskilgetin. Lög nr. 85/1936, XVIII. kafli fjalla um mál út af faðerni óskilgetinna barna og felldu niður hliðstæð ákvæði í lögum nr. 46/1921, svo sem fyrr er greint. Lög nr. 85/1936 geymdu hins vegar ekki beinlínis ákvæði um vefengingarmál og námu ekki úr gildi réttarfarsákvæði laga nr. 57/1921 um það efni. Lög nr. 87/1947 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna geyma yfirleitt ekki réttarfarsákvæði um barnsfaðernismál og láta sér lynda að vísa til ákvæða XVIII. kafla laga nr. 85/1936. Benda má á, að í Reykjavík er sakadómara falin úrlausn faðernismála, sbr. lög nr. 74/1972, 4. gr. (áður lög nr. 65/1943 og 98/1961), og eru slík mál dæmd á bæjarþingi Reykjavíkur.

Mismunandi er það í norrænni barnalöggjöf, hvort réttarfarsákvæði séu í þeim, sbr. annars vegar dönsku lögin, sem yfirleitt láta við það sitja að vísa til réttarfarslaga um þessi efni, og hins vegar norsku barnalögin, sem geyma rækileg ákvæði um réttarfar og sænsku og finnsku lögin geyma a. m. k. nokkurn hluta af réttarfarsreglum um þessi mál.

Ljóst er, að höfuðþörf er á að skipa réttarfarsákvæðum um vefengingarmál og mál út af faðerni óskilgetinna barna á einum stað samfellt í lögum. Er þá tveggja kosta völ, annaðhvort að skipa þeim ákvæðum í barnalögum eða í lögum um réttarfar í einkamálum.

Í frv. er lagt til, að réttarfarsákvæði um faðernismál verði í barnalögum.

Tekið skal fram, að til athugunar kom að setja ákvæði í frv. um bóta- og refsiábyrgð foreldra á yfirsjónum barna sakir skorts á umsjón með þeim og uppeldislegri gæzlu, svo og að stíla þar ákvæði um bótaábyrgð barna. Frá þessu ráði var þó horfið, enda tengjast slík ákvæði mjög almennum reglum bótaréttar, en skráning bótaréttarins er orðin brýn hér á landi og má vænta þess, að til hennar verði stofnað á næstunni. Skal lögð áherzla á það hér, að rík þörf er á ákvæði í lögum um bótaábyrgð barna og foreldra vegn skaðaverka barna, sbr. og hæstaréttardóm 21. marz 1974. Þótt ákvæði 23. gr. laga nr. 57/1921 verði afnumið, raskar það vitaskuld ekki því, að um ábyrgð þessa fari „eftir almennum reglum“, svo sem þar segir, en lítið hald er að ákvæði þessu.

VI.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í 1. gr. kemur fram, hver stakkur frv. er sniðinn. Frv. fjallar um skilgetin börn og óskilgetin í samfelldum bálki, en tekur hins vegar ekki til laga um ættleiðingu, svo sem áður er greint. Frv. geymir ekki heldur samfelld ákvæði um stjúpbörn og fósturbörn, þótt að þeim flokkum barna sé vikið í einstökum ákvæðum, sbr. t. d. 14. gr. og meginákvæði í 35. gr. 6. málsgr. Ýmis ákvæði frv. taka til þessara barna eftir því sem við á, þótt þess sé ekki sérstaklega getið. Er og ljóst, að t. d. fósturbörn teljast til heimilis, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1923. Í megindráttum gilda ákvæðin um skilgetin börn að því er tekur til réttarstöðu kjörbarna, þ. á m. ákvæði frv. þessa, ef lögfest verður.

Frv. er ætlað að ná yfir einkaréttarreglur, er varða tengsl foreldra við börn að lögum, og varða ekki stöðu barna að allsherjarrétti, svo sem framfærsluskyldu að framfærslulögum eða úrræði allsherjarréttareðlis gagnvart börnum og foreldrum sbr. barnaverndarlög, og því síður lagareglur um refsiábyrgð barna eða foreldra vegna yfirsjóna barna. Er þetta sjónarmið sérstaklega áréttað í 3. málsgr. 1. gr.

Um 1. gr.

Í 2. málsgr. 1. gr. er það ákvæði, að réttarstaða óskilgetins barns og skilgetins sé í hvívetna hin sama, nema lög mæli annan veg. Þetta ákvæði fer fyrst og fremst með stefnuyfirlýsingu, og markar þá allsherjarstefnu löggjafarvaldsins til óskil-

getinna barna, að þau skuli njóta jafnréttis á við skilgetin börn. Ákvæði þetta hefir stefnumarkandi áhrif að því er varðar túlkun á lagaákvæðum um réttarstöðu barna, þ. e. óskilgetin börn skulu hafa sama rétt og skilgetin, nema lög segi ótvírætt annað, svo og varðandi túlkun löggerninga.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru fyrst ákvæði, er skýrgreina hugtakið skilgetið barn og þá einnig hugtakið óskilgetið barn samkvæmt samræmisályktun, sbr. 2. og 7. gr. Þá er í 3. gr. hin svonefnda almenna faðernisregla um skilgetin börn, er segir, að eiginmaður móður eða sambúðarmaður hennar, skuli teljast faðir barns, ef svo hagar til, sem í frv. segir, uns faðerni sé hnekkt samkvæmt ákvæðum kaflans. Í 4.—6. gr. eru síðan ákvæði um vefengingarmál, er horfa til þess að hnekkja faðerni skilgetins barns. Samkvæmt þessu yfirliti fjallar þessi kafli um skilgetin börn og stöðu þeirra.

Um 2. gr.

1. málsgr. 2. gr. er efnislega í samræmi við 1. gr. laga nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, og leysir jafnframt af hólmi 1. gr. laga nr. 87/1947. Mat á því, hvort barn sé „hugsanlega getið í hjúskapnum“ er vitaskuld sönnunaratriði hverju sinni, ef brigður eru á bornar, og nýtur þá við sérfræðilegra álitsgerða lækna og annarra sérkunnáttumanna, eftir atvikum með umsögn Læknaráðs að bakhjarli. Hvorki hér né endranær í frv. þessu er fengist við að skýrgreina með lagaákvæði mörk meðgöngutíma barns.

2. málsgr. 2. gr. er í samræmi við 2. gr. laga nr. 87/1947. Eftirfarandi hjúskapur foreldra barns veldur því samkv. þessu, að barn fær stöðu skilgetins barns frá þeirri stundu, er vígslumaður lýsir hjónaefni hjón, en samkv. 37. gr. laga nr. 46/1921 var barn skilgert með eftirfarandi hjúskap foreldra þess. Í því ákvæði var slegið við þeim varnagla, að maðurinn hefði gengist við faðerni barns eða hann verið dæmdur faðir þess eða talinn faðir samkv. eiði eða eiðsfalli. Þessi fyrirvari er hvorki í 2. gr. laga nr. 87/1947 né í frv.-greininni, enda er hjúskapurinn talinn jafngilda faðernisjátningu. Pater-est reglan svonefnda (hin almenna faðernisregla um skilgetin börn) á einnig við um börn, sem talin eru skilgetin samkvæmt þessari sérreglu. Um viðhorf í vefengingarmáli út af faðerni þessa flokks barna vísast til 5. gr. 3. málsgr. frv.

3. og 4. málsgr. eru nýmæli, svo sem áður greinir. Sammerkt þeim er það, að hér er lagt til, að óvígð sambúð móður barns við tiltekinn karlmann á nánar greindum tíma fyrir eða eftir barnsburð valdi því ekki einvörðungu, að með þessu kynni að vera fengin faðernisviðurkenning af hendi sambúðarmanns móður barns, svo sem nú er með vissum skilyrðum skv. 3. gr. 2. málsgr. laga nr. 87/1947, heldur feli sambúð það í sér, að barn teljist skilgetið. Eru hér því í ríkum mæli tengd sömu réttaráhrif við óvígðu sambúðina sem við hjúskap, og er það í samræmi við meginstefnu löggjafarinnar í því máli. Samkv. 3. málsgr. er sá áskilnaður gerður, að móðir barns hafi verið í óslitinni sambúð við tiltekinn karlmann næsta árið fyrir fæðingu barns og þar af leiðandi á þeim tíma er barnið fæðist, en ekki skiptir þá máli, hversu fari um sambúð þeirra eftir fæðinguna. Ef sambúð foreldra er óslitin í 2 ár eftir fæðingu barns, telst barnið skilgetið upp frá því, sbr. 4. mgr.

Hér vaknar það vandamál, hverju greinimarki eigi að beita um það, hvort karl og kona séu í „sambúð“. Er lagt til, að það ráði úrslitum að meginstefnu til, hvort þau séu greind á þjóðskrá sem sambúðarfólk á þessum tíma, en einnig geta önnur

„ótvíræð gögn“ komið að haldi, svo sem vottorð opinbers starfsmanns eða stofnunar eða vætti nákunnugra manna. Skráning á þjóðskrá er ekki óhrekjanlegt sönnunargagn um sambúð, en það felst í ákvæðinu, að sú skráning skeri úr, uns réttþermi hennar sé hnekkt. Sá er munur á ákvæðunum, að samkvæmt 3. málsgr. verður barn skilgetið þegar við fæðingu barns, en samkv. 4. málsgr. öðlast barn eigi réttarstöðu skilgetins barns, fyrr en foreldrar barns hafa verið í sambúð í 2 ár eftir fæðingu þess. Í því tilviki svo og ef 2. málsgr. á við, ætti að gera reka að því að skrá í viðeigandi opinberar skrár, að barn sé skilgetið. Mun það tíðkast að barn, sem óskilgetið er við fæðingu samkv. kirkjubókum, er talið óskilgetið til frambúðar í þeim bókum, þótt atvik hafi gerst, er valda því, að barn telst skilgetið. Er það miður.

Í 5. málsgr. er ákvæði nánast til varúðar og til þess að taka af hugsanleg tvímæli sbr. nú 9. gr. laga nr. 57/1921, sem er þó ekki sama efnis út í hörgul. Segir hér, að ógilding hjúskapar raski eigi réttarstöðu barns, sem skilgetins, frekar en lögskilnaður foreldra, sbr. og 26. gr. laga nr. 60/1972.

Um 3. gr.

Hér greinir faðernisregluna almennu og inntak hennar um skilgetin börn, svo sem það hugtak er skýrgreint í 2. gr. Faðernisreglan (pater est reglan) hvílir á því, að líklíkur séu fyrir því, að hjón (sambúðarfólk) hafi samfarir (samfaralíkur) og að barn, er fæðist í hjúskap (sambúð) þeirra sé ávöxtur af samförum þeirra, en barn sé ekki getið af þriðja manni (getnaðarlíkur). Er það verkefni sifjaréttar að gera þessu efni fræðileg skil. Lög búa barni með þessum hætti réttarstöðu yfirleitt að fyrra bragði, þ. e. þegar við fæðingu, en stundum geta atvik, er síðar gerast, þó valdið því, að barn hljóti réttarstöðu skilgetins barns, og á 3. gr. þá almennt einnig við, sbr. vísun hennar til 2. gr. í heild sinni, sbr. þó nánar athugasemdir við 5. gr.

Greinimark 2. gr. um skilgetin börn er ekki hnitmiðað að því leyti, að við getur borið, að 2. gr. í heild sinni helgi barni tvo feður. K fékk t. d. lögskilnað frá manni sínum, M 1, 1. febrúar 1978. Hún gekk að eiga M 2 1. júní 1978 og ól barn 1. júlí s. á. Sýnilegt er, að barn er getið áður en hjúskap þeirra K og M 1 lauk, og veitir það vísbendingu um, að M 1 sé faðir barns, en jafnframt er barn alið í hjúskap þeirra K og M 2, og bendir það til faðernis M 2. Í norrænum sifjarétti hefur á síðustu árum verið talið, að rétt væri að skrá M 2 í dæminu hér að framan föður barns. Finnsku barnalögin hafa brýnt ákvæði, sem tekur af tvímæli í þessu efni og skal síðari eiginmaður konu teljast faðir barns, þegar svo stendur á, í krafti pater est reglunnar, sbr. 1. gr. 2. málsgr. laga nr. 409/1957. Er frv. það, sem hér er flutt, reist á þessum skilningi, þótt ekki þyki þörf á brýnu ákvæði í lagatexta um þetta efni, enda virðist lagaframkvæmd helga þessa skýringu.

Réttarstöðu barns, sem öðlast hefur stöðu skilgetins barns verður aðeins breytt með vefengingardómi samkv. 4.—6. gr., svo og með ættleiðingu, en þá fær barn almennt stöðu sem væri það skilgetið barn ættleiðanda.

Um 4. gr.

Í þessu ákvæði eru fyrirmæli um sóknaraðild vefengingarmáls og málshöfðunarfresti. Er ákvæði þessu ætlað að leysa af hólmi 2.—5. gr. laga nr. 57/1921.

4. gr. er ætlað að skipa því á tæmandi veg, hverjir geti verið sóknaraðiljar að vefengingarmáli, sbr. þó síðar um rétt erfingja eiginmanns móður barns til að ganga inn í mál, sem hann hefur höfðað. Er máli þessu skipað með sama hætti og í 2. gr. l. nr. 57/1921, nema að því leyti að móður er veittur réttur til málshöfðunar.

Samkvæmt 4. gr. er sóknaraðild í höndum 1. eiginmanns (sambúðarmanns) móður barns, 2. móður þess, 3. barnsins sjálfs og lögráðamanns þess, sem sérstaklega er skipaður, ef því er að skipta og 4. erfingjum eiginmannsins.

Samanburður við 2.—4. gr. laga nr. 57/1921 leiðir í ljós, að sóknaraðild samkv. 4. gr. er rýmri að því leyti, að hér er lagt til, að móður verði veittur réttur til málshöfðunar, en hún hefur ekki slíkan rétt a. m. k. samkv. orðanna hljóðan í I. kafla laga nr. 57/1921. Þykja öll rök mæla með því, að hún geti átt aðild máls, enda eru hagsmunir hennar ríkir og auðsæir.

Í 3. gr. laga nr. 57/1921 er sá varnagli sleginn við um málshöfðun eiginmanns, að hann hafi ekki viðurkennt faðerni barnsins eftir fæðingu þess, sbr. og 4. gr. um kosti erfingja til að höfða vefengingarmál. Þessi fyrirvari er ekki í 4. gr. frv. Bæði er, að óljóst er oft, hvort slík viðurkenning hafi átt sér stað, og hitt, að viðurkenning er oft látin uppi, áður en eiginmanni er kunnugt „um atvik, sem orðið getur efni til þess að vefengja faðerni barnsins". Þykir ekki eðlilegt, að láta viðurkenningu standa því í vegi, að mál sé höfðað. Hitt er það, að það kann að veikja málstað vefengjanda í málssókn hans, og fer það þó eftir atvikum. Tekið skal fram, að þegar rætt er hér um eiginmann (sambúðarmann) móður barnsins, þá er að sjálfsögðu átt við þann eiginmann hennar eða sambúðarmann, sem talinn er faðir barns samkv. 3. gr., en ekki fyrri eða síðari eiginmenn hennar eða sambúðarmenn. Þó ber að hafa hugfast, að við getur borið, að barn sé hugsanlega getið í hjúskap móðurinnar við M 1, en það sé jafnframt alið eftir að hún stofnar til hjúskapar við M 2. Geta M 1 og M 2 þá báðir haft sjálfstæðan málshöfðunarrétt eftir því hvernig háttað er skráningu á faðerni barns.

Eiginmanni (sambúðarmanni) barnsmóður er settur sérstakur málshöfðunarfrestur, svo sem einnig er í lögum nr. 57/1921. Skal hann höfða mál innan árs frá því, að hann fékk vitneskju um atvik, sem geti verið efni til að vefengja faðerni barns, en hvað sem öðru líður skal hann hafa höfðað mál innan 5 ára frá fæðingu barns. Er það fortakslaus frestur án tillits til þess, hvenær eiginmaður öðlaðist vitneskju um atvik, er vakið geti grunsemd um faðernið. Dómsmálaráðherra getur þó heimilað, að mál verði höfðað eftir að frestum þessum lýkur, ef alveg sérstaklega stendur á, og er þar m. a. átt við það, að aðili hafi verið erlendis og ókunnugt um fæðingu barns eða högum hans hafi verið þannig háttað, að hann hafi ekki getað höfðað mál, svo sem vegna veikinda eða vistar í fangelsi o. fl. Einnig er eðlilegt, að tekið sé tillit til annarra atvika, svo sem þess, hvort barni sé verulegt óhagræði búið af málssókn, eins og högum þess er farið. Ef barn hefur hafið skólagöngu getur því orðið mein að því að breyta skyndilega um nafn. Tillit verður einnig tekið til þess, hvort horfur eru á, að barn hljóti þegar í stað aðra ákveðna feðrun, t. d. verði talið barn síðari eiginmanns móður þess. Leyfi þetta verður aðeins veitt í undantekningartilvikum, og er á því byggt hér, að dómsmálaráðuneyti meti það til hlítar, hvort leyfið verði veitt.

Samkv. 4. gr. er það aðeins eiginmanni (sambúðarmanni) móður, sem settur er málshöfðunarfrestur, og hvorki barn né móðir þarf að hlíta slíkum frestum. Er þetta í samræmi við viðhorf í norrænum barnalögum. Um erfingja eiginmanns (sambúðarmanns) móðurinnar vísast til 3. mgr., 4. gr.,

Faðir barns samkv. 3. gr. er oft lögráðamaður barns. Þarf þá að skipa barni sérstakan lögráðamann til þess að gæta hagsmuna þess eða reka mál vegna þess, og miðast orðalag 4. gr. 1. málsgr. við það, sbr. og 26. gr. lögræðislaga nr. 95/1947.

4. gr. hefur ekki að geyma ákvæði um varnaraðild vefengingarmáls. Ef eiginmaður stefnir, þá er barn til varnaraðildar og ber að stefna lögráðamanni þess, sbr. 3. gr. laga nr. 57/1921. Þá ber einnig að stefna móður barns til aðildar í máli. Ef ætlunin er að fá dóm fyrir faðerni þriðja manns, ber að stefna honum til að þola dóm, sbr. hrd. XXIII, bls. 177. Ef barn er sóknaraðili máls, stefnir það (eða lögráðamaður þess) eiginmanni (sambúðarmanni) móður þess, en ef hann er látinn, þá erfingjum hans, er ganga jafnhliða barninu eða næst að erfðum eftir hann, sbr. 5. gr. 1. málsgr. laga nr. 57/1921.

Um 5. gr.

Í þessu ákvæði er sett fram efnislega greinimarkið um það, hvenær krafa um vefengingu geti náð fram að ganga. Svo sem að framan greinir, hafa reglur barnalaganna frá þriðja áratugnum, hér á Norðurlöndum, þ. á m. lög nr. 57/1921, lengi sætt nokkurri gagnrýni, með því að þær reglur feli í sér of harðar kröfur um sönnun fyrir þeirri staðhæfingu, að eiginmaður barnsmóður sé ekki faðir barns. Viðurkennt er, að faðernisreglan almenna um skilgetin börn sé veigamikil og yfirleitt mjög í hag barni. Hins vegar hefur verið talið, að svo einstrengingsleg sönnunarregla, sem í faðernisreglunni felist, geti stundum leitt beinlínis til rangrar feðrunar, en þjóðfélaginu hljóti að vera keppikefli, að börn séu rétt feðruð.

Ljóst er, að barnalögin eldri, þ. á m. lög nr. 57/1921, eru samin, áður en blóðflokkagreining og það ríka sönnunargagn, sem í henni felst, kom til skjalanna. Hefur það sönnunargagn breytt miklu um úrslit í barnsfaðernismálum, þar sem í hlut eiga óskilgetin börn. Er vissulega brýn þörf á að endurskoða reglur I. kafla laga nr. 57/1921, einkum 7. gr., út frá þessum nýju sönnunarviðhorfum og með tilliti til endurskoðunar þeirrar, sem þegar hefur farið fram á Norðurlöndum.

Í 7. gr. 1. málsgr. laga nr. 57/1921 segir, að dómkrafa stefnanda verði því aðeins tekin til greina, „að telja megi víst að barnið geti eigi verið getið af eiginmanni móður þess“, sbr. þó undantekningar 2. málsgr. 7. gr. Ákvæði 5. gr. 1. málsgr. frv. víkja frá 7. gr. 1. málsgr. m. a. að því leyti, að þar er greint sérstaklega það mikilvæga atriði, að þriðji maður sé tilnefndur, sem talinn er hafa haft samfarir við móður barns á getnaðartíma þess, enda séu líkur til, að barn sé ávöxtur þeirra samfara. Við þessar aðstæður er viðurhlutaminna að fallast á vefengingarkröfu en ella. Gert er hér ráð fyrir þeim möguleika, að t. d. blóðraun girði fyrir faðerni eiginmanns (sambúðarmanns) eða kannanir á feðrunarlíkum, miðað við blóðflokkagreiningu aðilja og sérfræðilega úrvinnslu hennar, og eftir atvikum könnun á mannerfðafræðilegum gögnum veiti vísbendingu um, að langtum líklegra sé, að hinn nafngreindi þriðji maður sé faðir barns en stefnandi vefengingarmálsins. Þótt ekki sé unnt að benda á tiltekinn þriðja mann veitir 5. gr. 1. málsgr. svigrúm til að fallast á vefengingarkröfu, „ef telja verður öruggt vegna erfðaeiginda barns eða af öðrum sérstökum ástæðum, að eiginmaður (sambúðarmaður) móður sé ekki faðir barns“. Hér getur komið sitthvað til, sem vefengingarkrafa er reist á. Í fyrsta lagi getur hún átt rót að rekja til þess, að hjón (sambúðarfólk) hafi ekki haft samfarir á getnaðartíma barns (reynt er þá að hnekkja samfaralíkum þeim, sem er fyrri þáttur faðernisreglunnar almennu um skilgetin börn). Um þetta atriði horfir 5. gr. frv. sama veg við og ákvæði I. kafla laga nr. 57/1921. Dómstólar hafa verið kröfuharðir um sönnun fyrir slíkri staðhæfingu, ef aðilar hafa verið samvistum. En hér gæti einnig m. a. komið til greina sönnun fyrir því, að hjón (sambúðarfólk) hafi verið fjarvistum á getnaðartíma barns. Í öðru lagi getur vefengingarkrafa verið á því reist, að þriðji maður hafi haft samfarir við móður barns á getnaðartíma þess og að barn sé ávöxtur þeirra samfara, en ekki samfara, sem eiginmaður hafi haft við móður (reynt er þá að hnekkja getnaðarlíkum, sem er annar þáttur í pater est reglunni). Staðhæfingin um, að þriðji maður hafi haft samneyti við konu, er til barnsgetnaðar megi leiða, er háð almennu sönnunarmati, og felur 5. gr. eigi í sér neina sérstaka breytingu á því atriði. Viðurkenning móður á, að hún hafi haft samfarir við annan en eiginmanninn, er út af fyrir sig ekki nægileg í þessu efni.

Ákvæði 5. gr. 2. málsgr. er svipaðs efnis og 7. gr. 2. málsgr. laga 57/1921. Er það reist á því, að eigi séu rök til þess að láta sönnunarreglu 1. málsgr. 5. gr. gilda, fullum fetum, þegar barn er getið eftir að móðir barns og eiginmaður hennar fengu leyfi til

skilnaðar að borði og sæng eða dvöldust fjarvistum vegna ósamlyndis, svo og þegar barn er getið, áður en móðir þess giftist, sbr. 2. gr. 2. málsgr. Hér er eigi jafn ríkum líkum til að dreifa fyrir því, að móðir barns og sá, sem talinn er faðir þess samkv. 2. gr., hafi haft samfarir saman, eins og er endranær. Þ. e. sá þáttur í faðernisreglunni, er lýtur að samfaralíkum, er ekki jafn ríkur og ella, þótt þess sé m. a. að gæta, að fólk kunni að hafa búið saman í óvígðri sambúð. Það er inntak 2. málsgr. 5. gr., að þegar svona stendur á, dugar, að sá, sem hefur uppi vefengingarkröfu, staðhæfi, að móðir barns og sá, sem talinn er faðir þess, hafi eigi haft samfarir á getnaðartíma barns. Varnaraðili, er andmælir kröfu, verður þá að gera það sennilegt, að slíkar samfarir hafi átt sér stað. Ef sú sönnun tekst, grípur almenna faðernisreglan inn í málið, þ. e. að líkur eru taldar til þess, að þær samfarir hafi leitt til barnsgetnaðar, en aðrar ekki. Að þessu leyti dregur 2. málsgr. verulega úr því sönnunarmagni, sem krafist er.

Ákvæði 5. gr. 2. málsgr. er lítið eitt á annan veg að efnisinntaki en ákvæði 7. gr. 2. málsgr. Í fyrsta lagi á hún við, án tillits til þess hver er sóknaraðili máls, en 7. gr. 2. málsgr. er einskorðuð við, að eiginmaður sé sækjandi máls. Í öðru lagi er því atriði bætt við í ákvæðinu, að það eigi við, er eiginmaður (sambúðarmaður) og móðir barns voru eigi þegar barn var getið, samvistum sakir ósamlyndis. Er þar nánast lagt til, að lögfest verði fræðileg skýring.

Um 6. gr.

Ákvæðið varðar nokkur atriði varðandi vefengingarmál, en um rekstur þeirra er annars aðalregla sett í 56. gr. frv. Samkv. 56 gr. er boðið, að beitt skuli um þessi mál almennum reglum um einkamál, nema annars sé getið, og felst m. a. í því, að horfið er frá þeirri tilhögun, að dómari leiti af sjálfsdáðum sönnunargagna um málið. Í 56. gr. eru þó greind ýmis frávik frá þessari meginreglu, sbr. og 4. og 6. gr. frv.

Rétt þykir, að þeir dómendur dæmi vefengingarmál, sem fjalla um almenn einkamál, og segir um þetta í upphafi 6. gr.

Í 6. gr. segir, að aðildareiður sé óheimill, og játning kemur aðeins til greina sem sönnunargagn, og eru þessi atriði óbreytt frá 6. gr. laga nr. 57/1921.

Benda má á, að í 56. gr. frv. felst m. a., að dómari getur með vissum skilyrðum mælt fyrir um blóðrannsóknir á þeim, sem koma við mál þetta, og jafnframt um mannerfðafræðilegar rannsóknir. Er skylt að hlíta því, svo sem greinir í 214. gr. laga nr. 85/1936 um blóðrannsóknir. Eru hér tekin af tvímæli, því að þetta atriði er ekki fullljóst samkv. I. kafla laga nr. 57/1921.

Um III. kafla.

Þessi kafli fjallar um faðerni óskilgetinna barna, þ. e. efnisreglur í því sambandi, því að flestar réttarfarsreglur eru annars staðar greindar, sbr. IX. kafla. Eru hér reglur um skýrgreiningu hugtaksins óskilgetið barn, sbr. 7. gr., svo og um viðurkenningu á faðerni barns, sbr. 8.—11. gr., en í 12. gr. eru reglur, er varða úrslit faðernismála. Í 13. gr. er vísað til réttarfarsreglna um faðerni barna annarra en þeirra, sem greinir í þessum kafla. Hér eru nokkur nýmæli og sum þeirra veigamikil.

Um 7. gr.

Skýrgreiningin á hugtakinu óskilgetið barn markast af því, með hverjum hætti hugtakið skilgetið barn er skýrgreint, sbr. 2. gr. Ákvæði 7. gr. gegnir í raun réttri aðeins leiðsöguhlutverki, en hefur ekki sjálfstætt efnislegt gildi.

Um 8. gr.

Hér er meginreglan um viðurkenningu á faðerni barns. Er hún sama efnis og 3. gr. 1. málsgr. laga nr. 87/1947, en því er bætt við, að sé barnsfaðir yngri en 18 ára, þegar yfirlýsing er látin uppi, skuli hún styrkt með staðfestingu lögráðamanns. Er þessi regla einnig í dönsku barnalögunum. Þar er valdsmanni, sem tekur við barnsfaðernisyfirlýsingu, boðið að greina glögglega fyrir aðilja, hver réttaráhrif séu tengd við barnsfaðernisyfirlýsingu. Er mikilvægt, að slíkur háttur sé á hafður einnig hér á landi, þótt ekki þyki ástæða til að greina það í lagatexta.

Tekið skal fram, að viðurkenning á barnsfaðerni fær ekki staðist, nema barnsmóðir fallist á hana, ef hennar nýtur við. Þessa atriðis er sérstaklega getið í 3. kap. 2. gr. í sænska foreldrabálkinum. Byggir 8. gr. einnig á þessu, sbr. orðin „sem kona kennir óskilgetið barn sitt".

Um 9. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli. Þykir ástæða til þess að greina það hér, að barnsfaðernisviðurkenning sé ekki tæk, ef barnsfaðir er geðveikur eða hálfviti eða geðrænum högum hans að öðru leyti er þannig farið, að ekki er mark takandi á yfirlýsingu hans. Hér er lagt til, að fræðileg skýring verði lögfest.

Ef fleiri en hinn lýsti faðir hefur haft samfarir við móður á getnaðartíma barns, þykir yfirleitt ekki rétt að taka mark á barnsfaðernisviðurkenningu, heldur á þá dómur að ganga á málið. Þetta þarf þó ekki, ef talið verður að fyrra bragði, að faðerni annarra en þess, er gangast vill við faðerni, sé útilokað, einkum með blóðgreiningu.

Um 10. gr.

Hér er mælt fyrir um atvik, sem geta valdið því, að unnt er að ónýta með dómi faðernisviðurkenningu að kröfu þess, sem gengist hefur við barni eða lögráðamanns hans. Slíka viðurkenningu er og hægt að ónýta, ef gögn koma fram, er sýna, að viðkomandi maður geti eigi verið faðir barns, sbr. t. d. að blóðrannsókn girði fyrir, að hann geti verið faðir.

Um 11. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli. Getur verið veigamikið, að viðurkenning á faðerni, sem erlendis er fengin, hafi fullt gildi hér á landi. Er vafasamt, að slíkt verði lagt til grundvallar, nema sérstök heimild komi til. Þykir rétt að heimila dómsmálaráðherra að mæla fyrir um þetta efni, enda er ekki sagt, að hinu sama gegni um öll lönd í þessu efni, með því að réttarreglur eru mjög mismunandi á þessu sviði.

Um 12. gr.

Hér eru ákvæði um úrslit í barnsfaðernismáli. Gætir hér mjög nýmæla.

Í fyrsta lagi er það nýmæli, að tekið er fyrir það í 3. málsgr., að úrslit verði látin velta á aðildareiði, svo sem nú er heimilt, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936. Aðildareiður er að vísu heimill í einkamálum almennt, sbr. 160. gr. laga nr. 85/1936. Þessu ákvæði er þó mjög sjaldan beitt og nánast aldrei. Gegn aðildareiði í barnsfaðernismálum er hægt að tefla mörgum hinum sömu rökum og þeim, sem almennt gera slíkan eið varhugaverðan. Aðiljar eiga hér mjög fjárhagsmuna að gæta, en að auki skiptir þá máli siðferðislega og félagslega, hver úrslit máls verði. Freistingin er því mikil til að vinna eið, hversu sem málaefni eru. Hér kemur til að auki, að minni manna um þau atvik, sem hér koma til, er oft ótraust. Alllangur tími líður oft frá því, að talið er, að kynmök hafi átt sér stað, uns málsúrslit liggja fyrir, og dregur það úr traustleika minnisins. Því er og oft haldið fram, að virðing manna fyrir eiðinum sé ekki jafn rík og áður var. Benda má á, að aðildareiður er mjög fátíður sem úrslitagagn á Norðurlöndum, og var t. d. fyrir nokkrum árum með öllu útrýmt í dönskum rétti.

Vissulega má segja, að sönnunargögn í barnsfaðernismálum séu oft ótraust, og

Öll Norðurlandaríkin munu nú hafa ákvæði um umgengnisrétt föður við óskilgetið, ósjálfráða barn, þótt efni reglnanna sé eigi fyllilega hið sama.

Tekið skal fram, að í 3. málsgr. felst, að úrræði, eins og beinni fógetagerð (innsetningaraðgerð) verði eigi beitt til framdráttar umgengnisrétti.

Í 4. málsgr. 40. gr. er nýmæli, þar sem vikið er að umgengnisrétti náinna ættingja látins foreldris við barn þess, og koma hér einkum til umgengnistengsl móður eða föðurforeldra við barnabarn.

Um 41. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga rót að rekja til reynslu, er fengist hefir af framkvæmd forsjár- og umgengnismála hér á landi. Er þeim ætlað að bæta úr allbrýnni þörf.

Um 42. gr.

Í 23. gr. lögræðislaga 95/1947 eru ákvæði, er varða það tilvik, er foreldrar fela öðrum forsjá barns án þess þó að um ættleiðingu sé að ræða, oftast svo, að til er að dreifa fóstri í lengri eða skemmri tíma. Er þá foreldri veittur réttur til að kalla eftir barninu, og er skylt að hlíta því, nema almannavald telji hentara fyrir hag barns og þarfir, að ráðstöfun haldist.

Lagt er til, að ákvæði þetta sé flutt úr lögræðislögum í barnalög, og er það í stórum dráttum sama efnis og greind 23. gr. lögræðislaga. Um þetta efni fjallar einnig að sínu leyti 36. gr. 3. málsgr. barnaverndarlaga 58/1966.

Ákvæði 2. og 3. málsgr. 42. gr. eru í stórum dráttum í samræmi við 23. gr. lögræðislaga.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um réttarfar í málum út af faðerni óskilgetinna barna, sbr. 43.—55. gr., og út af vefengingarmálum um faðerni skilgetinna barna, sbr. 56. gr. Svo sem fyrr greinir, var horfið að því ráði að skipa réttarfarsákvæðum í frv. þessu til barnalaga, og leysa þessi ákvæði af hólmi ákvæði I. kap. laga nr. 57/1921 (vefengingarmál) og XVIII. kafla laga nr. 85/1936 (um faðerni óskilgetinna barna). Jafnframt er þess að geta, að í 4. og 6. gr. frv. eru efnisákvæði um vefengingarmálin og í 12. gr. um faðerni óskilgetinna barna.

Í ákvæðunum um faðernismál út af óskilgetnum börnum gætir ýmissa nýmæla, þótt hin markverðustu þeirra séu í 12. gr., svo sem rakið hefir verið. Með því að lagt er til, að aðildareiður verði afnuminn, þarf á rannsókn að halda á ýmsum frekari atriðum en þeim, sem nú er fengist við, og ber að gæta þess einnig í því sambandi, að lagt er til, að sá úrkostur verði úr lögum numinn að dæma varnaraðilja meðlagsskyldan, en sýkna hann af faðerniskröfu. Mun reynslan af þessu nýja fyrirkomulagi hafa verið sú m. a. í Danmörku, að í ýmsum þeim tilvikum, þar sem dæmt var aðeins um meðlagsskyldu eftir eldri tíðar lögum, sé varnaraðili nú dæmdur faðir barns, þótt einnig komi til greina, að sýknað sé, þar sem áður var dæmd meðlagsskylda.

Um 43. gr.

Hér er gerð sú veigamikla breytingartillaga frá núgildandi lögum, að mál megi höfða á varnarþingi móður, sbr. hins vegar 211. gr. laga nr. 85/1936, sem miðar hér yfirleitt við varnarþing föður. Er þessa atriðis áður getið. Vitaskuld má höfða mál á varnarþingi ætlaðs föður, og verður oftast gert. Ef móðir á ekki varnarþing á Íslandi, má höfða mál hér, ef varnaraðili á varnarþing hér eða á því varnarþingi, sem hann átti hér síðast eða þar sem með bú hans er farið, sbr. 2. málsgr. Þá má höfða mál á varnarþingi barns, sbr. 3. málsgr.

Í 4. málsgr. er tekið fram, að vísa megi máli milli dómaumdæma, ef aðiljaskýrslur hafa eigi verið teknar að neinu leyti, en í ákvæðinu felst, að ella breyti það ekki neinu um dómstól, þótt aðili flytji milli umdæma.

Um 44. gr.

Í 44. gr. er mælt fyrir um sóknaraðild og varnaraðild að barnfaðernismáli.

Í þessari grein er það nýmæli, að barn geti verið sóknaraðili að barnsfaðernismáli. Hefir Hæstiréttur og skýrt réttarreglur svo, sbr. hrd. XLIII, bls. 696, en 211. gr. laga nr. 85/1936 víkur þó ekki að slíkri aðild. Þykir rétt að lögfesta þessa reglu hér, enda getur það staðið barni á miklu að fá úrlausn um faðerni sitt. Þá segir í 4. málsgr. að sé málsaðili yngri en 18 ára skuli lögráðamaður koma fram f. h. skjólstæðings síns í málinu, svo og skuli njóta atbeina lögráðamanns, ef aðili sé sviptur lögræði. Er aldursstigið 18 ár valið hér vegna þess hve örlagaríkt þetta málefni er, þótt sjálfræði sé bundið við 16 ára aldur. Að öðru leyti er ákvæði þetta í samræmi við 211. gr. laga nr. 85/1936 að meginstefnu til. Sóknaraðild framfæranda, annarra en móður, er þó bundin við, að móðir hafi gert reka að höfðun máls.

Um 45. gr.

Hér er lagt til í 1. málsgr. að sett verði sérregla um það, hvenær barnsfaðernismál teljist höfðað. Þá er ákvæði í 2. málsgr. um liðsinni barnaverndarnefndar til handa barnsmóður, sem á í barnsfaðernismáli, sbr. nú 214. gr. laga nr. 85/1936, svo og barni, ef því er að skipta.

Í lokamálsgr. 45. gr. segir, að sóknaraðili skuli hafa gjafsókn bæði í héraði og fyrir hæstarétti (þ. e. sóknaraðili í héraði), og er hér um nokkra efnisbreytingu að ræða, miðað við 215. gr. laga nr. 85/1936.

Um 46. gr.

Hér eru fyrirmæli um það, hverjir séu dómendur í barnsfaðernismálum, þ. e. héraðsdómarar utan Reykjavíkur, en yfirsakadómari og sakadómarar í Reykjavík. Þá segir, að mál þessi sæti almennri meðferð einkamála, nema annan veg sé mælt í lögunum, og eru þau frávik mörg og mikilvæg (sbr. nú 215. gr. 2. málsgr. laga nr. 85/1936).

Um 47. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að dómari gefi út stefnu í máli, einnig ef nýr varnaraðili er dreginn inn í mál, þó svo að ef varnaraðili kemur fyrir dóm eftir kvaðningu dómara, þurfi ekki á stefnu að halda, enda lýsir dómari þá kröfum fyrir varnaraðilja og færir til bókar.

Í 2. málsgr. eru fyrirmæli um birtingu á stefnu í Lögbirtingarblaði, ef ekki næst til aðilja, svo sem í greininni segir.

Þá eru í 3. málsgr. fyrirmæli um liðsinni lögreglumanna við dómara um að leita uppi lýstan barnsföður- eða annan varnaraðilja- færa hann fyrir dómara og að framkvæma eða liðsinna við framkvæmd á blóðtöku og öðrum sérfræðilegum rannsóknum sbr. nú 2. málsgr. 214. gr. laga nr. 85/1936. Sjá hér og 3. málsgr. 50. gr.

Um 48. gr.

Fyrri hluti þessarar greinar er svipaðs efnis og 1. málsgr. 214. gr. laga nr. 85/1936. Í síðara hluta greinarinnar er boðið að gæta varfærni við skráningu á faðerni í kirkjubókum. Ef ekki er við önnur gögn að styðjast en einhliða skýrslu barnsmóður ber að skrá, að móðir lýsi tiltekinn mann föður barns, en ekki að hann sé faðir barns. Hefir verið fundið að því í dómum Hæstaréttar, ef þessa er ekki gætt, sbr. t. d. hrd. XLI, bls. 787, enda getur slík skráning verið meinleg og er villandi. Vegna gildis sambúðar þarf að spyrjast fyrir um, hvort móðir og lýstur faðir búi í óvígðri sambúð.

Um 49. gr.

Í þessu ákvæði er mælt fyrir um rannsóknarskyldu dómara í málum þessum, svo sem nú er samkv. 214. gr. laga nr. 85/1936. Sérstaklega er tekið fram, að ákvæði laga nr. 85/1936 um útivist aðilja eða áhrif þess á gang máls gildi eigi um mál þessi, svo og ákvæði sömu laga um áhrif þess, að eigi sé hreyft andmælum við staðhæfingum.

Heimilt er samkvæmt 4. málsgr. að taka skýrslur af vitnum án þess að málsaðiljar séu viðstaddir, en aðiljum á þá að tilkynna, hvenær dómþing fari fram, þar sem vitni koma fyrir dóm.

Ekki munu mikil nýmæli fólgin í ákvæði þessu, miðað við lagaframkvæmd.

Um 50. gr.

Í þessari grein er lögð skylda á málsaðilja og vitni að skýra frá því, hvort þeir hafi haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns. Barnsmóðir er og gert að skyldu að skýra frá því, hverjir hafa haft samfarir við hana á þessum tíma.

Í 3. málsgr. er dómara heimilað, svo sem nú er, að láta sækja aðilja máls með valdi til að gefa skýrslu í dómi, sbr. og 49. gr. lokamálsgr., sbr. hér 214. gr. 2. málsgr. laga nr 85/1936, og um frávísun máls, ef móðir víkst undan að gefa skýrslur eða leggja sig eða barnið undir blóðraun eða aðra þá sérfræðilega rannsókn, er dómari mælir fyrir um, sbr. 51. gr.

Um 51. gr.

Ákvæði þeita er nokkru víðtækara en 214. gr. 2. málsgr. laga nr. 85/1936, og er dómara heimilt að mæla samkv. því fyrir um blóðrannsókn á móður barns og barni, svo og varnaraðiljum, og enn fremur um aðra sérfræðilega rannsókn á þeim til könnunar á öðrum mannerfðafræðilegum atriðum, sbr. hér áður. Heimilt er að kveða svo á, að rannsóknir þessar taki til foreldra og systkina barnsmóður og varnaraðilja, svo og á öðrum börnum barnsmóður og öðrum börnum lýsts föður.

Við dómsmál samkv. 10. gr. er heimilt að beita reglum 51. gr. um vefengingarmál sjá 56. gr.

Um 52. gr.

Hér eru þau mikilvægu frávik frá almennum reglum um einkamál, að dómari er ekki bundinn við kröfur málsaðilja. Lyktir máls geta orðið þær, sem um segir í 12. gr., þ. e. efnislega annaðtveggja að fallist sé á kröfu um faðerni eða sýknað sé, því að lagt er til í frv. þessu, að reglur um aðildareið, svo og um meðlagsskyldu eina, séu afnumdar.

Um 53. gr.

Í 1. málsgr. segir, að dómþing í barnfaðernismálum skuli háð fyrir luktum dyrum og að fulltrúi barnaverndarnefndar geti sótt þing með barnsmóður eða barni, sbr. 45. gr. Oft myndi og lögmaður sækja þing með aðilja.

Í 2. málsgr. er kveðið á um nafnleynd í málum þessum, ef dómar eru prentaðir eða birtir opinberlega. Hefir það tíðkast rösklega 20 ár í útgáfu hæstaréttardóma, að slíkrar nafnleyndar sé gætt, enda er hún mikilvæg í málum þessum.

Um 54. gr.

Hér er mælt fyrir að dómari annist birtingu barnfaðernisdóma.

Um 55. gr.

Rétt þykir að mæla hér fyrir um endurupptöku barnsfaðernismála, sem dæmd hafa verið í héraði, en ekki sætt úrlausn Hæstaréttar. Er lagt til, að unnt sé að endurupptaka þau samkv. meginreglum 59. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973, en ákvörðun héraðsdómara sæti kæru samkv. 21. gr. sömu laga. Í 2. málsgr. er vísað til 59. gr. framangreindra laga að því er varðar endurupptöku máls, sem dæmt hefir verið í Hæstarétti.

Tímafrestir eru settir í sambandi við endurupptökukröfu í 1. málsgr. og 2. málsgr.

Í efnisdómi er heimilt að kveða á um endurgreiðslu meðlaga o. fl.

Um 56.gr.

Hér eru réttarfarsákvæði um vefengingarmál, þ. e. út af faðerni skilgetinna barna. Í 6. gr. laga nr. 57/1921 segir, að dómari annist af sjálfs dáðum um öflun sönnunargagna í þess konar máli. Í 1. málsgr. er lagt til m. a. að danskri fyrirmynd, að um mál þessi gildi almennar reglur um einkamál, nema öðru vísi sé mælt. M. a. eiga ákvæði 49 gr. 1. og 2. málsgr. eigi við í málum þessum. Hins vegar gilda ýmsar reglur um barnfaðernismál einnig í vefengingarmálum, eða geta átt við svo sem segir í greininni, og sæta þau því afbrigðilegri meðferð einkamála. Við þessi mál ber að gæta efnisákvæða 4. og 6. gr. í frv. þessu. Dómarar einkamála dæma mál þessi, en eigi dómarar þeir, er greinir í 46. gr.

Um X kafla.

Hér eru ákvæði um gildistöku, brottfallin lög og hvernig beita beri ákvæðum frv. þessa, ef að lögum verður, um einstök atriði. Ýmis ákvæði eiga aðeins við um börn, sem fædd eru eftir gildistöku laganna, en öðrum verður beitt einnig um

börn, sem fædd eru fyrir gildistöku laganna, og er þetta afmarkað í 58. gr. Ákvæðin um framfærslueyri og önnur framlög í IV., V. og VI. kafla eiga við um tímabilið eftir að lög þessi taka gildi, nema annars sé getið .

Um 57. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 58. gr.

Í 2. málsgr. er gert ráð fyrir, að dómar út af meðlagsskyldu einnig, þar sem ekki er jafnframt dæmt um faðerni, hafi réttaráhrif til frambúðar í samræmi við þau lög, sem giltu fyrir gildistöku ákvæða frv. þessa, ef lögfest verða.

Í 3. málsgr. er lagt til, að sett verði sérregla um höfðun vefengingarmáls, sbr. 4. gr. frv., og verði við það miðað, að eiginmaður (sambúðarmaður) móður geti höfðað mál samkv. því ákvæði, uns 2 ár eru liðin frá gildistöku laganna, þótt meira en 5 ár séu liðin frá fæðingu barns. Styðst það ákvæði við sanngirnisrök.

Í 4. málsgr. er tekin afstaða til fyrri úrlausna eða ákvarðana um faðerni eða meðlagsskyldu. Einstök atriði varðandi meðlag geta þó breytzt, sbr. t. d. 2. mgr. 16. gr.

Tekið skal fram, að þótt lagt sé til í 1. málsgr. að ýmis lög og lagaákvæði séu felld úr gildi, þá kunna þau að gilda áfram um einstök atriði vegna fyrirvara 2. málsgr. um, að lög þessi taki ekki til allra atriða, varðandi börn, sem fædd eru fyrir gildistöku þeirra. Fer um það efni samkv. almennum lögskýringarreglum.

Fylgiskjal I.

Ýmis viðhorf í barnalöggjöf til frekari skoðunar.

I.

Forsjá og samvistaslit.

Í norrænni barna- og hjúskaparlöggjöf hefir það lengi verið grundvallarregla, að forræði (forsjá) barns verði óskipt í höndum annars foreldris, ef þau slíta samvistir, sbr. 47. gr. laga nr. 60/1972 og áður 56. og 76. gr. laga nr. 39/1921. Sænsk lög frá 1976 hafa tekið upp þá nýbreytni, að heimila foreldrum að skipa máli svo, með samþykki réttra yfirvalda, að forráð séu sameiginlega hjá foreldrum, þótt þau slíti samvistir. Þetta er þó aðeins heimildarákvæði, og sýnist reynslan, sem fengin er af lögunum, benda til þess, að það sé tiltölulega sjaldan sem foreldrar hafi óskað eftir þessari skipan. Þar sem úrræði þetta er nýtt af nálinni, verða þó ekki dregnar neinar ályktanir af þessari reynslu. Í norsku barnalagafrumvarpi frá 1977 er einnig lagt til, að slík skipan verði lögtekin, en frv. hefir eigi verið lagt fyrir Stórþingið. Finnska sifjalaganefndin mun leggja til, að slíkt heimildarákvæði verði lögfest í Finnlandi.

Fordæmi sænsku laganna eru bandarísk og sumpart bresk lög. Þetta fyrirkomulag um forsjá barna í nokkrum ríkjum Bandaríkjanna („joint custody") hefir gefist misjafnlega vel. Hafa ýmsir fræðimenn í sifjarétti lagst gegn því. Sifjalaganefnd telur, að ekki sé rétt að lögfesta þessa skipan um forsjá hér á landi að svo stöddu. Er hyggilegt að bíða eftir því, að frekari reynsla fáist af nýmæli þessu í Svíþjóð og annars staðar, þar sem það kynni að verða lögtekið í grannlöndunum. Allt um það telur sifjalaganefnd rétt að vekja sérstaka athygli á þessu nýmæli með þessum athugasemdum.

II.

Lok forsjárskyldna (foreldravalds).

Íslensk lögræðislög hafa bundið sjálfræði við 16 ára aldur, og þessi aldur hefir þá einnig verið lagður til grundvallar í sifjalögum að því er varðar lok foreldravalds. Sérgreindar reglur veita þó foreldri rétt til forráða eða afskipta af ungmenni lengur í einstaka tilviki, sbr. t. d. reglur um samþykki foreldra til hjúskapar barns þeirra allt til 20 ára aldurs, sbr. lög 60/1972, 2. gr. Í lögræðis- og sifjalögum hinna Norðurlandanna er sjálfræðis- og forsjáraldur miðaður við 18 ár, og raunar er tekið mið af þeim aldri í ríkisfangslögunum íslensku frá 1952, t. d. 2., 4., og 5. gr., en þau eru af samnorrænu bergi brotin. Sifjalaganefnd hefir hugleitt breytingar á framangreindu aldursstigi, en leggur ekki til breytingar. Í fyrsta lagi hefir þessi tilhögun, sem er aldagömul hér á landi, eigi sætt verulegri gagnrýni og í öðru lagi telur sifjalaganefnd eðlilegra að taka þetta mál upp til endurmats við allsherjarendurskoðun lögræðislaga, sem orðin er tímabær.

III.

Framfærslureglur og almannatryggingalög.

Í sambandi við ýmis ákvæði IV., V. og VI. kafla frv. ber að geta þess, að framfærslureglur tengjast mjög bótum samkv. almannatryggingalögum, einkum barnalífeyri. Hefði sifjalaganefnd óskað að rýmka aðgang foreldra að Tryggingastofnun ríkisins að því er ýmsar greiðslur varðar, sem frv. fjallar um, sbr. t. d. 15. gr. 2. málsgr., svo og framfærsluframlög til unglinga eftir 18 ára aldur sbr. 17. gr. frv. o. fl. Umboð nefndarinnar tekur hins vegar ekki til þess almennt að leggja til breytingar á lögum um almannatryggingar. Vakin er athygli á 29. og 30. gr. frv., sem afmarka, í hvaða tilvikum foreldri eigi aðgang að Tryggingastofnun ríkisins. Nokkur nýmæli eru í þessum ákvæðum, og í 29. gr. 2. málsgr. felst nokkur rýmkun á reglum um heimild Tryggingaráðs til greiðslu barnalífeyris, þótt meðlagsúrskurður sé eigi gefinn út, sbr. athugasemdir við þá grein.

IV.

Barnsfaðernismál.

Lög í Danmörku og Noregi hafa um alllangan aldur kveðið svo á, að af hálfu almannavalds skuli gerð gangskör að því að leiða í ljós faðerni barns, sem ekki er skilgetið. Íslensk lög láta þetta atriði velta meir á afstöðu barnsmóður. Framfærslureglur ýta mjög undir það, að barnsmæður feðri börn sín. Vissulega getur það verið mikið velferðarmál fyrir óskilgetið barn, að faðerni þess sé leitt í ljós eða ítrasta tilraun gerð í því efni. Samkv. því ætti ekki að velta á viljaafstöðu móður, hvað gerðist í þessu efni, og almannavald ætti að láta mál til sín taka og gangast fyrir því, að mál yrði höfðað eða viðurkenning fengist á faðerni. Bent skal á, að í IX. kafla frv. er barni ætluð aðild að barnsfaðernismáli, og getur það því átt frumkvæði að stofnun slíks máls. Sifjalaganefnd telur, að ekki sé vert að víkja frá mótaðri stefnu íslenskra laga í þessu efni. Nefndin leggur hins vegar áherslu á, að nauðsynlegt sé að barnsmæður fái örugglega upplýsingar um þörfina, sem á því er að feðra börn og að þær eigi greiðan aðgang að félagslegum stofnunum sér til liðsinnis og lögfræðilegri aðstoð. Nefndinni er ekki kunnugt um neinar viðhlítandi rannsóknir á því, hve hár hluti óskilgetinna barna hér á landi sé feðraður, en ætla verður, að sá hundraðshluti sé eigi hár. Bent skal á, að samkv. 45. gr. 3. málsgr. frv. er kveðið á um, að sóknaraðili barnsfaðernismáls hafi gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti. Hliðstætt ákvæði er ekki í frv. að því er varðar vefengingarmál, og veltur það, hvort aðili fær gjafsókn á almennu ákvæðunum í XI. kafla laga nr. 85/1936.

Fylgiskjal II.

Um umboðsmann barna.

Sifjalaganefnd hefir í störfum sínum m. a. gefið gaum hugmyndum, um sérstakan umboðsmann barna, er hafi það að meginverkefni að fylgjast með málefnum barna og ungmenna, þ. á m. að kanna, hvort löggjöf um vernd barna og ungmenna sé á hverjum tíma virt í hvívetna. Barnaumboðsmaður getur samkv. þessum hugmyndum látið mál til sín taka að eigin frumkvæði eða að ósk barns, forráðamanna barns eða annarra, sem umhugað er um málefni barna. Verkefni slíks umboðsmanns er m. a. að hafa eftirlit með því, að hag barna sé vel borgið í þeirri miklu umhverfislegu skipulagningu, sem nú fer fram, og setja fram ýmiskonar tillögur og hugmyndir, sem stuðla almennt að velferð barna í samfélagi, þ. á m. um fyrirbyggjandi ráðstafanir. Öðrum þræði ætti umboðsmaðurinn að taka við umkvörtunum vandamanna og annarra forráðamanna barna, ef talið er, að þau njóti ekki þeirrar aðhlynningar og réttarverndar, sem þeim er búin með löggjöf og öðrum réttarreglum.

Sifjalaganefnd telur, að slíkar hugmyndir séu athyglisverðar og verðskuldi gaumgæfilega athugun og umræðu. Ef til kæmi, þarf m. a. að marka umboðsmanni glögglega stöðu og verkefni gagnvart öðrum yfirvöldum, sem fjalla um málefni barna og ungmenna, þ. á m. barnaverndarnefndum og ráði. Sifjalaganefnd tekur ekki með í frv. til barnalaga að svo vöxnu máli tillögur um umboðsmann barna. Er það hvorttveggja, að löggjöf um umboðsmann Alþingis hefir enn ekki verið sett, og hitt að reynslan hefir eigi fengist í grannlöndum af slíkum umboðsmanni. Samfara því, að bent er á þessa hugmynd, er látið fylgja hér vinnuskjal sifjalaganefndar um verkefni og stöðu umboðsmanns barna, en m. a. er hér ekki fengist við að marka stöðu hans andspænis umboðsmanni Alþingis, ef til kæmi. Nefndin óskar að fá tækifæri til að vinna frekar að tillögum um þennan þátt máls, ef hugur alþingismanna stæði til að lögfesta ákvæði um umboðsmann barna.

Hugmyndir um starfssvið umboðsmanns barna.

A.

Stofna skal embætti umboðsmanns barna, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

Barnaumboðsmaður skal kosinn af Alþingi til fjögurra ára í senn. Hann skal fullnægja almennum skilyrðum til að gegna opinberu starfi samkvæmt lögum nr. 38/1954 og hafa sérþekkingu á málefnum barna vegna menntunar sinnar eða starfsreynslu.

B.

Verkefni barnaumboðsmanns er að gæta hagsmuna barna og stuðla að því með ábendingum til stjórnvalda, dómstóla og einstaklinga, að réttindi barna séu í hvívetna virt, og að setja fram hugmyndir og tillögur að bættum uppeldisskilyrðum barna og ungmenna, þ. á m. með fyrirbyggjandi aðgerðum.

Barnaumboðsmaður skal sérstaklega gæta eftirfarandi atriða:

1) Að fylgjast með því, að við skipulagningu þéttbýlisstaða sé gætt hagsmuna barna og ungmenna.
2) Að fylgjast með því, að löggjöf, er varðar vernd barna og ungmenna sé framkvæmt og virt.
3) Að stuðla að ráðstöfunum, er tryggi réttarvernd barna, sérstaklega í stofnunum, þar sem þau vistast eða stunda nám.

4) Að seja fram ábendingar og tillögur til opinberra aðilja, foreldra og annarra félagslegar ráðstafanir og úrræði, sem þörf er á til að stuðla að heppilegra uppeldisumhverfi og betri uppeldisskilyrðum fyrir börn og ungmenni.
5) Að stuðla að úrræðum, sem geta leyst eða dregið úr árekstrum milli barna annars vegar og foreldra eða samfélagsins hins vegar. Barnaumboðsmaður getur bæði látið mál til sín taka að eigin frumkvæði eða ósk annarra.

C.

Barnaumboðsmaður getur að athuguðu tilteknu máli látið í ljós skoðun sína um málefni, sem fellur innan verkahrings hans. Hann ræður því hvert hann beinir ummælum sínum og hvort eða með hverjum hætti hann birtir opinberlega álit sitt á málefni.

D.

Barnaumboðsmaður eða fulltrúi hans á óheftan aðgang að öllum stofnunum, hvort sem þær eru reknar af stjórnvöldum eða einstaklingi, sem vista börn innan 18 ára aldurs eða tengjast í starfsemi sinni börnum innan þess aldurs.

E.

Barnaumboðsmaður gefur út skýrslu árlega um störf sín.

F.

Nánari reglur um verkefni og störf barnaumboðsmanns, svo og starfsaðstöðu hans og starfslið skulu settar í reglugerð, sem Dómsmálaráðuneytið setur í samráði við Menntamálaráðuneytið.

Ed. 795. Frumvarp til laga [316. mál]

til laga um breyting á lögum nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Við 1. málsgr. 47. gr. bætist: „og segir um það efni í VIII kafla barnalaga.

2. gr.

48. gr. orðist svo:

Um samninga um forsjá barna og breytingar á þeim, svo og breytingar á ákvörðunum Dómsmálaráðuneytisins eða dómstóls um forsjá barna fer samkvæmt því, er segir í VIII. kafla barnalaga.

3. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1980, og falla þá úr gildi ákvæði 2.—4. málsgr. 47. gr. og 53. gr. laga nr. 60/1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Rétt hefir þótt að skipa meginreglum um forsjá barna í frv. til barnalaga. Er lagt til í frv. þessu, að breytingar séu gerðar á lögum 60/1972 til samræmis við þær reglur, er fólgnar eru í frv. til barnalaga. Er frv. þetta flutt samhliða því frv., og er ætlast til, að það taki gildi á sama tíma og ný barnalög, ef frv. til þeirra nær lögfestu.

Ed. 796. Frumvarp til laga [317. mál]

um breyting á sjómannalögum nr. 67 31. desember 1963, sbr. lög nr. 53 20. maí 1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

2. mgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum er ráðningu hans á skipi lýkur.

2. gr.

3. mgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur á hann rétt til óskerts kaups svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en 3 mánuði, ef um er að ræða stýrimann, vélstjóra, bryta eða loftskeytamann, eða 2 mánuði ef skipverji gegnir annarri stöðu á skipi.

Skipverji sem verið hefur í þjónustu sama útgerðarmanns í 2 ár eða lengur skal eiga rétt til óskertra launa í einn mánuð til viðbótar framansögðu.

3. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögfestingu ýmissa félagslegra réttindamála verkalýðshreyfingarinnar verður að telja að m. a. hafi gerbylting orðið á rétti verkafólks til launa í veikinda- og slysatilfellum. Um sambærilegan rétt íslenskra sjómanna fer eftir sjómannalögum. Samkvæmt 18. gr. þeirra laga eiga yfirmenn rétt til 2ja mánaða launa í veikinda- og slysatilfellum á ráðningartímanum en undirmenn 1 mánaðar, þó aldrei lengur en skipverji hefur verið í þjónustu útgerðarmanns. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir 1 mánaðar lengingu á þessum rétti á fyrstu 2 árum ráðningarinnar, þ. e. allt að 3 mánuðum fyrir yfirmenn og 2 mánuðum fyrir undirmenn. Eftir tveggja ára starf er síðan gert ráð fyrir eins mánaðar aukningu á þessum rétti. Eftir 2ja ára starf eiga yfirmenn því rétt til allt að 4 mánaða launa í veikinda- og slysatilfellum en undirmenn 3ja mánaða. Eru tvímælalaust rök fyrir slíkri aukningu réttar við aukinn starfstíma hjá sama útgerðarmanni. Bæði er það í samræmi við það sem nú gildir um landverkafólk og hvetur með sama hætti til þess að sjómenn telji það þjóna hagsmunum sínum að ráða sig til lengri tíma. Þá er gert ráð fyrir því að niður falli úr 3. mgr. laganna það ákvæði að réttur til launa í veikinda- og slysatilfellum sé aldrei lengri en skipverji hefur verið í þjónustu útgerðarmanns. Réttur þessi til 2ja og 3ja mánaða eftir atvikum kemur því í hlut sjómanna þegar við upphaf ráðningar. Á það má benda að samkvæmt ný settum lögum um sambærilegan rétt landverkafólks á það rétt til allt að 3 mánaða launa vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma. Ekki eru nein rök fyrir því að íslenskir sjómenn sem starfa við erfiðar og hættulegar aðstæður búi við lakari rétt en landverkafólk.

Í frumvarpi þessu er ráð fyrir því gert að 2. mgr. 18. gr. laganna verði breytt á þann veg að skipverji eigi rétt á kaupi til loka ráðningar. Í núgildandi ákvæði segir, að skipverji taki kaup til þess dags og að honum meðtöldum er starfa hans á skipi ljúki eða ef hann er skráður úr skipsrúmi, þá til afskráningardags og að honum meðtöldum. Eins og alkunna er hafa útgerðarmenn víðast þann háttinn á til að draga úr kostnaði við tryggingar að afskrá hvert sinn er skip kemur til hafnar. Samfara því hefur sú tilhneiging þeirra farið vaxandi að telja sér ekki skylt að greiða laun að

lokinni afskráningu enda þótt á miðjum ráðningartíma sé. Þá eru talsverð brögð að því að reglur sjómannalaga um rétt til launa í veikinda- og slysatilfellum séu brotnar í skjóli afskráningar, þ. e. að skipverjar séu á eigin ábyrgð og réttindalausir að lokinni afskráningu. Þar sem ætla má, að ákvæði 2. mgr. 18. gr. sjómannalaga taki ekki mið af þróun þeirri sem orðið hefur í afskráningarmálum og að með henni hafi aldrei verið ætlunin að opna möguleika á að fara framhjá lögboðnum rétti skipverja sem ráðnir eru, er eðlilegt að gera breytingu þá á greininni sem frumvarpið felur í sér.

Frumvarp þetta er flutt af ósk sjómannasamtakanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarps þessa.

Um 1.—3. gr.

Þarfnast ekki frekari skýringa.

Ed. 797. Frumvarp til laga [318. mál]

um breyting á lögum nr. 76 1970, um lax- og silungsveiði.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Við 91. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ríkissjóður leggur Fiskræktarsjóði til 900 milljónir króna með jöfnum greiðslum á næstu fimm árum.

Fiskræktarsjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að taka lán til starfsemi sinnar, bæði innanlands og erlendis. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Fiskræktarsjóðs. Nú tekur Fiskræktarsjóður lán með gengistryggingu eða vísitölukjörum, og er þá heimilt að binda greiðslur vaxta og afborgana af endurlánum slíks lánsfjár vísitölu eða gengi á sama hátt.

2. gr.

Við 92. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fiskræktarsjóði er heimilt að veita lán til fiskeldis, allt að 50% af stofnkostnaði, einnig að veita óafturkræf framlög til grundvallarrannsókna og tilraunastarfsemi á sviði fiskræktar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árum saman hafa miklar umræður verið innan þings og utan um nauðsyn þess að efla fiskrækt, og margir þingmenn hafa flutt tillögur um málið, án þess að til raunhæfra aðgerða væri gripið. Fyrir fjárhags- og viðskiptanefnd er nú frv. Stefáns Jónssonar o. fl. um sérstakt framlag til Framkvæmdastofnunar ríkisins til að styrkja fiskrækt. Nefndin hefur orðið sammála um, að eðlilegra sé að efla Fiskræktarsjóð, og flytur því frv. þetta.

Nd. 793. Nefndarálit [311. mál]

um frv. til l. um sérstakt tímabundið aðlögunargjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hl. nefndarinnar, fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Minni hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, mun skila séráliti.

Alþingi, 17. maí 1979.

Lúðvík Jósepsson, form., frsm. Halldór E. Sigurðsson, fundaskr. Finnur Torfi Stefánsson.

Kjartan Ólafsson. Vilmundur Gylfason.

Ed. 799. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um sölu notaðra lausafjármuna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið umsagnir frá viðskiptaráðuneytinu og Bílgreinasambandinu sem mæla með að frv. verði samþykkt. Nefndin leggur einnig til að frv. verði samþykkt með breytingartillögum sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Ágúst Einarsson og Karl Steinar Guðnason voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. maí 1979.

Jón Helgason, form. Ólafur Ragnar Grímsson, fundaskr., frsm. Geir Gunnarsson.

Jón G. Sólnes. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 800. Breytingartillögur [80. mál]

við frv. til l. um sölu notaðra lausafjármuna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 5. gr. Í stað orðsins „tölusettur“ komi: skráður.
2. Í stað 6. gr. og 7. gr. komi ný gr., 6. gr.:

Heimilt er ráðherra með reglugerð að ákveða að skrá skuli haldin um allan varning sem veitt er viðtaka til endursölu, hvort sem hann er keyptur eða tekinn til umboðssölu.

Í þessa skrá skulu færðar ýmsar upplýsingar um söluhlut, svo sem tegundarheiti, seljanda, söludag o. s. frv.

Nd. **801. Lög** [270. mál]

um aðstoð við þroskahefta.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 650 (sbr. 556).

Nd. **802. Lög** [243. mál]

um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 79/1972.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 698.

Nd. **803. Lög** [283. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 19/1971.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 584.

Ed. **804. Lög** [226. mál]

um breytingu á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 724.

Ed. **805. Breytingartillaga** [19. mál]

við frv. til laga um dómvexti, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Dómari skal í dómi ákveða eftir kröfu aðila, að dæmdir vextir fyrir tímabilið frá birtingardegi stefnu til greiðsludags skuli vera jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, þannig að sem fyllst tillit sé tekið til varðveislu á verðgildi fjármagns.

Dómari skal þó ekki verða við slíkri kröfu ef atvik þau, sem getið er í 1. og 3. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 eiga við um aðila, eða ef þegar hefur verið tekið tillit til verðbólgu við endanlega kröfugerð í málinu. Sama gildir í útivistarmálum, ef stefndi skilar ekki greinargerð.

Þrátt fyrir ákvæði 88. gr., sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936 má aðili krefjast dómvaxta án þess að nefna vaxtafót.

Sþ. 806. Nefndarálit [77. mál]

um till. til þál. um aukna leit að djúpsjávarrækju fyrir Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur athugað málið og leitað umsagna. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að auka skipulega leit að djúpsjávarrækju umhverfis landið og hafa í því sambandi samráð við þá útgerðarmenn, sem reynslu hafa af veiðum á rækju á djúpmiðum.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um leit að djúpsjávarrækju.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jón G. Sólnes og Kjartan Ólafsson.

Alþingi, 18. maí 1979.

Þórarinn Sigurjónsson, varaform. Ágúst Einarsson, frsm. Friðrik Sophusson.
Jóhanna Sigurðardóttir. Stefán Valgeirsson.

Nd. 807. Nefndarálit [296. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46/1970, um Fjárfestingarfélag Íslands hf.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Kjartan Ólafsson og Vilmundur Gylfason.

Alþingi, 18. maí 1979.

Lúðvík Jósepsson, form. Halldór E. Sigurðsson, fundaskr. Ólafur G. Einarsson, frsm.
Finnur Torfi Stefánsson. Matthías Á. Mathiesen.

Ed. 808. Breytingartillaga [80. mál]

við frv. til l. um sölu notaðra lausafjármuna.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

Við 5. gr. Í stað orðsins „tölusettur“ komi: skráður.

Ed. 809. Frumvarp til laga [80. mál]

um sölu notaðra lausafjármuna.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. maí.)

1. gr.

Hver sá sem reka vill verslun eða umboðssölu með notaða eða gamla lausafjármuni, svo sem bifreiðar, bækur, innanstokksmuni eða annan varning, skal til þess hafa sérstakt leyfi lögreglustjóra viðkomandi lögsagnarumdæmis.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veitt til 5 ára í senn og aðeins þeim sem fullnægja skilyrðum laga nr. 41/1968, um verslunaratvinnu, til að mega reka verslun á Íslandi, og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum eða sett kunna að vera í lögum eða í reglugerðum til að mega reka starfsemina.

3. gr.

Afturkalla má leyfi samkvæmt 1. gr. ef sannað þykir að leyfishafi hafi brotið lög nr. 41/1968, ákvæði laga þessara eða lög um óréttmæta verslunarhætti.

4. gr.

Verslun samkvæmt lögum þessum má aðeins reka í húsnæði eða starfsstöð sem lögreglustjóri hefur samþykkt, enda fullnægi húsnæði eða starfsstöð ákvæðum reglugerða um öryggismál og húsnæði vinnustaða.

5. gr.

Allur varningur, sem lög þessi taka til, skal geymdur á verslunarstað í a. m. k. 14 daga frá því honum er veitt móttaka, nema um bifreiðar sé að ræða. Á þeim tíma er óheimilt að selja hann eða afhenda öðrum, farga eða breyta á einn eða annan hátt. Þegar varningi er veitt móttaka til sölu skal hann þegar skráður og verðmerktur.

6. gr.

Heimilt er ráðherra með reglugerð að ákveða að skrá skuli haldin um allan varning sem veitt er viðtaka til endursölu, hvort sem hann er keyptur eða tekinn til umboðssölu.

Í þessa skrá skulu færðar ýmsar upplýsingar um söluhlut, svo sem tegundarheiti, seljanda, söludag o. s. frv.

7. gr.

Sá. sem verslun rekur samkvæmt lögum þessum, skal jafnan sýna fyllstu aðgát við kaup og sölu gamals eða notaðs varnings. Telji hann ástæðu til skal hann krefja seljanda varnings um persónuskilríki.

Óheimilt er að kaupa eða veita móttöku varningi til endursölu frá þeim sem yngri er en 16 ára.

Seljandi bifreiðar skal sanna með vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins að hann sé skráður eigandi hennar.

8. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að veita undanþágu frá ákvæðum 5. gr. laga þessara.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþt. 1978. A. (100. löggjafarþing). 344

Nd. 810. Lög [276. mál]

um breyting á lögum nr. 22 23. apríl 1968 um gjaldmiðil Íslands, sbr. lög nr. 38 8. maí 1974 um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 565.

Sþ. 811. Nefndarálit [299. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1977.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur haft til athugunar frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1977. Nefndin hefur borið frv. saman við niðurstöður ríkisreiknings 1977 og leggur til að frv. verði samþ.

Alþingi, 18. maí 1979.

Geir Gunnarsson, form.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Þórarinn Sigurjónsson, frsm.
Lárus Jónsson.	Alexander Stefánsson.	Pálmi Jónsson.
Helgi Seljan.	Eiður Guðnason.	Ellert B. Schram.

Nd. 812. Nefndarálit [247. mál]

um frv. til laga um Rafmagnseftirlit ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt þess eins og því var breytt í efri deild.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja breytingartillögum.

Árni Gunnarsson og Gunnlaugur Stefánsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 1979.

Kjartan Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Gíslason.	Gunnar Thoroddsen.
Jósef H. Þorgeirsson.	Eðvarð Sigurðsson.	

Nd. 813. Nefndarálit [306. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi hluta jarðarinnar Deildartungu í Reykjaholtsdalshreppi ásamt jarðhitaréttindum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið til fundar við sig umboðsmenn eiganda Deildartunguhvers, Björn Fr. Björnsson lögfræðing og Þorstein Helgason dósent, starfshóp á vegum iðnaðarráðuneytis, Gísla Einarsson deildarstjóra, Pétur

Stefánsson verkfræðing og Kristján Sæmundsson jarðfræðing, sem hafa á vegum ráðuneytisins unnið að athugun á hitaveitu fyrir Akranes og Borgarnes. Enn fremur komu á fund nefndarinnar Edgar Guðmundsson verkfræðingur, ráðgjafi hitaveitunnar, Gaukur Jörundsson prófessor og Jón Þórisson oddviti Reykholtsdalshrepps.

Fyrir nefndinni hafa legið margvísleg gögn, m. a. frá umboðsmönnum eiganda hversins, starfshópum, stjórn hitaveitunnar, hreppsnefnd Reykholtsdalshrepps og íbúum Reykholtsdalshrepps.

Þeirrar skoðunar gætti mjög í umræðum innan nefndarinnar, að æskilegast væri að samningar væru gerðir um jarðhitaréttinn. Frumvarpið gerir aðeins ráð fyrir heimild til eignarnáms og nefndin mælir eindregið með því við alla aðila þessa máls að enn verði gerð tilraun til samninga þrátt fyrir að frumvarpið verði að lögum.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins og flytur breytingartillögu við 3. gr. á sérstöku þingskjali.

Gunnar Thoroddsen tekur fram að hann hefði fremur kosið leigunám en eignarnám, og áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögu í þá átt.

Ingvar Gíslason mun skila séráliti.

Alþingi, 18. maí 1979.

Kjartan Ólafsson, form.	Árni Gunnarsson, fundaskr.	Jósef H. Þorgeirsson, frsm.
Gunnar Thoroddsen,	Eðvarð Sigurðsson.	Gunnlaugur Stefánsson.

Nd. 814. Breytingartillaga [306. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi hluta jarðarinnar Deildartungu í Reykjaholtsdalshreppi ásamt jarðhitaréttindum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

3. gr. orðist sem hér segir:

Þegar eignarnemi hefur tekið við hinu eignarnumda er ríkissjóði heimilt að afhenda HAB hin eignarnumdu verðmæti til afnota eftir því sem almenningsþörf krefur og um semst, enda greiði hún ríkissjóði eignarnámsbætur og allan kostnað hans af aðgerðum þessum.

Nd. 815. Breytingartillögur [275. mál]

við frv. til laga um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Frá Friðrik Sophussyni.

1) 1. gr. orðist svo:

Heimilt er að flytja inn til landsins hvers konar vöru, nema annað sé ákveðið með lögum. Viðskiptaráðuneytið getur þó ákveðið að leyfi þess þurfi til innflutnings á lifandi dýrum, kjöt- og mjólkurafurðum, jarðolíu og eldsneytisolíum svo og sópum og burstum.

Jafnframt er innlendum aðilum heimilt að kaupa hvers konar erlenda þjónustu, nema annað sé ákveðið með lögum.

Heimilt er að inna af hendi í erlendum gjaldeyri sannanlegar greiðslur fyrir löglega innflutta vöru og keypta erlenda þjónustu, þar með taldir vextir af skuldum. Á sama hátt er heimilt að inna af hendi afborganir eða aðra umsamda endurgreiðslu erlendra skulda, sem löglega er til stofnað.

Aðrar fjármagnsgreiðslur til útlanda skulu háðar reglum, sem viðskiptaráðuneytið setur að höfðu samráði við Seðlabankann. Með reglum þessum skal komið í veg fyrir að til skaðlegs fjármagnsútflutnings geti komið, án þess þó að hindruð sé þjóðhagslega hagkvæm fjárfesting eða viðskipti innlendra aðila erlendis og búferlaflutningar eða arftaka einstaklinga.

2) 2. gr. breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo:

Að svo miklu leyti sem vöruinnflutningur er háður innflutningsleyfum skv. 1. gr. annast viðskiptaráðuneytið útgáfu þeirra. Seðlabankinn veitir leyfi fyrir fjármagnsgreiðslum skv. 1. gr. og erlendum lántökum skv. 12. gr. í þeim tilvikum, sem almennar reglur settar skv. þeim greinum ná ekki til.

b. 2. mgr. orðist svo:

Seðlabankinn skal vera til ráðuneytis um framkvæmd gjaldeyrismála, og getur ráðuneytið falið honum ákvörðunarvald um einstaka þætti þeirra.

3) 1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Viðskiptabankar hafa rétt til að versla með erlendan gjaldeyri.

4) Síðasti málsliður 3. mgr. 6. gr. falli niður.

5) 3. mgr. 8. gr. falli niður.

6) 11 gr. falli niður.

7) 12. gr. orðist svo:

Erlendar lántökur, þar með taldar lántökur opinberra aðila, viðskiptabanka og einkaaðila, notkun á greiðslufresti á vörum og þjónustu svo og kaupleigusamningar, skulu háðar reglum, sem viðskiptaráðuneytið setur að höfðu samráði við Seðlabankann. Með reglum þessum skal komið í veg fyrir það annars vegar, að fjármagnsinnflutningur valdi ofþenslu innanlands, og hins vegar, að óeðlileg skuldasöfnun eigi sér stað erlendis. Þess skal þó jafnframt gætt, að reglur þessar leyfi eðlilega endurnýjun og aukningu innfluttra fjármuna, nauðsynlega fjármögnun birgða innfluttrar vöru og komi ekki í veg fyrir þjóðhagslega hagkvæm viðskipti.

Um heimildir Seðlabankans til þess að taka erlend lán fer eftir 20. gr. laga nr. 10/1961 og um heimildir gjaldeyrisviðskiptabankanna til að semja um yfirdráttarheimildir til skamms tíma fer eftir 10. gr. laga þessara.

8) 13. gr. orðist svo:

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða, að ekki sé heimilt að bjóða, selja eða flytja vörur til útlanda, sem mikilvægar eru í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, nema að fengnu leyfi þess, enda sé hætta á að of mikið tímabundið framboð eða undirboð gæti valdið verulegu tjóni. Útflutningsleyfi samkvæmt þessari grein getur ráðuneytið bundið skilyrðum, sem það telur nauðsynleg.

Útflytjendur eru skyldir til þess að veita ráðuneytinu þær upplýsingar, sem það óskar og nauðsynlegar eru, um sölu og útflutning vara, sem seljast eiga til útlanda.

9) 14. gr. falli niður.

10) 15. gr. falli niður.

Nd. 816. Breytingartillaga [151. mál]

við frv. til laga um framhaldsskóla.

Frá Ellert B. Schram.

Við 4. gr. 2. mgr. orðist svo:

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um lágmarkskröfur í einstökum greinum til inngöngu í tiltekna námsáfanga, enda geri skólinn nemendum kleift að uppfylla slíkar lágmarkskröfur. Öll slík skilyrði skulu reist á raunhæfu mati á kröfum viðkomandi greinar.

Nd. 817. Nefndarálit [306. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi hluta jarðarinnar Deildartungu í Reykholtsdalshreppi ásamt jarðhitaréttindum.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frv. þetta fjallar um heimild handa ríkisstjórninni til þess að taka Deildartunguhver í Borgarfirði eignarnámi í því skyni að afhenda hann síðar tilteknu hitaveitufyrirtæki til eignar og afnota. Er fullyrt í athugasemdum með frv. að eignarnámsleiðin sé óhjákvæmileg vegna þess að samningaviðræður við fulltrúa eiganda hversins hafi ekki borið árangur. Hinn meinti viljaskortur Deildartungufólks til samninga um vatnsréttindi til handa Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er því hvati þessa frv. Fullyrðingin um viljaleysi Deildartungumanna í þessu sambandi er vægast sagt villandi, reyndar alröng, ef betur er að gætt. Hið sanna er að Deildartungumenn eru nú á þessari stundu og hafa ætíð verið fúsir til að semja um afnot af sjálfrennandi vatni úr hvernum eftir þörfum hitaveitna í Borgarfjarðarhéraði, hvort heldur er á Akranesi, Borgarnesi eða annars staðar á þeim slóðum. Hins vegar vilja Deildartungumenn eiga hverinn áfram, enda hafa ættmenn þeirra átt Deildartungu og Deildartunguhver í 200 ár.

Fulltrúar eiganda Deildartunguhvers, Björn Fr. Björnsson fyrrv. alþm. og dr. Þorsteinn Helgason dósent við verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands, hafa komið á fund iðnaðarnefndar og lýst sjónarmiðum sínum í málinu. Í máli þeirra kom fram ofannefndur vilji Deildartungumanna um afhendingu vatnsafnota, en hins vegar lögðu þeir áherslu á að hverinn væri ekki til sölu. Þeir kváðust vera vera til viðræðu hvenær sem væri um fyrirkomulag vatnsafnotanna þannig að samræmdist eignarhaldi núverandi eigenda á jörðinni og hvernum og kæmi þó hitaveitunni að fullu gagni.

Ég hef sannfærst um það eftir að hafa kynnt mér málsástæður, að frumvarp það, sem hér liggur fyrir, sýnir óbilgirni af hálfu forráðamanna Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og óþarfa kappsemi iðnaðarráðuneytisins um að knýja fram lausn þessa máls, sem fer í bága við sjónarmið eiganda Deildartunguhvers. Það er m. a. aðfinnsluvert að af athugasemdum með frv. má ráða, að Deildartungumenn séu ekki til viðræðu um viðunandi lausn málsins á grundvelli frjálsra samninga. Þetta tel ég rangt. Ég fullyrði að Deildartungumenn vilja semja um vatnsréttindin. Deildartungumenn vilja ekki standa í vegi fyrir því að hveraorkan í landi þeirra sé nýtt. En þeir telja sig hafa rétt samkvæmt landslögum að ráða eign sinni og halda eignarráðum yfir jörð sinni, gögnum hennar og gæðum. „Sök“ þeirra er sú ein, að þeir vilja láta virða eignarrétt sinn. Þá vilja þeir að sjálfsögðu ráða að sínu leyti hvaða gjald verður greitt fyrir vatnsréttindin. M. ö. o.: Þeir vilja semja um málið.

Ég tel að forsvaranlegar samningaviðræður hafi enn ekki átt sér stað við eigendur Deildartunguhvers. Ef saga málsins síðan 1974 er rakin, kemur eftirfarandi í ljós:

1974—1976. Gerður var samningur til tveggja ára við Borgarneshrepp um vatnsafnot vegna hitaveitu. Aldrei reyndi á þennan samning, því að sveitarstjórn þar taldi aðra kosti betri til heitavatnsöflunar, þegar á hólminn kom.

1976. Akranes og Borgarnes (og e. t. v. einhver fleiri sveitarfélög) bjóðast til að kaupa hverinn fyrir 20.5 millj. kr. Skyldi greiða 10 millj. út í hönd, en afganginn með skuldabréfi á 6 árum. — Þetta boð mátti með réttu kallast fáránlegt, enda var því hafnað.

1977. Sömu aðilar bjóða greiðslu fyrir vatnsafnot sem svaraði til 2 millj. kr. á ári eða 0.7% af vatnssölu til notenda á veitusvæðinu. Því boði var hafnað, og var því á engan hátt fylgt eftir með nýjum boðum.

1978. 30. mars sendir HAB beiðni til iðnaðarráðherra um að jarðhitasvæðið í Deildartungu verði tekið eignarnámi. Ekki verður séð að neinar formlegar eða forsvaranlegar viðræður hafi átt sér stað við Deildartungufólk, áður en þessi beiðni var send ráðuneytinu.

1978—1979. Eignarnámsbeiðnin liggur í ráðuneytinu. Við Deildartungumenn er lítið sem ekkert talað fyrr en síðla á útmánuðum eða á vordögum nú 1979. Formlegir, bókaðir viðræðufundir milli Deildartungumanna og svonefnds starfshóps iðnaðarráðuneytisins fóru fram 4.—9. maí s. l. Það er mat talsmanna eiganda Deildartunguhvers, að engin viðleitni hafi verið sýnd af hálfu ráðuneytisins til þess að ná frjálsum samningum, sem þeir gætu við unað. Segir svo í „yfirliti" Deildartungumanna yfir framvindu hitaveitumálsins, sem borist hefur öllum alþingismönnum:

„Samkvæmt þessu var hlutverk umboðsmanna eiganda hversins orðið það eitt að hlíta því verði á vatninu, sem ráðuneytinu þóknaðist að ákveða, en sæta ella eignarnámi. Slíku valdboði vildu umboðsmenn eigandans ekki lúta."

Með skírskotun til þess, sem að framan greinir, legg ég til að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ekki er fullreynt, að frjálsir samningar náist við eiganda Deildartunguhvers um afnot vatns til handa Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, telur deildin ekki rétt að heimild til eignarnáms sé lögfest nú og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. maí 1979.

Ingvar Gíslason.

Fylgiskjal I.

Framvinda hitaveitumálsins frá upphafi varðandi Deildartunguhver.
Örstutt yfirlit.

Deildartunguhver:

a. Talinn stærsti hver í heimi.
b. Gefur 180 l/s af sjálfrennandi 100°C vatni.
c. Aflið 45.2 MW.
d. Orkan 396 Gwh.

Um hina einstæðu eign og hið mikla og dýrmæta vatn fjallar þetta mál.

Hreppsnefnd Borgarneshrepps hafði á sínum tíma samþykkt að stofna til hitaveitu á vegum Borgarness, sem einnig ætti að þjóna víðar um Borgarfjarðarhérað. Í því skyni óskuðu fulltrúar hreppsins að fá afnot af vatni úr hvernum allt að 30 l/s. Var máli þeirra vel tekið af eiganda hversins og gerður bráðabirgðasamningur 20. mars 1974. Samningurinn skyldi úr gildi falla, ef eigi væri innan 2ja ára frá undirskriftardegi hafinn undirbúningur að hitaveitu að því er hverinn snerti.

Hinn 8. júlí 1975 birtist viðtal við sveitarstjórann í Borgarnesi í dagblaði og þar sagt m. a., að hverinn væri eigi lengur nauðsynlegur. Aðrir staðir kæmu frekar til greina. Síðar, eða 18. júlí 1976, barst svo tilkynning frá sveitarstjóranum, að Orkustofnun teldi líklegt að nægilegt vatn fengist í Bæjarlandi fyrir hitaveituna. Hafði samningnum ekki verið sinnt og hann löngu fallinn úr gildi.

Í árslok 1976 kemur Akraneskaupstaður til sögu.

8. mars 1977 barst eiganda hversins skriflegt tilboð frá Akranesi og Borgarnesi í allan hverinn og jarðhitaréttindi honum tilheyrandi ásamt 2 ha. lands. Fyrir þessi verðmæti voru boðnar 20.5 m.kr., útborganir 10 m.kr. og skuldabréf til 6 ára fyrir afgangi. Þessu boði var skiljanlega ekki sinnt.

Í júlí 1977 óskuðu samstarfsaðilar að hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar (SHAB) viðtals við umboðsmenn eiganda hversins. Fór það fram. Kom SHAB nú með tilboð munnlegt og boðin fram árleg greiðsla fyrir 150 l/s 0.7% af tekjum af vatnssölu eða sem samsvaraði rúmlega 2 m.kr. Einnig hér þótti umboðsmönnum eiganda skammt gengið og gerðu gagntilboð 7 kr. fyrir hvert afhent tonn árleg greiðsla. Hvoru tveggja þessu boði var hafnað.

Var í báðum tilboðum hitaveitumanna um úrslitakosti að ræða. Eðlilegum viðræðum til samninga með samkomulagi að markmiði varð því eigi komið af stað.

Við afgreiðslu lánsfjáráætlunar fyrir árið 1979 var fjáröflun til vegagerðar aukin um 470 millj. kr. frá því sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga, og er þeirri upphæð varið til aukningar viðhaldsfjár, en mjög hefur á það skort undanfarin ár að fjárveitingar til viðhalds þjóðvega hafi fylgt verðlagsþróun.

Fjárveitinganefnd taldi brýna nauðsyn bera til að í áætlun um fjáröflun til vegaframkvæmda á árinu 1980 verði gert ráð fyrir sérstöku lánsfé vegna framkvæmda við Borgarfjarðarbrú, og er lagt til í brtt. nefndarinnar á þskj. 833 að í þáltill. bætist nýr liður:

Lánsfjáröflun v/Borgarfjarðar, 1 000 millj. kr. árið 1980.

Með þessari auknu fjáröflun rýmkast um fjárveitingar til annarra vegaframkvæmda á því ári, og samkv. till. fjvn. hækka framlög til stofnbrauta, almennra verkefna um 384 millj. kr., til stofnbrauta, sérstakra verkefna um 300 millj. kr., til þjóðbrauta um 300 millj. kr. og til fjallvega um 16 millj. kr.

Í þáltill. um vegáætlun fyrir árin 1979—82 er í fyrsta sinn gert ráð fyrir að framlagi til stofnbrauta verði skipt eftir meginviðfangsefnum í almenn verkefni, bundin slitlög og sérstök verkefni. Í tillögum sínum hefur fjvn. stefnt að því, að vegáætlun verði afgreidd með þessum hætti, og miðaði nefndin tillögur sínar til þingmanna hinna einstöku kjördæma um skiptingu fjár milli verkþátta og kjördæma við það.

Tillögur um skiptingu fjárveitinga til einstakra almennra framkvæmda taka til þriggja næstu ára, eins og tíðkast hefur, en heildarfjármagn til einstakra slíkra framkvæmdaþátta síðasta ár áætlunarinnar er óskipt að venju og bíður endurskoðunar vegáætlunar árið 1981. Á hinn bóginn er í brtt. nefndarinnar gert ráð fyrir skiptingu þess framkvæmdafjár til stofnbrauta sem ætlað er til bundinna slitlaga og sérstakra verkefna, einnig árið 1982, en af hálfu Vegagerðar ríkisins er slík tilhögun varðandi þær framkvæmdir talin bæta aðstöðu stofnunarinnar til undirbúnings framkvæmda og stuðla að meiri festu í áætlunargerðinni.

Þá er í brtt. fjvn. gert ráð fyrir nýjum undirlið í sundurliðun framlaga til fjallvega o. fl., þ. e. Bláfjallavegur, Suðurlandsvegur — Hafnarfjarðarvegur, en framlög á þeim undirlið eru hluti af því fjármagni sem kom til skipta til þjóðvega í Reykjaneskjördæmi.

Auk þess að veitt er fé til almenns verkfræðilegs undirbúnings framkvæmda á liðnum stjórn og undirbúningur er í brtt. fjvn. lagt til að á árinu 1981 verði 25 millj. kr. veittar til hönnunar brúar yfir Ölfusárós af fé til almennra verkefna í

Suðurlandskjördæmi. Fé til almennra verkefna í stofnbrautum er ekki skipt á einstakar framkvæmdir árið 1982, eins og áður er sagt, en við það er miðað að jafnhárri fjárhæð verði ráðstafað í sama skyni á því ári, þegar vegáætlun verður endurskoðuð, og á þá að vera séð fyrir heildarkostnaði við hönnunina.

Í brtt. fjvn. er ekki gert ráð fyrir sérstökum heimildum til verktakalána, bundnum við einstök verkefni, eins og undanfarin ár, en við það miðað, að í reynd geti verið um að ræða að einstökum framkvæmdum verði flýtt með lánsútvegunum heimamanna í samráði við þingmenn viðkomandi kjördæma, eins og tíðkast hefur í einstökum tilvikum.

Við flokkun þjóðvega í undirflokka í þáltill. gerir fjvn. þá breytingu, að Vestfjarðavegur, Vesturlandsvegur — Snæfellsnesvegur verði áfram stofnbraut, en í þáltill. er lagt til að þessi hluti Vestfjarðavegar verði þjóðbraut.

Enn fremur er lagt til í brtt. fjvn., að Steingrímsfjarðarvegur verði tekinn í þjóðvegatölu sem stofnbraut úr Staðardal á Djúpveg á Þorskafjarðarheiði.

Til viðbótar því fjármagni, sem um er fjallað í vegáætlun, má gera ráð fyrir að aflað verði fjár til Norður- og Austurvegar allt að 2 000 millj. kr. á ári 1979—1982 samkvæmt nýsamþykktum lögum. En nauðsyn ber til að gera sérstakt átak til sölu skuldabréfa skv. þessum lögum með tilliti til þess, að af hliðstæðri eldri lánsheimild nýttust aðeins 750 millj. kr. á árunum 1976—1977 og ekkert síðan.

Gert er ráð fyrir í þáltill. um vegáætlun fyrir árin 1979—82, að heimiluðum stöðum fastra starfsmanna Vegagerðar ríkisins fjölgi um þrjár hvort árið 1979 og 1980 og um tvær hvort árið 1981 og 1982. Fjárveitinganefnd gerir ekki athugasemdir við það, að fjármagn verði ætlað til launagreiðslna í samræmi við þessa áætlun, en ætlast til þess að ráðninganefnd ríkisins, sem tekur ákvörðun um stöðurnar, stefni að því að fella niður aðrar stöðuheimildir, sem nú eru ónotaðar hjá stofnuninni.

Í meðferð vegáætlunar á Alþingi nú felst endurskoðun framkvæmda á árunum 1979 og 1980, en gerð nýrrar áætlunar fyrir árin 1981 og 1982. Í þáltill. um vegáætlun fyrir árin 1979—82 er gert ráð fyrir nokkru meiri lækkun framlaga til nýbygginga vega, brúa og fjallvega á árinu 1979 en fram kemur í vegáætlun fyrir árin 1977—80, sem samþykkt var á Alþingi 29. mars 1977. En við endurskoðun á vegáætlun fyrir árið 1980 er nú gert ráð fyrir verulegri aukningu á raungildi framkvæmdafjár á því ári í stað þess að skv. fyrri áætlun hefði það enn lækkað nokkuð.


Með hliðsjón af þróun í vegamálum undanfarin ár markar sú vegáætlun, sem nú er til afgreiðslu, tímamót að því leyti, að í stað rýrnunar raungildis framkvæmdafjár til vegagerðar er frá og með árinu 1980 stefnt að verulega auknum fjárveitingum til nýrra framkvæmda, auk þess að viðhaldsfé er mjög aukið þegar á þessu ári. Þá kemur það og til, að í stað þess að sérstök fjáröflun til Norður- og Austurvegar hefur undanfarin ár verið hluti af síminnkandi framkvæmdafé, kemur sú fjáröflun nú til viðbótar vaxandi fjármagni á vegáætlun til vegaframkvæmda í landinu.

Fjvn. stendur öll að brtt. á þskj. 833, en Sjálfstæðisflokksmenn, fulltrúar minni hlutans í nefndinni, rita undir nefndarálitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum. Þeir vilja taka fram, að vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um stórfelldan niðurskurð á framlögum ríkissjóðs til vegamála á þessu ári mun verða um 15% magnminnkun nýbygginga vega í landinu frá því í fyrra, þrátt fyrir gífurlega auknar skattaálögur á umferðina. Síðari ár vegáætlunar er stefnt í nokkra magnaukningu vegaframkvæmda, án þess að minnsta tilraun sé gerð til þess að ríkisstjórn og Alþingi móti stefnu í fjáröflun til þess á annan hátt en gera ráð fyrir nýjum lántökum.


Alþingi, 21. maí 1979.

Geir Gunnarsson, form., frsm.	Bragi Sigurjónsson, fundaskr.	Lárus Jónsson, með fyrirvara.
Þórarinn Sigurjónsson.	Eiður Guðnason.	Ellert B. Schram, með fyrirvara.
Alexander Stefánsson.	Pálmi Jónsson, með fyrirvara.	Helgi F. Seljan.


Fylgiskjal I. **VIÐHALD VEGA** Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1978.



Fylgiskjal II. SUMARVIÐHALD Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1978.



Fylgiskjal III. **NÝBYGGING VEGA, BRÚA OG FJALLVEGA**
Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1978.



Sþ. 843. Þingsályktun [77. mál]

um aukna leit að djúpsjávarrækju.

(Afgreidd frá Sþ. 21. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að auka skipulega leit að djúpsjávarrækju umhverfis landið og hafa í því sambandi samráð við þá útgerðarmenn, sem reynslu hafa af veiðum á rækju á djúpmiðum.

Sþ. 844. Þingsályktun [253. mál]

um langtímastefnu í rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Sþ. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 515.

Nd. 845. Nefndarálit [200. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 94 29. des. 1962, um almannavarnir, sbr. lög 30/1967, um breyt. á þeim.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 21. maí 1979.

Vilmundur Gylfason, form., frsm.	Einar Ágústsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson.
Árni Gunnarsson.	Svava Jakobsdóttir.	Friðrik Sophusson.
	Matthías Á. Mathiesen.	

Nd. 846. Nefndarálit [302. mál]

um till. til þál. um leiðréttingu söluskatts af leiksýningum áhugafélaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillögu þessa til þingsályktunar og mælir með samþykkt hennar, en tekur jafnframt undir skoðun menntamálanefndar Ed., að lagfæringin nái einnig til leiksýninga annarra áhugafélaga, sbr. þskj. 778.

Alþingi, 21. maí 1979.

Svava Jakobsdóttir, form., frsm.
Ingvar Gíslason, fundaskr.
Ólafur G. Einarsson.
Ellert B. Schram.
Bjarnfríður Leósdóttir.
Eiður Guðnason.
Sighvatur Björgvinsson.

Ed. 847. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 21. maí 1979.

Ólafur Ragnar Grímsson, varaform., frsm.
Jón Helgason, fundaskr.
Ágúst Einarsson.
Stefán Jónsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.

Ed. 848. Nefndarálit [251. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 42 16. apríl 1971, lög nr. 50 25. apríl 1973, lög nr. 68 21. maí 1974, lög nr. 44 16. maí 1977, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Við í minni hlutanum leggjum til að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem Alþingi hefur þegar samþykkt þingsályktun um að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um iðngarða í samráði við ýmsa aðila og í trausti þess, að frumvarp til slíkrar löggjafar verði lagt fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. maí 1979.

Þorv. Garðar Kristjánsson, frsm. Ragnhildur Helgadóttir.

Nd. 849. Þingsályktun [108. mál]

um aukin gæði fiskafla.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 386.

Nd. 850. Frumvarp til laga [291. mál]

um breytingu á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. maí.)

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Nefnd sex manna, tilnefnd af samtökum framleiðenda og ríkisstjórninni skal á grundvelli ákvæða 4. gr. ákveða afurðaverð til framleiðenda og verð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu, samkvæmt nánari ákvæðum laga þessara. Af hálfu framleiðenda tilnefnir stjórn Stéttarsambands bænda tvo menn í nefndina en Framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann. Ríkisstjórnin tilnefnir þrjá menn. Fulltrúar ríkisins í nefndinni skulu, auk þess sem þeir gæta þess að fylgt sé ákvæðum 4. gr., gæta hagsmuna neytenda í landinu og er ríkisstjórninni rétt að velja þá með tilliti til þess. Tilnefningu fulltrúa í Sexmannanefnd skal lokið 15. júní ár hvert.

Hagstofustjóri og forstöðumaður Búreikningastofunnar skulu vera nefndinni til aðstoðar.

2. gr.

3. málsgrein 6. gr. orðist svo:

Náist ekki meirihluti í Sexmannanefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, eða varðandi verðlagningu söluvara samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar, skal vísa ágreiningnum til þriggja manna yfirnefndar er fellir fullnaðarúrskurð. Hvor nefndarhluti Sexmannanefndar tilnefnir einn mann í nefndina þó ekki úr hópi nefndarmanna, en oddamaður skal tilnefndur af nefndinni í heild. Fái enginn stuðning meirihluta Sexmannanefndar sem oddamaður, tilnefnir Hæstiréttur oddamanninn. Skipa skal varamenn á sama hátt.

3. gr.

Í stað orðsins „neytenda“ í 7. gr. komi „ríkisstjórnarinnar“.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sexmannanefnd skal án tafar taka til meðferðar þá tekjuskerðingu sem við framleiðendum landbúnaðarafurða blasir vegna söluerfiðleika á þeirri framleiðslu sem er umfram innanlandsþarfir. Skal nefndin fyrir 1. sept. 1979 leggja fyrir ríkisstjórnina tillögur um lausn þess vanda þannig að tekjuskerðing bænda verði sem minnst.

Nd. 851. Lög [218. mál]

um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 521 (sbr. 438).

Nd. **852. Frumvarp til laga** [306. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi hluta jarðarinnar Deildartungu í Reykholtsdalshreppi ásamt jarðhitaréttindum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi:

Landsspildu úr landi Deildartungu, ásamt jarðhitaréttindum, þinglesna eign Sigurbjargar Björnsdóttur (Deildartunguhver).

Lega lands þess, sem taka skal eignarnámi svo og mörk þess, eru sýnd á uppdrætti, sem fylgir lögum þessum og er hluti þeirra.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins og ákvörðun bóta skal farið eftir ákvæðum laga um framkvæmd eignarnáms.

Verði reist jarðhitastöð á hinu eignarnumda landi skuldbindur eignarnemi sig til að láta eignarnámsþola í té við stöðvarvegg samtals 10 l/sek. af vatni úr hvernum án endurgjalds.

3. gr.


Þegar eignarnemi hefur tekið við hinu eignarnumda er ríkissjóði heimilt að afhenda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hin eignarnumdu verðmæti til afnota eftir því sem almenningsþörf krefur og um semst, og verði þá m. a. höfð hliðsjón af hagsmunum íbúa Reykholtsdalshrepps.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar greiði ríkissjóði eignarnámsbætur og allan kostnað hans af aðgerðum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.



SKÝRINGAR

- LANDSVÆÐI, SEM TAKA SKAL EIGNARNÁMI
- MIÐLÍNA FYRIRHUGAÐRAR AÐKOMU
- LANDAMERKI
- YFIRBORÐSJARÐHITI
- 250 MÆLDUR PUNKTUR
- AFBRÆÐSLUSVÆÐI
- FLÁI
- BORHOLA
- FRAMRÆSLUSKURÐUR
- VEGSLÓÐI
- H HITAVEITUPÍPA
- T TALSÍMI
- H/S HÁSPENNULÍNA STAUR OG STAG
- GIRÐING
- STEINHÚS
- TIMBURHÚS
- GRÓÐURHÚS

HNITASKRÁ


REIKNAÐ Í HNITAKERFI ÍSLANDS FRÁ 1974

EIGNARNÁMSSVÆÐI		
231	62789.000	66937.000
232	62789.000	66805.000
233	62907.000	66805.000
234	62907.000	66955.000
235	62899.000	66955.000
236	62899.000	66937.000

MIÐLÍNA AÐKOMU		
181	62551.302	67365.191
146	62703.797	67077.116
147	62721.653	66987.159
185	62742.889	66925.028
187	62818.218	66902.224

LANDAMERKI		
141	62733.120	67117.729
143	62734.306	67094.427
184	62645.938	66806.472
203	62863.668	67029.410
204	62926.647	67015.288
205	62968.444	66929.169
228	62792.775	67028.098
237	63042.607	67123.124
238	62901.047	67074.847
239	62888.749	67075.822
240	62900.946	67133.776

ÝMSAR GIRÐINGAR		
9	62731.467	66985.84
12	62828.662	66904.98
13	62838.353	66935.39
16	62838.254	66942.60
69	62503.325	66880.64
104	62535.336	67359.81
211	62927.326	66884.82
213	62904.298	66934.92
214	62885.100	66923.31
215	62895.174	66956.18
224	62886.927	66878.10
225	62899.102	66866.56
226	62910.680	66856.37



NR.	DAGS	BREYTING

DEILDARTUNGUHVER

HNIT H.F.
VERKFRÆÐISTOFA
SÍÐUMÚLA 34 SÍMI 8 47 55

MÆLIKV.
MÆLT. Bc J./J.ÞS./J.H.
REIKN. Bc J.
TEIKN. A.B./Bc J.
SAMÞ.
DAGS. MAÍ 1979
T.NR. 15-47
M-1

Nd. 853. Lög [296. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1970, um Fjárfestingarfélag Íslands hf.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 638.

Nd. 854. Lög [247. mál]

um Rafmagnseftirlit ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 683 (sbr. 503).

Nd. 855. Nefndarálit [277. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 28. maí 1969, um verslun ríkisins með áfengi og tóbak og lyf, sbr. lög nr. 51/1971.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið hefur verið afgreitt í Ed. Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 21. maí 1979.

Lúðvík Jósepsson, form., frsm.	Halldór E. Sigurðsson, fundaskr.	Kjartan Ólafsson.

Nd. 856. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til laga um sölu notaðra lausafjármuna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Frumvarpið er komið frá Ed. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 21. maí 1979.

Lúðvík Jósepsson, form., frsm.	Halldór E. Sigurðsson, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson.
Kjartan Ólafsson.	Finnur Torfi Stefánsson.	Vilmundur Gylfason.

Nd. 857. Breytingartillaga [291. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Stefáni Valgeirssyni, Lúðvík Jósepssyni, Þórarni Sigurjónssyni, og Finni Torfa Stefánssyni.

Við ákvæði til bráðabirgða. Aftan við ákvæðið bætist ný málsgrein:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán allt að 3 milljörðum króna er Framleiðsluráð landbúnaðarins tekur til framkvæmda á tillögum nefndarinnar. Það skilyrði verði á ábyrgð ríkisins að ráðstöfun lánsins gangi fyrst og fremst til að tryggja hag efnaminni bænda og þeirra sem hafa meðalbú eða minna.

Nd. 858. Lög [295. mál]

um breytingu á lögum um Háskóla Íslands, nr. 84/1970, sbr. l. nr. 7/1971, 67/1972, 88/1973, 3/1975 og 45/1976.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 637.

Nd. 859. Lög [19. mál]

um dómvexti, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 830.

Nd. 860. Lög [200. mál]

um breyting á lögum nr. 94 29. des. 1962, um almannavarnir, sbr. lög 30/1967, um breyting á þeim.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 385.

Nd. 861. Þingsályktun [302. mál]

um leiðréttingu söluskatts af leiksýningum áhugafélaga.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 678.

Ed. 862. Nefndarálit [289. mál]

um frv. til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. c-liður 3. gr. orðist svo:
   Borgarsjóður Reykjavíkur, bæjarsjóður Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Seltjarnarness 25%, sem skiptist í hlutfalli við íbúatölu.
2. 12. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980.

Alþingi, 22. maí 1979.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.	Bragi Níelsson, fundaskr.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Oddur Ólafsson.	Alexander Stefánsson.	Helgi F. Seljan.
	Ragnhildur Helgadóttir.	

Nd. 863. Breytingartillögur [291. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Friðrik Sophussyni.

1. 1. gr. frv. orðist svo:
   5. gr. laganna orðist svo:
   Verðlagsráð landbúnaðarins skal skipað sjö mönnum. Skulu tveir tilnefndir af stjórn Stéttarsambands bænda, einn af Framleiðsluráði landbúnaðarins, tveir af Alþýðusambandi Íslands og einn af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Ríkisstjórnin skipar formann Verðlagsráðs. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.
   Tilnefning í Verðlagsráð landbúnaðarins gildir til eins árs í senn og skal ráðið fullskipað 1. júlí ár hvert.
   Ályktanir Verðlagsráðs landbúnaðarins eru lögmætar ef meiri hluti samþykkir.
   Formaður Verðlagsráðs er tengiliður ríkisstjórnarinnar og ráðsins um öll þau atriði sem varða fyrirgreiðslu hins opinbera, svo sem tilhögun á niðurgreiðslum búvöruverðs á innlendum markaði, útflutningsbætur, framleiðslu- og framleiðslustöðvunarstyrki og önnur framlög eða aðgerðir, sem áhrif hafa á afkomu framleiðenda.
2. 2. gr. frv. orðist svo:
   3. og 4. mgr. 6. gr. falli brott.
3. 3. gr. frv. orðist svo:
   Í stað orðsins „Sexmannanefnd“ í lögunum komi: Verðlagsráð landbúnaðarins.

Nd. 864. Breytingartillaga [291. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal eins fljótt og við verður komið láta Sexmannanefnd í té sem nákvæmastar upplýsingar um vanda þann, sem skapast hefur sökum þess að framleiðsla landbúnaðarafurða hefur orðið meiri en svo að verðábyrgð ríkissjóðs sökum útflutnings á framleiðslu umfram innanlandsþarfir nægi. Í upplýsingum þessum komi m. a. fram hvert verða muni líklegt tekjutap bænda, verði ekkert að gert, svo og hvaða kostnað þurfi að greiða sökum umframframleiðslunnar öðrum en framleiðendum sjálfum, svo sem vinnslu-, sölu- og geymslukostnað.

Sexmannanefnd skal gera tillögu til ríkisstjórnarinnar um hvernig bregðast megi við þessum vanda þannig að takist að draga úr áhrifum tekjutapsins hjá framleiðendum, einkum þeim tekjulægstu, m. a. með þátttöku vinnslu- og sölusamtaka landbúnaðarins í þeirri lausn.

Tillögur þessar verði lagðar fyrir ríkisstjórnina svo tímanlega að færi gefist á að taka afstöðu til hugsanlegrar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu í þessu skyni við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjáráætlunar á næsta reglulegu Alþingi.

Nd. 865. Breytingartillögur [285. mál]

við brtt. á þskj. 833 [Vegáætlun].

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni, Lúðvík Jósepssyni og Sverri Hermannssyni.

Við II. Sundurliðun. 1. Stofnbrautir. 1.1. Almenn verkefni.

1. Við 901-34 Brekka—Þorgeirsstaðir.
   Í stað „57“ komi: 50.
2. Við 985-09 Vopnafjörður—Hlíðarvegur.
   Í stað „10“ komi: 24.
3. Við 992-07 Reyðarfjörður—Eskifjörður.
   Í stað „67“ komi: 60.

Nd. **866. Frumvarp til laga** [319. mál]

um lögfræðiaðstoð.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Lögfræðiaðstoð skv. lögum þessum felst í nauðsynlegri ráðgjöf og bréfaskiptum vegna:

1. Sifja-, erfða- og persónuréttarmálefna.
2. Skaðabóta utan samninga.
3. Vátryggingasamninga.
4. Vinnusamninga.
5. Kaupa eða leigu íbúðarhúsnæðis.
6. Lausafjárkaupa sem ekki hafa verið gerð í atvinnuskyni.
7. Meintra yfirsjóna opinberra starfsmanna í starfi.

Það telst sömuleiðis lögfræðiaðstoð í skilningi laga þessara að semja umsókn um gjafsókn eða gjafvörn.

2. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur ákveðið að aðstoð skv. 1. gr. skuli veitt umfram það sem þar segir, enda sé líklegt að með því móti megi leysa úr ágreiningi án málshöfðunar.

3. gr.

Rétt til aðstoðar skv. lögum þessum hafa einstaklingar, sem eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa lögheimili hér á landi, enda nái tekjur þeirra ekki nánar tilgreindum mörkum, er ákveðin skulu í reglugerð.

4. gr.

Starfandi héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn, svo og fulltrúar þeirra, eru skyldir til að láta í té aðstoð skv. lögum þessum.

Þeir geta þó synjað um aðstoð í einstökum tilvikum, ef þeir telja málefni þess eðlis að aðstoð sé bersýnilega þarflaus, hún brjóti í bága við siðareglur lögmanna eða starfsannir þeirra banni.

5. gr.

Nú er ekki kostur á þjónustu starfandi lögmanna eða fulltrúa þeirra og getur þá dómsmálaráðuneytið heimilað öðrum lögfræðingum að láta í té aðstoð skv. lögum þessum.

6. gr.

Fyrir veitta aðstoð skv. 1. gr. þessara laga greiðist föst þóknun, sem ákveðin skal í reglugerð. Fyrir veitta aðstoð skv. 2. gr. greiðist þóknun, sem dómsmálaráðuneytið ákveður eftir málsatvikum hverju sinni.

Ríkissjóður greiðir ¾ þóknunar, en skjólstæðingur ¼.

7. gr.

Sækja þarf um það til dómsmálaráðuneytisins á sérstöku eyðublaði að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við lögfræðiaðstoð. Umsókn skal undirrituð af þeim sem aðstoðar beiðist og þeim sem hana veitir.

Í reglugerð skal nánar ákveða hvaða upplýsingar skuli fylgja umsókn skv. 1. mgr.

8. gr.

Dómsmálaráðuneytið sker úr því hvort veitt aðstoð falli undir ákvæði 1. gr. laga þessara. Ráðuneytið sker og úr ágreiningi sem rísa kann vegna ákvæða 3. og 4. gr. laganna.

Úrskurð ráðuneytisins má bera undir dómstóla.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980.

Greinargerð.

I.

Þann 24. október 1978 skipaði dómsmálaráðherra eftirtalda í starfshóp „til þess að huga að lagareglum um ókeypis lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk...“: Björn Þ. Guðmundsson, prófessor, Guðjón Steingrímsson, hæstaréttarlögmann, Magnús Thoroddsen, borgardómara, Ólöfu Pétursdóttur, fulltrúa í dómsmálaráðuneytinu og Eirík Tómasson, aðstoðarmann dómsmálaráðherra, sem jafnframt var skipaður formaður starfshópsins.

Í skipunarbréfi var verksvið starfshópsins nánar ákveðið. Skilaði starfshópurinn áliti sínu, með bréfi, dags. 27. apríl 1979. Með því fylgdi frumvarp þetta, svo og drög að reglugerð skv. því.

Í frv. er ekki fjallað um gjafsókn og gjafvörn, en ákvæði um það efni eru nú í XI. kap. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Við samningu frv. hefur verið höfð hliðsjón af réttarreglum um þetta efni hjá öðrum þjóðum, einkum Dönum og Norðmönnum. Auk þess hefur nefndin kynnt sér framkvæmd „lögfræðiaðstoðar“, bæði hérlendis og erlendis, einkum þó á Norðurlöndum.

II.

Á Alþingi 1974—1975 fluttu þau Svava Jakobsdóttir og Ragnar Arnalds tillögu til þingsályktunar um lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk. Í greinargerð fyrir þál. þessari sagði m. a.: „Það er vitað og viðurkennt að margt efnalítið fólk veigrar sér við að leita lögfræðilegrar aðstoðar er vanda ber að höndum sakir kostnaðarins er því fylgir. Er engan veginn verjandi að fólk eigi þess ekki kost að reka réttar síns sakir efnaleysis. Brýnt er því að leysa vanda þessa fólks með því að koma á fót hið allra fyrsta réttaraðstoð sem óháð sé gjaldskrá Lögmannafélags Íslands... Hér á landi eru til reglur um gjafsókn og gjafvörn, en þótt þær séu góðra gjalda verðar, leysa þær ekki nema lítinn hluta þess vanda sem eiginlegri réttaraðstoð er ætlað að gera. Reglur um gjafsókn og gjafvörn gilda aðeins ef til málshöfðunar kemur. Í fjölmörgum málum, sem upp rísa, þarfnast fólk fyrst og fremst lögfræðilegra leiðbeininga og upplýsinga um rétt sinn. Þennan vanda mundi réttaraðstoð leysa. Ætti fólk þess kost að leita slíkrar aðstoðar sér að kostnaðarlitlu meðan mál eru á frumstigi, eru og meiri líkindi til að mál leysist farsællega án þess að til málshöfðunar þurfi að koma.“

Þál. þessari var, að tillögu allsherjarnefndar, vísað til ríkisstjórnarinnar.

Í samstarfsyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er því lýst yfir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir „greiðari aðgangi almennings að dómsmálum, svo sem með lögfræðilegri aðstoð án endurgjalds“.

III.

Réttarreglur um „lögfræðiaðstoð“ er að finna í flestum þeim ríkjum þar sem lífskjör eru jafngóð eða betri en hér á Íslandi. Áður en vikið er að ákvæðum frv. þykir rétt að gefa stutt yfirlit yfir réttarreglur þessar í nokkrum grannlöndum.

DANMÖRK:

Með breytingu á réttarfarslögunum dönsku, nr. 253 frá 4. júní 1969, var veitt heimild til að setja reglugerð um lögfræðiráðgjöf við efnalítið fólk. Slík reglugerð var fyrst sett 19. desember 1969 nr. 562, síðar breytt með reglugerð nr. 125 30. mars 1978, en nú gildir reglugerð nr. 103, 16. mars 1979. Auk þess er í Kaupmannahöfn og Friðriksberg á vegum stúdentasamtakanna starfrækt lögfræðiþjónusta við efnalitla borgara.

Samkvæmt framangreindum reglugerðum eru það sjálfstætt starfandi lögmenn, sem veita þessa lögfræðiráðgjöf. Skulu þeir lögmenn, sem fúsir eru að taka að sér slíkan starfa, tilkynna það dómara þeim, er lögsögu hefur í því umdæmi, þar sem lögmaður hefur skrifstofu. Í janúarmánuði hvert ár auglýsir hlutaðeigandi dómari opinberlega, hvaða lögmenn það eru, sem taka að sér lögfræðiráðgjöf.

Lögfræðiráðgjöf tekur m. a. til eftirfarandi málefna:

1. a) Persónu-, sifja- og erfðarréttarmálefna.
   b) Skaðabóta utan samninga.
   c) Vátryggingarmálefna.
   d) Lausafjárkaupa, þó ekki í atvinnuskyni.
   e) Leigu á íbúðarhúsnæði.
   f) Vinnusamninga og orlofs.
   g) Mál, sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum og kærur út af ákvörðunum þessara stjórnvalda.
2. Samningu umsókna um gjafsókn.
3. Samningu stefna í þeim málaflokkum, er falla undir 1. tl. hér að framan, svo og í þeim héraðsdómsmálum, þar sem verðmæti kröfu fer eigi yfir d. kr. 4 000.00.
4. Ráðgjöf og hugsanlega samningu kæru út af afgreiðslu stjórnvalds.

Með ráðgjöf er yfirleitt átt við munnlega ráðgjöf og venjulega ritun eins bréfs í sambandi við hana, ef með þarf.

Þeir, sem hafa lægri skattskyldar árstekjur en 80 000.00 d. kr., að viðbættum d. kr. 7 000.00 fyrir hvert barn innan 18 ára, sem þeir hafa á sínu framfæri, eiga rétt á lögfræðiráðgjöf.

Þá er réttur til lögfræðilegrar ráðgjafar einnig bundinn því skilyrði, að umsækjandi eigi ekki eignir, sem séu meiri að verðmæti en 100 000.00 d. kr. eða d. kr. 20 000.00 í lausafé, sem auðvelt megi koma í peninga.

Í sérstökum undantekningartilvikum getur dómari ákveðið að vikið sé frá hámarkstekju- og eignarmörkum samkvæmt framansögðu.

Sá, sem beiðist lögfræðilegrar ráðgjafar, skal gefa lögmanni þeim, er hann leitar til, upplýsingar um fjárhag sinn á þar til gerð eyðublöð, er dómsmálaráðuneytið útbýr. Upplýsingar um skattskyldar tekjur og eignir á að gefa með vottorði frá viðkomandi sveitarfélagi.

Lögmaður getur neitað að veita lögfræðilega ráðgjöf, ef honum sýnist krafa beiðanda bersýnilega tilefnislaus eða ósanngjörn, eða ráðgjöfin myndi brjóta í bága við siðareglur lögmanna.

Lögmaður á rétt á 200.00 d. kr. í greiðslu fyrir lögfræðiráðgjöf. Af þeirri fjárhæð greiðir ríkið 75%, en sá, er ráðgjafar beiðist, greiðir afganginn.

Þegar sérstakar ástæður mæla með því, t. d. ef líkur eru á, að leysa megi ágreining án málshöfðunar, er heimilt að veita frekari lögfræðiráðgjöf en að ofan greinir, allt að d. kr. 800.00. Greiðir þá ríkissjóður 50% af þóknuninni, en sá, sem aðstoðar beiðist, afganginn.

Lögmaður sá, er veitir réttarþjónustu, ritar á eyðublað það, er umsækjandi útfyllir varðandi fjárhag sinn, hvers konar ráðgjöf lögmaðurinn hafi veitt í hverju tilviki. Sá, sem ráðgjafar nýtur á einnig að kvitta á eyðublaðið til staðfestingar því, að hann hafi hlotið ráðgjöfina.

Lögmenn þeir, er lögfræðiráðgjöf veita, eiga ársfjórðungslega, að senda framangreind eyðublöð til dómara í því lögsagnarumdæmi, þar sem þeir hafa skrifstofu. Hlutaðeigandi dómari greiðir síðan þann hluta endurgjaldsins, sem ríkinu ber (þ. e. 75%).

Rétt er að vekja athygli á því, að framangreind lögfræðiráðgjöf nær ekki til samningu bréfa eða skjala, sem stjórnvöld, venju samkvæmt, veita nægilega aðstoð við, þar með talin skattaframtöl.

Áætlað er, að um 70% dönsku þjóðarinnar eigi rétt á að njóta lögfræðiráðgjafar samkvæmt framangreindum reglum.

NOREGUR:

Engin heildarlöggjöf um endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð hafa enn verið sett í Noregi. Hins vegar liggur fyrir frumvarp til slíkra laga sem stjórnskipuð nefnd samdi og skilaði af sér um mitt ár 1976, en það hefur ekki náð enn fram að ganga. Ákvæði um endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð eru þess vegna á víð og dreif í norskri löggjöf, reglugerðum og tilskipunum. Hér á eftir verður fyrst gerð grein fyrir þeim reglum sem nú gilda og síðan lítillega vikið að hinu nýja frumvarpi.

Í Osló og Akershus hefur frá árinu 1983 verið starfandi sérstök stofnun er annast endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð (Kontoret for fri rettshjælp). Í upphafi stóðu félagssamtök, þ. á m. norska lögmannafélagið, að þessari skrifstofu en frá árinu 1923 hefur reksturinn verið í höndum Oslóborgar og sveitarfélaga í nágrenninu.

Skrifstofan veitir almenna lögfræðilega ráðgjöf en einnig aðstoð við rekstur dómsmála. Er þá í mörgum tilfellum um að ræða gjafsóknar- eða gjafvarnarmál. Annars greiðir ríkið um 40% kostnaðar við starfsemi skrifstofunnar en viðkomandi sveitarfélag 60% þegar um er að ræða lögfræðilega ráðgjöf en sé um að ræða aðstoð við reksturs dómsmáls greiðir ríkið 60% en viðkomandi sveitarfélag 40%.

Skrifstofan lætur í té upplýsingar um hvers konar lögfræðileg vandamál og veitir ráðgjöf áður en til málaferla kemur, hvort tveggja án endurgjalds. Hinar lögfræðilegu upplýsingar geta varðað lögfræðileg vandamál á sviði skaðabótaréttar, hjúskaparréttar, vinnuréttar, erfðaréttar, varðandi húsaleigu og húsaleigusamninga o. fl.

Sérstöðu hefur starfsemi er stúdentar sjá um í Osló, sem fólgin er í því að þeir ferðast um borgina í vagni (jussbussen) og veita almenningi lögfræðilegar upplýsingar án endurgjalds.

Annars staðar í Noregi er endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð einkum með tvennum hætti. Annars vegar getur sá sem á rétt á endurgjaldslausri lögfræðiaðstoð leitað til lögmanns eftir eigin vali og hins vegar til sérstakra lögfræðiskrifstofa sem reknar eru af sveitarfélögum eða fylkjum með fjárstuðningi ríkisins.

Þrjú megin skilyrði eru sett fyrir endurgjaldslausri lögfræðiaðstoð. Í fyrsta lagi að umsækjandi hafi þörf fyrir lögfræðilega aðstoð, en í því felst að hann geti ekki fengið upplýsingar eða ráðgjöf með öðrum hætti, t. d. með því að snúa sér til skattstofu eða félagsmálastofnunar. Í annan stað er það skilyrði að umsækjandi taki þátt í kostnaði við aðstoðina með því að greiða 50.00 n. kr. sjálfur. Heimilt er þó að fella þetta gjald niður. Gerist það í yfirgnæfandi tilfella. Meginskilyrði fyrir aðstoð er að umsækjandi fullnægi ákveðnum eigna- og tekjumörkum. Eignamörkin eru 40 000.00 n. kr. en tekjumörkin 21 000.00 n. kr. þegar um einhleypinga er að

ræða en 26 300.00 n. kr. fyrir hjón og 5 300.00 n. kr. að auki fyrir hvert barn yngra en 16 ára, enda sé það á framfæri umsækjanda.

Aðstoðin miðast fyrst og fremst við einstaklinga en einnig geta félög og stofnanir notið hennar þegar sérstaklega stendur á. Ekki skiptir máli hvort um er að ræða norska ríkisborgara eða útlendinga sem búsettir eru í Noregi.

Lögfræðiaðstoðin er fólgin í upplýsingum og ráðgjöf um lögfræðileg vandamál utan réttar og þarf ágreiningur ekki að vera upp komin til þess að aðstoðin sé látin í té. Þegar lögmaður veitir aðstoðina er venjulega aðeins um eitt viðtal að ræða en ella verður að sækja um sérstakt leyfi til fylkismanns. Hann á og úrskurðarvald um endurgjald til lögmannsins en málskotsréttur í því efni er til dómsmálaráðuneytisins. Meginreglan er sú að aðstoðin nær ekki til sakamála en í undantekningartilfellum er þó hægt að leyfa hana, einkum þegar ekki þykir ástæða til að skipa sökunaut sérstakan verjanda.

Áðurnefnt frumvarp til laga um „fri rettshjælp" tekur bæði til endurgjaldslausrar lögfræðiráðgjafar og gjafsóknar og gjafvarnar. Hér á eftir verður aðeins lauslega vikið að því fyrrnefnda. Ríkissjóður greiðir lögfræðiráðgjöfina að öllu leyti eða að hluta. Bæði opinberar lögfræðiskrifstofur og sjálfstætt starfandi lögfræðingar láta lögfræðiráðgjöfina í té. Frumvarpið gerir ráð fyrir að allir sjálfstætt starfandi lögmenn séu skyldaðir til að taka að sér aðstoð samkvæmt lögunum. Þeir geta þó neitað því ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem miklar annir. Fylkismaður ákveður hvort veita skuli endurgjaldslausa ráðgjöf. Lögmaður, hvort sem hann starfar sjálfstætt eða á opinberri lögmannsskrifstofu, getur þó sjálfur ákveðið endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð, enda taki hún ekki meira en 5 klukkustundir og öðrum skilyrðum sé fullnægt. Aðalreglan er sú að einungis einstaklingar eigi rétt á aðstoð en þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi má veita hana félögum og stofnunum. Eins og áður er aðstoðin miðuð við það að umsækjandi fullnægi vissum eigna- og tekjumörkum og að hann hafi þörf fyrir aðstoðina. Viðmiðun er margföldun á grunnupphæðum almannatrygginga.

SVÍÞJÓÐ:

Í Svíþjóð tóku gildi 1. júlí 1973 lög nr. 429 frá 26. maí 1972 (rättshjälpslag). Lögin taka til málareksturs hvort heldur er fyrir dómstól eða stjórnvöldum og einnig til aðstoðar án þess að til sérstaks málareksturs komi.

Gert er ráð fyrir ferns konar lögfræðiaðstoð. Fyrst og fremst er um að ræða svonefnda almenna lögfræðiaðstoð (allmänn rättshjälp). Þessa aðstoð má veita hvort heldur er í sambandi við málssókn eða ekki svo fremi aðrar tegundir aðstoðar komi ekki til. Úrskurðarvald í þessum efnum er í höndum sérstakra nefnda.

Samhliða hinni almennu lögfræðiaðstoð er sérstök aðstoð sem veitt er sökuðum mönnum í opinberum málum. Er tekið fram að þessi aðstoð komi til viðbótar almennum reglum um skipaða verjendur af hálfu hins opinbera. Enn gilda því ekki sömu reglur um lögfræðilega aðstoð í sakamálum og einkamálum.

Í þriðja lagi er um að ræða opinbera aðstoð sem aðeins er veitt í vissum stjórnsýsluefnum sem varða frelsissviptingu og því um líkt, t. d. innlagningu á geðsjúkrahús, brottvísun erlends ríkisborgara úr landi o. s. frv.

Loks er um að ræða lögfræðilega ráðgjöf, er í felast stuttar lögfræðilegar ráðleggingar gegn föstu, lágu gjaldi. Slík ráðgjöf nær til allra þeirra réttarsviða sem lögin taka til.

Þegar um er að ræða aðrar tegundir af aðstoð en hina svonefndu almennu lögfræðiaðstoð eru engar takmarkanir gerðar með tilliti til fjárhags þess sem fer fram á aðstoðina. Vissar undantekningar gilda þó varðandi sakamál. Almennrar lögfræðiaðstoðar geta notið einstaklingar með árslaun sem ekki eru hærri en áttföld grunnfjárhæð samkvæmt sænsku almannatryggingalögunum. Í samræmi við þetta voru mörkin árið 1975, 68 000.00 s. kr. — Aðalreglan er sú að ekki geti aðrir notið framan-

greindrar lögfræðiaðstoðar en einstaklingar en þó eru vissar undantekningar gerðar, t. d. í sambandi við dánarbú.

Þeir sem aðstoðar njóta taka sjálfir þátt í útgjöldum þess vegna. Hlutdeild þeirra er reiknuð út samkvæmt töflum um tekjur og framfærslubyrði. Um er að ræða 60.00 — s. kr. grunngjald en einnig er hægt að lækka þessa fjárhæð eða gefa hana eftir að fullu.

Sjálfstætt starfandi lögmenn eða lögfræðingar á einhverjum hinna 30 almennu lögfræðiskrifstofa, sem hafa verið stofnaðar í sambandi við lagasetninguna, láta aðstoðina í té. Þessar opinberu lögfræðiskrifstofur hafa enga enga einokunaraðstöðu; hugsunin er sú að frjáls samkeppni liggi þarna á milli með líkum kjörum. Er álitið að þetta muni m. a. draga úr kostnaði við lögfræðiaðstoðina.

Úrskurðarvald varðandi framkvæmd þessa kerfis er í aðalatriðum hjá 6 nefndum og hafa þær aðsetur í Stokkhólmi, Jänköping, Malmö, Götenborg, Sundsvåll og Umeå. Þessar nefndir ákveða m. a. endurgjald fyrir lögfræðiaðstoð, hafa eftirlit með áðurnefndum skrifstofum og eru málskotsaðili varðandi ýmis önnur atriði. Heildarframkvæmdastjórn lögfræðiaðstoðarinnar er hins vegar í höndum sérstakrar nefndar á vegum dómstólanna (domstolväsenets, organisationsnämnd, „DON").

Árið 1974 fór fram rannsókn af hálfu „DON" á því hvernig þetta kerfi hefði virkað í raun. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að kerfið þyrfti gagngerrar endurskoðunar við og var sérfræðinganefnd falið að halda því verki áfram. Fyrst eftir að lögin tóku gildi kom í ljós mikil aukning umsókna um endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð og útgjöld þess vegna hækkuð mjög.

FINNLAND:

Þann 1 .september 1973 tóku gildi í Finnlandi lög nr. 88 frá 2. febrúar 1973 (lag om allmänn rättshjälpsverksamhet).

Opinberar skrifstofur, sem eitt eða fleiri sveitarfélög hafa komið á stofn, láta almenna lögfræðiaðstoð í té. Þeir sem hennar njóta greiða sjálfir hluta af útgjöldum við aðstoðina og er þar um að ræða eina upphæð sem er reiknuð út frá fjárhagsgetu þess sem aðstoðar óskar. Heimilt er þó að fella þetta gjald niður.

Venjulega fer þetta þannig fram að maður snýr sér fyrst til viðkomandi félagsmálastofnunar sem eftir atvikum vísar málinu áfram til áðurnefndra skrifstofa sem annast lögfræðiaðstoðina.

Þær 55 lögfræðiskrifstofur sem stofnaðar voru í Finnlandi í lok árs 1974 voru fjármagnaðar á svipaðan hátt og nú er í Noregi. Stuðningur ríkisins getur numið allt frá 50—95% af kostnaðinum, allt eftir fjárhagsstöðu sveitarfélaganna.

Lögfræðingar áðurnefndra skrifstofa hafa starfið að aðalstarfi. Sérstök nefnd stjórnar hverri skrifstofu, en yfirstjórn þessara mála er í höndum dómsmálaráðuneytisins.

Úrskurðarvald um það hvort umsækjandi uppfyllir skilyrði um almenna lögfræðiaðstoð er í höndum einstakra lögfræðinga en sé beiðni hafnað getur umsækjandi skotið máli sínu til áðurnefndrar nefndar.

Auk framangreindrar almennrar lögfræðiaðstoðar er í lögunum heimild til aðstoðar vegna málssóknar, bæði að því er varðar einkamál og opinber mál. Skilyrði aðstoðar eru hin sömu og áður getur. Viðkomandi dómstóll sker úr um það hvort skilyrðunum er fullnægt. Þó er það skilyrði sett að auki að viðkomandi mál hafi sérstaka þýðingu fyrir umsækjanda.

Hin nýju lög um endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð höfðu í för með sér stóraukinn kostnað og var þetta mál tekið fyrir í þinginu árið 1975. Komist var að þeirri niðurstöðu að stærsti útgjaldaliðurinn voru greiðslur til lögfræðinga sem komu fram fyrir hönd skjólstæðinga sinna í dómsmálum. Ráð ríkisstjórnarinnar var það að reyna að fá greiðslur þessar lækkaðar án þess að draga úr virkni kerfisins um lögfræðiaðstoð en í því sambandi var bent á að þetta gæti dregið úr því að duglegir lögfræðingar tækju að sér lögfræðiaðstoð samkvæmt lögunum .

BRETLAND:

Í apríl 1973 var komið á fót lögfræðiráðgjöf fyrir England, Wales og Skotland. Nú gilda um þetta lög „Legal Aid Act 1974, Part 1, Section 1—5, on Legal Advice and Assistance." Samkvæmt þeim lögum getur efnalítið fólk fengið lögfræðiráðgjöf varðandi ensk og skosk lög ýmist endurgjaldslaust eða gegn lítilvægu endurgjaldi.

Þeir sem lögfræðilegu ráðgjöfina láta í té kallast í Bretlandi „Solicitors". Lögfræðiráðgjöf þessi nær til allra sviða lögfræðinnar, fyrir utan dómstóla, en þá eiga við reglurnar um gjafsókn („Legal Aid").

Lögfræðiráðgjöf þessi getur t. d. náð til munnlegra leiðbeininga, bréfaskrifta, samningu alls konar skjala og löggerninga og aðstoð við að koma á sátt í deilumáli, sem ekki hefur verið borið undir dómstóla. Samkvæmt þessum reglum hefur lögmaður heimild til þess að veita lögfræðilega ráðgjöf fyrir allt að £ 25.00 virði, enda hafi sá sem lögfræðiráðgjafar beiðist minna en £ 15.00 á viku í ráðstöfunartekjur. Með ráðstöfunartekjum er átt við tekjur eftir að dregnir hafa verið frá tekjuskattur, gjöld til almannatrygginga, sjúkra- og atvinnuleysistrygginga. Þá er ennfremur, við mat á ráðstöfunartekjum, litið til fjölskyldustærðar umsækjanda. Ef umsækjandi hefur meira en £ 20.00 í ráðstöfunartekjur á viku þarf hann að greiða hlutdeild í lögmannskostnaði er svarar £ 4.00. Síðan fer hlutdeild þess, er lögfræðiráðgjafar óskar, hækkandi í hlutfalli við ráðstöfunartekjur. Ef ráðstöfunartekjur umsækjenda um lögfræðiráðgjöf fara yfir £ 42.00 á viku eða sparifé hans nemur meiru heldur en £ 300.00, á viðkomandi ekki rétt til ókeypis lögfræðiráðfgjafar.

Lögmaður sá, er lögfræðiráðgjöf veitir, reiknar sjálfur út, á sérstöku eyðublaði, „ráðstöfunartekjur" umsækjenda. Eigi umsækjandi rétt á ráðgjöf gegn því að greiða sjálfur hluta af kostnaði, ber honum að inna þann kostnað af hendi til lögmannsins strax. Lögmaður sendir síðan lokareikning til „The LAW Society" (Félagsskapur „Solicitors"), er annast greiðslu og fer með yfirstjórn þessara mála.

Lögfræðiráðgjöf þessi er veitt bæði af sjálfstætt starfandi lögmönnum og einnig lögfræðingum sem að ráðnir eru til starfa á tilteknum lagamiðstöðvum („LAW Centers").

Starfsemi þessi er fjármögnuð að hluta með framlögum úr ríkissjóði, eins og þau eru ákveðin árlega af breska þinginu, að hluta með framlögum þeirra, sem hljóta gjafsóknir og lögfræðilega aðstoð gegn einhverju og að hluta með málskostnaði eða skaðabótum sem gagnaðilji þess, sem aðstoðar nýtur, er dæmdur til þess að greiða, ef hann tapar máli. Lögmannafélagið „The LAW Society" bera ábyrgð á ávöxtun og viðgangi þessa sjóðs.

Talið er að um helmingur af íbúum Bretlands eigi rétt á lögfræðilegri ráðgjöf, þar er tekjur þeirra fari ekki fram úr hinu tilskylda lágmarki.

Könnun, sem fram hefur farið í Englandi og Wales, bendir til þess, að um það bil 59% þeirra, er lögfræðiráðgjafar leita, geri það vegna hjúskaparmála.

Á árinu 1975 voru í Englandi og Wales veitt 207 977 gjafsóknarleyfi, og samtals 254 558 lögmannsreikningar voru greiddir vegna lögfræðilegrar ráðgjafar. Samanlagður kostnaður til gjafsóknarmála og lögfræðilegrar ráðgjafar nam þetta ár £ 40 085 000.00.

SVISS:

Í Genf er starfrækt lögfræðiskrifstofa á vegum Lögmannafélags Sviss, er lætur í té lögfræðiráðgjöf. Markmið þessarar starfsemi er:

1. Að veita munnlega lögfræðilega ráðgjöf.
2. Að útvega umsækjanda lögmannsaðstoð, ef þess gerist þörf.
3. Hjálpa fólki til þess að sækja um gjafsóknarleyfi ef það fullnægir skilyrðum til þess.
4. Vísa umsækjendum á hinar réttu stjórnarskrifstofur og félagsmálastofnanir.

5. Hafa samvinnu við félagsmálastofnanir í kantónunum, einkum hinar lögfræðilegu deildir þeirra.
6. Að koma upp lögfræðilegum leiðbeiningarstöðvum utan stórborga.

Skrifstofu þessari er stjórnað af lögfræðingi með aðstoð ritara, sem er einnig lögfræðingur að mennt. Skrifstofa þessi er opin frá 8.30 að morgni til 9.00 að kvöldi frá mánudegi til föstudags og einnig fyrir hádegi á laugardögum. Meðlimir í Lögmannafélagi Sviss veita hina lögfræðilegu ráðgjöf samkvæmt ákveðnum reglum. Ráðgjafarþjónusta þessi fer aðallega fram frá hádegi til kl. 14.00, á kvöldin, og á laugardögum.

Stjórnandi stofnunarinnar ræðir við umsækjendur um lögfræðilega ráðgjöf. Geti hann ekki leyst úr vandamálum þeirra á staðnum, þá sér hann um að koma á sambandi milli umsækjenda og einhvers af þeim lögmönnum, er þátt taka í ráðgjafarstarfsemi þessari. Ennfremur sér stjórnandinn um það að umsækjendum sé sanngjarnlega dreift á þá lögmenn, sem þátt taka í starfseminni, hann tekur við reikningum frá lögmönnum og greiðir þá, annast bókhald skrifstofunnar og sér um innheimtu á gjöldum. Þá á stjórnandi skrifstofunnar að hafa gott samband við félagsmálastofnanir, einkum lögfræðingadeildir þeirra.

Ritari skrifstofunnar annast skrifstofuhaldið, leysir stjórnandann af í fjarveru hans, og hefur tengsl við félagsráðgjafa.

Lögmenn þeir, er þátt taka í starfsemi þessari eiga að vinna í nánum tengslum við forstöðumann stofnunarinnar, og senda honum skýrslu um þau ráðgjafarstörf, er þeir inna af hendi á vegum stofnunarinnar.

Forstöðumaður skrifstofunnar, og þeir lögmenn, sem veita lögfræðilega ráðgjöf á skrifstofunni bera skaðabótaábyrgð á störfum sínum. Hins vegar kaupir lögmannafélagið tryggingu gegn þessari faglegu ábyrgð. Lögmenn er veita lögfræðiráðgjöf utan skrifstofunnar eru skaðabótaskyldir um þá ráðgjöf.

Fimm manna nefnd, sem skipuð er af stjórn lögmannafélagsins, hefur yfirumsjón með starfsemi skrifstofunnar.

Sá sem leitar lögfræðiaðstoðar skal sjálfur greiða 25.00 Svissn. franka fyrir þjónustuna. Forstöðumanni stofnunarinnar, eða þeim lögmanni er ráðgjöf veitir, er heimilt að falla frá kröfu til þóknunar, þegar ráðgjöf er veitt á skrifstofu stofnunarinnar.

Þegar ráðgjöf fer fram utan skrifstofu stofnunarinnar, er henni heimilt að lækka venjulega lögmannsþóknun um allt að 50%, eftir atvikum hverju sinni. Fer þetta eftir árlegum tekjum umsækjenda og miðast við að einhleypingur hafi lægri árstekjur en 18 000.00 Svissn. franka, en hjón samanlagt lægri árstekjur en 25 0000.00 Svissn. franka. Lágmarkstekjur þessar hækka um 3 500.00 Svissn. franka fyrir hvert barn innan við 10 ára, sem umsækjandi hefur á sínu framfæri, en um 4 500.00 Svissn. franka fyrir hvert barn, sem eldra er, allt að 18 ára. Sanna ber tekjur með framlagningu skattframtals.

Heimilt er að hækka þóknun ef það er réttlætanlegt með tilliti til þeirrar fjárhæðar, sem innheimt er fyrir skjólstæðing.

Langalgengasti málaflokkurinn, sem leitað er ráðgjafar um fjallar um fjölskyldu- og hjúskaparmálefni. Einnig er algengt að leitað sé ráða varðandi samninga um afborgunarkaup, erfðamálefni, tryggingarmál, bæði á sviði einkatrygginga og almannatrygginga, svo og húsnæðismál.

IV.

Sem fyrr segir eru ekki til neinar réttarreglur hér á landi um það sem nefnt hefur verið „lögfræðiaðstoð“ (sjá síðar). Frv. það sem nú er lagt fyrir Alþingi er því frumsmíð.

Þegar skipa á réttarreglum um „lögfræðiaðstoð“ sem kostuð skal af því opinbera sýnast einkum þrjár leiðir koma til greina:

1. Þjónusta af þessu tagi verði í höndum starfandi lögmanna, en kostuð að mestu af því opinbera.
2. Þjónustan verði í höndum sérstakra stofnana í eigu hins opinbera.
3. Þjónustan verði í höndum stofnana í eigu einkaaðila er njóti opinberra styrkja.

Með frv. er lagt til að sú fyrsta af þessum þremur leiðum verði farin. Sú niðurstaða er í samræmi við skipan þessara mála í Danmörku og Noregi, en við samningu frv. hefur einkum verið höfð hliðsjón af réttarreglum um þetta efni í þessum tveimur löndum.

Engin reynsla er fengin hérlendis af fyrirkomulagi sem þessu. Af þeim sökum er lagt til að frumvarpið verði sem styst og einfaldast að allri gerð. Jafnframt er gert ráð fyrir því að nokkrum mikilvægum efnisatriðum, svo sem tekjumörkum (sjá síðar) og fastri þóknun til lögmanna, verði skipað með reglugerð til þess að auðvelda breytingar ef ástæða þykir til.

Loks má geta þess að meirihluti starfshóps þess, sem samdi frv. lagði það til, í skilagrein sinni til ráðherra, að ríkið veiti styrki til miðlunar lögfræðilegra upplýsinga á vegum Orators, félags laganema, að ákveðnum skilyrðum fullnægðum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hugtakið „lögfræðiaðstoð“ hefur ekki fastákveðna merkingu í íslenskum rétti. Í frv. er þetta hugtak hins vegar notað í ákveðinni merkingu sem afmörkuð er í þessari gr.

Lögfræðiaðstoð skv. frv. felst einvörðungu í „nauðsynlegri ráðgjöf og bréfaskiptum“ vegna tiltekinna lögfræðilegra álitaefna. Gerð samninga eða annarra löggerninga telst þar af leiðandi ekki lögfræðiaðstoð í skilningi frv., sbr. þó 2. gr. Sama á að sjálfsögðu við höfðun og rekstur dómsmáls. Í 2. mgr. segir þó að það að semja umsókn um gjafsókn eða gjafvörn teljist lögfræðiaðstoð skv. frv.

Frv. tekur sem fyrr segir aðeins til aðstoðar vegna tiltekinna lögfræðilegra álitaefna sem tæmandi eru talin í 1.—7. tl.:

Um 1.—3. tl.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. tl.

Hér er átt við vinnusamninga í víðustu merkingu þess orðs án tillits til forms á ráðningu eða ráðningartíma.

Um 5. tl.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. tl.

